Lagafrumvörp feld.

1. Hjúalög.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til hjúalaga (stj.frv. A. 3).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 : 1 atkv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk háttv. Nd. í fyrra, og hefði því í rauninni átt að leggjast fyrir hana nú. En jeg tel þó rjettara að leggja það fyrst fyrir þessa háttv. deild, fyrir þá sök, að jeg taldi það hollast fyrir málið, að það fengi þegar í byrjun rólegar umræður.

Núgildandi hjúalög eru orðin um 60 ára gömul, og þau voru upphaflega sniðin eftir dönskum hjúalögum frá 1854, svo í raun og veru má nú telja þau orðin 70 ára gömul. Þetta eitt út af fyrir sig ætti að vera nægileg ástæða til þess að breyta þeim, því að ýmsar þær reglur, er tilskipunin frá 26. jan. 1866 greinir, eiga nú ekki við í ýmsum greinum, og breytingin frá því, sem þá var, er nú orðin mjög mikil, þar sem t. d. varla er nú um árshjú að tala, heldur eru misserisvistirnar orðnar svo algengar, að t. d. í kaupstöðunum eru ársvistir orðnar undantekning ein.

Margir munu ef til vill líta svo á, að frjálsir samningar milli hjúa og húsbænda væru nægilegir. En því er þá til að svara, að þeir eru sjaldan eða aldrei gerðir, og er þá ekki um annað að gera en að setja lagaákvæði um vistarsamninga. Þess ber líka að gæta, að flest þau hjú, sem eru í vist, eru unglingar á aldrinum frá 16—21 árs, sem vegna æsku og reynsluleysis þurfa sjerstaka vernd, sem þessi lög veita þeim.

Vil jeg svo leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 40).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn hafi tekið

eftir því, að ekki er mikill ágreiningur milli nefndarinnar og stjórnarfrv. um sjálft löggjafarefnið. Breytingar þær, sem frv. fer fram á, eru ekki stórvægilegar og víkja yfirleitt ekki mikið frá því, sem er núgildandi lög eða venjur. En nefndinni þótti ekki ástæða til að semja ný lög. Jeg veit ekki, hvort sama ástæða hefir vakað fyrir öllum nefndarmönnum, en fyrir mjer vakti það, að lítil þörf er í raun og veru á sjerstökum hjúalögum. Vistráðning er yfirleitt bygð nú á frjálsum samningum, og ef dæma má eftir þeim málum, sem koma til dómstólanna, þá rís sjaldan ágreiningur út úr slíku.

Önnur ástæða, sem fyrir mjer vakti, var sú, að vistráðning er orðin svo margvísleg, að varla er hægt að koma því öllu undir einn hatt. Þó gæti máske verið heppilegt að láta fyrirmæli hjúalaga ná til styttri tíma en tilsk. frá 1866 gerir ráð fyrir, því að t. d. hjer í Reykjavík mun það ekki ótítt, að vinnukonur sjeu ráðnar til stutts tíma, jafnvel mánaðar í einu. Um þennan styttri ráðningartíma mun fara nokkuð eftir hjúalögunum, eftir því sem við getur átt. Samt hafa komið fram óskir í þá átt að lögfesta þetta, og er ekkert á móti því að verða við þeim óskum. Jeg skal játa það, að lögfræðislega mundi það vera heppilegra að binda þann ráðningartíma, sem heyra á undir hjúalög, við ákveðna skildaga, og það má auðvitað, þótt ekki sje sami hjúaskildagi alstaðar á landinu. Hjer í Reykjavík mun mega telja, að 1. okt. og 14. maí sjeu fastir skildagar, en 1. október mundi líklega ekki vera heppilegur til sveita, nje neinn annar fastur hjúaskildagi á hausti. Mjer er sagt, að víða sje siður, að bændur ráði vor- og sumarmenn, og endar sú vinna oft í september, en ekki 1. okt. Eins man jeg, að í mínu ungdæmi voru vistaskifti á Austurlandi 3. maí, en ekki 14. maí, og svo mun vera enn. Þess vegna hefir nefndin ekki talið rjett að gera það að skilyrði, að ráðningartími, er undir lögin heyrði, væri úti á hjúaskildaga.

Um 6. gr. vildi jeg segja það, að hún gæti misskilist, ef hún er tekin út af fyrir sig. Í frv. á hún aðeins við styttri ráðningartímann, og það var meiningin hjá nefndinni að hafa það eins, en um ársvist fari eins og nú er lögmælt.

Nefndin taldi 8. gr. til bóta. Þetta ákvæði þyrfti sjerstaklega að lögfesta, því helst hleypur snurða á þráðinn milli hjúa og húsbænda við það, að bændur svíkja eða draga að greiða umsamið kaup, en úr þessu bætir 8. gr. nokkuð.

Þá hefir nefndin viljað miða kaup við hundrað á landsvísu, vegna þess, að það er gert í hjúatilsk., og ekki er hægt að finna rjettari mælikvarða nú, þó að auðvitað megi að honum finna.

Þótt nefndin telji í rauninni ekki beint þörf neinnar breytingar á hjúalögunum, þá hefir hún eigi viljað ráða til, að frv. væri felt, heldur mætti það komast í einhverri mynd til háttv. Nd., sem óskað hefir eftir breytingu.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara um málið fleiri orðum, en vil skjóta því til hæstv. forseta, að hann hagi atkvgr. svo, að sem flestar greinar sjeu teknar fyrir í einu, ef háttv. þm. eða hæstv. ráðh. (KlJ) æskja ekki annars.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal játa, að tilsk. frá 1866 var vandaður lagabálkur, enda hafði hún fengið mikinn undirbúning, bæði utan þings og innan. Tvent ber sjerstaklega vitni um

þetta. Í fyrsta lagi hafa engir viðaukar verið settir við tilsk., svo jeg viti til, en svo hefir verið gert um flest eldri lög, sem citthvað kveður að. Það hafa ekki verið gerðar neinar breytingar, nema að nokkrar greinar tilsk. hafa verið teknar upp í fátækralögin, og eru það 16.—21. gr. Í öðru lagi má benda á, að mjög fá hjúamál hafa komið fyrir dómstólana, því lögin hafa verið svo skýr. En þrátt fyrir þetta hafa þó heyrst raddir um að breyta þessum lagaákvæðum, því þau væru að mörgu leyti orðin úrelt og á eftir tímanum. Yfirleitt hefir mönnum nú þótt það að, að tilsk. veiti húsbændum of mikinn rjett, því að fyrir 60 árum var samband hjúa og húsbænda með alt öðru móti en síðar hefir orðið. Undir aldamótin bárust þessar raddir til þingsins, og á 3 þingum þá lágu breytingar fyrir, en urðu ekki útræddar, og í eitt skifti feldar. Í fyrra komu þessar sömu raddir fram í Nd., og samkv. því liggur þetta frv. fyrir nú.

Það er rjett hjá hv. frsm. (JM), að mörg ákvæði frv. eru eins og ákvæði tilsk. frá 1866, en þeim er hjer vikið betur við, betra samhengi þeirra á milli, og því álít jeg, að frv. sje til bóta að þessu leyti. Annars hafði jeg vonað, að nefndin gæti að mestu fallist á frv., þar sem ekki er um meiri skoðanamun að ræða í raun og veru. Jeg tel það aðalkost frumvarpa, að þau stofni til heildarlaga, og eru slík lög nauðsynleg á sem flestum sviðum nú, í stað þeirra óteljandi ákvæða í hinum og þessum lögum, sem nú gilda um ýms atriði. Jeg las það í dönsku blaði nýlega, Berlingske Tidende, að það var haft eftir merkum dönskum lögfræðingi, sem hafði setið lögfræðingafund í Kristianiu, að þar hefði talað norskur lagamaður, sem lýsti því yfir, að norsk lagaskipun væri nú á svo mikilli ringulreið, að ekki væri nema fyrir sjerstaka lagamenn að vita, hvað væri lög um hvert einstakt atriði. Og danski lögfræðingurinn sagði, að sama ætti sjer stað um dönsk lög. Við Íslendingar höfum sömu sögu að segja, og ef til vill ekki betri. Ef nú frv. yrði að lögum með því móti, sem hv. nefnd leggur til, þá yrði ákvæða um þetta efni að leita í þrennum lögum, hjúatilsk. frá 1866, fátækralögunum og svo þessum nýju lögum. Mjer hefði þótt fara best á því, ef nefndin hefði sjeð sjer fært að halda öllu þessu í einu lagi, eða þá mæla svo fyrir, að hjúatilsk. yrði gefin út sem lög með þeim breytingum, sem frv. hefir í för með sjer.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) hefir áður verið á sömu skoðun og jeg um þetta efni, því í athugasemdum við fátækralagafrv., 16.—21. gr., standa þessi orð, eftir hann sjálfan, sem jeg ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefði að vísu mátt nægja að vísa um þessa sjerstöku hjúaframfærslu til nefndra ákvæða hjúalaganna, en nefndin þóttist vita vilja Alþingis um það, að þessi ákvæði væru og tekin hjer upp, til þess að hreppsnefndir þyrftu ekki annarsstaðar að leita að þeim, enda ekki óheppilegt í sjálfu sjer að hafa sem mest af slíkum ákvæðum á s a m a s t a ð.“

Þetta er rjett athugað, og jeg er því alveg samdóma, en það er ef til vill of varlega að orði komist. Jeg hefði ekkert á móti því að orða það sterkara. Og ef nefndin hefir þá vitað rjett vilja Alþingis, þá ætti þessi nefnd að vita nú, að sá vilji er enn hinn sami. Af þessum ástæðum verð jeg að telja, að nefndin hafi spilt frv. með því að ætla að

brytja ákvæðin niður í þrenn lög. En jeg gæti sætt mig við þessa meðferð, ef ákveðið hefði verið að gefa hjúatilsk. síðar út sem lög. Um leið og jeg enda þessar almennu athugasemdir skal jeg geta þess, að jeg hefði engan veginn tekið það óstint upp, þó að nefndin hefði kallað mig á fund til sín til þess að ræða þetta mál.

Þá kem jeg að einstökum atriðum. Við 1. brtt. hefi jeg í raun og veru ekki mikið að athuga, en jeg vil aðeins benda á, að hún er í ósamræmi við 2. gr. tilsk., sem enn verður í gildi. Eftir 1. gr. eru vistarráð gild, þótt ekki standi þau til næsta hjúaskildaga. Ef því hjú er ráðið 1. sept. og t. a. m. til ársloka, þá eru þau vistarráð gild, en eftir annari gr. tilsk. eru þau vistarráð gild, þó skemri sjeu en ár, en **þó því aðeins**, að þau standi til næsta hjúaskildaga. Vistarráð, sem eru stofnuð 1. sept., eru því gild, en verða þó að standa til 14. maí næst eftir.

Þetta er bein mótsögn.

Nefndin hefir ætlað 6., 8., og 22 gr. að standa, og við þær gr. þarf jeg ekkert að athuga.

En það eru fleiri ákvæði, sem jeg hefði óskað að nefndin hefði tekið til greina, og háttv. frsm. (JM) gat þess líka, að ef til vill hefði verið ástæða til að gera það. Jeg sakna þess, að nefndin sá sjer ekki fært að taka 7. gr., einkum niðurlagið. Það þykir orðið sjálfsagt af þrifnaðar- og heilbrigðisástæðum, að hjú sofi eitt sjer og hafi sæmilegan aðbúnað, en víða mun vera misbrestur á þessu. Jeg á þó ekki við, þó hjú víki úr rúmi fyrir gestum eða þegar sjerstaklega stendur á, þó þau þá verði að sofa saman nótt og nótt. Jeg var að vona, að þetta ákvæði fyndi náð hjá að minsta kosti 2 nefndarmönnum, sem eru læknar, og jeg vil beina því til þeirra að íhuga betur þetta atriði. Það þykir ef til vill smásmuglegt að vera að lögfesta atriði eins og þau, að hjú eigi að fá hreint handklæði á vissum fresti, rúmföt og þesskonar, en það er víst engin vanþörf á því hjúanna vegna.

Í 9. gr. eru ákvæði um það, ef hjú verður vitskert. Um slíkt eru engin ákvæði í lögum, en það væri ekki óeðlilegt, þó það væri tekið upp í hjúalög.

Þá er 18. gr., um að unglingum skuli vera gefinn kostur á að sækja kvöldskóla, og jeg legg áherslu á það atriði. Hjer er ekki átt við þá unglinga, sem eru sjerstaklega ráðnir til kvöldvinnu, heldur hina, og er það þeim mikils vert að geta átt kost á að menta sig, ef þeir hafa hug á því.

Þá er eitt lítið ákvæði í 4. gr. frv., sem hefði átt að finna náð hjá háttv. nefnd. Það er ákvæðið um það, að ógift vinnukona mætti slíta vistarráðum með stuttum fyrirvara, ef hún gæti sannað það, að hún ætti kost á giftingu. Þetta er ekki óeðlilegt ákvæði, og ilt að meina stúlkunni að nota tækifærið, ef hún á von á góðri giftingu. Það hefir fráleitt verið af kvenhatri, að nefndin hefir lagt til, að þetta ákvæði verði felt í burtu, heldur hefir hún ekki athugað það, og lagar það vonandi til 3. umr.

Verði brtt. nefndarinnar samþyktar, þá verður ósamræmi milli 4. gr. frv. og 11. gr. tilsk. Nefndin leggur til, að þegar húsbóndi á að greiða matarkostnað hjús síns í sjúkdómstilfellum, þá skuli það þó aldrei nema meiru en 1 hndr. á landsvísu, hvort sem er um karl eða konu að ræða. Frsm. (JM) gat þess, að gildi peninga í krónutali væri mjög svo

á reiki, enda þetta líka, en þó rjettara að miða við það.

Það getur verið mikið álitamál, hvort rjettara er, en þarna er miðað við 1 hndr. alment, en í tilsk. er það 1 hndr. fyrir karlmann, en 80 álnir fyrir kvenmann. Hjer verður því ósamræmi. Sje jeg engan mun gerandi á því, hvort það er karl eða kona.

Þá eru ákvæðin í 20. gr. tilsk., um það, að unglingar skuli vera undir húsaga til 16 ára aldurs, tæplega samkvæmt anda nútíðarinnar. Þetta eru fornmenjar, sem ættu að falla niður. — Í 1. gr. er og eitt fornfálegt ákvæði, það, að ófermdir unglingar eldri en 16 ára hafi ekki leyfi til að vista sig nema samþykki sóknarprests komi til. Hversu margir skyldu nú hlýða þessu boði? Sjálfsagt enginn. Líklegt jafnvel, að fæstir prestar hafi hugmynd um, að þeir hafi þennan íhlutunarrjett um ráðning hjúa. Þetta er samkvæmt venjum, er ríktu fyrir 60—70 árum, en ekki samkvæmt nútíðarhugsunarhætti, og sýnir auk margs annars, hve úrelt tilsk. er og hve hæpið er að bæta svo gamla flík.

Það, sem frsm. (JM) sagði um vinnuhjúaskildagann á Austurlandi, er rjett. Þar er hann 3. maí, sem er krossmessan þar. Í frv. hefði því átt að standa krossmessa, í stað 14. maí, sem er aftur krossmessudagur annarsstaðar á landinu. Jeg býst ekki við, að hv. nefnd fallist á frv., en vona, að hún taki þessar athugasemdir til athugunar til 3. umr.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg er samdóma hæstv. atvrh. um það, að einatt er heppilegt að setja heildarlög um samstætt efni. En nefndinni þótti engin ástæða til þess hjer, því að hún telur, að hjúalögin eigi að standa að mestu eða öllu óbreytt.

Þá er jeg ekki sammála hæstv. atvrh. (KlJ) um, að ósamræmi sje milli 1. gr. frv. og 2. gr. hjúatilsk. Í þeirri grein, sem nefndin ætlast til að verði 5 gr. frv., stendur ákvæði um það, að ákvæðin í frv. felli úr gildi eldri ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Það er rjett, að dálitið ósamræmi er milli frv. og hjúatilsk. um matarverð. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að þessu sje breytt, og jeg er viss um, að nefndin hefir það ekki heldur. Þó hygg jeg, að tillögur nefndarinnar í þessu efni megi vel til sanns vegar færa. Í hjúalögunum má líta svo á, að hið lægra matarverð vinnukonu, er til skaðabóta kemur, standi í hæfilegu hlutfalli við lægra kaup hennar en vinnumanns. Nefndin taldi annars rjett að láta haldast skaðabótareglu hjúalaganna eins og hún nú er, því að hún mun vera í samræmi við almennar skaðabótareglur.

Þá var hæstv. atvrh. hissa á því, að nefndin skyldi telja 7. gr. frv. óþarfa. En nefndin taldi rjettast að hafa þetta atriði frjálst. Yfirleitt gera húsbændur orðið vel við hjú sín, og erfiðleikar með húsnæði geta gert framkvæmd þessa ákvæðis örðugleikum bundna.

Það er sjálfsagt heppilegt, að hjú væru ein í rúmi, enda mun svo vera víðast, í kauptúnum að minsta kosti. Auðvitað getur hjú líka sett það upp, ef það vill.

Það er annars býsna gömul venja að sofa saman, og þarf varla að minna jafnsögufróðan mann sem hæstv. atvrh. er á Jón Sigmundsson og Þorvald Gissurarson á Þingvöllum. **(Atvrh. KlJ:** Það voru stórar lokrekkjur, jeg kannast við það). Þetta lagast af sjálfu sjer, og

fanst nefndinni ekki ástæða til að blanda sjer í það mál með löggjöfinni.

Þá er ákvæði 9. gr. frv., um vitskert hjú. Það er oft miklum erfiðleikum bundið að annast þau, því geðveikrahælið er langt of lítið. En nefndin sá ekki, að það yrði til bóta, ákvæðið um það, að þau yrðu flutt. Í flestum tilfellum yrði rjettara, að húsbóndi vitskerts hjús annaðist það gegn endurborgun kostnaðar, sem venjulega yrði minni, ef hjúið er kyrt. Um það gildir, sem aðra, að húsbóndinn leggur því fæði, en fær annan kostnað endurgreiddan.

Þá er 18. gr. Hæstv. atvrh er ant um, að lögin sjeu sem mannúðlegust í garð hjúanna, og er það æskilegt. En það getur oft verið erfitt að koma því fyrir, og er heppilegast, að samið sje um það sjerstaklega. (**Atvrh. KlJ:** Þessir skólar eru kvöldskólar). Ef hjú vill sækja skóla, þá mun það venjulegast geta fengið það með góðu móti, en ekki rjett að gera húsbónda slíkt að skyldu. Væri það gert, yrði að ganga lengra, veita t. d. árshjúum rjett til sumarleyfis, og væri meiri ástæða til þess en við ýmsa aðra vinnu. En nefndin hefir ekki treyst sjer til að gera tillögur um það.

Aðalatriðið er, að nefndin vill skipa sem minst fyrir um viðskifti húsbænda og hjúa, og vill láta slíka samninga gerast sem mest á frjálsum grundvelli, enda hjúastjettin ekki svo undirokuð nú á tímum, jafnerfitt og er að fá fólk.

Hvað snertir 4. gr., þá þótti nefndinni óþarfi og of ófrjálst að hafa ákvæði um slíkt, svo sem þar er gert ráð fyrir. Húsbændur munu naumast banna giftingu vinnukonu, nje að hún fari fyr en samningar stóðu til, ef henni er það nauðsynlegt, enda ilt að halda í hjú sitt óánægt, og mun því varla koma fyrir. Byggi jeg þann dóm á reynslunni.

Um afskifti prests af ófermdum hjúum yfir 16 ára er það að segja, að það ákvæði er líklega úrelt, eins og fleira í tilsk., en gerir eiginlega hvorki til nje frá, og yfirleitt má segja, að menn verði lítið varir við tilskipunina í daglega lífinu.

Nefndin tók til athugunar, hvort rjett væri að fella í burtu ákvæðið um húsaga. Nefndin gat naumast gert sjer það ljóst, hvað í þessu ákvæði gæti falist nú á tímum. Líklega þó helst það, að t. a. m. 12—14 ára börn væru lokuð inni á kvöldin í kauptúnum, til þess að vernda þau frá götulífinu og til þess að láta þau gæta heimilishátta. Öllum er vitanlegt, að líkamleg refsing er ekki framar til. Einnig gæti skeð, að foreldrar beiddu húsbændur barnanna um að gæta þeirra með þeim ráðum, sem áður var lýst.

Það er í raun og veru ekki mikill skoðanamunur milli mín og hæstv. atvrh. Aðeins það, að hann vill setja lagaákvæði um það, sem jeg sje ekki að þurfi; álít, að það komi af sjálfu sjer með frjálsum samningi milli húsbænda og hjúa.

Jónas Jónsson: Það má vera, að það sje af því, að jeg er nýr þingmaður, en jeg get ekki neitað því, að mjer finst vinnubrögð þau, er hv. allshn. hefir haft við þetta frv., vera næsta undarleg. Hún kemur hjer fram með tillögur um það að fella burt nálega allar greinar stj.frv., án þess þó að leggja til, að frv. sjálft verði felt. Þessi vinnubrögð eru því undarlegri og handahófslegri, þegar þess er gætt, að einmitt því er leyft að standa, sem helst hefði átt að

fara. Tökum t. d. atriðið viðvíkjandi kaupinu í 8. gr., sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef eigi hefir verið samið um annan galddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúið, að liðnum þrem mánuðum af vistartímanum, rjett til að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir fjóra mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o. s. frv., þannig að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðunum er löglega lokið."

Það er mjög undarlegt, að nefnd, sem leggur til að fella burtu um 30 greinar úr frv., skuli láta þetta ákvæði standa. Það er vitanlegt, að það er sjerstaklega óhentugt fyrir sveitabændur að greiða kaup eins og í kaupstöðum. Viðvíkjandi framkomu nefndarinnar í þessu máli verð jeg að segja, að mjer þykir hún alveg furðuleg. Hjer var ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að „kodificera" löggjöfina um þetta efni, eins og stjórnin hefir gert, eða þá ganga hreint til verks og fella frv., en ekki bæta hjer við nýjum glundroða. Háttv. 4. landsk. þm. (JM) gat þess hjer á dögunum, að það væri hringl að breyta ákvæðunum um íþróttaskatt. En ef svo er, þá verð jeg að segja, að það sje ófært hringl að fara hjer að eyðileggja frv., sem fram er komið eftir ósk Nd. í fyrra, og hún er svo stór hluti Alþingis, að það er kurteisisskylda að taka tillit til hennar. Mjer finst hjer koma fram hjá háttv. 4. landsk. þm. (JM) ást á glundroða, sem spillir allri lagasetningu. Einn kennarinn í lögum hjer við háskólann hefir áfelt hið ríkjandi skipulagsleysi í löggjöf Íslendinga með svipuðum orðum og hæstv. atvrh. (KlJ) hafði eftir norskum og dönskum lagamönnum um ástandið í þeim löndum. Hjer er sannarlega þörf á að „kodificera" löggjöfina. Það hefir stjórnin og leitast við að gera í þessu máli, er hún hefir fært í nútímabúning úrelt ákvæði og jafnframt tekið tillit til reynslu annara þjóða. Mjer virðist koma fram hjá hv. 4. landsk. þm. (JM) tilhneiging til þess að eyðileggja þetta frv., án þess að færa fram nægileg rök fyrir því, hvers vegna hann vill gera það. Jeg veit ekki, af hvaða málefnum Alþingi ætti að skifta sjer, ef ekki einmitt af þessu. Því að það er vitanlegt, að viðskifti húsbænda og verkafólks eru einn stærsti þátturinn í viðskiftalífi þjóðar vorrar.

Í einu atriði, er nefndin leggur til að fella burt 23. gr., virðist manni, að nefndin taki í strenginn með þeim, sem greinin á að vera á móti, með því að fella hana niður. En í þeirri grein er hjúinu heimilað að fara fyrirvaralaust úr vistinni, ef það getur sannað, að húsbóndi hafi misþyrmt því o. s. frv. (**Atvrh.**: Þetta ákvæði er í 29. gr. tilsk. frá 1866). Það má vel vera, en jeg sje ekkert á móti því, að þetta kæmist inn í heildarlöggjöfina.

Þá er það undarlegt, að í því litilræði, sem nefndin hefir samið til viðbótar við 14. gr., er það lagt til, að kaupið greiðist eftir landsvísu. Alt er gert til að skrúfa ákvæðin sem lengst aftur í tímann. Með því að slík greiðsla er ekki lögboðin hjer viðvíkjandi öðru verkakaupi, þá virðist ekki ástæða til að lögbinda hana hjer á þessu litla sviði.

Sigurður Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur þær, sem hjer hafa risið, en aðeins leita hjá hv. nefnd upplýsinga um það, hvort það fólk, sem vinnur í sveitum vor, sumar og haust, er hjú eða ekki. Mjer finst vanta í frv. þetta skilgreining á því, hvað til þess útheimtist, að verkmaður, sem dvelur lengri eða skemri tíma í sama stað, geti kallast hjú, frekar en kaupamaður, því það ætla jeg að sje nauðsynlegt í svona löggjöf. Setjum nú svo, og þess munu dæmi, að í einum hrepp hjer sunnanlands sjeu 30—40 stúlkur um mesta annatímann, vorið og sumarið, en svo verði aðeins ein eftir yfir veturinn. Á að skoða hana sem hjú, og hvað væru þá hinar? Hjá okkur til sveita er sá maður ekki álitinn hjú, sem ræður sig um stuttan tíma upp á viss daglaun eða vikulaun. Því er gott að fá það skýrt ákveðið, hvað álíta beri hjú. Við erum ekki að grenslast eftir, hvar slíkt fólk á lögheimili, en jeg skil ekki, að það geti átt lögheimili á einum stað, en verið hjú á öðrum stað.

Það hefir verið margtekið fram hjer, að hjúatilsk. hefir nú gilt um 60 ár, án þess að breytingar væru gerðar á henni. Þetta bendir til þess, að um þetta efni þarf ekki margbrotin lög. Þetta er aðeins verslun með vinnu, og þeir, sem vilja sem minst höft á frjálsri verslun, ættu ekki að gera þessa grein verslunarinnar haftameiri en hún hefir áður verið. Jeg hefi ráðið mörg hjú um dagana, og mín grundvallarregla hefir verið sú, að jeg hefi ekki ákveðið neitt víst kaup, heldur sagt: Þið skuluð fá kaup eins og gengur og gerist hjer um slóðir, og það hefir altaf farið vel. Þetta er eins og hver önnur viðskifti og háð sama lögmáli. Eftir frumvarpinu, eins og það liggur nú fyrir, skilst mjer, að sami maðurinn geti verið hjú á fjórum stöðum á sama almanaksári. Þegar svo stendur á, hygg jeg, að af því mundi leiða rugling og rjettaróvissu í ýmsu tilliti.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekki ástæðu til að svara hv. frsm. (JM) miklu, því að í raun og veru er ágreiningurinn ekki mikill milli okkar. Hann er aðallega um aðferðina, en ekki efnið sjálft. Hv. frsm. játaði, að það væri ósamræmi milli 1. brtt. og 2. gr. tilsk. 1866, en sagði að það skifti ekki máli, því að öll þau ákvæði, sem ríðu í bága við fyrirmæli þessa frv., væru numin úr gildi. En það er ekki víst, að þeir, sem eiga að búa við þessi lög í framtíðinni, athugi mótsögnina, og því er vert að benda á þetta og kippa því í lag nú, úr því mótsögnin er bersýnileg.

Þá kem jeg að 9. gr., um vitskert hjú. Hv. frsm. sagði, að það væri ekki ástæða til að hafa sjerstök ákvæði um þau, því það væri svo miklum erfiðleikum bundið um meðferð þeirra, að það yrði að fara eftir atvikum í hvert skifti. Það er satt, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið, um það er mjer persónulega kunnugt frá því jeg var sýslumaður. Sveitarstjórnirnar voru oft og tíðum í standandi vandræðum. Híbýlum er víða svo háttað, að ómögulegt er fyrir húsbóndann að hafa hjúið á sínu heimili, og verður þá að reyna að koma því fyrir annarsstaðar. Jeg get tekið til dæmis, að einu sinni meðan jeg var sýslumaður varð maður vitskertur lengst inni í Eyjafirði, og á því voru engin tök að koma honum fyrir annarsstaðar en í fangahúsinu á Ak-

ureyri. 9. gr. heimilar nú húsbóndanum að **krefjast þess af sveitarstjórninni,** að hún ráðstafi sjúklingnum þegar í stað, ef hjúkrun hans er sjerstökum erfiðleikum bundin. Jeg sje ekkert á móti því að lögbinda þetta. Það mun hvort sem er vera svo nú í framkvæmdinni, að húsbóndinn leitar til sveitarstjórnanna. Munurinn er því bara sá, að þær verða skyldugar að ráðstafa sjúklingnum.

Þá er 18. gr. Hv. frsm. vill ekki fallast á, að það sje tekið í lög, að hjúið fái að haga vinnutíma sínum þannig, að það geti sótt þá skóla, sem þar greinir, og sagði, að það mætti bara gera sjerstaka samninga um það. Jeg skal játa, að það hefði mátt taka það greinilega fram, að jeg átti aðallega við kvöldskóla.

T. d. Iðnskólinn hjer í Reykjavík er haldinn á kvöldin, á þeim tíma, þegar hjúin eru búin með verk sín. Það er gott að vísa til frjálsra samninga um þetta, þeir eru bara aldrei gerðir, og því er nauðsynlegt að hafa ákvæði um þetta atriði í lögum. Hv. frsm. sagði, að ef gengið yrði inn á þessa braut, þá yrði að halda lengra og fara fram á árlegt frí. Það get jeg vel gengið inn á, og ef hv. frsm vildi koma með eitthvað í þá átt, þá mundi jeg ekki vera á móti því. Auðvitað gæti ekki komið til mála, að það yrði á sumrum, heldur á vetrum, og mun það venja, að hjú til sveita fái slík frí. Svo kallaðar orlofsferðir munu vera algengar enn í dag.

Hv. frsm. játaði, að sum ákvæði tilsk. 1866 væru orðin úrelt, en því þá ekki að nema þau úr gildi, eins og gert í frv. stjórnarinnar?

Frsm. (Jón Magnússon): Það er eitt atriði, sem jeg hefi ekki minst á í þessu máli, og hæstv. atvrh. (KlJ) hefir ekki heldur gert það. Það gæti verið álitamál, hvort ástæða væri til þess að breyta um rjettarfar í hjúamálum. Jeg sje ekkert á móti því, að farið sje með þau eftir alm. einkamálareglum, en það yrði að vísu báðum dýrara. Það var mjög kostnaðarlítið að hafa einkalögreglumálameðferð og dálítið meiri trygging fyrir rjettri niðurstöðu.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) gaf mjer ekki ástæðu til að tala frekar um mál þetta. Honum finst ekki sæmilegt, hvernig farið hefir verið með þetta stjfrv., og tekur þar langtum dýpra í árinni en stjórnin sjálf. Við þessu er ekkert að segja. Það er ekki nema loflegt, að tryggir fylgjendur stjórnarinnar taki upp þykkjuna fyrir hana. Menn verða ekki altaf varir við, að fylgjendurnir sýni slíka tröllatrygð sem þessi hv. þm.

Hv. 2. landsk. þm. (SJ) kvað vanta skilgreiningu á því, hvað meint væri með orðinu hjú. En það er ómögulegt að ákveða það með lögum; það verður eftir því, sem kaupin gerast á eyrinni, hvort viðkomandi telst hjú eða ekki. Jeg hygg, að sá mundi álitinn hjú, sem ráðinn er til allra verka, t. d. frá vordögum til hausts. En annars verður það að vera komið undir áliti dómstólanna í hverju einstöku tilfelli.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er rjett, að ekki hefir verið minst á rjettarfarið í hjúamálum.

Jeg geri það nú raunar ekki að kappsmáli, hvort þessi mál verða rekin sem einkamál eða sem einkalögreglumál. — En mjer finst eðlilegast, að þessi mál sjeu rekin sem venjuleg einkamál; það var áreiðanlega meiningin, þegar tilsk.

15. ág. 1832 var gefin, að öll einkamál hjer skyldu rekin samkvæmt henni. Að ekki var farið eftir henni fyrst lengi, var sýslumönnunum eingöngu að kenna. Þeir höfðu fengið mentun sína við Kaupmannahafnarháskóla og lært eingöngu dönsk lög, og hjeldu sig því við þau, þrátt fyrir skipunina.

Jeg skal líka geta þess, að mjer fundust þessi mál einkar vel fallin til þess að koma fyrir sáttanefnd, því að vanir sáttanefndarmenn, einkum til sveita, eru fult eins lagnir á að koma sáttum á milli manna eins og dómarar. Af þessum ástæðum vildi jeg hafa hina venjulegu einkamálameðferð í þessum málum.

Háttv. frsm. (JM) sagði, að nefndin hefði athugað þetta frv. vel. Getur verið, en víst er um það, að hún var fljótvirk við það. (**JM:** Það eru duglegir menn í nefndinni).

Já, það kann vel að vera. En jeg þykist nú þó hafa bent á, að töluvert ósamræmi er í þessum tillögum hennar.

Jónas Jónsson: Þar sem jeg sagði, að unnið sje hjer á þinginu móti heildarlögum, á það við fleiri mál en þetta. Var því ekki mótmælt af frsm. nefnarinnar (JM), og veit jeg, að hann sjer, að hjer er um stefnumál að ræða. Og í sambandi við þetta má benda á vatnalögin. Hafa þau nú legið fyrir fimm þingum, og hefði vitanlega mátt afgreiða þau miklu fyr. Er það dæmi upp á, hvernig vinnubrögð eiga ekki að vera. Þar komu fram beiskar endurminningar hjá háttv. frsm. (JM), þegar hann fór að tala um stjórnarfylgið. Mun hann hafa munað þá dagana, er hann skorti slíkt fylgi tilfinnanlega, og var ekki laust við, að hann öfundaði núverandi stjórn af vinsældunum. Annars virðist hann halda, að ekki sje hægt að fylgja góðu, vel undirbúnu máli, nema af fylgi við stjórnina.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg geri ekki ráð fyrir, að háttv. 5. landsk. þm. (JJ) hafi ætlast til, að jeg svaraði honum um það, sem jeg var búinn að svara hæstv. ráðherra (KlJ) um, heildarlög.

Jeg sný ekki aftur með það, að það er gott fyrir stjórnina að hafa örugt fylgi sinna manna. Jeg meinti það fyllilega. Annars var það, sem háttv. þm. (JJ) var að tala um sjerstaklega, ekkert nema vaðall. (**JJ:** Var þá engin beiskja í því). Það er alveg óþarfi fyrir okkur að vera að eyða tíma í orðahnippingar í þessu ópólitíska máli. Og það má háttv. þm. (JJ) vita, að jeg læt ekki leiða mig út í þær nú. En vel getur verið, að síðar verði ástæða til fyrir okkur að talast betur við.

ATKVGR.

Brtt. 40, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 8 : 4 atkv.
— 40, 2.—5. samþ. með 8 : 2 atkv.
— 40, 6, samþ. með 9 : 2 atkv.
6. gr., svo breytt (verður 2. gr.), samþ. með 9 : 2 atkv.
Brtt. 40, 7. samþ. með 8 : 5 atkv.
— 40, 8. samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt (verður 3. gr.), samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 40, 9.—13. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 40, 14. (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 8 : 1 atv.
— 40, 15.—22. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 40, 23. (22. gr., verður 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 40, 24.—32. samþ. með 8 atkv.
— 33. (ný 6. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 40, 34. (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi m. m.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 50).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg hefi eigi ástæðu til að segja mikið um mál þetta, eins og það er nú komið. Jeg hefi orðið var við, að sumir háttv. deildarmenn eru smeykir við það, sem eftir er af frv. stjórnarinnar, er snertir stytting vistartímans. En hvað sem því líður, þá væri máske rjett að lofa því að komast til háttv. Nd., og getur hún þá gert þær breytingar við það, sem hún vill.

Annars hefði verið rjettara í upphafi, að frv. þetta hefði verið lagt fyrir hv. Nd. Hún hafði óskað eftir því. En eftir afstöðu allsherjarnefndar hjer til frv. frá fyrstu er henni vissulega ekki ant um það.

Háttv. 2. landsk. þm. (SJ) athugaði það rjettilega við 2. umr., að það getur oft verið efi á eftir frv., hvort maður sje kaupamaður eða vinnumaður, og að frv. kunni í einhverju tilfelli að leggja ósanngjarna byrði á húsbændur.

Jeg skal svo að endingu leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort nokkuð sje því til hindrunar, að í 1. gr. sje skotið inn í titilinn eftir 1866: „um vinnuhjú á Íslandi". Er þetta ekki meiri breyting en venjulega er gerð af forseta.

Forseti (HSt): Jeg skal geta þess, að jeg tel ekkert því til fyrirstöðu að bæta inn í greinina: „um vinnuhjú á Íslandi", eins og og hv. 4. landsk. þm. fór fram á.

ATKVGR.

Frv. **felt** með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JM, SE, SHK, GGuðf, HSt.
nei: JJ, KE, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn.

63

2. Ófriðun sels í Ölfusá.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um ófriðun sels í Ölfusá (þmfrv., A. 94).

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja fáein orð viðvíkjandi þessu frv. Það er komið til af því, að bændur við Ölfusá og Sog hafa byrjað á laxaklaki í ám þessum og lagt á sig talsverðan kostnað í þeim tilgangi, í von um, að laxveiði aukist. En frá fornum tíma hefir verið dálítil selveiði á tveim jörðum í Ölfusinu, og máske eitthvað lítils háttar á þriðja bænum.

Það er ósamrýmanlegt að selir og laxar sjeu friðaðir í sömu vötnum, ef menn vilja hagnýta sjer laxveiðina sem best. Þess vegna er frv. fram komið.

Landið á aðra jörðina, sem um ræðir, og þar eð það getur varla verið þekt fyrir að ala bitvarg í laxá, þá er þar hægt um vik. Þá er eftir hin jörðin. Það gæti komið til mála, að lagðar yrðu einhverjar kvaðir á laxveiðijarðirnar, til að bæta landinu skaðann, og væri jeg ekki fjarri því.

Það eru að vísu lög til frá 1912, þar sem gert er ráð fyrir, að einstök sýslufjelög megi útrýma sel, en þau lög hafa þótt helst til þunglamaleg, því að sú heimild hefir hvergi verið notuð. Hins vegar hindrar það ekki, að þetta frv. hafi fullan tilverurjett. Jeg legg til, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 154).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Eftir að nefndin hefir athugað frv. það, sem hjer liggur fyrir, er hún einhuga um það að leggja það til, að frv. verði felt. Jeg ætla mjer eigi að endurtaka nál., en jeg vildi aðeins leyfa mjer í þessu sambandi að skýra nokkuð innihald heimildarlaga þeirra, sem til eru um þessi atriði, sem sje l. nr. 24, frá 22. okt. 1912, því vera má, að sumum hv. deildarmönnum sje það eigi kunnugt. Fyrirsögn þessara laga er: Lög um samþyktir um ófriðun og eyðing sels í veiðiám. 1. gr. laganna er um það, að sýslunefndum sje heimilt að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám. 2.—4. gr. laganna er um það, hvernig samþyktir þessar þurfi að vera gerðar, til þess að þær sjeu bindandi að lögum. 5. gr. ræðir um, hvernig eyðing selsins skuli hagað og um viðurlög til selveiðieiganda, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa greinina upp:

„Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða."

Við athugun á þessari grein var nefndin einhuga um það, að hún ætti einnig við um Ölfusá, og álítur hún því nýtt frv. um þetta atriði óþarft. Enn fremur telur nefndin, að með frv. þessu sje hjeraðsnefndum varnað þess að taka sjálfar ákvarðanir um sín eigin mál, en sú meginregla hefir fengið vaxandi fylgi löggjafanna, að hjeruðin hafi mestu að ráða um sín eigin mál, innan ákveðinna takmarka. Skal jeg svo eigi orðlengja um þetta, en jeg vænti, að hv. deild fallist á niðurstöðu nefndarinnar í máli þessu.

Jónas Jónsson: Jeg tók það fram þegar við 1. umr. þessa máls, að mjer væri kunnugt um l. nr. 24 frá 1912. Jeg geri ráð fyrir því, að sýslufjelögin geti gert samþyktir um þetta mál, en ábúendur veiðijarða þeirra, sem hjer er um að ræða, hafa beðið mig um að fá þessu breytt og endurtekið þá ósk sína með

símskeyti því, sem hæstv. forseti las hjer upp í deildinni áðan. Jeg ætla mjer eigi að gera mál þetta að neinu ágreiningsatriði; jeg álít niðurstöðuna bitamun, en eigi fjár. En óneitanlega virðist mjer líta út fyrir, að lögin frá 1912 sjeu nokkuð þunglamaleg, þar sem þau eru hvergi notuð á landinu. Álít jeg þegar af þeim ástæðum, að betra væri að samþ. frv.

Jeg geri ráð fyrir því, að þó að frv. þetta verði felt, eins og hv. landbúnaðarnefnd leggur til, þá muni þó það hafa unnist með því, að máli þessu verði veitt meiri eftirtekt en áður, og tel jeg eigi ólíklegt, að um ófriðun sels í laxám verði sett allsherjarlög áður en langt um líður.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 9 : 3 atkv.

3. Einkasala á saltfiski.

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 114).

Á 21., 23., 25. og 27. fundi í Nd., dagana 16., 19., 21. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það lítur út fyrir, að háttv. deild ætli nú einu sinni að bregða vanda sínum og ljúka við dagskrána í þetta sinn. Vil jeg ekki á neinn hátt tálma því, að þetta takist, og skal lofa því að vera stuttorður. Það lá og nýlega svipað mál fyrir í háttv. deild, og nægir mjer að vísa til þess, er jeg þá sagði um það, þar eð bæði frv. eru til orðin af mjög svipuðum ástæðum.

Öllum mun nú vera orðið kunnugt um mistök þau, er hafa átt sjer stað um fisksöluna að undanförnu. Sala fiskjarins er nú nær eingöngu komin á örfárra manna hendur, og þeir flestir útlendir. Gæti þetta orðið sterk hvöt þeim mönnum, sem annars eru mótfallnir einkasölu, að fallast einmitt nú á þetta frv., er þeir íhuga ástandið, hvernig það nú er. Sumir hafa haldið því fram, að mistökin á fisksölunni bitnuðu aðallega á þeim, er söluna hefðu á hendi, þ. e. fisksölunum sjálfum. En vjer höfum þess áþreifanleg dæmi, að þetta er ekki rjett. Í raun og veru bitna mistökin fyr eða síðar á allri þjóðinni. Það þarf ekki lengra að fara en það, að nýlega hefir útlendum fiskkaupmönnum verið gefið upp stórfje, er þeir voru komnir í kröggur. Þótt fje þetta væri eign Íslandsbanka, er það samt tekið frá allri þjóðinni, og öllum hugsandi mönnum ætti nú að þykja mál til komið að reisa skorður við þessu. Það má vel vera, að frv. þetta þurfi umbóta við í einhverjum atriðum, en jeg vona að því verði vel tekið, og vil ekki fjölyrða um það að sinni, er jeg hefi heitið að vera ekki langorður, en vænti, að það fái að ganga til 2. umræðu. og legg jeg til, að því verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 14 : 9 atkv.

4. Þingmannakosning í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (þmfrv., A. 158).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 21. og 23. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er augsýnilega kominn vígahugur í hv. deildarmenn, og er jeg því ekki alveg viss um, hvort rjett sje að láta góð málefni eiga undir högg að sækja til þeirra; þó held jeg, að jeg verði að eiga það á hættu, að þetta frv. verði ekki felt frá 2. umr., því jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn vilji verða vel við jafnsanngjörnum óskum og vilji veita oss þennan sjálfsagða rjett, sem frv. fer fram á, og þætti mjer ilt til þess að vita, ef öðruvísi færi.

Samkvæmt manntali í Reykjavík 1920 voru þá þar yfir 18 þús. íbúar. Ætti því Reykjavík að hafa 7 þm. á móts við önnur kjördæmi landsins, þar sem að jafnaði eru um 2½ þús. um 1 þm. Það eru aðeins 5 kjördæmi, sem eru hærri en þetta; öll önnur eru með miklu lægri íbúatölu á hvern þingmann. Ætíð, þegar breytingar á þingmannatölu hafa átt sjer stað, hefir verið miðað við íbúatölu á þm. Þannig var það, er Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður fengu þm. út af fyrir sig; var miðað við íbúatölu á þm., móts við önnur kjördæmi landsins. Á sama hátt er auðsær rjettur Reykvíkinga til að hafa 7 þingmenn, og svo framarlega sem hið háa Alþingi vill vera sjálfu sjer samkvæmt og vill gera rjett, á það að samþykkja þetta frv.

Þá vil jeg drepa á önnur atriði þessa frv. Svo stendur á, að í Reykjavík gilda og verða að gilda önnur ákvæði um kosningar en víðast annarsstaðar á landinu. Það er t. d. greinilegt, ef eigi á að byrja kjörfund fyr en kl. 12 á hádegi, að þá verður kosningunni ekki lokið, ef allir kjósendur eiga að geta kosið, á skemri tíma en einum sólarhring; að minsta kosti mundi kosning ganga langt fram á nótt, ef ekki er hægt að byrja fyr. Í þessu frv. er heimild til að byrja kjörfund fyr, og fleira, sem þörf er á að breyta. Síðast voru hjer settar kjördeildir víðar en á einum stað, og það þurfa að vera heimildarákvæði í lögunum um, að kosningar fari fram á mörgum stöðum. Það er lagt svo mikið vald í hendur bæjarstjórnarinnar, að hún ætti að geta fengið einnig að ráða þessu. Þó að kosningar hjer í Reykjavík hafi farið þann veg úr hendi, að jafnvel Alþingi hafi orðið að ávíta bæjarstjórnina fyrir, hefir það ekki verið bæjarstjórnarinnar sök, heldur hitt, að ákvæði laganna hafa verið orðin úrelt og ekki átt við hjer lengur. Þó að einhverjum háttv. þm. kunni að þykja vera nógu margir þm. í Reykjavík, vona jeg þó, að frv. þetta verði athugað vel og að það fái að fara til 2. umr., þó ekki væri nema vegna umbóta þeirra á kosningalögunum, er í því eru falin.

Jakob Möller: Enda þótt háttv. samþm. minn (JB) hafi eigi beðið mig um stuðning í þessu máli, þykir mjer þó rjett að verða til þess ótilkvaddur. Samt veit jeg eigi nema rjettast væri, vegna sparnaðarhreyfinga þeirrar, sem nú eru

uppi, að athuga, hvort ekki mundi rjettara að fækka þingmönnum fremur en fjölga, og þá breyta öllum kosningaaðferðum á alt annan veg en nú tíðkast. Jeg tel það sanngjarnt og jafnvel sjálfsagt, að Reykjavík fái jafnmarga þingmenn og önnur kjördæmi á landinu, á móts við höfðatölu, og mætti vel breyta kosningalögunum þannig, að þetta mætti ske, engu síður með því að fækka þingmönnum en fjölga þeim. Finst mjer eðlilegast, að þessu frv. verði vísað til sömu nefndar og hefir stjórnarskrárbreytinguna til meðferðar. (**MG:** Hún er búin að skila af sjer störfum). Hún getur væntanlega þó tekið nýtt mál til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg slepti að geta þess í ræðu minni áðan, að það hefir oft komið fram áður að taka til athugunar alla kjördæmaskipun landsins, og þál. í þá átt var samþykt á Alþingi 1920. En þó að slík endurskoðun kjördæmaskipunarinnar færi fram, þá vænti jeg ekki mikils árangurs í því efni; tillögur um þetta hafa mörgum sinnum verið til athugunar, en ekkert náð fram að ganga, sem bendi til þess, að þm. verði fækkað, enda hefi jeg fylsta vantraust á þess háttar breytingartilraunum. Geri heldur ekki ráð fyrir, að þær nái fram, vegna mótstöðu frá hálfu litlu kjördæmanna, sem eðlilega vilja ekki missa rjett sinn til þingsætisins. En þó að þetta frv. yrði að lögum, væri þar með ekki neitt ranglæti framið gagnvart neinum, og jeg býst ekki við, að neinar breytingar verði á um kjördæmaskiftinguna á næstunni. Hitt læt jeg mig engu skifta, til hvorrar nefndarinnar þessu frv. verður vísað, allsherjarnefndar eða stjórnarskrárnefndar.

Magnús Jónsson: Jeg vil benda á, að ef frv. þessu verður vísað til stjórnarskrárnefndar, væri ástæða til að athuga annað mál í þessu sambandi. Það er að setja ákvæði um varaþm. fyrir Reykjavík. Til þess þarf að gera breytingar á 28. gr. stjórnarskrárinnar. Hlutfallskosningar leiða beinlínis með sjer nauðsyn þess að hafa varaþingmenn, því að það er augljóst, að annars ruglast hlutfall það, sem með þeim fæst milli fjölmennari og fámennari flokka, í hvert sinn sem þingmaður einhvers fámennari flokksins heltist úr lestinni. Þessu mundi þegar verða breytt, því að það hlýtur að vera komið inn fyrir ógát, ef ekki stæði 28. gr. stjórnarskr. í vegi, og er því augljóst, að ef á annað borð verður haggað við stjórnarskránni, þá er sjálfsagt að kippa þessu í lag.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 17 : 7 atkv.

90

5. Kosning þingmanns fyrir Hafnarfjörð.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um kosning þingmanns fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (þmfrv., A. 159).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 21. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Þorgilsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir á þskj. 159, um kosning þm. fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, er gamall kunningi hjer í háttv. þingdeild, þar eð það hefir verið flutt á hverju þingi síðan 1920. Leyfi jeg mjer að vísa til Alþingistíðindanna 1922, A, bls. 188.

Krafan er endurtekin árlega af þeim sanngirnisástæðum, sem kjósendum kaupstaðarins finst liggja við, og miða þeir þá við aðra kaupstaði landsins, sem allir hafa nær því samtímis fengið þingmenn og bæjarrjettindi, enda þótt þeir þá ekki hafi haft fólkstölu að hálfu leyti við það, sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefir lengi haft, og allra síst, ef miðað er við fólkstölu kaupstaðarins nú, sem er 2630; er hann því nú fólksflesti kaupstaður landsins, annar en höfuðstaðurinn, Reykjavík. Það hlýtur því að vera hverjum manni ljóst, jafnt háttv. þingmönnum sem öðrum, að það er sanngirniskrafa, sem hjer er farið fram á. Annaðhvort er það, að Hafnfirðingar eiga fylsta rjett á því að fá þm. fyrir sig eða að aðrir kaupstaðir á landinu hafa ekkert tilkall átt til þessa. Það er þetta, sem Hafnfirðingar styðja kröfu sína við.

Hafnfirðingar hafa í mörgum atriðum ólíkra hagsmuna að gæta, borið saman við aðra hluta kjördæmisins eins og það er nú, engu síður en íbúar annara kaupstaða hafa haft á sínum tíma, er þörf þótti að lögfesta þeim þingm. fyrir sig, sem mun út af fyrir sig hafa miklu um ráðið.

Jeg leyfi mjer því að vænta þess, að háttv. deild taki frv. þessu góðfúslega, og það því fremur, sem Hafnfirðingar hafa mátt bíða svo lengi eftir því að fá kröfu sína uppfylta, og sýni það fyrst með því að lofa málinu að ganga til 2. umr. og allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, EÞ, GunnS, JakM, JB, JÞ, MG, MJ, MK.

nei: MP, PO, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EE, HK, IngB, JAJ, JS, LH, BSv.

Tveir þm. (BJ og ÓP) fjarstaddir.

6 Þjóðskjalavarðarembættið.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við Þjóðskjalasafn Íslands (stjfrv., A. 17).

Á 5. og 6. fundi í Nd., dagana 24. og 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg býst ekki við, að langar umræður þurfi að vera um þetta frv., svo sjálfsagt sem það er. Það virðist ekki ofvaxið landsbókaverði að hafa yfirstjórn beggja safnanna, en störfin svo náskyld, að það mælir ekki í móti sameiningu þeirra. Ætlast er til, að þetta komist á, þegar annaðhvort embættið losnar, eða — ef sá embættismaðurinn, sem lengur situr, vill ekki hlíta samsteypunni — þegar þeir eru báðir farnir frá, sem í þessum

embættum sitja nú. Sparnaðurinn við þessa samsteypu mundi nema 9500 kr. á ári. — Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar, að lokinni umr.

Magnús Jónsson: Þetta frv. er frábrugðið öðrum frv. um sameiningu og afnám embætta, sem hjer hafa legið fyrir, að því leyti, að þar var um alkunn embætti að ræða, er vænta má, að allir hv. deildarmenn þekki og viti deili á störfum þeirra.

En hjer er farið fram á að sameina stöður, sem flestum mun lítt kunnugt um, hver störf fylgja. Hefði því mátt fastega búast við, að hæstv. stjórn gæfi þinginu glöggar upplýsingar um störf þessara manna. En stjórnin hefir ekki sjeð ástæðu til þess. Í stað þess eru prentaðar fáar línur til stuðnings frv., og ræða hæstv. forsrh. (SE) var sömu tegundar: að þetta væri ekki ofverk einum manni og störfin náskyld.

Jeg get eigi að því gert, að jeg hefi ávalt litið svo á, að störf þessi væru mjög fjarskyld og til þeirra þyrfti mismunandi og ólíka menn. Þetta er ef til vill misskilningur, og mun hæstv. forsrh. (SE) geta fært mjer heim sanninn um það. En þó hygg jeg, að hæstv. atvrh. (KlJ) muni mjer ekki mjög ósamdóma í þessu efni, en hann er nákunnugur söfnunum og störfum við þau.

Í landsbókavarðarembættið þarf mann, sem hefir nákvæma þekkingu á bókasöfnum með stærri menningarþjóðum, hvernig þar er starfað og söfnunum komið haganlegast fyrir. Landsbókavörður þarf að vera vel heima í heimsbókmentunum; hann þarf að vera viðsýnn, víðlesinn og fjölfróður maður.

Aftur á móti þarf skjalavörðurinn umfram alt að vera sjerfræðingur. Þeir, sem nota skjalasöfn og vinna á þeim, vita fullvel, að því nær alt er undir því komið, að þar sjeu menn, sem þekkja að heita má hvert plagg. Hjer er engin skrá til yfir skjalasafnið, er farið verði eftir, og jeg efast um, að auðið sje að gera hana svo úr garði, að ekki þurfi jafnan leiðsögu nákunnugs manns til þess að geta haft safnsins full not.

Jeg hygg, að vandfundinn sje sá maður, sem væri hentugur í báðar stöðurnar. Auðvitað mætti sem best sameina yfirstjórn beggja safnanna. En sá ljóður er á því, að þá yrði jafnan ónýtur yfirmaður við annað safnið. Ef Landsbókasafninu stýrði vel hæfur maður, með mikla almenna þekkingu á bókasöfnum og bókmentum, en ekki þá sjerstöku þekkingu, sem er nauðsynleg við Þjóðskjalasafnið, þyrfti sjerfróða aðstoðarmenn þar. Auk þess ætti landsbókavarðarstaðan að vera ærið starf fyrir einn mann.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta efni, en verð að láta í ljós undrun mína á því, hve gálauslega hæstv. forsrh. (SE) fer með tölur. Hann telur 9500 króna sparnað að þessu, og er þó ekki til þess ætlast, að embættið sje lagt niður þegar í stað, heldur þegar það verður laust. Ætti því að telja sparnaðinn eftir hámarkslaunum embættisins, sem er 5500 kr. Frá þessari upphæð verður svo að draga laun þess manns, sem yrði látinn vinna þau störf, er nú hvíla á yfirskjalaverðinum. Því að síst mun nú ofaukið starfsmönnum við söfnin, enda heyrast þaðan jafnan kvartanir um manneklu. Jeg hygg því, að sparnaðurinn við þessa samsteypu muni verða nær 2000 kr. en 9500 kr.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) brá mjer um, að jeg færi óvarlega með tölur. En þar sem enginn veit, hve nær þessi samsteypa muni komast í framkvæmd, hvaða tölur á þá að nefna, aðrar en þær sem nú gilda? Ef þessi sparnaður gengi þegar í gildi, næmi hann 9500 kr., og þó að það verði síðar, þegar launaupphæðin öll er orðin lægri, myndi hann ávalt jafngilda 9500 kr. nú. Og eigi að nefna einhverja upphæð, verður önnur en þessi ekki nefnd með neinum sanni.

Þetta er ein af hinum sífeldu tilraunum hv. þm. að gera allar sparnaðartillögur sem tortryggilegastar. Þessi hv. þm. (MJ) er framarlega í flokki þeirra manna, sem standa fast á móti öllum sparnaði. Þeir eru sumir, sem álíta „flott" að spara ekki, en sem betur fer eru ekki allir jafnhrifnir af þeirri stefnu.

Nú rísa að vonum margar raddir gegn þeim sparnaði, sem hjer er farið fram á, og heimta sjerfræðinga í hverri grein. En ef ekki er auðið að sameina þessi embætti, verður sannarlega erfitt að finna nokkuð, sem má spara. Ef sjerstakan grúskara þyrfti á Þjóðskjalasafnið, mætti setja hann og launa honum sem aðstoðarmanni. En ef gera ætti söfnin sem alfullkomnust, þyrfti jafnvel að bæta við 10—20 sjerfræðingum. Þá yrðu þau líka hreinustu fyrirmyndir. Hv. þm. (MJ) mun að líkindum vilja verja fje til þessa, en jeg get ekki verið því fylgjandi.

Jeg vil leggja áherslu á, að ef mönnum er nokkur alvara að reyna að spara, verður að samþykkja þetta frv. Vona jeg, að raddir þeirra, sem því fylgja, bergmáli um allan þingsalinn.

Bjarni Jónsson: Þá verður ekki mikið bergmál af minni rödd. **(Forsrh. SE:** Jeg vona, að svo verði ekki). Vonir bregðast mönnum á stundum, jafnvel þeim hæstvirtu.

Það er einkennilegt, að stjórnin skuli nú bera fram samskonar frv. og var til umr. hjer 1919 og þingið vildi þá ekki sinna. Ef meta á öll sparnaðarfrv. stjórnarinnar og bera saman, verður það augljóst, að lengi getur ilt versnað, eins og móðir Harðar komst að orði við hann: „Ill varð þín ganga hin fyrsta, og munu hjer margar illar eftir fara, og mun þó verst hin síðasta." **(Forsrh. SE:** Ekki vantar nú lærdóminn). Hjá mjer er hann af skornum skamti, en það sakar minna, því að jeg er ekki kenslu- eða mentamálaráðherra. Væri jeg það, myndi jeg reyna að bæta úr fáfræði minni. **(Forsrh. SE:** Til þess þarf miklu meira). Gott, að hæstv. forsrh. finnur, að hann er stöðu sinni vaxinn. En frv. þetta ber þess ljóst vitni, að hann hefir dottað mjög við samningu þess, eða að hann hefir að öðrum kosti látið annan semja frv. fyrir sig og ekki gætt þess, hve illa og ófimlega hefir tekist til.

Í þessu frv. er það sagt, að Jón landsbókavörður Jacobson eigi að taka að sjer verk dr. Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar. Þjóðskjalavörður er þó svo verkdrjúgur maður, að öðrum manni er ofvaxið að bæta á sig starfi hans. Hygg jeg, að allir muni játa, að hann sje engin liðleskja, jafnt óvinir hans sem vinir. **(Forsrh. SE:** Það er ekki sagt í frv.). Það liggur í því, að annar maður geti auðveldlega bætt við sig starfi hans. Jeg veit ekki, hvort hæstv. forsrh. (SE) hefir athugað landsbókasafnið, hvort þar muni nokkur afgang-

ur starfskrafta. Það mun sönnu nær, að fremur þyrfti að bæta þar við 2—3 mönnum í 3—4 ár til þess að kippa safninu í lag, svo mikið verk er þar óunnið fyrir hendi.

Það er fróðlegt að bera saman þetta frv. og frv. frá 1919. Þá var það viðurkent af stjórninni, að ógerningur væri að kippa í burtu manninum og ætla landsbókaverði alt starf hans; heldur var svo gert ráð fyrir, að aðrir menn væru settir til að gegna störfum hans. Þá átti að skipa sjerstakan bókavörð og sjerstakan skjalavörð, og auk þess 3 aðstoðarmenn við bókasafnið og einn við skjalasafnið.

Hjer kemur sú skoðun fram, að þessi störf sjeu svo náskyld, að vel megi bæta við bókaverði til að sinna skjölunum. Eins og sömu eiginleika og sömu kunnáttu þurfi til þess að stýra bókasafni og skjalasafni. Jeg þarf ekki að rekja þessa fjarstæðu nánar; hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sýndi með rökum fram á, að það er svo langt frá því, að hjer sje að ræða um skyld störf, að þau eru einmitt mjög óskyld. Það er alt annað, önnur þekking, annað lundarfar, sem þarf til þess að vera bókasafnsmaður og góður skjalasafnsmaður.

Það vill svo vel til, að þessi málstaður er ágætlega rökstuddur í nál. allsherjarnefndar 1919, sem er undirskrifað af 2 núverandi þm., hv. þm. Mýra. (PÞ) og hv. 1. þm. Eyf. (SSt). Auk þess átti sæti í þeirri nefnd Einar prófessor Arnórsson, sem er allra manna fróðastur í þessum efnum. Auk þess er þar prentuð umsögn þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar. Leggja þeir báðir á móti sameiningu embættanna, skjalavörður mjög eindregið, landsbókavörður nokkuð hikandi. Hann játar, að hann hefði verið því meðmæltur fyrir 20 árum, en nú væru störfin svo margvísleg og aukin, að það sje alls ekki tiltækilegt. Þar er og það tekið fram, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) drap á, að sjaldhittir væru þeir menn, sem væru hvorttveggja í senn, góðir bókasafnsmenn og góðir skjalaverðir.

Sameiningin er varasöm; er mjög hætt við, að sami maður verði aldrei fær um að gegna báðum störfunum og verði því ónýtur að hálfu leyti.

Þá vil jeg víkja að sparnaðinum. Frv. gerir ráð fyrir 9500 kr. sparnaði, en of hátt munu launin þar reiknuð, eftir því sem nú stendur, en auk þess má minna á yfirlitið frá 1919. Þar er landsbókaverði gert 5200 kr. í laun, skjala- og bókaverði samtals 7 þús. kr., þrem bókavörðum samtals 7500 kr. og aðstoðarbókaverði 2500 kr., eða samtals 22200 kr. fyrir bæði söfnin. En nú á landsbókavörður að hafa 5000 kr., 3 bókaverðir hver 2500 kr., eða til samans 7500 kr., þjóðskjalavörður 5000 og aðstoðarskjalavörður 2500 kr., eða samtals 20000 kr. Sparnaðurinn er því 2200 kr. eyðsla. Gangi frv. þetta fram, er vanþekking í stað þekkingar látin stjórna dýrmætustu söfnum landsins, og hæstv. kenslumálaráðherra lætur sjer ekki einu sinni nægja að tala háðulega um forstöðumenn safnanna, kalla þá grúskara, heldur vill hann líka með lögum ákveða það, að vanþekkingin verði þar öllu ráðandi. — En afleiðing þess mundi auðvitað sú, að bæði söfnin yrðu vanrækt. Skjöl týndust, stjórn bókasafnsins yrði ljeleg, bækur yrðu keyptar af litlu viti og alt hrörnaði og alt skemdist. —Er engin þörf að prjedika það fyrir stjórn landsins og alþingismönnum, hve dýrmæt og nauðsynleg

söfn vor eru. Þesskonar fræðslu þurfa börn í barnaskólum. En auk vansæmdarinnar yrði líka um peningatjón að ræða, og það tröllaukið fjártjón.

Ætti stjórninni að vera það vitanlegt, að tví- og þrígildir menn eru ekki á hverju strái, enda lítil líkindi til, að stjórnin vildi nota slíka menn, þó einhverjir væru. Hefi jeg nú um nokkur ár boðið henni einn slíkan, en hún hefir ekki viljað þiggja.

En annars vil jeg benda hæstv. stjórn á það, að hún er ekki sett til þess að spara nje til þess að einblína á vissa hluti skynsemdarlaust, heldur er henni ætlað að verja fje landsins sem viturlegast. Sje viturlegt að spara, á hún að gera það, en sje viturlegra að verja fje til einhvers, er ekki síður skylda hennar að framkvæma það. Má og þess gæta, að þótt sparnaður sje fyrir landssjóðinn að svifta menn atvinnu, þá kemur sá sparnaður niður á þeim einstaklingum, sem fyrir slíku verða, og getur því oft orðið vafasamur.

Enn er þess að gæta um sparnaðinn við frv. þetta, að hann verður enginn fyr en að 10—20 árum liðnum, þegar menn þessir eru fallnir frá.

Hefir forsætisráðherra boðið öðrum manninum ljettara starf, en hann vildi ekki þiggja. Raunar er ekki í frv. getið um það, að mennirnir skuli vera í embættum sínum áfram, heldur aðeins í aths.; en sá mun þó tilgangurinn, að þeir haldi þeim.

Sparnaðarherópið verður því heldur hjáróma, þegar það byggist eingöngu á sparnaðarvon úti í framtíðinni, sem ekki getur ræst fyr en eftir 10 ár. Er því ekki rjett að hreyta í oss ónotum, þótt vjer gerum ekki mikið úr slíkum vonum og álítum nauðsynlegra að verja þingtímanum til að reyna að bæta atvinnuvegi þjóðarinnar heldur en skeggræða um hjegóma þennan.

Má vera, þótt vjer sjeum ráðlitlir, að skynsamlegar ástæður vorar bergmáli jafnvel og sparnaðarvonir hæstv. ráðherra og svigurmæli.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skil ekki vel vandlætingasemi hv. þm. Dala (BJ). Ef hann læsi athugasemdir frv., mundi hann sjá, að þar er alls ekki um það að tala að neyða embættinu upp á landsbókavörð, en hins vegar hefir hann sagt, að hann sæi engin vandkvæði á því að sameina embættin. Háttv. þm. skilur heldur ekki, að með frv. þessu — og hinum líka — er verið að sníða frambúðarstakkinn fyrir þessa þjóð.

Hann er með vandlætingasemi yfir því, að sparnaðurinn á svo langt í land, en þá væri gaman að heyra það, hvort háttv. þm. er með því, að maðurinn verði settur á biðlaun, svo sparnaðurinn komi strax.

Það væri auðvitað æskilegt að geta haft sem flesta sjerfræðinga á öllum sviðum, en fjárhagur þjóðar vorrar leyfir það ekki, og hjer álít jeg þess heldur ekki þörf; framtíð safnanna er vel trygð, þótt yfirumsjón þeirra sje falin einum manni, en sparnaðurinn er auðsær. Jeg sje, að háttv. þm. brosir, en jeg get sagt honum það, að víða mundi brosað að erindisbrjefi hans, ef það heyrðist utan þessa sals, því að það er eingöngu um það að spara ekki, heldur einungis greiða fje úr landssjóðnum. **(BJ:** Jeg sagði að greiða fje viturlega). En annars eru fjármálaræður hv. þm. Dala. svo vel þektar, að óþarfi er að fjölyrða um þær. Er öllum vitanlegt, að hv. þm. er með þeim ósköpum fæddur, að hafa ekkert vit á fjármálum.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi að þessu ekkert lagt til um embættafækkunina og engri afstöðu lýst til sparnaðarfrv. stjórnarinnar; þykir mjer því rjett að láta nokkur orð fylgja þessu síðasta frv. í röðinni.

Mig furðar að heyra jafnáköf og eindregin mótmæli og hjer hafa fram komið gegn frv., sjerstaklega er gætt er þess áhuga um fækkun og sameiningu embætta, sem fram kom á síðasta þingi, og eindreginna krafna almennings um þetta sama í mörgum þingmálafundargerðum margra sveita og hjeraða. Þarf enginn á því að villast, að þjóðin heimtar meiri hagsýni í launaveislum til opinberrar starfrækslu.

Auðvitað er það, að altaf verður álitamál, hvar byrja skuli og hverjir fyrst skuli víkja sæti, og fer það eftir álitum. Vil jeg strax geta þess, að æskilegra hefði mjer þótt, að byrjað hefði verið á afnámi annara embætta en sýslumanna, að minsta kosti jafnhliða þeim, og meira hefði það verið í samræmi við óskir þjóðarinnar, að afnumin hefðu verið sum embættanna hjer í Reykjavík, og fremur mundu þau mega missa sig en embætti í fjarlægum og strjálbygðum landshlutum, því að þar er verkahringur embættanna yfirleitt stærri og þörfin meiri. Þó vil jeg lýsa því yfir, að jeg tel fækkun sýslumannsembættanna forsvaranlega og afnám allra þeirra embætta, sem stjfrv. ræða um, og mun jeg fylgja þeim öllum, í þeirri von, að frekari fækkun embætta og opinberra starfsmanna hjer í Rvík fari á eftir en þeirra þriggja, sem fyrirliggjandi frv. ræða um, svo sem hæstv. stjórn einnig hefir lýst áhuga á.

Jeg vil þó geta þess, að afnám eins af embættum þessum er mjer viðkvæmt mál vegna aldurs þess og endurminninga þeirra, sem við það eru bundnar. Á jeg við biskupsembættið, sem jeg líka tel óaðskiljanlegt þjóðkirkjunni. En enga hættu álít jeg trúarlífi voru stafa af niðurlagningu þess, ef sú skipun er gerð á starfi vígslubiskupa, sem hæstv. stjórn hefir bent á við 1. umræðu málsins. Skal jeg eigi fjölyrða frekar um þetta að sinni. En það voru 2 atriði hjá hv. þm. Dala. (BJ), sem jeg hnaut við. Er jeg ekki sammála hv. þm. í því, að núverandi stjórn hafi ekki verið skipuð til að spara. Hún var einmitt til þess skipuð. Sparnaðarraddirnar voru háværar á síðasta þingi, og stjórnin var einmitt skipuð þegar sparnaðaraldan reis sem hæst. Var þessu eigi aðeins haldið að stjórninni af stuðningsmönnum hennar, heldur kom það og fram í stefnuskrárræðu hæstv. forsætisráðherra og við meðferð hinna svo nefndu sparnaðarfrv.

Hitt atriðið í ræðu hv. þm. hneykslaði mig þó meira. Hann hjelt því fram, að sparnaðartilraunir stjórnarinnar með afnám embætta leiddu til atvinnuleysis í landinu, líklega fyrir embættismenn og embættismannaefni. Var helst að skilja svo, sem þeir mundu fara á sveitina. Sýnist af þessu, sem hv. þm. líti svo á, að embættin sjeu til fyrir embættismennina, en ekki fyrir þjóðfjelagið.

En því trúi jeg ekki, að nokkur þessara manna, þótt úr embætti sínu færi, þyrfti að verða þurfalingur eða öðrum að byrði, enda eigi ólíklegt, að eftirsókn eftir embættisnámi rjenaði, ef skynsamleg fækkun embætta væri lögleidd.

Skal svo ekki fjölyrt meira um þetta; jeg vildi aðeins lýsa framangreindri aðstöðu minni til frv. þeirra, sem fram

eru komin um fækkun og sameiningu embætta.

Bjarni Jónsson: Það var unaðslegt að hlusta á ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og yfirlit hans yfir sparnaðarfrumvörp stjórnarinnar og umræðurnar um þau. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að háværar sparnaðarraddir hefðu borist hingað utan úr sveitum, um niðurlagning embætta o. fl., jafnvel úr minu kjördæmi. Jeg las nú nýlega fundargerð úr Dalasýslu, er fer í þveröfuga átt, og er þar krafist, að þeir fái að halda embættismönnum sínum í friði í embættum þeirra. Er það og augljóst, að þeir vilja halda menningaráhrifum þeirra innan hjeraðs. Alt sparnaðarhjal þessa þingmanns er jafnan á einn veg viturlegt, því hann greiðir venjulega atkvæði á móti öllum greiðslum, jafnt hinum nauðsynlegustu og lögskipuðu sem öðrum, nema fjárveitingu til tveggja hreppstjóra, en þeir voru líka af Austurlandi.

Þá sagði sami háttv. þm., að þessi stjórn hefði verið skipuð til þess að spara. Við munum báðir hafa verið í samvinnu til að styðja þessa stjórn, og ætti jeg því líka að hafa dálitla ástæðu til að vita eitthvað um það, til hvers stjórnin var skipuð. Þegar jeg styð einhverja stjórn eða lofa hlutleysi, hefir það jafnan verið með því skilyrði, að það yrði ekki „monomania“ hjá henni það eitt — að spara. Er það allóheppileg sýki á stjórn. Jeg hefi aldrei sagt, að stjórnin ætti ekki að spara, heldur að hún ætti að verja fje landsins viturlega.

Jeg er ekki með því marki brendur að vilja kitla eyru kjósenda minna með því að láta sífelt hljóma orðið sparnaður, sparnaður, eða það að spara hjer í þingsalnum. Sparnaður getur oft verið skaðlegur, þegar mikil umsvif eru höfð við að spara krónuna, en á öðrum sviðum er miljónum fleygt með aðgerðaleysi eða heimskulegum aðgerðum, þegar hættur utan úr heimi þröngva atvinnuvegum vorum. Það ætti fremur að vera verksvið stjórnarinnar að varðveita traust landsins og rjetta við gengi ísl. krónunnar. Um það er meira vert. Þá var það annað atriði í ræðu háttv. þm. S.-M., þar sem hann hafði það eftir mjer, að væru umrædd embætti lögð niður, yrðu hlutaðeigandi embættismenn að ómögum. Þar sleit hann orð mín úr samhengi, og veit jeg, að skrifararnir hafa tekið orð mín rjett upp, þótt hv. 1. þm. S.-M. hártogi þau, heldur klaufalega auðvitað, en þó skár en búast mátti við úr þeirri átt. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að embættin væru til orðin fyrir mennina; en hitt er það, að jeg og þeir, sem vilja vera heiðarlegir menn í meðferð sinni á starfsmönnum landsins, lítum svo á, að þegar menn eins og t. d. dr. Jón Þorkelsson skjalavörður eru búnir að vinna langt og mikið starf og slita sjer út í embættum um 20 ára skeið, eigi ekki að kasta þeim út á gaddinn eða gera þeim þá smán að telja embætti þeirra óþörf. **(Forsrh. SE:** Jeg hefi alls ekki talað um að kasta þeim út á gaddinn). Jeg sagði það heldur ekki, en þó má skilja frv. þannig, er þetta er ekki trygt í texta þess.

Hæstv. mentamálaráðherra talaði um það meðal annars, að jeg væri fæddur með þeim ósköpum að bera eigi skynbragð á fjármál, og jeg hefi heldur ekki haldið sjálfum mjer fram á þeim sviðum; jeg hefi ekki sótt um bankastjóraembætti eða kept um ráðherrastöður, en jeg veit, að hæstvirtur mentamálaráðherra og

þeir frændur eru fjármálamenn á sinn hátt. (**Forsrh. SE:** Jeg mintist ekkert á ætt). Satt er það, en hæstv. mentamálaráðherra talaði um, að jeg væri fæddur með þessum annmörkum, og það hefir maður úr ætt. (**Forsrh. SE:** Það er satt). Þá er rjett mælt hjá mjer, nema nú eigi að sundurgreina fæðing og ætterni, en sameina söfnin. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara í mannjöfnuð við hæstv. forsrh., en ætla að geyma það þar til síðar og lofa honum þá að eiga fyrri leikinn.

Jeg skal játa, að jeg hefi alt að þessu eigi skilið fyrirætlanir stjórnarinnar um þennan stakk handa þjóðinni. En nú fyrst skil jeg, hvað hæstv. forsrh. vill með allan þennan vonarpening hjer inn í þingið (sem sje umrædd stjórnarfrumvörp); mun hann ætla að vinna voð úr ullinni og sníða síðan úr voðinni og sauma þjóðinni þar framtíðar-tóskaparstakk þann, er hann talaði um. Væri því óhætt að lofa embættafækkuninni og þessum sparnaðarmálum öðrum að liggja í láginni næstu 20 árin, meðan hann situr að þessum skraddarastörfum.

Magnús Jónsson: Jeg þarf ekki að svara ræðu hæstv. forsrh. mörgum orðum. Fanst mjer hún ekki þess verð, þótt hann ætlaði að drekkja mjer í freyðanda einum og orðagjálfri. Þetta ósjálfræði hæstv. forsrh. (SE) byrjaði hjer í gær og er nú lakara í dag. Menn munu enn hafa í minni frá því í gær, t. d. það, sem hann var að tala um, að stjórnarráðið ætti að hafa eftirlit með rjetttrúnaði í landinu og að syndin væri hið elsta í heiminum. Mundi hann á flestum kirkjuþingum hafa verið dæmdur sekur villutrúarmaður fyrir þau ummæli.

Hæstv. forsrh. brá mjer um það að vera ætíð á móti öllum sparnaði, hvernig sem honum væri háttað. Er það satt að því leyti, að ef hjer mega engar stöður vera eða embætti, er beri vott um, að hjer búi menningarþjóð, er jeg á móti þess háttar sparnaði. Jeg mun ekki vera með þeim ráðstöfunum, sem eru þess eðlis, að ef áfram er haldið, hljóti þær að skilja við þessa fornu menningarþjóð sem menningarsnautt fiskiver. Það er óþarft að vitna í 10—20 sjerfræðinga við stofnanir hjer. Slíkt tíðkast með stórþjóðunum, en við höfum ekki efni á því. En þó að við reynum að hafa hjer vísi að slíku, þó að við gerum okkur ekki að skyldu að kæfa hvern vísindamann í afgreiðslu daglegra anna á söfnum og slíkum stöðum, get jeg ekki sjeð, að það sje svo mikil goðgá, sem hæstv. kenslumálaráðherra (SE) sýnist þykja það.

Það er máske ekki heimtandi af hæstv. forsrh., að hann kunni að reikna, en þá ætti að mega ætlast til slíks af hæstv. fjármálaráðherranum. Og vil jeg nú biðja hann að reikna, hvort 5500 kr. laun geri nú, með 60% dýrtíðaruppbót, 9500 kr.? Ef nú svo skyldi reynast, sem jeg hygg að sje, að hjer skakki meira en 1000 krónum, hvar er þá geipan hæstv. forsrh. um, að reiknað sje með þeim tölum, sem nú gilda?

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins lítil athugasemd, sem jeg vildi kom með. Háttv. þm. Dala. (BJ) vildi vefenga, að úr fjarlægum sveitum landsins hefðu háværar kröfur borist um sparnað, og jafnvel neita því, að Dalamenn styddu kröfurnar um embættafækkun.

Þessa kenningu háttv. þm. held jeg rjett að athuga nánar, og það vill svo vel til, að jeg hefi hjer í höndum fund-

argerð úr Dalasýslu frá janúar næstl., sem sker úr um þetta. Þar standa meðal annars þessi orð:

„....Fundurinn telur líklegt, að betur megi nota starfskrafta ýmsra embættismanna í Reykjavík, og að sameina megi þar ýms skyld embættisstörf og draga úr starfsmannahaldi við ýmsar opinberar stofnanir til sparnaðar. — Samþykt í einu hljóði.“

Og í öðru lagi:

„Fundurinn skorar á Alþingi að draga sem mest úr fjárveitingum úr ríkissjóði, nema til samgöngubóta og til að auka framleiðsluna í landinu. Sjerstaklega leggur hann áherslu á, að sem minstu fje sje varið til styrkveitinga og bitlinga til einstakra manna. Samþykt með öllum greiddum atkvæðum.“

Svona líta þá Dalamenn á þetta mál og koma þarna í baksegl við hv. þm. Þetta samþykkja hans elskulegu kjósendur, og virðast mjer þeir höggva allnærri í síðari tillögunni. Jeg mátti til að drepa á þetta; að öðru leyti ætla jeg ekki að lengja umræðurnar, með því að hv. þm. er fjarstaddur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætlaði aðeins að drepa á, að það er fjarstæða hjá háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), er hann er að tala um, að landið verði að menningarsnauðu fiskiveri, ef niður verða lögð embætti þau, er stjórnarfrumvörpin fjalla um. Get jeg alls eigi sjeð neina hættu á, að svo fari, þótt þau verði að lögum. Tel jeg þetta því hina mestu fjarstæðu. En út í hitt ætla jeg ekki að fara, er hv. þm. sagði, að stjórnin ætlaði sjer að líta eftir rjetttrúnaði og kirkjuhaldi í landinu, eða neitaði því, að syndin væri gömul.

Þar sem jeg sje, að þm. hefir svo miklar mætur á því, sem gamalt er, skil jeg, að hann vill ekki þess vegna leggja niður biskupsembættið og önnur þau embætti, sem hjer er farið fram á, og þó að mjer hafi verið kent, að syndin væri eitt hið elsta í heiminum, vil jeg spyrja þm., hvort hann vildi samt ekki reyna að draga úr áhrifum eða losna við erfðasyndina, ef þess væri kostur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 14 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 144 og 157).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg sje ekki ástæðu til að vera margorður um þetta frv. Það er leitt, að hæstv. forsrh. (SE) skuli ekki vera viðstaddur, en það gerir ekkert til vegna þess, sem jeg ætla að segja, því að jeg mun ekki veitast að frv., svo sem auðsætt er af nál.

Meiri hluti nefndarinnar áleit rjettara að orða frv. svo, að embættin væru sameinuð, heldur en að annað embættið skyldi lagt niður. En það getur ekki orðið neitt kappsmál milli hæstv. stjórnar og meiri hl., því að hvorttveggja kemur í sama stað niður. Þegar annað embættið losnar, á sá, sem situr í hinu embættinu, að bæta því við sig. En vilji hann það ekki, verður að setja mann í lausa embættið eða veita það með því skilyrði, að hann bæti við sig hinu embættinu, þegar það losnar. Niðurstaðan verður því hin sama sem eftir stjfrv.,

en samkvæmt þessu verður aftur að breyta fyrirsögn frv.

Meiri hl. áleit líka rjett, að þessi lög gangi í gildi þegar í stað. Menn vita ekki, nema dauða annarshvors þeirra embættismanna, sem hjer ræðir um, geti borið að mjög bráðlega, og að minsta kosti spillir þetta ákvæði ekki.

Um nál. hv. minni hl. þarf jeg ekki að fara mörgum orðum; þykir mjer hann ærið stórorður, þar sem hann segir, að vonandi geri Alþingi ekki „hinu íslenska ríki þá hneisu, það menningartjón og þann fjárhagslega skaða, sem afnám þjóðskjalavarðarembættisins væri". Ef til vill rökstyður hv. minni hl. (MJ) þessi orð sín svo vel, að hann geti sannfært hv. deildarmenn. En jeg hefi ekki mikla trú á því.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Mjer kom nokkuð á óvart, að mál þetta skyldi vera á dagskrá í dag, og hefði jeg gjarnan viljað geta búið mig betur undir það. En þegar jeg sá, að stjórnarskrárfrv. var á undan, þóttist jeg viss um, að þetta mál mundi ekki komast að. Hef jeg því ekki gengið eins vel frá framsögunni og jeg hefði óskað.

Jeg kvartaði undan því við 1. umr. þessa máls, að hæstv. stjórn hefði lagt litla vinnu í að skýra það fyrir Alþingi. Störf þeirra manna, sem hjer ræðir um, hafa verið unnin svo mjög í kyrþey, að þess er ekki að vænta, að mönnum sje alment kunnugt um þau. Hæstv. stjórn hefir þó þótt nægilegt að færa þá ástæðu fyrir þessu frv., að embætti þessi væru svo náskyld, að einum manni væri ekki ofvaxið að annast þau bæði. Hv. meiri hl. hefir þrætt nákvæmlega götu stjórnarinnar, án þess að færa nokkur rök fyrir þessari staðhæfingu. Nál. er ekki nema örfáar línur, og allar ástæðurnar, sem hann færir fyrir sínu máli, eru þessar sömu, að „störf skjalavarðar og bókavarðar eru naumast svo sundurleit eða óskyld, að eigi finnist maður, sem geti gegnt báðum störfunum, svo að viðunandi sje". Þetta er álit hv. meiri hluta, en engin rök eru þó færð fyrir því. Þar er ekki greint, hver störfin eru og hvernig í því liggur, að þau eru svona náskyld, þó að það hafi verið vefengt með skýrum rökum við 1. umr. (**M. G.:** Ástæðurnar eru í stjfrv.). Já, einmitt þessi sama staðhæfing, án þess að reynt sje til að rökstyðja hana. — Eftir þessari röksemdarfærslu má segja alla skapaða hluti. Þá mætti alveg eins halda því fram, að störf presta og lækna eða sýslumanna og verkfræðinga væru svo náskyld, að auðveldlega mætti sameina þau. Ef menn mega velta frá sjer sönnunarskyldunni, geta menn haldið fram hvaða fjarstæðu sem er og haft endaskifti á allri tilverunni. Auðvitað getur þetta verið rjett og satt, þó það hafi ekki verið rökstutt, og er því ekki nægileg ástæða til að fella frv., að ekki hafa verið færð rök fyrir því.

Hv. frsm. meiri hl. (MG) fór fáum orðum um frv., svo að jeg þarf í raun og veru ekki að svara ræðu hans. Jeg veit ekki hug hv. deildar til þessa frv., en þó get jeg ekki skilið, að hún hafi látið töfrast eða sje snortin af ástæðunum í stjfrv. eða nál. meiri hl. Jeg treysti mjer ekki heldur til að töfra hv. deild og hef ekki hugsað mjer að gera það, en þó hefi jeg leitast við að sýna fram á í nál. mínu, að ástæður þessar eru ekki eins óyggjandi og hæstv. stjórn og hv. meiri hl. halda fram. Jeg skal taka það fram, að þó að jeg fari þessum orðum um nál. hv. meiri hl., vil

jeg ekki með þeim kasta nokkurri rýrð eða lítilsvirðingu á þá menn, sem hafa skrifað undir það. Það er fjarri mjer. En þar sem einmitt svo skýrir og greinagóðir menn hafa fjallað um þetta og ekki komið með betri ástæður fyrir máli sínu, er það rík sönnun fyrir því, að ekki er auðið að færa veigameiri rök til stuðnings frv. Má því fastlega ætla, að nál. meiri hl. og ræða hv. frsm. (MG) sje tæmandi í þessu efni.

Menn ætla nú ef til vill, að svo mikið **autoritet** fylgi meiri hlutanum, einkum þar sem 4 nefndarmenn eru á sama máli gegn einum, að ekki sje gerlegt að leggjast á móti frv. En þá vil jeg leyfa mjer að vísa til álits mentmn. 1919, er lagði í einu hljóði á móti því, að þessi embætti yrðu sameinuð. Það er ekki til að kasta rýrð á þá nefnd, sem jeg á sjálfur sæti í, þó að jeg segi, að menn geti vænst meiri þekkingar í þessum efnum hjá mentmn. Og þetta sýnir ljóslega, að ekki er einhlítt að fara eftir **autoriteti** einhverrar nefndar, því að tvær nefndir geta lagt hvor á móti annari.

Jeg býst við, að hv. deildarmenn hafi lesið nál. minni hl. á þskj. 157, og veit jeg því ekki, hversu langt jeg á að fara út í að rekja ástæður mínar til þess, að jeg legst á móti þessu frv. Þó verð jeg að fara nokkrum orðum um þær.

Það er þá fyrst, hve ákaflega dýrmætar og merkilegar stofnanir þessi 2 söfn eru. Ef þau væru sett á uppboð og seld, gæti jeg trúað því, að þau reyndust miljóna virði, jafnvel tuga miljóna. Og þó verða þessi söfn ekki metin á þennan veg. Það er svo um marga hluti, að menn geta ekki fengið eins mikið fyrir þá eins og þykir vænt um að eiga þá. Við þessi söfn þarf mikla natni og nákvæmni til þess að varðveita þau gegn skemdum. Það þarf að vanda mjög til geymslu þeirra og hafa ríkar gætur á, að handrit og bækur skemmist ekki eða drafni niður. Landsmenn verða að vita, að þar sjeu menn, sem lifa í þessum söfnum, bera þau fyrir brjósti og gæta þeirra með nákvæmni og alúð. Sje misbrestur á þessu, getur það valdið tjóni, sem ekki verður metið til launa yfirskjalavarðar, heldur getur verið óbætanlegt.

Annað aðalverk þeirra manna, sem stjórna söfnunum, er að sjá um, að þau geti orðið að sem mestu gagni. Og þegar kemur til þessa, get jeg ekki með nokkru móti verið sammála hæstv. stjórn og hv. meiri hl., að það geti farið vel úr hendi með því að svifta annað safnið yfirmanni sínum.

Jeg kannast ekki við að hafa notað of stór orð í nál. mínu. Það **er** ekki hneisulaust að hafa ekki sjerstakan yfirmann við skjalasafnið. Það er álitið sjálfsagt, að hvert menningarríki hafi ákveðnar stofnanir, er taka mætti upp í skilgreiningu á, hvað er menningarríki og hvað ekki?

Og meðal þessara stofnana eru einmitt slík söfn: ríkisbókasafn, ríkisskjalasafn, þjóðmenjasafn o. s. frv. En með þessu frv. er í raun og veru verið að afnema skjalasafnið sem sjálfstæða stofnun og gera það að seli frá Landsbókasafninu.

Í þessu efni verður að vitna í það, sem ólygnast er, en það er reynslan. Við þjóðskjalasafnið hefir hvorttveggja verið reynt: að hafa sjerstakan yfirmann við það og láta það vera undir landsbókaverði. Í fyrstu var það undir stjórn landsbókavarðar. Fram undir aldamót var safnið eins og þroskalítið

barn í reifum, fór ekki fram og lifði varla nema á pappírnum. En þegar sjerstakur yfirmaður var skipaður við safnið um aldamótin, skifti þegar um. Eftir að hafa verið fjórðung aldar undir stjórn eins og sama mannsins er það komið upp í 20—30 þús. nr. og orðið marga miljóna króna virði. Þetta hefir hafst upp úr launum þessa manns. En nú er sú ályktun dregin af þessari reynslu, að ekki sje lengur þörf á sjerstökum yfirmanni við safnið. Jeg veit ekki, hvernig á að fara að læra af reynslunni, ef það er gert á þennan hátt.

Það kynni að sýnast, að þörfin á skjalaverði sje ekki jafnbrýn sem áður sökum þess, að nú eru skjölin öll komin á einn stað, en þess er að gæta, að safnið er nú orðið allstórt. Og það er hrein og bein fjarstæða að halda, að öllu sje lokið, þó að búið sje að koma öllum þessum plöggum saman á einn stað. Eftir er að skrásetja mest af þeim, og er það afskaplega mikið og vandasamt starf og ómögulegt að inna það af hendi nema fyrir nákunnuga menn. Er fjarstæða að ætla landsbókaverði að gera þetta. Því má svara, að undirtyllurnar geti gert þetta. En þá er yfirmaðurinn ekki orðinn annað en „toppfígúra", sem hefir undir sjer illa launaða menn. En slíkt er mjög skaðlegt, því með því vex ábyrgðarleysið.

Jeg skal ekki fara út í það, hve óskyld störf þessara tveggja manna eru, því að það hefi jeg og hv. þm. Dala. (BJ) áður sýnt fram á; en sannleikurinn er, að þau eru ekki skyld að öðru en því, að bæði eru í sama húsinu, en á því mun líka verða fljótlega breyting, því að landsbókasafninu veitir ekki af öllu húsnæðinu.

En öll innri skilyrðin eru gagnólík. Það þarf ekki aðeins að vera munur á þekkingu þessara manna, heldur og skapgerð (Karakter). Annar, landsbókavörðurinn, þarf að vera viðsýnn maður og „business"-maður. Hinn þarf framar öllu að vera einhæfur við sitt starf, „specialisti", sem sekkur sjer niður í það. Hjer verður því að vera upplagsmunur, sem starfið eitt getur ekki skapað.

Með þessari sameiningu er því stofnað til ills eins, og er það von mín, að þingið feti í fótspor þingsins 1919 og hlaupi ekkert gönuskeið í þessu, sem seinna mundi þykja leiðindi og hneisa að.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil þakka háttv. meiri hl. undirtektir hans. Hefi jeg ekkert á móti orðabreytingum hans, því að meiningin er hin sama og stjfrv., sem sje sú, að hvorugur mannanna þurfi að taka við hinu embættinu, er það losnar, nema hann vilji.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) þótti ástæðurnar frv. stuttar og ljelegar. En ástæðurnar voru ekki hafðar lengri sökum þess, hve málið var ljóst fyrir alla óafvegaleidda menn; sjest það og, að rökstuðning frv. er næg, þegar maður hefir lesið nál. hv. þm. Margar af ástæðum hans koma málinu ekkert við, t. d. það, að hjer sje að ræða um dýr söfn. Stjórnin efast ekkert um það, en aðalatriðið fyrir henni var það, að jafntrygt væri að hafa einn góðan mann fyrir báðum söfnunum eins og að búa hjer til tvær stöður.

Þá sagði hann, að í hverju sjálfstæðu riki þyrftu að vera sjerstök söfn, landsbóka- og þjóðskjalasöfn og einhver fleiri. Jeg hefi nú aldrei heyrt, að tilvera þessara safna væri einkenni „Su-

verænitetsins". Háttv. þm. skýrir það sennilega betur. Aðalárás hans byggist á því, að skyldleikinn sje enginn á milli um þessara starfa. En á það get jeg ekki fallist. Hvorttveggja söfnin eru þó fróðleiksbrunnar, sem vísindamennirnir sækja til.

Hv. þm. talaði mikið um þann sálfræðilega mismun, sem þyrfti að vera á millum þessara manna. Landsbókavörður þyrfti að vera víðsýnn og „business"-maður, hinn aftur á móti „specialisti". En ef þessu er svona varið, að það þurfi alveg sjerstaka sálarhæfileika, sem því miður voru nú ekki sem skýrast afmarkaðir hjá hv. þm., þá leiðir af því, að auka þarf stórlega við tölu landsbókavarða á landsbókasafninu sjálfu. Einn þarf að sjá um handritin, sem þar eru enn, annar guðfræðibækur o. s. frv. En þessi sundurgreining held jeg varla verði tekin til greina.

En annars er jeg óviss í, að þessi skilgreining hv. þm. sje rjett. Jeg held, að landsbókaverðir sjeu yfirleitt ekki valdir eftir því, hversu miklir „business"-menn þeir eru, miklu fremur tekið tillit til vísindahæfileika þeirra. Eins held jeg, að ekkert sje á mótí því, að þjóðskjalavörðurinn sje víðsýnn maður, því yfirleitt þykir það heldur kostur, hvaða störfum sem gegnt er.

Þá gerði hann sjer mikinn mat úr þessari „toppfígúru", sem ætti að stofna. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. á við. Kallar hann núverandi skjalavörð „toppfígúru"? Eða hvað?

Þá segir hann, að að þessu sje hneisa, menningartjón og fjárhagslegur skaði. Þetta eru algerlega órökstudd gífuryrði. Mundi hann sannfærast um það, ef hann liti til annara þjóða, að það mundi ekki þykja mikil störf, þótt stjórn þessara tveggja safna væri falin einum manni.

Þá skildist mjer, að hann áliti, að þjóðskjalavörðurinn færi illa út úr því, ef frv. yrði samþykt. En hvernig má það verða? Maðurinn heldur embættinu svo lengi sem hann vill og er ekki skyldur að taka hitt embættið að sjer, þótt það losnaði.

Hann sagði, að safnið hefði tekið stórum framförum eftir að núverandi skjalavörður tók við því. Mjer kemur ekki til hugar að neita því, en þetta er honum engin sönnun. Það er undir mönnunum, sem forstöðuna veita, hver ávöxturinn af starfi þeirra verður, og þetta safn hefði sennilega tekið sömu framförum, þótt þessi maður hefði verið forstöðumaður beggja safnanna.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, því að málið er svo einfalt; aðeins vil jeg geta þess, að jeg veit ekki, hvar má spara, ef það er ekki hjer.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði hæstv. mentamálaráðherra (SE) svara því til við hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að ástæður stjfrv. hefðu verið nægar. Þetta er rjett að því leyti, að fæst orð hafa minsta ábyrgð, og betra er að segja eina þjettingsvitleysu en margar.

En taka verð jeg undir orð hv. 4. þm. Reykv., þrátt fyrir ummæli mentamálaráðherrans, að til þessa starfa þarf ekki aðeins alt aðra mentun, heldur og alt aðra geðshöfn, önnur áhugamál og annað skaplyndi. Bókaverðir þurfa að vera menn margfróðir, með vítt yfirlit yfir bókmentir og vísindi, hafandi vakandi auga á öllu, er fram fer í þeim greinum, og setja sig í samband við aðra sjer færari menn í hinum ýmsu greinum.

Hefi jeg verið hjer frá 1894, og hefi jeg þó aldrei getað fengið bók um heimspeki á safninu, sem jeg átti ekki betri áður. Hjer hefir vantað menn með viti og þekkingu, en þó hefir þetta nokkuð skánað. Hefir og verið alt of lítill áhugi hjá þingi og stjórn að sjá um, að safnið verði handhægt og gott til notkunar.

Það er ekki rjett hjá hæstv. mentamálaráðherra, að það þurfi 2 bókaverði á landsbókasafnið af því að þar eru handrit. Hæstv. mentamálaráðherrann er einungis ekki svo hugkvæmur að koma auga á það, að það má flytja handritin yfir í skjalasafnið.

Skjalavörðurinn þarf hins vegar að vera fróður í íslenskri sögu og um einstaka menn, svo að hann hafi grun um, hvar leita eigi að fjársjóðum, sem fólgnir eru hjer og þar. Hann þarf að vita vel, hvað vernda þarf, vera grúskari. Skapshöfnin þarf að vera alt önnur. — Þýðir ekkert að reyna að berja þennan sannleik niður með fávísu hjali.

En rökin og rjett hugsun í þessu máli fara ekki í felur, þó að það geti verið, að meiri hl. verði með þessu frv. hjer í deildinni. Annars mun það sannast, að fleiri af þeim, sem við mentamál hafa fengist og vit hafa á þessu máli, eru þeirrar skoðunar, að frv. sje til ills.

Skárri væri það líka sparnaðurinn, sem af því hlytist, þar sem engin mannafækkun gæti átt sjer stað. Sá, sem tæki við Landsbókasafninu, hefði nóg að gera við að koma öllu í lag, þó að hann fengi 10 vel launaða aðstoðarmenn. Um Þjóðskjalasafnið er hið sama að segja, þó að þar sjeu þegar tveir góðir menn fyrir, honum til aðstoðar; þar er svo mikil vinna fyrir hendi. Hvernig færi þegar bæði söfnin væru komin í hendur þessa eina manns, sem alt á að vita? Þá líða máske aldir svo, að ekki finnast markverð skjöl.

Hvernig færi fyrir bændum og forráðamönnum kirkjueigna, þegar þeir þurfa að finna skjöl og gamla máldaga? Þau finnast ekki, af því að engin er forstaðan og enginn, sem veit hvar þau eru. Jeg geri ráð fyrir, að mönnum muni ekki finnast mikið til um þennan sparnað hæstv. stjórnar. **(Forsrh. SE:** Háttv. þm. segir, að annað safnið sje í óreiðu nú, þrátt fyrir sína forstöðumenn). Jeg hefi sagt, að það stafaði af sparnaði, og jeg hefi ekki orðið var við, að hæstv. mentamálaráðherra hafi bætt neitt úr því. Einn starfsmaður úr Landsbókasafninu hefir skrifað um þetta í blað nýlega.

Það getur verið, að hæstv. forsrh. álíti, að það komi fáir menn á þessi söfn. En jeg er kunnugur þessu; og um skjalasafnið veit jeg vel, því að margir menn utan úr sveitum hafa beðið mig að útvega afrit af skjölum úr safninu um ýms efni, og veita þeir því talsverða aðsókn. Annars þarf ekki að rökleiða þetta meira; það er þingmönnum svo augsýnilegt mál, og aðeins ósparnaður að breytingunni, eins og sýnt er í nefndaráliti minni hl. Þar er rjettilega bent á, að þetta embætti verði aðeins ofanviðskeyting við söfnin. Ef til vill er þetta gert til þess að koma einhverjum vel þokkuðum manni úr öðru starfi utan af stjórnmálasviðinu í þessa stöðu, ofan við hina tvo, sem í raun og veru hljóta að veita forstöðu hvoru safni fyrir sig. Hann yrði þeim aðeins til ógagns og fótakefli þeim, sem þyrftu að nota safnið. Hygg jeg, að ósparnaðurinn sje þá augljós.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Mjer finst ekki ástæða til þess fyrir háttv. frsm. minni hl. (MJ) að kvarta undan því, að meiri hl. skorti rök fyrir sínum málstað. Þá ætti að vera þess ljettara fyrir hann að sækja málið. Hann hefir ætlað að töfra háttv. deildarmenn eða aðra áheyrendur með þessu, og ann jeg honum þess vel.

Jeg skal ekki tala um rökfærslu hv. minni hl., en vil benda honum á, að ástæðurnar og rökin fyrir þessu máli hafa komið fram áður og eru í þingtíðindum fyrri ára, svo að óþarft er að endurtaka þau hjer.

Háttv. þm. talaði um skjalasafnið, sem væri miljónavirði og yrði látið rotna niður, af því að það mundi verða nokkurskonar sel frá Landsbókasafninu. Þetta er aðeins fjarstæða, og algerlega rangt, að slíkt leiði af þessu frv., þó það verði að lögum. Sama er að segja um hitt atriðið, að leggja eigi niður annað safnið. Það er útúrsnúningur; sameiningin gengur jafnt yfir bæði söfnin.

Jeg þarf ekki að svara hæstv. forsrh. öðru en því, að nauðsynlegt var að breyta frv. frá því, sem stjórnin gekk frá því. Það var sem sje vitað, að hún ætlaðist ekki til, að sameiningin kæmist á fyr en annaðhvort embættanna losnaði, en ekki að þjóðskjalaverðinum yrði varpað út á gaddinn. **(Forsrh. SE:** Það hefði engin stjórn gert, því að þá hefði hún brotið lögin). Nei, lögin væru ekki brotin, heldur tilgangur þeirra.

Ef frv. stjórnarinnar hefði orðið að lögum óbreytt, þá var skylt að leggja þjóðskjalavarðarembættið niður strax, og þá var skjalaverði kastað á gaddinn, sem þó ekki var tilætlunin.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Hæstv. forsrh. byrjaði með því að þakka meiri hl. nefndarinnar fyrir vel unnið starf, og var það fallega gert af honum. Þessi ánægja hæstv. forsrh. hlýtur þó að vera nokkuð beiskju blandin, þar eð meiri hl. hefir orðið algerlega að umsteypa frv. stjórnarinnar og búa til nýtt frv. í þess stað. **(Forsrh. SE:** Nú finst mjer minni hl. vera kominn í mótsögn við sjálfan sig). Það er engin mótsögn. Niðurstaðan var að vísu sú sama í raun og veru. En því verður ekki neitað, að frv. er nýtt eins og það kemur frá nefndinni. Það er því ófagur vitnisburður, sem meiri hl. hefir gefið með þessu um vandvirkni stjórnarinnar, að hann hefir ekkert getað notað úr frv. stjórnarinnar, jafnvel þótt hann vildi komast að sömu niðurstöðu. Þetta á jeg við með því, að gleði stjórnarinnar hljóti að vera dálitið beiskju blandin. Mjer finst, að jeg geti eins vel þakkað hæstv. forsrh. fyrir ræðu hans, því hann þræddi nákvæmlega alt, sem hann hafði áður sagt við 1. umr., og bar ekki nein ný rök fram.

Hann talaði um, að það hefðu verið afvegaleiddir menn, sem um þetta mál hefðu fjallað áður. Þá hafa verið afvegaleiddir menn í mentamálanefnd áður hjer í þinginu 1919, eins og t. d. Einar Arnórsson, Stefán Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Þórðarson og Einar Jónsson. Og þá hefir meiri hl. þingmanna í þessari hv. deild verið afvegaleiddur, því að þeir fjellust á álit þessa meiri hluta.

Þar sem hv. frsm. meiri hl. (MG) sagði, að deildarmenn mundu með atkvæði sínu skera úr um, hvoru megin rökin væru, þá vil jeg benda honum á, að þetta er dálitið óvarlega mælt, því

að þó að þetta kunni nú að ganga honum í vil, þá hefir hann vafalaust oft þóst verða hins gagnstæða var. Hann hefir ugglaust stundum þóst hafa rökstutt mál sitt vel, og orðið þó undir, er til atkvæðagreiðslu kom. Það er hver blindur í sjálfs sín sök, og svo einnig í því að meta rök sjálfs sín og andstæðinganna.

Hæstv. forsrh. var að hrekja orð mín um, að það væri einkenni á sjálfstæðri þjóð að hafa sem fjölbreyttust söfn, og taldi, að við værum ekki færir um það, eins og stórþjóðirnar. En þetta hefi jeg aldrei sagt. Jeg sagði, að slík söfn væru einkenni á menningu þjóðarinnar, en talaði ekkert um sjálfstæði (eða Suverænitet) í stjórnmálum. Hjer er heldur engu líku saman að jafna við stórþjóðirnar, þó að við höfum forstöðumann fyrir hvoru þessara safna; aðrar þjóðir hafa sæg af mönnum, þar sem vjer höfum aðeins einn, og er þetta því ekki sambærilegt. Það er líkast því sem hæstv. forsrh. geti ekki hugsað nema í öfgum, að ef ekki sje hægt að komast af alveg án forstöðumanns, þá viljum við hafa sæg af specialistum. Jeg efast ekki um, að betra sje að hafa fleiri menn, ef hægt væri, eins og annarsstaðar er gert. En hitt eru öfgar og í hálfgerðu óráði talað, að við sjeum að apa eftir stórþjóðunum, þó við höfum tvo forstöðumenn fyrir söfnunum.

Þá var það ein fjarstæðan hjá hæstv. forsrh., er hann sagði, að jeg hefði ekkert talið sameiginlegt með söfnunum. Jeg taldi það þó til, að þau væru undir sama þaki, og er það sjálfsagt allmikilvæg röksemd. Hann talaði og um það, að bæði þessi söfn væru fróðleiksbrunnar miklir, og er það satt; en það sannar raunar ekki neitt af því, sem hann vildi sanna, því fróðleiksbrunnarnir eru svo margvíslegir, að engum dettur í hug, að sami maður geti gripið yfir þá alla. Og eru rök hans yfir höfuð átakanleg dæmi þess, þegar menn eru að verja það, sem er óverjandi. Væri honum því nær að játa hreinskilnislega, að frv. væri borið fram sem játning þess, að við hefðum ekki efni á að hafa forstöðumenn fyrir söfnum okkar, þó að það væri slæmt og mikill skaði, heldur en að halda fram þeirri fjarstæðu, að söfnunum sje eins vel borgið, þó að þau vanti forstöðumenn.

Hæstv. ráðh. spurði, hvers vegna jeg hefði kallað þetta samsteypuembætti „toppfígúru“ og sagði, að þá væru allir yfirmenn „toppfígúrur“.

Já, það er satt, orðið er ljótt. En „toppfígúru“ nefni jeg þann mann, sem er settur yfir svo mikil og óskyld störf, að hann verður að ‚viðundri‘ milli þeirra og kraftar hans dreifast svo, að hvergi koma að eiginlegu gagni. En svo mundi hjer fara um þennan yfirmann beggja safnanna, eins og háttv. þm. Dala. (BJ) sýndi fram á. Þyrfti svo að minsta kosti mjög hæfan mann fyrir það safnið, sem yfirmanninum væri síður kunnugt, og jafnvel fyrir þau bæði. En þessu mundi von bráðar verða breytt aftur í gamla horfið. Hæstv. forsrh. mintist á störf við söfn erlendis og taldi, að það verk, sem þessum eina forstöðumanni væri ætlað hjer, væri ekki mikið, í samanburði við stjórn á stórum söfnum þar. Jeg vona, að hann skilji það, að hjer er tvent alls ósambærilegt. Það er ekki stærð eða bindafjöldinn, sem mestu veldur um vandann að stjórna safni, og jeg efast ekki um, að einn maður gæti vel stjórnað safni, sem hefði eins mörg númer og þessi tvö söfn eiga. En það sem erfið-

leikunum veldur, er, að hjer er um tvö óskyld söfn að ræða. Jeg tek dæmi. Það er auðveldara að kenna 20 mönnum sömu fræðigrein heldur en 3 sína greinina hverjum. Eins er um söfnin. Það er ekki stærðin, sem veldur, heldur það, að þau eru ólík, eins og sýnt hefir verið. Jeg sný því ekki aftur með það, að ófært er að leggja niður skjalavarðarembættið, eins og meiri hl. leggur til.

Jeg sagði ekki beinlínis, að það ætti að fara illa með þjóðskjalavörðinn; en hæstv. forsrh. ætti að geta skilið, að þegar maðurinn er búinn að verja miklum hluta æfi sinnar í þágu svona embættis, og slíkt frv. kemur fram, sem gengur út á það, að starfið sje ekki merkara eða meira en það, að það sje mátulegt aukastarf fyrir annan mann, þá felst í því hin megnasta lítilsvirðing við starf hans. Hæstv. forsrh. vildi ekkert leggja upp úr reynslunni. Það, sem sker úr um þetta mál, er þó einmitt það, hvernig söfnunum vegnaði undir sameiginlegri stjórn áður og hvernig þeim hefir farnast nú, síðan þau voru aðskilin.

Þá er að ræða um það, sem háttv. frsm. meiri hl. (MG) hjelt fram, að sameina aftur bæði söfnin undir eina stjórn. Og held jeg því fram, að það muni aðeins verða til þess, að skipaður verði maður fyrir annað safnið, og venjul. frekar bókasafnið, af því það er stærra; og kemur þá að því, sem jeg sagði, að Þjóðskjalasafnið verði haft í seli. Þá sagði háttv. frsm. meiri hl., að minni hl. hefði talið þessi safnstörf jafnfjarskyld og störf presta og lækna o. s. frv. En jeg sagði þetta ekki, heldur hitt, að ef ekki þyrfti að færa betri rök fyrir sínu máli en meiri hl. gerði, þá mætti eins halda fram sameiningu þessara embætta eins og sameiningu þjóðskjalavarðar- og landsbókavarðarembættanna, af þeirri einföldu ástæðu, að á þann hátt má öllu halda fram.

Áður en jeg lýk máli mínu vildi jeg skjóta þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra, hvort ekki væri rjett, að eftirlit væri haft með því, að safninu væri stjórnað lögum samkvæmt, áður en farið væri að hugsa um að koma þessari breytingu á. Í lögum um stjórn Landsbókasafnsins, frá 1907, er það ákvæði, að nefnd manna, skipuð fulltrúum embættaskólanna, mentaskólans og skjalavarðar, skuli vera með í ráðum um bókakaup til safnsins og fleira. En þessu ákvæði hefir ekki verið fylgt síðan 1919. Það má því kallast að seilast um hurðina til lokunnar að fara að koma með þetta frv. nú, áður en nokkuð er gert til þess, að farið sje eftir þeim reglum um meðferð safnsins, sem nú gilda.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sje ekki annað en jeg hafi fulla ástæðu til að þakka meiri hluta nefndarinnar, þar sem hann fer fram á það sama og jeg. Þó kvaðst jeg fús til að gera þá breytingu, að lögin næðu ekki til núverandi embættismanna safnanna, heldur hjeldu þeir áfram embættum sínum, og er þessa getið í athugasemd við frv. Skil jeg því ekki, hvernig stjórnin ætti að fyllast vandlætingu við nefndina. Enda sagði hv. frsm. minni hl. (MJ) áður en jeg hjelt fyrri ræðu mína, að nefndin væri stjórninni sammála, enda þótt hann haldi nú öðru fram. Þetta er dálítið broslegt og bendir á það, að skapsmunir hv. þm. hafi breyst við mína hógværu ræðu. Og kynlegur er sá hroki, þegar vissir menn halda að þeir sitji inni með alla visku í því máli, sem um er að

ræða. Frekar þarf jeg ekki að svara þessu. Ef nefndinni hefir tekist að gera frv. betur úr garði en stjórninni, þá sje jeg heldur ekki annað en ástæða sje fyrir mig að fagna því. Annars virðast umræðurnar um þetta mál vera orðnar æði-óuppbyggilegar, og það sama tekið upp aftur og aftur. Minni hlutinn gengur út frá því, að vjer viljum ekkert hirða um safnið. Það er raunar óþarft að svara því; álit okkar er það, að safninu sje jafnvel borgið eftir sem áður, auk þess sem fjársparnaður er í því fólginn, að breyting þessi komist á, og starfskraftarnir notuðust betur í þágu beggja safnanna. Og broslegt er að heyra talað um hinn mikla mismun þessara tveggja safna. Það er þó vitanlegt, að undir stjórn sama manns á Landsbókasafninu hafa löngum verið, auk sjálfra bókanna, þau handrit, sem vjer eigum dýrust og merkilegust. Sannleikur þessa máls er sá, að söfnin geta verið í ólagi, þó sinn maður sje yfir hverju þeirra, og aðalatriðið verður altaf það, að samviskusamur og stjórnsamur maður hafi umsjónina með þeim á hendi. Og enginn þarf að halda, að hann geti talið hv. þm. trú um, að engin störf við safnið, t. d. niðurröðun og skrásetning bóka o. fl. megi fela nema vísindalega hálærðum mönnum. Virðist vera æðimikið blandað saman starfi þeirra manna, sem sækja skulu þekkingu í safnið, og þeim, er hafa stjórn þess og meðferð á hendi. Og hví gætu menn ekki hugsað sjer, að við bæði söfnin væru menn með sjerþekkingu, þó þeir störfuðu undir stjórn eins og sama manns? Hv. 4. þm. Reykv. kannast þó við, að víða erlendis sjeu duglegir og góðir sjerfróðir menn við söfnin, sem ekki eru forstöðumenn safnanna, og eins ætti það að geta orðið hjer. Fyrir okkur vakir það að reyna að takmarka og stemma stigu fyrir allri þeirri sundurgreiningu og dreifingu kraftanna, sem svo víða á sjer stað í embættaskipun vorri. Því lengur sem háttv. 4. þm. Reykv. talaði, því betur skildist mjer það, hve skyldleikinn milli safnanna er í raun og veru mikill. Þess vegna er ljóst, að það, sem mest á ríður þar, er að fá mann yfir þau bæði, sem hafi sem mest af almennri víðsýni til að bera, þann eiginleika, sem allir hljóta að óska, að menn hafi, í hverri stöðu sem er.

Hv. þm. Dala. (BJ) var að tala um það, að vel mætti svo fara, að einhver maður úr stjórnmálalífinu væri látinn standa fyrir söfnunum. Auðvitað er þetta fluga, gripin úr lausu lofti. Þá segir hv. 4. þm. Reykv. í nefndaráliti minni hl., að helsta ánægjan af breytingunni verði sú að heiðra núverandi landsskjalavörð „að lokum, með því að telja starf hans óþarft og ekki nema mátulegan viðbæti við annað, allerfitt embætti.“ Jeg leyfi mjer að spyrja: Hvernig getur hv. þm. dottið í hug fjarstæða sem þessi, og hver mundi telja starf þessa þjóðnýta manns lítilsvert? Hitt sje jeg ekki, að það geti verið nokkur móðgun fyrir þennan ágætismann, þó annar taki við stjórn beggja safnanna eftir hans dag. Og jeg geri ráð fyrir því, að þó hv. deild fallist á frv., þá muni vegur þjóðarinnar í engu minka við það, og það mun hv. síðasti ræðumaður sjá, er hann athugar málið í næði og með stillingu. Aðalatriðið hjá okkur báðum mun vera það, að safninu sje vel og tryggilega stjórnað, og um það ætti einn maður að vera fær með hæfum aðstoðarmönnum.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Það má máske þykja óþarfi af mjer að standa upp nú, þar sem mælskuræða hæstv. forsrh. virtist vera nokkuð utan við efnið. Hann reyndi sýnilega að fylla með orðum upp í eyður röksemdanna. Það er þó varla af því hann viti ekki betur, heldur mun honum finnast, að hann þurfi, úr því sem komið er, að standa við frv. og mæla með því. En óneitanlega er það þreytandi að hlusta á þennan sífelda misskilning, og ógeðfelt fyrir hann hlýtur það að vera að tala svona þvert um hug sjer og hamra stöðugt á því, að stjórn safnanna verði jafngóð eftir sem áður. Það væri raunar ágætt, ef hægt væri að láta fyrirtækin stjórna sjer sjálf og eitthvað það „perpetuum mobile" uppgötvaðist, sem gengi sjálfkrafa og án þess að nokkurra yfirmanna þyrfti við, og embættin gengju eins vel, þó enginn sæti í þeim. En hvaða trygging er fengin fyrir því, að góðir menn fengjust til að hafa stjórn safnanna á hendi eftir sameininguna. Þegar synt er á milli fjarskyldra starfa, eru líkur fyrir því, að starfskraftarnir dreifist og lítið verði úr verki. Hæstv. forsrh. taldi söfnin ekki þurfa að vera í góðu lagi, þótt sinn maður væri yfir hverju þeirra; en ætlar hann þá að sanna, að ef Landsbókasafnið sje í ólagi, þá sje það sökum þess, að það hefir haft sjerstakan mann yfir sjer? Nei, spurningin er um það, hvort Alþingi vill kosta til safnanna eins og þarf. Hefðu forsendur stjórnarinnar fyrir afnámi embættanna verið þær, að fjárhagur ríkisins væri svo þröngur, þá hefði það verið afsakanlegra og enda skiljanlegt. Og ef háttv. deild samþykkir frv., sem jeg vona fastlega að ekki verði, þá gerir hún það á þessum grundvelli, en ekki öðrum.

Hæstv. forsætisráðherra hjelt því fram, að ekki þyrfti vísindamenn til niðurröðunar skjalanna og fleiri starfa við söfnin. En sannleikurinn er sá, að það þarf einmitt frábæra vísindamenn til þeirra starfa, svo vel fari úr hendi. Hefði hann farið upp á söfnin og kynt sjer þetta, mundi honum hafa orðið það ljóst, að einungis lærðir menn, með djúptæka þekkingu og langa reynslu, eru til þess hæfir. Jafnvel gætnustu menn gætu mannskemt sig á tilraunum í þá átt, ef þá skortir þann lærdóm og fróðleik, sem til þess heyrir. Hann kvað eins góða vísindamenn geta verið í lægri stöðum safnsins sem æðri. En hjá oss er altaf hætta á því, að efnilegir vísindamenn og vísindamannaefni haldist aldrei til langframa við í þeim með þeim launum, sem þeim eru ætluð. Raunin hefir orðið sú, að þeir gera lítið annað en koma og fara. Og hörmulegt má það vera fyrir oss að geta ekki haft skjalaverði, sem vinnist tími til að gefa sig að vísindalegum störfum samhliða niðurröðun og stjórn safnsins. Engir eru betur til þess hæfir að sinna útgáfum vísindarita en þeir. Erlendis er það algengt, að vísindamönnum eru veittar bókavarðarstöður, til þess eins að geta gefið sig alla við sínum vísindaiðkunum og lifa af því. Hjer er þó ekki verið að fara fram á slíkt. Og það er blekking, ef sagt er, að vjer, með því að hafa hvorttveggja þessara embætta, sjeum að apa eftir erlendum þjóðum. Og um það verður ekki deilt, að í niðurlagning embættanna liggur lítilsvirðing á starfi þeirra manna, sem í þeim hafa verið, þó hæstv. forsrh. reyni að

breiða yfir það. Það kemur berlega fram í frv. stjórnarinnar og ekki hvað síst í athugasemdunum. Ef til vill hefir hann ekki samið frv., en það er samt sem áður á hans ábyrgð.

Að lokum get jeg tekið undir það, að mest sje um vert, að duglegir menn og vel hæfir fáist til þess að stjórna söfnunum. En jafnvel hæfustu mönnum má þó ekki fá nema takmörkuð störf, ef þau eiga að vera vel rækt. Og jeg verð að mótmæla því fastlega fyrir hönd allra, sem þessum söfnum unna, að söfnin sjeu svift þeirri tryggingu fyrir góðri stjórn, sem fengin er með því, að sjerstakur maður verði fyrir hvoru þeirra. Um stjórn safnanna samkvæmt lögum hefir engu verið svarað af hálfu stjórnarinnar enn sem komið er, en líklega ekki rjett að fara frekar út í það atriði að sinni.

Forsætisráðherra (SE): Jeg býst við, að fleirum en mjer hafi fundist örðugt að fylgjast með röksemdaleiðslu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). Og mjer er alveg óskiljanlegt, hvað það er, sem fær menn til að koma með aðrar eins fjarstæður og hann hjelt fram. Honum fórust orð eins og enginn yfirmaður ætti að vera yfir söfnunum eftir breytinguna. Hvers vegna segir hann þetta? Honum er það þó kunnugt, að það hefir aldrei verið ætlun stjórnarinnar að leggja slíkt til. Eða getur hann hugsað sjer með þessu að slá ryki í augu hv. þm. eða áheyrenda? Hann komst eitthvað inn á frv. um afnám biskupsembættisins. Hann fór þar líka með staðlausu stafi. Það frv. fór aðeins fram á fækkun biskupa, úr þremur niður í tvo. Viðleitni stjórnarinnar hneigist að því að fækka yfirmönnum og sameina skyld störf undir eina stjórn.

Einkennilegt er það, að hann notar orð eins og „toppfígúru“ um væntanlegan yfirmann safnanna. Auðvitað er það ætlun vor, að það sje maður, sem leggi sig allan fram og helgi starfinu alla krafta sína, og það er alveg ótrúlegt, hvað sumir menn fá áorkað, þegar þeir beita sjer. Það er eins og það sje ætlun sumra að láta menn hafa svo lítið að starfa, að þeirra andlegu hæfileikar fái ekki notið sín. Og svo er það t. d. um sum sýslumannsembættin, og því hefir stjórnin, eins og kunnugt er, lagt það til, að þeim sje fækkað.

Enn skal það tekið fram, að þetta frv. er alls ekki miðað við þá menn, sem nú sitja í embættum. En hv. 4. þm. Reykv. gerðist þó svo djarfur að halda því fram, beint ofan í yfirlýsingar stjórnarinnar, sem ótvírætt hefir látið í ljós þakkir sínar fyrir það starf, sem þessir menn hafa unnið.

Það er þá ekki fleira, sem mig langar að taka fram að þessu sinni, en vil að lokum aðeins óska þess, að hv. deild láti ekki villa sjer sýn í þessu máli.

Bjarni Jónsson: „Kallaðu á haustið og það kemur,“ stendur einhversstaðar. Nú hefir hæstv. mentamálaráðherra (SE) sagt, að Dalasýsla hafi orðið til þess að draga úr þroska manna, og mun hann líklega hafa átt þar við Hannes Hafstein og Halldór Daníelsson, sem báðir hafa haft það fáránlega verkefni, sem hann kallaði, að vera þar sýslumenn. En það er gott, að hann hefir verið sýslumaður í þessum þroskasýslum, enda hefir þroski hans nú sýnt sig í þessum sparnaðarfrv. — Um málið sjálft þarf jeg

ekki að fjölyrða, því það er auðsýnilegt, að þó hjer yrði fækkað yfirmönnum, eins og ráðherrann er stöðugt að tala um, þá þarf jafnframt að fjölga undirmönnum, eins og hann játar líka sjálfur, og það svo, að sparnaðurinn verður enginn. Og sá, sem yrði þessi yfirmaður, mundi ekki verða neitt annað en sykurtoppur ofan á öllu saman, en þyrfti að fá alla sjerþekkingu sína, að minsta kosti um annaðhvort safnið, úr undirmönnum sínum. Þar við bætist svo það, að með þessu er skemd ein dýrasta eign landsins. En áður en jeg sest er best að minnast dálítið betur á þroskann og sýslurnar, og jeg mætti þá kannske spyrja, hvernig t. d. Suður-Múlasýsla, sem á að vera ein af erfiðustu og þroskamestu sýslunum, hefir verið í þessu efni, eða hvernig hún hefir farið að því eða tekist að ala upp þessa ágætlega þroskuðu menn. Það væri kanske ástæða til þess að bera fram um þetta sjerstaka fyrirspurn, og ef jeg væri hjer eitthvert alþjóðkjörið spurningarmerki, mundi jeg kanske gera það. En af því að jeg er það ekki, læt jeg mjer nægja þessa athugasemd. En hinu vil jeg mótmæla fyrir hönd kjósenda minna, að nokkur ástæða sje til þess að bregða Dalasýslu um þroskaleysi eða nokkuð slíkt, eða þeim mönnum, sem þaðan koma.

Forsætisráðherra (SE): Orð mín um sýslumannsembættið í Dalasýslu voru auðvitað ekki til þess sögð að misbjóða kjósendum þar, og engin ástæða til að skilja þau svo. En þar sem hv. þm. talaði um sýslumannstíð þeirra Hannesar Hafsteins og Halldórs Daníelssonar þar, þá sannar það einmitt mitt mál, því það sýndi sig, að sýslan varð of lítil fyrir þá og þeir sóttu annað, þar sem þroski þeirra fjekk betur að njóta sín. Um Suður-Múlasýslu veit jeg annars ekki betur en að þar hafi yfirleitt verið heldur góðir sýslumenn. En ef hv. þm. hefir átt við einhvern sjerstakan, getur hann nefnt hann. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um málið, því flestar ástæður andmælenda frv. eru þannig, að þær eru naumast frambærilegar.

Bjarni Jónsson: Aðeins stutt athugasemd við þann ódauðlega. Þó Hannes Hafstein og Halldór Daníelsson hafi sótt burtu úr Dölum, sannar það alls ekki það, sem hann vildi vera láta, heldur þvert á móti, því að því aðeins gátu þeir fengið meiri embætti, að þeir höfðu þroskast nóg til þess í Dölunum. Annars vil jeg aðeins segja hæstv. forsrh. (SE) það, að hann hefði haft gott af því að vera þjónandi starfsmaður í öðruhvoru safninu í nokkur ár — hann hefði svo getað orðið nógu þroskaður seinna til að verða sykurtoppurinn sjálfur — því þá hefði hann þó getað talað af einhverri reynslu og þekkingu um málið. En nú vantar það hvorttveggja, enda mun frv. aðeins vera komið fram til þess að sýna einhvern lit á því að reyna að efna það loforð, sem stjórnin gaf í fáti í fyrra, að endurskoða embættabáknið, sem hún kallaði. Nú hefir hún sýnt þann lit, og ætti það að vera nóg, svo hún gæti nú greitt atkvæði á móti frv. sjálf, til að bæta fyrir alt saman.

Forsætisráðherra (SE): Þó þessi sparnaður sæti mótmælum nú, mun ekki líða á löngu uns samskonar frumvörp verða aftur tekin upp og borin fram til sigurs, ef þau verða nú drepin. Hitt er ekkert að undra, þó þessi háttv. þm.

(BJ), sem síðast talaði, sje á móti því, því hann virðist skilja umboð sitt hjer svo, að hann eigi altaf að vera á móti öllum sparnaði.

Bjarni Jónsson: Þetta er í annað skifti á þessu þingi, sem hæstv. forsrh. (SE) segir að jeg sje á móti öllum sparnaði. Jeg tek þetta sem brigsl og lýsi það ósatt. Jeg vil spara þar sem á að spara, en þori að vera á móti hinu, sem er misskilinn sparnaður. Jeg vil því ráða hæstv. forsrh. (SE) til þess að segja þetta ekki í þriðja skifti. Annars hefir framkoma hans í þessum málum sýnt einna helst, að hann væri orðinn fullhæfur til þess að verða keisari í Nigritiu.

Forsætisráðherra (SE): Jeg stend upp aðeins til þess að endurtaka það í þriðja skiftið, að hv. þm. (BJ) hefir margsýnt það hjer á þingi, að hann er á móti öllum sparnaði, og jeg er ekki smeykur við að segja þetta og því líkt honum og öðrum þingmönnum, því jeg er hjer ekki af nokkurs þingmanns náð.

Bjarni Jónsson: Ráðherrann er hjer aðeins af þingmanna náð.

ATKVGR.

Brtt. 144, 1 feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorstJ, BH, GunnS, HK, IngB, JS, JÞ, LH, MG, MK, BSv.

nei: SSt, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, JakM, JB, MJ, PÞ.

Fjórir þm. (JAJ, MP, ÓP, PO) fjarstaddir.

1. gr. **feld** með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, BH, GunnS, HK, IngB, JS, JÞ, LH, MG, MK, SvÓ.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, JakM, JB, MJ, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, BSv.

Fjórir þm. (JAJ, MP, ÓP, PO) fjarstaddir.

79

7. Aukadýrtíðaruppbót.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar (þmfrv., A. 137).

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Eins og greinargerðin ber með sjer, er frv. þetta flutt eftir beiðni Sambands starfsmanna ríkisins. Og hefi jeg ekki annars um það að geta við þessa umr. en að óska þess, að háttv. deild sýni því og mönnunum, sem til þess hafa stofnað, þá kurteisi að lofa því að ganga til 2. umr. Málið er þess eðlis, að það er betur fallið til athugunar í nefnd en til umræðu hjer í deildinni. Samt vil jeg minnast ófurlítið á grundvöll frv. og geta þess, að embættismenn í Reykjavík hafa að svo komnu miklu lægri dýrtíðaruppbót raunverulega en aðrir bæjarbúar. Dýrtíðaruppbót embættismanna er nú 60%, en til samanburðar má geta þess, að kaup daglaunamanna er meira en þrisvar sinnum hærra en fyrir stríðið. Þá var það 35 au. um kl.tímann, en nú er það kr. 1.20 um kl.t. Kaup iðnaðarmanna er líka meira en þrisvar sinnum hærra en þá var. Og dýrtíðaruppbót annara fastra starfsmanna í bænum er töluvert hærri en sú, er starfsmenn ríkisins fá.

Í erindi, sem hefir borist frá Sambandi starfsmanna ríkisins og lagt mun verða fyrir nefndina, sem fær frv. til meðferðar, og menn fá að kynna sjer, er gerð nokkru nánari grein fyrir, að dýrtíðaruppbót þarf að vera hærri hjer í Reykjavík en annarsstaðar á landinu. Og eins og sagt er í greinargerð frv., þá eru líka nokkrir aðrir staðir á landinu, þar sem dýrtíðin er meiri en alment gerist.

Vonast jeg eftir, að þetta geti verið til athugunar fyrir nefndina. Læt jeg mjer því nægja að sinni að óska, að frv. gangi til 2. umr. og fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 227 og 235).

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og sjá má á nál. á þskj. 227 og 235, hefir nefndin klofnað. Hins vegar bera bæði nál. það með sjer, að nefndin er öll á einu máli um það, að krafan, sem í frv. felst, sje sanngjörn og rjettmæt.

Dýrtíðaruppbót er greidd af því, að dýrara er að lifa en gert er ráð fyrir, þegar fasti launastofninn er ákveðinn. Af því leiðir aftur það, að uppbótin ætti að breytast, ekki einungis eftir tímabreytingum dýrtíðarinnar, heldur líka eftir staðháttum, eftir því, hver dýrtíðin er á hverjum stað. Nefndin treysti sjer þó ekki til þess að fara út í þetta, vegna þess að hana vantaði nægilega nákvæmar upplýsingar. En hún vill skjóta því til hæstv. stjórnar að taka þetta til athugunar fyrir næsta þing.

Vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs sá nefndin sjer þó ekki fært að hafa uppbótina hærri en 15% í Reykjavík og 10% í öðrum kaupstöðum. Eftir upphaflega frv. hefði uppbótin numið um 207 þús. kr., en með brtt. meiri hl. nefndarinnar um 112 þús. kr. Það er alveg rjett, að þetta er allhá upphæð, en við sjáum ekki, að ríkið geti með sanngirni skotið sjer undan þessari skyldu. Eins og getið er um í nál., er það einkum húsaleigan, sem tilfinnanlega eykur erfiðleikana, en hún er hæst í Reykjavík og á Ísafirði. Eftir ábyggilegri skrá, sem nefndin hafði um húsaleigu um 30 starfsmanna í Reykjavík, borguðu þeir í leigu meira en helming launa sinna margir hverjir, eða 59, 57, 51, 48% o. s. frv. Á Ísafirði er svipað ástand; þar borga menn nær alment í húsaleigu um þriðjung launa sinna og þar yfir. Og ef á annað borð á að bæta mönnum þetta upp, er langbest að gera það með beinni uppbót, því hitt er altaf hæpnara, að ætla að láta stjórnina fara að úthluta slíku; þó hún væri öll af vilja gerð, mundu henni verða mislagðar hendur og óánægja skapast út af þessu. Loks má geta þess, að dýrtíðin er nú orðin meiri en hún var, þegar uppbótin var ákveðin fyrir 1923, svo að það mælir líka með aukauppbótinni.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. okkar minni hluta manna ber með sjer, getum við ekki, vegna fjárhags ríkissjóðs, mælt með þessari aukauppbót, sem yrði allhá. En við höfum jafnframt bent á aðra sanngjarna leið til þess að ljetta undir með

þeim, sem harðast verða úti um húsaleigu, og það er að stjórnin megi veita þeim nokkurn styrk sjerstaklega. Og jeg sje ekki, að það ætti að valda nokkrum óþægindum fyrir stjórnina eða óánægju hjá öðrum, ef stjórn starfsmannasambandsins gerði tillögur um þetta.

Annars játa jeg, að dýrtíðaruppbótin lækkaði um síðastliðin áramót meira en sem svarar verðlækkun á vörum á sama tíma, en þetta er afleiðing af dýrtíðaruppbótarfyrirkomulaginu. Lækkunin kemur sem sje eftir á, hjer um bil ári eftir á, og það er síst embættismönnum í óhag.

Aðalástæðan til þess, að minni hlutinn legst gegn frv., er samt sá, að ríkissjóðurinn hefir að okkar áliti ekki efni á að bæta á sig þessum útgjöldum. Eins og nál. fjvn. ber með sjer, er nú stefnt að talsverðum tekjuhalla á fjárlögunum fyrir árið 1924, og svo mun einnig verða á yfirstandandi ári. Tel jeg því ókleift að fara út á þá braut, sem þetta frv. stefnir að. Jeg skal játa, að þetta má kallast sanngirniskrafa, en það er mörg sanngirniskrafan nú á tímum, sem ekki er hægt að sinna sökum hins þrönga fjárhags vors.

Jeg skal að lokum endurtaka það, að vel mætti bæta úr brýnustu nauðsyninni á þann hátt, sem jeg gat um áðan, að styrkja þá embættismenn að einhverju leyti, sem sjerstaklega stynja undir óhæfilega hárri húsaleigu.

Eiríkur Einarsson: Jeg stend ekki upp til að gera neina sjerstaka grein fyrir því, hvort jeg hallist fremur að meiri hl. eða minni hl. nefndarinnar, því jeg mun láta atkvæði mitt sýna það. En það var eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. (JAJ), sem jeg gat ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á. Það er viðvíkjandi því, hvar þessi viðaukadýrtíðaruppbót eigi að koma niður. Jeg álít, að þar verði mörgum vandratað meðalhófið að ákveða þetta, svo rjettlátt verði. Háttv. meiri hl. miðar hana eingöngu við kaupstaði landsins. Kauptúnin eru eftir því útilokuð. Með þessu álít jeg, að framið yrði misrjetti. Því víst er það, að margur embættismaður í kauptúni á ekki glæsilegri kjörum að fagna en í sumum kaupstöðunum. Þar er oft svo mjótt á milli, að ekkert vit væri að miða uppbótina við þetta. Jeg tek til dæmis embættismenn á Seyðisfirði og Eskifirði. Hvaða vit væri í að gera svo upp á milli þeirra? Það er og vafamál, hvort nokkuð er dýrara að lifa á Akureyri en á Sauðárkróki og Blönduósi. Og ótal fleiri dæmi mætti nefna.

Jeg vildi aðeins vekja athygli háttv. deildar á þessu, svo að hún, ef hún hefir í hyggju að samþykkja frv., sjái, hvað hún er að gera. Það er ekki með þessu sagt, að jeg greiði atkv. með frv., en jeg vil aðeins geta þess, að jeg myndi síður gera það, ef þessari markalínu væri haldið.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil spyrja hv. frsm. minni hl. (MG), hvort hann hefir í hyggju að bera fram till. í þá átt, sem hann gat um áðan, ef till. meiri hl. ná ekki fram að ganga. Mjer finst það eðlilegt, þar sem hann hefir tjáð sig því hlyntan að haga uppbótinni á þann hátt. Jeg er annars sammála honum um það, að rjettara hefði verið að reikna dýrtíðaruppbótina tvisvar á ári, eins og við gerðum tillögu um 1921.

Jeg skal svo enn taka það fram, að till. okkar meiri hl. gerir aðeins ráð fyrir aukauppbótinni í kaupstöðum af þeirri ástæðu, að húsaleigan er yfirleitt margfalt hærri þar. Jeg skal ekki neita því, að dæmi hv. 1. þm. Árn. (EE) kunni að vera rjett að því er snertir húsaleiguna á þessum tveim stöðum, en það er undantekning frá reglunni, sem er sú, að húsaleiga er hæst í kaupstöðunum. En myndu þá ekki aðrar nauðsynjar í kaupstöðunum vera þeim mun dýrari, að það eitt væri næg ástæða til að gera upp á milli þeirra og kauptúnanna? Meiri hl. sá sjer annars ekki fært að fara neitt ítarlegar út í þetta efni, en áleit heppilegast að vísa málinu til stjórnarinnar að því er snertir nánari rannsókn.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal svara hv. frsm. meiri hl. (JAJ) því, að við minni hl. menn höfum ekki komið okkur saman um að flytja þá till., sem hann gat um. Það ætti að standa nær öðrum að koma fram með hana. Við hitt stend jeg, að við munum ekki ófúsir að stuðla að því, að slík till. nái samþykki þingsins. En jeg skal svo taka það fram, að jeg gleymdi alveg að minnast á það atriði í þessu máli, sem hv. 1. þm. Árn. (EE) gat um í ræðu sinni. Jeg er sömu skoðunar og hann, að það sje síst til meðmæla fyrir frv. að gera þann greinarmun á kaupstaða- og kauptúnaembættismönnum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Jeg skal svo að síðustu taka það fram, að þetta hefði horft nokkuð öðruvísi við, ef um það hefði verið að ræða að taka dýrtíðaruppbótina til almennrar athugunar. Þá hefði farið fram alment mat og komið fram, að dýrtíðaruppbótin hefði átt að lækka úti um landið. En þar sem aðeins er um það að ræða að hækka hana, get jeg ekki ljeð því fylgi mitt.

Jón Þorláksson: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Árn. (EE).

Það mun vera ótvírætt viðurkent, að talsvert órjettlæti á sjer stað í launakjörum embættismanna landsins, eins og nú er háttað, og að sumir þeirra fá talsvert minni laun, miðað við aðra, en þeir ættu að hafa, eftir því hve dýrt er að lifa á þeim stað, sem þeir rækja starf sitt. Brtt. meiri hl. nefndarinnar fara fram á að jafna þetta misrjetti. Þó ekki til fulls, heldur að taka af því stærsta kúfinn. Jeg verð nú að halda því fram, að það sje ekki rjettmæt mótbára hjá háttv. 1. þm. Árn. (EE), að með þessu verði ekki komist svo langt, að fult rjettlæti náist. Það er ekki hægt að verja það, að ekki beri að lagfæra mikið órjettlæti af því, að ekki verði náð fullkomnu rjettlæti. Það fer því fjarri því, að sú mótbára háttv. þm. geti orðið nægileg til að fella frv.

Jeg get annars fyrir hönd flm. frv. vottað nefndinni þakkir fyrir, hvern veg hún hefir snúist við málinu. Hún hefir yfirleitt viðurkent, að rjettmætt sje að gera einhverjar ráðstafanir til að jafna þennan mismun á launakjörum embættismanna landsins. — Eitt er þó, sem menn í þessu tilliti verða að gera sjer ljóst, en það er, að þótt mikið hafi verið talað um það, hve þungbær húsaleigan sje orðin hjer í Reykjavík, þá er það ekki það eina, sem þar kemur til greina. Jeg skal benda á það, að almenn verkalaun hjer í bænum munu nú vera um 60% hærri en í öðrum kaupstöð-

um og kauptúnum landsins yfirleitt. Af þessu leiðir, að alt, sem þeir starfsmenn ríkisins, sem hjer búa, þurfa að kaupa af innlendri vinnu, verður þeim langtum dýrara en embættisbræðrum þeirra úti um land. Því það er svo um verð á öllu, sem innlent er, að það fer að mestu leyti eftir því, hve vinnan er dýr á staðnum. Jeg vona því fastlega, að háttv. deild geti fallist á brtt. meiri hl. og lofi frv. að fara leiðar sinnar, svo að mestu misfellurnar á þessu geti komist í lag.

Eiríkur Einarsson: Það var ekki til þess að leggja með eða móti frv. að jeg tók til máls áðan, og svo er ekki enn. Það er aðeins samanburðurinn á kaupstöðunum og kauptúnunum.

Háttv. 3 þm. Reykv. (JÞ) tók það fram, að það væri til að ráða bót á mestu misfellunum, að þetta frv. er fram komið. Jeg fellst á, að það markmið er rjettmætt, ef það næðist. En jeg held bara, að mestu misfellurnar náist ekki af með þessu lagi. Þvert á móti hygg jeg, að aðrar stærri verði til, ef þetta er samþykt. Að mínu áliti einskorðast þeir, sem harðast verða úti, alls ekki við kaupstaðina; greinarmunur meðal þeirra, er búa í verslunarstöðum, kemur aðallega fram í öðru, og þá fyrst og fremst hvort embættismaðurinn nýtur grasnytjar eða ekki, hvort hann á hús eða ekki, eða hvort hann kann að njóta einhverra búsnota utan embættis o. s. frv. Þetta verður alt að athugast, er nauðsyn manna í hinum ýmsu sjávarstöðum er borin saman, jafnframt því sem litið væri á afkomuskilyrðin á ýmsum stöðum við sjóinn, án tillits til þess, hvort um kaupstað eða kauptún er að ræða.

Þá er og það að athuga, að þótt t. d. einhver embættismaður, svo sem læknir, hafi bújörð til afnota, þá er einnig á það að líta, að síðustu árin hefir búskapur borið sig mjög illa, og er því naumast hægt að reikna slíkt til stórra hlunninda fyrir embættismenn í sveit. Hjer við bætist svo, að slíkur embættismaður, sem er störfum hlaðinn, á ilt með að veita búi sínu þá forsjá, sem þarf, og fer það eitt oft og tíðum með þá arðsvon af búskapnum, sem ella væri, og getur jafnvel valdið sjerstöku tapi á honum. Það er yfirleitt margt, sem taka verður hjer til greina. En þetta skal jeg játa, að tómthúsleiguliðarnir, sem verða að borga mjög háa húsaleigu, eru einna verst settir. En á því verður ekki ráðin veruleg almenn bót, þótt brtt. háttv. meiri hl. nái fram að ganga, vegna misfellna, sem þar eru á. Svo að kúfurinn á órjettinum færist aðeins til, en lækkar ekki.

Jón Baldvinsson: Það hefir verið talað um það, að ef brtt. háttv. meiri hl. nefndarinnar nái fram að ganga, þá verði af misrjetti ekki minna en nú er. Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir svarað þessu til fulls og tekið það fram, að hjer sje aðeins verið að bæta úr stærsta misrjettinu. Jeg er sannfærður um, að t. d. mismunurinn á því að lifa á Eyrarbakka og hjer í Reykjavík er talsvert meiri en sem nemur þeim launamismun, sem yrði, ef frv. þetta næði fram að ganga. Hins vegar verð jeg að mótmæla því, sem hv. þm. (JÞ) sagði, að kaup verkamanna hjer sje svo mikill þáttur í dýrtíðinni hjá embættismönnum. Það mun ekki vera svo stór útgjaldaliður hjá embættismönnum, að það dragi þá nokkuð til eða frá. En ein aðalástæðan til þess, að laun þessara

embættismanna hjer hrökkva ekki fyrir útgjöldum, er fyrst og fremst sú, að bankar og ríkisstjórn hafa komið sjer saman um að lækka svo mjög íslensku krónuna. Þetta er orsökin til þess, að þessir menn geta ekki komist af með það, sem þeim er ætlað. Af kaupstöðum mun dýrtíðin vera mest í Reykjavík og Ísafirði, og eftir því, sem jeg hefi heyrt, á Siglufirði. Og það mun sannarlega engin vanþörf vera á, að úr sje bætt.

Jeg fæ ekki orða bundist út af nál. háttv. minni hl., þar sem tekið er fram, að ekki væri úr vegi að veita einhvern styrk þeim embættismönnum, sem verst væru settir í þessu tilliti. Jeg kalla þetta niðrandi boð. Taka yrði hjer æfiferilsskýrslu af embættismönnum, til að sjá, hvernig hag þeirra sje komið. Raunar er þetta hið sama og verkamennirnir verða að sætta sig við, ef þeir geta ekki bjargast af eigin ramleik; en það verður ekki neitt betra fyrir því, þótt fleiri verði fyrir slíku ranglæti. Jeg lít svo á, að ríkið verði að borga starfsmönnum sínum svo mikið kaup, að þeir geti lifað af því. Ella er við búið, að þeir fari hver á fætur öðrum að segja sig úr þjónustu þess, og myndu þá fyrst fara þeir, sem nýtastir eru og best ættu með að sjá sjer farborða með öðrum hætti. Væri það illa farið og fyrirsjáanlegt, hvar enda myndi.

Jeg verð að líta svo á, að till. hv. meiri hl. sjeu mjög hógværar. Útgjaldaaukinn, sem af þeim leiðir, er ekki meiri en það, að ríkissjóðurinn ætti vel að geta risið undir. Finst mjer því, að háttv. Alþingi geti ekki sóma síns vegna verið á móti þessu máli.

Bjarni Jónsson: Það eru aðeins tvær smá-fyrirspurnir til þeirra hv. þm., sem ekki vilja fallast á að miða laun starfsmanna ríkisins við verðlagið á þeim stöðum, sem þeir búa á.

Önnur er sú, hvort þeir miða við, að menn lifi á krónutölunni einni saman, eða á því, sem þeir geta keypt fyrir hana. Hvort sá, sem lifir á dýrari staðnum, þurfi ekki, að öðru jöfnu, að fá fleiri krónur en hinn, sem býr á þeim ódýrari. — Jeg býst við, að þessir hv. þm. myndu svara þessu á sömu leið og jeg, ef spurningin væri borin fram í einhverju öðru máli. Og sje nú þetta rjett, þá kemur seinni fyrirspurnin: Hvort álíta þessir háttv. þm., að þingið eigi að gera rjett eða rangt?

Þetta er alt, sem jeg ætlaði að segja. Jeg vildi bara láta atkvgr. sýna ótvírætt, á hvern hátt menn svara þessum spurningum.

Jakob Möller: Jeg vildi aðeins gera grein fyrir, af hverju jeg hefi að nokkru leyti gengið frá till. minni um upphæð uppbótarinnar.

Jeg hafði búist við, að embættismenn í Reykjavík krefðust að halda dýrtíðaruppbótinni óbreyttri þetta og næstu ár, eins og hún hefir verið á undanförnu ári. Það er öllum mönnum vitanlegt, að verkalaun og vinnulaun öll hjer í Reykjavík hafa lítið sem ekkert lækkað enn sem komið er. Hæstv. stjórn hefir sjálf nýlega átt þátt í samningum milli vinnuveitenda annars vegar og einnar stjettar vinnuþiggjenda þessa bæjar, og studdi þá kröfur verkamanna fram til sigurs. En embættismenn og allir aðrir opinberir starfsmenn ríkisins, sem búsettir eru hjer í Reykjavík, hafa því fulla ástæðu til að vænta þess, að stjórnin sjái hag þeirra eins vel borgið og hún hefir látið sjer ant um hag

verkamanna. Stjórn og þing eru þess utan vinnuveitendur embættismannanna.

Þar eð dýrtíðaruppbót þessa árs er nú áætluð 80% — þannig reiknuð í fjárlögunum — þá hefði verið full ástæða fyrir fjárhagsnefnd að taka þetta til greina, og aukauppbótin hefði ekki mátt vera minni en 20%. Við þetta var ekki komandi hjá nefndinni, og varð jeg því að sætta sig við þessa 15%.

Jeg hygg það óþarft að fara að gera háttv. þm. nánari grein fyrir ástæðum embættismanna eða sanngirni þessarar uppbótar. Þeim mun flestum vel kunnugt um kjör þeirra, eða t. d. hvernig hinir lægst launuðu embættismenn ættu að geta komist af með um 100 kr. á mánuði. Það er vitanlegt, að sumir starfsmenn ríkisins eiga við lakari kjör að búa en vinnufólk hjer í bænum. Mætti þar til dæmis bera saman kjör sumra símastúlknanna og vinnukvenna hjer í bæ.

Beri maður saman kjör hinna lægra launuðu embættismanna við iðnaðarmannastjettina til dæmis, mun fljótt koma í ljós, að iðnaðarmennirnir eru að miklum mun betur settir. Það nægir t. d. að nefna prentara þessu til sönnunar; en það voru kaupkröfur prentaranna, sem stjórnin studdi nýverið.

Jeg þykist sjá, að það muni þýðingarlítið að rökræða þetta mál mikið lengur og að forlög þess muni vera fyrirfram ákveðin, enda þótt jeg viti eigi, hver þau eiga að verða, en vona þó, að frv. verði samþykt. Ef sanngirnin ræður, verður það samþykt, en fari atkvæðagreiðslan ekki eftir því, sem menn játa vera sanngjarnt, þá verður það væntanlega áætlað gjaldþol ríkisins, sem ræður atkvæði þingmanna. En áætlunin þolir þessa hækkun uppbótarinnar. Í sambandi við þetta frv. hefir komið fram tillaga um húsaleigustyrk til starfsmanna ríkisins. Get jeg vel tekið undir það með háttv. samþm. mínum, 2. þm. Reykv. (JB), að húsaleigustyrkurinn er leiðindaaðferð, og auk þess allerfitt að finna ráð til að yrði rjettlát. Þá má t. d. gera ráð fyrir, að það hafi átt sjer stað, að ýmsir embættismenn hafi selt íbúðarhús sín á stríðsárunum, og ef til vill selt þau vel, og því grætt á því. Þótt þeir nú búi við háa húsaleigu, ósannar það ekki, að þeir geti verið allvel stæðir einmitt í þessu efni.

Þeir, sem enn eiga gömul hús, hafa setið af sjer gróða með því að selja þau ekki, og yfirleitt munu embættismenn hafa tapað á dýrtíðarárunum, og eins þeir, sem áttu hús sín sjálfir, og þarf því ekki að láta sjer vaxa í augun hin góðu kjör þeirra, sem nú eiga þó enn þak yfir höfuðið.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að dýrtíðin hjer í Reykjavík er alveg sjerstæð, og stafar það ekki af húsaleigunni einni saman; þess vegna er ekki bætt úr vandræðum með því að bæta hana upp sjerstaklega. Það er alveg rjett, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tók fram, að öll vinnulaun eru tiltölulega hærri hjer í bænum en annarsstaðar á landinu, og það hefir afarmikla þýðingu fyrir afkomu manna, hversu há almenn verkalaun eru. Hefir þetta þá afleiðingu, að dýrtíðin er meiri og á annan veg í Reykjavík en í öðrum landshlutum, og því full ástæða til, að dýrtíðaruppbótin sje hærri hjer en annarsstaðar. Hins vegar er einnig ástæða til að veita nokkru hærri dýrtíðaruppbót í öðrum kaupstöðum, þar

sem dýrtíðin er tilfinnanlegri en annarsstaðar, enda þótt víðast hvar kveði minna að því en hjer.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Aðeins fáein orð til að svara háttv. þm. Dala (BJ), fyrst hann ætlar nú að gerast spurnarmerki háttv. deildar; en svo hátt kemst hann ekki að verða alþjóðkjörið spurnarmerki, eins og hann komst sjálfur að orði nýlega um annan þm.; hann verður, held jeg, að láta sjer nægja að vera Dalakjörinn í því efni.

Jeg ætla mjer nú ekki að svara, heldur að beina til hans nýrri spurningu, því jeg vænti, að það megi fleiri en hann gerast spurnarmerki hjer. Ef einhver hefir gert samning um verkakaup, er þá rjett að ganga á gerða samninga og rifta þeim þegar aftur? Menn vita vel, að hjer var gerður samningur við embættismenn árið 1919 um dýrtíðaruppbót, og geta menn því ekki lækkað hana, þó menn vildu. Jeg þræti ekki um það við hv. 1. þm. Reykv. hvort óviðeigandi sje að veita embættismönnum húsaleigustyrk eða þeir vilji ekki hafa hann, því að ef svo er, þá er ekkert við því að segja; honum verður ekki neytt upp á neinn.

Afstöðu háttv. 2. þm. Reykv. (JB) skil jeg vel; hann vill hækka laun embættismanna til þess að geta svo borið sig saman við þá á eftir, þegar hann er að krefjast hærri launa til handa verkamönnum.

Bjarni Jónsson: Jeg sje, að jeg hefi verið fyndinn, þegar jeg var að tala um alþjóðkjörna spurningarmerkið um daginn, en hv. 1. þm. Skagf. (MG) fer á því sem sínum eigin reiðskjóta allra sinna ferða, og ætla jeg að lofa honum að berja þar fótastokkinn sem hann lystir. (MG: Jeg hnuplaði því alls ekki, jeg tók fram, hver væri eigandinn). Jeg ætla að benda hv. þm. á það, að hjer er ekki málaflutningsmannasamkunda eða dómstóll, hjer er Alþingi. Hjer eru alls ekki flutt dómsmál eða reifð á neinn hátt. Hjer er þjóðin öll saman komin með sínu valdi. Þótt hún hafi gert samning við einhvern, þá getur hún, ef hún hefir sjeð síðar, að sá samningur er óbilgjarn, án þess að til þess hafi verið ætlast, leiðrjett hann aftur. Það kemur oft fram misrjetti, sem svo er leiðrjett aftur eftir á, er betur hefir verið athugað, og svo mun verða nú, ef þingmenn eru ekki orðnir að lögstirfnum bókstafsþrælum, og því trúi jeg ekki.

Jakob Möller: Það er að eins eitt atriði, sem jeg ætla að svara í ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG), enda þótt hann ætti þar ekki við mig, því þau orð lutu að ræðu samþm. míns, 2. þm. Reykv. (JB). Hann kvaðst skilja mjög vel afstöðu hans í þessu máli, því að hann vildi láta öll vinnulaun hækka. Það er misskilningur, að hjer sje verið að tala um launa h æ k k u n. Hjer er aðeins um það að ræða, hvort launin eigi að lækka eins mikið og þau mundu gera, ef dýrtíðaruppbótin væri látin standa óbreytt eins og hún hefir orðið samkvæmt verðlagsskrá. Hins vegar lækka þau að talsverðum mun, en hækka ekki, frá því sem þau voru síðastl. ár, enda þótt þessi sanngjarna uppbót verði samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 235, 1. feld með 17 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MK, MP, ÓP, SSt, BJ, JakM, JAJ, JB, JÞ.

nei: MG, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JS, LH, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

1. gr. frv. **feld** með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, EE, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, ÓP.
nei: SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ, GunnS, HK, IngB, JS, MG, PO, PÞ, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

77

8. Skifting Eyjafjarðarsýslu í tvö kjördæmi.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skifting Eyjafjarðarsýslu í tvö kjördæmi (þmfrv., A. 133).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Eins og greinargerð frv. ber með sjer, er það flutt samkvæmt ósk 2 þingmálafunda í kjördæminu. Þessi ósk var svo eindregin og ákveðin, að ekkert atkvæði var á móti, og voru fundir þessi haldnir sinn í hvoru hinna væntanlegu kjördæma. Kjördæmaskipunarmálinu var og hreyft á þriðja fundinum, en þar snerust umræður aðallega um það, hvort rjett væri að breyta svo til alment, að kjördæmin væru stækkuð og hlutfallskosning höfð. Virtist það litinn byr hafa, og gekk því ekki fram. Jeg gat því ekki sjeð annað, eftir því sem fram hefir komið um þetta mál í kjördæmi sínu, en að sjálfsagt væri að flytja þetta frv. Og jeg geri það því fremur, sem það hefir verið og er skoðun mín, að rjett sje að hafa einmenniskjördæmi alstaðar á landinu, nema ef til vill hjer í Reykjavík.

Fyrir þessari skoðun minni mætti færa margar ástæður, en jeg ætla ekki að svo komnu að fara langt út í það. Þó vil jeg benda á, að það sýnist talsvert misrjetti fólgið í því, að fjöldi af kjósendum í landinu hefir ekki rjett til að kjósa nema einn fulltrúa, en aðrir hafa rjett til að kjósa tvo. En átakanlegast kemur þetta misrjetti fram í tvímenniskjördæmum, þegar lítill meiri hluti getur neytt aflsmunar gagnvart stórum meiri hluta og sent tvo fulltrúa, en minni hlutinn engan.

Þegar nú svo stendur á, að eitthvert tvímenniskjördæmi skiftist að miklu leyti í tvær heildir með gerólíkum stefnum í landsmálum og áhugamálum, þá er eina leiðin til rjettlætis sú, að skifta kjördæminu, því samhugur getur aldrei orðið um fulltrúana, enda hætt við, að sú sambúð geti ekki orðið happadrjúg til lengdar.

Þegar nú þannig er ástatt í einhverju kjördæmi, að skoðanir og stefnur kjósenda í landsmálum eru gersamlega ándstæðar, þá er það næsta erfitt fyrir þá, sem með umboð þeirra fara, að leysa störfin svo af hendi, að báðir partar uni vel við. Og þó það sje sjálfsagt, að þingmaðurinn láti sína eigin sannfæringu ráða, ef hann greinir á við kjósendur, þá er þó æskilegra að haga skipulaginu á þá lund, að sá ágreiningur verði sem minstur og sjaldgæfastur. Því takmarki

er frekar hægt að ná, ef kjördæmin eru ekki mjög stór.

Ekki verður því heldur neitað, að í einmenniskjördæmi verður samvinnan milli þingmanns og kjósenda auðveldari, víðlendið minna og kynningin meiri. Áhuginn á landsmálum helst betur vakandi og kjósendurnir verða pólitískt þroskaðri. Er það alls ekki lítils vert, þar sem kosningarrjettur er svo víðtækur sem hjer gerist.

Nú er þess ekki að dyljast, að í því kjördæmi, sem þetta frv. fjallar um, eru allmiklar pólitískar andstæður, og greinir þar milli Siglufjarðar og nokkurs hluta norðursýslunnar annars vegar og innsýslunnar hins vegar. Í nyrðri hlutanum er sjávarútvegur, en í innri hlutanum er nær eingöngu stundaður landbúnaður. Þessir tveir hlutar kjördæmisins hafa því algerlega óskyld áhugamál og andstæðra hagsmuna að gæta.

Vitanlega hefði Siglufjörður helst kosið að vera kjördæmi út af fyrir sig. En jeg taldi tilgangslaust að flytja það mál á þinginu. Hins vegar sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu að skifta kjördæminu, einkum þar sem það virðist vel fallið til skiftingar af hagsmunalegum ástæðum, eins og jeg hefi drepið á.

Á síðasta þingi kom fram frv. um að skifta Húnavatnssýslu í tvö kjördæmi, og jeg minnist ekki annars en það gengi fram mótmælalaust. Jeg þykist því mega vænta þess, að þessi hv. deild taki eins vel undir þetta frv. og greiði götu þess til Nd.

Rjett tel jeg, að málið sje athugað í nefnd, og vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því sje vísað til allsherjarnefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 270).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Þetta mál hefir nú alllengi legið hjá nefndinni, af þeirri ástæðu, að hún hefir haft svo mikið að starfa.

Það hafa komið — eins og gerð var grein fyrir við 1. umr. þessa máls — tilmæli úr 2 stöðum um, að Eyjafjarðarsýslu yrði skift í tvö kjördæmi, annars vegar frá Siglufirði, sem haldið er fast fram að eigi að verða sjerstakt kjördæmi, en hins vegar frá þingmálafundi, sem haldinn var að Grund í Eyjafirði. Þótt nú væri gert ráð fyrir því, sem væri vafalaust of drjúglega mælt, að allir þeir menn, sem búa í hreppum þeim, er hlut eiga að máli, vildu þessa breytingu, þá er það ekki helmingur allra kjósenda í kjördæminu. Á Siglufirði eru 495 kjósendur, en í þeim 3 hreppum, sem áttu með sjer þingmálafundinn á Grund, eru 613 kjósendur, en samanlagt verður það 1108 kjósendur. Væri nú svo, að þessi breyting væri að vilja allra þessara manna og engir aðrir kæmu með mótmæli gegn henni, þá virtist það benda til þess, að rjett væri að gefa eftir. En nú er annað uppi á teningnum. Nefndinni hafa fyrir alllöngu síðan borist mótmæli frá 4 hreppum, sem sje Glæsibæjarhreppi, Öxnadalshreppi, Arnarneshreppi og Skriðuhreppi, frá fulltrúafundi þessara

hreppa. Eftir sömu reglu og þeirri að telja meðmælin með breytingunni almenn á þessum umræddu stöðum, yrði einnig að líta svo á, sem allir kjósendur í þessum hreppum væru mótfallnir henni. Í þessum hreppum eru ekki færri kjósendur en 678, eða fleiri en í þrem innhreppunum, sem vildu kjördæmisskiftinguna. Afleiðingin yrði sú, ef þetta yrði gert að lögum, að það yrði á móti vilja kjósenda í innhjeraðinu. Þeir eru fleiri móti skiftingu en með henni. Sje nú litið á hitt fyrirhugaða kjördæmið, ytra kjördæmið, þá verður svipað uppi í teningnum að því leyti, að í öðrum hreppum en Siglufirði eru 851 kjósandi. Úr engum þeirra hreppa hefir komið nokkur tillaga um þetta, og er því hæpið, að hægt sje að líta svo á, sem nokkur verulegur vilji sje í úthjeraðinu á því að skifta kjördæminu.

Það er vitanlegt, að ekki er hægt að segja með þessu, að menn viti vilja kjósenda, þó að þessu hafi verið komið til leiðar á einum þingmálafundi. Að minsta kosti treysti jeg mjer ekki til þess. Og meðan menn vita það ekki fyrir víst, þá vona jeg, að menn sjeu ekki svo breytingagjarnir í þessari hv. deild að hlaupa í að gera eitthvað að lögum, sem er þvert á móti því, sem hefir lengi staðið og að mörgu leyti farið vel á. Því er ekki hægt að neita, að margir menn í kjördæminu álíta það rjettarskerðingu að fá ekki að greiða atkvæði nema um einn þingmann, er þeir annars eiga rjett til að greiða atkvæði um tvo. Það gerir að vísu ekki mikið til með kjósendur, sem kjósa eftir ákveðnum pólitískum flokkum og skoðunum þeirra. En það eru margir, sem ekki gera það. Þeir kjósa fremur eftir mönnunum sjálfum, kostum þeirra og viðkynningu við þá. Sem sagt, nefndin hefir ekki treyst sjer til að mæla með þessu frv., einnig af því að hún taldi undirbúning málsins ekki nægilegan. Það því fremur sem hjer um ræðir hið fyrsta sinn að farið er fram á að skifta hjeraði í tvö kjördæmi, án þess að á undan hafi gengið fjárhagsleg skifting. Við höfum enn þá ekki allfá tvímenningskjördæmi, s. s. Suður-Múla- og Norður-Múlasýslur, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnes- og Rangárvallasýslur. Það er vitanlegt og eðlilegt, að menn greiði atkvæði um mál þetta eftir því, hversu eindregið þeir vilja hafa 1 þm. fyrir hvert kjördæmi.

Um það eru vitanlega töluvert skiftar skoðanir. Eigi allfáir líta svo á, sem það væri öllu heppilegra fyrir starfshæfileika þingsins, að menn væru kosnir í fámennum kjördæmum. Margir eru fylgjandi hlutfallskosningu, en aðrir vilja einmenningskjördæmin. En þetta er ekki nægilega búið að brjóta sig í þjóðfjelaginu, og fyndist mjer á meðan ekki rjett að fara út fyrir þau takmörk að skifta ekki sýslu í kjördæmi, nema fjárhagsleg skifting hafi á undan gengið.

Einar Árnason: Mjer þykir leitt, að hv. allsherjarnefnd hefir ekki getað fallist á þetta frv., og jeg verð hreinskilnislega að játa, að mjer kom ekki til hugar, þangað til jeg sá nefndarálitið, að nefndin snerist á móti þessu máli. Skal jeg koma að því síðar, hvers vegna jeg hafði þá skoðun. Hv. frsm. (SHK), hefir nú í ræðu sinni endurtekið þær ástæður, sem færðar eru fram gegn þessu frv. í nefndarálitinu. Þær ástæður eru aðallega tvær, að málið sje ekki nægilega

undirbúið og að það sje svo mikið nýmæli, að skifta þannig sýslu í 2 kjördæmi án fjárhagslegrar skiftingar. Það er að vísu rjett hjá nefndinni, að þetta er í fyrsta sinn sem farið er fram á slíka skiftingu. En þá ástæðu út af fyrir sig er ekki hægt að taka sem góða og gilda vöru nje fullnægjandi röksemd á móti frv. Það mætti með sama rjetti segja, að það væri óeðlilegt að spyrða saman tvö lögsagnarumdæmi í eitt kjördæmi. En það getur í sjálfu sjer verið alveg rjettmætt, vegna þess, að alþingiskosningar og kjördæmaskipun eiga ekkert skylt við umboðs- eða dómsvald. Til kjördæmaskipunar liggur alt annar grundvöllur eða á að liggja. Sá grundvöllur á að takmarkast af atvinnuvegum, áhugamálum og hagsmunamálum íbúa kjördæmisins. Ef hv. nefnd vildi spyrja kaupmenn, útvegsmenn og verkamenn á Siglufirði, hvort þeir ættu sömu áhuga- og hagsmunamála að gæta og bændur inni í Eyjafirði, og gagnkvæmt, þá fengi hún það svar, að slík sameiginleg mál væru engin til. Þess vegna er óeðlilegt, að nefndin skuli vilja halda þessu svo fast í sömu hnappheldunni, þrátt fyrir þann skilnað að borði og sæng, sem þegar er kominn á. Mig furðar á því, að nefndin skuli halda þessu dauðahaldi í kjördæmaskipulag, sem sett hefir verið fyrir tugum ára undir gerólíku ástandi. Jeg hafði búist við, að hv. nefnd myndi líta almennara á þetta mál en raun er á orðin. Fyrir henni virðist vaka litið annað en að fella þetta frv., til þess að geta haldið sem lengst þeim úrelta grundvelli, sem kjördæmaskipunin er nú bygð á. Jeg hafði frekar vænst þess, að nefndin vildi styðja þetta frv., sem byrjun til að byggja kjördæmaskipun landsins á eðlilegri grundvelli, s. s. þeim, er jeg mintist á áðan. Nú verð jeg að segja, að jeg verð fyrir vonbrigðum, er jeg sje, að hún kemur ekki auga á það, sem þó blasir svo beint við, að kjördæmaskipunin verði færð í það horf, að hún byggist á atvinnumálum og áhugamálum, en ekki sýsluskiftingu. Það hlýtur líka að verða framkvæmt fyr eða síðar. Breytingin, sem frv. fer fram á, er undanfari þess, að fleiri breytingar til bóta verði gerðar.

Hv. frsm. (SHK), mintist á sýslur þær, sem væru tvímenningskjördæmi. En má jeg spyrja: Hvaða sameiginleg áhugamál ættu t. d. að tengja Hjeraðið á Austurlandi við Austfirði? Mundi ekki eins vel fara á því í Árnessýslu, að niðursýslan, kauptúnin og Flóinn, yrði sjerstakt kjördæmi og uppsýslan annað? Eða hvað er sameiginlegt með Hafnarfirði og Kjósinni? Hjer eru algerðar andstæður. Ekkert sameiginlegt, og skifting því sjálfsögð. Jeg hefi nú talað alment um ástæður nefndarinnar fyrir því, að ekki væri gerlegt að skifta sundur sýslum. Læt jeg það, sem komið er, nægja sem svar.

Þá kem jeg að þeirri ástæðu, sem hv. frsm. (SHK) dvaldi mest við, en það er undirbúningsleysið. Hann sagði, að menn gætu ekki verið vissir um vilja kjósendanna í þessu máli, og á meðan skyldu menn ekki vera svo breytingagjarnir að láta skiftinguna ná fram að ganga. En jeg býst við, að hv. frsm. (SHK) minnist þess, að á síðasta þingi gekk hjer í gegnum deildina frv. um skiftingu Húnavatnssýslu. Það frv. gengur nær umræðulaust gegnum báðar deildir þingsins. Undirbúningur þess máls var þó ekki annar en sá, að það var rætt á tveimur þingmálafundum, og eftir því sem jeg veit best, munu hafa

komið fram andmæli á báðum fundunum og atkvæði greidd á móti málinu. Var þá skiftingin framkvæmd einungis af því, að um 2 sýslufjelög var að ræða? Ætti það út af fyrir sig að vera svo þungur faktor í kjördæmaskiftingunni, að það eitt gæti ráðið? Nei, hitt er meira um vert, hvernig hagsmunum og atvinnuvegum er háttað, og hvort meiri hluti kjósenda er samþykkur breytingunni. Nú verður það líklega seint, sem allir geta orðið sammála um slík mál eða önnur, enda neita jeg ekki, að til kunni að vera kjósendur nyrðra, sem ekki kæra sig um breytinguna. Frsm. (SHK) vitnaði í fund, sem haldinn var af fulltrúum 4 hreppa. Það er rjett, að sá fundur var háður, en í þessu sambandi er vert að geta þess, að hann var haldinn í alt öðrum tilgangi en þeim að tala um þetta mál. Fulltrúarnir voru 16 á fundinum, og komu mótmælin frá þeim sjálfum, án þess að þeir hefðu til þess nokkurt umboð frá hreppsbúum, eftir því sem jeg veit best; enda óvíst, að þeir hafi verið allir sammála. Jeg vil enn fremur taka það fram í þessu sambandi, að mjer hefir boðist að verða send nöfn, ekki 16 manna, heldur tvisvar sextán eða fleiri, er vildu hið gagnstæða við þessa samþykt, en jeg kærði mig ekki um að vera að panta þess konar nafnalista. Jeg flutti frv. af þeirri ástæðu, að á þeim fundum, sem haldnir voru til að ræða þetta mál sjerstaklega, voru menn eindregnir með því. Jeg ætla mjer ekki að fara út í það, sem hv. frsm. talaði um einmenniskjördæmi og kjördæmi með hlutfallskosningu. Jeg tók fram við 1. umr., að jeg vildi einmenniskjördæmi. Þó gæti komið til mála, að kjördæmin væru stærri og með hlutfallskosningu. Það fyrirkomulag hefir samt sína galla. Fyrst og fremst ráða kjósendur við hlutfallskosningu venjulegast litlu um það, hverjir í kjöri sjeu; því ráða mest einstakir pólitiskir flokkar eða flokksstjórnir, og reynslan hefir sýnt, að aðalráðin koma frá Reykjavík. Margt fleira mætti telja upp í þessu sambandi, svo sem að þegar kjördæmin eru stór, er erfitt fyrir kjósendur að kynnast þingmönnum og þingmálefnum. En einmenniskjördæmin eru heppilegri þar, sem illar eru samgöngur. Annars flyt jeg þetta frv. meðfram af því, að jeg vildi halda áfram þeirri stefnu þingsins í fyrra að gera öll sveitakjördæmi að einmenniskjördæmum.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg geri ráð fyrir, að það sje engin ástæða til að þreyta kappræður um þetta mál, enda er það ekkert stórmál. Jeg ætla því fáu við að bæta og geri ráð fyrir, að málið skýrist litið úr því, sem orðið er.

Mjer finst ekki vera hægt að neita því, að undirbúningurinn sje svo lítill, að það sje ekki verjandi að halda inn á þessa nýju braut við svo búið. Jeg játa, eins og hv. flm. (EÁ) mintist á, að fulllangt var gengið af þinginu í fyrra að því er snertir Húnavatnssýslu. Það hafði þó þá málsbót, að fyrir mörgum árum var komin á fullkomin skifting á fjárhag sýslufjelaganna. Það er játað af háttv. flm., að þetta sje nýmæli. Það gerði nú minna til, ef hægt væri að sanna með rökum, að meiri hluti sýslubúa væri á eitt sáttur með skiftinguna. En það get jeg ekki sjeð, að sje útlit fyrir. Ef ályktа mætti af því, sem fram hefir farið í Eyjafirði út af þessu máli, er ekki annað sýnna en breytingin yrði gerð að óvilja meiri

hlutans í innhjeraðinu. Um ytri hluta sýslunnar er ekki hægt að segja, en ávinningurinn, sem honum hlotnaðist með skiftingunni, er vafasamur. Eyjafjarðarsýsla er fyrst og fremst landbúnaðarhjerað, og er líklegt, þótt skiftingin næði fram að ganga, að fulltrúar landbúnaðarins næðu kosningu. Í þessum eina hreppi, Siglufirði, er ekki nándarnærri helmingur kjósenda. Viðvíkjandi undirbúningsleysinu er það að segja, að sýslunefndin hefir enn þá ekkert um málið sagt. Það væri þó fullkomin ástæða til þess, og það því fremur sem ætlast er til þess að lögum, að engu slíku máli sje ráðið til lykta, nema álits sýslunefndar sje áður leitað.

Þetta gildir um þau mál, sem snerta sýslufjelögin, en Alþingi getur auðvitað sett sig út yfir þetta, en það er ekki heppilegt fyrir löggjafann að gefa fordæmi að slíku. Í stuttu máli: Undirbúningur þessa máls er lítill; maður veit ekki um vilja kjósendanna og málinu liggur ekkert á.

Einar Árnason: Að eins örfá orð. Það þýðir ekkert fyrir háttv. frsm. (SHK) að vera að tala um undirbúningsleysi í þessu máli; þesskonar má altaf slá fram, þegar engin rök eru við hendina. Hv. frsm. (SHK) gat þess, að sýslunefnd hefði ekki látið í ljósi álit sitt, og vitnaði í lög, þar sem ákveðið væri, að ekki ætti að ráða til lykta sýslumálum án þess að leita álits sýslunefndar. Jeg held, að hv. frsm. (SHK) sæki þessa blekkingarástæðu helst til langt. Hann veit það eins vel og jeg, að Alþingi hefir vald til að setja lög eins og því sýnist, og þetta frv. er engin undantekning frá því. Jeg verð enn að vitna í skifting Húnavatnssýslu. Þar hefði þá þurft að leita álits sýslunefndar, en það var ekki gert. Nei, sýslunefnd kemur þetta mál alls ekkert við. Hv. frsm. (SHK) mintist á það, að Eyjafjarðarsýsla væri mestmegnis landbúnaðarhjerað. Hún var það, þegar sú kjördæmaskipun, sem nú er, var sett. En síðan hefir það breyst. Á Siglufirði er nær eingöngu sjávarútvegur. Í Ólafsfirði sömuleiðis. Þá eru og tvö þorp, Hrísey og Dalvík, þar sem mestmegnis er stundaður sjávarútvegur. Allir þessir staðir, sem þegar eru orðnir mjög fjölmennir, hafa risið á legg síðan núverandi kjördæmaskipun var ákveðin. Gamla skipulagið er því orðið úrelt og óhentugt.

Sigurður Jónsson: Jeg vil aðeins drepa á eitt atriði í máli þessu. Hjer á landi eru 7 kaupstaðir með sjerstökum bæjarrjettindum, þar af eru 5 sjerstök kjördæmi, en 2 hafa sótt um að fá að verða það, Hafnarfjörður og Siglufjörður, en ekki fengið. Mjer finst öðru máli gegna hjer en ef öðruvísi stæði á. Bæjarrjettindi eru ekki veitt nema nokkuð fjölmennum bæjum, og finst mjer sanngjarnt, að þeir fái að vera í fjelagi við næstu hjeruð, sem lík áhugamál hafa, sem kjördæmi út af fyrir sig, þegar hægt er að koma því svo fyrir, að ekki þarf að fjölga þingmönnum fyrir það. Jeg vona, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) skilji þetta og lofi þessu frv. að fara til Nd. Hvað viðvíkur mismunandi atvinnuvegum í Eyjafjarðarsýslu, þá get jeg vitnað, að það eru mjög ólíkir atvinnuvegir stundaðir í innri og nyrðri hluta sýslunnar og get kvatt til vitnis um það hv. 3. landsk. (HSn), sem átt hefir kost á að kynna sér framtal þaðan. Jeg mæli því mjög með, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, HSn, JJ, SJ, HSt.
nei: IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK.

Fjórir þm. (GGuðf, GÓ, KE, SE) fjarstaddir.

9. Húsaleiga í kaupstöðum.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins (þm.-frv., A. 36).

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi í athugasemdunum við frumvarp þetta tekið fram aðalatriðin, sem það er bygt á. Jeg er vitanlega ekki viss um, að það nái fram að ganga; en þar sem það fjallar um einn mikilvægasta þáttinn í þjóðlífi okkar, fanst mjer rjett að bera málið fram í þinginu, til þess að hægt væri að sjá, hvernig þjóðarfulltrúarnir vildu leysa úr vandanum.

Frumvarpið fer fram á, að húsaleigan í kaupstöðum landsins verði 12% af virðingarverði húsa og lóða, hvorttveggja miðað við síðasta fasteignamat.

Aðalástæðan fyrir frv. er sú, að húsaleigan hjer í Reykjavík, og yfirleitt í öllum kaupstöðum landsins, er orðin hin mesta byrði, sem nær beint eða óbeint til allra landsmanna. Er hjer því um landsmál að ræða.

Síðan 1914 hefir litið verið bygt í kaupstöðum, sem stafar af peningaskorti og fleiru. Hins vegar hefir fólki fjölgað mikið í flestum þeirra. Hafa menn því út úr neyð boðist til að borga hærri húsaleigu en rjett var og þeir í raun og veru gátu borgað. Og eru dæmi til, að hús hafa verið leigð fyrir 10 sinnum hærri leigu en var fyrir 1914. Eru því hús, sem bygð voru um og rjett eftir 1907, búin að margborga eigendunum frumverð sitt. Er það vitanlega gott fyrir þá, sem húsin eiga, en það hefir áhrif út frá sjer á marga vegu. Í fyrsta lagi á þann hátt, að öll laun embættis- og starfsmanna ríkisins þurfa að vera hærri, sökum hinnar óeðlilega háu húsaleigu, en þau þyrftu annars að vera.

Stærsti liðurinn í þessu máli er þó sá, að alt verkafólk og allir sjómenn verða að miða kaup sitt við þessa háu húsaleigu. Og þar sem allar afurðir, bæði til lands og sjávar, hafa stórfallið síðan 1920, er auðsætt, að ef þessi háa húsaleiga heldur áfram, hlýtur hún að valda vandræðum á marga vegu.

Jeg talaði í sumar t. d. við einn af stjórnendum Eimskipafjelagsins, og spurðist fyrir um það, hvers vegna Noregur væri ekki tekinn inn í siglingasvæði fjelagsins. Hann svaraði því, að það væri ekki hægt, sökum þess, að Eimskipafjelagið gæti ekki kept við Bergenska fjelagið vegna dýrtíðar í Reykjavík, og ætti húsaleigan mestan þátt í því.

Jeg sje nú eigi annað en að þetta sje mál, sem snertir alt landið, og ef húsaleigan stendur ein eftir sem „klettur úr hafinu", eftir að alt annað verðmæti er fallið, gæti vel farið svo, að við yrðum ekki samkepnisfærir gagnvart þjóðum, sem framleiða sömu vörur.

Það er ómótmælanlegt, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, þá hefir það tap í för með sjer fyrir allmarga menn, sem hafa bygt eða keypt hús síðan 1914. Mjer datt í hug í fyrstu að gera greinarmun á því, en fjell frá því aftur. En það gæti komið til greina seinna, við nánari rannsókn málsins. — Einnig gæti komið til athugunar, hvort ekki væri rjett að setja ákvæði um, að húseigendur gætu losnað við leigjendur á fleiri vegu en frumvarpið gerir ráð fyrir, því að jeg hefi aðeins tekið vanskil á húsaleigu til greina.

Jeg leyfi mjer svo að leggja til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar, að umræðunni lokinni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að spyrja hv. flm., hvernig hann hugsar sjer að samrýma frv. þetta lögum nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, þar sem hvergi er nefnt í frv., að þau skuli úr gildi numin.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi athugasemd hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) er alveg rjett. Jeg hirti eigi um að geta um það atriði í frv., þar eð jeg ætlaðist til, að ef frv. næði fram að ganga, þá yrði bætt inn í það ákvæði um, að lög þau, er færu í bága við það, væru úr gildi numin.

Jóhannes Jóhannesson: Ef það ákvæði er eigi sett inn í frv., að lög nr. 24, 1917, falli með því úr gildi, þá leiddi það til þess, ef það yrði samþykt, að tvenn húsaleigulög, hvor öðrum ólík að efni til, væru í gildi.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg tók það fram, að jeg ætlaðist til, að ákvæðinu yrði bætt inn í frv., ef það næði fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 192).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg sje ekki ástæðu til þess að bæta neinu verulegu við nál. Hv. deildarmenn sjá, að nefndin hefur talið rjett, að bæjarstjórnin skipi þessu máli, svo sem öðrum málum bæjarins. Það mætti reyndar segja, að bæjarstjórnin sje sein á sjer til að gera það, sem henni var heimilað með lögunum frá 1921, en það mun vera sumpart vegna þess, að ekki hafa komið sjerlegar umkvartanir um húsaleigu til hennar, og svo hitt, að menn eiga erfitt með að koma sjer saman. En jeg hygg, að þess verði ekki langt að bíða, að samin verði reglugerð. Það er aðallega vegna þessa, að nefndin fann ekki ástæðu til að setja frekari lög um þetta efni. Um efni frv. skal jeg ekki mikið ræða, af því að jeg býst við, að hv. deild fallist á tillögur nefndarinnar. Jeg get þó nefnt það, að mjer finst ekki óeðlilegt, þótt mönnum detti í hug að setja hámarkshundraðstölu um húsaleiguna. En það er vandkvæðum bundið, meðan verðlag á húsum er svo breytilegt, sem nú hefir verið. Því er nú svo háttað með húsamálið, að fasteignamatsnefndin hefir miðað við, hvað kostaði að byggja hús fyrir 1914, og bætt svo 50% þar við. En eftir því, sem þingnefndinni hefir

verið skýrt frá, er það líklegt, að hús, sem hafa verið bygð í fyrra og nú, muni kosta um 40% yfir verðlag fasteignamatsnefndar. Nú er það hjer um bil víst, að kostnaður við húsbyggingar er meiri í ár en í fyrra, því að járn og viður hafa stigið og líkur til að sú verðhækkun geti haldist nokkuð lengi. Þá er það auðsætt, ef hinu fylsta rjettlæti á að ná, að sama hundraðstalan getur ekki átt við alstaðar. Það er ekki rjett að hafa hana eins á húsum, sem bygð eru fyrir stríð, og þeim, sem nú eru bygð. Ef hundraðstalan er sett svo há, að þeir sleppi, sem nú hafa bygt, þá fara eigendur gömlu húsanna eins hátt, en margir leigja nú undir því hámarki, sem frv. setur. Jeg veit, að það hefir komið til orða í bæjarstjórninni, hvort ekki mundi fært að ákveða meðalhámark; hafa það lægra í hinum eldri húsum, en hærra í þeim nýju, og láta eldri húsin bæta upp hinum nýrri. En líklega er þetta óframkvæmanlegt. Ef niðurstaðan á að verða sanngjörn, þá dugir ekkert nema mat. Það er hæpið, hvernig mál þetta fer í bæjarstjórninni, en nefndin hefir ástæðu til að ætla, að skyldumat verði þar ofan á, en það álítur nefndin heppilegast.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Nefndin hefir farið með þetta mál sem önnur mál viðvíkjandi kaupstöðum; talið þá eiga að ráða mestu um sín eigin mál.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get ekki látið þetta mál fara fram hjá mjer án þess að fara um það nokkrum orðum. Jeg álít það fullkomlega rjettmætt, að frv. þetta er fram komið, þótt allshn. vilji ekki fallast á það nú í bili. Húsaleigan hjer í Reykjavík er orðin vandræðamál fyrir alt landið; hún hefir áhrif á kaup og vöruverð og heldur við dýrtíð í landinu. Og sumstaðar hjer er hún ekki langt frá því að nálgast okur. Því er það alls ekki að ófyrirsynju, að hv. flm. (JJ) hefir dottið í hug að koma fram með þetta frv.

En ástæðan fyrir því, að jeg vildi ekki fara lengra að sinni, er sú, að bærinn hefir nú húsaleigulög og virðist hafa hug á að gera eitthvað í þessu máli. Því vildi jeg ekki demba þessum lögum á núna, þó að bæjarstjórnin sje búin að hafa heimildina í 2 ár. Jeg get betur felt mig við það form að hafa skyldumat. Það hefir að vísu sína galla, en gæti þó orðið sanngjarnara. Jeg hefði helst kosið að fresta þessu máli, en ýta undir bæjarstjórnina að koma reglugerðinni frá sjer. Ef dagskráin verður samþykt, en svo fer, að ekkert verður úr reglugerðinni, þá álít jeg forsvaranlegt af landsstjórninni að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni. Því að þó þetta, eftir eðli sínu, heyri undir kaupstaðina, þá hefir þó húsaleigan svo mikil áhrif á land alt, að jeg álít forsvaranlegt af ríkisvaldinu að grípa inn í.

Jónas Jónsson: Hv. allshn. hefir lagt til að vísa máli þessu frá með dagskrá. Jeg vil því leyfa mjer að bæta nokkrum orðum við það, sem jeg sagði í framsöguræðu minni. Ef dagskrá þessi verður samþykt, þá er það sama og að drepa frv. Jeg býst við að víkja síðar að því, hvort sú leið er tiltækileg. En jeg álít, að nefndin byggi á alröngum grundvelli, þeim, að húsaleigan sje bæjarmál, sem bæjarstjórninni beri að ráða fram úr. Þetta mál er landsmál, eins og hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) rjettilega tók fram, og ef ekki fæst sæmileg lausn á málinu,

þá á landið að taka í taumana. Því gerði hv. 2. þm. Rang. einnig ráð fyrir, að það gæti átt sjer stað. Ástæðan til þess, að þetta er landsmál, er sú, að mikið aðstreymi er til Reykjavíkur utan af landi. Bærinn fyllist af fólki, húsnæðiseftirspurnin verðu mikil og húsaleigan fer upp úr öllu valdi. Við þetta aðstreymi til Reykjavíkur tæmast sveitirnar, sjer til skaða, og Reykjavík tapar líka. Atvinnuleysi verður hjer meira eftir því sem fólkinu fjölgar. Því er það ekki eftirsóknarvert, að bærinn vaxi meira að sinni. Ef landið gerði einhverjar ráðstafanir til þess, að vöxtur bæjarins yrði hægfara, þá yrði það öllum til góðs. Það kom ekki fram hjá hv. frsm. (JM), hvernig húsaleigan grípur inn í hag allra landsmanna. Menn hafa algerlega vanrækt að athuga þetta, og bæjarstjórnin hefir verið óforsvaranlega aðgerðalaus í þessu máli. Húsaleigan kemur ekki aðeins hart niður á leigjendunum, heldur og á húseigendum sjálfum, ef þeir eru framleiðendur. Framleiðendur þrá, að leigan lækki, til þess að kaup geti lækkað. Það yrði mikill þáttur í því að minka dýrtíðina hjer, ef leiga á búðum lækkaði. Ef þessi salur, sem við sitjum hjer í, væri búð á hentugum stað í bænum, þá mundi hún alls ekki kosta minna en 600 kr. á mánuði. Því sjá allir, að búðaleigan hleypir vöruverðinu upp. Jeg endurtek það, að það er ólíklegt, að framleiðendur hjer geti staðist útgjöld við húsaleiguna, ef verð á íslenskum afurðum heldur áfram að falla. Það eru jafnt sjávarútvegsmenn og sveitabændur, sem óska að kaup lækki, en slíkt getur ekki orðið meðan húsaleigan helst óbreytt. Nú er komin fram krafa frá starfsmönnum landsins um 25% launaviðbót, miðað við Reykjavík. Með þessu viðurkenna flm., sem eru þm. Reykjavíkur, að Reykjavík sje dýr staður. Jeg held því nú fram, að það sje mikið á ábyrgð þessarar hv. deildar, ef hún samþykkir dagskrána, hvort hækka þarf laun þessara starfsmanna landsins um 25%.

Jeg hitti í morgun einn af starfsmönnum landsins, sem á 4—5 börn. Hann sagði svo frá sínum ástæðum: „Jeg hefi 3500 kr. laun. Jeg bý í húsi, sem bygt var 1903. Húsaleiga mín er á annað þúsund krónur á ári. Auk mín búa 3 menn aðrir í húsinu, og húsaleiga okkar allra til samans er meira en upprunalega kostaði að reisa húsið.“ Með öðrum orðum: Húsið borgar sig á hverju ári. Er nú nokkurt vit í því, að þjóðfjelagið grípi ekki inn í, er um slíkt okur er að ræða? En þannig er það í flestum gömlum húsum. Þetta er alvarleg spurning fyrir fulltrúa þjóðarinnar. Eiga þeir að bæta launakjör starfsmanna landsins í Reykjavík, til þess að þeir geti staðist húsaleiguna? Jeg vil nú spyrja hv. frsm. (JM), hvort hann álíti, að hægt sje að neita henni, og hvort hann álíti, að meðferð þessa máls hjer í dag komi henni ekki við.

Það kom fram hjá hv. frsm., að sumum mönnum væri sýnt ranglæti með frv. mínu. Það er satt; en hann viðurkendi, að það væri ekki gott að gera mun á gömlum og nýjum húsum. Ef maður lítur annars yfir þennan bæ, þá sjest, að það er hverfandi lítið, sem bygt er síðustu árin. Bærinn er mest bygður fyrir 1914. En það er til tvennskonar mælikvarði á húsaleiguna. Undir annan mælikvarðann falla gömul hús, sem eru bygð fyrir 1914, en undir hinn nýju húsin og svo eitthvað af gömlu húsunum, sem hafa skift um eigendur síðan þau voru

bygð og keypt við dýru verði. Nú skulum við setja svo, að undir þennan seinni flokk falli svo sem 500 húseigendur. Það er bara ágiskun, því vissu er ekki hægt að fá. Þá verð jeg að halda því fram, að hagsmunir þessara 500 manna sjeu ekki eins mikils virði og hagsmunir allra leigjenda í bænum, sem geta verið 15000, ef talið er alt vandafólk með húsföður, og í viðbót hagsmunir allra framleiðenda annarsstaðar á landinu. Það er ekki hægt að komast hjá ranglæti að einhverju leyti. Ef dagskráin verður samþykt, þá verður þessum 500 húseigendum hjálpað, en 90% allrar þjóðarinnar sýnt ranglæti. Mjer finst þetta ósköp einfalt mál. Hjer vegast á hagsmunir fárra húseigenda annars vegar, en hins vegar hagsmunir allra framleiðenda, verkamanna, embættismanna, námsmanna o. s. frv.

Það hittist einmitt svo á, að jeg var rjett áðan að tala við skólameistarann á Akureyri. Sagði hann mjer, að í vor hefði útskrifast frá Gagnfræðaskólanum þar mjög gáfaður piltur, sonur prests á Norðurlandi. Faðir hans hafði ekki treyst sjer til að senda hann hingað suður til framhaldslærdóms, aðeins fyrir þá sök, hve dýrt væri að lifa hjer, og væri húsaleigan stærsti þátturinn í því. — Mjer þykir því næsta undarlegt, ef flokkur sá, sem stendur næst embættismönnunum og vill gæta hagsmuna þeirra, sker niður þessa tilraun til að bæta úr þessu mikla böli, sem ekki kemur minst niður á þeirri stjett.

Annars vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta af dagskrá, þegar umræðunni er lokið, því að dagskrá allsherjarnefndar byggist á þeim rökum, að bæjarstjórn Reykjavíkur muni nú mjög bráðlega afgreiða reglugerð um húsnæði í Reykjavík, þar sem sjeu ákvæði um skyldumat á öllum leiguíbúðum. — En ef svo skyldi fara, að mál þetta dagaði uppi hjá bæjarstjórninni, og hún gerði ekkert í því, væri illa farið, ef búið væri að fella þetta frv. hjer, og þar af leiðandi ekki hægt að taka það upp aftur. Þykir mjer því rjett, að beðið sje nú nokkra daga með þetta mál hjer, til þess að sjá, hvað bæjarstjórnin gerir. — En hins vegar skal jeg lofa hv. allsherjarnefnd því, að draga það ekki undan atkvæðagreiðslu hjer í hv. deild. Því að jeg vil einmitt að það sýni sig, hvernig menn greiða atkvæði um það. Jeg vil einungis, að málinu sje frestað, þar sem rökstuðningur hv. nefndar er bundinn við það, sem gert verður hjer innan lítils tíma.

Að endingu vil jeg gefa þær upplýsingar, að mikill hluti bæjarstjórnar mun ætla að binda skyldumatið við það verð, sem er á húsum núna, sem vitanlega er óhagstæðasti mælikvarði fyrir þjóðina í heild sinni. Er slíkt mat eiginlega alveg gagnslaust.

Jeg sje ekki, að hjer sje nema um tvent að ræða, annaðhvort að miða leiguna við nýju húsin eða hin gömlu. Sje það gert á þeim grundvelli, sem jeg lagði til, þá tapar vitanlega nokkur hluti húseigenda. En sje það aftur á móti bygt á hinum grundvellinum, tapar almenningur.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Af því jeg býst við, að þetta mál heyri undir mig, vil jeg styðja tillögu hv. 5. landsk. þm. (JJ), að það verði tekið af dagskrá. Það er öllum kunnugt, að húsaleigan hjer er afarhá. Og lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík hafa enn sem komið er ekkert verið

notuð til þess að draga úr henni, og eru orðin nú nær því tveggja ára gömul.

En nú stendur einmitt svo á, að bæjarstjórnin hefir til meðferðar frv. til reglugerðar um húsnæði hjer. Tel jeg því rjett, að málinu sje frestað nú fyrst um sinn, til þess að sjá, hvernig reglugerð þessari reiðir af. Því verði hún samþykt, verður frv. þetta ef til vill óþarft.

Frsm. (Jón Magnússon): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að nefndin hefði bygt nál. sitt á því, að þetta mál væri einungis bæjarstjórnarmál. Það er alveg rjett, að nefndin lítur svo á, að bæjarstjórnin eigi að skipa þessu máli, svo sem til hefir verið stofnað, sjerstaklega samkvæmt lögum nr. 50, frá 27. júní 1921.

Það er aldrei nema satt, að þetta mál snertir fleiri en Reykjavík eina, en svo er um mörg mál, sem talin eru bæjarmál og bærinn ræður einn yfir samkvæmt stjórnarskránni og öðrum lögum.

Jeg neita því ekki, að setja megi hámark á húsaleiguna. En eins og jeg tók fram áðan, tel jeg þingið ekki eiga að gera það.

Dæmi það, er hv. 5. landsk. þm. (JJ) tók, um að til væri svo há húsaleiga, að hún væri hærri á ári en kaupverð hússins, má vera að sje til. En það má vera dæmalaust meinleysi leigjenda, að fara ekki til húsaleigunefndar, til þess að fá það leiðrjett. Þá heyrðist mjer háttv. þm. segja, að minna aðstreymi myndi verða hingað, ef húsaleigan yrði lækkuð. En jeg held einmitt hið gagnstæða. Því jeg lít svo á, að hin háa húsaleiga sje frekar til að fæla frá en auka innflutning fólks til borgarinnar.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að bæjarstjórnin hefði forsómað í tvö ár að ráða bót á þessu húsnæðismáli, þá er það ekki alveg rjett, því að lögin frá 1921 eru ekki orðin tveggja ára gömul enn þá.

Jeg tel því alls ekki rjett að taka þetta mál frá bæjarstjórninni, úr því einu sinni búið var að fela henni það, fyr en þá búið væri að sýna sig, að hún vanrækti það.

Um mat á húsaleigu er það að segja, að jeg held að hvergi sje farið lengra nú með það en láta það einungis ná til leiguíbúða. Það getur verið, að það nái lengra í Rússlandi.

Það má vera, að húsaleigan haldi kaupi fólks uppi að einhverju leyti. Þó hygg jeg, að það sje margt annað, sem heldur kaupinu alveg eins mikið uppi. Og jeg efast um, að kaup lækkaði hjer, þó að frv. þetta yrði að lögum, því að verkamenn myndu halda kaupinu uppi eins lengi og þeir gætu. Enda er jeg ekki viss um, að kaup það, er nú er, verði of hátt í nánustu framtíð.

Þá spurði hæstv. þm. (JJ), hvernig nefndin myndi taka í það að hækka laun embættismanna, sökum hinnar háu húsaleigu. Jeg skal taka það fram, að mjer finst allósanngjarnt að spyrja svo nú, þegar þetta mál er aðeins að koma inn í hv. Nd. Auk þess tel jeg slíkar spurningar sem þessa tæplega leyfilega á Alþingi. Þær gætu verið rjettar á kjósendafundi.

Ekki er það rjett, að lítið hafi verið bygt af húsum hjer síðan 1914, því að stór hluti af bænum hefir verið bygður síðan af mörgum fátækum mönnum bæjarins. Yrðu þeir því illa úti, ef þetta frv. yrði að lögum.

Jeg hygg, að rjettast sje að mat sje

á húsaleigunni, en ekki hámark sett með ákveðinni hundraðstölu. Og jeg veit ekki hvort bæjarstjórnin ætlar að miða matsverð íbúðanna við verð húsanna, sem nú er verið að byggja, eins og hv. þm. (JJ) sagði. Jeg kannast ekki við, að til sje í þinginu neinn flokkur, sem standi nærri embættismönnum, eins og háttv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um. Jeg held, að við eigum að standa jafnnærri öllum stjettum og sýna enga hlutdrægni, hvaða stjett sem á í hlut. Þó má vera, að það takist misjafnlega stundum.

Aðalatriðið, sem fyrir mjer vakir í þessu máli, er, að jeg tel ólíklegt, að málinu sje betur borgið með lögum frá þinginu, en með því að láta bæjarstjórnina ráða.

Um það, hvort fresta eigi þessu máli, hefir nefndin ekki borið sig saman. En jeg lít svo á, að þá gæti orðið nokkurskonar hringur, þar sem bæjarstjórnin biði eftir þinginu og þingið eftir bæjarstjórninni. Því að bæjarstjórnin teldi þýðingarlaust að setja skyldumat á íbúðir, ef þingið samþykti svo hundraðsgjald á eftir.

Anars læt jeg hæstv. forseta ráða, hvort hann tekur málið af dagskrá eða ekki.

Forseti (HSt): Þar sem komið hafa fram óskir frá flutningsmanni þessa frv. og hæstv. stjórn um að taka mál þetta út af dagskrá og frsm. hefir ekki mótmælt því, tek jeg það hjer með af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 32. og 33. fundi í Ed., dagana 5. og 6. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., laugardaginn 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 36, n. 192 og 325).

Jónas Jónsson: Síðan þetta mál var hjer síðast til umræðu hafa orðið nokkrar breytingar, ekki hvað snertir aðstöðuna í bænum, heldur um afstöðu þings og bæjarstjórnar. Þegar frv. þetta var borið fram hjer á þinginu, var aðstaðan sú, að Reykjavík hafði húsaleigulög, sem voru ekki mikið notuð upp á síðkastið, en miðuðu að því að þrýsta húsaleigunni niður. Það virðist nú svo sem þau hafi haft lítil áhrif í þá átt, en það er ekki rjett, að þau hafi stefnt í gagnstæða átt, eins og sumir hafa haldið fram. Samt hafa húsaleigulög þessi ekki verið áhrifameiri en það, að alt fjárhagslíf bæjarins er orðið svo sjúkt og á það er komin slík ringulreið og ósamræmi, að ekki verður lengur við svo búið unað; og það er ekki síst að kenna því, hversu húsaleigan keyrir nú fram úr hófi. Það má segja,, að húsaleiga hjer og í öðrum kaupstöðum landsins, sjerstaklega á Ísafirði, sje á hápunkti sínum, eða sem næst því, er hún var hæst, eða miðuð við verðlag innanlands 1918—1919, þegar verðið á íslenskum afurðum var sem hæst og peningastraumurinn var mestur inn í landið. Síðan hafa afurðir fallið í verði, atvinnuvegirnir hafa orðið að draga saman seglin, kaupgjald verkamanna lækkað stórkostlega, sömuleiðis embættislaun, með lækkun dýrtíðaruppbótarinnar. En húsaleigan stendur í stað. Embættismenn ríkisins, þeir sem þurfa að leigja sjer

húsnæði, verða því mjög hart úti. Jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að hjá sumum starfsmönnum landsins hjer í bænum sje neyðarástand. Þeir verða að greiða alt að því helming launa sinna eingöngu í húsaleigu.

Í Nd. kom nýlega til umræðu, hvort hækka skyldi dýrtíðaruppbót embættismanna hjer, til þess að þeir gætu staðið straum af húsleiguokrinu. Þá held jeg, að mjer hafi ekki missýnst, að fyrverandi fjármálaráðherra gekk inn á, að embættismenn í Reykjavík fengju sjerstakan húsaleigustyrk vegna erfiðleika þeirra, er þeir ættu við að búa. Jeg er honum samdóma að því leyti, að það veitti ekki af, en aðferðina, sem hann vildi beita til að bæta kjör þeirra, tel jeg ekki heppilega. Vegna þess, hvað húsaleigan er há í Reykjavík, helst dýrtíðin við, því að ómögulegt er að lækka vinnulaunin nema lítið eitt, þótt þess þyrfti með sakir verðfalls afurðanna. Jeg hefi heyrt, að þetta hafi haft áhrif á atkv. eins hinna stæltustu vinnrekenda í bænum á fundi, er þeir hjeldu með sjer. Jeg þarf ekki að taka það fram — jeg mintist á það við 1. umr. — hver áhrif þetta leiguokur hefir á aðstæður foreldra þeirra ungmenna, sem þeir kosta til náms hjer. Þó má minna á það, að upp og niður má gera ráð fyrir, að húsaleigan sje um 400 kr. fyrir eitt herbergi handa námsmanni vetrarlangt. Er þetta sama og að gleypa alt sumarkaup hraustra og efnalítilla manna upp í húsaleiguna einvörðungu. Áður fyr þótti það ekki ókleift fyrir fullhrausta menn að kljúfa námið með sumarkaupi og þeim styrk, sem þeir fengu við skólann. Nú fer meiri parturinn af því fje, og jafnvel það alt, upp í húsaleiguna eina saman.

Þegar málið var tekið af dagskrá á dögunum, þá lá dagskrá fyrir um að vísa málinu frá vegna þess, að bæjarstjórnin væri að taka málið til athugunar. Nefndin áleit fulla ástæðu til að treysta bæjarstjórninni. En einn maður úr allshn. gat þess þó við 1. umr., að ef bæjarstjórnin gerði ekkert í þessu máli, þá fyndist honum rjett, að stjórnin gæfi út bráðabirgðalög til að ráða bót á þessu þjóðfjelagsböli. Jeg var dálítið kunnugur því, hvernig bæjarstjórnin leit á þetta mál, og mjer kom það enganveginn á óvart, þótt hún feldi allar tilraunir til þess að skifta sjer af þessu máli. Leigjendurnir eru vafalaust efnaminni mennirnir, og eiga því erfiðara aðstöðu að þrýsta fram sinni skoðun, en húseigendur hafa hins vegar myndað með sjer harðsnúinn fjelagsskap, sem beitir sjer fyrir því, að engin takmörkun verði gerð á húsaleigunni, eða þá svo lítil sem unt er.

Í bæjarstjórninni eru og flokkar. Íhaldsflokkurinn er þar í meiri hluta, en hann er svo skipaður, að flestir í honum eru húseigendur og meðal annars einn maður, sem býr í húsi, sem kostaði 350 þús. krónur, svo að ekki er þess að vænta, að sá flokkur vilji fella húsin í verði á þennan hátt. Þá er og verkamannaflokkur í bæjarstjórninni, og svo milliflokur, 2 eða 3 menn, sem á útlendu máli munu vera kallaðir „radikalar“. Stefnan var nú þannig í bæjarstjórninni, að íhaldsflokkurinn vildi ekkert gera, en verkamannaflokkurinn vildi koma á mati, er miðað væri við það, hvað nú kostaði að byggja hús. En nú vita menn, að hús, sem bygt er um aldamót og kostaði þá t. d. 5000 kr., er nú orðið 20 þús. kr. virði. En af því leiðir, að maður, sem á hús, er upp-

runalega hefir kostað 5 þús krónur, fær eftir þessu rjett til að leigja það út eins og það hefði kostað 20 þús kr. Með öðrum orðum, þessi breyting var alveg gagnslaus. Því var þá þannig varið með báða aðalflokkana, að annar vildi ekkert gera og hinn sama sem ekkert. Það var líka auðsjeð, að það var ekki langt á milli. Borgarstjórinn, sem er aðalmaðurinn í íhaldsflokknum, fylgdi verkamönnum í þessu máli. Þeir fóru svo hægt, að hann gat yfirgefið sinn flokk. Þá voru ekki eftir aðrir en milliflokksmennirnir, sem voru tveir læknar. Þeir tóku upp aðalstefnu þá, sem felst í þessu frv. Þeir álita nauðsynlegt að lækka húsaleiguna mikið og álitu ekki gagn að öðru en mati. En þeim þótti 12% of lágt. Þeir álitu ekki um annað en fasteignamat að gera, en aðeins spurning um hundraðsgjaldið. Á úrslitafundinum um þetta í bæjarstjórninni komu þessir tveir menn því með tillögu um það, að gerð skyldi reglugerð fyrir bæinn, bygð á fasteignamatinu, en sú tillaga var feld af tveim aðalflokkunum. Þó var einn maður úr íhaldsflokknum með læknunum í þessu máli, maður, sem mun hafa verið einn af aðalstuðningsmönnum hv. 4. landsk. þm. (JM) í sumar, Jón Ólafsson framkvæmdarstjóri. Jeg get þessa, til að sýna, að í liði form. allshn. eru þó til menn, sem vilja, að húsaleigan lækki. Þessi maður er einn af stærstu atvinnurekendum í bænum og mun hafa sjeð, hver þröskuldur húsaleigan er fyrir atvinnulíf landsins. Eftir að stóru flokkarnir höfðu felt þessa tillögu, dó málið skaplega, því að tillagan um mat, miðað við kostnaðarverð, var líka feld, svo nú liggur ekkert fyrir um málið hjá bæjarstjórninni.

Jeg býst við, að nú verði skorið úr því, hvort deildin telur rjett að láta frv. ganga til 3. umr. og fá nauðsynlegar breytingar, t. d. um það, hvernig húseigendur geti losað hús sín. Þótt jeg þykist vita, að deildarmenn sjeu fyrirfram ákveðnir, hvernig þeir greiða atkvæði, og þýði ei að reyna að sannfæra þá, þykir mjer hlýða að færa fram nokkur rök gegn því að vísa málinu nú til bæjarstjórnar.

Það er þá fyrst, að aðrir kaupstaðir en Reykjavík þurfa að lækka hjá sjer húsaleigu. Í öðru lagi getur bæjarstjórnin ekki litið óhlutdrægt á þetta mál, og í þriðja lagi hefir það sýnt sig, að bæjarstjórnin vill ekkert gera í þessu máli, eða það, sem hún vill gera, er einskisvirði. Í fjórða lagi má telja, að bæjarstjórnin álíti sér misboðið með því að ætlast til að hún fari á ný að hringla í máli, sem hún er nýbúin að fella. Það er bannað í þingsköpum Alþingis að taka upp mál á sama þinginu, sem búið er að fella. Þó þess sje nú ekki getið í regulgerð bæjarstjórnarinnar, mun reglan vera sú, að hún tekur ógjarna upp, sama árið, mál, sem einu sinni er búið að fella. En aðalatriðið er þó það, að það hefir sýnt sig, að bæjarstjórnin vill ekki lækka húsaleiguna, og að vísa málinu til hennar er sama og drepa það alveg. Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta að svo stöddu.

Frsm. (Jón Magnússon): Okkur hv. flm. (JJ) greinir ekki svo mikið á um það, að húsaleigan sje of há. Jeg býst við, að flestir viðurkenni það, að hún sje óhæfilega há í mörgum tilfellum. Grundvallaratriðið fyrir mjer og okkur í allshn. er það, að við teljum þetta bæjarmál, og jeg hefi ekki annars heyrt það

efað, að svo sje. Því bærinn á heimting á að skipa málum sínum, enda er slíkt boðið í stjórnarskránni. Sú leið, sem nefndin leggur til, að farin verði, er hin almenna. Hitt er auðvitað, að það getur haft þýðingu fyrir landið, hvernig þessu máli er skipað, en hjá því verður ekki komist, að þetta er bæjarmál og heyrir undir bæjarstjórnina. Ef þetta frv., sem hjer er á ferðinni, næði fram að ganga, yrði það til þess, eins og hv. flm. viðurkendi, að húseignir lækkuðu í verði, ekki frá því, sem þær voru, er þær stóðu sem hæst, heldur frá því, sem kosta mundi að byggja nú. Háttv. flm. hjelt því fram, að það munaði ekki miklu fyrir bæinn, því að flest hús í bænum hefðu verið bygð áður en verðhækkunin átti sjer stað. En svo er ekki. Eftir því sem borgarstjóri hefir skýrt mjer frá, voru bygð og virt til brunabóta í Reykjavík 64 hús árið 1919, virðingarverð um 14000000 kr., 137 hús árið 1920, virðingarverð um 4100000 kr., 155 hús árið 1921, virðingarverð um 4000000 kr., 117 hús árið 1922, virðingarverð um 1800000 kr., og 29 á þessu ári, virðingarverð um 600000. Virðingarverð er talið eins og það er nú, eftir síðustu virðingu, en ekki eins og það var, er húsin voru bygð, og byggingarkostnaður hefir því verið meiri. Alls er brunabótavirðingin á framangreindum húsum tæpar 12 miljónir, en allar húseignir bæjarins virtar nú nálega 47 milj. króna. Þannig nemur virðingarverð framantaldra nýbygðra húsa rúmum ¼ allra húseignanna.

Þá er þess að gæta, að fasteignamatið er mjög lágt, borið saman við brunabótavirðingarnar. Brunabótavirðingarnar eru hjer um bil 47 miljónir, en fasteignamatið 23 miljónir. Það er því auðvitað, ef taka á ákveðið hundraðsgjald, þá verður að fara hátt frá fasteignamatinu, því ósagt er, að það verði nokkurn tíma svo lágt virt sem fasteignamatið. Ef hundraðsgjaldið er tekið sanngjarnt, þá getur það orðið tvíeggjað sverð. Það gæti orðið til þess, að húsaleigan hækkaði yfirleitt.

Það er vitanlegt, ef húsaleiga lækkar að miklum mun, niður fyrir það verð, er nýbygð hús kosta, þá dregur það úr byggingum í bænum. Háttv. flm. gat þess, að með því væri lítill skaði skeður; þá flyktust menn ekki svo mjög til bæjarins og þá yrði atvinnan meiri tiltölulega. En það verður að taka tillit til þeirra, sem hjer eru nú. Húsnæðisvandræðin eru afskapleg; hjer er hrúgað svo saman sumstaðar, að því trúa ekki aðrir en þeir, sem sjá. Það er rjett hjá hv. flm., að húsaleigan er nú ekki mikið lægri en þegar hún var hæst. Kvað hann leiða af því, að ýmsir embættismenn yrðu hart úti, og yrði því að hækka við þá dýrtíðaruppbót sökum þess. En jeg hygg, að embættismenn eigi margir húsin, sem þeir búa í.

Þá hefir verið talað um það, að verkakaup lækki, ef húsaleigan lækkar. En jeg verð að efast um það. Það er margt fleira, sem hjer er dýrt en húsaleigan, sem hefir áhrif á verkakaupið. Jeg hygg, að það yrði ekki mikil breyting á því, þótt húsaleigan lækkaði.

Háttv. flm. talaði um verðlag á kjöti og fiski. Það er hjer hærra en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Svona er það og verður, af skiljanlegum ástæðum. Jeg skal viðurkenna, að húsaleigumálið er vandræðamál, og það er rjett hjá hv. flm., að það mun ekki vera hægt að fá sæmilegt herbergi fyrir minna en 40—50 kr. á mánuði. En ágreiningur-

inn er þessi: Jeg stend fast á því, að þetta sje bæjarmál, og ríkisvaldinu sje ekki rjett að svifta bæinn valdi til þess að skipa málum sínum. Mjer er óskiljanlegt, að þetta sje fremur landsmál en svo mörg önnur mál. Jeg hefi áður nefnt hjer annað mál, höfnina í Reykjavík, sem er tvímælalaust bæjarmál, þótt hún hafi mikla þýðingu fyrir land alt. Svona mætti lengi telja.

Engar umkvartanir hafa heyrst frá Ísafirði. Þar er líka há húsaleiga. Er þá og heldur ekki vert fyrir þingið að vera að skifta sjer af þeim, því auðvitað fengju þeir heimildarlög, ef þeir óskuðu þess.

Þá talaði hv. 5. landsk. þm. (JJ) um, að bæjarstjórn Reykjavíkur væri misboðið með því að ætlast til, að hún taki þetta mál upp aftur. Jeg sje nú ekki, að svo sje. Að minsta kosti telur Alþingi sjer það vel sæma að gera slíkt. T. d. er mál fyrir þinginu nú, sem hefir verið 4 eða 5 sinnum áður og tekið upp hvað eftir annað. Jeg met því þessa ástæðu ekki mikils.

Jeg held, að mælikvarði sá, sem að minsta kosti hluti bæjarstjórnarinnar leggur til grundvallar í þessu máli, eða núverandi byggingarverð, sje eðlilegur frá bæjarstjórnarinnar sjónarmiði, því þeirra krafa er, að bygt verði, svo menn geti fengið sæmilegar íbúðir. Jeg sje ekki, hvað það kemur málinu við, þó sumir þeir, sem hafa stutt mig við kosningar, sjeu á annari skoðun en jeg.

Háttv. þm. (JJ) talaði um, að erfitt væri að fá gamla lögfræðinga til að falla frá sínum föstu skoðunum. En hann þarf ekki að undra, þótt jeg fylgi þeirri stefnu í þessu máli, sem hefir ríkt fram á þetta þing.

Þá sagði háttv. þm. (JJ), að húsaleigulögin fjellu burt næsta vor. En þetta er ekki rjett, það eru aðeins heimildarlögin, sem falla úr gildi í sumar, en húsaleigulögin standa til 1924, í framkvæmd til 1. okt. þess árs, en innan þess tíma kemur Alþingi aftur saman.

En bæjarstjórn sýnist mjer ekki ætti að þurfa mikið meira en 2 ár til að hugsa um reglugerðina.

Jónas Jónsson: Það er aðeins smáathugasemd. Aðallega greinir á milli um tvö atriði: hvort það er bæjarmál eða landsmál og hvort málið er stórt eða smátt. Ef mjer fyndist þetta lítið mál, þá mundi jeg ekki fylgja því svo fast fram. Og ef hv. 4. landsk þm. (JM) fyndist það stórt, þá myndi hann væntanlega vilja athuga það betur.

Af orðum sama hv. þm. (JM) má ætla, að honum finnist þetta eingöngu bæjarmál. En jeg býst þó varla við, að honum finnist þinginu óleyfilegt að skifta sjer af því, hvernig bæjar- eða sveitarfjelögin ráða málum sínum, þegar um stórmál er að ræða. Enda er það oft gert, þegar svo stendur á. Má nefna dæmi þess frá vatnsorkulögunum. Ef vatn er virkjað af einu sveitarfjelagi í landi annarar sveitar, þá getur sú sveit, sem landið á, sýnt hinni svo mikið ranglæti, að ekki er viðunandi. Verður þá ríkisvaldið að grípa inn í, svo málið verður þjóðmál. Dæmi þessa er frá rafveitunni hjer í Reykjavík.

Aðalatriði þessa máls virðist ekki ná djúpt inn í hv. frsm. (JM), t. d. það, að bæjarstjórnin er alls ekki líkleg til að gera neitt, sem gagn er að, í þessu máli.

Viðvíkjandi því, að bærinn eigi að ráða sínum málum, þá má geta þess, að ekki er líklegt, að frv. um bæjargjöld, sem bæjarstjórnin lagði fyrir hv. Nd.,

komist gegnum þá deild. Sýnist þó bæ-rinn mega vera sjálfráður um það, hvern-ig hann leggur óhjákvæmileg gjöld á bæjarbúa, hvort heldur með beinum sköttum eða eftir niðurjöfnun.

Þá kom fram hjá hv. frsm. (JM), að húsaleigan yrði að miðast við núver-andi byggingarkostnað. Með því sýnir þm., að hann lítur á stundarhagnað hús-eigenda, en ekki á þjóðarþörfina.

Háttv. 4. landsk þm. (JM) hafði ekki skilið mig áðan, er jeg talaði um lækk-un afurðanna. Jeg átti við útflutnings-verð, en ekki við útsöluverð hjer í bæn-um, er jeg sagði, að fiskur hefði lækk-að um helming, en kjöt um ¾. Er því skiljanlegt, að framleiðendum veitist erfitt að borga það kaup, sem þolir húsaleiguna, sem er nærri eins há og hún varð hæst.

Það er kenning sósíalista og fleiri, að verði húsaleiga lækkuð niður fyrir núverandi byggingarverð, þá verði ekk-ert bygt. En sumir halda því fram, að þá verði meira bygt.

Þá er annað atriði, að þessir kumb-aldar uppi í holtum eru aðeins fyrir eina fjölskyldu. Þar hefir hver bygt yfir sig og hefir enga leigjendur. Þeir biðu því engan skaða við takmörkun húsa-leigu.

Viðvíkjandi húsaleigu á Ísafirði er það að segja, að þm. þess kjördæmis (JAJ) símaði til bæjarstjórnarinnar þar og spurði hana að því, hvort Ísfirðing-ar vildu fá heimildarlög. En þeir svör-uðu því, að þeir vildu heldur þetta frv. og að það yrði að lögum. Því hefir þm. Ísfirðinga ekki borið fram frv. í þessa átt, að hann vænti þess, að þetta frv. verði að lögum.

Aðalatriðið er nú samt, eftir alt sam-an, ekki það, hvort þetta er bæjarmál eða landsmál, heldur hver nauðsyn það er atvinnuvegunum, að toppurinn sje stýfður af húsaleigunni. Það er ekkert á móti því, að dýr hús falli í verði, eins og alt annað, sem verður að lækka. Gömlu húsin standa í fullu gildi með 12% leigu, og því fremur, ef hámarkið yrði sett eitthvað hærra.

Ef skoðun þeirra manna, sem ekkert vilja gera, sigrar, þá verður sennilega krafist að bæta upp laun lægst launuðu embættismannanna hjer í Reykjavík og máske víðar. Jeg átti nýlega tal við embættismann, sem hv. 4. landsk. þm. metur mikils, og álit hans var það, að þingið yrði að veita embættismönnum hjer, þeim sem eru leigjendur, stórt lán til að byggja yfir sig, ef frv. næði ekki fram að ganga.

Ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, leiðir það að líkindum til þess, að ríkið verður að veita húsaleigustyrk til meiri hluta starfsmanna sinna.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get ekki látið þetta frv. svo hjá mjer fara, að segja ekki um það nokkur orð frá sjálfum mjer. Jeg var „skotinn“ í frv. þessu fyrst, þegar það kom fram, og jeg get hugsað að eitthvað svipað komi fram síðar, ef bæjarstjórnin gerir ekk-ert í málinu. En jeg hefi hallast að því, að þetta sje fyrst og fremst bæjar-mál, og því vil jeg gefa bæjarstjórninni tækifæri til að koma því í horf. Að vísu horfir ekki vænlega um, að bæj-arstjórnin geri nokkuð, en hjer er verið að herða á henni til að nota þá heimild, sem hún hefir til að takmarka húsa-leiguna. En jeg sakna eins, sem átti að koma fram í þessu máli, og það er áhugi hjá leigjendum hjer í bænum. Frá þeim hefir ekkert heyrst, en þvert á móti hafa

húseigendur stofnað fjölment mótmælafjelag.

Jeg hefi átt tal við einn foringja verkamanna um þetta. Þar var enginn áhugi fyrir þessu frv., heldur þvert á móti. Þetta þótti mjer undarlegt, og hefir það áhrif á atkvæði mitt í þetta sinn. En geri bæjarstjórnin ekkert, þá álít jeg, að þingið verði að taka málið upp síðar.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg skal ekki verða mjög langorður.

Þar sem um það er þráttað, hvort þetta er bæjarmál eða landsmál, þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 72 gr. stjórnarskrárinnar, en þar stendur svo: „Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“ Sveitarfjelögin eiga því sjálf að ráða sínum málefnum eftir þeim lögum, sem um það eru sett.

Það er rjett, að þetta er stórt mál, en það er aðallega fyrir Reykjavík. Það var enginn misskilningur hjá mjer um kjötverðið, því það, sem jeg sagði, var miðað við þörf verkamanna til hærra kaups.

Jeg er alveg sannfærður um, að húsaleigan lækkar áður langt líður af sjálfu sjer.

Það má vel vera, að háttv. 5 landsk. þm. (JJ) þekki það, að fátæklingarnir hafi bygt eingöngu yfir sig og búi einir í húsunum án þess að leigja öðrum. Jeg þekki það ekki, þeir munu flestir leigja öðrum líka.

Þegar afskrifað er, þá er ekki talað um meiri afskrift en niður í það verð, sem er á hlutnum þegar afskrifað er.

Jeg skal svo ekki tala meira í þessu máli, en vona, að þessar umr. geti sparað umr. um næsta frv.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, JJ, KE, SJ, EÁ, HSt.
nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK.
Tveir þm. (GGuðf, SE) fjarstaddir.

19

10. Vitabyggingar.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um vitabyggingar (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Eins og kunnugt er hafa verið samin og samþykt ekki alls fyrir löngu heildarlög um síma og brýr hjer á landi. Það lá því nærri að vænta þess, að slíkt frv. sem þetta yrði á næstunni lagt fyrir þingið. Því fylgir sá kostur, að með því næst betra heildaryfirlit (System) í þessum málum. Sá galli er hins vegar þó á þessu frv., eins og á lögunum um síma og brýr, að það fer eins og þau gersamlega utan við fjárlögin. Verður afleiðingin sú, að oft hlýtur að koma fram stórkostlegur tekjuhalli í raun og veru á árinu, því að útgjöldin koma fram á landsreikningnum á sínum tíma, en tekjur engar, nema lán einhverntíma fyrir löngu, sem oft hefir verið eytt til ann-

ars en ætlast var til. Er slíkt mjög óviðfeldið og getur enda orðið hættulegt, að þingið hafi ekki vald á öllum stærri útgjalda- og tekjuliðum ríkissjóðsins. Verða fjárlögin í raun rjettri með þessu móti fölsk. Rjett á litið ættu öll gjöld og tekjur ríkisins að koma fram í fjárlögunum eða fjáraukalögunum. Þetta mætti þó laga með því að setja tekjumegin þá upphæð af teknu láni árlega gegn útgjöldunum; á þennan hátt hyrfi þessi halli og þingið fengi tækifæri til að athuga hvern útgjaldalið á samgöngutækjum fyrir sig, eins og vera ber.

Þetta mál kom fyrir þingið í fyrra og var vel tekið, en vísað til landsstjórnarinnar til frekari undirbúnings. Er það nú fram komið í annað sinn fyrir áskorun þingsins og vitamálastjóra. — Skal jeg leyfa mjer að leggja það til, að því, að umr. lokinni, verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 80).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í máli þessu; get jeg vísað til greinargerðar frv. og nefndarálitsins á þskj. 80. Það munu og allir viðurkenna, sem kunnir eru strandferðunum, að víða er enn þörf á vitum, og ekki hvað síst verða strandferðirnar hættulegar á vetrin og haustin fyrir þá sök, hve vitakerfið er enn þá skamt komið og ófullnægjandi. En þegar til þess kemur, að þetta dýra vitakerfi verði komið í viðunanlegt horf og þar með gert mögulegt að halda uppi sæmilegum strandferðum alt árið, þá vaknar fyrst spurningin um það, hvað mikið oss sje unt að leggja af mörkum til þess árlega. Eins og frv. bendir til, er það ekki ætlunin að láta sitja við það, sem ríkissjóður getur lagt til hvert sinn, heldur einnig að taka lán til þeirra framkvæmda. Liggur þá næst að athuga, hvað stóru láni ríkissjóður geti annað án þess að taka sjer of nærri.

Nefndin hefir nú einungis breytt ákvæðinu í 3. gr. frv., og hefir hún með því viljað reisa skorður við því, að ráðist yrði í verkið með svo miklum árlegum framlögum, að ríkissjóður ætti erfitt með að standa straum af því, og ætlast nefndin til, að miðað verði við það, að árlegir vextir og afborgun lánsins fari eigi fyrst um sinn fram úr afgangi vitagjaldsins af rekstrarkostnaði vitanna. Samkvæmt því leggur hún til, að framkvæmd verksins taki 12 til 16 ár. Munurinn á vitagjaldi og rekstrarkostnaði er nú um 50 þús. kr., sem minkar auðvitað þegar fram í sækir og vitunum fjölgar. Vitamálastjórinn lagði það til í fyrstu, að verkið yrði unnið á 8—10 árum, en taldi þó framkvæmd þess hæfilega sniðinn stakkur á þennan veg.

Við 4. gr. frv. hefir nefndin komið með lítilfjörlega brtt., og mun hún öllum auðskilin. Er ekki nema eðlilegt að gera ráð fyrir því, að breyta þurfi um legu einstakra vita, svo sem frv. ráðgerir, en nefndin hyggur, að jafngild ástæða geti orðið til að breyta l j ó s m a g n i þeirra, og bætir því við.

Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta,

býst líka fastlega við, að frv. fái góðan byr í deildinni. Það lá fyrir þingi árið 1917 og fjekk þá góðan undirbúning og viðtökur, þótt frestað væri þá afgreiðslu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er aðeins fátt, sem jeg þarf að taka fram um þetta mál. Nefndin hefir tekið ágætlega í frv. og ekki breytt því neitt verulega. Hvað viðvíkur breytingunni í 3. gr. frv., þá er það hvorttveggja, að hún er ekki mikil, enda sýnilegt, að ekki muni takast að byggja vitakerfið á 8—10 árum. Hefir og vitamálastjóri fallist á þetta.

Sama er að segja um breytinguna á 4. gr., um ljósmagnið, að það er álitið rjettara að hafa það á valdi stjórnarinnar að ákveða bæði legu og ljósmagn, ef þurfa þykir.

Um rekstrarkostnaðinn, sem af þessu frv. mundi leiða, er það að segja, að hann fer varla mikið fram úr því, sem vitagjaldið er. Það er nú um 160 þús. kr., en rekstrarkostnaðurinn um 150 þús. kr. Að öðru leyti þarf jeg ekki að fjölyrða um málið, en vil aðeins mæla með því við hv. deild, að frv. fái að ganga greiðlega hjer í gegn.

Jón Sigurðsson: Jeg vildi aðeins skjóta hjer inn í örfáum orðum, áður en mál þetta fer til 3. umr., og þó ekki til þess að mótmæla frv., heldur til hins, að benda á eitt atriði, sem mjer virðist verulega varhugavert, og háttv. nefnd ætti að taka til nánari yfirvegunar. Með frumvarpi þessu er haldið áfram á þeirri braut, sem lagt var út á, þegar brúarlögin og að nokkru leyti símalögin voru samþykt, en það er vægast sagt varhugaverð braut. Þingið er í raun og veru að draga úr höndum sjer fjárveitingavaldið á þessum sviðum og afhenda það stjórninni og aðstoðarmönnum hennar. Það kemur sannarlega úr hörðustu átt, að þingið geri sig þannig ómyndugt, eða fari með sjálft sig sem óvita. Jeg er með þessu ekki að amast við því út af fyrir sig, að stjórnin eða sjerfróðir ráðunautar hennar ráði því, í hvaða röð vitarnir eru bygðir — á því hafa þeir betur vit — en jeg held fast við það, að þingið eigi að ráða því, hve miklu fje skuli árlega varið til vitabygginga, eins og annara framkvæmda yfirleitt. Ef þingið getur ekki haft hönd í bagga með þessu, getur vel farið svo, að miklum mun meira fje verði varið til vitabygginga en heppilegt væri á næstu árum. Jeg vík þessu til háttv. samgöngumálanefndar til athugunar, og vona, að hún geti gengið inn á þetta, en að öðru leyti skal jeg ekki fara út í einstök atriði málsins.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal aðeins geta þess, út af ræðu háttv. 2. þm. Skagf. (JS), að jeg tók þetta fram sjálfur mjög greinilega við 1. umr. málsins hjer í deildinni. (JS: Jeg var þá ekki viðstaddur). Jeg taldi einmitt vafasamt, hvort jeg ætti að leggja frv. fram eins og það er, af því að farið er út fyrir fjárveitingarvaldið, en þótti þetta þó ekki ógerlegt, þar sem búið var áður að gera slíkt hið sama með brýr og síma. Jeg benti einnig á það, að taka mætti samskonar upphæðir upp tekjumegin í fjárlögin á hverju ári, og getur þá þingið þar með ráðið fyrir málinu í einstökum atriðum, en frv. hins vegar skapað betra heildaryfirlit um vitakerfið yfirleitt.

Jón Þorláksson: Jeg verð að taka undir með hv. 2. þm. Skagf. (JS), og

er þá jafnframt gott til þess að vita, að hæstv. stjórn hefir verið þetta sama ljóst. En það er stefna, sem full nauðsyn er á að vara alvarlega við, þegar þingið hefir ekki lengur tök á fjárhagsmálum landsins og stjórninni eru heimilaðar allskonar framkvæmdir, sem fje þarf til, með öðrum lögum en fjárlögunum. En það er bæði eðlilegt og sjálfsagt, að láta þetta alt — einnig vitana — koma fram í fjárlögunum sjálfum, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) tók líka fram. En það væri líka jafnframt rjett, að þetta kæmi skýrt fram í vitalögunum sjálfum, að lántökur til vitabygginga skyldu teknar upp í fjárlög hvers árs, og ætti nefndin, sem með þetta fer, að athuga þetta.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Aðfinsla háttv. 2. þm. Skagf. (JS) kemur mjer að vísu ekki á óvart. Þessi varnagli um ákvörðun þingsins í hvert sinn, um fjárupphæðir til vitanna, hefir tvívegis verið athugaður í nefnd: í sjávarútvegsnefnd 1917 og nú í samgöngumálanefnd. Má segja ýmislegt bæði með og móti því skipulagi, að taka vitafjárupphæðirnar árlega í fjárlögin. Hins vegar er samanburðurinn, sem hjer hefir verið gerður milli þessa vitalagafrv. annars vegar og síma- og brúarlaganna hins vegar, ekki rjettur, því að símalögin gera ráð fyrir, að Alþingi ákveði í hvert sinn fjárframlög til símabygginga, en um brúarlögin er það aftur á móti rjett, að þau fá stjórninni einræði um fjárframlögin.

Jeg held nú reyndar, að þessi ákvörðunarrjettur þingsins um fjárframlögin felist í brtt. nefndarinnar á þskj. 80, ef vel er að gáð, og svo hefir nefndin litið á. Till. bindur við borð árafjöldann til vitabygginganna, og þá um leið að miklu leyti þá árlegu fjáreyðslu. Aðalatriðið er hjer það, að láta ekki óþarfan reipdrátt milli sýslna eða sveita hamla framkvæmdum vitabygginganna í þeirri röð, sem rjettast væri og sanngjarnlegast að framkvæma þær, og fyrir það á að vera nægilega girt með frágangi þeim, sem nú er á frv. Hins vegar get jeg ekki um það sagt, hvort nefndin vill taka upp nýjar breytingar á frv. Þetta má bera undir hana af nýju, og komi fram mjög eindregin ósk um það frá deildinni, þá tel jeg líklegt, að hún athugi málið af nýju, þótt hún telji umræddan rjett þingsins sæmilega trygðan með brtt. á þskj. 80.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 80, 1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 80, 2 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 116).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 116).

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg býst eigi við, að það þurfi langan formála um þetta mál, og jeg læt mjer því nægja að vísa til frv. sjálfs og athugasemdanna við það. Frv. var í samgöngumálanefnd í hv. Nd., og gerði hún aðeins lítilsháttar breytingu við það, sem sje við 3. gr., viðvíkjandi láni því, sem ætlast er til, að stjórnin fái til þess að byggja fyrir vita, og þannig er frv. komið fyrir þessa hv. deild. Jeg skal geta þess, að jeg tel það álitamál, hvort rjett sje að halda áfram þeirri stefnu að búa til heildarlög um brýr og síma og vitabyggingar, og þannig, að byggingar þessar verði framkvæmdar fyrir lán, sem til þeirra yrðu tekin, og sá kostnaður því alveg utan við fjárlögin. Þetta tel jeg alls ekki rjett, því jeg álít, að öll útgjöld landsins eigi að koma fram í fjárlögum eða aukafjárlögum. Þetta mætti laga með því, að tekjumegin sje sett upphæðin af láninu, sem varið er á hverju ári til vitabygginga, en gjaldamegin útgjöldin við vitabyggingarnar á sama ári. Þá koma upphæðirnar fram báðum megin í fjárlögunum, og þar með hefir þingið fengið íhlutunarrjett um það, hvernig fjenu skuli varið árlega. Annars tel jeg mikið unnið við lög, sem sjeu nokkurs konar heildaryfirlit yfir allar vitabyggingar, enda hefir hv. samgöngumálanefnd Nd. viðurkent það. — Jeg vænti þess, að frv. þetta fái góðan byr í þessari hv. deild, engu síður en í hv. Nd., og leyfi mjer að leggja það til, að því verði vísað til samgöngumálanefndar. Byggi jeg þá von mína, að frv. verði vel tekið, á því, að það er komið fram að tilhlutun Alþingis sjálfs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 116, n. 249).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg held, að jeg þurfi ekki að segja mikið þessu máli til skýringar, en læt mjer nægja að vísa til nefndarálitsins á þskj. 249. Nefndin treystist ekki til að leggja til, að veitt verði heimild fyrir svo mikilli lántöku til þess að byggja vita, þó að það sje auðvitað mjög áríðandi, að vitarnir verði bygðir sem flestir og sem fyrst.

Jeg segi svo ekki meira um þetta, en jeg vona, að hv. þm. hafi kynt sjer málið og sömuleiðis vona jeg, að hæstv. stjórn láti sjer vel líka, eftir því sem hæstv. atvinnumálaráðherra fórust orð þar um við 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi raunar fáu við að bæta það, sem jeg sagði í málinu við 1. umr. Breytingar nefndarinnar eru í sjálfu sjer allar óverulegar, nema 6. brtt., um að 3. gr. falli burt. Hvaða snertir 5. brtt., þá stafar hún sýnilega aðeins af prentvillu í frv. stjórnarinnar. Eins og jeg tók fram í Nd., þá býst jeg ekki við, að heimildin til lántöku yrði notuð fyrst um sinn, þótt hún stæði í lögum. Því að, þótt stjórnin vildi leita fyrir sjer með lán, þá er hæpið, að hún mundi geta fengið það nú. Það mundu sennilega líða nokkur ár, uns það væri hægt.

Af þessum ástæðum sje jeg ekki, hvers vegna 3. gr. má ekki standa, úr því að ákvæði hennar verða þó ekki notuð fyrst um sinn, og ekki fyr en eitthvað um hægist. Aðrar breytingar nefndarinnar eru, sem sagt, engar efnisbreytingar, og get jeg því ekki sjeð neitt athugavert við það, þótt þær verði samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 249, 1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 249, 2 samþ. án atkvgr.
— 249, 3 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 249, 4 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 249, 5 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 249, 6 (3. gr. falli burt) samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 249, 7 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 266, n. 306).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Um þetta frv. um vitabyggingar á þskj. 266 get jeg að mestu leyti vísað til framhaldsnál. á þskj. 306. — Eins og hv. deildarmenn munu sjá, hefir frv. orðið fyrir talsvert miklum breytingum í hv. Ed., eigi að eins að formi til, heldur einnig að efni. Með þessum efnisbreytingum hefir verið tekið á burtu það, sem var aðalatriði og tilgangur frv., sem sje að losa þingið við deilur og reipdrátt um byggingu einstakra vita. Samgmn. lítur öll svo á, að verði frv. samþykt í þeirri mynd, sem hv. Ed. hefir skilið við það, væri það gagnslaust og mundi í engu breyta því ástandi, sem nú er. Í því eru engin nýmæli, önnur en upptalning vitanna í 2. gr. Ákvæði 1. gr. eru óþörf, því að eins mundi farið að, þó að þau væru ekki lögfest, og ákvæði 4. gr. liggja í hlutarins eðli. Stjórnin getur hvenær sem er látið framkvæma þessar vitabyggingar jafnharðan sem Alþingi veitir fje til þeirra.

Nefndin áleit rjettast að gera eitt af tvennu, samþykkja frv. í þeirri mynd, sem þessi hv. deild skildi við það, eða afgreiða það alls ekki. Meiri hluti nefndarinnar telur rjettara að samþykkja frv. í sömu mynd sem áður. En þeir 2 hv. nefndarmenn, sem ritað hafa undir nál. með fyrirvara, hafa ekki gert það af þeirri ástæðu, að þeir væru óánægðir með frv. eins og það var áður en því var breytt í hv. Ed., heldur vegna þess, að þeir telja vonlítið, að frv. komist í gegn, ef það fer nú að hrekjast á milli deildanna. Meiri hl. telur ekkert gagn að lögfesta frv. eins og það er á þskj. 266, og álítur sjálfsagt að breyta því í hið fyrra horf, hvort sem það verður til þess, að frv. fjarar uppi í hv. Ed. eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 306, 1 (ný gr., er verður 3. gr.) samþ. með 16: 8 atkv.
— 306, 2 (3. gr. verður 4. gr.) samþ. án atkvgr.
— 306, 3 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15: 5 atkv. og endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 334).

Á 41. fundi í Ed., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg ætla mjer eigi að lengja umr., en nefndin hefir haft mál þetta til athugunar úr hv. Nd., og þar sem yfirlýsing hæstv. atvrh. (KlJ) er til um það, að eigi liggi á þessu máli nú sem stendur, þá leggur nefndin til, að frv. verði felt. Má altaf taka málið upp aftur, þegar nauðsyn er fyrir hendi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vildi aðeins leyfa mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, þar eð hæstv. atvrh. (KlJ) er eigi viðstaddur.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. aftur tekið til e i n n a r u m r. (A. 334, 387).

Karl Einarsson: Jeg vil aðeins gera þá athugasemd, að með brtt. minni á þskj. 387 er lagður hemill á framkvæmdir þær, er frv. þetta fer fram á.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það sjest á frv. eins og það nú liggur fyrir, að hv. Nd. er kappsmál að halda því óbreyttu, og gæti jeg fyrir mitt leyti mælt með því, að það yrði nú samþykt óbreytt. Jeg býst ekki við, að lán verði tekin til þessara framkvæmda, enda óvíst, að þau fengjust. En þar eð jeg þóttist þess fullviss, að hv. Ed. vildi ekki ganga að frv. í þessu formi, hafði jeg hugsað mjer að bera fram brtt. við 3. gr., í samráði við vitamálastjóra, um fasta og ákveðna takmörkun, sem þessi hv. deild gæti sætt sig við, og ætlaði því að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá. En nú er fram komin frá hv. þm. Vestm. (KE) brtt., sem fer fram á allmikla takmörkun (100 þús. kr. á ári). Get jeg fallist á hana og ráðið hinni hv. deild til að samþykkja hana. Annars verð jeg að endurtaka það, sem jeg hefi áður haldið fram, að jeg tel vafasamt, hvort slík lög ættu að vera til. En þar sem áður hafa verið sett samskonar lög um síma- og vegamál, er engan veginn óeðlilegt, að vitamálin komi á eftir. Jeg hefi hins vegar haldið því fram, að fje til vitabygginga ætti að tilgreina í fjárlögunum — og lán, sem tekin kynnu að vera til vitabygginga, skyldu talin þar tekjumegin. Er þá undir vilja þingsins í hvert skifti komið, hversu mikið fje skuli ganga til vitanna, en ekki eins og nú er með brúagerðir t. d., þar sem allar framkvæmdir eru fyrirfram ákveðnar með sjerstökum lögum.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg held, að nefndinni og hæstv. atvrh. (KlJ) beri

ákaflega lítið á milli. Nefndin telur vafasamt, að rjett sje að taka frá þinginu rjettinn til að ákveða í hvert sinn fjárframlögin til einstakra framkvæmda, eins og frv. gerir.

Takmörkun brtt. á þskj. 387 er ekki meira en svo heppileg. Oft gæti staðið svo á, að nauðsyn sje að verja meiru en 100 þús. kr. til vitabygginga. Auk þess gerir 3. gr. frv. ráð fyrir, að framkvæmdum þeim, sem ræðir um í frv., sje lokið á 12—16 árum. Tökum meðaltal, 14 ár, og nægja 100 þús. kr. árlega þá engan veginn. Aðalatriðið fyrir nefndinni er samt, að hún sjer ekki ástæðu til að samþykkja lög að sinni, ef þau eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 2—3 ár. Var fullfljótt ráðið að samþykkja samskonar lög um símamál og brúargerðir, og eru vítin til þess að varast þau. Jeg tel eðlilegast, að fjárveitinganefndir sjeu látnar fjalla um það í hvert skifti, hvernig fje skuli varið til framkvæmda, og mun nefndin þar í fullu samræmi við atvrh. (KlJ).

Karl Einarsson: Hæstv. stjórn hefir gert ráð fyrir, að framkvæmdir þær, sem frv. nefnir, muni kosta ca. 1700000 kr. Þessari upphæð hefi jeg skift niður í brtt. minni á hæsta tímabil, sem frv. nefnir (16 ár). En ef nota þarf meira eitt árið en annað, þá skýtur brtt. mín ekki loku fyrir það, sbr. orðin „nema sjerstaklega standi á".

ATKVGR.

Brtt. 387 feld með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SE, SJ.
nei: JM, SHK, BK, EÁ, GGuðf, HSn, IHB, HSt.

Tveir þm. (GÓ, JóhJóh) fjarstaddir.

Frv. **felt** með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SE, SJ.
nei: GGuðf, HSn, IHB, JM, SHK, BK, EÁ, HSt.

Tveir þm. (GÓ, JóhJóh) fjarstaddir.

11. Bifreiðaskattur.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 27. júní 1921, um bifreiðaskatt (þmfrv., A. 125).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg þarf ekki að hafa langar umræður um þetta frv. — Á þingi 1921 var mikið rætt um þennan skatt, og voru skoðanirnar þá mismunandi og átti frv. erfitt uppdráttar. Meiri hluti fjhn. lagði þá til, að frv. væri felt, (sbr. þskj. 422, 1921), og færði góð og gild rök fyrir, sem ennþá eru í fullu gildi, þó að frv. að lokum næði samþykki.

Sömu ástæður og þá voru færðar gegn frv. eru að vísu enn fyrir hendi, en jeg vildi þó eigi ganga svo langt nú að fella skattinn alveg niður, en fer aðeins fram á lækkun á skattinum af fólksflutningabifreiðunum.

Þær þrjár höfuðástæður, sem færðar voru til varnar frv. 1921, voru þessar:

1) Bifreiðarnar orsökuðu skemdir á vegunum,
2) Þær væru „luxus“ og
3) Skrásetning þeirra hefði í för með sjer talsverðan kostnað.

Um þetta er það að segja: 1. ástæðan, sem þótti veigamest þá, hefir nú að baki sjer nokkra reynslu, er sýnir, að bifreiðarnar skemma vegina lítið meira en ýms önnur farartæki, t. d. vagnar. 2. atriðið, að bifreiðarnar sjeu „luxus“, er einnig horfið. Einstakra manna bifreiðar eru úr sögunni, eða því sem næst, og yfirleitt má segja, að bifreiðar sjeu orðnar nauðsynleg farartæki. 3. ástæðan heldur sjer enn að visu, en ekki getur skrásetning bifreiða haft sjerlega mikinn kostnað í för með sjer, svo sú ástæða er veigalítil, og þarf ekki að hafa skattinn háan hennar vegna.

Skatturinn gerir ferðirnar dýrari, og er það óheppilegt hjer, þar sem svo er ástatt, að bifreiðaferðirnar útiloka ekki og keppa ekki við önnur farartæki, enda eru þær nauðsynlegar.

Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að mannflutninga- og vöruflutningabifreiðar borgi jafnan skatt, enda er munurinn á þeim orðinn svo lítill, þar sem vöruflutningabifreiðar flytja einatt fólk, og sumar beinlínis yfirbygðar fyrir mannflutninga. Þær eru að vísu óþægilegri fyrir fólk, en geta verið ódýrari, þar sem þær borga miklu lægri skatt og flytja fleira fólk í einu.

Önnur hlið þessa máls er sú, sem að ríkissjóði veit, hversu mikið tapast af skattinum, ef frv. þetta nær fram að ganga. Jeg veit nú ekki nákvæmlega, hverju skattur þessi nam árið sem leið, en eftir því, sem næst verður komist, þá hefir hann orðið um 22 þús. kr. En að gera áætlun um, hve miklu lækkunin myndi nema eftir frv. þessu, er ómögulegt, þar sem ekki er hægt að greina á milli þess, hvað vöruflutninga- og mannflutningabifreiðar hafa borgað. Það, sem fyrir mjer vakir, er það að lækka gjaldið, en fella það ekki burt, svo jafnan verði þó uppborinn sá kostnaður, er af skrásetningunni leiðir, og þó meira.

Jeg vil vona, að frv. þetta nái fram að ganga og að þeir, sem voru móti frv. 1921, geti orðið á það sáttir, að gjaldið sje lækkað niður í 2 kr. á hestafl. Vil jeg svo leggja til, að frv. gangi, að aflokinni umr., til fjárhagsnefndar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg stóð upp af því að ummæli háttv. flm. (GGuðf) voru ekki sem allra vinsamlegust í minn garð og þeirra, sem samþyktu bifreiðalögin 1921. Jeg heyri, að þetta er nákvæmlega sami sónninn og þá heyrðist. Háttv. flm. (GGuðf) sagði, að skemdir á vegum af völdum bílanna væri ímyndun ein. Hann gat þess þó, að þeir myndu ekki skemma mikið meira en önnur flutningatæki. — En þá vil jeg nú segja, að þeir skemmi vegina ekki alllítið, því mjer virðast vegirnir þannig, að skemdirnar á þeim sjeu ekki tómur hugarburður. Þeir eru víða sundurgrafnir og stórskemdir. Það kom greinilega fram í umr. um þetta mál á þinginu 1921, að dýrara væri að ferðast á hestum en í bílum. Finst mjer því, að þessi skattur komi ekki svo tilfinnanlega niður á ferðamönnum nje bílunum, að þörf sje að fella hann niður þess vegna, því þar sem bílarnir gátu þá kept við hesta, og síðan hefir taxtinn verið færður stórum niður, sjest ljóslega, að hjer er ekk-

ert í vegi. — Og þegar litið er á það, að skatturinn gengur til þess að bæta og auka vegi, sem bifreiðar geta gengið um, þá ætti hann að borga sig fyrir alla hlutaðeigendur.

Fyrst ástæðurnar eru svona góðar nú, þá vona jeg, að meiri hluti hv. deildar fallist ekki á frv. þetta. En hins vegar get jeg sýnt því þá kurteisi að greiða atkv. með því til 2. umr., einkum þar sem hv. flm. (GGuðf) gerði það að tillögu sinni, að því yrði vísað til nefndar, sem jeg er í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til fjárhagsnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 125, n. 212, 247).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv. þetta, til viðbótar því, er tekið er fram í nefndarálitinu.

Lögin um bifreiðaskattinn eru enn ekki orðin 2 ára gömul; skatturinn hefir aðeins einu sinni verið greiddur samkvæmt þeim. Því má segja, að reynslan sje enn eigi orðin löng.

Það hefir verið kvartað undan þessum lögum af hálfu bíleigendanna. En það er nú ekkert óvanalegt, að kvartað sje undan gjöldum af hálfu þeirra, sem eiga að greiða þau, einkum ef þeir eru nálægir þessum stað.

Við 1. umr. var vitnað í skjal frá bíleigendum. Jeg hefi nú athugað það. Af því má sjá, að síðan lögin gengu í gildi, hefir bílataxtinn lækkað mikið, eða um 20%. Get jeg ekki dregið aðra ályktun af því en þá, að bifreiðarnar sjeu orðnar of margar. Samkepnin sje svo mikil, að bifreiðataxtinn hafi verið lækkaður, og verði máske lækkaður enn. En þetta er bara af því, að bílarnir eru orðnir of margir, samanborið við flutningaþörfina. Þetta sannar því ekki, að skatturinn sje of hár.

Þá hefir enn fremur verið sagt, að það væri órjettlátt, að fólksflutningabílar greiddu 8 kr. af hestorku, en vöruflutningabílar aðeins 2 kr. af hestorku, þar sem vörubílarnir væru einatt notaðir til mannflutninga. En jeg sje nú ekki, að þetta sje nein ástæða. Mjer virðast lögin segja það skýrt, að þær bifreiðar, sem notaðar eru til mannflutninga, teljist líka til þess flokks. Þannig mundi og fara með þær vöruflutningabifreiðar, sem breytt er í mannflutningabifreiðar.

Jeg ætla aðeins að minnast lítils háttar á þessar breytingar, sem 2 háttv. deildarmenn hafa komið með. Fjárhagsnefnd hefir nú haft þær til meðferðar, og höfum við ekki sjeð okkur fært að taka þær til greina. Lögin eru þannig úr garði gerð, að okkur hefir ekki fundist ástæða til slíkra breytinga. Nefndin leggur mest upp úr því, eins og deildin vonandi líka, að gjaldið virðist ekki mjög tilfinnanlegt og kemur beinlínis bifreiðaeigendum að notum, þar sem því fje er varið til vegagerða og umbóta á vegum fyrir bifreiðar.

En ef vegum, sem bifreiðar fara um, er ekki haldið við, mundu þeir bráðlega verða illfarandi og skemdir á bifreiðum

tíðar og miklar. Ef, aftur á móti, þeim væri fljótlega komið í lag, þá myndi verða mun minna um skemdir og bílarnir endast miklu lengur.

Það hefir ekki enn þá verið sannað, að það sjeu ekki einmitt bifreiðarnar, sem skemma vegina allramest; og þá væri ekki nema ósköp sanngjörn krafa, að eigendur þeirra legðu eitthvað af mörkum sjerstaklega, til þess að halda þeim við. En mönnum er nú svo gjarnt að fjölyrða um mál hjer í þinginu, að jeg ætla að ljúka máli mínu, enda býst jeg við, að aðra langi til að fá orðið. Jeg vil bara leyfa mjer fyrir hönd fjhn. að leggja til, að brtt., ásamt frv., sjeu feldar.

Jónas Jónsson: Mig langar til að segja nokkur orð um brtt. þær, sem jeg og hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) komum fram með.

Jeg er alls ekki viss um, að öllum sje ljóst við fyrsta yfirlestur, að í brtt. er fólgið nýmæli, einkarþarft og gott, að svo miklu leyti, sem jeg get sjeð, og vel þess vert, að þingið taki tillit til þess.

Það ber jafnvel nokkurn árangur, þótt ekki nái það fram að ganga að þessu sinni. Það er vitanlega rjett hjá hv. 1. þm. Húnv. (GÓ) — enda hefi jeg ekki mælt á móti því — að sje bifreiðaskattinum varið í að bæta vegi, þá verði það til að hjálpa bifreiðaeigendum. En samt er einn galli á þeirri hugsun að skatta bifreiðar, sem eru nú að verða, sjerstaklega á Suðurlandi, alveg ómissandi samgöngutæki. Þessi skattur er ekki rjettlátur, þar sem annarsstaðar er hlaupið undir bagga með ýmsum samgöngufyrirtækjum öðrum, eins og t. d. að láta „Svan“ á Breiðafirði hafa 20 þúsundir, til að verjast tekjuhalla. Þvert á móti ætti þá að skatta öll samsvarandi samgöngutæki, því að bátarnir á Breiðafirði, Djúpinu vestra og víðar gera þar alveg sama gagn og bifreiðarnar hjer. Það, að leggja ekki skatt á nema sjerstakar tegundir farartækja, úr því farið er að skatta sumar þeirra, er ósamræmi og alveg hugsunarrangt. Nú nýverið hafa verið gerðar umbætur á bifreiðum, sem ganga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Er það mjög mikilsvert atriði, því að áður nam fargjaldið með bifreiðum þann vegarspotta 3 kr. fyrir sætið, — seinast í haust var það víst 2,50 kr. Nú finnur maður nokkur í Hafnarfirði, að jeg hygg, upp á því að breyta bílunum þannig, að þeir rúmi fleiri menn heldur en með hinu venjulega fyrirkomulagi. Með því að nota rúmið í bifreiðunum sem allra best, hefir fleira fólk getað komist fyrir í þeim, og við það hefir gjaldið lækkað úr 2,50 kr. niður í 1 kr. Nú nemur gjaldið ekki meiru en 10 aur. á hvern km. Ef bifreiðar þessar gengju austur yfir fjall í vor, mundi það fljótt spara Reykvíkingum og bændum á suðurláglendinu marga tugi þús. kr. Meira að segja er líklegt, að flutningsgjöldin myndu lækka svo mikið, ef ekki yrði gert of mikið að því að skatta þessi farartæki, að efamál er, hvort ódýrara yrði að ferðast, þótt hin fyrirhugaða járnbraut væri komin. Þess vegna vil jeg spyrja hv. fjhn.: Er sanngjarnt að leggja skatt á farartæki þessi, eða vex nefndinni það í augum, að bifreiðaeigendur geta loks boðið mönnum svo ódýrar ferðir? Auk þess eru þetta allranauðsynlegustu farartækin hjer sunnanlands, og væri ranglátt gagnvart íbúum þess hluta landsins að hamla notkun þeirra, þótt hjer ræði að vísu ekki um stórt spor í þá átt. Samhliða þessu

býst jeg þó við, að þingið leggi bráðlega margar miljónir í járnbraut fyrir það sama fólk.

Ef brtt. okkar verða samþyktar, þá lækka fargjöldin. Ef brtt. verða feldar, sem jeg verð líklega að gera ráð fyrir, þá vonast jeg til, að hv. fjhn. líti síðar mildilegri augum á málið, ef til tals kæmi að fá sjerstakan styrk úr ríkissjóði til fólksflutninga austur. Því að það er auðskilið, að ekki er eins arðvænlegt fyrir bifreiðaeigendur að halda uppi mannflutningum á 100 km. leið með afarlágum taxta eins og á styttri leiðum milli tveggja kauptúna, og eru ekki líkur til, að hægt sje að þrýsta taxtanum jafnlangt niður fyrir svo langa leið eins og hann er milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, nema með styrk úr ríkissjóði.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg hefi reyndar litlu að bæta við það, sem hv. 5. landsk. (JJ), hefir sagt. Jeg bjóst sast að segja við, að hv. fjhn. mundi taka betur í þetta mál en raun hefir á orðið; við höfum svo mikið slakað til, og jeg verð að segja, að sumu leyti meira en mjer líkaði. Hv. frsm. (GÓ) virtist ekki skilja, að það gæti komið til mála, að vöruflutningabifreiðar flyttu fólk án þess að komast undir hærri skatt, og aðalástæðan gegn frv. var það, að skatturinn kæmi bifreiðaeigendum sjálfum að notum. Það er náttúrlega rjett, en hjer er um svo litla upphæð að ræða. Það verður aldrei mikill skattur af einum 5 bifreiðum og ekki gerðir langir vegir fyrir þá upphæð. Jeg vil taka undir það með hv. 5 landsk. (JJ), að jeg vona, að deildin verði hlynt þessum flutningatækjum síðar meir, ef til styrks kæmi. Jeg ætla aðeins að bæta því við, að bifreiðar, sem ganga eftir föstum áætlunum, ættu að vera í lægri skattflokki en aðrar, þar eð þær eru oft tómar eða hálftómar aðra leiðina.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 5. landsk. (JJ) hjelt, að við hefðum ekki skilið brtt. Það er ekki rjett. Mjer eru þær fyllilega ljósar. 2. liður felur í sjer aðalbreytinguna. Hann hljóðar svo:

„Af mannflutningabifreiðum, sem selja hvert einstakt sæti tíu aura eða minna fyrir hvern km., greiðist 4 kr. fyrir hestorkuna."

Fjhn. skildi síður, hvernig eftirlitið ætti að verða, fyrir utan það, að hún taldi skattinn ekki of háan.

Hann talar um, að veittur sje styrkur bátafjelögum, en skattur lagður á bifreiðar. Það hefir nú heyrst fyr. Það verður önnur útkoma með bátaferðirnar; fjelögin flosna upp, þau geta ekki borið sig án styrks. Það er öðru máli að gegna með bifreiðar; þær bera sig með skatti.

Fyrir fólk, sem á langt í kaupstað, er orðið miklu ódýrara að ferðast í bifreiðum en á hestum. Svo er víðar langt í kaupstað en á Suðurlandi, og þar verða menn að ferðast á hestum og flytja alt á hestum. Hjer flytja bifreiðar þungavöru svo ódýrt, að mönnum finst ekki tilvinnandi að nota sína eigin hesta. Jeg vona, að hv. 2. þm. Rang. (G-Guðf) verði ekki ilt í höfði út af þessu, þótt hann hristi það, en þetta er satt. Hvað snertir þau fyrirheit, sem þessir tveir háttv. þm. vildu fá hjá deildinni, um styrk síðarmeir til bifreiðaferða, þá ætla jeg ekkert að blanda mjer í það að þessu sinni.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg ætla mjer ekki að vekja neinar stælur út af

þessu. En það er bygt á misskilningi hjá hv. 1. þm. Húnv. (GÓ), að ódýrara sje að flytja vörur á bifreiðum en á hestum austur yfir heiði. Það borgar sig ekki að láta bifreiðar flytja vöruna, þegar teknar eru 200 kr. fyrir tonnið, enda eru þær ekki notaðar alment til slíkra flutninga á þeirri leið.

Svo er það líka annað, sem hv. frsm. (GÓ) hleypur fram hjá. Bifreiðarnar eru látnar flytja fleira en þungavöru; það er fólk, sem þarf ýmist að fara í kaupstað eða til vinnu sinnar, t. d. í kaupavinnu o. s. frv. Annars man jeg svo langt, að það eru ekki allir í fjhn., sem hafa verið með því, að skattur væri sanngjarn, þótt nefndin hafi nú verið samdóma um það.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þótt einhver nefndarmanna h a f i v e r i ð á móti skatti — og það kemur málinu reyndar fjarska lítið við — þá sannar það ekki annað en það, að hann hefir síðan sannfærst um að skatturinn er sanngjarn. Og hvað það snertir, að menn flytji ekki vörur á bílum, þá segja aðrir þm. austan að, að þeir geri það.

ATKVGR.

Brtt. 247, 1.—3. feld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÁ, GGuðf, IHB, JóhJóh, JM, JJ.
nei: SJ, BK, GÓ, HSn, KE, SHK, HSt.
Einn þm. (SE) fjarstaddur.

1. liður frvgr. **f e l d u r** með 9 : 2 atkv.

12. Bannlagabreyting.

Á 20. fundi í Ed., mánudagnin 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 91, 14. nóv. 1917 (þmfrv., A. 168).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg get látið mjer nægja að hafa stutta framsöguræðu í þessu máli, því ástæðurnar, sem fylgja frv., gera grein fyrir tilgangi þess.

Frv. er samið með það fyrir augum, sem nú er á daginn komið, að sú undanþága frá bannlögunum, að inn yrðu flutt ljettari vín, næði fram að ganga.

Nú er þá komið þannig, að það eina, sem hægt er að gera í baráttunni gegn áfenginu, er að reyna að fyrirbyggja ofdrykkju með því að láta þá hljóta hæfilega sekt eða refsingu, er spilla velsæmi með ofdrykkju eða lauma sterkum vínum inn í landið.

Ef sett er hæfilega hátt gjald á hvern lítra, þá verður það hvöt fyrir ólöglega vínsala að hafa ekki miklar birgðir, því það gæti borgað sig illa, ef þeir hlytu sektir við og við.

Þá er annað atriðið, sem er og til bóta, eins og rjettarfari er háttað hjer, en það er, að sektirnar sjeu miðaðar við efni brotamannsins. Sektirnar hafa hingað til verið ákveðnar svo lágar, að hina ríku hefir ekkert munað um að láta þær af hendi. Hitt er minni háttar atriði, að hreppstjórar fari með dómsvald í þessum málum, en verður óhjákvæmilegt, til að geta framfylgt lögunum, að fleiri en sýslumenn fari með dómsvald í þess-

um málum, til þess að allir þeir geti orðið sektaðir, sem sjást drukknir á almannafæri.

Ef frv. þetta verður látið ganga til 2. umr., sem jeg geri ráð fyrir, þá leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði að umr. lokinni vísað til allsherjarnefndar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil gera grein fyrir því, hvers vegna jeg get ekki greitt þessu frv. atkv. mitt til 2. umr.

Frv. virðist mjer svo fáránlegt og vanhugsað, að undrum sætir, og skal jeg taka nokkur dæmi því til sönnunar.

Hingað til hefir það ekki varðað við lög, þó maður hafi orðið kendur, ef hann var ekki á almannafæri nje spilti friði annara. En eftir frv. þessu á að sekta hvern, sem þannig hittist, eins þótt í „privat"-húsi sje, eða jafnvel heima hjá sjer, eða vitnast um að hafi verið það. Má þá, eftir ástæðum, sekta manninn strax eða síðar.

Þá er ákvæðið um, að hreppstjórar ákveði sektirnar. Fer þá öryggi að verða lítið í landinu, ef ólöglærðum mönnum skal fengið dómsvald í svo mikilsverðum málum.

Þá er það ákvæði, að hinn ölvaði skuli sæta sektum fyrir hvert brot, er svari vikutekjum hans það ár, er brotið var framið. En jeg er hræddur um, að erfitt verði að finna þær rjettu tekjur, og stundum gæti dregist að ákveða sektina, ef þessu ákvæði ætti að fylgja. Setjum svo, að maður drekki sig fullan í janúarmánuði, þá er ekki hægt að gera út um málið fyr en árið er liðið og hægt verður að reikna út vikutekjur mannsins. (**JJ:** Þetta er gert á Finnlandi!) Jeg sje ekki hvernig á að rannsaka þetta svo fljótt sem þarf. Svo er annað, og það er, að ofdrykkjumenn sleppa, því þeir hafa oft engar tekjur, og þá er ekki hægt að ákveða þeim neina refsingu. (**JJ:** Hvað borga þeir núna?).

Þá er það enn, að 2. gr. frv. þessa kemur í bága við lög nr. 25, frá 1915, sem bera í sjer viðurlög við tilbúningi áfengra drykkja. En þetta frv. ber þess hvergi merki, að þau ákvæði ofannefndra laga, sem koma í bága við það, skuli úr gildi numin.

Þá eru viðurlögin samkv. 2. gr. frv. svo há, að engri átt ná. Ef t. d. læknir, sem hefir 10000 kr. tekjur, vill sitja af sjer sektina, þá þarf hann til þess hátt á 6. ár. Ef lyfsali með máske 40 þúsund kr. tekjum yrði brotlegur, entist naumast æfin til þess að afplána refsinguna.

Jeg sje því enga ástæðu til þess, að þingið eyði tíma sínum í að lappa upp á jafnfáránleg lög með því að vísa frv. til nefndar, og teygja með því tíma þingsins.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg sje, að hjer á að gera meira en að samþykkja þessa undanþágu frá bannlögunum. Það á líka að gera hið litla, sem eftir er af þeim, einskisvert. — Annars saknaði jeg þess mjög í ræðu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), og skaði að það skyldi ekki líka koma fram, að hann teldi það óhæfu að vera að sekta vínsala um þessar 100 kr. (**JóhJóh:** Jeg tók bara það fáránlega í frv.!). En það er víst ekki fáránlegt, að dómararnir hafa ávalt beitt lægstu sektarákvæðunum.

Þá hefir það og reynst allerfitt að sanna slík brot. Hefir jafnvel komið fyrir að eiður tveggja lögregluþjóna hefir ekki dugað. Hið fáránlega við þess-

ar brtt. minar er það, að þær ganga í bága við „praksis“ dómaranna, eins og ummæli hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) sýna.

Hann vill ómögulega að þeir ríku sjeu sektaðir í hlutfalli við tekjur þeirra. Þessi aðferð, að sekta menn eftir efnum, hefir verið reynd í Finnlandi og þótt gefast vel. En sennilega er hv. þm. Seyðf. ókunnugt um það.

Jeg get lofað því, að jeg muni þola hjer eftir, eins og hingað til, að fullir menn slæpist hér um göturnar. En sú getur tíðin komið, að löggjöf þeirra Finnanna verði talin af þjóðinni jafnrjett eins og löggjafarheimspeki þeirra Seyðfirðinganna.

Að hreppstjórum sje veitt vald til að dæma í svona málum, álít jeg ekki hættulegt. Til þess þarf enga sjerstaka lagakunnáttu, ef lögin eru ljós.

Jeg skal játa það, að frv. þetta sje fáránlegt, ef það er fáránlegt að taka af dómurum landsins freistinguna til þess að dæma seka menn altaf í lægstu sekt fyrir að brjóta lög, sem eiga að vernda heilsu og siðgæði. Háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) taldi öll tormerki á því, að hægt væri að fá vitneskju um tekjur þeirra manna, er sekta ætti. En hvernig hefir verið farið að því hingað til að fá vitneskju um tekjur manna? Er ekki í hverju sveitarfjelagi skattanefnd og í hverri sýslu yfirskattanefnd og í Reykjavík skattstjóri? Allir þessir aðiljar eiga að vita mjög nákvæmlega um tekjur þeirra. Að minsta kosti ætti það ekki að vera erfitt að því er snertir embættismenn landsins, enda kom það fram í ræðu háttv. þm. Seyðf., að hann ætti ekki örðugt með að ákveða tekjur lækna. En hvers vegna geta læknar eigi látið vera með að brjóta þessi lög — og ef þeir brjóta þau, hvers vegna á þá eigi að hegna þeim eins og öðrum? Jeg lít svo á, að gagn það, sem hafa má af gömlum lögfræðingum, sje aðallega það að láta þá færa í form, það sem þeim hugkvæmari menn bera fram. Og það er nú einu sinni svo, að sumum lögfræðingum okkar dettur sáralítið í hug, og því álít jeg það eigi rjett, að þeir noti sjerþekkingu sína eingöngu á þann hátt að segja nei við öllu því, sem að einhverju leyti er nýmæli og til umbóta. Þeir tímar munu koma, að eigi dugi slíkt tómlæti, er um nýmæli er að ræða. Þá verður hætt við, að golan, sem flestir ráðherrar vorir virðast fyrirlíta, skoli sumum þeirra í burtu, sem ekki hafa haft annað að segja um það, sem nýtt er, en blákalt nei hins innantóma manns.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg ætla mjer eigi að tala langt mál um þetta frv., en jeg vildi aðeins leyfa mjer að geta þess, að þegar um afplánun sekta er að ræða, þá er eigi tekið tillit til þess, hvort hinn seki er fátækur eða ríkur, en aðeins þess, að sektin sje greidd. Jeg álít, eins og jeg tók fram áðan, að frv. þetta sje illa hugsað og að það geti eigi staðist, eins og það er. Og jeg efast um, að hægt sje með nokkru móti að gera það svo úr garði, að það verði brúklegt, þó að því verði vísað til nefndar. Af þeim ástæðum er jeg á móti því til 2. umr.

Jón Magnússon: Jeg ætla mjer eigi að lengja umræðurnar, en jeg vildi aðeins geta þess, að mjer virðist mjög ósmekklegt af hv. 5. landsk. þm. (JJ) að vera altaf að tala um þennan goluþyt, þegar menn vita, hvernig á stendur um þetta mál. Jeg skil það vel, að

hv. 5. landsk. þm. sje eigi bliður við gamla lögfræðinga, þar sem hann talar um, að þeir sjeu afturhaldssamir. Það má vel vera, að svo sje. En hvað háttv. þm. (JJ) snertir, þá hefir hann orðið fyrir því óhappi að vera líkt við Móse. En að hann hafi betra vit á lagasetningu en aðrir menn, er ómögulegt að sjá á frv. þeim, sem hann hefir borið fram.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, EÁ, GGuðf, GÓ, HSt.
nei: JóhJóh, JM, SHK, BK, HSn, IHB.

Þrír þm. (KE, SE, SJ) fjarstaddir.

95

13. Eftirlaun Björns Kristjánssonar.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um afnám laga nr. 6, 13. júlí 1918, um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni (þmfrv., A. 167).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi samið þetta frv. eftir eldri fyrirmyndum. Það eru lög frá 1917 um afnám laga um alidýrasjúkdóma. Það er fágætt, að slík lög sjeu afnumin, eins og þetta frv. fer fram á, og því hafði jeg þessi eldri lög til hliðsjónar og fyrirmyndar.

Það hefir veitt mjer hugrekki til þess að bera fram þetta frv., að hjer í þinginu er allfjölmennur flokkur, sem hefir verið kallaður sparnaðarbandalagið, og samkvæmt stefnu þess mun það vera með öllum sparnaði, sem er framkvæmanlegur. Jeg treysti því þess vegna, að þessi flokkur verði með frv., sem fer fram á sparnað og hann ekki óverulegan.

Eins og kunnugt er, voru gerð lög um það 1918 að veita þáverandi bankastjóra Birni Kristjánssyni 4000 kr. eftirlaun auk dýrtíðaruppbótar, og þessi upphæð hefir jafnvel komist yfir 10000 kr. eitt árið. Þetta er álitleg fjárupphæð, og þó að dýrtíðaruppbótin lækkaði, þá hefði þessi maður hærri laun en flestallir starfsmenn landsins. Fleiri en jeg hafa tekið eftir því, að þessi upphæð geti orðið þung á metunum áður en lýkur. Jeg man ekki betur en að það hafi verið tekið fram á fundi í G.-K.-sýslu af vel reikningsfróðum manni, að ef styrkþegi lifði til hárrar elli, sem flestir vona, þá yrði upphæðin með vöxtum um ½ milj. kr. Jeg vil ekki taka ábyrgð á þeirri tölu, en þetta er reiknað af manni, sem alment er talinn mjög reikningsglöggur. Hvað sem því viðvíkur, þá er víst, að sú upphæð, sem til styrkþega fer, verður mikil, og mætti með henni komast langt til þess að gera nauðsynleg og óhjákvæmileg mannvirki eða undirbúa þau, svo sem landsspítala, aðra spítala, sundhöll og íþróttaskála, eins og jeg hefi talað um í öðru sambandi. Jeg segi þetta til þess að menn geti áttað sig á, að hjer er um fje að ræða, sem gæti annarsstaðar komið að mjög góðum notum.

Þá ætla jeg lítillega að víkja að sögulegri hlið málsins. Þessi hugmynd kom fyrst fram í Nd. 1918, og var þá borið

fram frv. af hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) um, að veita styrkþega þennan styrk, af því að hann mundi láta af bankastjórastöðunni. Í umr. kom það skýrt fram, að styrkþegi var frv. mjög fylgjandi, líklega hvatamaður þess, því að það var tekið fram, að frv. væri flutt eftir ósk styrkþega, samkvæmt vilja hans og vitund. Það varð talsvert þjark um málið, bæði í Ed. og Nd., og með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa kafla úr nál. frá allsherjarnefnd Ed.:

„Nefndin hefir haft tal af Birni bankastjóra Kristjánssyni um málið. Lýsti hann yfir því, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, væri borið fram eftir ósk sinni, og að það væri ósk sín og vilji að fara úr bankastjórninni sem fyrst, helst 1. júlí næstkomandi. Liggja atvik svo að, að heilsa hans er í veði, ef hann neyðist til að vera lengur við bankann. Sjálfur er hann nú efnalaus, því að þegar hann fór að bankanum, fjekk hann syni sínum í hendur verslun þá, er hann rak áður. ....

Guðjón Guðlaugsson, form.,
með fyrirvara.
Jóh. Jóhannesson. Magnús Torfason."

Málið fjekk ekki góðar undirtektir í Ed. Frv. var mótmælt af Sigurjóni Friðjónssyni. Taldi hann að öll aðalskilyrði vantaði til þess að veita styrkinn, þar sem styrþegi hafi verið stutt í stöðu sinni. Eggert Pálsson vildi að vísu veita styrk, en ekki svo háan; aðeins helming af upphæðinni. Hv. þm. Seyðf. (Jóh Jóh) benti á, að frv. væri flutt eftir ósk styrkþega. Hann væri veikur, og væri því óviðkunnanlegt að svelta hann úr bankanum. Og við aðra umr. urðu 5 á móti frv.: Eggert Pálsson, Guðmundur Ólafsson, Halldór Steinsson, Karl Einarsson og Sigurjón Friðjónsson. Við 3. umr. fórust Magnúsi Torfasyni svo orð, og ætla jeg að lesa þau með leyfi hæstv. forseta:

„Það stendur svo á þessu, að jeg fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að bankastjórinn er sjúkur. Öll framkoma hans í bankanum síðan hann hvarf í hann aftur sýnir, að hann er sjúkur og að alt hugsanalíf hans er sjúkt, enda er það vitanlegt, að hann hefir ekki gegnt starfi sínu nema með höppum og glöppum.

Það er frágangssök fyrir bankann að hafa sjúkan yfirmann á þessum vandræða tímum ..... menn, sem eru í einskonar millibilsástandi eða sjúkir, duga þar ekki."

Eftir þessa meðferð í þinginu var svo frv. samþykt.

Nú býst jeg við, að því verði haldið fram, að ekki sje hægt að nema slík lög sem þessi úr gildi. Þó þetta sje við 1. umr., þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um það atriðið, um lagalegu hlið málsins. Það er vitanlega ekki hægt að halda því fram með rjettu, að ekki sje hægt að afnema einföld lög, því það er aðalstarf Alþingis, auk nýrrar lagasetningar, að afnema og breyta eldri lögum. Frá þessu sjónarmiði verður því ekki haldið fram, að ekki sje hægt að afnema lögin. Þá er sú mótbáran, að ekki sje hægt að afnema lögin vegna þess, að þau fari fram á laun til einstaks manns. En til þessa eru þó fordæmi. Jeg held, að hjer sjeu staddir í deildinni í dag tveir þm., sem farið hafa fram á svipað, þeir háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) og hv. 1. þm. Eyf. (StSt). Þeir

báru fram frv. um það í fyrra, að afnema dósentsembættið í grísku, en það hefði komið í sama stað niður fyrir þann, sem það embætti skipar, þ. e. hann hefði mist landssjóðslaun, sem honum höfðu verið veitt með eldri lögum. Eins hefir verið farið fram á að afnema prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði, og hefir ekki verið að því fundið, að slíkt sje ógerningur frá lagalegu sjónarmiði. Sumir af elstu þm. hafa flutt þessi frv., og verður það þá varla talið óþinglegt. Um þessi embætti hafa lögfræðingar sagt mjer, að mennirnir, sem þau skipa, hefðu ekki haft rjett til biðlauna. Jeg vil líka benda á, að jeg hefi borið þetta undir einn dómara landsins, og áleit hann, að ekkert væri lagalega út á það að setja, en hann taldi það harðræði gagnvart styrkþega. Hann áleit, að styrþegi mætti ekki missa þetta fje.

En þá er siðferðislega hliðin. Er rjett að svifta aldraðan mann eftirlaunum Jeg skal þegar koma að því, sem fyrir mjer er aðalatriðið í þessu máli. Það er ekki sparnaður. Jeg býst við, að sparnaðarbandalagið verði með frv. eingöngu af þeirri ástæðu, og er ekkert út á það að setja. En lögin eru bygð á skökkum grundvelli; þau eru bygð á því, sem Danir kalla „bristende Forudsætning". Lögin eru bygð á þeirri hugsun, að styrkþegi sje öregi. Þetta kemur glögt fram í umr. um málið, sem jeg vitnaði í, og í nál., sem jeg las fyrir háttv. deild. Styrkþegi upplýsir nefndina um, að frv. sje borið fram samkvæmt ósk sinni, og nefndin getur ekki haft það frá öðrum en honum, að hann sje efnalaus. Jeg geri ráð fyrir, að menn sjeu ófúsir til að veita þeim manni hæstu eftirlaun, sem er sannanlega ríkur. Jeg geri að minsta kosti ekki ráð fyrir, að sparnaðarbandalagið fallist á það. Nú hefir það upplýst, að styrkþegi muni ekki vera eða sje mjög sennilega ekki eins mikill öregi, eins og þingið 1918 bygði á. Menn rekur ef til vill minni til þess, að einhver, sem kallaði sig Egil, skrifaði í blað nokkurt hjer í bænum, sem talar venjulega máli sparnaðarbandalagsins og birtir jafnaðarlega greinar um styrkþega þann, sem hjer er um að ræða, greinarkorn um styrkþega, og hafði þessi Egill tekið upp þykkjuna fyrir hann, því annað blað hafði gefið í skyn, að hann hafi ekki verið gæfumaður. Egill bendir á að styrkþegi hafi alist upp í fátækt, hafi með dugnaði komist til æðstu valda, orðið bankastjóri og ráðherra og hafi safnað auði. Þetta telur Egill auðnuveg, og eru margir á sömu skoðun. Nú er það vitað, að fyrir 20—40 árum bárust styrkþega í hendur mikil auðæfi eftir íslenskum mælikvarða. Dómari hjer hefir sagt mjer, að það hafi varla getað verið minna en um 50 þús. kr. og ætti það nú að svara til 300—350 þús. kr. Síðan rekur styrkþegi verslun í yfir 20 ár með miklum umsvifum, og þessi verslun er talin með arðsömustu fyrirtækjum þessa bæjar. Það er ekki vafi á því, að þessi verslun hefir tæplega grætt minna sum stríðsárin en um 100 þús. kr. á ári. Jeg býst ekki við að það geti orkað tvímælis, að sá, sem slíka verslun hefir rekið allan þennan árafjölda, hljóti að vera stórauðugur. Nú fær allsherjarnefnd þær upplýsingar, að maðurinn sje orðinn öregi, og þá er spurningin þessi: Hvernig hefir auðurinn horfið? Það hefir ekkert komið fram í málinu, sem hefir getað bent á tap. Verslunin hefir alt af grætt, og

þegar styrkþegi hættir verslun, sest hann í eitt best launaða embætti landsins. Jeg satt að segja skil þetta ekki og vona að fá upplýsingar um það, hvernig á þessu stendur.

Nú er sagt í nál., að styrkþegi hafi afhent syni sínum verslunina. Eftir öllu venjulegu skipulagi milli barna og foreldra, þá sjá börnin um foreldra sína eftir bestu getu, enda þótt börnin sjeu fátæk og verði að vinna baki brotnu og hafi engin efni eða styrk þegið af foreldrum sínum. En því ríkari er skyldan, ef barnið er vel efnum búið og hefir máske þegið mikil efni, frá foreldrum sínum. Og engin ástæða er að borga þeim manni 10000 krónur á ári í öreigastyrk, sem afhent hefir auð sinn til barna sinna, því auðvitað hefir framfærsluskyldan fylgt með afhendingu auðæfanna.

Um bankastarfsemi styrkþega (BK) skal jeg fara nokkrum orðum, en þó ekki mörgum, enda þótt það í sjálfu sjer skifti nokkru máli. Nægir að vitna í ummæli sjera Eggerts Pálssonar, sem nefnd hafa verið áður. Efaðist hann mjög um verðleika mannsins til að fá þennan styrk, og styður dómur hans þá skoðun, að rjett sje að afnema lögin. Einnig kom það fram í blöðunum í vetur, að núverandi ritstjóri Morgunblaðsins, sem einnig var hjer í bæ, þegar styrkþegi starfaði sem bankastjóri og var nákunnugur öllum gangi mála í bænum, hafði talið, að Björn Kristjánsson hefði stýrt bankanum mjög illa. Og álit Magnúsar Torfasonar, sem áður er getið, bendir á hið sama.

Eftirlaun Björns Kristjánssonar virðast því ekki hafa við verðleika að styðjast, sje bygt á áðurgreindum ummælum kunnugra manna. Og skýrsla sú, er þingið fjekk um efnahag hans, virðist þó enn vafasamari.

Styrkþegi sýnist því naumast hafa verðleika til þessara háu launa, sem eru mjög tilfinnanleg fyrir fátækt land að greiða, og mega frá því sjónarmiði teljast óhæfilega há.

En álitamál gæti þó máske talist, hvort rjett væri að fella niður eftirlaunin af þessum ástæðum einum saman, og kem jeg þá að aðalatriðinu, sem ætti að geta ráðið atkvæði þeirra þingmanna, sem ekki telja ofangreindar ástæður nægar. En það er lífsskoðun styrkþega sjálfs, sem sýnir, að það muni vera honum ógeðfelt og móti skoðunum hans sjálfs að taka við þessum styrk.

Mjer er kunugt um það frá mönnum, sem hlustað hafa á einstaka fræðifyrirlestra styrkþega í vetur, að ekkert sje til í launamálum, sem heitið geti **þurftarlaun.** Í landi, þar sem atvinnuvegir bera sig illa, megi ekki sníða launin eftir þörfunum, heldur verði launamenn að svelta, ef launin duga ekki. Það eigi jafnan að sníða stakk eftir vexti, lækka kröfurnar eftir því sem launin lækka.

Nú er landið illa statt fjárhagslega, og hefir því þörf að spara. Og þegar því hefir verið slegið föstu, að þurftarlaun skuli ekki viðurkend, er sjálfsagt að beita því viðvíkjandi þeim, sem viðurkenna gildi slíkrar ráðstöfunar sjálfir.

En það var fleira í þesum fyrirlestrum, sem bendir í sömu átt. Ræðumaður hjelt því fram, að í heiminum væru aðallega tveir flokkar manna. Í öðrum væru lítið greindir menn, sem strituðu baki brotnu, en söfnuðu ekki auði. Þessir menn væru hamingjusamir. Í hinum flokkinum væru aftur menn, sem búnir væru meiri andlegum hæfileikum og

væru búnir þeim krafti og hyggindum, sem í hag kæmu og gerði þá auðuga. En fyrir kaldhæðni örlaganna væru þessir menn þó óhamingjusamir.

Þetta er að vísu í samræmi við algengar lífsskoðanir, og kemur meðal annars fram í sumum trúarbrögðum, að því auðugri sem maðurinn er, því óhamingjusamari verði hann.

Þessar kenningar styrkþega tel jeg mjög styðja frv. mitt.

Þá er eitt atriði enn, sem vert er að athuga, en það er viðhorf styrkþega, að því leyti sem hann hefir haldið því fram í fyrirlestrum sínum, að illa fenginn auður hyrfi fljótt. Þetta er líka gömul trú. Jeg álít, að þessi skýring geti hjálpað til að átta sig á málinu, ef samrýma ætti þessa kenningu þeirri staðreynd, að ungur maður tekur við miklum auðæfum og ávaxtar þau vel til elliára, en svo tapast þessi mikli auður skyndilega. Ályktunin af því væri þá sú, að þessi mikli auður hefði þá verið ógætilega saman dregin.

Jeg tek þetta fram sem kenningu, en trúi alls ekki, að þetta eigi sjer stað í þessu tilfelli. Jeg álít einmitt, að auðurinn sje til enn, að hann hafi aðeins verið afhentur til erfingjans, sem svo sje skyldugur að ala önn fyrir styrkþega.

Sje nú þetta tekið saman verður niðurstaðan þessi:

Á þessum launum þarf Björn Kristjánsson ekki að halda sem þurftalaunum, því hvorttveggja er, að styrkþegi viðurkennir ekki rjettmæti þurftarlauna sjálfur, og þar sem hann var ríkur og ganga má út frá því, að sá auður hafi verið vel fenginn og sje því til enn hjá arfa hans, þá beri honum skylda til að sjá um styrkþega. — Hafi þar á móti auðurinn tapast, af því hann var illa fenginn, þá er gagnslaust að auka við hann, því að það er að sporna á móti náttúrulögmálinu.

Í öðru lagi hefir styrkþegi sjálfur komist að þeirri niðurstöðu, að vansæla fylgi peningunum; hinir fátæku sjeu hamingjusamir, en hinir ríku ógæfumenn. Er því rangt að neyða hann, þvert ofan í sannfæringu sína, til að hirða þennan styrk. — Landið er á hinn bóginn sælla að þurfa ekki að borga þessa upphæð af fátækt sinni.

Í frv. þessu mætast því hagsmunir beggja aðilja, landsins og styrkþega. Jeg geri því ráð fyrir, að frv. þetta gangi greiðlega fram, og treysti því sjerstaklega, að sparnaðarbandalag þingsins styðji að framgangi þess.

Þar sem gera má ráð fyrir því, að allir sjeu mjög svo einhuga um nauðsyn og nytsemi þessa máls, þá legg jeg til, að frv. fari nefndarlaust til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SJ, EÁ, GÓ.
nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, SE, SHK, GGuðf, HSt.
BK greiddi ekki atkvæði.
Einn þm. (KE) fjarstaddur.

123

14. Mosfellsprestakall.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þmfrv., A. 275).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Björn Kristjánsson): Eins og getið er í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, er það borið fram eftir ósk safnaðarfundar í Mosfellsprestakalli, sem haldinn var 12. nóv. 1922.

Fundur þessi sendi áskorun til kirkjustjórnarinnar, þess efnis, að Mosfellsprestakall fái að halda sjer framvegis eins og það hefir verið.

Mál þetta var fyrst lagt fyrir hjeraðsfund Kjalarnessprófastsdæmis 20. sept. f. á., og telur sá fundur með öllu óhjákvæmilegt, að Mosfellsprestakall haldist framvegis sem sjerstakt prestakall, svo sem verið hefir, og telur nauðsyn á að breyta prestakallalögunum frá 1907 í þessu sambandi.

Loks er á allfjölmenum safnaðarfundi, sem haldin er í Reykjavík 7. okt. f. á., lýst yfir því, að dómkirkjuprestunum sje með öllu ókleift að þjóna Lágafells- og Viðeyjarsóknum, og jafnframt skorar fundurinn á þing og stjórn að breyta lögum um skipun prestakalla þannig, að Mosfellsprestakall verði sjálfstætt prestakall hjer eftir sem hingað til.

Að síðustu sneru hlutaðeigendur sjer til biskupsins, og skrifar hann allítarlegt brjef til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. febr. 1923, og mælir með því, að prestakallið fái að halda sjer óbreytt.

Færir hann þar til ástæðna meðal annars, að síðan prestakallalögin voru sett, hafi dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík vaxið úr 6 þús. upp í 12 þúsundir manna. Hafi verksvið dómkirkjuprestanna þannig aukist um helming síðan lögin voru sett. Geti þeir því með engu móti tekið við þjónustu þessara safnaða, nema þá því aðeins, að þriðja prestinum verði bætt við Reykjavíkur dómkirkju.

Auk þessa beri á það að líta, að eigi Reykjavíkurprestarnir að þjóna þessum söfnuðum, þá muni aukatekjur þær, er þeir fengju í þeim, ekki hrökkva fyrir ferðakostnaði, hvort sem þeir ferðuðust á hestum, bifreiðum eða með mótorbát inn í Viðey.

Það er nú tæpt ár síðan sjera Magnús á Mosfelli dó, og hefir prestakallinu verið þjónað síðan af prófastinum í Görðum og prestinum á Reynivöllum.

Það hefir komið til tals að setja þarna prest, en um það er almenn óánægja, því að óhjákvæmilegt er talið, að prestakallið fái að standa óbreytt.

Að frv. þetta kom svona seint fram, stafar af því, að hlutaðeigendur sendu skjöl þessi til stjórnarinar í þeirri von, að hún legði frv. þetta fyrir þingið. Og hafa skjölin legið hjá hæstv. stjórn nú alllengi.

Jónas Jónsson: Jeg ætla ekki að minnast sjerstaklega á þetta frumvarp, heldur hitt, að jeg tel varhugavert að breyta lögum, sem eru til sparnaðar á embættismannahaldi landsins.

Það er nú alkunnugt, að sú þjónusta, sem prestarnir veita söfnuðum nú, er alt önnur en áður var, og kirkjan er ekki hið sama fyrir þjóðina og hún var áður og kemur það berlega fram í hinum tíðu messuföllum, sem eru nær því um alt land.

Er því alveg rangt að gera nokkuð til þess að auka ríkinu útgjöld í þessu skyni, auk þess, sem það gæti orðið til

að hlynna að skilnaði ríkis og kirkju, að halda við lítilfjörlegum prestaköllum, sem vel má þjóna á annan hátt en með því að hafa þar sjerstakan prest.

Þeir, sem kunnugir eru hjer, geta vel sjeð, að það er alls ekki erfitt fyrir prestana í Reykjavík að þjóna Viðey og Mosfellli.

Þrátt fyrir þetta, mun jeg greiða frv. þessu atkvæði til 2. umr., af kurteisi. Og jeg skil vel, að þingmaður kjördæmisins ber þetta fram eftir ósk fólksins. En þingið verður að spara, og getur því tæplega farið inn á þessa braut.

Og fari það að halda Mosfellsprestakalli við, þá veit jeg alls ekki, hvar sparnaðurinn á að koma niður.

Flm. (Björn Kristjánsson): Háttv. 5. landsk. (JJ) sagði, að þingið ætti að hafa það fyrir höfuðreglu, að forðast alla aukningu embætta, er bakaði ríkissjóði útgjöld. Það er alveg rjett hjá háttv. þm., en hjer stendur svo sjerstaklega á, að það er alveg óhjákvæmilegt.

Þá talaði háttv. þm. um, að þetta mál gæti orðið til þess að ýta undir skilnað ríkis og kirkju. En jeg er þeirrar skoðunar, að þess verði langt að bíða. Og tel það alveg frágangssök, að stórir söfnuðir gætu þá haldið sjer saman, nema helst í stærri kaupstöðum. Um það myndu líka verða alllangvinnar deilur, og yrði því langt fyrir þetta hjerað að vera prestlaust þangað til þær væru útkljáðar.

Að hjer sjeu eins mörg messuföll og háttv. þm. gat um, getur vel verið rjett. En hann veit líka, að það er misjafn sauður í mörgu fje og að prestarnir eru mjög misjafnir, og því mjög illa sótt kirkja til sumra þeirra. Er því alls ekki hægt að leggja messuföllin sem mælikvarða á þetta mál.

Þetta hjerað vill fá prest, og finnur sárt til þesarar skiftingar, því að hún gerir söfnuðunum nær því ókleift að ná í prestsþjónustu; virðist það óhjákvæmilegt að láta prestakallið halda sjer.

Þá hjelt háttv. þm. (JJ) því fram, að prestarnir hjer gætu þjónað upp frá, af því að nóg væri um ferðir. En jeg er ekki viss um, að þær ferðir verði svo haganlegar, að þær verði altaf, þegar prestsins er þörf.

Er þetta því ekki hægt, nema ef um reglubundnar ferðir væri að ræða. En hjer stendur einmitt ekki svo á.

Hvað snerti það, að þetta gefi fordæmi, þá er því til að svara, að svo er alls ekki, því að hjer eru hvergi dæmi þess, að einn söfnuður sje 12 þúsund manns, sem aðeins skiftist á tvo presta, eins og hjer í Reykjavík; getur því ekki verið hjer um fordæmi að tala.

Að öllu þessu athuguðu sje jeg ekki aðrar leiðir en að prestakallið fái að halda sjer framvegis eins og það hefir verið hingað til.

Jónas Jónsson: Eins og jeg tók fram áðan, hefi jeg enga ástæðu til að mæla sjerstaklega á móti þessu frumvarpi, því að jeg get vel unt Mosfellssókn að hafa sjerstakan prest.

En það er stefna þess, sem jeg finn ástæðu til að vera á móti, því að málið er í raun og veru partur af stærra máli. Í fyrra, eða mjög nýlega, er talið eftir skýrslum presta, að á landinu sjeu um 3000 messuföll á ári. Sýnir það berlega, að prestaþörf fólksins er ekki eins mikil og hún var áður. Og þar sem þjóðin notar presta sína ekki betur en þetta

bendir til, virðist síst þörf að vera að fjölga þeim meira en lög ákveða.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) misskildi mig gagnvart fríkirkjuhreyfingunni. Það, sem jeg sagði, var, að ef þjóðkirkjumenn færu að heimta fleiri og fleiri presta, gæti það orðið til þess að gefa fríkirkjuhreyfingunni byr undir vængi.

Þegar það nú sýnir sig, að þjóðkirkjan hefir altaf minni og minni tök á fólkinu, eins og messuföllin virðast ótvírætt benda til, þá hlýtur þjóðin að fara að líta í kring um sig um það, hvort rjett sje að eyða eins miklu fje í presta þessa lands eins og gert hefir verið. Því að meðan verið er að rjetta landið við úr því fjárhagslega feni, sem það er nú í, verður að gera alt, sem hægt er, til þess að spara.

Jón Magnússon: Það er ekki út af þessu máli, að jeg stend upp, heldur út af ummælum hv. 5. landsk. þm. (JJ). Hann vildi halda því fram, að mjer skildist, að þörf fólks fyrir kirkju og presta væri altaf að minka, og dró það af messuföllunum. En jeg er á gagnstæðri skoðun. Sjest það best hjer í Reykjavík, að þörf fólksins fyrir kirkju og presta er síst minni en áður. En messuföllin held jeg stafi af því, að meiri kröfur eru nú gerðar til presta en áður var. Því að góðir prestar fá altaf tækifæri til að messa. Er jeg því eindregið á þeirri skoðun, að trúarþörf og trúarlíf sje altaf að vaxa, og er því alls ekki hræddur við skilnað ríkis og kirkju.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg vildi aðeins leyfa mjer að segja nokkur orð út af því, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að um 3000 messuföll hefðu verið á landinu síðastliðið ár. Álít jeg eigi, að það stafi af því, að áhugi fólks fyrir trúmálum eða kirkjurækni sje minni nú en áður, eins og hv. 5. landsk. þm. hjelt fram, heldur af því, hversu örðugleikarnir við að sækja kirkju hafa vaxið við það, að prestaköll hafa stækkað, t. d. eru nú dæmi þess, að einn prestur þjóni 7 kirkjum. Geta þeir menn, sem eru gamlir og þreyttir, eigi lagt það á sig að fara langar leiðir til kirkju og setjast þar inn sveittir, og það ef til vill í köldum kirkjum. Er jeg alveg sammála hv. 4. landsk. þm. (JM) um það, að það hefir sýnt sig, að menn finna nú meira til þarfarinnar á því að sækja kirkju og að hugsa um andleg mál yfirleitt en fyrir nokkrum árum. Geri jeg ráð fyrir, að söfnuður sá, er hjer á hlut að máli, hugsi mikið um að sækja kirkju. Annars ætla jeg mjer ekki að fara að pexa út af þessu. Jeg vildi aðeins taka það fram, að það er vitanlega ekki nema gott og lofsvert að spara, en ef sparnaðurinn gengur svo langt, að alt kirkjulíf deyi út með þjóðinni, þá verð jeg að telja þann sparnað til óheilla.

Jónas Jónsson: Jeg get tekið undir með hv. 4. landsk. þm. (JM) um það, að í raun og veru sje um tvo strauma að ræða í trúarlífi þjóðarinnar. Hefir trúarlífið að sumu leyti vaxið, en það hrekur þó eigi skoðun mína á þessu máli. Er trúaráhugi manna nú mest bundinn við hreyfingar utan þjóðkirkjunnar, eins og t. d. Guðspekifjelagsins og spiritismans, hjer í bæ að minsta kosti. Athugasemd hans um það, að menn geri nú alment meiri kröfur til presta en áður, er alveg rjett. En það leiðir til þess, að þeir prestar, sem góðir eru, njóta sín betur með því að láta

þá fá tækifæri til að messa sem oftast og víðast. Er því af þeirri ástæðu hæpið að fjölga föstu prestaköllunum. Fólkið í Mosfellssveit getur hæglega náð í góða presta bæði úr Reykjavík, Hafnarfirði og Görðum. Álít jeg eigi rjett að binda prestaköllin, en reyna heldur að hjálpa fólkinu til að ná í góða presta.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vildi aðeins skýra frá því, að stjórnin hefir hugsað sjer að setja mann í prestakallið fyrst um sinn og sjá hverju fram vindur. Þykir stjórninni engin ástæða til þess að fara nú að búa þarna aftur til nýtt embætti, enda vel hugsandi, að skifta megi prestakallinu síðar upp á milli nágrannaprestanna. Var það ein ástæða, sem aðallega gerði það að verkum, að stjórnin kom eigi fram með frv. til laga um þetta, en hún er sú, að þingið virðist mjög andvígt stofnun nýrra embætta.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg skal geta þess út af ræðu hæstv. forsrh. (SE) að sóknarmönnum er kunnugt um, að hæstv. stjórn hefir í hyggju að setja mann í embættið, en þeir eru mjög óánægðir með þá ráðstöfun. Er það meðal annars af því, sem jeg hefi verið beðinn um að flytja þetta mál á þingi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil taka það fram, að jeg hefi eigi hugsað mjer neinn sjerstakan mann í embættið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, KE, SE, BK, GGuðf, HSn, IHB, HSt.

nei: JJ, SHK, SJ, EÁ.

Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 338).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg get að mestu látið mjer nægja, að vísa til nál. Eins og sjá má af því, hefir nefndin ekki talið fært að fá fullnægjandi þjónustu í þetta gamla prestakall frá nágrannaprestunum. Jeg verð að segja það, að það er gersamlega óhugsandi, að Lágafellssókn sje þjónað af dómkirkjuprestunum í Reykjavík. Jeg hefi átt tal um þetta við prestana, og þeir eru óhlífnir við sjálfa sig, en þeir telja óhugsandi að þessi vegur verði farinn. Auk þess hefi jeg talað um þetta við einn sæmdarprest, sjera Ólaf Ólafsson, og hann ljet í ljósi það álit sitt, að slíkt væri öldungis óhugsandi. Og hann kann glögg skil á þessu, því að hann hefir unnið mikið verk á þessu sviði. Þetta hljóta allir að kannast við, að rjett muni vera. En hins vegar mætti kannske orða það, að Lágafellssókn væri þjónað frá Görðum. Um slíkt mætti tala. En víst er um það, að einn prestur getur ekki þjónað prestakalli, sem nær frá Vogastapa að Esju, nema því aðeins, að Kálfatjörn væri undanskilin. Það vita allir, hversu örðugt það er í svona stóru prestakalli, sem telur um 3000 manns, og auk þess er svæði þetta allilt yfirferðar. Jeg sje nú, að þáltill. er komin fram um það, að veita litla fjárupphæð til þess að þjóna þessu prestakalli. Það

var nú alveg óþarft; það hefði verið betra að leggja til að veita fje í fjárlögunum í þessu skyni. En ekki þarf þessa heldur. Nefndin hefir ekki sjeð sjer annan veg færan í þessu máli en að leggja til, að þessi sókn verði gerð að sjerstöku prestakalli, þótt henni sje það nauðugt og allir nefndarmenn sjeu annars á móti fjölgun nýrra embætta. En hún sá ekki, að á annan veg væri hægt að útvega þjónustu í þetta prestakall.

Björn Kristjánsson: Jeg stend aðeins upp til að þakka háttv. allshn., hversu vel og samviskusamlega hún hefir tekið í þetta mál.

Jónas Jónsson: Í máli þessu eru tvær stefnur hjer í deildinni. Annars vegar er flm. og allshn., sem vilja stofna hjer nýtt embætti, en hins vegar stjórnin, sem veigrar sjer við að ganga svona langt, en vill setja í embættið um stundarsakir. Hvorug leiðin er góð. Jeg get ekki fallist á, að það sje rjett að fjölga prestsembættum nú, og furðar mig á því, að menn, sem taldir eru varfærnir, skuli ekki einnig vera varfærnir á þessu sviði, Hjer er ekki aðeins um kostnaðinn að ræða, heldur og ilt fordæmi. Það er óþarfi að eyða fullum prestslaunum í starf, sem hægt er að framkvæma fyrir minna fje. Jeg ljet í dag útbýta þáltill., sem gengur í þá átt að spara þetta fje með því að fara aðra leið en upprunalega var ákveðin. Það er auðvelt að fá góða, gamla presta, sem sestir eru hjer að, til þess að taka að sjer starf þetta. Þeir hafa lítið að gera, sitja löngum á Landsbókasafninu við lestur frómra bóka. En þeir eru sjer oft úti um aukaatvinnu. Jeg hygg, að jeg fari ekki rangt með það, að fyrir nokkrum árum hafði einn af mestu kennimönnum þessa lands 1000 krónur á ári fyrir það að messa fyrir troðfullu húsi í Reykjavík annanhvern sunnudag. Þetta sýnir, að hægt er að komast að skynsamlegum samningum, ef það aðeins er reynt. Nú eru greiddar 700 kr. á ári fyrir guðsþjónustur á Kleppi. Auðvelt væri að sameina það hinu nýja starfi. Með þessu móti er hægt að hjálpa brauði þessu án þess það þurfi að kosta ríkissjóð nema um 300 kr. á ári í viðbót við þóknunina til guðsþjónustu við spítalann, og hygg jeg, að það sje besta lausnin á þessu máli.

Frsm. (Jón Magnússon): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) furðaði sig á því, að þeir menn, sem teldust varfærnir, skyldu vilja stofna hjer nýtt embætti. Á því geta nú verið tvær hliðar. Þetta prestakall hefir nú verið sjerstakt í 8 eða 9 hundruð ár, eða frá því að kristni var lögtekin hjer, svo það er því síst furða, þótt þeir menn, sem fastheldnir þykja við forna siði, vilji halda í þetta embætti. Auk þess var það nærri því tilviljun, að það var tekið upp 1907 að leggja niður prestakallið og sameina meginhlutann Reykjavíkurprestakalli. Það var gert þegar nýjum presti var bætt við í Reykjavík, og þá datt engum í hug, að bærinn mundi vaxa svo ört sem hann hefir gert og að söfnuðurinn mundi verða orðinn helmingi stærri nú en þá. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta; nefndinni er þetta ekkert kappsmál, en hún hefir farið eftir því, sem hún taldi rjettast.

Ferðakostnaðurinn yrði meiri en 1000 krónur til Lágafells og Viðeyjar. Um Klepp er varla að ræða í þessu sambandi. Jeg veit að vísu, að geðveikra-

læknirinn hefir verið þeirrar skoðunar, að eigi þurfi að halda uppi messum á Kleppi. En með því að taka hann með, nær því síður nokkurri átt að þessi upphæð dugi. Ekkert er heldur sameiginlegt með þjónustunni á Kleppi, eða þeim, er geta tekið á móti þjónustunni þar, og Mosfellssveitarmönnum, nema þá að þeir eigi að sækja kirkju að Kleppi.

Jeg álít óhugsandi að leggja niður prestakallið, nema þá að hægt kynni að vera að taka prestinn úr Grindavík og setja hann að Kálfatjörn. Þetta kom til orða hjá nefndinni, og að Mosfellssveitin fengi þá þjónustu frá Görðum. En þessu eru hlutaðeigandi sveitir afarmótfallnar, vilja heldur fá þjónustu frá Reykjavík, en það er alveg ómögulegt eins og nú er komið. Eða, eins og annar presturinn hjer sagði við mig, „fysiskt ómögulegt".

Jónas Jónsson: Aðeins lítil athugasemd. Meining mín með till. var sú, að gefa þeim mönnum, er vilja spara á þessu, tækifæri til þess að athuga málið frá þessari hlið.

Viðvíkjandi spaugi hv. frsm. (JM) skal jeg taka fram, að jeg álít það ekki meiri móðgun fyrir Mosfellssveitarmenn, þó þeim væri fenginn sami prestur og Kleppsbúum, heldur en að söfnuðir hjer í Reykjavík og í Hafnarfirði hafa notað sama prestinn og gegnt hefir á Kleppi. Það er ekki meiri smitunarhætta heldur en að menn geti orðið líkþráir vegna þess, að Haraldur prófessor Níelsson hefir prjedikað í Laugarnesi samhliða því, sem hann hefir haft kenslu í háskólanum og söfnuð hjer í bænum. Þetta er ekkert spaug. Annaðhvort er, að menn vilja spara eða spara ekki. Háttv. allshn. hefir auðsjáanlega enga löngun til að fylgja kjörorði því, sem hæstv, forsrh. gaf í sinni fyrstu ræðu í fyrra.

Ef þessi upphæð, 1000 kr., er ekki nema fyrir ferðakostnaði, þá eru dýrar ferðir þeirra Mosfellssveitarmanna, sem eru hjer daglega á ferð. Þeir ættu þá að hafa fleiri þúsund króna tekjur á ári.

Presturinn yrði heldur ekki upp frá á hverjum sunnudegi. Í mörgum kirkjum er ekki messað oftar en 2.—4. hvern sunnudag, og fólk sættir sig við þetta. Það ætti Mosfellssveitarmönnum líka að nægja. En það eru sjálfsagt til þeir menn, er álíta, að svo lítið sje til af embættum hjer á landi, að ekki væri úr vegi, þótt einu laufi væri bætt á þann meið.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg skal ekki fara út í það mál, hvort þetta er sparnaður eða ekki. En það er rangt, ef hv. 5. landsk. þm. (JJ) heldur því fram, að þessir menn eigi ekki rjett til sömu þjónustu og aðrir landsmenn, eða að fá messur svo að svari til prestsþjónustu 3. hvern sunnudag á hverri kirkju. **(JJ:** Eða 7. hvern). Þó það sje kanske til, þá má það ekki vera sjaldnar en 3. hvern sunnudag. Og þar sem einn prestur hefir 3 kirkjur, þá hafa sóknarmenn heimtingu á prestsþjónustunni þannig. 300 kr. er auðvitað engin borgun fyrir þjónustuna.

Hvað ferðir Mosfellssveitarmanna til Reykjavíkur snertir, þá fara þeir með mjólk og annað hingað, enda reikna þeir víst borgun fyrir ferðir sínar; að minsta kosti legst mikill kostnaður á þetta hjá Mjólkurfjelaginu. Var óþarfi að koma því inn í þetta mál.

Hvað það snertir að setja prest í þetta

embætti, þá álít jeg það tæplega færa leið, án þess að bera málið undir sóknarmenn.

ATKVGR.
Frvgr. f e l d með 7 : 7 atkv.

87

15. Samkomutími Alþingis.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breytingu á samkomutíma reglulegs Alþingis (þmfrv., A. 155).

Á 24., 26., 28., 32. og 35. fundi í Nd., dagana 20., 22. og 26. mars og 4. og 6. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Þetta frv. er ekki fyrirferðarmikið nje margbrotið. Lýtur það að því einu, að færa þinghaldið til sumarsins og sleppa við vetrarþingin hveimleiðu. Sje jeg ekki, að verið geti mikið rúm fyrir ágreining um svona frv., en auðvitað geta skifst skoðanir um það, hvað hentast er fyrir einstaklingana sjálfa — þingmennina.

Jeg veit að hjer sitja flestir sömu þm. nú, sem áttu þátt í undirbúningi nýju stjórnarskrárinnar 1919 og ákváðu þá, að þing skyldi haldið að vetri til. Jeg veit líka, að á tímabilinu síðan hafa ekki komið í ljós lökustu annmarkar vetrarþinganna, veit, að vetrarríki hefir þessi síðustu ár ekki tafið þingferðir eða aftrað þeim, og að þessu hafa þingferðir að vetri gengið slysalaust. En niðurlag 31. gr. stjórnarskrárinnar sýnir, að sú hugsun var eigi fjarri þinginu 1919, að vetrarþingin kynnu að reynast viðsjál, því að þar er heimild veitt til að breyta ákvæðum um vetrarþing með einföldum lögum. Það er því alls ekki ósennilegt, að ýmsum kunni að hafa snúist hugur um vetrarþingin.

Að þessu hafa aðeins 4 regluleg þing verið vetrarþing, 1909 og 1911 fyrir stríð og eftir stríð 1921 og 1922, en auk þess hafa 2 aukaþing verið haldin að vetri til, 1916—17 og 1920.

Má því segja, að reynsla vetrarþinganna sje ekki löng, og þegar þau fyrst voru tekin upp með lögum 1905, sem komu þó ekki til framkvæmda fyr en 1909, þá varð endingin þó eigi nema til 1911.

Það er hrein tilviljun, að ekki hefir enn þá tepst þinghald um miðvetur af vetrarríki og ísreki, eins og líka hitt, að slysalausar hafa þingferðirnar verið að þessu. En enginn, sem kunnugur er veðurfari norðanlands og austan, þegar ísrek er að vetri, lætur sjer víst til hugar koma, að land vort sje orðið veðurblíðara en áður eða að ætíð muni tálmunarlaus verða þingferð um miðvetur frá Norðurlandi, og það væri vissulega illa farið, ef bíða þyrfti eftir slysi eða skipreka á þessum þingferðum að vetri, til þess að sannfæra menn um óhaldkvæmi vetrarþinganna.

Og þótt menn, sem búa og búið hafa hjer á suðvesturhorni landsins, og ef til vill þekkja lítið til ísabylja, nema úr annálum, líti á slíkar sagnir eins og ýkjur, þá vil jeg þó ætla, að ýmsa þeirra reki minni til byljanna í öndverðum janúar 1918, þegar nærri lá, að Lagar-

foss og Villemoes týndust báðir í ísreki nyrðra og eystra. Sennilega muna líka ýmsir þessara manna eftir skiprekanum 1881, er póstskipið Fönix hleypti á land hjer við Faxaflóa í miðsvetrarbyl, vegna klakabrynju og ísþunga.

Mörg dæmi um skipreka af ísháttu má telja frá Austur- og Norðurlandi frá því gufuskipaferðir hófust þangað um 1880, og man jeg þó eigi öll: 1882 fórst norska gufuskipið „Rask" í ísi á Austfjörðum og 1888 enska gufuskipið „Miner". Um líkt leyti fórust með nokkru millibili einnig í ísi við Norðurland 2 norsk gufuskip, „Eljan" og „Brave", en síðast mun þar hafa týnst danska gufuskipið „Kong Tryggve" Allir þessir skiprekar og margir aðrir, sem jeg ekki man, eru vottur þess, hve hæpnar og hættulegar vetrarferðirnar geta verið með ströndum fram. En það má heita óbrigðult, að samhliða ísreki að vetri sje sú fannfergja, að landferðir sjeu ósækjandi eða illsækjandi. Og þótt ekki sje gert ráð fyrir skipskaða og manntjóni á þingferðum að vetri, sem auðveldlega getur þó að borið, þá blasir þó beint við, að skip geti þegar minst varir lokast inni af ís á höfnum, jafnvel mánuðum saman, og eyðilagt með öllu þinghaldið eða tafið það, svo kostnaði nemi í tugum þúsunda króna; þarf ekki langt að leita um dæmi. 1918 teptist Villemoes í ís á Siglufirði um 5 vikur og 1902 festist skip í ís á Austfjörðum um þriggja mánaða tíma.

Jeg tel að vísu þetta torleiði og hættur vetrarferðanna þegar vetrarríki er mikið gildustu ástæðuna gegn þinghaldi að vetri, en mjög margt fleira mælir á móti því, svo sem dýrari og erfiðari ferðir þingmanna, aukinn kostnaður við hitun og lýsing þinghússins að vetri, erfiðari og þunglamalegri vinnubrögð fyrir aðkomnum þingmönnum og heimilislausum, vegna kaldra og óhentugra húsakynna o. fl., og ekki síst sá drungi og deyfð við andleg störf, sem margir finna til að vetri fremur en sumri, og sem sjálfsagt á nokkurn þátt í að tefja þingstörfin og lengja þingtímann. Enn fremur tefur það allmikið þinghald á síðari hluta vetrar, að páskaleyfi og fleiri sjerstök falla inn í þingtímann og auka að óþörfu kostnað við þinghaldið.

Loks skal jeg nefna þann stóra og meinlega ókost við vetrarþingin, að meðan þau haldast, verður heimild 33. gr. stjórnarskrárinnar til þinghalds utan Reykjavíkur dauður bókstafur og þýðingarlaus með öllu, með því að ónóg húsakynni, flutningaerfiðleikar o. fl. mundi torvelda þinghaldið annarsstaðar, og aftra því með öllu í sveit, þar sem það ætti þó helst að vera.

Jeg geri fastlega ráð fyrir því, að 1000 ára þingið 1930, verði á Þingvelli háð, þótt svo kunni að fara, að þangað til kúldist það hjer í Reykjavík. Mjer finst hátíðahaldið mundi verða bragðlítið og dauft, ef þetta hátíðarþing skyldi háð hjer í Reykjavík í miðsvetrarhryðjum og myrkri, mitt í þeim fáránlega solli ljettúðar og lausingjaháttar, fjesýslugargi og fávíslegu tildri, sem yfirgnæfir hjer alt annað. Mjer finst jeg ekki mundi geta skilið þá menn, sem hafna vildu slíkri samkomu á Þingvelli, í sumardýrð og gróðurilm, fyrir dvöl hjer í Reykjavík, innan um hjegómann allan, innan um svað og fúla forarpolla.

Einmitt í þessu sambandi finst mjer rjett að minnast á áhrif Reykjavíkur á þingið, en líklega er álitið um það nokkuð breytilegt.

Öllum mun þó koma saman um það, að umhverfið og samvistamennirnir móti einstaklingana eigi alllítið, stundum jafnvel meira en þeir vita sjálfir. Er það líka trúa mín, að annmarkar þingsins stafi að miklu leyti frá áhrifum umhverfisins, áhrifum bæjarins. Hvorki er hann svo prýðilegur, þriflegur eða ánægjulegur, nje heldur nágrenni hans svo gróðursælt, aðlaðandi eða fagurt, að það veki kendir ánægju eða gleði, og óvíða virðist mjer svo hátt undir loftið í andans musteri hans, að virðingu eða aðdáun veki, enda er þess vart að vænta í kaupsýslu- og fiskiþorpi, sem þar að auki er á gelgjuskeiði. Andlega andrúmsloftið hjer hefir mjer jafnan fundist svipað því líkamlega andrúmslofti, hráslagalegt og hressingarvana og síst til þess fallið að vekja og glæða háleitar hugmyndir eða að hafa göfgandi og bætandi áhrif á þingið, þingmenn eða aðra, sem að eru komnir.

Jeg veit, að fjöldi manna neitar þessum áhrifum frá umhverfi og samvistamönnum, en það haggar í engu skoðun minni um þau efni, og hún á ekki „formælendur fá“ nú á dögum.

Jeg hefi um æfina oftast dvalið í friðsælu og kyrð sveitarinnar, en líka haft nokkur kynni af andlegu harðrjetti smábæjanna og algleymisskarkala stórborganna. Þess vegna þekki jeg nokkuð af eigin reynslu þessar þrjár myndir hins borgaralega lífs og hugsunarhátt og einkunnir þeirra, og jeg hefi fyrir löngu skapað mjer skoðun um kosti hverrar um sig og ókosti.

Jeg mundi eigi hugsa mig lengi um, ef jeg mætti ráða, að velja Alþingi samkomustaðinn á Þingvelli fremur en í Reykjavík, og jeg mundi gera það í öruggri trú þess, að störf þingsins nýttust þjóðinni þar betur, í öruggri trú þess, að sjóndeildarhringurinn andlegi — eigi síður en sá líkamlegi — yrði þar víðari, hærri og bjartari. Það er engum vafa bundið í vitund minni, að þar nyti sín betur alt það besta, sem í fari hvers þingmanns býr, heldur en í fiskiþorpinu votviðrasama sunnan við Faxaflóa.

Mjer þykir rjett að geta þess hjer, hvernig tekið var undir þessa hugmynd um færslu þingstaðar, þegar jeg fyrst hreyfði henni. Það mun hafa verið 1919 í einkaviðtali nokkurra góðkunningja hjer í Reykjavík, og var nokkru síðar um þetta getið meðal samtíningsfrjetta í blaði einu. En hvað skeði? Eitt af helstu blöðum bæjarins fyltist vandlætingasemi og helti yfir mig og þessa hugmynd ókjörum mótmæla, nefndi þetta fornaldardýrkun, fávíslegt athugaleysi, skilningsskort á þjóðarhagnum o. fl. því líkum nöfnum, en aðalmótbáran virtist þó sú hjá blaðinu, að ekki væri of mikið fyrir Reykjavík gert, þótt hún fengi að halda Alþingi og byggingarprýðinni af nýju þinghúsi. Með öðrum orðum: Blaðið virtist líta svo á, að þingið ætti að vera til, starfa og haldast vegna Reykjavíkur, hvað sem liði þörfum þjóðarinnar að öðru leyti, vera til eins og kvikmyndahús fyrir Reykjavík.

Nú er þessi f á s i n n a, um flutning þingsins, samt farin að koma í ljós víðar. Henni brá fyrir nýlega í útbreiddu tímariti, í ritgerð eftir einn háttv. þingdeildarmann, og þótt mjer, sem nærri má geta, eigi að um það. Bæði hefir hann komið auga á hátíðaþinghaldið 1930, sem þar ætti að vera, og hönd skyggir hann fyrir augu og sjer þar í hillingum framtíðarþing við Öxará.

Jeg skal nú ekki tefja tímann lengur við þessa hlið málsins, en áður en jeg sest niður verð jeg að víkja að einni mótbáru gegn sumarþingum, sem oft hefir heyrst, — í raun og veru þeirri einu, sem nokkurs er verð, — ef rjett væri. Það er sú mótbáran, að bændur geti síður sint þingstörfum þegar þinghald er að sumri og að sumarþing muni leiða til þess, að bændum fækki á þingi. Þetta væri ærin ástæða til þess að hafna sumarþingum, ef rjett væri, en jeg tel hana alls eigi rjetta.

Það er vitanlegt, að bændur geta ekki að jafnaði farið frá heimilum sínum á neinum tíma árs, án þess að setja fullgildan mann til forstöðu heimili og búi, en slíkir menn eru engu síður vandfengnir að vetri en sumri, enda vandinn oft meiri og áhættan að vetrinum en sumrinu. Í útigöngusveitum, þar sem hjörðin er höfð fjarri húsum, er hún oft — og þar með tíðum aleiga búandans — í veði, ef ekki er vel til gætt, og þekkja víst allir fjárskaðaveður á vetrum, sem komið geta svo óvörum, að heilar hjarðir farist. Það er því eigi síður áhyggjuefni fyrir búanda að fara frá hjörð sinni að vetri í hæpinni geymslu, en frá heyvinnu að sumri, sem að vísu getur gengið miður vegna fjarveru hans, en hefir enga hættu í för með sjer, slíka sem vetrarhríðar fyrir hjörðina.

Líkt er ástatt um útvegsbændur sem sveitabændur í þessu efni. Verstöðvar eru sumstaðar að vetri, annarsstaðar að sumri, hausti eða vori. Fer það því eftir atvikum, hvort útvegsbónda er hentari heimanför að vetri en sumri.

Yfirleitt sje jeg ekki, að nein einhlít regla um hentugan tíma til þingferða verði fundin fyrir bændur alment, því að breytileg atvik ráða í hvert sinn og á hverjum stað.

Í þessu veðurharða, vegalausa og víðáttumikla landi hefir margra alda reynsla tengt þinghaldið við sumarið, og enn þá liggja þau sömu rök til þess sem fyr, að sumarið verður að teljast hentugasti tíminn.

Eftir frv. er látið ósagt, hvort þing skuli háð annaðhvert ár eða árlega, og er þannig opin leið til beggja handa fyrir stjórnarskrárbreytingu þá, sem hjer er á ferðinni. Yrði nú með henni horfið að því tvísýna ráði að halda þing annaðhvert ár, þá væri óumflýjanlegt að hafa sumarþing, því að fráleitt væri að eiga þinghaldið þá undir dutlungum vetrarveðra, er þingin væru svo strjál.

Ákvæði 2. gr. frv. um fyrsta sumarþing 1924 ætti líklega að breytast í 1926, ef sá yrði uppi að fækka þingum, en þessu má auðveldlega breyta síðar við meðferð málsins eða síðari umræður.

Jeg geri enga tillögu um að vísa máli þessu til nefndar; það geta aðrir gert, ef þeim virðist ástæða til. Mjer virðist málið svo einfalt, að engum sje ofætlun að átta sig á því án nefndar, og ef til vill er þegar fyrirfram ákveðið fylgi þess og mótspyrna gegn því.

Magnús Jónsson: Mig langar til að segja fáein orð um þetta frv., enda þótt jeg hafi ekki búið mig jafnvandlega undir til andmæla eins og háttv. flm. (SvÓ) hafði gert til þess að sýna fram á kosti sumarþinga. Get jeg því ekki mætt honum eins vel og skyldi, til þess að sýna honum fram á hina mörgu ókosti þessa fyrirkomulags.

Hann lagði mikla áherslu á tafirnar að vetrinum og sagði, að þing gæti jafnvel fallið niður af þeim orsökum. Taldi þessi hv. þm. upp marga skipreka, þessu til sönnunar. Hann álítur líklega, að flestir eða allmargir þingmanna þekki ekki norðlenskt veður, og mundu þeir því telja sögurnar um hríðarnar þar meðal þjóðsagna. Jeg þekki nú þar t. d. allvel til og veit, að þar koma oft miklar hríðar og illar. En jeg sje ekki, að þetta komi málinu neitt við, og veit ekki til, að neinar sjerstakar ferðir sjeu farnar aðeins til þess að flytja þingmenn eða að skip hafi farist þess vegna.

Strandferðir verða hjer eftir einlægt fullkomnari eftir því sem timar liða, og hefir það því engin áhrif, þó þm. þurfi að fara með þessum skipum. Slys eru einatt alvarleg, en það er allóliklegt, að þau slys geti komið fyrir, sem varpi skugga á vetrarþingin, og þó að það væri sorglegt, ef þm. færust á leið til þings, sje jeg ekki, að þeim sje neitt vandara um en öðrum að ferðast þannig á vetrum. En nú eru allar ferðir breyttar til batnaðar. Menn hafa nú betri skipakost til þessara ferða en áður, því menn hafa lært af reynslunni, að það þarf bæði betri skip og sjómenn til þessara ferða en annara. Læra menn einatt svo af reynslunni, að óhætt mun að gera ráð fyrir, að tafir og slys verði sjaldgæfari eftir en áður.

Öll skýrsla hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um skipreka var málinu alveg óviðkomandi. Skipin farast ekki frekar, þótt þingmenn sjeu innanborðs. Jeg verð líka að segja það, að alt, sem hv. þm. sagði um töf af hafís, sje að mestu bygt á misskilningi. Þingmenn fara nú til þings í byrjun febrúarmánaðar, og er víst hafís sjaldan eða aldrei kominn um það leyti. Hann kemur ekki fyr en seinna, í mars og apríl, og eru meiri líkur til þess, að þingmenn tefjist af slíkum orsökum við heimförina að vorinu heldur en þegar þeir fara til þings. Jeg get jafnvel farið lengra og sagt, að meiri líkur sjeu fyrir því, að hafísinn verði til tafar í júnímánuði, ef sumarþing yrði, heldur en í febrúar. Er mjer t. d. minnisstætt, að vorið 1902 komust skip ekki suður um land allan júnímánuð, sökum hafístálmana. Hjer á jeg þó aðeins við hafísinn, en vitanlega er veðrið betra til ferðalaga að vorinu en í febrúar. Enn get jeg tekið það fram, að aldrei er erfiðara að ferðast um landið með hesta heldur en einmitt að vorinu. Það er því öðru nær en að erfiðleikarnir með ferðalögin sjeu eins mikil ástæða móti vetrarþingum og þessi hv. þm. vildi vera láta.

Þá kem jeg að kostnaðarhliðinni. Eitt af því, sem áður var haft á móti vetrarþingum, var það, að engin tæki voru í alþingishúsinu til ljósa og hitunar, og blæddi mönnum í augum að þurfa að setja slíkt upp. Nú er þessi ástæða ekki lengur fyrir hendi, því að hitunar- og ljósatæki eru komin í húsið, og engin ástæða til þess að láta það standa brúkunarlaust, enda nauðsynlegt að hita húsið upp hvort sem er. Húsið lá orðið undir skemdum, sökum þess, að það var aldrei hitað upp á vetrum, og var rakanum farið að slá inn gegnum veggina, þótt húsið væri vandað. Svo er nú, eins og kunnugt er, búið að hola háskólanum niður hjer, og þar sem að hita verður hann upp hvort sem er, þá munar ekki svo miklu, þótt heitu vatni sje hleypt hjer upp á efri hæðirnar. Þessi ástæða er því alveg horfin nú.

Hv. flm. (SvÓ) færði páskafríið sem

eina ástæðu gegn vetrarþingunum. Það er nú heldur ljeleg ástæða. Fríið mun vera fjórir dagar, og sá tími fer vissulega ekki til ónýtis. Engin vanþörf á að fá dag og dag til þess að athuga það, sem fyrir liggur, og eins til þess að geta farið yfir eitthvað fleira en það, sem liggur fyrir daglega.

Í sambandi við kostnaðinn má minna á það, að fyrir flesta er dýrara að vera að heiman á sumrin en á veturna. Og þó að virðast megi svo með sumar stjettir, að þær megi fremur missa sumartímann til þingsetu, þá er slíkt undantekning, sem sannar aðalregluna, að óheppilegra og dýrara sje að hafa þing á sumrin. Mundi sá kostnaður nema meiru en hitun alþingishússins.

Þá heyrðist mjer háttv. þm. (SvÓ) segja, að þingmenn mundu vinna miklu betur og með meira fjöri að sumrinu. Hafi hann sagt það, þá er það þveröfugt við það, sem rjett er. Öll andleg vinna veitist miklu erfiðari að sumrinu. Skólar, t. d., eiga mjög erfitt með að starfa á vorin, eftir að sólin og góðviðrið er farið að lokka menn til útiveru. Og jeg ætla, að t. d. bændur mundu lítt una því að vera bundnir innan fjögra veggja tíma eftir tíma og dag eftir dag á þeim árstíma, sem þeir eru vanir að vinna úti. Og þeir, sem á þingi sitja áratugum saman, yrðu með þessu nálega sviftir þeirri ánægju lífsins, sem það er að njóta sumarblíðunnar.

Ein ástæðan, sem háttv. þm. (SvÓ) kom með gegn vetrarþingum, var sú, að ekki kæmi til mála að halda þing utan Reykjavíkur á vetrum. En það kemur ekki til mála að halda þing utan Reykjavíkur, hvorki sumar nje vetur, nema þá á Þingvöllum. Það er rjett, að jeg hefi nýlega haldið því fram í tímariti, að þingið ætti að heyja þar, og það er líka mín fasta sannfæring, að þar sje það best komið. En við þetta er það að athuga, að eins og með margt annað er ekki gott að koma fram með skynsemisrök fyrir því. Það þarf fyrst að vaxa upp í meðvitund þjóðarinnar. Hún þarf að finna, að á Þingvöllum er hennar helgi þingstaður, þar sem samkomustaður Alþingis verður að vera, og það án tillits til þess, hvort aðrir staðir, svo sem Reykjavík, eru heppilegri frá fjárhagslegu sjónarmiði sjeð. Það er eins og þegar maður leggur eitthvað í sölurnar fyrir ástvin sinn, að maður fer ekki að spyrja skynsemina, hvað hyggilegast sje.

Háttv. þm. (SvÓ) talaði um sumarþing í sambandi við 1000 ára hátíðina 1930, en jeg álít rjettast að halda þeirri hátíð utan við þetta mál. Vitanlega er rjett, að þingið láti fara fram hátíðlega athöfn á Þingvöllum 1930, því þótt líkur sjeu til þess, að Alþingi hafi ekki verið sett á stofn árið 930, þá munar það ekki svo miklu. En jeg skil ekki, hvernig þing ætti að vera háð þar það ár. Það þyrfti þá að vera búið að reisa þar stórbyggingu, því að það geta komið vond veður hjer á Suðurlandi, þótt að sumri sje, og líklegt, að þingskjölin kynnu að vökna hjá einhverjum háttv. þm., ef hafast ætti við í tjöldum, þ. e. a. s. ef nokkurt þingskjal yrði prentað þar, því til þess þyrfti þó að vera búið að setja þar niður prentsmiðju. — Nei, hátíðahöldin eiga að vera með alt öðru móti, og því rjettast að vera ekkert að blanda þeim inn í deilur um það, hvort þingið skuli haldið að sumri eða vetri til. Hitt er annað mál, að jeg er, eins og jeg hefi áður tekið fram, meðmæltur því, að þingið verði háð á Þingvöllum, þegar nægur undirbúningur hefir farið fram.

En þá þarf að byrja á alt öðru en því að færa þingið til sumarsins. Það er svo fljótgert.

Eina ástæðu, og líklega þá stærstu, fyrir því, að þing eigi ekki að heyja á vetrum, mintist háttv. þm. (SvÓ) ekki á. En það er, að þegar þing er háð svona snemma ársins, er erfitt að gera áætlun um fjárhag næsta árs.

Á þinginu í fyrra kom fram frv. um að breyta fjárhagsári ríkissjóðs. Jeg var þá á móti frv., sökum þess að jeg taldi það ekki nægilega vel undirbúið, en jeg er alls ekki fjarri því, að fjárhagsárinu mætti breyta, og álít það heppilegra en að breyta samkomutíma þingsins. Hv. flm. gat um, að bændur ættu hægra með að sitja þing á sumrum en vetrum. Jeg játa það, að ef illa fer heima fyrir, þá er oft meira í húfi á vetrum. En ef bóndinn þarf að fá mann fyrir sig meðan hann situr á þingi, þá eru menn þó altaf dýrari á sumrin. Það er auðvitað slys, ef fje ferst að vetri til, en það mun alveg eins hafa komið fyrir, þó að bóndinn sje heima. Og aldrei hefi jeg heyrt um það, að slík slys hafi viljað til sökum þess að bóndinn hafi setið á þingi. Það eru líka fleiri sem sitja á þingi en bændur, og jeg ætla, að hvaða störfum sem þingmaðurinn gegnir, þá muni í flestum tilfellum vera dýrara fyrir hann, að þing sje haldið að sumrinu. Eina stjett landsins, sem verður hart úti með vetrarþing, eru kennararnir, nema þá helst í Reykjavík. Utan Reykjavíkur eru þeir máske alveg útilokaðir frá þingsetu. Jeg hefi nú minst á flest, sem hv. flm. sagði máli sínu til stuðnings. En jeg held, að óþarfahringl með samkomutíma þingsins sje ekki af því góða. Menn mundu fljótt komast að raun um ókostina, sem sumarþingunum fylgdu, og breyta svo um aftur. Og þó að stjórnarskráin heimili, að breyta megi samkomutímanum með almennum lögum, þá hefir það alls ekki verið meiningin, að alt af væri verið að hringla með það.

Þorsteinn Jónsson: Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) endaði ræðu sína með því, að það væri ekki af því góða að vera að hringla með samkomutíma Alþingis. Og jeg er sannfærður um, að það sje rjett, að Alþingi hefði aldrei átt að hringla með hann.

Það var þegar snemma á 10. öld, er Alþingi var sett, að heppilegra þótti að halda það að sumri til. Hjelst sá siður alla tíð til ársins 1800, er Alþingi var niður lagt. Er mjer ekki kunnugt, að á öllu því tímabili hafi heyrst raddir um að hafa vetrarþing. Þetta kom auðvitað af því, að á sumrum var langþægilegast að halda þing, sökum veðráttunnar, og þá voru ferðalög auðveldari en á vetrum. Eftir að Alþingi var endurreist og til ársins 1909 voru ávalt haldin sumarþing, en þá var því breytt, og var fyrsta vetrarþing háð 1909. Ekki leið þó á löngu áður menn yrðu óánægðir með vetrarþingin, og voru samþ. lög í þinginu 1912, þar sem samkomutíminn var aftur færður til sumarsins. Þessi stutta reynsla, sem fengist hafði, var þegar búin að sýna mönnum fram á þá ókosti, sem vetrarþingunum fylgdu. Og þeirrar reynslu hefði ekki átt að þurfa með. Öllum, sem þektu til íslensks vetrarveðurfars og íslenskra samgangna, hefði átt að vera ljóst, að það fyrirkomulag, að hafa þing að vetri til, getur ekki lengi staðið.

Nú vildi svo óheppilega til, að þegar nýja stjórnarskráin var sett, 1920, var

enn hringlað með samkomutímann. Síðan hafa að vísu engin stórvandræði hlotist af að hafa samkomutímann að vetrarlagi, en undanfarnir vetur hafa líka verið óvenjumildir, svo að ferðalög hafa gengið sæmilega. En þar með er ekki sagt, að svo verði jafnan í framtíðinni, og ekkert er líklegra, ef vetrarþing halda áfram, en að þingmenn, sem búa í fjarlægum landshlutum, komist stundum alls eigi til þings, eða þá ekki fyr en meira eða minna er liðið á þingtímann.

Sumstaðar eru miklir örðugleikar að komast til skips á vetrum, svo sem er víða á Austfjörðum. Þar er víða yfir fjallgarða að fara, einhverja þá verstu á landinu. Er þá oft tvísýnt, hvort maður kemst klaklaust úr þeim ferðalögum. Hefir t. d. tvisvar komið fyrir mig nú á undanförnum vetrum, þegar jeg hefi þurft að fara til þings, að jeg hefi þurft að leggja upp í tvísýnu veðri úr Borgarfirði eystra, til þess að ná í skip á Seyðisfirði. Höfum við flm. frv. átakanlega reynslu fyrir okkur í þessu efni. (**BH:** Það hafa fleiri).

Hv. 4. þm. Reykv. (**MJ**) gerði lítið úr þeirri ástæðu hv. flm. (SvÓ), að þm. væri oft stefnt í voða með vetrarferðalögum. Kvað hann þeim ekki vandara um en öðrum. Það getur nú máske rjett verið. En þegar hægt er að sýna fram á, að vetrarþingin koma í bága við hagsmuni þjóðfjelagsins, þá ætti það að vera ástæða, sem taka mætti tillit til. Það má vel vera, að ekki sje mikill munur á kostnaði við hitun alþingishússins, hvort sem þing er háð á sumrum eða vetrum. En það er ýms annar kostnaður, sem mikill munur verður á. Má þar sjerstaklegt til telja ferðakostnað þingmanna. Það er vitanlegt, að hann verður miklu meiri á vetrum en sumrum, sjerstaklega hjá þm. úr fjarlægum landshlutum. Og komi það fyrir, — sem áreiðanlega verður fyr eða síðar, ef þing verður haldið framvegis á vetrum —, að skip tefjist í hafi, svo að fresta verði setningu þings í marga daga, kanske svo vikum skiftir, þá sjá allir, hvílíkan kostnað slíkt hefir í för með sjer fyrir ríkið.

Það má vel vera, að sumir hv. þm. vilji bíða eftir þeirri reynslu, þótt dýrkeypt sje, en þess verður ekki mörg ár að bíða, að þessi breyting komist á.

Þá var hv. 4. þm. Reykv. (**MJ**) að minnast á vinnubrögðin. Vildi hann halda því fram, að betur yrði unnið á vetrum en sumrum. Jeg skal ekki fara út í það, á hvað tíma árs menn sjeu best fallnir til vinnu. En jeg ætla, að þingmenn hraði meir störfum sínum á sumrum og leggi sig betur fram, til þess að geta fyr komist heim.

Þá talaði hv. þm. um það, að þm. af flestum stjettum væri hentugra að sitja á þingi á vetrum. Um þetta eru mjög skiftar skoðanir. Bændur deila um, hvort betra sje, og auðvitað er alt af vont að þurfa að vera frá heimilum sínum, svo að þessu leyti eru þeir best settir, sem heima eiga í Reykjavík. En mjer kemur einkennilega fyrir, að kennari við háskólann skuli koma fram með þessar skoðanir um vetrarþing. Það geta allir sjeð, að óhentugt er fyrir menn að gegna tveim fullkomnum störfum samtímis. (**MJ:** Jeg undantók einmitt kennara). Annaðhvort hlýtur að verða útundan. (**MG:** En að vera jafnframt kennari á Akureyri). Jeg býst ekki við, að það verði til bóta fyrir störf kennara að vera að heiman á vetrum.

Það vill einmitt svo til, að nú eiga

2 háskólakennarar og 2 skólastjórar í Reykjavík sæti á þingi. Jeg býst ekki við, að það sje til bóta fyrir störf þeirra, að þing eru háð að vetrinum til. Þau hljóta að líða við það. (**MG:** En barnaskólakennarar á Akureyri?). Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) býst við, að jeg haldi þessa ræðu sjálfs mín vegna. Því fer fjarri, en hver þekkir best sjálfan sig, og því heldur hv. 1. þm. Skagf. að mjer sje farið sem honum, þegar um eiginhagsmuni er að ræða.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, IngB, BSv.

nei: JS, JÞ, LH, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, StSt, ÞorlG, ÞórJ, BH, EÞ, GunnS, HK, JakM, JAJ, JB.

Fjórir þm. (MP, SSt, BJ, EE) fjarstaddir.

16. Bankaráð Íslands.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um bankaráð Íslands (þmfrv., A. 174).

Á 23. og 25. fundi í Ed., dagana 22. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Svo sem kunnugt er, þá höfum við Íslendingar haft eitt bankaráð. Er það bankaráð Íslandsbanka.

Nú höfum við samt sem áður 3 banka, Íslandsbanka, Landsbankann og veðdeild Landsbankans, sem líka er einskonar banki. Auk þess höfum við marga sparisjóði víðs vegar um landið, og í útsýn nýjan eða nýja banka.

Frumkvæðið að þessari hugmynd, að setja á stofn slíkt bankaráð, sem hjer er gert ráð fyrir, er komið frá einum starfsmanni við Landsbankann, og kom fram fyrir 2 árum, þótt ekki væri opinberlega. Áleit hann, að bönkunum væri mikill styrkur að svona löguðu ráði, er skipað væri fulltrúum atvinnuveganna og bankarnir gætu ráðfært sig við.

Þetta frv. gerir ráð fyrir einu bankaráði, og sje fjármálaráðherra formaður þess. Hafi það yfirumsjón með öllum bönkum og sparisjóðum hjer á landi, og marki aðallínurnar í starfsemi þeirra.

Ef frv. þetta verður að lögum, nær það þó ekki fyrst um sinn til Íslandsbanka, sem hefir bankaráð, skipað eftir sjerstökum lögum. En þar sem landið hefir mikilla rjettinda að gæta í bankanum, þar sem það, auk annars, hefir lagt mikið fje í hann, þá er ekki ólíklegt, að skjótt þætti hagfeldara að fella hann undir sömu ákvæði og aðra banka, og yrði þá núverandi bankaráð lagt niður.

Þegar stofna skal nýtt bankaráð, virðist rjettast að snúa sjer til atvinnufjelaga landsins. Þessu ráði hefir líka verið beitt. Landsstjórnin hefir einatt leitað ráða til atvinnufjelaganna, þegar hún hefir haft til framkvæmda eitthvað, er snertir atvinnu eða verslun landsins. Hjer er því aðeins gengið lengra fram á þessa braut, þar sem farið er fram á það, að stjettafjelögin ráði aðalstefnu og starfi peningabúðanna. Þá gæti það orkað tvímælis, hvernig skifta ætti þessu starfi milli atvinnufjelaganna.

Hjer er sú leið farin, að skifta því jafnt milli sveita og kauptúna, tveir fyrir hvorn aðalaðilja. Sýnist rjett að gera þessa tvo aðalþætti íslensks þjóðlífs jafnrjettháa. Fremur gæti þó verið ágreiningur um það, hvernig skifta ætti innbyrðis. Í kauptúnunum er lagt til, að það sjeu tvær aðalstjettirnar, sem skipi sinn fulltrúan hvor: vinnuseljendur og vinnukaupendur. En fyrir sveitirnar sjeu það Búnaðarfjelagið og Samband íslenskra samvinnufjelaga, sem skipi fulltrúana.

Þá er gert ráð fyrir því, að bankaráðið starfi kauplaust. Fordæmi frá bankaráði Íslandsbanka sýnir, að illa hefir gefist að hafa bankaráð launað af bankanum. Bankaráð Íslandsbanka hefir oftast haft lítið að starfa, en töluvert há laun.

Hjer er gert ráð fyrir því, að það sje borgaraleg skylda að taka sæti í ráðinu, eins og menn nú t. d. eru skyldir að taka sæti í bæjarstjórn. Auðvitað yrðu þau fjelög, sem mennina kjósa, sjálfráð, hvort þau launuðu þá eða ekki.

Þörfin fyrir, að lánsstofnanir hjer á landi starfi í samræmi er augljós. En mikið hefir brostið á, að svo hafi verið. Jafnvel þeir, sem álíta, að samkepni sje allra meina bót, eru óánægðir með samkepni á þessu sviði, eða milli bankanna. Óskir velflestra landsmanna munu því mætast á þessu sviði, bæði þeirra, sem óska eftir sem mestu samræmi í störfum þjóðarinnar, og eins hinna, sem halda á lofti samkepninni.

Eins og nú er, þá stendur annar aðalbankinn höllum fæti, eða er í hálfgerðum vandræðum. Veðdeildin svo að segja getulaus og megnt ólag á ýmsum sparisjóðum úti um landið. Jafnvel eru sumar sveitir í mesta vanda staddar með sparisjóði sína. — Þá hefir og komið frv. fram í Nd. um stofnun nýs banka, og sýnist vera talsverður áhugi fyrir því máli þar. Sýnist því varla geta orkað tvímælis um það, að þörf sje á því að koma heildarskipulagi á allar þessar lánsstofnanir, þannig að þær starfi í sem bestu samræmi við þarfir atvinnuveganna.

Óhætt er að fullyrða, að hjer er jafnt um hagsmuni atvinnuveganna sem bankanna að ræða. Og telja má víst, að töp bankanna hefðu eigi orðið jafnstórfeld og komið er fram, hefðu fulltrúar atvinnuveganna haft hönd í bagga um það, hvernig lánin hefðu verið veitt.

Þar sem frv. þetta er fjármálalegs eðlis, vil jeg leyfa mjer að óska þess, að það, að umr. lokinni, gangi til fjhn.

Jón Magnússon: Jeg geri ráð fyrir því, að það sjeu atriði í frv., sem vert sje að líta á. En jeg vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna jeg er á móti frv.

Hjer á að mynda allsherjarbankaráð, og eins og hv. flm. (JJ) rjettilega drap á, þá væri það aðeins Landsbankinn, sem það gæti átt við fyrst um sinn. En þess ætti ekki að þurfa. Sá banki er, að lögum til, svo vel útbúinn hvað stjórn snertir, að ekki er hægt að gera það betur.

Í öðrum löndum er álitið, að slík bankaráð sjeu lítils virði. Starfrækslan mest komin undir bönkunum sjálfum.

Þá er jeg samdóma hv. 5. landsk. þm. (JJ) um það atriði, að bankaráð Íslandsbanka, eins og það hefir starfað, hafi reynst fremur þýðingarlítið.

Því var hreyft fyrir nokkrum árum, og það oftar en einu sinni, hjer á Alþingi, hvort ekki væri rjett að skipa

sjerstakan mann, er hefði eftirlit með sparisjóðum í landinu. En það mál gekk þá ekki fram.

Jeg skal víkja aftur að því atriði, að jeg tel naumast hægt að vanda stjórn Landsbankans betur með lögum, og því ekki heldur þörf. Við Landsbankann eru nú 3 aðalbankastjórar, og er það tveimur fleira en gerist við svipaða banka erlendis, þar sem ekki er nema einn aðalbankastjóri, og þá máske aðstoðarbankastjórar. Auk þess eru endurskoðendur, er þingið og ríkisstjórnin velur, og enn fremur getur stjórnarráðið eða fjármálaráðherrann haft áhrif á stjórn bankans.

Þarf því varla að bæta stjórn Landsbankans með lögum, og um að bæta stjórn Íslandsbanka er ekki að ræða hjer, eins og áður er að vikið, þar sem bankaráð hans er skipað eftir sjerstökum lögum. Þá álít jeg, að svona bankaráð yrði alt of þunglamalegt fyrir sparisjóðina. Þó er vert að hugsa um það atriði, hvort ekki væri rjett að setja sjerstakan eftirlitsmann yfir alla sparisjóði í landinu, og ef til vill líka yfir alla banka, einskonar bankaeftirlitsmann, en á öðrum grundvelli en þeim, er frv. þetta gerir ráð fyrir. Jeg hygg, að ekki yrðu mikil not að svona bankaráði, jafnvel þótt vel væri til þess vandað að mönnum. Jeg hefi því ekki mikla trú á því, að endurbót yrði að þessu.

Það væri þó máske rjett, að það atriði væri tekið til athugunar, t. d. af stjórninni, hvort ekki væri rjett að skipa einn bankaeftirlitsmann einnig fyrir sparisjóðina.

Eins og áður er getið, þá voru gerðar tilraunir í þessa átt fyrir 8—10 árum, en náði þá ekki fram að ganga.

Forsætisráðherra (SE): Út af ummælum hv. 4. landsk. þm. (JM), um sjerstakan bankaeftirlitsmann, vil jeg geta þess, að stjórnin hefir þegar tekið þetta mál til yfirvegunar.

Flm. (Jónas Jónsson): Þó ekki sje beint til andsvara, þá vil jeg þó gera fáeina aths. við ræðu hv. 4. landsk. þm. (JM).

Það var ekki rjett, sem hv. þm. (JM) tók fram, að ekki gæti verið nema um Landsbankann einan að ræða, því hið rjetta er, að það yrðu fleiri, sem nytu góðs af stofnun þessa bankaráðs. Hjer er bæði um Landsbankann og veðdeildina að ræða, sem með lögum er breytt í sjerstakan banka, þó enn sje ekki komið til framkvæmda, vegna lömunar. Er þó hafinn undirbúningur um, að þessi lög geti komið til framkvæmda, og verða þá bankarnir tveir.

Þá er einnig sennilegt, að Íslandsbanki myndi skjótt koma undir þetta sama bankaráð. Jeg hefi það frá manni, mjög kunnugum Íslandsbanka, sem einnig er kunnugur erlendu hluthöfunum, að þeir telji það bankanum miklu hagkvæmara að hafa innlent bankaráð, og þá að líkindum skipað á svipaðan hátt og hjer segir. Að vísu er þetta ekki beint sönnunargagn, þar sem jeg tel mjer eigi rjett að skýra frá nafni þessa manns, en það er þó eigi að síður satt.

Það er engin sönnun í þessu máli, þótt bankaráð Íslandsbanka hafi eigi reynst vel á undanförnum árum. Að það gerði það ekki, lá í því, að frá þingsins hálfu var svo frá því gengið, að það varð fremur bitlingur heldur en til að gera gagn, og valið fjell oft þannig, að af því hefir ekki verið mikils að vænta.

Nú hefir það þó starfað mikið síðustu mánuðina. Að vísu er mjer ekki kunnugt, að eftir það liggi mikið nýtilegt, en það hefir sem sagt lagt sig fram að halda fundi um eitthvað.

Alt öðruvísi yrði þessu háttað en undanfarin ár, ef bankaráðið væri skipað fulltrúum atvinnuveganna, völdum af þeim sjálfum, og þá þeim mönnum, er mest traust hefðu innan hverrar atvinnugreinar, heldur en þegar bankaráðið hefir verið valið eftir hverfulleik kosninganna hjer á þinginu.

Tilgangur frv. er sá, að bankarnir fái, þegar þeim fjölgar, sameiginlegan grundvöll til að vinna á og sameiginlegan stað, sem bankastjórnirnar gætu komið saman og væru jafnvel skyldugar til að koma saman á, til að vinna að sameiginlegum hagsmunum bankanna og atvinnuveganna og skiftu verkum milli lánsstofnananna.

Það mun óhætt að fullyrða, að aðalbankarnir hjer hafa verið mjög svo ókunnir hag og viðskiftum hvor annars. Þannig gat maður komið í annan bankann og beðið þar um lán án þess að bankinn hefði hugmynd um, hvernig hagur mannsins stóð hjá hinum bankanum. Er slíkt ástand mjög óheppilegt í litlu landi, sem hefir mjög hættulega atvinnuvegi. Sameiginlegt bankaráð myndi koma í veg fyrir slíka hættu.

Viðvíkjandi sparisjóðunum yrði þetta máske ekki nægileg umbót. Ófært er, að ekkert eftirlit sje haft með þeim. En að skipa til þess fastan mann gæti líka orðið miður heppilegt; já, máske af sömu ástæðu og drottningin í Svíþjóð, sem ekki vildi giftast; hún hjelt, að hún myndi ef til vill fæða son, sem ekki yrði góður kongur. Í okkar litla þjóðfjelagi er erfitt að fá mann, sem bæði er starfi sínu vaxinn og menn bera líka traust til. Er hættulegt að setja fastan mann í slíka stöðu undirbúningslaust, ef valið skyldi mishepnast.

Betra myndi vera, að bankaráðið fæli trúnaðarmanni sínum í bili slíkt eftirlit. Fengist þá reynsla fyrir manni og árangri af starfinu, án þess að festur væri maður til þess.

Um sjerstakan bankaeftirlitsmann er það að segja, að naumast myndi hann til þess fallinn að ferðast milli sparisjóðanna. Til þess myndi sennilega valinn eldri maður, sem óhægt ætti með ferðalög um landið á öllum tímum árs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, IHB, JóhJóh, JJ, KE.

nei: SHK, BK, HSn, JM, HSt.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 438 og 450).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Fjhn. hefir ekki að öllu leyti orðið samferða í þessu máli. Meiri hl. lítur svo á, að hjer sje um mikilsvert mál að ræða, þar sem er yfirumsjón með bönkum og sparisjóðum í landinu og að koma starfsemi þeirri sem tryggilegast fyrir. Hann hefir því komið fram með rökstudda dagskrá, þar sem hann vill vísa málinu til stjórnarinar, til undirbúnings fyrir næsta þing. Minni hl. vill aftur á móti ekki skora á stjórn-

ina að undirbúa málið fyrir næsta þing, og virðist því vera sæmilega ánægður með núverandi fyrirkomulag.

Þó segir minni hl. reyndar í nál. á þskj. 150, að holt muni vera að stofna konunglegt lífstíðarembætti fyrir 1 — eða jafnvel 2 — „kritiska“ endurskoðendur, sem sjerstaklega rannsökuðu rekstur banka og sparisjóða. Þetta sýnir, að þeir álíta, að ekki þurfi að flýta aðgerðum í þessu efni. Því jeg hygg, að eitthvað muni nú þurfa að laga þessa „kritisku“ endurskoðendur áður enn þeir verða færir um að „ala“ upp menn til að líta eftir sparisjóðunum, eins og þeir ætlast til. Og talsverðan tíma mundi það uppeldi taka til að geta komið að gagni.

Um bankaráð Íslandsbanka sjá þeir auðvitað ekki, að neinu megi breyta. En meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á þá skoðun.

Þá skil jeg ekki í því, hvernig hv. minni hl. nefndarinnar getur komist að þeirri niðurstöðu, að veðdeildin og veðbankinn geti fullnægt lánsþörfum bænda. Önnur þessi stofnun, veðdeild Landsbankans, lánar mjög lítið eða ekkert til jarðræktar, en aðallega til húsabygginga hjer í bænum, og ríkisveðbankinn er enn ekki kominn á fót. Það verður því ekki neinn tiltakanlegur peningaaustur, sem bændur eiga að láta sjer nægja, eftir þeirri skoðun.

Vil jeg svo leggja til, að hv. deild samþykki dagskrána.

•

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það greinir ekki mikið á milli meiri og minni hluta nefndarinnar, því hvorugur nefndarhlutinn vill leggja til, að frv. sje samþykt.

Það greinir aðeins á um orðalag dagskrárinnar, því eigi kemur ljóst fram, hvort meiri hlutinn ætlast til, að stjórnin byggi till. sínar eða ekki á grundvelli frv., sem virðist vera hreinn „kommunismi“.

Minni hl. vildi taka hreint af skarið um það, að hann vildi ekki, að stjórnin bygði væntanlegar till. sínar á þeim grundvelli.

Minni hl. vill því annaðhvort, að frv. verði felt eða að því verði vísað til stjórnarinnar, og þá bygt á þeim bendingum, sem koma fram í áliti minni hlutans.

En af því svo getur farið, að till. meiri og minni hluta nefndarinnar falli, þá er ekki hægt að komast hjá að skýra dálítið frv.greinarnar. Og er það því nauðsynlegra, sem frv. byggist á nýju fyrirkomulagi, sem sje **ráðstjórnarfyrirkomulagi.** Og liggur því næst að athuga tilgang og efni 1. gr.

Þar er gert ráð fyrir að skipa 5 manna bankaráð, og er þar sagt, að fjármálaráðherrann sje sjálfkjörinn formaður. Eigi verður sjeð, hvaða þýðingu það á að hafa, að hann sje sjálfkjörinn formaður, því hann á að mæta í bankaráðinu sem óbreyttur bankaráðsmaður, með einu atkvæði eins og hinir, og án frekari ábyrgðar en hver hinna. (**JJ.:** Er það núna í Íslandsbanka?) — En með því virðist alt eftirlitsvaldið og öll ábyrgðin af eftirlitinu vera dregin úr höndum þings og stjórnar um alveg óákveðinn tíma, því eigi er þess getið í frv., til hve langs tíma kosning bankaráðsins eiga að gilda.

Það lítur því svo út, að þetta eigi að vera lífstíðarstarf.

Hina 4 bankaráðsmennina á að velja þannig, að samband kaupmanna á að velja einn, samband verkamanna einn,

samband kaupfjelaganna einn og Búnaðarfjelagið einn. Og þessir 4 menn eiga ekki að vera ráðgefandi menn, heldur geta þeir haft alt valdið, hvað sem fjármálaráðherra segir.

Svo virðist vera fyrir sjeð í frv. þessu, að **kommunistar** verði í meiri hluta í bankaráðinu, og er ekki ólíklegt, að það sje af þeim rótum runnið, að t. d. **samband verkamanna** er sjálfkjörið í bankaráðið, en Fiskifjelag Íslands eða sjómannastjettin útilokuð frá því, sem þó leggur bönkunum til langmestan hlutann af öllum viðskiftum þeirra.

Verkamannasambandið eða verkamenn hafa, eins og kunnugt er, sáralítinn sjálfstæðan atvinnurekstur.

Þetta ætti þá að vera nóg um 1. gr.

Í 2. gr. er ákveðið, að bankaráðið eigi að halda „einn fund á viku, og oftar, ef þörf þykir". Og það á að gerast endurgjaldslaust.

Hefði slík uppástunga komið fram fyrir 50—100 árum, þá hefði hún ef til vill átt við, en ekki nú.

Nú vinna menn ekki umfangsmikil störf fyrir ekki neitt. Og eigi er bankaráðinu ætluð nein „kritisk" endurskoðun, nje endurskoðun yfir höfuð, sem þó er aðalverkefni bankaráða í heiminum. (**JJ:** Hefir það verið í Íslandsbanka?) Heimurinn er stærri en Íslandsbanki og Ísland. (**JJ:** Er þá Íslandsbanki ekki í heiminum?).

Um 3. gr. skal jeg vera fáorður, en vísa í nál. Þó vil jeg geta þess, að þar sem bankaráðið á ekki að framkvæma neina „kritiska" endurskoðun, þá veit jeg ekki til hvers það ákvæði er sett inn í þessa grein, að bankaráðið eigi að hafa „frjálsan aðgang, hve nær sem er, að öllum skjölum og bókum bankans."

Það veitir bankaráðinu aðeins greiðan aðgang að því að geta hnýst inn í viðskifti einstakra manna í bönkunum; aðra þýðingu getur það tæplega haft.

Eflaust mundi það verða nokkuð vafningasamt að leggja bankaráð Íslandsbanka niður, og láta þetta nýja bankaráð koma í þess stað.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins minna á það, að komið hefir fram áður í umr., að stjórnin myndi hugsa sjer að koma fram með frv. um stofnun endurskoðaraembættis. Stjórnin býst nú við að fá allshn. Nd. til að bera fram frv. um þetta, og vona jeg, að það nái samþykki deildanna. Geri jeg ráð fyrir, að frv. þetta komi á morgun.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg vil aðeins vekja athygli á því, að ef rökstudda dagskráin verður samþykt, þá er með henni lagt fyrir stjórnina að undirbúa þetta mál til næsta þings. Það er því mjög óheppilegt að samþykkja hana, ef menn vilja sinna frv. stjórnarinnar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vildi aðeins vekja athygli á því, að máske mætti láta þetta mál bíða, þar til sjeð verður, hvernig frv. um eftirlitsmanninn reiðir af. Annars hygg jeg, að það frv. muni hafa mikið fylgi hjer í þinginu.

Jónas Jónsson: Jeg skal nú ekki að sinni fara út í mál, sem ekki liggur hjer fyrir, heldur snúa mjer að hv. frsm. minni hl. (BK) og taka framsöguræðu hans til athugunar, sem var að efni til „kritik" á sjálfu frv., sem liggur fyrir.

Jeg held, að hv. minni hl. hafi ekki áttað sig á því, að þjóðin er fyrir löngu orðin óánægð með fyrirkomulagið á

bankaráði Íslandsbanka. Bankaráðið hefir aldrei starfað neitt.

Síðustu mánuðina hefir það að vísu haldið fundi, en einungis til ógagns. — Bankaráðsstaðan hefir verið bitlingur, þinginu og flokkum þess til óvirðingar. Bitlingur þessi hefir sjerstaklega lent hjá þeim mönnum, sem stóðu að stofnun Íslandsbanka eða hafa síðan reynst traustur lífvörður hans.

Þessu bankaráði Íslandsbanka, sem eftir upplýsingum hv, frsm. minni hl. (BK) mun ekki vera af þessum heimi, því hann taldi bankann utan veraldarinnar, hafa engar skyldur nje vandi verið lagðar á herðar, en þar á móti mikil laun. — Það var því ekki að undra, þótt það kæmi á annan hv. minni hl. nefndarmann (SHK), sem setið hefir sólarsinnis í þessu bankaráði og fengið þar mikil laun fyrir litla vinnu, þegar hann sá, að hjer gat orðið um röskun á því að ræða. Það er því ekki ósennilegt, að hv. frsm. minni hl. (BK) hafi verið „innblásinn“ af honum, þegar hann hjelt því fram í ræðu sinni, að ekki mætti ætlast til neinnar vinnu, nema laun kæmu fyrir. En þetta ákvæði, um að bankaráðinu verði ekki launað af bönkunum, er bygt á þeirri fyrirlitningu, sem er orðin almenn á því fyrirkomulagi, sem verið hefir á bankaráðinu, og jafnvel þeim mönum, sem margir hverjir hafa sóst eftir þessum bitlingum.

Þegar það er athugað, hve mikið ólán það hefir verið, að atvinnuvegir landsins hafa enga hlutdeild getað átt í því, hvernig Íslandsbanki hefir varið fje sínu, en að erlendu hluthafarnir hafa getað leikið sjer með fje bankans eftir eigin vild, þá er furða, að hv. frsm. minni hl. (BK) skuli gera svo lítið úr því ráði, sem skipað á að vera trúnaðarmönnum atvinnuveganna. Honum er þó máske vorkun, þótt hann telji bankaráð ekki geta framkvæmt „kritiska revision“, því eftir hans dómi hefir bankaráð Íslandsbanka ekki verið fært um það, og annað betra fyrirkomulag á bankaráði getur hann ekki hugsað sjer.

Þá eru sparisjóðirnir eftirlitslausir. Að vísu hefir áður á þingi verið borið fram frv. um eftirlitsmann fyrir sparisjóðina, en náði þá ekki fram að ganga. En syndagjöldin vegna eftirlitsleysisins eru líka að koma fram á þeim. T. d. er einn sparisjóður nú svo nauðulega staddur, að hann hefir orðið að neita að taka sínar eigin innlánsbækur upp í sín eigin lán, nema þá með stórum afföllum, eða líkum „kurs“ og hlutabrjef Íslandsbanka hafa selst erlendist nú síðustu ársfjórðunga. Fleiri sparisjóðir eru illa staddir, þó þessi sje verst staddur. Þessi sparisjóður, Eyrarbakkasparisjóðurinn, er nánast skoðað útibú frá Íslandsbanka. Sýnist sparisjóðurinn ekki hafa haft neina blessun af áhrifum þeim, er hann hefir fengið frá hluthafastjórninni þar.

Það má nú segja, að það hafi ekki komið að sök fyrir Landsbankann, þótt þar hafi ekki verið bankaráð. En það er þó ekki að þakka aðgerðum þingsins 1909, því þær urðu síst bankanum til hagsmuna, og meðal annars má segja, að síðan og fram á árið 1917 hafi bankinn verið lokaður fyrir bændur. Enda ekki undarlegt, eftir framkomnum ummælum hv. 2. þm. G.-K. (BK), að svo væri meðan hann stjórnaði honum. En það má telja sjerstakt, að þingi og stjórn hepnaðist svo að skifta um stjórn Landsbankans 1917, að hann hefir síð-

an eflst landi og lýð til blessunar og orðið fær um að hjálpa landsstjórninni á þessum þrengingartímum.

Það er engin trygging fyrir því, þó að nú sem stendur sje góð stjórn á Landsbankanum, að það haldist til lengdar. Sjávarútveginum og verslun kaupmanna stjettarinnar fylgir svo mikil áhætta, að það er engin trygging fyrir því, að bankastjórnin geti ætíð haft nægilegar gætur á því, að atvinnuvegir þjóðarinnar borgi sig án stuðnings annara stjetta í landinu. Eins og allir menn vita, hefir tekist óheppilega til með rekstur Íslandsbanka og útibús Landsbankans á Ísafirði, og svo getur oftar komið fyrir. Frv. þetta gengur út á það að setja allar peningastofnanir landsins undir eftirlit þjóðfjelagsins. Það má auðvitað kalla það ráðstjórn, eins og hv. 2. þm. G.-K. (BK). En eftir skrifum þess hv. þm. að dæma, þá virðist hann vera harla ókunnugur þeim hlutum. Er eigi að undra, þó að hann bresti þekkingu á þjóðskipulagi fjarlægra landa, þar eð hann, eftir vitnisburði hv. 4. landsk. þm. (JM), ber ekkert skyn á bankamál, enda þótt hann hafi töluvert fengist við þau mál og telji sig auðvitað manna færastan í þeim efnum. Jeg álít að háttv. 4. landsk. þm. (JM) hafi haft rjett að mæla í þessu efni, og þykir mjer leitt, að hann skuli eigi vera viðstaddur hjer í þessari hv. deild í dag, því að jeg vil á engan hátt draga úr heiðri þeim, sem honum ber fyrir þessa mannlýsingu.

Jeg skal taka það fram, að mig skiftir litlu dómar manna, og það allra helst manna eins og hv. 2. þm. G.-K. (BK), um bankaþekkingu mína, en fyrir mjer er það aðalatriðið, að hver hugsun sje rjett hugsuð, og þetta frv. byggist á þeirri skoðun, að bankarnir eigi að vera til fyrir þjóðina. Frv. fer eigi fram á annað en að þjóðin ráði sjálf bönkunum og beri ábyrgð á þeim, en eigi einstakir pólitiskir spekulantar, sem stundum vill koma fyrir, eins og þegar reknir eru frá valinkunnir sæmdarmenn einungis til þess að koma einhverjum þingmönnum í stöður þeirra. Er þjóðinni varla betur borgið með því en fyrirkomulagi því, er frv. fer fram á.

Í nál. minni hl. er það tekið fram, að það tíðkist hvergi, að bankaráð sje skipað, sem eigi að ráða yfir fleirum en einum banka í senn. Eru það engin mótmæli gegn kenningunni, þó að það sje ekki algengt. Það mætti þá alveg eins segja, að við yrðum að hafa her og flota, af því að aðrar þjóðir hafa það. En af hverju höfum við eigi her og flota? Það er fyrst og fremst af því að við erum svo fámennir, og auk þess höfum við enga þörf fyrir það. Við höfum nú reynt bankaráð fyrir einn banka — og það hefir gefist eins og menn vita — eigi vegna þess að það hafi verið svo vont út af fyrir sig, heldur af því að það er bygt á óheppilegum grundvelli. Það er nú svo komið, að jafnvel þeir, sem prísa sig sem ákveðna samkepnismenn, telja það aðalgallann á fyrirkomulagi bankanna hjer, að það sje samkepni á milli þeirra. En það er einungis af því að þá vantar sameiginlegt „forum“ til að mætast á.

Þá segir minni hl. í 2. lið nál., að hann fái eigi sjeð, að Alþingi hafi rjett til að skipa nýtt bankaráð fyrir Íslandsbanka ofan á það, sem fyrir er. Jeg skal taka það fram, að frv. gerir ráð fyrir, að hægt verði að ná samningi um þetta við bankann. Og jeg er viss um, að Alþingi gæti vel fengið þann samning, ef eigi á annan hátt, þá með því að segja

bankanum það, að landið lánaði honum eigi fje, nema hluthafar beygi sig undir breytt skipulag. Nú hefir hæstv. forsrh. (SE) getið þess, að hann muni koma með frv. um að skipa sjerstakan eftirlitsmann, til þess að líta eftir hag bankans, enda þótt í bankanum sjeu 3 bankastjórar og bankaráð. Og hæstv. forseti hefir tjáð mjer, að Clausen, bankastjóri Privatbankans, sem er af dansklunduðum Íslendingum álitinn eitthvað milli guðs og manna, hafi sagt, að bankaráðsfyrirkomulagið sje mjög óheppilegt. Ætti því að vera auðvelt fyrir þjóðina að koma þessari breytingu á.

Þá kem jeg að 3. lið í mótbárum hv. minni hl. nefndarinnar, þar sem hann heldur því fram, að annar aðalatvinnuvegur landsins, sjávarútvegurinn, sje algerlega útilokaður frá því, eftir frumvarpinu, að taka þátt í vali slíks bankaráðs. Er þetta hin mesta blekkingartilraun, því hverjir eru þeir, sem að sjávarútveginum standa? Eru það ekki mennirnir, sem vinna að honum, verkamennirnir á skipunum og í landi og eigendurnir? Það hefir líka komið fram í ritdeilu, er form. verslunarráðsins, Garðar Gíslason, átti í fyr meir, að hann álítur kaupmenn og útgerðarmenn eiginlega alveg það sama, og hve lítinn greinarmun menn gera á kaupmönnum og útgerðarmönnum, sjest enn fremur á því, að í símaskránni er einn af stærstu útgerðarmönnum þessa bæjar, Thor Jensen, kallaður stórkaupmaður, en ekki útgerðarmaður. Má af þessu sjá, hversu fáránleg fóstur fæðast í huga þessara háttv. þm., sem í minni hl. eru, og er þó annar þeirra framgenginn bankastjóri, en hinn framgenginn bankaráðsmaður. Skilja þeir eigi, að ef kaupmannastjettin og verkamannastjettin hafa helming atkvæða í bankaráðinu, hvor um sig, þá hefir sjávarútvegurinn að minsta kosti helming fulltrúanna, og ef stjórnin er sjávarútvegsstjórn, þá hefir sjávarútvegurinn meiri hluta í bankaráðinu? Að þessu hefir verið komið þannig fyrir í frv., er af því, að kaupmannastjettin hefir sína fulltrúa, þar sem verslunarráðið er, og verkamenn hafa líka mjög fast skipulag. Tel jeg ekki, að íslenskir útvegsmenn hafi neitt slíkt fast skipulag, nema helst hjer í Reykjavík. Að vísu hefði getað komið til mála með Fiskifjelagið, að það tæki þátt í þessu bankaráði, en það fjelag er mjög lauslega „organiserað". Álít jeg, að eigi hafi verið hægt að ná betur til stjettanna í heild sinni heldur en með þessu móti. Vona jeg, að það sjáist á frv., að jeg hefi reynt af ítrasta megni að vera óhlutdrægur í þessum tillögum. Ef jafnvægi er milli bæjanna og sveitanna, þá hefir með frv. tekist að fá fulltrúa fyrir kaupmanna- og verkamannastjettina tilnefnda í bankaráðið á sanngjörnum grundvelli. Hv. 2. þm. G.-K. (BK) gat þess í ræðu sinni, að sjómenn væru ekki atvinnurekendur. Er það hinn mesti barnaskapur, og ætti það þá, eftir kenningu hv. þm. (BK), engu að skifta atvinnuvegi landsins, þótt verkamenn og sjómenn hyrfu úr sögunni. Er hætt við, að hjer færi þá eins og í Rómaborg forðum, er verkamennirnir fluttu sig út úr borginni og höfðingjarnar komu til þeirra og báðu þá að koma aftur. Treysti jeg mjer ekki til að fræða þá menn, sem eru svo skyni skroppnir að halda því fram, að verkamenn komi ekki framleiðslunni við.

Þá kem jeg að 4. lið, þar sem hv. minni hl. getur ekki hugsað sjer, að nokkur vilji starfa launalaust í banka-

ráðinu. Er von, að háttv. 2. þm. G.-K. (BK) geti það ekki, þar sem hann nokkur undanfarin ár hefir haft hæstu embættislaun fyrir að gera ekki neitt, og bar það fyrir sig, til að öðlast þetta hnoss, að hann væri sjúkur og þar að auki öreigi. Er það ekki hollara fyrir þjóðfjelagið að ganga inn á þá braut, sem frv. bendir á, heldur en að troða í menn bitlingum fyrir ekki neitt. Álít jeg, að í þessu komi fram hjá hv. þm. (BK) svo lág og auðvirðileg hugsun, að hana þurfi ekki að hrekja, — hún gerir það sjálf.

Í 5. lið nál. hv. minni hl. segir, að „landsstjórnin virðist betur fallin til að velja menn til að endurskoða sparisjóðina heldur en bankaráð, sem er þannig valið, og það mun ríkisstjórnin framkvæma, ef fje er veitt til þess". Það er nú svo. Það er á allra vitorði, að Sparisjóður Eyrarbakka hefir nú undanfarið verið í þeirri mestu niðurlægingu, en landsstjórnin hefir ekkert gert í því máli og enga rannsókn látið fara fram. Fæ jeg því ekki sjeð, að það sje sjálfsagt að láta landsstjórnina velja endurskoðendurna.

Þá kem jeg að 7. lið. Þar er talað um, að ómögulegt sje að ákveða, hvernig veltufje bankanna skuli skiftast milli atvinnugreina landsins. Jeg býst við, að sumum í þessari hv. deild hafi eigi verið vel við fyrispurn þá, er jeg kom með hjer á öndverðu þingi um þetta atriði. Þeirri fyrirspurn hefir nú verið svarað á þann hátt, að sakir annríkis bankanna verði ekki hægt að gera grein fyrir skiftingunni fyr en á næsta þingi; en þá vona jeg, að það verði gert. En jeg hygg, að það sje eigi fjarri sanni, að veittar hafi verið 10 krónur til sjávarútvegs á móti 1 krónu til landbúnaðar. Verður eigi ófróðlegt að sjá, þegar skýrslurnar koma frá Landsbankanum, hversu mikið fje Gullbringu- og Kjósarsýsla hefir fengið á móti öðrum sýslum landsins árin 1909—'17. Jeg álít það lífsspursmál, að peningum landsins sje ekki haldið fyrir bændum, eins og hingað til hefir verið gert, enda býst jeg ekki við, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 2. þm. S.-M. (SHK) geti gert það til lengdar, því vondur málstaður verður ekki varinn í það óendanlega. Jeg skal taka það fram, eins og hv. 1. þm. Húnv. (GÓ), að það er einkum talað um það, að Ríkisveðbankinn og veðdeildin sjeu aðalbankarnir fyrir bændur, en þar er því til að svara, að Ríkisveðbankinn er óstofnaður enn og veðdeildin hefir eigi síðan stríðskreppan hófst gert nógu mikið fyrir þessa menn. Jeg skal játa það, og jeg hefi tekið það fram fyr á þessu þingi, að veðdeildin hefir ekki lánað út mikið fje síðan bankastjóraskifti urðu 1918, en af hverjum 6 krónum úr veðdeildinni hafa 5 farið til sjávarútvegsins í kaupstöðum, en aðeins ein til sveitanna. Álít jeg því nokkuð hart að vera að tala um, að sú stofnun sje sjerstaklega fyrir landbúnaðinn. Og jeg álít, að ef Ríkisveðbankinn kemst á, þá eigi að skifta fje hans til helminga milli atvinnuveganna, og er það ekki nema sanngirniskrafa. Þá talaði hv. 2. þm. G.-K. (BK) um ráðstjórnarfyrirkomulag í þessu sambandi. Við skulum nú athuga þá hlið málsins dálítið nánar.

Í bankaráðinu er um 4 aðilja að ræða: kaupmenn, verkamenn, bændur og landsstjórn. Jeg verð að játa það, að jeg er svo fáfróður, að mjer er ekki kunnugt um, að nokkurt ráðstjórnarfyrirkomulag sje þannig. Ef hv. þm. (BK) á við Rússland, þá er það mesti

misskilningur, ef hann heldur, að kaupmenn eigi þar nokkurn fulltrúa. Það er þá alveg ný kenning, sem jeg hefi hvergi sjeð setta fram fyr, ekki einu sinni í Morgunblaðinu. Það hefir einmitt verið kvartað yfir ráðstjórnarfyrirkomulaginu vegna þess, að það hafa þar ekki nema sumar stjettir fulltrúa, en hjer er þó gert ráð fyrir því, að allar aðalstjettir í landinu hafi fulltrúa í þessari fjármálanefnd. Þá hefir það verið talið undarlegt, að fjármálaráðherra skuli aðeins hafa óbreytt atkvæði í bankaráðinu samkv. frv. En hvernig er það nú? Er það eigi svo, að hluthafar Íslandsbanka hafa 3 fulltrúa, Alþingi skipar 3 og íslenski ráðherrann er oddamaður? Er æðihart að fá kritik á þessu frá hv. 2. þm. G.-K. (BK), og virðist mjer hann ganga þar nokkuð nærri sínum eigin garði, því að hann er einn af feðrum Íslandsbanka. Þá hefir hv. þm. (BK) haldið því fram, að eftir frv. yrði starf þetta lífstíðarstarf. Það er hvergi tekið fram í frv., en aftur á móti er þess getið í áliti minni hl., að æskilegt væri, að bankaendurskoðun yrði lífstíðarembætti. Jeg er ekki á því, að heppilegt sje að gera þetta að lífstíðarstarfi. Stjettirnar ráða auðvitað þessa menn til þessa starfa meðan þær bera traust til þeirra. Getur vel verið, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) verði einhverntíma formaður Verslunarráðs Íslands, og máske verður hann endurkosinn meðan hann lifir. Það er auðvitað undir því trausti komið, sem fjelagið ber til hans. Máske allraskritnasti þátturinn í röksemdaleiðslu hv. þm. (BK) sje sá, að kommúnistar verði í meiri hluta í bankaráðinu. Við skulum athuga það nánar.

Það er þá fyrst fjármálaráðherra, sem er oddamaður bankaráðsins. Hann er kosinn af meiri hluta þingsins, og eftir því ættu kommúnistar að vera í meiri hluta á Alþingi. Þeir munu vera fáir, sem gera ráð fyrir því. Þá er það kaupmannaráðið. Hjá því hefir enn ekki orðið vart við kommúnistiska strauma, og eru þetta því höfuðórar hv. þm. Þá eru það verkamenn. Það er ekki óhugsanlegt, að ef þeir væru kommúnistar, þá væri fulltrúi þeirra í bankaráðinu það. Svo er það samband kaupfjelaganna. Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. (BK) fer að hugsa sjer fulltrúa þeirra kommúnista, því kaupfjelagsfyrirkomulagið er í eðli sínu jafnóskylt kommúnisma eins og kaupmannafyrirkomulagið. Þá er það Búnaðarfjelagið, og eru þeir, sem að því standa, tæplega kommúnistar, eða ekki hefi jeg orðið var við það, hvorki í ræðu nje riti leiðandi manna þess fjelags. Niðurstaðan verður því þveröfug við það, sem hv. þm. (BK) vill vera láta. Það er hugsanlegt, að verði 1 kommúnisti í bankaráðinu, og hitt þó sennilegra, að það yrði hægfara jafnaðarmaður. Bendir þessi röksemdaleiðsla hv. þm. (BK) aðeins á botnlausa fáfræði hans á pólitísku ástandi hjer og erlendis.

Það er meinloka að blanda saman bankaráði og kritiskri endurskoðun. Hana framkvæma sjerstakir menn. Í Danmörku var það Green, hjer á landi þingmaður Dalamanna. Reyndar var hann bankaráðsmaður, en það var ekki nauðsynlegt til þess að hann gæti endurskoðað og fengið sinn nafntogaða bitling fyrir.

Vitaskuld þarf „kritiska“ endurskoðun; því neita jeg allra manna síst. En bankaráð þetta á að hafa yfirumsjón með bönkum og lánsstofnunum landsins, samræma störf þeirra og marka ákveðnar línur í starfsemi þeirra.

Það var eins og maður væri aftur horfinn í umr. um rannsókn á Íslandsbanka, þegar minst var á bækur bankanna. Þær mega fulltrúar stjettanna, t. d. fulltrúar bænda, ekki sjá. Hjer er það vitanlega hræðslan um Íslandsbanka, sem rekur upp höfuðið, eins og draugurinn í Miklabæ forðum. En hver getur hugsað sjer bankaráð, annað en núverandi bankaráð Íslandsbanka, sem ekki hefir aðgang að bókum bankans? Þetta er fullkominn misskilningur á slíkri stofnun, það er að segja, ef hún á að vinna en ekki einungis vera bitlingur

Það er nú sýnt, að nál. og ræða frsm. minni hl. nefndarinnar (BK) eru skaðlegar tilraunir til að hindra, að viðunanlegt skipulag fáist á bankamál landsins. Er þó sannarlega þörf á „forum", þar sem bankarnir gætu talast við og hafið samstarf, í stað þeirrar óeiningar, sem ríkt hefir milli þeirra.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. (SE) og ummælum hans um hið nýja endurskoðunarmannsembætti skal jeg taka það fram, að mjer virðist undarlegt, ef stofna á nú síðustu daga þingsins nýtt embætti, sem enginn hefir heyrt getið um eða kennir á sporð eða hala. Jeg hygg útilokað, að nokkur maður, sem hefði aldur eða reynslu til að vera heppilegur umsjónarmaður bankanna í Reykjavík, fengist til að leggja á sig öll þau ferðalög að vetrarlagi, sem heimta verður af eftirlitsmanni sparisjóðanna úti um land. Sú meinloka í því frv., sem hlýtur að verða því að falli, er, að ósamrýmanlegt virðist, að sami maður, sem fær væri um að hafa á hendi umsjón bankanna hjer í bænum, sje á sífeldu ferðalagi úti um sveitir landsins.

Þá hygg jeg, að landslýð komi kynlega fyrir, ef stofna á nýtt embætti til þess m. a. að líta eftir hinum rándýru bankastjórum Íslandsbanka, sem einn hefir 40 þús. kr. laun minst, annar 30 þús. að sögn og hinn þriðji víst 25 þús. Ef nú yfirmaður þeirra ætti að fá laun eftir rjettum veitingareglum, þá yrðu þau a. m. k. 50 þús. kr. árlega. Jeg vildi ráðleggja hæstv. landsstjórn að skipa sæmilega í bankastjóraembættin við Íslandsbanka, og jafnvel lækka launin þar eitthvað, en fara ekki að stofna nýtt embætti til þess að hafa gætur á þessum bankastjórum.

Þó að jeg teldi rjettast að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir, þá mun þó heppilegast að rannsaka málið í heild sinni frekar og leggja fyrir næsta þing frv., sem fer í svipaða átt. Þess vegna greiði jeg atkv. með dagskrá hv. meiri hl. fjhn. Hún fer í rjetta átt, þó hún tefji um eitt ár, að Íslandsbanki komist undir rjettmætt eftirlit þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það má segja hið sama um þessa ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ) og aðrar ræður hans hjer í deildinni, að höfuðið er stærst á hverjum hrút. Hann er svo fjölorður, kemur svo víða við og margendurtekur sömu atriðin, að ómögulegt er að fylgjast með efninu, þó að hann komi ef til vill að því endrum og eins. Jeg hefi nú skrifað aðalpunktana í þessari ræðu hans, sem jeg þurfti að svara, en jeg rek mig margstaðar á sömu atriðin, sem eðlilegt er, þar sem þessum háttv. þm. (JJ) hættir svo mjög til að vaða reyk. Þó að jeg nú leitist við að svara helstu atriðunum í stuttu máli,

eins og minn er vandi, þá get jeg auðvitað ekki elt alt, sem hann sagði.

Hann sagði það mikilsvert mál að skapa eftirlit með bönkunum. Þetta viðurkennir minni hl. líka og bendir á hina einu tryggu leið, eftir því pólitíska- og fjárhagsþroskaástandi, sem er hjer á landi. Það er því langt frá, að við sjeum ánægðir með ástandið eins og það nú er, eins og þessi hv. þm. (JJ) gaf í skyn.

Hann kveðst bera fram þetta frv. vegna óánægju þeirrar, sem ríki með þjóðinni viðvíkjandi bankamálum. Hví fjekk hann þá ekki einhvern, sem vit hafði á málinu, til að hjálpa sjer við að semja frv.? Það lá beint við, ef honum hefir verið alvara að bæta ástandið. Hann segir enn fremur, að bankaráð Íslandsbanka hafi gert ógagn. eitt. Hvers vegna vill hann þá stofna nýtt bankaráð með svipuðu formi, en sem er aðeins miklu ólíklegra til að verða að nokkru gagni, og það því fremur, sem því er ekki ætlað að framkvæma neina „kritiska“ endurskoðun? Ef hann læsi um fyrirkomulag bankaráða erlendis, t. d. í Frakklandi, gæti hann sjeð, að þar er aðaláhersla lögð á „kritiska“ endurskoðun. Svo mikil áhersla, að sami maður hefir hana ekki á hendi nema hálfan mánuð í senn, og tekur þá nýr við. Þannig skiftast bankaráðsstörfin á víxl milli manna. Gæti jeg lánað honum bók til uppfræðslu í þessu efni, ef hann kærir sig um.

Sami hv. þm. (JJ) sagði, að sparisjóðir hjer á landi væru eftirlitslausir. Það kann rjett að vera, en þó er til þess ætlast í lögum frá 1915, að stjórnin hafi eftirlit með þeim. Er ekki sök löggjafans, heldur stjórnarinnar, ef þessu hefir ekki verið hlýtt. Og nú hefir Sparisjóður Árnessýslu snúið sjer til stjórnarinnar og beðið um opinbera endurskoðun. Annars mun hv. þm. (JJ) hafa málað ástand hans nokkuð svart á vegginn. Jeg ímynda mjer, að sá sparisjóður eigi vel fyrir skuldum, og þó að hann geti ekki keypt sparisjóðsbækur sínar, þá sannar það ekkert ástand hans, nema að því leyti, að hann er sjóðlaus, sem ekki er undarlegt um stofnun, sem ekki hefir tiltrú lengur. Hin venjulega velvild þessa hv. þm. (JJ) í garð Íslandsbanka kom í ljós í þessu sambandi, þegar hann gat sjer þess til, að sparisjóður þessi hefði ekki hlotið mikla blessun af sambandi sínu við bankann. Það er þessi sami, sífeldi rógur um stofnun þessa, sem þó helmingur þjóðarinnar lifir á. (**JJ**: Skyldi bankinn ekki heldur lifa á þjóðinni?).

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) vildi bera af sjer, að frv. þetta væri sniðið eftir ráðstjórnarfyrirkomulagi kommúnista og að hann væri kommúnisti, og taldi mig ófróðan um Rússland nú á dögum. Það má vel vera, að hann sje þar fróðari, enda stendur það honum nær, en samt sem áður fæ jeg ekki betur sjeð en að þetta sje rjett hjá mjer, enda munu flestir líta svo á, er þeir kryfja frv. þetta til mergjar.

Þá hefir þessi sami hv. þm. (JJ) það eftir Clausen bankastjóra, að hann teldi þörf á nýju bankaráði í Íslandsbanka. Jeg skal ekki dæma um, hvað hann hefir sagt í þessu efni, en hvergi hefi jeg sjeð þeirra ummæla getið.

Jeg kem þá enn að því, hvernig bankaráð það, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði skipað, ef til kæmi. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) vildi bera brigður á, að til mála gæti komið, að þar yrðu kommúnistar í meiri hluta. Eins og sakir standa

nú, er S. Í. S. undir yfirstjórn eða að minsta kosti mjög sterkum áhrifum eins höfuðkommúnistans hjer á landi, hv. 5. landsk. þm. (JJ). Þar sjáum við fyrsta kommúnistann í hinu nýja bankaráði. Verkamenn senda án efa annan. Þeirra leiðtogar eru eins og kunnugt er kommúnistar. Þá er á allra vitorði, að hv. 5 landsk. þm. (JJ) hefir meira en lítil áhrif innan Búnaðarfjelags Íslands, enda mun forseti þess verða frambjóðandi fyrir S. Í. S. næsta haust. Þaðan kemur því eflaust þriðji maðurinn, og er meiri hlutinn þá trygður. Og þó að svo „slysalega“ tækist til, að fjármálaráðherrann væri ekki kommúnisti, þá verða þeir samt í meiri hluta. Að vísu eiga kaupmenn að eiga einn fulltrúa í þessu nýja bankaráði, en það er aðeins blekking, til að látast hugsa jafnt um allar stjettir. En hví eiga sjómenn eða útgerðarmenn ekki að fá fulltrúa? Það er einkennilegt, að hv. flm. (JJ) virðist gleyma því, að þeir eiga stofnun, sem heitir Fiskifjelag Íslands. Hvernig stendur á því? Jú, hann veit, að formaður þess er enginn kommúnisti og að áhrifa þeirra gætir þar lítið. Þess vegna gengur hann fram hjá því. Og til hvers? Til þess að tryggja kommúnistum meiri hluta í bankaráðinu.

Þannig er sagan rjett sögð, og er eigi til neins að draga fjöður yfir þetta, enda hefir hv. flm. (JJ) ekki mótmælt því, að hann væri kommúnisti, og hefi jeg þó beint haldið því fram á prenti. (JJ: Það er ekki til umræðu). Þm. (JJ) hefir nú ekki altaf haldið sjer fast við það, sem hefir verið til umræðu, en hins vegar hefi jeg í fyrri ræðu minni sagt, að hann væri kommúnisti, og stendur það ómótmælt enn, þrátt fyrir hina löngu ræðu hv. þm. (JJ) og allar endurtekningarnar.

Þá sagði hv. 5. landsk. þm. (JJ), og kom það nú reyndar ekki beinlínis málinu við, fremur en ýmislegt annað í ræðu hans, að vegna þess að jeg hefði hæstu laun, gæti jeg ekki skilið, að menn ynnu fyrir ekki neitt. Þessi hv. þm. (JJ) getur engan veginn skilið, að eftirlaun mín eru í raun og veru partur af þeim launum, sem mjer bar meðan jeg var bankastjóri, en alls enginn sveitarstyrkur. Jeg vann sem bankastjóri í 9 ár og hafði 6 þús. kr. árslaun, eða lægstu bankastjóralaun, sem þekst hafa, án allrar dýrtíðaruppbótar. En undir eins og jeg var farinn voru launin hækkuð upp í 11000 kr. og nú í 24000 kr. Þó voru bankastjórarnir þá aðeins tveir, í stað þriggja, sem nú eru. Enn fremur ber þess að gæta, að nú mun veðdeildin að mestu lokuð, og er starf þessara þriggja bankastjóra þar af leiðandi alt að helmingi minna en okkar tveggja var. Og þó fór jeg aldrei fram á launahækkun. En nú mun í ráði að hækka laun bankastjóranna að miklum mun, og mun hv. 5. landsk. þm. (JJ) vera því fylgjandi. Annars veit þessi hv. þm. (JJ) vel, hvers vegna jeg fór frá bankanum. Það var hann sjálfur og hin „göfuga“ „klikka“ hans, sem olli því. Annars væri jeg bankastjóri enn.

Þá talaði sami hv. þm. (JJ) um skiftingu veltufjár milli atvinnuveganna og vildi halda, að því bæri að skifta jafnt milli landbúnaðar og sjávarútvegs. En þetta er vitanlega hinn mesti misskilningur. Ef landbúnaðurinn ætti að fá helming veltufjárins, gæti hann enga bankahæfa tryggingu sett fyrir svo hárri upphæð. Enda gegnir alt öðru máli með

landbúnað og sjávarútveg. Landbúnaðurinn vinnur svo mjög með sínu eigin veltufje. Jörðin sjálf og bústofn er aðalveltufje hans. Aftur á móti þarf sjávarútvegurinn botnvörpunga, mótorbáta o. s. frv., og auk þess mjög dýr veiðarfæri og útbúnað allan. Þetta er mikli munurinn. Auk þess lifir landbúnaðurinn að miklu leyti af eigin framleiðslu. Sjávarútvegurinn þarf að kaupa alt dýrum dómum. En útflutningur landbúnaðarins nemur líka ekki nema 4 milj., þegar sjávarafurðir eru fluttar út fyrir 36 milj. kr. Þegar nú hv. 5 landsk. þm. (JJ) heldur að skifta beri veltufje jafnt milli þessara atvinnuvega, þá gefur hann þar með til kynna, að hann þekkir ekki einu sinni upphaf stafrofs viðskiftalífsins.

Að lokum talaði þessi hv. þm. (JJ) á móti frv. um bankaeftirlitsmann, sem reyndar er þó ekki komið fram. Það má segja, að það sjeu orð í tíma töluð, að tala á móti því, sem maður veit lítið sem ekkert um. Jeg hafði reyndar ekki hugsað mjer að svara fyrir hæstv. stjórn í þessu efni, en það vil jeg taka fram, að rjett stefna er að koma öllu bankaeftirliti út úr hinu pólitíska þvargi og í hendur manns, sem ekki er háður neinum pólitískum flokki. Það er einmitt þetta, sem minni hl. nefndarinnar leggur aðaláhersluna á.

Þó að hv. 5. landsk. þm. (JJ) tali nú til kvölds, geri jeg ekki ráð fyrir að eiga frekari orðastað við hann út af þessu máli, en jeg vænti þess, að hann gefi á k v e ð n a r og vafningalausar upplýsingar um, hvort hann er kommúnisti eða ekki, því að í síðustu ræðu sinni fór hann mjög í kringum þessa spurningu.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Mjer þykja kynlega langar umræður hafa orðið um mál þetta, og hafði jeg ekki búist við því. Nefndin var að mörgu leyti sammála um frv. þetta og m. a. var hún á einu máli um það, að það ætti ekki fram að ganga að þessu sinni. Leiðirnar skiftust um það, hvernig ganga skyldi frá því. Fyrri ræða hv. frsm. minni hl. (BK), sem var nokkurskonar líkræða yfir frv., var því óþörf, og þar að auki varðar engan um orðalag á frv., sem ekki á fram að ganga. Hins vegar er ekki nema eðlilegt, að hv. flm. (JJ) forsvari sínar gerðir.

Annars hafa umræður um mál þetta farið um alla heima og geima. Menn hafa farið að skemta sjer og talað um Íslandsbanka, og enda skeggrætt um mestalt stjórnmálaástand vort.

Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál, enda hefir hv. þm. G.-K. (BK) kallað hv. 5. landsk. þm. (JJ) frsm., en það átti jeg að heita. Aðeins vil jeg endurtaka það, að óþarfi virðist að deila um orðalag frv., sem enginn mun ætlast til að samþykt verði, nema ef til vill hv. flm. (JJ) sjálfur. Frá mínu sjónarmiði er frv. þetta, að svo komnu máli, ekki til annars en, ef dagskrá meiri hl. verður samþykt, að ýta undir stjórnina að athuga málið fyrir næsta þing, og þá um leið að sjálfsögðu nál. hv. minni hluta.

Út af því, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. (SE), og hann hefir fyrir nokkru síðan tekið hjer fram, að von væri á frv. um að skipa eftirlitsmann með öllum bönkum og sparisjóðum landsins, skildist mjer helst á hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að þetta frv. væri því

óþarft. En jeg er alls ekki þeirrar skoðunar, þar sem nú er mjög liðið á þingtímann, og frv. þetta er ekki komið til 1. umr. í Nd. enn þá. Get jeg því búist við, eftir þeim vinnubrögðum, sem eru hjer á hinu háa Alþingi, að frv. þetta komist aldrei til þessarar háttv. deildar á þessu þingi. Annars vona jeg að allir þeir, sem telja, að bankamálin þurfi að athuga eitthvað frekar en gert hefir verið hingað til, greiði dagskrá meiri hl. atkvæði.

Jónas Jónsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) byrjaði ræðu sína eitthvað á þá leið, að „höfuðið væri stærst á hverjum hrút." En mjer datt þá í hug gamalt málverk, sem kallað hefir verið „kjötpottur landsins", því að þar var málaður stór hrútshaus á dýrsskrokk einn. Var skepnan svo að stangast við bitlingakollu. Býst jeg við, að háttv. þm., sem er eldri maður en jeg og mjög hlyntur listum, hafi sjeð málverk þetta, og því munað eftir hrútnum.

Þá gerði hv. þm. ráð fyrir, að þetta bankaráð, sem hjer er um að ræða, hlyti að verða verra en bankaráð Íslandsbanka er og hefir verið að undanförnu. En jeg er alls ekki þeirrar skoðunar, að bankaráð, sem skipað yrði fjármálaráðherra og fulltrúum fyrir kaupmenn, verkamenn og kaupfjelög og landbúnaðinn, gæti orðið verra en núverandi bankaráð Íslandsbanka, sem óefað er ljelegasta bankaráð heimsins.

Þá fræddi háttv. þm. deildarmenn um það, hvernig háttað væri með bankaráð í Frakklandi, og sýndi fram á, að þar væri tortrygnin svo mikil, að enginn bankaráðsmaður væri látinn hafa endurskoðun lengur á hendi en hálfan mánuð. En þetta sýnir ekkert annað en hve fáránlegt það er að gera slíkar stöður að lífstíðarembættum. Og hve varlega verður að semja við menn til þess að hægt sje að losna við þá, ef þeir reynast illa, án þess að þurfa að kaupa þá út, eins og hjer hefir átt sjer stað.

Þá sagði háttv. þm., að öll bankaráð hefðu „kritiska" endurskoðun á hendi, og þá einnig bankaráð Íslandsbanka. En jeg mótmæi því algerlega, því að sumir bankaráðsmenn hans, eins og t. d. hv. þm. S.-M. (SHK) og fleiri, sem átt hafa heima vestur eða norður á landi, hafa aldrei dvalið hjer, aðeins komið hingað eins og gestir einstöku sinnum. Liggur því í augum uppi, að slíkir menn hafa ekki getað haft „kritiska" endurskoðun á bankanum á hendi. Þar að auki er öll sögusögn hv. ræðumanns um, að bankaráð erlendis framkvæmi endurskoðun, tóm endileysa, sprottin af fáfræði. Hvað heldur hann um síka endurskoðun á Landmandsbankanum?

Þá mintist háttv. þm. á sparisjóðinn á Eyrarbakka, og neitaði, að hann væri í raun og veru útibú frá Íslandsbanka. En það er sannleikur samt, þó að það sje kallaður rógur, enda eru afturhaldsmenn þingsins vanir að nefna sannleikann því nafni. Og jafnframt neitaði hv. þm. því, að sjóðurinn væri í raun og veru illa stæður. En það er fullkomlega rjett, því að sannanlegt er, að hann hafi ekki tekið sínar eigin bækur upp í skuldir. Þetta er því sannleikur, sem ekki verður hrundið.

Þá var hv. þm. að þvæla um mínar pólitísku skoðanir. En jeg þykist ekki hafa farið í grafgötur með þær, þar sem jeg hefi skrifað meira en flestir

aðrir á minum aldri, og greinar minar hafa birst í víðlesnasta blaði landsins.

Þá fann hann mjer það til foráttu, að jeg væri kommúnisti og vildi draga of mikið fje undir íslenska bændur. Er það vel skiljanlegt hjá hv. þm., því að honum hefir fundist rjettara, að það færi til fiskhringsins, Helga Zoëga, Sandgerðis-Lofts eða slíkra karla. Annars veit jeg ekki, hvernig háttv. þm. fer að samrýma það, að jeg sje kommúnisti, en vilji þó útvega bændum sem mest rekstrarfje í einkafyrirtæki þeirra, ræktunina, og aðrar framkvæmdir á jörðum þeirra.

Annars gæti það verið eðlilegt frá einu sjónarmiði að telja mig kommúnista, en þá mætti alveg eins halda, að jeg væri kapitalisti. Og það er af því, að jeg mun skilja betur hugsunarhátt annara manna heldur en títt mun vera um samkepnismennina. Jeg hefi þess vegna skilið prýðilega allan feril hv. 2. þm. G.-K. (BK) frá því fyrst að hann braust inn í Landsbankann 1909 á hátíðisdegi hv. 2. þm. S.-M. (SHK), meðan hann var í stjórn bankans, og hjelt bankanum sem næst lokuðum fyrir bændastjett landsins, og alla tíð þangað til nú, að hann er orðinn viðurkendur öreigi á gustukaeftirlaunum og skrifar laumupjesa móti kaupfjelögunum. Að jeg skil hv. þm. svona vel, er af því, að jeg er meiri sálarfræðingur en hann, sem ekkert skilur annað en pólitík öreigans með 7—8 þús. kr. eftirlaunum.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það var aðeins eitt atriði í ræðu háttv. 5. landsk. þm.. (JJ), sem kom mjer til að standa upp, en það var, að hann taldi það ekki benda til kommúnistahugsunarháttar að vilja moka fje í bændur. Út af þessum ummælum vil jeg benda hv. þm. á, að hin rússneska stúlka, Ljuba Fridland, sem hjer hjelt fyrirlestra í vetur, hjelt því fram, að fyrsta ráðið til þess að gera bændurna á Rússlandi að kommúnistum, hafi verið að moka í þá fje. Þegar svo ráðstjórnin fór að krefja þá um skattana, drápu þeir skattheimtumennina og hættu að framleiða eða rækta akrana, nema rjett til sinna þarfa, því þeir undu því ekki, að nein framleiðsla væri af þeim tekin endurgjaldslaust. Þetta var árangurinn af kommúnistastefnunni þar.

Háttv. þm. hefir nú hvorki viljað segja j á eða n e i við því, að hann væri kommúnisti. En jeg skil ekki, hvernig hann fer að neita því lengur.

Jónas Jónsson: Ef það er rjett, að kommúnistamark komi á bændur, ef mokað er í þá fje til jarðræktar og nýbýla, þá ættu allir útgerðarmenn hjer líka að vera kommúnistar, því að í þá hefir verið mokað fje, bæði af háttv. 2. þm. G.-K. og Íslandsbanka.

ATKVGR.

Till. á þskj. 450, frá minni hl. fjhn., feld með 6 : 6 atkv.

Rökstudda dagskráin á þskj. 438, frá meiri hl. fjhn., feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SJ, EÁ, GGuðf, GÓ.
nei: JóhJóh, SHK, BK, HSn, IHB, HSt.
Tveir þm. (JM, SE) fjarstaddir.

1. gr. **f e l d** með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, JJ, EÁ, GGuðf.

nei: HSn, IHB, JóhJóh, SHK, BK, HSt.
KE og SJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JM, SE) fjarstaddir.

17. Samvinnufjelög.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög (þmfrv., A. 91).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Eins og sjá má af greinargerð þessa litla frv., sem hjer liggur fyrir háttv. deild, á þskj. 91, er það fram komið fyrir áskorun aðalfulltrúafundar Kaupfjelags Borgfirðinga, sem haldinn var 27. f. m. Á fundinum voru 20 atkvæðisbærir menn, og greiddu 18 af þeim atkv. með till. sama efnis og frv. þetta er, en enginn móti. Meðal þessara 18 manna voru þessir alkunnu samvinnumenn: Framkvæmdarstjóri fjelagsins, Svavar Guðmundsson, og meðstjórnendur, Guðmundur Jónsson, bóndi á Skeljabrekku, og Guðmundur Ólafsson á Lundum, varameðstjórnandi Sigurður Fjeldsted, bóndi í Ferjukoti, endurskoðunarmenn fjelagsins Davíð Þorsteinsson frá Arnbjargarlæk og Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, er báðir voru þingmannsefni samvinnumanna við síðustu kjördæmakosningar og hinn síðarnefndi í kjöri hjá samvinnumönnum við síðustu landskjörskosningar.

Fulltrúar deildanna eru úrvalssamvinnumenn á fjelagssvæðinu og ýmsir þeirra nafnkunnir sæmdarmenn, svo sem Sverrir Gíslason, bóndi í Hvammi í Norðurárdal, Jóhann Magnússon, bóndi á Hamri, Sveinn Nielsson fyrverandi bóndi á Lambastöðum og fleiri. Allir þessir menn, sem að fundarsamþyktinni stóðu, hafa verið samvinnufjelagar, ýmist síðan sá fjelagsskapur hófst í Borgarfirði fyrir rúmum 20 árum eða þá síðan þeir komust á þroskaskeið, er yngri eru.

Jeg hefi tekið þetta fram til að sýna það og sanna, að þessi fundarsamþykt kaupfjelagsins er ekki neinn flaustursstilbúningur viðvaninga eða samvinnuóvita. Jeg held, að nöfn ýmsra þessara manna sjeu full trygging fyrir því, að hjer hefir ekki verið rasað fyrir ráð fram.

Þegar það nú kemur hjer til álita, á hvern hátt þeirri kröfu, sem hjer um ræðir, verði haganlegast fram komið, þá verð jeg að ætla, að það sje auðsætt öllum háttv. deildarmönnum, að henni er algerlega fullnægt með þeirri fáorðu setningu, er frv. gerir ráð fyrir, að aukið verði inn í 3. gr. laganna. Og þá kem jeg að meginatriði málsins: Hvað er það í raun og veru, sem hjer er farið fram á að breyta? Flestum mun finnast því fljótsvarað: Samábyrgðarskipulagið.

Jeg þarf ekki að eyða orðum að því hjer, hvernig samábyrgðinni er háttað í samvinnufjelögunum hjer á landi. Það er alkunnugt og að hún er í fullu samræmi við lagaákvæðin, sem hjer er um að ræða.

Með frv. er þá ekki farið fram á að fella burt eitt einasta orð í fyrirmælum laganna, heldur aðeins að auka inn í þau þessari heimild. Það er ekki hjer

um að ræða valdboð til að smækka samábyrgðarsviðið að svo miklu leyti, sem því verði við komið, heldur aðeins heimild, sem er þess eðlis, að sje það skipulagið, eins og það nú er almennast, það besta og hagkvæmasta fyrir fjelögin í reyndinni, þá leiðir það af sjálfu sjer, að hún verður ekki notuð nema í fáeinum tilfellum eða sem undantekning.

Að slík undantekning sje þó til, sýnir nú Kaupfjelag Borgfirðinga. Fjelag þetta hefir starfað sem samvinnufjelag í meira en 20 ár og á ýmsum tímum sitt með hvoru samábyrgðarskipulaginu.

Reynsla Borgfirðinga í þessu efni veldur því, að þeir leggja nú svo mikla áherslu á að fá þessa heimild inn í lögin.

Hin einstöku atriði þessarar reynslu þykir mjer ekki ástæða til að fara frekar út í að þessu sinni. Jeg vil þó aðeins drepa á eitt, sem sje, að einstöku óreiðumönnum hefir verið miklu greiðari vegur til að vinna fjelaginu fjárhagslegt tjón í skjóli hinnar viðtækari samábyrgðar, en það hefði alls ekki átt sjer stað innan þrengri samábyrgðarinnar, takmarkaðrar eins og hjer er gert ráð fyrir.

Á hinn bóginn fáum við flm. frv. ekki sjeð, að þetta ákvæði þurfi að gera samvinnufjelagsskapnum nokkurt mein eða vinna honum ógagn eða valda óreiðu og ruglingi í honum, en erum sannfærðir um það, að frv. komi góðu til leiðar og verði til þess að stuðla að því, að fjelagsskapurinn aukist og eflist og verði þjóðinni til gagns, öllu fremur en verið hefir.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Það er svo ljóst, að varla þarf að búast við, að það geti valdið misskilningi eða mótstöðu, og vona jeg, að það fái að ganga viðstöðulaust til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 91, n. 191 og 203).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir ekki getað orðið sammála að öllu um þetta mál. Meiri hlutinn telur ekki sanngjarnt, að meina Borgfirðingum og Mýramönnum að njóta góðs af samvinnulögunum, enda þótt þeir vilji ekki gangast undir hina sameiginlegu ábyrgð. Jeg sje ekki, að hjer sje nokkuð lagt í hættu, og get ekki fallist á ástæður minni hlutans, að þetta geti orðið til þess að veikja lánstraust kaupfjelaganna, því þótt eitt fjelag verði undanþegið þeim reglum, sem nú gilda, þá er það vitanlegt, að sú undantekning nær ekki nema til þess eina fjelags. Og úr því að Mýramenn og Borgfirðingar vilja ekki taka á sig hina sameiginlegu ábyrgð, þá virðist samt harla ósanngjarnt að refsa þeim með því að setja þá ver en aðra, hvað sem annars má segja um samábyrgðina. Það kom fram við umræður málsins í nefndinni, að lina þyrfti á samábyrgðinni, og allir voru því samþykkir í nefndinni, en hve

nær því yrði komið í kring, vildi minni hlutinn ekki ákveða. En hart væri að meina fjelaginu, sem hjer um ræðir, þau rjettindi og ívilnanir á skatti, sem það hefir þann tíma, þangað til sú endurbót kemst á, sem minni hlutinn tók fram, að óhjákvæmileg væri áður langt um liði. En eins og jeg tók áður fram, var ekki hægt að fá ákveðið svar um það, hve nær sú breyting verði.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Áður en jeg sný mjer að sjálfu frv., vildi jeg með fám orðum leiða athygli hv. deildarmanna að því, hvernig kaupfjelögin og samvinnufjelagsskapurinn er til orðinn og athuga út frá því, hvernig afstaða þess er nú og hver áhrif það gæti haft, að breyta samvinnulögunum, eins og nú standa sakir.

Kaupfjelögin í ýmsri mynd eru, eins og mönnum er kunnugt, gamlar stofnanir hjer á landi. Þau voru upphaflega, og eru enda að nokkru leyti enn þá, knúin fram af nauðsyn bænda til að sameina sig gegn verslunarkúgun, sjerstaklega þó erlendra kaupmanna, sameina sig til að afla sjer lánstrausts og veltufjár, því eins og kunnugt er, hafa bankarnir til skamms tíma verið svo að segja lokaðir fyrir bændastjett landsins. Þegar kaupfjelögum fór að fjölga og þau stækkuðu, tók að brydda á því, að kaupstaðir þeir, sem fjelögin störfuðu í, tóku að nota sjer þau sem fjeþúfu, og það stundum allfreklega. Þá bundust bændafulltrúar samtökum um land alt og settu samvinnufjelög, og reyndust samtök þessi svo vinsæl á Alþingi, að margir fleiri en bændafulltrúar samþyktu lögin, eins og sjá má af atkvæðagreiðslunni um þau í Alþt.; efri deild afgreiddi frv. mótmælalaust, en í neðri deild voru aðeins 5 á móti.

Alþingi 1921 hafði rjettan skilning á verslunarsamtökum bænda og lýsti því nær einróma yfir stuðningi sínum við þau. En svo virðist nú, sem sumum þeim hv. þm., sem samþyktu samvinnulögin, hafi snúist hugur æði skjótlega. Að minsta kosti er það kunnugt orðið um einn þeirra, að hann hefir hafið allsvæsna árás á kaupfjelögin. Hann vill leggja Sambandið niður og kaupfjelögin í þeirri mynd, sem þau eru nú. Þessi árás er þannig vaxin, að hún hlýtur að spilla lánstrausti kaupfjelaganna, ef tekið er mark á henni; þess vegna er, eins og síðar verður tekið fram, afaróheppilegt að breyta samvinnulögunum í nokkru nú. Það kemur fram hjá ýmsum, sem hafa horn í síðu kaupfjelaganna og Sambandsins, að óvild þeirra stafar í raun og veru af því, að fjelagsskapurinn er nú sem stendur að meira eða minna leyti pólitískur. Það þarf í þessu sambandi engan dóm að leggja á rjettmæti þess; hitt hljóta allir að skilja, að verslunarsamtök bænda, og þá enda þjóðin öll, eiga ekki að gjalda þess, þótt sumum mönnum kunni að vera pólitískt illa við þá, sem við fjelagsskapinn eru riðnir. Það væri að hengja bakara fyrir smið.

Jeg þykist geta talað hjer úr flokki frjálslyndra manna, þar sem jeg hefi aldrei amast við því, að kaupmenn versluðu samhliða kaupfjelögunum. Því fer fjarri. Jeg álít það aðeins til bóta. En hins vegar vil jeg á engan hátt veikja dug og dáð bænda til verslunarsamtaka. Jeg hefði líka helst kosið, að samábyrgð þyrfti ekki að vera milli kaupfjelaganna í Sambandinu, en það var þá álitið nauðsynlegt til að efla lánstraust og tiltrú

fjelaganna. Enda skal jeg lýsa yfir því fyrir mína hönd, og enda mun það álit margra í Framsóknarflokknum, að þá breytingu beri að gera, svo fljótt sem auðið er, á aðalskipulagi samvinnufjelaganna, að samábyrgðin milli fjelaganna verði leyst innan Sambandsins, og í sambandi við það mætti taka til athugunar aðrar smærri breytingar á lögunum í heild sinni.

Það skal tekið fram, að þessi skoðun mín byggist ekki á því, að jeg álíti kaupfjelögin svo fjárhagslega illa stödd, enda er það á allra vitorði, að þrátt fyrir alt, sem á hefir dunið í viðskiftaheiminum, eru kaupfjelögin þó betur stödd fjárhagslega en flest önnur verslunar- og framleiðslufyrirtæki, og er það að vonum, því áhættan er hjer minni, enda hafa kaupfjelögin unnið sjer og þjóðinni stórgagn, með því að versla nær eingöngu með nauðsynjavörur, síðan hrunið skall á.

Frv. á þskj. 91, virðist í fljótu bragði mjög meinlaust, og jeg geri ráð fyrir því, að sumir þeir, er að flutningi þess stóðu, hafi litið svo á, að það skaðaði á engan hátt kaupfjelögin, en þegar dýpra er litið, kemur það berlega fram, að þetta er skaðlegt fjelagsskapnum.

Í fyrsta lagi, eins og jeg áður hefi minst á, sakir þess, að það mundi veikja lánstraust kaupfjelaganna og Sambandsins. Árásin, sem minst hefir verið á, hefir borist í útlend blöð. Á sama hátt mætti bera þessa breytingu í erlend blöð, og myndu andstæðingar kaupfjelagsskaparins ekki kynoka sjer við að telja þessa lagabreytingu veikja hann, enda tel jeg að svo sje. Með þessari lagabreytingu er gengið í sömu átt og andstæðingar kaupfjelaganna einmitt vilja, og það er, að kljúfa fjelagsskapinn í fleiri og fleiri sjálfstæðar heildir. Það viljum við ekki; við viljum hafa hvert kaupfjelag fyrir sig sem voldugast og sterkast.

Hvað vakir fyrir kaupfjelagi því, sem hjer á hlut að máli, er mjer ekki ljóst. Við skulum segja, að í því fjelagi væru 4 deildir, A, B, C og D, og fjelagið kæmi fram sem fjelagsheild út á við. D-deildin gæti ekki staðið í skilum, þá gæti fjelagið gengið að öllum fjelagsmönnum í þeirri deild, en reyndust þeir „in solidum“ ekki borgunarmenn fyrir skuldbindingum sínum, þá lenti tapið á fjelaginu í heild sinni. Hefðu deildirnar aftur á móti ekkert sameiginlegt nema ábyrgðarlausan kaupfjelagsstjóra, þá væri hver deild kaupfjelag út af fyrir sig, en það tel jeg ekki heppilegt, eins og jeg hefi áður á minst.

Jeg þykist nú hafa með þessu svarað hv. frsm. meiri hl. (MG). Fæ jeg ekki sjeð, að nein refsing á þetta kaupfjelag, sem um ræðir, sje falin í því að fella frv., enda vakir það ekki fyrir mjer. Ef þeir vilja með þessu kljúfa fjelagsskapinn, þá þeir um það, en við getum ekki gengið inn á þá braut, að fara neitt að hrófla við fjelagsakpnum, því það er hættulegt. Hv. frsm. meiri hl. (MG) vildi fá ákveðið svar um það, hve nær samábyrgðin verði leyst upp, en það segir sig sjálft, að oss er ómögulegt að segja til þess, hve nær það verður.

Yfirleitt lítur minni hlutinn svo á, að ástæðurnar með frumvarpinu sjeu harla veigalitlar, en hins vegar svo margt og mikið, sem mælir með því, að það verði felt, sjerstaklega eins og nú standa sakir. Við væntum þess því fastlega, að hv. deild leggist á móti því, og sjerstaklega væntum við þess, að þeir hv. þingmenn, sem greiddu samvinnulögunum atkvæði sitt, ljái ekki þessu frv. fylgi sitt.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg verð að segja það, að mjer kom það næsta undarlega fyrir sjónir, er jeg sá þessa breytingu á samvinnulögunm, sem hjer liggur fyrir, á þskj. 91, borna fram samkv. ósk og fyrirlagi Kaupfjelags Borgfirðinga. Mjer þótti furðu gegna, að nokkurt kaupfjelag í landinu skyldi bera breytinguna fram, vegna þess, að jeg lít svo á, að það sje augljóst, að ef kaupfjelögin taka hana upp í lög sín, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sjer meiri eða minni lántraustsmissi fyrir þau, þar sem breytingin kippir í burtu því ákvæði, er samvinnulögin krefjast nú, að fjelagsmenn, allir sem einn, ábyrgist skilsemi fjelags síns út á við.

Og jafnvel þó fjelögin breyttu ekki lögum sínum eða samþyktum í þá átt, sem frv. bendir til, mundi samvinnufjelagsskapurinn í landinu tapa að nokkru trausti erlendra viðskiftavina, þegar þeir sæju, að samvinnulöggjöfin í landinu heimilaði slíka burtfelling ábyrgðarákvæðanna, sem hjer ræðir um.

Þetta held jeg öllum hljóti að vera ljóst, enda liggur óbein viðurkenning þess í greinargerð frv., þar sem mjer skilst, að gert sje ráð fyrir, að breytingin muni *ólíklega* verða tekin upp af samvinnufjelögunum. Hið sama kom í ljós hjá hv. flm. (PÞ) við 1. umr. Hann sagðist *vonast eftir*, að þessi breyting þurfi ekki að skaða samvinnufjelögin alment, og ef hún væri óheppileg, mundu önnur fjelög ekki taka hana upp.

En hvað er það þá, sem á að vinnast við frv.? Það hefir enn ekki verið upplýst. Því hefir verið haldið fram, að breytingin væri Kaupfjelagi Borgfirðinga nauðsynleg, en það hefir verið sagt með almennum orðum, en ekki verið rökstutt eða sýnt fram á, í hverju sú nauðsyn væri fólgin, Og í viðtali mínu um málið við hv. flm. (PÞ), fjekk jeg ekki aðra grein gerða fyrir því en þá, að Borgfirðingar teldu mjög þýðingarmikið fyrir sig að fá þessu breytt. En jeg verð að álíta, að sú skoðun hljóti að vera af misskilningi sprottin og fram komin af athugaleysi. Enda óskiljanlegt, að þessu kaupfjelagi sje svo öðruvísi háttað en öðrum samvinnufjelögum, að því sje t. d. ekki nauðsynlegt að afla sjer lánstrausts með skipulagi sínu.

En enda þótt ástæður Kaupfjelags Borgfirðinga væru í þessu efni sjerstakar eða frábrugðnar öðrum samvinnufjelögum, þá tel jeg samt ekki rjett að breyta samvinnulöggjöf landsins aðeins með hag þessa fjelags eins — verulegan eða ímyndaðan, — fyrir augum, ef það miðaði fjelögunum alment til skaða, svo sem jeg hefi fært rök fyrir, að eigi sjer stað um þessa breytingu.

Í nefndaráliti meiri hlutans er því haldið fram, að þessi ráðgerða breyting snerti í engu grundvöll samvinnustefnunnar. Þetta er ekki rjett. Breytingin stefnir að minni hyggju beinlínis að því að nema í burtu þann siðferðilega og fjárhagslega grundvöll samvinnufjelagsskaparins, sem reynst hefir traustasta stoð hans gegnum alla starfsemi hans hjer á landi frá fyrstu byrjun og brautryðjendur og forvígismenn stefnunnar hafa jafnan lagt mesta áherslu á, sem sje sú skýlausa og ákveðna stefna, að standa í fullum skilum til hins ítrasta á öllum skuldbindingum sínum út á við. Og þetta er að minni hyggju aðaleðlismunurinn á samvinnufjelögum og hlutafjelögum með takmarkaðri ábyrgð, og má því fyrir engan mun nema burt úr samvinnulöggjöfinni.

Pjetur Þórðarson: Jeg verð að biðja hv. deildarmenn að veita því athygli, og jeg legg sjerstaka áherslu á það, að þetta frv. fellir ekki niður eitt einasta orð í samvinnulögunum, þótt sumir andstæðingar þess virðist halda því fram og telja það iskyggilega breytingu. Það ætti þó að vera nægilega ljóst, að frv. fer ekki fram á neitt annað eða meira en nokkurskonar undanþágu frá aðalákvæði 2. liðs 3. gr. laganna samskonar undanþágu og nú er í sömu grein, en aðeins bundin við aðrar tegundir fjelaganna en kaupfjelög. Þetta bið jeg menn að gera sjer ljóst, áður en jeg sný mjer að aðalatriðunum.

Athugi maður nefndarálit minni hlutans, sjer maður, að ástæðurnar, sem það byggist á, eru í þrem meginþáttum. Það er þá fyrst, að breytingin hafi í för með sjer lánstraustsmissi og álitshnekki fyrir kaupfjelögin og Sambandið. En hvernig má það ske? Meginþorri kaupfjelaganna er í Sambandinu; í því eru öll elstu og bestu fjelögin, þau, sem hafa stofnað það og haldið því við, og öll hafa þau hina alfullkomnustu samábyrgð. Hv. þm. S.-Þ. (IngB) taldi þetta skipulag hafa reynst traustasta stoð fjelagsskaparins og hjelt því fram, eins og líka hv. 1. þm. Rang. (GunnS), að með þessari breytingu væri verið að kippa henni undan samvinnufjelagsskapnum. Hvað mikið sje hæft í þessu, er eftir að sanna. Mjer er óhætt að fullyrða það, að engum þeirra, sem að þessu frv. standa, hefir dottið í hug að veikja með því grundvöll þessa fjelagsskapar, og enginn þarf að hugsa sjer, að hann geti talið mjer trú um það, að lánstraust kaupfjelaganna sje svo veikt, að því sje hætta búin af þessari litlu undanþágu. Og sje svo, sem jeg helst vil trúa, að breyting sú, sem farið er fram á með frv., veiki á engan hátt kaupfjelögin í Sambandinu, — og það hefir ekki verið skýrt frá því enn þá, hvernig það mætti verða, — þá finst mjer einkennileg og harla ósamræmileg í sjálfri sjer sú mótspyrna, sem komið hefir fram gegn frv. þessu. Og þegar þess er gætt, að annar þáttur minni hl. nefndarálitsins telur ábyrgðarhættuna litið minka við breytinguna, þá er ekki nema um tvent að gera; annaðhvort er þessi fullyrðing minni hl. röng eða undanþágan — þó að lögum yrði — fjarri því að vera eftirsóknarverð, alment sjeð, og þar með engin hætta á ferðum fyrir allan þorra kaupfjelaganna nje Sambandið.

Jeg get því ómögulega sjeð, að það yrði á nokkurn hátt til þess að veikja lánstraust fjelaganna, þótt þessi undanþága væri leyfð. Mjer finst það vera fjarstæða að ætla það, að fjelög þau, sem í Sambandinu eru, rjúki þegar upp, til þess að breyta því skipulagi, sem þau álíta nú sína styrkustu stoð, ef þessi undanþága, — sem í lögunum er leyfð framleiðslufjelögunum o. fl., — næði einnig til kaupfjelaga.

Borgfirðingar hafa í 20 ár reynt hvorttveggja þetta skipulag, sem hjer er um að ræða, og reynslan hefir kent þeim það, að betra er að vera laus við allsherjarsamábyrgðina, þar sem það m. a. hefir sýnt sig, að einstökum mönnum hefir verið mögulegt að gera fjelögunum skaða í skjóli hennar.

Loks vil jeg athuga nokkuð þriðja þáttinn í áliti hv. minni hluta. Hann segir m. a., að breyta þurfi í náinni framtíð ýmsum ákvæðum samvinnulaganna og þar á meðal þessu um samábyrgðina. Þetta er merkilegt atriði í álitinu, því með því er algerlega fengin viðurkenn-

ing fyrir því frá sambandsmönnum sjálfum, að breytingin eða viðaukinn, sem við förum fram á, sje nauðsynleg og rjett í sjálfu sjer, en aðeins beri á milli um það, hve nær eigi að breyta. En úr því svona er nú, að viðurkend er nauðsynin, virðist mjer það bera vott um nokkuð mikla einþykni, eða hvað á að kalla það, að standa á móti undanþágunni, ekki síst þegar hún kemur fram frá stóru og góðu fjelagi, sem hefir langa reynslu í þessu efni að baki sjer. Því það er ekki nema sjálfsögð sanngirni, að það fjelag fái að starfa undir því skipulagi, sem það telur heppilegast og tryggast, þegar því er jafnframt svo varið, að það getur á engan hátt verið öðrum til meins eða miska. Jeg vil þess vegna alveg víkja frá mjer þeim ummælum, sem hjer hafa komið fram um það, að þetta frv. sje á nokkurn hátt fram komið til þess í einu eða neinu að halla á Sambandið. Og það er ómögulegt að sanna það með nokkurri sanngirni eða nokkrum rökum, að Sambandið mundi bíða minsta tjón af þessari undanþágu. Þetta er þvert á móti fram komið til þess að gefa þeim fjelögum, sem þess óska, en öðrum ekki, — því engan á að þvinga til nokkurs hlutar —, gefa þeim færi á því að þroskast eftir því, sem þau sjálf álíta best. Samvinnuhreyfingin er svo holl og góð, að það er sjálfsagt að gera engar ráðstafanir um skipulag hennar, sem fælt geti menn frá henni á nokkurn hátt, þegar að öðru leyti er hyggilega frá öllu gengið, eins og hjer er, og margra ára reynsla er fyrir í Kaupfjelagi Borgfirðinga. Það er líka alkunnugt, að sum kaupfjelög hafa ekki viljað ganga í Sambandið, af því að þau hafa ekki getað sætt sig við samábyrgðarskipulagið. En þeir menn eiga auðvitað eins mikinn rjett á sjer og hinir, sem eru með Sambandinu og núverandi skipulagi þess. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira að sinni, en vænti þess, að þessu frv. verði vel tekið af samvinnuvinum, hvort svo sem þeir vilja sjálfir búa undir þessu skipulagi eða ekki, því að jeg vænti, að þeim skiljist það, að hjer er um að ræða sanngirniskröfu, sem mörgum getur orðið til góðs og til styrktar samvinnustefnunni, en engum til skaða.

Björn Hallsson: Það mætti kannske segja, að óþarft væri að ræða þetta mál mikið, því atkvæðagreiðslan mun lítið breytast fyrir því, fremur venja er til. En úr því að málið er komið á dagskrá á annað borð, ætla jeg að segja um það örfá orð, til viðbótar því, sem hv. frsm. minni hl. (GunnS) tók fram í framsöguræðu sinni. Jeg ætla að ræða um frv. eins og það liggur hjer fyrir og gera sem minsta útúrdúra. Jafnframt vil jeg taka það fram, að jeg mun ekki taka hjer þátt í umræðum, og þó síður innleiða þær, um árásir, sem flugrit eitt gerði á samvinnufjelögin síðastliðið haust, illu heilli. Læt jeg hlutaðeigendur um þær deilur og tel ekki rjett, fyrir mitt leyti, að fara út í þá sálma hjer. Enda gefur frv. þetta í raun og veru ekki tilefni til þess.

Jeg skal svo byrja á nokkrum atriðum, sem ræða hv. þm. Mýra. (PÞ) gaf tilefni til. Hann mintist fyrst og fremst á það, að hann skildi ekki afstöðu okkar sem samvinnumanna, þegar við værum á móti máli eins og þessu. Hann sagði þetta einnig út frá þeirri fullyrðingu sinni, að hjer væri ekki um að ræða neina breytingu á samvinnulög-

unum. En þetta er alveg rangt, hjer er einmitt farið fram á að breyta lögunum. Jeg er á móti þessari breytingu af því, að jeg þori ekki að breyta lögunum nú sem stendur í þá átt að lina á ábyrgðinni, vegna lánstrausts Sambandsins og kaupfjelaganna yfirleitt. Getur öll linun í þá átt orðið til þess að spilla fyrir fjelögunum nú sem stendur, þar sem öll meðul, leyfileg og jafnvel óleyfileg eru nú notuð til þess að koma þeim fyrir kattarnef. Þetta er bein breyting á lögunum, þar sem farið er fram á, að ábyrgðin þurfi ekki að gilda nema innan hverrar deildar. Getur eftir því heilt fjelag leyst upp í jafnmörg fjelög og deildir þess eru. Ákvæðinu um ábyrgðirnar hefir verið haldið mjög á lofti í árásum þeim, sem nú upp á síðkastið hafa verið gerðar á Sambandið og samvinnuhreyfinguna.

Jeg ætla ekki neitt að draga taum ótakmörkuðu ábyrgðarinnar milli fjelaganna, sem í Sambandinu eru. Jeg er henni ekki hlyntur, eins og hún er. En nú sem stendur sje jeg ekki fært að lina á henni. Þessi skoðun á ábyrgðum er eldri hjá mjer og mörgum öðrum samvinnumönnum en flugrit það, sem gefið var út í haust um þetta efni. Var þetta á dagskrá samvinnumanna á fundi þeirra í vor og myndi að líkindum hafa komist hljóðalaust fram, ef þessi árás á lánstraust Sambandsins hefði ekki komið fram. En það gefur að skilja, að áríðandi er, að lánardrotnar kaupfjelaganna sjeu rólegir og segi ekki upp skuldum, svo mikill hluti landsmanna sem eru í kaupfjelögunum. Er því nauðugur einn kostur, að fara varlega í allar breytingar á samvinnulögunum, vegna lánsstofnananna og hins erfiða tíma, sem yfir stendur. En þegar jeg tala um erfiðleika í þessu sambandi, er þar í rauninni ekki um annað eða meira að ræða en allir aðrir hafa átt við að búa í verslun og viðskiftum á síðustu árum. Og þar sem talað er um það, að kaupfjelögin hafi safnað skuldum og komið á skuldaverslun og brotið þar með grundvallarstefnu sína, þá, að versla skuldlaust, þá er þetta líka rangfært og snúið á verra veg. Fjelögin hafa lítið rekstrarfje, nema með ábyrgðum fjelagsmanna, en verða að sæta bankalánum, og það eitt er það, sem um er að ræða í þessu sambandi, og ætti það ekki að vera hættulegra eða meiri frágangssök fyrir kaupfjelögin en aðra. Hins vegar hafa nú allir landsmenn, eða flestir, tapað á þessum seinustu og verstu tímum, og er það ekki neitt undarlegt, þótt fjelögin hafi orðið fyrir þessu líka og safnað skuldum. En vonandi fer nú að rætast úr aftur, og bólar meira að segja nú fyrir því, og komast þá fjelögin á rjettan kjöl aftur, og að því verður að stefna af öllum mætti.

Þótt svo færi ekki, sem þó er líklegt, að fleiri fjelög fetuðu hjer í fótspor Kaupfjelags Borgfirðinga, þá væri samt með þessu veitt heimild til slíkrar undanþágu, en það eitt myndi undir eins hafa traustveikjandi áhrif og stuðla að því að losa um kaupfjelagsskapinn yfirleitt.

Jeg skil vel ástæður þess háttv. þm., sem flytur frv. Hann hefir ekki verið í Sambandinu og vill ekki vera þar, en óskar hins vegar eftir að fá að njóta þeirra hlunninda og rjettinda, sem samvinnulögin veita. En það liggur við að mig furði á þessari stygð háttv. þm. við samábyrgð innanfjelags. Jeg veit ekki til, að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi nokkurn tíma haft sameiginlega ábyrgð

innan fjelagsins, og þó er jeg ekki viss um, að hagur þess sje yfirleitt nokkuð betri en hinna, sem henni eru bundin. Og hvað bankana áhrærir, þá veit jeg ekki til þess, að þeir hafi enn þá tapað neitt á Sambandinu eða öðrum kaupfjelögum með fjelagslegri samábyrgð, og væri betur, að sama mætti segja um suma stórkaupmennina og „spekúlantana“ og ýmsa, sem við þá hafa skift.

Hv. flm. (ÞÞ) hneykslaðist á því, er minni hl. tekur fram í nál., að hann telji æskilegast að sameiginlega ábyrgðin sje takmörkuð í framtíðinni, en ekki að svo stöddu. Hún er ekkert hneykslunarefni. Við viljum sæta heilbrigðum tíma og ástandi til að kippa þessu í rjett lag, en ekki hrapa að því á óhentugum tíma. Það er aðeins þetta, sem skilur á milli, að við viljum bíða betri tíma og taka allar breytingar á samvinnulögunum fyrir í einu. Þess vegna verð jeg að vera á móti þessu frv. nú.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg hefi ekki mikla „praktiska“ þekkingu á þessum málum, enda hefi jeg ekki starfað neitt í kaupfjelögum, en jeg vil þó ræða málið lítið eitt frá lögfræðilegu og almennu sjónarmiði. Það hafa nú tveir kaupfjelagsstjórar talað í málinu og tekið í sama strenginn og jeg, og ættu þeir þó að hafa nokkra sjerþekkingu á þessum efnum. Get jeg því slept að tala um það, sem þeir tóku fram, en snúið mjer að þeirri hliðinni, sem mjer er kunnari.

Jeg vil þá fyrst taka það fram, að mjer þóttu rök hv. flm. (ÞÞ) heldur veigalítil og ekki alveg laus við mótsagnir. Hann margtók það fram, að ekki væri meiningin með frv. að hagga neitt við grundvelli samvinnulaganna. Það var undarlegt. Jeg sje þó ekki betur en hjer sje um að ræða nokkurskonar undanþágu frá einu aðalákvæði laganna. Það er rjett hjá honum, að hægt er að leysa hvert kaupfjelag upp í deildir. En jeg tel það ekki heppilegt, af þeim rökum, sem jeg tók fram áðan, og nenni jeg ekki að færa þau sömu rök aftur, enda er það ekki vani minn. Hv. flm. (ÞÞ) sagði, að sumar deildir Kaupfjelags Borgfirðinga hefðu skaðast á einstöku mönnum innan þeirra. En hann gleymdi að taka það fram eða sanna það, að þetta hefði ekki orðið, ef sameiginleg ábyrgð hefði ekki verið. Það voru þau rök, sem jeg saknaði.

Þá var hv. flm. (ÞÞ) eitthvað að rugla í því, að við hefðum lýst yfir því, að við vildum takmarka ábyrgðina eins fljótt og auðið væri innan kaupfjelaganna. Þetta gat hann ekki skilið, að ekki er sama hvernig samábyrgðinni er háttað. Það ætti þó að vera ljóst, að hættuminna er fyrir menn, sem þekkja vel fjárhag hver annars, að ábyrgjast hver fyrir annan, heldur en að ganga í ábyrgðir fyrir menn, sem þeir hafa hvorki sjeð nje heyrt. Af þeirri sök verður það óhyggilegt, að kaupfjelögin sjeu í ábyrgð hvert fyrir annað, Aftur á móti tel jeg rangt, að ábyrgðin inn á við verði klofin, og því ekki rjett að skifta kaupfjelögunum niður í smádeildir.

Háttv. flm. kvað Sambandinu enga hættu búna af þessari breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ef svo er, þá er það af því, að hin kaupfjelögin kæra sig ekki um breytinguna. Og sje því þannig varið, að Kaupfjelag Borgfirðinga einu saman sje það kappsmál að koma þessu fram, þá sje jeg ekki betur en að heppilegasta lausnin verði að búa til sjerstaka

undanþágu fyrir þetta kaupfjelag. Því hvaða ástæða væri til að breyta þessum lögum á þennan hátt, þegar auðsætt er, að ekkert annað kaupfjelag kærir sig um breytinguna?

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki lengja mikið umr. nje blanda mjer í þær deilur, sem hjer hafa orðið milli hv. flm. (PÞ) annars vegar og hins vegar hv. frsm. minni hl. (GunnS) og fleiri, sem mæla gegn frv. Háttv. flm. hefir svarað til fulls þeim mótbárum, sem fram hafa komið, og þá um leið ræðu háttv. síðasta ræðumanns, sem var aðeins endurtekning fyrri ræðu hans. Jeg þarf því ekki að bæta neinu við málsvörnina, en ætla einungis að segja nokkur orð um málið alment.

Frv. þetta er borið fram af því, að kaupfjelagsmenn í Borgarfjarðarhjeraði telja þennan samvinnugrundvöll hagkvæmastan og að á þennan hátt náist best það takmark að grundvalla og efla fjárhagslegt sjálfstæði fjelagsmanna. Með þessu — að hafa sameiginlega ábyrgð innan hverrar deildar, en að ábyrgðin sje ekki víðtækari — líta þeir svo á, að girt sje fyrir, að hver deild um sig stofni til stærri skuldar á ári hverju en hún er borgunarmaður fyrir. Innan þessa þrönga hrings eða takmarka hverrar deildar þekkir hver annan og hvers annars fjárhag og gjaldþolsmöguleika. Þeir ganga að því vitandi vits, að hver beri þar ábyrgð fyrir annan, og geta því ekki syndgað upp á náðina í skjóli þess, að aðrir úti í frá beri ábyrgðina jafnframt þeim. Þetta fyrirkomulag girðir, svo vel sem unt er, fyrir þennan ljettúðaranda og siðferðisbrest, sem hefir bólað svo mjög á á seinni tímum, að stofna til skulda og kæra sig kollóttan um, hvort skuldin verði endurgreidd, reyna bara að varpa skuldum sínum ásamt áhyggjunum yfir á annara herðar. Með þessu er og fyrirbygt, eins vel og unt er, að deildirnar komist í fjárþrot eða vanskil við fjelagið, sem andstæðingar frv. eru að ota sem vopni gegn þessari breytingu, til að vekja tortryggni á henni. Tel jeg og hjer með svarað fyrirspurn hv. þm. S.-Þ. (IngB) um það, hvað vinnist með þessu frv.

Borgfirðingar byggja ekki trú sína á þessu fyrirkomulagi á tómum hugarburði eða getgátum. Þeir byggja hana á margra ára reynslu. Kaupfjelag Borgfirðinga hefir nefnilega lifað öll sín uppgangs- og blómaár undir þessu fyrirkomulagi og varð þess aldrei vart, að neinn hörgull væri á lánstrausti, hvorki hjá bönkum nje útlendum viðskiftamönnum. En síðan slept var tökum í fjelaginu á þessu öryggisfyrirkomulagi, hefir tekið að halla undan fæti hjá fjelaginu.

Með því að þetta hefir nú gefist svo Borgfirðingum, þá leita þeir nú til löggjafarvaldsins, í trausti þess, að það sje fúst að greiða götu alls, sem eykur velmegan þjóðfjelagsins og tryggir einstaklingum þess fjárhagslegt sjálfstæði. Þeir óska eftir því, að þeim sje leyft að njóta þeirra hlunninda, sem samvinnufjelagalögin veita, þótt þeir starfi á þessum grundvelli, sem þeim hefir reynst heppilegastur og er hugþekkastur og þeir telja affarasælastan fyrir viðrjetting efnalegs sjálfstæðis og hagsæld hjeraðsins. Og jeg verð að vænta þess, að háttv. Alþingi láti ekki á sannast, að það misskilji hlutverk sitt, sem það gerði, ef það brigði nú fæti fyrir frv. þetta. Því með þessu frv. er ekki gengið

á rjett nokkurs manns eða fjelags í landinu eða beitt neinni kúgun eða valdboði gegn þeim, er hafa vilja það fyrirkomulag, sem nú er. Þetta fjelag telur bara þetta fyrirkomulag best og hagkvæmast og æskir því að fá að haga sjer samkvæmt því. Svo yrði þá líka um önnur fjelög, sem kynnu að hallast á sömu sveifina, en það mundu þau ekki gera, nema þau sæu sjer betur borgið á þann hátt. Þau, sem aftur á móti vildu byggja áfram á sama grundvelli, sem nú er, og hafa trú á honum, mundu í engu hvika þar frá. Jeg get því ekki betur sjeð en að sá ótti, sem hjer kemur fram hjá mönnum við það, að þetta mundi valda svo miklu losi á fjelagsskapnum yfir höfuð og veikja hann, sje með öllu ástæðulaus. Það virðist yfirleitt lítil ástæða til að taka sjálfsákvörðunarrjett af mönnum í slíkum efnum, sem þessum, eða vilja kaupa menn til að ganga undir ákvæði, sem þeir telja starfsemi sinni skaðleg, enda hefir sjaldnast gefist vel, ef svo hefir verið gert.

Jeg vil svo að síðustu geta þess, að jeg tel ástæðulaust og allsóviðeigandi af hv. frsm. minni hl. (GunnS) að vera að blanda inn í þessar umr. þeim ritdeilum, sem urðu um kaupfjelagsskapinn í blöðum og flugritum á síðastliðnu hausti. Það er fjarri því, að þetta frv. sje fram komið af illum hug til kaupfjelagsskaparins, eins og háttv. þm. var nú hálft um hálft að dylgja með, heldur er það, eins og áður hefir verið fram tekið, komið fram af því, að Borgfirðingar telja þennan samvinnugrundvöll tryggastan og bestan. Þetta eitt, að reynsla Borgfirðinga hefir sýnt, að með þessu fyrirkomulagi hefir verið best trygður fjárhagur fjelagsins, og þá um leið lánstraust þess, bæði út á við og inn á við, það eitt er nægilegt til að sýna rjettmæti þessarar breytingar og hvað þær ástæður, sem andstaðan gegn frv. eru bygðar á, eru nauða veigalitlar og lítils virði.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg skal lofa því að þreyta ekki háttv. deild með langri ræðu. Jeg vildi aðeins gera litla athugasemd við það, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um deildafyrirkomulagið. Mjer skildist á honum, að þetta frv. lyti að því að koma á því fyrirkomulagi og hlynna að því. En þetta er villandi; deildafyrirkomulagið er hið elsta skipulag samvinnufjelaganna hjer á landi, sem hefir reynst mjög vel. En með frv. þessu er gerð veruleg tilraun til að stórspilla því. Að því er jeg veit best, eru kaupfjelögin í Þingeyjarsýslu elst hjer á landi, og fjelagsskapur þeirra einmitt bygður á þessu skipulagi: deildum, sem hafa innbyrðis ábyrgð, en ábyrgjast svo fyrir fjelagið í heild að auki. Þetta frv. fer aðeins fram á að fella burt fjelagsábyrgðina, og tel jeg það mjög óheppilegt. Það er auðsætt, að ef ábyrgðaákvæðin út á við eru numin burt, þá er lánstrausti fjelaganna hætta búin. En miðar hins vegar á engan hátt til tryggingar því, að hver deild fari varlegar í stofnun skulda en ella, eins og hv. þm. Borgf. (PO) vildi gefa í skyn. Það er blekking, sem enga stoð hefir í breytingartillögunni, eins og öllum er auðsætt.

Hv. þm. Borgf. (PO) kvaðst hafa svarað spurningu minni áðan, hvað meint væri með frv., með því, hvað deildafyrirkomulagið sje heppilegra en hitt. Þetta er sagt út í hött. Jeg er enn jafnnær sem áðan og sje ekki, að það

sje neitt heppilegra, þótt numin sje burt ábyrgðin út á við, nema síður sje. Trygging fjelagsins gagnvart deildunum er sú sama eftir sem áður. Varfærni deildarinnar verður sjáanlega síst minni, þótt deildarmenn beri líka ábyrgð á öllum skuldbindingum fjelagsins.

Mjer kom dálítið kynlega fyrir, að mjer skildist á hv. þm. Borgf. (PO), að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi haft ótakmarkaða ábyrgð. Jeg held því fram, að það hafi aldrei haft hana, og leyfi mjer þess vegna að skoða umsögn þm. um þetta atriði dálítið villandi.

Það, sem er um að ræða í þessu frv., er ekki það, hvort heppilegt skuli teljast að skifta fjelögunum í deildir, heldur hitt, að losa deildirnar við ábyrgðina fyrir fjelögin. Tel jeg það stórt tap, ef þetta væri innleitt, því ef svo væri, þá stæði öllum opið að taka það upp. Og þótt svo færi, að fjelögin glæptust ekki á að taka það upp, þá er jafnóviðfeldið að setja slíka heimild í samvinnulögin.

Pjetur Ottesen: Hv. þm. S.-Þ. (IngB) hefir nú aftur risið upp til andmæla þessu frv.

Í þessari ræðu viðurkennir hv. þm. þó heilbrigði og gagnsemi deildafyrirkomulagsins og sagði, sem rjett er, að það væri hið elsta skipulag samvinnufjelaganna hjer á landi, og skildist mjer á honum, að Kaupfjelag Þingeyinga mundi halda deildafyrirkomulaginu enn. En háttv. þm. telur það villandi hjá mjer, að þessi breyting, sem hjer er farið fram á að gera á samvinnulögunum, sje til þess að hlynna að deildafyrirkomulaginu.

Að háttv. þm. kemst að þessari niðurstöðu eða slær þessu fram, hlýtur að stafa af því, að hann annað tveggja gerir sjer ekki ljósa grein fyrir því, á hvern hátt deildafyrirkomulagið veitir kaupfjelagsskapnum þá tryggingu, sem hann þó viðurkennir, að það geri, hvort það er í þessu fyrirkomulagi, sem verkar þannig, eða hann vitandi vits gengur á snið við það af ofurkappi því, sem virðist í það lagt að koma þessu máli fyrir kattarnef.

Eins og jeg tók, að jeg held, fullljóst fram áðan, er aðalkostur inn og ávinningur við deildafyrirkomulagið með sameiginlegri ábyrgð, sem takmarkast við hverja deild fyrir sig, sá, að þá er það svo vel trygt, eða hyggilega um það búið, að enginn einstakur fjelagsmaður stofnar til meiri úttektar eða skuldar við fjelagið en hann sje fær um að endurgreiða eða standa full skil á á rjettum tíma. Og slík viðskifti eru vitanlega grundvöllur heilbrigðs og farsæls fjelagsskapar. Innan þessa þröngva hrings þekkir hver annan og hver annars hag, og þetta skapar samvinnu og samúð milli meðlima deildarinnar, til þess að styðja hver annan og hjálpa hver öðrum með ráðum og dáð, til þess að standa við skuldbindingar sínar við fjelagið, og með þessu fyrirkomulagi er ekki um aðrar skuldbindingar að ræða en þær, sem stofnað er til á skynsamlegan hátt. En sje aftur sameiginleg ábyrgð innan alls fjelagsins, eða ótakmörkuð samábyrgð, eins og samvinnulögin gera ráð fyrir, er sú raunverulega trygging, sem deildafyrirkomulaginu fylgir, og sá upphaflegi tilgangur með því mjög skertur, alvarlega skertur, og það í verulegustu grundvallaratriðum viðskiftanna.

Að halda því fram, eins og hv. þm. gerði, að þetta sje blekking hjá mjer, þrátt fyrir það, þótt hægt sje að benda

á ótvíræða reynslu í þessu efni, er vandræðafyrirsláttur og ekkert annað en óbein viðurkenning á því, að þm. lætur sjálfur teymast af ímynduðum ávinningi af hinni ótakmörkuðu samábyrgð.

En svo jeg snúi mjer að deildafyrirkomulaginu aftur, sem hv. þm. sagði, að Kaupfjelag Þingeyinga hefði, og ef til vill fleiri fjelög, sem gengist hafa undir samvinnulögin, þá held jeg nú satt að segja, að það fyrirkomulag sje ekki allskostar samrýmanlegt samvinnulögunum, eða að það mundi ekki vera hægt að praktisera deildafyrirkomulagið eins og við hugsum okkur það, svo að í fullu samræmi væri við samvinnulögin.

Því þó, til dæmis að taka, að nokkrir menn innan einnar deildar í kaupfjelagi, sem gengið hefði undir samvinnulögin, þó ákveðin væri sameiginleg ábyrgð innan deildarinnar sjerstaklega, þó þessir menn gætu ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar við fjelagið og þó hinn hluti deildarmannanna væri fullkomlega fær um að greiða alt fjeð, þá væri það gagnstætt anda samvinnulaganna, að hægt væri að ganga að þeim sjerstaklega, heldur yrði tapið að falla á alla fjelagsheildina. Jeg er ekki í nokkrum efa um, ef þetta atriði kæmi til dóms, að þá mundi dómurinn falla svo og ekki öðruvísi.

Það ætti því að vera öllum augljóst, að þetta fyrirkomulag, sem Borgfirðingar vilja hafa á sinni kaupfjelagsstarfsemi, tryggir betur en alt annað trygg og heilbrigð viðskifti, og eins og áður hefir verið lýst, byggist þetta á margra ára reynslu.

Það er því með öllu rangt, að þetta sje til að veikja lánstraust fjelagsins, heldur er það þvert á móti til að auka fjelaginu tiltrú og styrkja lánstraust þess.

Þá vildi háttv. þm. vefengja það, að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi tekið upp í lög sín sameiginlega ábyrgð innan fjelagsins, en þetta er þó svo, og hefir fjelagið verið starfrækt á þeim grundvelli um nokkur undanfarin ár, en sú breyting var alt annað en til bóta.

Jeg held, að það sje svo ekki fleira, sem ástæða er til að svara hjá háttv. þingm.

Björn Hallsson: Það voru nokkur atriði í ræðum hv. flutningsmanna, sem þeir viku að mjer út af ræðu minni áðan, er jeg vil svara nokkrum orðum. Fyrst og fremst var það hv. þm. Mýra. (PÞ). Hann sagði það vel farið, að mótstöðumenn frv. vildu viðurkenna þörfina á breytingum á samvinnulögunum síðar; en að þá væri það þrái úr okkur að vilja ekki ganga inn á hana nú. Jeg svaraði því áðan, að við vildum innleiða takmörkuðu ábyrgðina síðar, og það sem fyrst, en að við vildum ekki samþykkja hana nú, eins og sakir stæðu, vegna þess hve tímarnir væru vondir til þess. Tel nóg gert að því undanfarið að veikja lánstraust kaupfjelaganna, þótt fjelagsmenn geri það ekki sjálfir.

Þá var það háttv. þm. Borgf. (PO), sem jeg þarf að svara, út af tveimur atriðum, sem hann vjek að í ræðu minni. Hann taldi, að Borgfirðingar væru búnir að reyna þetta ábyrgðarfyrirkomulag innanfjelags. Jeg er því að vísu ekki vel kunnugur, en hefi heyrt, að sú reynsla sje lítil og ófullnægjandi. Hann gat þess enn fremur, að Kaupfjelag Borgfirðinga hefði hallast fjárhagslega, eftir að það hefði tekið upp sameiginlega ábyrgð innanfjelags. En sam-

kvæmt því, sem mjer hefir verið sagt af kunnugum nú um þetta, hygg jeg, að Borgfirðingar hafi aldrei breytt lögum sínum í þá átt að hafa sameiginlega ábyrgð, heldur aðeins að hver deild ábyrgðist sig sjálfa.

Þó að kaupfjelagið hafi tapað eitthvað nú á síðari árum, þá hygg jeg, að það stafi mikið af óhagstæðri verslun og viðskiftakreppu, fóðurkaupum bænda og fleiru, en eigi af ábyrgðarfyrirkomulaginu; enda mun þar ekki hafa verið um samábyrgð að ræða, hvorki innbyrðis og því síður út á við með öðrum kaupfjelögum. Hún hefir aldrei verið lögleidd hjá þessu fjelagi.

Annað atriði hjá sama hv. þm. (PO) var það, er hann sagði, að jeg hefði verið að gefa hv. frsm. minni hl. (GunnS) ofanígjöf. En það var alls ekki; jeg var ekki að bera nein vopn á hann, þó að jeg teldi óþarft að blanda deilum blaða og tímarita frá síðasta hausti inn í umr. hjer í deildinni. Jeg gat þess aðeins frá mínu sjónarmiði persónulega. Að öðru leyti ætla jeg ekki að gera hjer upp á milli manna í þessari deilu.

Hákon Kristófersson: Jeg skal lýsa því yfir strax, að mjer er ekki vel við víðtæka samábyrgð. En þó vil jeg fara varlega í alt það, sem raskar kaupfjelagsstefnunni. Það getur vel verið, að það stafi af skilningsleysi mínu, að jeg álít þetta frv. muni leiða til þess, ef fram nær að ganga í þeirri mynd, sem það liggur nú fyrir. Jeg fæ ekki sjeð annað, ef frv. verður samþykt, og þessi fyrirhugaða breyting á samvinnulögunum nær fram að ganga, en að þá verði það til þess, að los kemur á fjelagsskapinn. Jeg get t. d. nefnt kaupfjelag, sem starfar í mínu kjördæmi. Það nær yfir aðeins einn hrepp og er í fjórum deildum. Ef þetta frv. yrði að lögum, gæti svo farið, að þar losaði hver deildin sig frá annari, og af því teldi jeg að gæti stafað mesta óreiða.

En mjer er spurn: Getur ekki hverju fjelagi stafað hætta og skaði frá óskilamönunum, þó að þetta frv. verði að lögum? (**GunnS:** Ómótmælanlega, hvort sem er). Jeg skal ekki segja það; jeg tel nú þennan háttv. þm. (GunnS) ekki óskeikulan í þessu nje öðru. Ef óskil verða í deildum einstakra hreppsfjelaga, koma þau þá ekki harðara niður, heldur en ef ábyrgðin nær til alls fjelagsins? Það virðist augljóst, ef hver deildin styður aðra, að þá eru það vitanlega fleiri efnamenn, sem styðja þá fátækari, og það er sú regla, sem ætti að vera innan hvers kaupfjelags. Þar með vil jeg ekki segja, að hin víðtæka samábyrgð um land alt sje hagkvæm kaupfjelagsskapnum.

Það sje fjarri mjer að ætla það um háttv. flutningsmenn þessa máls, að þeir komi fram með þetta frv. af því, að þeir sjeu fjandsamlegir kaupfjelögunum, eins og háttv. frsm. minni hl. (GunnS) leyfði sjer að segja að jeg væri, af því jeg taldi frumvarpið fara í rjetta átt að því leyti, að takmarka víðtæka samábyrgð. (**GunnS:** Jeg hefi aldrei sagt það). Ja, að minsta kosti hefir hann sagt það við mig privat, að jeg væri einn hinna verstu í þeirra garð.

Það sje fjarri mjer að standa á móti heilbrigðum kaupfjelagsskap; og jeg get ekki sjeð, að samábyrgð innan smærri fjelaga megi ekki koma mönnum að gagni, þar sem hver þekkir annan, án þess að þeim þurfi að standa hætta af. Þó sje jeg ekki annað en öllu sje fullkomlega borgið, fjárhagslega sjeð. Alt

öðru máli er að gegna, ef ábyrgðin næði svo að segja yfir alt land, eins og hin svokallaða samábyrgð nær. Kaupfjelagi í Barðastrandarsýslu, t. d., er ókunnugra fjelögum á öðru landshorni heldur en meðlimum sínum innan kaupfjelagsins. Þar af leiðandi er sú samábyrgð óliku hættuminni en þegar hún nær yfir land alt. Þá veltur mest á forstöðumönnunum, og verður að treysta drengskap þeirra, ef þetta á að vera óhætt. Eftir því sem ábyrgðarhringurinn er minni, koma óþægindin á færri herðar, eins og gefur að skilja. Skuldir geta safnast af óhagstæðum tímum og verið eðlilegar. Jeg skil þá ekki tilgang og hugsunarhátt samvinnustefnunnar, ef hún á ekki að styðja gegn ósjálfráðum óhöppum, en sporna við vísvitandi hirðuleysi. Ef einn vill ekki hjálpa öðrum, þá fer að verða lítið úr samvinnunni. Því að skoðun samvinnumanna ætti að vera sú, að þeir sterku eigi að styðja þá veiku, þ. e. a. s. hinir efnuðu hina fátæku. Það virðist mjer helst mega verða með þeim hætti, að hver ábyrgist fyrir annan, svo lengi, sem skynsamlegt mætti heita, miðað við efnahag hvers eins.

Jeg get vel skilið hv. þm. Borgf. (PO), að hver og einn eigi að bera ábyrgð sinna eigin gerða og eigi stofna til skulda á ábyrgð fjarlægra manna, því vitanlega er þetta að nokkru leyti rjett. En á að útiloka menn frá því hagræði, sem kaupfjelagsskapurinn heimilar, ef menn komast ekki hjá að skulda af eðlilegum ástæðum? Aftur á móti fæ jeg ekki skilið, að það sje rjett hjá þeim háttv. þm., sem því halda fram, að þetta frv., þótt fram nái að ganga, skaði á nokkurn hátt Sambandið. En það getur orðið fjelögunum sjálfum til óheilla og valdið sundrung innan þeirra, þannig að þeir efnameiri og sterkari klofni frá þeim fátækari, og geti þannig unnið góðu máli stórskaða.

Jeg hefi litið svo á, að kaupfjelög, kaupmenn og útgerðarmenn ættu að vera óáreittir hver af öðrum hver í sínum verkahring, og best færi á, að sem mestur friður væri milli allra atvinnu- og iðnrekenda í landinu. En illu heilli eru verslunarmál landsins orðin argasta pólitík.

Öll óhöpp, sem að atvinnuvegunum steðja, hvort sem þau stafa af slæmu tíðarfari, viðskiftakreppu o. fl. þ. h., eru ógæfa, sem ekki má saka málefnin eða starfsemina um.

Vænti jeg svo, að þessi orð mín gefi ekki tilefni til andsvara, enda vona jeg, að þeim hafi verið svo í hóf stilt, að enginn finni sig móðgaðan.

Pjetur Þórðarson: Það eru að eins lítilfjörlegar athugas. við síðustu ræðu, um leið og jeg vildi gefa upplýsingar um Kaupfjelag Borgfirðinga.

Það nær yfir alla Borgarfjarðar- og Mýrasýslu og nokkuð af Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Allar deildir þessa fjelags, 17 að tölu, eru því fylgjandi, að þetta takmarkaða ábyrgðarfyrirkomulag sje það besta; og hefir ekki annað komið fram en að ríkari hrepparnir vilji vera með hinum á þeim grundvelli. Þetta var sú aths., sem jeg vildi gera við orð háttv. þm. Barð. (H. K.). Fáist þessari breytingu framgengt, þá fylgjast hrepparnir að um fjelagsstarfsemina. En nái þetta frv. ekki fram að ganga, þá tvístrast þeir og slitna þá einhverjir hreppar út úr, sem ekki vilja halda áfram samvinnufjelagsskap. Þetta er ástæðan fyrir breytingunni.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki fara inn á mjög breiðar brautir með mál þetta; en jeg get ekki stilt mig um að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið hjá stuðningsmönnum þessa frv. á þskj. 91. Jeg skal þegar taka fram þá skoðun mína, að hafi nokkurn tíma komið fram vanhugsað frv. í þessari deild, þá er þetta frv. vanhugsað og varhugavert. Með því á jeg alls ekki við það, að háttv. flm. gangi nokkuð annað en gott til að flytja þetta. Jeg veit vel og trúi því, að þeir líta svo á, sem þetta sje kaupfjelagsstarfseminni hættulaust. En jeg verð að hafa alt aðra skoðun á því. Jeg álít, að það væri slys, ef frv. næði fram að ganga hjer í deildinni.

Hjer er hreint og beint vegið að Sambandi ísl. samvinnufjelaga, og það leynir sjer ekki, að stefna þessa frv. er einn ávöxtur þeirrar sniðugu (jeg vil ekki segja lævíslegu) tilraunar, sem gerð var á síðasta hausti af óvildarmönnum Sambandsins til þess að ræna það trausti og áliti utan lands og innan. En þeir ávextir eiga engan rjett á sjer og ættu ekki að þroskast lengur eða hljóta mikinn byr, síst úr þessari átt.

Málsvörn þeirra manna, sem nú vilja styðja frv., er mjer harla óskiljanleg. Á jeg þar eigi síst við hv. frsm. meiri hl. (MG). Í ræðu hans komu fram tvær óbeinar spurningar, báðar með nokkru málsfærslusniði. Önnur var sú, hví Kaupfjelag Borgfirðinga mætti ekki fá þessa undanþágu, og hin var sú, hvers vegna ætti að refsa þeim, sem ekki vildu gangast undir samvinnulögin. Hjer er því til að svara, að Borgfirðingum er opinn vegur til þess að losna við alla samábyrgð, á sama hátt sem mjer og öðrum, sem ekki eru í kaupfjelagsskap og njóta þó hlunninda af samvinnutækjum og samstarfi — öðru en ábyrgð Sambandsins. Þeir geta þá notið síns takmarkaða fjelagsskapar eins og þeim sýnist og skift við hvern heildsala, sem vera vill, jafnvel Sambandið, ef þeim semur; en vitanlega geta þeir ekki notað lánstraust þess. Hitt má öllum vera ljóst, að ef undanþágan er veitt og frv. þetta verður að lögum, þá stefnir það að því að lama Sambandið. Því að lánstraust þess og geta byggist á þeirri samábyrgð, sem hin einstöku fjelög veita því. Og ef allar deildir þess fylgdu dæmi Borgfirðinga og losuðu sig við samábyrgðina, þá væri bersýnilega lokið starfi þess.

Um sambandslögin er það svo, að þeir, sem njóta þeirra rjettinda, sem þau veita, verða einnig að gangast undir skuldbindingarnar. Þau hlunnindi eru aðeins fáanleg, ef teknar eru tilsvarandi skuldbindingar. Þess vegna er það engin refsing, heldur rjettmæt og eðlileg ákvörðun, að neita Borgfirðingum um þessa breytingu á samvinnulögunum.

Hv. þm. Borgf. (PO) kveður sjer hljóðs, og mun jeg eiga von andmæla. En jeg verð þá um leið að biðja hann að gera frekari grein fyrir kenningum þeim, sem hann í fyrri ræðu sinni bar fram, svo sem því, hvernig einstök kaupfjelagsdeild geti orðið trygð gegn vanskilum með því einu, að losna við samábyrgð við aðrar deildir og fjelög. Hitt væri mjer og ánægja að vita, hvernig skilja beri þá kenningu hans, að þau siðferðilegu áhrif af því að losna við samábyrgðina og fá þessa margumræddu undanþágu geti frelsað Kaupfjelag Borgfirðinga frá öllu illu.

Það var svo að heyra á hv. þm. Borgf. (PO), sem hann teldi fjárhagslegt sjálfstæði kaupfjelagsins trygt með því einu að fá þessa ívilnun, rjett eins og ekki

gætu verið óskilamenn í kaupfjelagi, þótt það fengi undanþáguna, sem frv. fer fram á. Allar þessar kenningar virðast mjer vera innantóm slagorð frá hv. þm. (PØ).

Mjer þykir til furðanlega mikils mælst í fundarsamþykt Borgfirðinga, þeirri sem prentuð er í greinargerð frv., þar sem farið er fram á að njóta allra þeirra hlunninda, sem samvinnufjelagalögin veita þeim, er undir samábyrgðina ganga, og vilja þó engan þátt eiga í að bera skyldurnar eða kvaðirnar. Þessi hlunnindi eru langtum meiri en ívilnun sú um útsvar, sem samvinnulögin áskilja fjelögunum. Þau eru engu síður fólgin í lánstrausti því, sem Sambandið getur veitt og veitir fjelögum með samábyrgð.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla einungis að gera stutta athugasemd, enda hefi jeg ekki leyfi til annars nje meira, þar sem jeg hefi talað tvisvar og er því dauður. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gerði harða árás á frv., og ætla jeg, að það hafi verið af yfirlögðu ráði gert að láta þá atlögu bíða til síðustu stundar, í von um að geta fremur haft áhrif á atkvæðagreiðsluna. Að minsta kosti er þessi aðferð mjög í samræmi við alþekt skapferli og lyndiseinkunn þessa þingmanns.

Hann vildi ekkert gera úr þeirri tryggingu, sem fæst með því fyrirkomulagi, er við viljum tryggja með frv., og mátti lesa út úr ræðu hans þá grundvallarhugsun, að því meiri og viðtækari, sem samábyrgðin er, þess meira sje fjárhagslegt sjálfstæði fjelaganna. Ætla jeg, að ekki sje gott að gera honum skiljanlega skoðun mína og annara, sem hugsa alveg gagnstætt honum í þessum efnum, nje að hann eigi gott með að setja sig inn í hugsanir þeirra manna. Það þýðir vitanlega ekkert að bera nein rök á borð fyrir háttv. þm. í þessu máli, eða benda á ótvíræða reynslu í þessu efni. Það er nú einu sinni svona; þingm. (SvÓ) sjer ekkert nema samábyrgðina, ótakmarkaða samábyrgð, og hann lítur svo á, að án hennar sjeu öll viðskifti og alt viðskiftalíf dauðadæmt.

Það þýðir vitanlega ekkert að vera að endurtaka þann höfuðókost hinnar ótakmörkuðu samábyrgðar, endurtaka það í því skyni, að þingmaðurinn taki sjer það til inntekta, — að með því er þeim mönnum, sem hafa tilhneigingu til þess að stofna til skuldar af ráðleysi eða með þeim ásetningi, að geta losnað við þær á þann hátt að koma þeim yfir á aðra, gert mun hægra fyrir en ella með að fara slíku fram. Hv. þm. (SvÓ) telur þetta víst eitt af kostunum og meðmæli með fyrirkomulaginu.

Þeim ummælum hv. þm. (SvÓ), að með þessu frv. væri verið að vega að Sambandinu og að það sje ávöxtur þeirra árása, sem gerðar hafi verið á kaupfjelagsskapinn á síðastl. hausti, svaraði hv. þm. (SvÓ) nú reyndar sjálfur, með því að segja, að okkur flutningsm. frv. gengi ekki annað en gott til með flutning þessa máls. Mjer nægir því alveg að nota þessi hans eigin orð til að slá niður þá staðhæfingu, að með þeim sje verið að vega að Sambandinu og að það standi að nokkru leyti í sambandi við fyrnefndar deilur frá síðastl. hausti.

Svo var að heyra á ræðu hans, sem um enga samábyrgð væri að ræða innan Kaupfjelags Borgfirðinga. Þetta segir hann þrátt fyrir það, þó því hafi verið marglýst yfir hjer í háttv. deild, að svo er, enda beinlínis gert ráð fyrir því í frv., þar sem talað er um samábyrgð innan hverrar deildar.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þetta. Hv. deildarmenn munu yfirleitt skilja ofurvel hvað hjer er um að ræða, en jeg býst við, að það sje erfitt að opna augu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrir því rjetta í þessu máli, því hans motto er seint og snemma: því meiri samábyrgð, því betri verslun.

Þykir mjer svo að lokum vel við eigandi að snúa þeim ummælum, sem hann hafði um þetta frv. í upphafi ræðu sinnar, upp á hans eigin ræðu, með því að segja, að það sje alveg áreiðanlega sú vanhugsaðasta ræða, sem flutt hefir verið hjer á þingi.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg skal ekki tefja neitt umræður að ráði. Hv. þm. Borgf. (PO) var allharðorður í ræðu sinni, en þar sem hann er nú dauður, skal jeg ekki illyrða hann neitt. Jeg ætla aðeins að benda á það, að það stendur ómótmælt, að ef ein deild fjelagsins verður gjaldþrota, hlýtur það að lenda á fjelaginu sem heild, hvort sem þessi breyting kemst á eða ekki. Jeg þakka hv. þm. Barð. (HK) fyrir hans ræðu. Var margt í henni vel sagt og skynsamlega athugað, og veit jeg, að hann muni greiða atkvæði gegn frv. Eitt þótti mjer þó athugavert hjá honum, að jafnframt og hann óskaði kaupfjelagsskapnum alls góðs, óskaði hann, að fjelögunum væri skift niður í sem allra smæstar heildir. (**HK:** Það hefi jeg aldrei sagt). Jú, og jeg hefi það skrifað hjá mjer. (**HK:** Þá er það rangt skrifað niður). Og hvað viðvíkur privat-samtali okkar hv. þm. Barð. (HK), sem hann vitnaði í í ræðu sinni, þá er það rangt hjá honum, að jeg hafi sagt, að hv. flm. frv. væru andvígir Sambandinu. Jeg sagði aðeins, að í þessu máli falli saman skoðanir hv. flm. frv. og þeirra manna, er andstæðir eru Sambandinu og samvinnufjelagsskapnum.

Pjetur Ottesen: Með leyfi hæstv. forseta vildi jeg aðeins svara því atriði í ræðu hv. 1. þm. Rang. (GunnS), að ómótmælt standi, að fjelagið verði að ábyrgjast skuldir deildanna, verði þær gjaldþrota, og það þá á þann veg, að með þessu okkar deildaskipunarfyrirkomulagi er svo vel og tryggilega um hnútana búið, að til gjaldþrots mundi alls ekki leiða, sje því fylgt, og því kemur heldur ekki til neinnar ábyrgðar fyrir fjelagsheildina. Annars þakka jeg hv. þm. Barð. (HK) fyrir lýsingar þær, er hann hefir gefið á tilhneigingu hv. 1. þm. Rang. (GunnS) til getsaka í garð okkar flutningsmanna þessa frv.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Það er fátt svara vert í þessari síðustu ræðu. Það stendur enn óhaggað, sem jeg hefi sagt, að ekki getur verið að ræða um nema eitt af tvennu: Annaðhvort eru deildirnar sjerstök kaupfjelög eða fjelagið alt ber ábyrgð á skuldum þeirra. Það er aðeins blekking hjá hv. þm. Borgf. (PO), að deildirnar geti ekki orðið gjaldþrota.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓP, PO, PÞ, SSt, ÞórJ, BJ, EÞ, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ.

nei: MP, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EE, GunnS, IngB, JB, LH, MK.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, SSt, ÞórJ, BJ, EÞ, HK.
nei: JB, LH, MK, MP, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EE, GunnS, IngB.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 13 atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 91, 296).

Pjetur Þórðarson: Það var ekki hugsun mín að tala mikið um málið nú. Með því að okkur flutningsmönnum virðist, að ekki mundi blása byrlega fyrir málinu við þessa umræðu, þá höfum við komið með brtt. á þskj. 296. Jeg lýst ekki við að tala mikið fyrir henni eða deila um málið sjálft í þetta sinn. Þessu frv. hefir verið fundið mest til foráttu, að það gæti leitt til hættu fyrir lánstraust kaupfjelaganna og Sambandsins og raskað föstu skipulagi þeirra. Okkur sýndist því rjettara að fara fram á sjerstaka undanþágu frá lögunum fyrir þetta eina fjelag; svo mikil nauðsyn er á því, eins og sakir standa þar nú. Þó að undanþágan skifti miklu máli fyrir Kaupfjelag Borgfirðinga, þá ætla jeg ekki að fara út í að skýra það. Aðeins vildi jeg segja það, að samvinnumennirnir í þessari hv. deild vinna samvinnufjelagsskapnum meira ógagn með því að fella þessa brtt. okkar eða frv. heldur en það mundi gera, þó það yrði að lögum. Jeg vildi heldur, að frv. gengi fram, en annars sætti jeg mig vel við samþykt brtt. Einhver hvíslaði því að mjer áðan, að hún mundi ekki vera betri leið en frv., af því að þá væri skapað fordæmi fyrir því, að fleiri fjelög legðu út á þessa braut, og þá væri hættan sú sama. Jeg skil ekki þá hættu, sem menn telja af þessu fyrir form kaupfjelaganna; jeg get ekki sjeð hana. Jeg hefi meiri trú á fyrirkomulagi kaupfjelaganna en svo, að þetta geti komið til að skaða þau, því að þau eru búin að skorða sig á föstum grundvelli. Jeg ætla svo ekki að segja meira, en treysti því, að þeir, sem telja frv. ekki hættulaust, geti þó fallist á brtt.

Jakob Möller: Jeg greiddi þessu frv. atkvæði aðeins til 3. umr., af því að jeg gat ekki sannfærst um af umræðunum, að fjelagi því, sem um er að ræða, væri nein lífsnauðsyn, að frumvarpið yrði að lögum. Hins vegar var jeg á móti öllum sjerrjettindum fyrir kaupfjelög, þegar samvinnulögin voru afgreidd út úr þinginu 1921. Og þar af leiðandi verð jeg einnig að vera á móti því, að kaupfjelög, sem ekki uppfylla skilyrði þeirra laga, fái slík rjettindi, og þannig færðar út kvíarnar, og þó að sú breyting yrði gerð á frv., að það yrði aðeins látið ná til eins fjelags, þá mundu fleiri væntanlega koma á eftir. Hins vegar get jeg ekki neitað því, að Kaupfjelag Borgfirðinga eigi sama siðferðilega rjettinn til hlunninda samvinnufjelagalaganna sem önnur samvinnufjelög, en þar sem jeg hefi ekki getað ljeð atkvæði mitt til þess, að slík hlunnindi yrðu veitt nokkru samvinnufjelagi, get jeg þá ekki heldur nú farið að greiða atkvæði mitt með því að stækka þann hring. En jeg þykist hafa fulla ástæðu til þess að leiða þetta mál alveg hjá mjer og greiða ekki atkvæði um það.

Eins og jeg tók fram, hefi jeg ekki getað sannfærst um, að þessu kaupfje-

lagi bæri nauðsyn til þessarar undanþágu, eins og ástæður liggja fyrir. Jeg get ekki annað skilið en að öll fjelög með samábyrgð hljóti að koma fram út á við sem einn ábyrgðarhafi. Og sje jeg því ekki annað en að fjelagið geti í sínum eigin lögum gert einstaklingum og deildum að skyldu að ábyrgjast sínar eigin skuldir. Hin takmarkaða ábyrgð gæti gilt inn á við, meðal einstakra deilda, eftir ákvæðum þeirra eigin fjelagslaga. Þó yrði kaupfjelagið að svara til þess sameiginlega út á við, sem hver einstök deild getur ekki int af hendi. En ef hitt á að gilda, að fjelagið sjálft beri enga ábyrgð út á við, að öðru leyti en því, sem hver einstök deild svarar til með sínum viðskiftum, þá virðist mjer það stappa næst fjárglæfrum. Jeg hygg, að þeir, sem mundu skifta við slík fjelög, gætu ekki vinsað úr eða vitað, hver hluti viðskiftanna væri við góðu deildirnar og hvað við hinar. Þetta skipulag mundi ekki heldur gera fjelagsstjórnina gætnari í lánveitingum til einstakra manna eða deilda, heldur þvert á móti veikja ábyrgðartilfinninguna. Mjer er ekki fyllilega ljóst, hvort sá er tilgangurinn, að ábyrgðin eigi að vera takmörkuð út á við. En væri svo, teldi jeg það tæplega verjandi að láta málið afskiftalaust. En hvað hitt snertir, að skuldir hverrar deildar eigi að lenda á henni sjálfri, að svo miklu leyti, sem hún hefir gjaldþol til, þá er lafhægt að tryggja það í lögum hvers fjelags, og þarf þá enga breytingu á samvinnufjelagalögunum til þess, að Kaupfjelag Borgfirðinga komist undir þau.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil aðeins beina athygli hv. 1. þm. Reykv. (JakM) að því, að Borgfirðingar hafa lengi starfað í fjelagskap með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að lánardrottnar höfðu trygging í eignum fjelagsins og ábyrgð deildanna gagnvart fjelaginu. Fjelagið vill nú snúa sjer aftur að þessu fyrirkomulagi, án þess þó að missa af þeim hlunnindum, sem samvinnulögin veita. Um annað er ekki að ræða. Jeg skal viðurkenna, að jeg fæ ekki skilið, hvað þeim mönnum, sem ekki vildu upphaflega innleiða þetta fyrirkomulag, sem trygði fjelögunum sjerstök rjettindi og skyldur, hvað þeim getur gengið til þess að meina fjelaginu þessa meinlausu undanþágu, fjelagi, sem lengi hefir starfað með takmarkaðri ábyrgð. Jeg sje heldur ekki, hvernig það ætti að geta verið hættulegt fyrir kaupfjelagsskapinn yfirleitt, þar sem það er þó vitanlegt, að undanþágan er í lögunum veitt framleiðslufjelögum o. s. frv. Það tekur of langan tíma að skýra frá því, hvers vegna Kaupfjelagi Borgfirðinga er þetta svona nauðsynlegt, en jeg veit, að margir hv. þm. muni trúa mjer til þess að halda þessu fram aðeins vegna þess, að á því veltur mikið fyrir fjelagið, eins og nú er komið.

Jakob Möller: Jeg get ekki gert hv. þm. Mýra. (PÞ) aðra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls en þá, sem jeg áður hefi gert í ræðu minni. Mjer finst afstaða mín líka að öllu leyti skiljanleg og fult samræmi í því, að þeir menn, sem upphaflega voru andstæðir ívilnun samvinnufjelaganna, sjeu það enn þá. Hinu játa jeg, að úr því einu fjelagi hafa verið veitt þessi rjettindi, þá sje sanngjarnt, að önnur fjelög fái þau líka. En jeg er og hefi verið stefnunni mótfallinn, og mun því skorast undan að greiða atkvæði í málinu. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Mýra. (PÞ) sagði, að

fjelagið hefði lengst af starfað með takmarkaðri ábyrgð, skal þess getið, að jeg hefi þó skilið orð hans svo, að ábyrgðin hafi verið ótakmörkuð út á við, að minsta kosti hin síðari árin, og jeg sje ekki betur en svo verði að vera framvegis, ef fjelagið ætlar að halda áfram að starfa sem ein heild út á við.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg vil ekki eyða löngum tíma til að deila um þetta mál nje fara að endurtaka það, sem sagt var við 2. umr. En jeg get ekki verið fylgjandi brtt. á þskj. 296. Þessi lög eru svo almenns eðlis, að ekki er hægt að skilja eitt sjerstakt hjerað undan þeim; mundu þá og mörg önnur koma á eftir. En hitt vil jeg endurtaka, sem jeg sagði við 2. umr., að bæði jeg og fleiri þeirra, sem til Framsóknarflokksins teljast, eru þess fýsandi, að samábyrgðinni verði breytt. En að það sje tímabært að gera það nú þegar, er annað mál.

Pjetur Ottesen: Jeg heyri það á mönnum, að þeir vilja forðast að vekja deilur eða árangurslausar þrætur um þetta mál, og skal jeg heldur ekki verða til að brjóta þá reglu.

Mótmælin, sem fram komu gegn frv. því, sem hjer ræðir um, við 2. umr., virtust nær eingöngu bygð á óttanum við að taka upp í lögin almenna heimild til undanþágu frá samábyrgðarákvæðinu. En við flm. frv., sem leggjum kapp á að koma málinu fram, vildum ekki láta frv. stranda á því, og völdum því meðalveg, sem við töldum tryggilegan til samkomulags, og breyttum tillögu okkar á þann hátt, að öllum þessum ótta hefði átt að vera kipt í burtu með því að gera þessa undantekningu að sjerákvæði fyrir Kaupfjelag Borgfirðinga. Það þarf væntanlega ekki nú að fara að lýsa frekar en gert hefir verið þeirri nauðsyn, sem þessu umrædda kaupfjelagi er á þessari undanþágu, því það hefir áður verið gert við 2. umr. og engin breyting orðið síðan í þeim efnum, nema hvað þörfin á þessu kemur altaf betur og betur í ljós. Í húfi er hvorki meira nje minna en það, hvort fjelagið heldur saman og starfar áfram eða ekki. Og eins og tekið er fram í greinargerðinni, þá álíta Borgfirðingar, að hag sínum sje best borgið með því að starfa á þessum grundvelli og fá að njóta þeirrar verndar, sem samvinnufjelagalögin veita.

Hv. frsm. minni hl. (GunnS) talaði um það, að ekki væri viðeigandi að fara að gera undanþágur fyrir einstök fjelög frá lögum, sem væru svo almenns efnis sem þessi. Jeg skal játa, að þótt nokkuð miklu skifti yfirleitt um fyrirkomulagsatriði laga, að þau hafi fast form, þá hefir mjer altaf skilist svo, sem það væri höfuðatriðið, hvort tilgangi þeirra yrði náð í framkvæmdinni. Það finst mjer skifta meira máli en minni háttar forms- eða fyrirkomulagsatriði. Hjer er um að ræða eitt stærsta kaupfjelag landsins, um það að ræða, hvort samvinna og samtök innan þessa fjelagsskapar geti haldið áfram, aukist og þróast og sá árangur, sem samvinna og samtök hafa í för með sjer, og sú þýðing, sem það hefir fyrir þjóðfjelagið, náist eða ekki. Það er um það að ræða, hvort þessu takmarki megi ná innan þessa fjelagsskapar. Það getur oltið á því, og veltur á því, hver afdrif þetta mál fær hjer í þinginu. Og mönnum ætti að vera það skiljanlegt, að hjer er ekki verið að ganga á rjett nokkurs

annars fjelags, heldur aðeins farið fram á undanþágu, miðað við nauðsyn þessa sjerstaka kaupfjelags, Kaupfjelags Borgfirðinga, nauðsynina á því, að það njóti verndar laganna til að starfa á þeim grundvelli sem margra ára reynsla er þar efra fengin fyrir, að sje sá tryggasti, heillavænlegasti og besti, til þess að ná því takmarki efnalegs sjálfstæðis, velmegunar og framfara, sem með samvinnu og samtökum er stefnt að að ná. Þess er enn að gæta, að ekki er farið fram á nein önnur eða meiri rjettindi til handa þessu fjelagi en t. d. framleiðslufjelög hafa samkvæmt samvinnulögunum, og ættu þau því síður að vaxa mönnum svo mjög í augum. Annars hefir hv. þm. Mýra. (PÞ) svarað athugasemdum og andmælum hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og get jeg því látið hjer staðar numið.

ATKVGR.

Brtt. 296, 1 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, SSt, ÞorlG, ÞórJ, BJ, EÞ.

nei: GunnS, IngB, JB, LH, MK, MP, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EE, BSv.

Tveir þm. (HK, JakM) fjarstaddir.

Brtt. 296, 2 sjálffallin.

Frv. **felt** með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÞ, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, SSt, ÞórJ, BJ.

nei: BH, EE, GunnS, IngB, JB, LH, MK, MP, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv.

Tveir þm. (HK, JakM) fjarstaddir.

18. Kosningar til Alþingis.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 87).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi ekki litið svo á, að það væru ýmsar hugsjónir í hverju þjóðfjelagi, sem mætti ganga fram hjá eða hafa að engu. Ein af þeim hugsjónum þjóðfjelagsins er sú, að gera öllum rjett. Jeg fæ ekki sjeð annað, en það sje rjett að hafa kosningarrjettinn sem almennastan; en þá er ekki rjett að hafa þau ákvæði í kosningalögunum, er geri fjölda manna ófært að neita þessa rjettar síns — að greiða atkvæði á kjörfundi. Það þarf ekki að fara lengra en til Reykjavíkur í þessu efni; hjer er t. d. fjöldi manna, sem er varnað að greiða atkvæði vegna fjarlægðar frá kjörstað. Þannig getur oft staðið á um fólk, er stundar vinnu úti í Viðey og víðar, að tíminn að aflokinni vinnu verði of naumur til að sækja kjörfund. Tími sá, sem ætlaður er til atkvæðagreiðslunnar, þarf að vera lengri hjer í bænum, og enn þá augljósara verður þetta í sveitunum. Þar getur staðið svo sjerstaklega á, að allir geti ekki komist á kjörstað sama dag frá heimilum, þar sem ef til vill er um 4—5 stunda ferð að ræða. Þá á búandi eða hjón með börn í ómegð ekki hægt um vik að sækja á kjörstað að vetrarlagi, og er þá fullhart að skilja konuna eftir eina heima að gæta búsins, þegar allra veðra er von, enda og óvist, að þau fengi bæði sótt

kjörfund, þótt þau hefðu sinn daginn hvort þeirra til þess og veður eigi hamla; mun fólk víða vera hindrað frá atkvæðagreiðslu vegna hins stutta tíma, sem til þess er ætlaður.

Jeg þykist vita, að margir hugsi sem svo, að of mikinn kostnað muni af því leiða, að kjörstjórnir sitji 3 daga á kjörstað. En jeg fæ ekki sjeð, að hann þurfi að verða svo ýkjamikill, þótt kjörstjórnum sjeu greiddar 4—5 kr. á dag, og þótt kostnaður yrði nokkru meiri af þessari ástæðu, væri það þó stórum betra en að gera mörgum rangt til með því að varna þeim að kjósa. Mætti og draga nokkuð úr kostnaðinum við þetta og breyta þannig til, að aðeins kjörstjórinn einn sæti á kjörstað alla dagana, þótt jeg hafi ekki svo til ætlast. Gæti þá kjörstjórinn tekið valinkunna menn úr flokki kjósenda, ef þess þætti þörf, sjer til aðstoðar. Get jeg þessa vegna þess, að jeg veit, að kostnaðargrýlan muni verða mörgum Þrándur í Götu á vegi þessa frumvarps. Það er alkunn dæmisagan um storkinn, er hann ætlaði að fara að jeta af diskinum tófunnar, að þá gat maturinn ekki loðað við nef hans; og líkt er á komið með kosningarjettinn, að menn geti ekki neytt hans nema með því að leggja líf og fje í sölurnar. Jeg þykist mega treysta hv. þm. um þetta mál, og eins og öllum mönnum getur skilist, er það ekki sómasamlegt, hjá hvaða menningarþjóð sem er, að veita almennan rjett með þeim skilyrðum, að hann verði að engu. Þykist jeg vita, að rjettlætistilfinning hv. þingmanna sje eigi þannig varið. Úr því að kosingalögin gefa rjettinn, eiga allir að fá að njóta hans, sem hann hafa. Vænti jeg því, að hv. þm. víkist eins vel undir þetta mál og það á skilið, og að því verði vísað til allshn., er það hefir verið samþykt til annarar umræðu. Mælist jeg og til, að hv. nefnd taki upp þann hugsanaþráð, er í frv. felst, og þar sem jeg hefi ekki ætið haft nægan tíma til þess, geri nefndin frumvarpinu það til bóta, er mjer hefir ekki unnist tóm til, og umbóta kann að vera vant.

Þorleifur Jónsson: Það getur verið, að þörf sje á að lengja frest þann, sem kjörstjórn er skylduð að bíða á kjörstað, þar sem hann er nú minst 3 stundir. En mjer finst þetta frumvarp ganga of langt, er það ákveður frestinn 3 daga; því ef veður hamlar ekki, kæmu allir á sama degi, er hafa ætlað sjer að kjósa, og það þótt langt sje sótt hjá sumum. Þyrfti því ekki lengri frest en sólarhring. En það er önnur athugasemd, sem jeg vildi koma með í þessu sambandi. Jeg teldi rjett, ef hægt væri að skifta víðlendum hreppum þannig, að þar væru 2 kjörstaðir. Jeg þekki t. d. einn hrepp á Austurlandi, þar sem er alt að dagleið til kjörstaðar, enda kjörstaður á öðrum enda hreppsins, og erfitt yfirferðar að auki. Það hefir og komið til orða, að breyta lögunum þannig, að kjörfundur yrði haldinn í hverri kirkjusókn, og í þessum hreppi, sem jeg gat um, eru tvær sóknir. Tel jeg þetta vera meiri rjettarbót en þótt kjörstjórn sæti marga daga á kjörstaðnum, og vil jeg benda nefnd þeirri, er um frv. þetta fjallar, á þetta atriði.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil með fáum orðum láta skoðun mína í ljósi um mál þetta. Ræða hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sýndi það best, að hugir manna hneigjast hjer í ýmsar áttir, og er jeg hvorki honum nje hv. flm. (BJ) fyllilega samdóma, þótt báðir vilji rjettarbót í þessum efnum,

er jeg einnig tel nauðsynlega. Jeg álít, að það sje í alt of mikið lagt, að kjörstjórnir sitji 3 daga á kjörstað; er það bæði of mikið starf og umstang fyrir kjörstjórnirnar, og auk þess kostnaður nokkur við það. En jeg er samþykkur að lengja kosningarathöfnina eitthvað, og að því er sveitirnar snertir, ætti tveggja daga seta á kjörstað að vera nægileg. Ekki er fullnægjandi, að skifta víðlendum hreppum í 2 kjörþing, þar eð kosningar fara fram á haustdegi, og allra veðra er von á þeim tíma árs, og getur oft hent, að fólk komist ekki á kjörstað þann daginn, þótt skamt hafi til að sækja, og þá ætti 2 daga seta kjörstjórnar á kjörstað að gefa mönnum nægilegt svigrúm til að ná þangað og greiða atkvæði. Vil jeg og gera það að tillögu minni, og skjóta því til nefndar þeirrar, er þetta frv. fær til meðferðar, að kjörtíminn síðari daginn sje hafður talsvert styttri en fyrra daginn; ætti það að nægja, því að flestir munu koma fyrri daginn, nema verulega vont sje í veðri, eða sjerstakt annríki eða erfiðar ástæður, og álít jeg því þessa stefnu heppilegri en það, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) lagði til. Það dugir lítt, þótt 2 kjörstaðir sjeu í sveit, ef veðrið er hálfófært, en þó ekki svo, að kosning farist fyrir; meiri trygging er í því, að kjósendur eigi rjett á að neyta atkvæðisrjettar síns næsta dag, ef betur gefur þá, og eru það einatt eigi síður veður en vegalengdir, er hamla lasburða fólki og konum að ferðast á haustdegi.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg má fyrir mína hönd og fyrir hönd íslenskra kjósenda, þakka hv. þingmönnum góðar undirtektir, og með þeim góðu undirtektum einnig viðurkenning þess, að lögin ættu að vera þannig úr garði gerð, að kjósendur gætu notið þeirra. En hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) telur þrjá daga of mikinn frest til atkvæðagreiðslunnar, og við hið sama kveður hjá hv. 1. þm. Árn. (EE). Jeg ætla að nefna, til skýringar, að t. d. úr Akurey á Breiðafirði á að sækja kjörfund að Skarði á Skarðsströnd. Úr Akurey er fyrst farin sjóleiðin til lands að Heinabergi á Skarðsströnd, og síðan þaðan landveg, þriggja stunda ferð, að Skarði. Þessa leið verður ekki sóttur kjörfundur, nema veður og sjór sje hagstæður, og hendir oft, að veður banna í tvo daga, en er vel fært hinn þriðja daginn. Þá eru og Rauðseyjar; þaðan verður og að sæta veðri og sjó, og má þaðan aldrei fara svo, að eigi sje eftir annað skip og nóg lið til að manna það, bæði til nauðsynlegra athafna heima fyrir, og til að greiða fyrir nauðleitarmönnum, er oft ber þar að. Sama gegnir um Rúfeyjar, Purkey, Hrappsey og fleiri. Taka má enn betur til skýringar þessu máli allan Eyjahrepp á Breiðafirði. Þaðan verður ekki komist alstaðar á einum degi, og mun fullstrangt að ætla til þess þrjá daga, þótt með kappi væri til þess gengið. Jeg þekki nú best til á Breiðafirði, en gera má þó ráð fyrir, að víða sje líkt á komið. Má vel vera, að þótt kjósendur sjeu eigi fullsæmdir af minna fresti, að hann verði nokkru minni en hjer er ákveðið, og yrði það þó nokkur bót frá því, sem nú er, og tækju þeir þá viljann fyrir verkið. En kostnaðarröksemdir andmælenda minna get jeg ekki fallist á, og gleypi alls eigi bita þann, að of dýrt sje um veturnætur að eyða 3 sólarhringum til kosninga. Fæ jeg ekki betur sjeð, en þeim tíma eða öðrum meiri, muni oft vera eytt til óþarfra eða lítt þarfra ferðalaga, á þeim

tíma árs; en þótt það kostaði allmikið, er það þó betra en að ganga á skýlausan rjett manna, og svo er það og þingið, sem mest allra á að gæta rjettar í landinu, og hyggi menn nú að, hvort svo hafi verið gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 87, n. 464 og 477).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og hv. deild er þegar kunnugt, klofnaði allshn. út af þessu máli. Vill meiri hluti hennar fella frv., en minni hlutinn vill láta það ganga fram, með nokkrum breytingum þó. Frv. er borið fram til þess, að allir kjósendur, eða sem flestir, geti náð að kjósa, þannig, að það ákveður, að kosið skuli verða 3 daga í röð.

Jeg veit ekki til þess, að nú sje sjerstök óánægja yfir, að menn geti ekki neytt kosningarrjettar síns, og hvergi veit jeg til, að það sje lögleitt, að kjósa nema 1 dag. Og í þessu efni held jeg, að rjettast sje fyrir oss að fara að dæmi annara þjóða. Jeg viðurkenni, að það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að einn og einn kjósandi er útilokaður frá því að greiða atkvæði, en þetta nýja fyrirkomulag hefir galla, sem vega upp á móti því. Þessar kosningar yrðu mjög dýrar, og þó að farið yrði eftir tillögu minni hlutans um tveggja daga kosningu, þá er hæpið, að hún geti farið jafntryggilega fram eins og nú. Það eru ekki svo fá dagsverk, sem mundu liggja í þessari tveggja daga kosningu. Ef gert er ráð fyrir um 200 hreppum á landinu og að 3 menn sjeu í kjörstjórninni, þá eru þar komin 600 dagsverk. Það kostar ekki svo lítið. Ekki er óliklegt, að fyrirkomulag þetta gæti leitt til atkvæðasmölunar.

Í öðru lagi, þegar svona er að farið, má jafnvel búast við, að sumir yrðu neyddir til að kjósa, en kosningarrjetturinn er aðeins rjettur, en engin skylda.

Í gildandi kosningalögum er til heimild fyrir því, að setja kjörþing af nýju, ef það ferst fyrir sakir ills veðurs eða annara ófyrirsjáanlegra kringumstæðna. En verði lögleiddir 2 eða fleiri dagar, sem kjósa má á, er hætt við, að sumir hugsi, að það sje nógur tími að fara á morgun eða hinn daginn, og þá sje ef til vill ófært veður, svo að einmitt þetta verði til að útiloka suma frá að kjósa.

Svo bætir minni hlutinn ákvæði inn, sem ekki er í upprunalega frv., um að yfirkjörstjórn sje heimilað að skifta hreppum í tvær eða fleiri kjördeildir. Eins og þessi brtt. er orðuð, virðist mjer, að yfirkjörstjórn eigi ekki að hafa neitt bundnar hendur í þessum efnum. Og ástæðurnar eru mjög óákveðnar, og nægir, að aðeins ein þeirra sje fyrir. Eftir brtt. er ekkert því til fyrirstöðu, að hreppi sje skift í svo og svo margar kjördeildir, svo framarlega sem í hverri kjördeild eru ekki færri en þrír kjósendur. Það getur verið einn bær, sem margra hluta vegna á erfitt með að

sækja kjörþing, og þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, eftir brtt., að hann verði gerður að sjerstakri kjördeild. Þá fer að nálgast heimakosningafyrirkomulagið, sem er mjög varhugavert og hvergi nokkurstaðar viðhaft. Jeg geri ráð fyrir, að minni hlutinn ætlist til, að atkvæðakasinn sje ekki opnaður eftir fyrri daginn; aðeins pokinn, og svo gætt að, hvort tala seðlanna sje rjett.*)

Forseti (BSv): Mjer hafa borist tilmæli frá 8 hv. þm. um að slíta umræðum. Undir þessi tilmæli hafa skrifað: SSt, SvÓ, IngB, ÞorlG, BH, PO, JS, LH, og hljóða þau svo:

„Undirritaðir þingmenn óska, að umræðum sje hætt, er framsögumennirnir hafa talað.“

Jeg leyfi mjer því að bera ósk þessara hv. þm. undir atkvæði.

Jón Baldvinsson: Jeg mótmæli því, að tekin sje upp sú aðferð hjer, að skera niður umræður um hvert málið á fætur öðru. Áðan voru skornar niður umræður um eitt viðkvæmasta mál, sem nú er á döfinni í heiminum, deiluatriði milli atvinnurekenda og verkamanna, og nú á að fara eins með þetta mál, sem er mannrjettindamál. Jeg verð að mótmæla því, að slíkur niðurskurður eigi sjer stað á Alþingi.

Bjarni Jónsson: Jeg heimta nafnakall um þetta, svo það sjáist svart á hvítu, hvaða þm. vilja ekki leyfa umræður um rjettindi kjósenda í landinu. Annars álít jeg, að forseti eigi að gæta svo velsæmis þingsins, að hann beri ekki upp tillögur, sem eru svo svívirðilegar sem þessi.

ATKVGR.

Felt að slíta umræðum með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PO, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, HK, IngB, JS, LH, MG.

nei: PÞ, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, GunnS, JakM, JAJ, JB, MJ, MK, BSv.

Fimm þm. (ÓP, EÞ, EE, JÞ, MP) fjarstaddir.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg skal játa, að það er erfitt að tala um þetta mál fyrir mann, sem ekki hefir haft tækifæri til að reyna kosningalögin í framkvæmdinni. Því get jeg vel sætt mig við, þótt menn reki augun í einhverja agnúa á brtt. á þskj. 464. Þótt minni hluti nefndarinnar gæti ekki fallist á frv. þetta eins og það kom frá hv flm. (BJ), þá fanst honum í því svo augljós rjettarbót, að hann vildi láta grundvallarhugsun þess halda sjer. Jeg get ímyndað mjer, að hv. flm. kunni að finnast, að við höfum hjer deilt rjettinum með 2, eins og hann hefir stundum komist að orði um eitt og annað. En svo er ekki. En oft verður að taka meðaltal af því, sem krafist er, og hinu, sem getan leyfir, og það höfum við reynt hjer.

Þá skal jeg snúa mjer að ástæðum meiri hlutans. Held jeg mjer þá við nál., því að hv. frsm. meiri hlutans (MG) þræddi það orði til orðs.

Fyrsta ástæðan, sem meiri hl. ber fram, er sú, að ekki hafi orðið vart við óánægju út af þessu. Það má nú vel vera, að ekki hafi borist kvartanir eða

*) Hjer vantar mikið aftan af ræðunni. M. G.

bænarskrár út af þessu, en jeg efast þó ekki um, að allmargir hafi kvartað undan því, að geta ekki komist út af heimilinu á þeim nauma tíma, sem skamtaður er. Þess ber að gæta, að þetta, sem hjer er farið fram á, er í raun rjettri samkvæmileg afleiðing af rýmkun kosningarrjettarins. Meðan það voru húsbændur einir, sem höfðu kosningarrjett, þá var auðvelt fyrir þá að fara sama daginn, og þótt karlmenn yfirleitt fengju þennan rjett, var það ekki ógerningur. En eftir að konur hafa einnig hlotið þennan rjett, er orðið alt öðru máli að gegna. Þá fer að verða augljóst, hve fjarstætt það er, að allir af heimilunum geti neytt atkvæðisrjettarins svo að segja í einu. Það er vitanlegt, að þannig er ástatt á fjölda heimila og margir menn hafa ekki getað farið til kosninga af þessum ástæðum. Það er satt, að það er ekki fullkomlega hægt að tryggja, að allir neyti kosningarrjettar síns, nema með heimakosningu, en það þótti okkur nokkuð stórt spor, of stórstíg breyting; en þegar ekki er hægt að gera fullan rjett, þá er betra að veita eins mikinn rjett og hægt er, heldur en gera ekki neitt.

Þá var það ein af höfuðmótbárum meiri hl., að kosningin færi ekki eins tryggilega fram, ef hún stæði í tvo daga. Fyrir þessu færði hv. frsm. (MG) engin rök, og er mjer það því með öllu óskiljanlegt. Það er máske af því, að kjörstjórnin muni verða farin að dotta seinni daginn. Þá var önnur mótbára, að kosningin yrði dýrari með þessu móti, að hafa hana í tvo daga, og það er að sumu leyti satt. En þessi kostnaður, sem af þessu legst á kosninguna, í samanburði við annað, sem til er kostað til þess að menn geti neytt kosningarrjettar síns, er svo lítill, að það er ekki í það horfandi. En hjer kemur fram tilhneiging til hins gamla vana, að spara úrslitaupphæðina, til þess að láta verkið verða að fullum notum. Menn vilja gjarna eyða 99 þús. í eitthvað, en svo ekki bæta einu þúsundi við til þess að fullkomna það, sem byrjað er á. Þessi kostnaður, sem hjer getur komið til greina, er harla smávægilegur í samanburði við það, sem vinst. Þá er ein ástæða meiri hl. sú, að það baki kjörstjórnunum tortrygni, að geyma atkvæðakassann með seðlunum yfir nóttina, og þetta mun hv. frsm. (MG) hafa átt við, er hann talaði um, að kosningin yrði ótryggari. En það er svo gert ráð fyrir, að um kassann verði búið alveg eins og gengið er frá honum að síðustu, er hann fer frá kjörstjórninni, svo það ætti að vera nokkuð örugt. Þá segir meiri hl., að þetta geti leitt til atkvæðasmölunar. Atkvæðamsölun fer nú fram eigi að síður, og þó að hún færi í vöxt, þá er það bara gott. Tilgangurinn er, að sem flestir geti kosið. Það er gott, að sem flestum verði náð á kjörstað, en hitt verður alt af undir persónulegu sjálfstæði einstaklingsins komið, hve mikið hann lætur hræra í sjer með skoðunina. Atkvæðasmölun út af fyrir sig, er enginn galli. Þá fyrst er hún ill, ef flokkum er gert mishátt undir höfði, en því er ekki til að dreifa hjer.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (MG), að þetta gæti jafnvel orðið til þess, að færri kysu, vegna þess, að vera kynni, að menn færu ekki fyrri daginn, þótt gott væri veður, en seinni daginn væri veður orðið ófært. Þetta er harla ljeleg röksemd. Það má vera, að þetta geti komið fyrir sem óvenjuleg undantekning, ef ætla má, að kjósendur væru svo óforsjálir, að fresta ferðinni í lengstu lög. En ann-

ars er það öllum auðsjeð, að þetta hlýtur að auka þátttöku í kosningunni, og gera það að verkum, að sveitamenn fara að geta neytt kosningarrjettar síns í eins ríkum mæli og nú er gert í kaupstöðum.

Þá skal jeg snúa mjer lítið eitt að brtt. Að því er snertir 1. brtt., þá hefði jeg helst viljað vísa til hv. 1. þm. Rang. (GunnS), til að mæla með henni. Það var mest að hans ósk, að hún var tekin upp, en jeg sá ekkert á móti því, að láta þetta flakka með. Jeg skal lýsa því yfir, að það er ekki ætlast til, að hún verði notuð nema í undantekningartilfellum, t. d. þar sem ill vatnsföll hamla stórkostlega aðsókn o. s. frv. Þá hefir verið talað um, að umslögin yrðu að vera fleiri, ef ætti að skifta hreppunum í fleiri kjördeildir. En það, sem stendur undir b., að umslögin skuli vera 8 í stað 4, stendur ekki í sambandi við skiftingu í kjördeildir, heldur hitt, að kosningin stendur í tvo daga, svo kjörstjórnin hafi til skifta fyrri og seinni daginn. En umslög þau, sem send eru hverri undirkjörstjórn, þurfa ekki að vera fleiri, þótt hreppi sje skift, því að hver partur hreppsins fær sína undirkjörstjórn.

2. brtt. a. og b. eru orðabreytingar.

Þá er 3. brtt. Hún fer mest frá frv. Þar er sagt svo um, að kosningin skuli standa í tvo daga. Svo er lítil breyting, um að láta kjörstjórnirnar halda opnu í ½ klukkustund, í staðinn fyrir ¼, eftir að kjósendur hætta að gefa sig fram.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg get ekki álitið kosninguna að nokkru leyti ótryggari með þessu móti, og það þótt alræmdir skálkar sætu í kjörstjórnunum, í stað valinkunnra sæmdarmanna, eins og þeir eru vitanlega ávalt.

Jeg get ekki sjeð, að hægt sje að setja í kassann falska seðla, þótt ekki sje talið. Kassinn er innsiglaður og látinn í innsiglaðan poka, milli kjördaganna, svo ekki er hægt að eiga við hann. Hitt er öllu grunsamlegra, ef opna ætti kassann og telja í honum.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. á því, að fara alment út í málið.

Bjarni Jónsson: Þótt jeg sje í raun og veru mótfallinn þeirri niðurstöðu, sem hv. minni hl. hefir komist að í þessu máli, þá ætla jeg ekki að halda langa ræðu. Jeg vildi aðeins skjóta því fram, hvort þeir, sem eru mótfallnir því, að kosningar standi yfir 2—3 daga, gætu þó ekki verið með því, að kosningin stæði yfir heilan dag, eða t. d. frá dagmálum til náttmála í sveitum og til miðnættis í kaupstöðum. Jeg vil, að hver kjósandi hafi tækifæri til að nota atkvæði sitt, en það er rangt, að geta slitið kosningunni, ef menn koma dræmt. Þetta á aðeins við í kaupstöðum; þar ætti kosning að standa yfir frá dagmálum til miðnættis. Það ákvæði mætti gjarnan vera, og ætti þá að koma brtt. um það til 3. umr.

Jeg skal að endingu taka það fram, gildandi ákvæðum byrji kjörfundur of seint fyrir Reykjavík. Úr þessu er að nokkru bætt með frv. á þskj. 86, en þó ekki til hlítar. Kjörfundur ætti að byrja svo snemma, að honum gæti verið lokið fyrir kl. 12 að kvöldi, án þess að svo fari sem nú, að fjöldi manns komist ekki að. Eins og verið hefir, þá hefir fjöldi manns orðið frá að hverfa, þegar kjörfundi er slitið. Lengri tími mundi bæta úr að nokkru. Eftir kl. 10 á kvöldin fer eldra fólk að hátta, og fer því ekki til kosninga úr því, þótt lengur sje opið.

Nú vildi jeg mælast til þess, að hv. minni hl. nefndarinnar tæki upp brtt. við 2. gr. frv., sem heimilaði, að kjörfundur byrjaði fyr að deginum en nú tíðkast, sem væri svo orðuð, að kjörfundur byrjaði eigi síðar en á hádegi. Þá gæti kjörstjórn í hverju kjördæmi hagað sjer eftir því, sem ástæður heimta.

Gunnar Sigurðsson: Brtt. sú, er minni hl. nefndarinnar kemur með, er aðallega gerð vegna sveitanna. En nú hafa komið fram upplýsingar í ræðum hv. frsm. minni hl. (MJ) og 2. þm. Reykv. (JB), um kosningar hjer í Reykjavík. Jeg vildi því leggja til, að þetta alt yrði athugað til 3. umr. Jeg vildi benda á, að jeg teldi mjög heppilegt, að brtt. minni hl. I. a, yrði samþykt af deildinni. Jeg held, að það væri mikil rjettarbót fyrir kjósendur, sem svo stendur á fyrir, sem þar segir, og jeg skora því á þingdeildina, að samþykkja hana.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Hv. flm. frv. (BJ) hefir farið fram á það, að málið verði látið ganga til 3. umr., svo hægt verði að koma að brtt. um að lengja kosningatímann þennan eina dag, sem nú er ákveðinn. Jeg er ekki á móti því, en geri það þá að skilyrði frá minni hálfu, að ekki verði greidd atkv. nú um brtt., heldur verði þær geymdar til 3. umr., og fari þá fram aðalumr. um frv.

Það er mikið til í því, sem hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði um, að of seint sje að byrja kjörþing á hádegi. Þetta kom til orða í nefndinni, en minni hl. var þá svo harður á að koma sínum brtt. fram, að ekki var hægt að koma þessu að. En það er þó sanngjarnt. Jeg geymi mjer að svara hv. frsm. minni hl. (MJ) til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, þá eru mjer ekki síður kunn vandræðin hjer í Reykjavík en honum. Jeg vildi því, að byrjað yrði kl.tíma fyr, því á kl.tíma kjósa þó margir, svo hundruðin, sem kysu, gætu orðið fleiri. Einnig mætti fjölga kjördeildum. Jeg hefi ekki á móti því, að brtt. bíði til 3. umr. Jeg vil, að sem flestir geti kosið, en það verður betur trygt með því, að kosningin standi yfir 2 daga en einn. Ef frestað verður atkvgr. um till., þá verða þær vitanlega ver staddar, því tími vinst til að fleyga þær. Við tökum því till. aftur, með því skilyrði þó, sem raunar er ekki hægt að setja, að frv. verði vísað til 3. umr. En við hættum á, að eiga það undir drengskap hv. þingdeildarmanna.

ATKVGR.
Brtt. 464, I—III, teknar aftur.
1. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 87, n. 464 og 477, 576, 579, 581).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og hv. deildarmenn muna, þá var þetta frv. látið ganga óútrætt til 3. umr., í því skyni, að bíða eftir brtt., sem í ráði var, að kæmu fram við það. Þarf jeg ekki nú að fara út í neinar umræður um málið, en get látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði um það við 2. umr. Komnar eru hjer fram brtt. við frv. En sökum þess, að þeim var ekki

útbýtt nægilega snemma, þá hefi jeg ekki haft tíma til að bera þær undir hv. samnefndarmenn mína. Jeg skal þá segja um þær það, sem mjer þykir sjálfum vera, og jafnframt það, sem jeg get helst getið mjer í hug hv. samnefndarmanna minna.

Jeg vil þá fyrst geta um brtt. hv. þm. Dala. (BJ), á þskj. 576, að jeg get gengið inn á þær, ef allar hinar till. hans falla burtu. Mun jeg greiða þessum 2 brtt. hans atkv., ef þær eru fram bornar sem varatill. En ef hitt er meiningin, að kosning standi í 2—3 daga, og svo auk þess jafnlengi á dag og brtt. segja, þá mun jeg ekki sjá mjer fært að greiða þeim atkv. En jeg hafði skilið hv. þm. Dala. (BJ) svo, að þessar till. ættu að skoðast sem varatill., og mun jeg greiða þeim atkv. með það fyrir augum.

Þá skal jeg einnig taka það fram, að jeg hefi ekkert að athuga við brtt. á þskj. 581. Býst jeg við, að hún hafi mesta þýðingu hjer í Reykjavík. Mun með þessu vera hugsað til að reyna að draga úr þeirri atkvæðasmölun bifreiðanna, sem átt hefir sjer stað hjer við undanfarnar kosningar. Hefir það verið næsta ófagur leikur, og lítill skaði, þótt skotið yrði loku fyrir hann eða dregið úr honum eins og hægt er.

Um brtt. á þskj. 579 vil jeg geta þess, að jeg býst við, að hún verði óþörf, ef till hv. þm. Dala. (BJ) ná fram að ganga. Geri jeg ráð fyrir, ef svo fer, að hv. 2. þm. Reykv. (JB) sjái sjer fært að taka hana aftur.

Það, sem jeg vil þá vera láta í þessu máli, er það, að samþyktar verði þessar 2 brtt. hv. þm. Dala. (BJ) og ásamt þeim brtt. á þskj. 581, og svo ekkert meira. Vil jeg fella allar hinar brtt., og svo frv. að öðru leyti en þessu.

Jón Baldvinsson: Jeg sje, að hjer eru fram komnar brtt. frá hv. þm. Dala. (BJ). Verði þær samþyktar, þá verður mín till. óþörf. Jeg er að hugsa um að taka aftur b-liðinn í brtt. minni á þskj. 579. Jeg veit ekki, hvor þessara tveggja till. verður fyr borin upp til atkv. Verði till. hv. þm. Dala. (BJ) fyr borin upp og samþykt, þá mun jeg taka mína till. alveg aftur, því jeg get þá vel felt mig við greinina svo orðaða.

Bjarni Jónsson: Eins og háttv. 1. þm. Skagf. (MG) hefði vel mátt sjá efst á þskj. 576, þá eru till. mínar þar varatill. Það, sem veldur því, að jeg hefi gengið svo langt til samkomulags, er það, að fái jeg ekki framgengt þeim vilja mínum, að hver kjósandi eigi kost á að neyta kosningarrjettar síns, þá vil jeg þó heldur, að eins margir eigi það og frekast er unt. Fái jeg í þessu efni ekki það besta kjósendum til handa, þá vil jeg það næstbesta, fremur en að engu verði um þokað.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg get naumast látið vera að dást að því, hve fús hv. þm. Dala. (BJ) er til samkomulags í þessu máli. Þykir mjer nærri um of, hve mjög hann hefir látið undan síga. Fyrst sló hann af kröfum sínum í frv. og gekk inn á brtt. minni hl., og nú hefir hann slegið enn meir undan í brtt. sínum á þskj. 576 og vill sætta sig við, að þær einar nái fram að ganga. Þetta finst mjer helst til mikið undanhald, en jeg skil þó vel afstöðu hv. þm. Það er andinn í frv., en ekki bókstafurinn, sem er honum áhugamál, og þykir honum því nokkur rjetting málsins betri en engin. Annars er það mjög óþægilegt, er slíkum brtt. er alt

í einu varpað inn á þingfund, án þess að nokkur tími hafi gefist til að athuga þær. Get jeg varla á þessum fáu mínútum sjeð, hvort þessar till. hv. þm. Dala. (BJ) eru svo í samræmi við önnur atriði málsins, að þær fái staðist af þeim ástæðum. Skal jeg t. d. benda á, að verði kosningartíminn ákveðinn eins og þar er gert ráð fyrir, þá verður óþarft ákvæðið um 8 umslögin, sem er bygt á því, að kosningin fari fram á 2 dögum. Og vera má, að eitthvað sje meira þessu líkt, sem samræma þyrfti.

Jeg vil svo lýsa yfir því, að við minni hl. menn höldum fast við brtt. okkar. Teljum við litla bót ráðna á málinu, ef þær eru ekki samþyktar, þótt kjörfundurinn sje lengdur. Þar, sem fjölment er, stendur hann hvort sem er fram eftir deginum, og yrði þar engin breyting önnur en sú, að menn gætu öruggari komið seint á fundinn. Úr veðurtöfinni, sem er aðalatriðið, verður ekki bætt með því móti. Sje á annað borð einhvern dag illfært veður, þá helst það venjulega til kvölds. Hitt er miklu líklegra, að 2 illfærir dagar fari ekki saman. Auk þess myndi fáum þykja betra að vera á ferð að kvöldi dags um það leyti árs, einkum ef eitthvað væri að veðri. Hafa slíkar kvöldferðir oft reynst óheillavænar á þessu landi, og því engin ástæða til að gera gyllingar til að fjölga þeim.

Jeg skal svo ekki ræða þetta lengur. Aðeins vil jeg taka það fram, að jeg tel það misskilning hjá hv. frsm. meiri hl. (MG), er hann heldur, að hægt sje að samþykkja brtt. á þskj. 576, en fella frv. Það eru ekki sjálfstæðar till., heldur brtt. við gr. frv., og geta því ekki lifað, ef frv. deyr. Hitt má vera, að hægt sje að finna einhverja leið til að koma þessum ákvæðum fram, þótt frv. sje felt. En vafasamt tel jeg, að það sje unt á annan hátt en koma fram með þau sem sjálfstæðar till.

Eins og sakir standa, held jeg þá fast við málstað minni hl. nefndarinnar. Hitt læt jeg ósagt enn sem komið er, hvernig jeg greiði atkvæði, ef brtt. hans verða feldar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett athugað af hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að sú leið er ekki fær, sem jeg talaði um áðan. Jeg athugaði ekki, að þetta er 3. umr. málsins, og er slík meðferð, sem jeg stakk upp á, því óleyfileg. Þykir mjer leiðinlegt, að þetta skyldi ekki vera athugað í tíma við 2. umr., því að nú er það of seint.

Jón Þorláksson: Jeg vildi aðeins geta þess, út af ummælum hv. frsm. meiri hl. (MG), að hann hefir ekki getið rjett til í minn hug. Jeg tel það hreina fjarstæðu að ætla að lengja svo kjörfundi í sveitum, að setja þá á dagmálum og láta þá standa til miðrar nætur. Veit jeg satt að segja ekki, hverjir það muni vera, sem mundu koma á kjörstað á dagmálum og fara um hánótt aftur. Er jeg algerlega mótfallinn þessari varatill. eins og frv., og álít yfirleitt enga þörf á að breyta neinu í þessu efni.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það var gott, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) leiðrjetti misskilning minn á því, hvað búið hefði í huga hans. En sammála er jeg honum ekki. Það getur vel verið, að ýmsir kjósendur, sem langt eiga að, kynnu að koma kvöldið fyrir kosningadaginn á næsta bæ við, og gætu þeir þá verið komnir á kjörstað-

inn í býti daginn eftir. Á sama hátt gætu og aðrir aðeins farið til næsta bæjar á bakaleiðinni kosningadagskvöldið, til að gista þar um nóttina. Það er því engin fjarstæða að lengja tímann á þann hátt, sem þm. Dala. (BJ) leggur til í varatill. sínum. Hitt er annað mál, að brtt. geta ekki komist í gegn, ef frv. er felt. Vil jeg skjóta því til hv. flm., hvort ekki muni rjett að taka málið út af dagskrá nú og að hann komi svo fram með sjálfstæðar till. þessa efnis. Auðvitað er ekki útsjeð um það, að frv. komist ekki í gegn, og verður hann að ráða við sig, hvort hann vill hætta á það eða ekki.

Bjarni Jónsson: Jeg kýs þá heldur að láta málið sigla sinn sjó eins og það liggur fyrir nú. Nenni jeg ekki að eltast meira við það. Færi vel á því, á sinn hátt, þótt frv. yrði felt og skoðun hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) yrði ofan á, að nóg sje, að fólkið í landinu hafi kosningarrjett, þótt það geti ekki notað hann.

ATKVGR.

Brtt. 464, I. a. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, BSv.

nei: JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, HK.

Tveir þm. (GunnS, ÞorlJ) fjarstaddir.

— 464, I. b. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BSv.

nei: ÞórJ, BH, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt.

Tveir þm. (GunnS, ÞorlJ) fjarstaddir.

Brtt. 581 samþ. með 15 : 5 atkv.

— 464, II. a. samþ. án atkvgr.

— 464, II. b. samþ. með 17 : 4 atkv.

— 464, III. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, BSv.

nei: ÞórJ, BH, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlJ.

Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.

— 576, a—b fallnar.

— 579, a. samþ. með 14 : 4 atkv.

— 579, b. tekin aftur.

Frv., svo breytt, **felt** með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorstJ, BSv.

nei: ÞórJ, BH, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlJ.

Tveir þm. (GunnS, ÞorlG) fjarstaddir.

149

19. Löggiltir endurskoðendur.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um löggilta endurskoðendur (þmfrv., A. 398).

Á 48. og 51. fundi í Nd., dagana 23. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Tjón einstakra manna, fjelaga og stofnana á fyrirtækjum er að sjálfsögðu runnið af margvíslegum rótum. Óhepni og áhrif umheims, svo sem verðlag og samkepni, verður jafnan þyngst á metunum hjá mönnum. En þó eru margar aðrar öflugar orsakir til ófarnaðarins, er mönnum verður eigi jafnljúft að viðurkenna sem hinar fyr töldu. Eru þar vanþekking og óorðheldni einna þyngstar á metunum. En auk þessara orsaka eru tvær miklar og affararíkar, sem nálega aldrei er minst á og ekkert er gert til að afstýra. Þar tala jeg um trúgirni og tortrygni. Trúgirnin veldur því, að oft og einatt komast óviturleg hættufyrirtæki á stofn, er hljóta að hrynja um koll og reita af fjelagsmönnum eignir þeirra og vinna alþjóð manna hið mesta mein og ógagn með því. En tortrygnin verður oft til þess að koma í veg fyrir góð og viturleg fyrirtæki og verður mörgum manni og margri stofnun að fótakefli.

Þess vegna er hin mesta þjóðarnauðsyn, að menn geti með nokkurri vissu vitað, út í hvað þeir ganga og sannfærast um, að tortrygni sje rjett eða röng. Til þess er nú einmitt stofnað með þessu frv.

Árið 1914 komst þetta frv., svo sem það er nú, gegnum Nd. Og sjá menn, að hjer er farið fram á heimildarlög, en upprunalega vildi jeg láta þetta vera lagaboð, að hafa eiðsvarna og lögskipaða kunnáttumenn til þess að endurskoða. Mundu öll viðskifti manna og allur atvinnurekstur miklu öruggari en nú er og rógberum óhægra um vik að bera menn og fyrirtæki rógi, því að þær öldur mundu brotna á hinum lögskipuðu endurskoðendum.

Auk þessa mundi leiða af þessari ráðstöfun, að menn yrðu gætnari í meðferð sinni á almenningsfje. Jeg gæti vel trúað því, að sparisjóðir, bankar, verslunarfjelög, kaupfjelög og samvinnufjelög o. fl. hefðu orðið varkárari í ráðstöfunum sínum en reynst hefir, ef þetta kerfi lögskipaðra manna hefði verið fast orðið og reynt í landinu. Vildi jeg hjer mega taka til dæmis Sambandið, því að það fer með fje allflestra bænda og skamtar þeim verð á útfluttum vörum og aðfluttum. Þess vegna er mjög mikið undir því komið, að fjelagsskapurinn stofni sjer ekki í óþarfan kostnað, því að alt tjón af slíkum hlutum lendir á bændum landsins og lækkar vöruverð þeirra, eða hækkar erlendu vörurnar. Nú er mönnum kunnugt um, að þessi fjelagsskapur reisti afarmikið hús fyrir nokkrum árum á dýrasta tíma og á dýrri lóð. Er mjer sagt, að húsið hafi kostað 315000 kr., en lóðin umhverfis það (hún er stór) 360000 kr. Þetta verður samtals álitleg fúlga, 675000 kr. Til skatts er þetta hús nú metið 331200 kr., og er því verðfallið þegar orðið 343800* kr. Er það hreinn skaði, og kemur aldrei aftur. Ólíklegt þykir mjer, að fjelagið hefði ráðist í slíkt fyrirtæki, ef hjer hefðu verið lögskipaðir endurskoðendur.

Þessu fyrirtæki má þó segja ýmislegt til varnar. En annað fyrirtæki sama fjelags er svo vaxið, að því verður engin bót mælt. Það er svo vaxið, sem nú skal greina. Sambandið tók upp á því

*) Þar af á húsinu 315000—114800=200200 krónur.

fyrir nokkrum árum að setja á stofn verslunarskóla. Þó var þá annar verslunarskóli fyrir, og var sá miklu betri en Sambandið gat vænst af sínum skóla, því að fyrir honum átti að standa maður, sem hafði eigi minstu nasasjón af verslunarþekkingu. Þó að þar kendu ýmsir góðir menn, svo sem þeir Jón Guðmundsson og Einar Jónsson, þá hlaut þó skólinn að verða snögt um lakari en hinn, sakir þess, hve ljeleg var forstaðan. Það er nú sagt, að þá er Sambandshúsið var í smíðum, hafi það átt að verða aðeins tvær hæðir, en þá hafi skólastjóri þessi talið stjórn Sambandsins á að setja þriðju hæðina ofan á handa skólanum og formanni hans. Er það allmerkilegt að líta á kostnað Sambandsins af þessu skólahaldi, bæði undan og eftir flutningi hans á aukahæð sína í Sambandshúsinu. Árið 1918—1919 var skólinn í húsi íðskólans, og auk þess var eitt kaffikvöld í viku í Goodtemplarahúsinu. Þá er reikningurinn svo:

Kenslulaun	kr.	4976,00
Húsnæði, ljós, ræsting, hiti	—	985,00
Ýmislegt	—	243,78
Samtals	kr.	6204,78

Af þessu fjekk skólastjóri þá aðeins 3000 kr. fyrir 18 stunda kenslu á viku og engin fríðindi önnur.

En árið 1919—1920 er skólinn orðinn töluvert dýrari samkvæmt reikningi 11. maí 1921:

Kenslulaun	kr.	23079.00
Bækur og áhöld	—	4872.00
Húsaleiga, ljós hiti, ræsting	—	5867.00
Samtals	kr.	33818,00

Þar af komu 7000 kr. úr ríkissjóði. Þetta árið var skólinn sumpart í íðskólahúsinu, en að nokkru í Sambandshúsinu, en skjólastjóri mun nú hafa haft 9000 kr. í laun. Skólinn hefir þá kostað sambandið 26818 kr. þetta árið.

Næsta ár er reikningurinn sem hjer segir:

Kenslulaun	kr.	17890.00
Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting	—	15423.44
Samtals	kr.	33313.44

Þar af 7000 kr. úr ríkissjóði, en úr sambandssjóði 23612.44 kr. Nú kendi skólastjóri 12 stundir á viku, en hafði 9000 kr. laun, og auk þess ókeypis húsnæði, ljós, hita og ræsting, eða helminginn af 15423.44 kr., alls 9000 kr + 7711.72=16711.72 kr. Sami maður hefir og fengið 6000 kr. í ferðastyrk og fleira.

Margt af þessu mætti verja, ef hjer væri um góða og nauðsynlega stofnun að ræða. En þar sem skólinn er bæði ljelegur og gersamlega óþarfur, þá er hjer mjög óviturlega að farið. Jeg hefi því rakið þetta dæmi svo náið, til þess að gera mönnum ljóst, hversu mikil þörf er á lögskipuðum endurskoðendum. Þeir mundu hafa aftrað þessum aðförum í upphafi.

Jeg hefi valið þessi dæmi, sjerstaklega skólann, sakir þess, að þau sýna svo átakanlega sem verða má nauðsyn þess, að röksamleg endurskoðun fari fram árlega á stórum fyrirtækjum, sem fara með almenningsfje. Og auk þess er það hin mesta nauðsyn, að þetta fyrirtæki, Sambandið, sje rekið með allri gætni og hagsýni, þar sem mikill þorri

bænda í landinu á alt sitt undir því, að hjer sje vel með farið. Væri og skaði, ef sá stórhugur og áræði í sjálfsbjargarviðleitni bænda fengi ekki að njóta sín, sem kemur fram í verslunarsamtökum þeirra. En jeg hefi ekki valið þessi dæmi af þeirri ástæðu, að þau sjeu einsdæmi, það er að segja að undanteknum amtmanninum, skólanum. Því er miður, að víða er svipað, ef leitað er, bæði hjá einstaklingum, fjelögum og ríkisfyrirtækjum. Því að sannast sagt hefir eigi annað verið sýnilegt hin síðustu ár en að menn hefðu gleymt að reikna. Hitt vita allir, hversu skaðlegt er að leggja stórfje í handahófsfyrirtæki.

Jeg vænti því, að hv. þingmenn sjái, að slík stjett manna, sem frv. þetta ræðir um, mundi verða einskonar brimbrjótur í ölduróti ógætilegra fyrirtækja, og leyfi frv. að ganga rjetta boðleið gegnum allar fyrirskipaðar umræður í þinginu og geri það að lögum.

Þorsteinn Jónsson: Eftir að hafa heyrt framsöguræðu hv. þm. Dala. (BJ), hefi jeg fulla ástæðu til að ætla, að þetta frv. sje flutt í alt öðrum tilgangi heldur en búast má við af að lesa það. Það lítur í raun og veru fremur sakleysislega út. En samkvæmt framsöguræðu þessa hv. þm. er það ljóst, að þetta er ákvarðað sem áframhald þeirra árása, er fyrir nokkru voru gerðar á Samband íslenskra samvinnufjelaga. En um leið og það er árás á Sambandið, hlýtur það fyrst og fremst að vera árás á fyrv. forstjóra þess, sem nýlega er fallinn í valinn.

Það mæltist illa fyrir, þegar annar háttv. þm., sem sæti á í Ed., hóf sína alræmdu árás síðastliðið haust á Sambandið. En því ver mun þessi árás mælast fyrir, sem það þykir vera ódrengilegra að níða látna menn en lifandi. Og eigi síst, þegar sá maður, sem hjer um ræðir, var álitinn vinna þjóðinni meira gagn en nokkur annar núlifandi maður. Eins og jeg tók fram, eru þessar árásir á Sambandið vitanlega ekkert annað en árásir á fyrverandi forstjóra þess.

Háttv. þm. las hratt upp ræðu sína, er hann hafði skrifaða, og þar á meðal margar tölur, til að sýna ágæti þessarar árásar sinnar; en þar sem hann bar svo hratt á, náði jeg ekki nema nokkrum af tölunum. Hús og lóð Sambandsins sagði hann að hefði kostað 675000 kr. En samkvæmt fasteignamati væri hvorttveggja ekki virt nema 331200 kr. Mismuninn á kostnaðarverði og fasteignamatsverði, 343800 kr., telur hann svo vera beinan skaða fyrir Sambandið. En nú er öllum ljóst, að fasteignamatið er ætíð miklu lægra en það verð, sem eignirnar ganga fyrir kaupum og sölum. Fasteignir eru nú oft seldar helmingi hærra verði en þær eru metnar.

Hjer er því ekkert annað á ferðinni en áframhald af þeim blekkingartilraunum, sem jeg áður drap á.

Þá kom hv. þm. að öðrum lið framkvæmdamála Sambandsins og rjeðst á skóla þann, sem Sambandið heldur uppi til þess að auka þekkingu landsmanna á samvinnumálum og búa menn undir að veita samvinnufyrirtækjum forstöðu. Taldi hann forstöðumann skólans alls óhæfan til að standa fyrir slíkum skóla og kvað hann bresta alla þekkingu á þeim málum. Hann vildi gera skólakostnaðinn að mikilli grýlu. Um þann kostnað hefi jeg ekki gögn nje skýrslur í höndum nú, og veit því ekki hvort hv. þm. hefir farið þar með rjett-

ar eða rangar tölur. Þó að skólinn hefði kostað 33 þús. kr. á ári síðan 1919, þá hefði þm. ekki talið það gífurlegan kostnað, ef önnur fyrirtæki hefðu átt í hlut. Þó hann sje að reyna til að gera mikið úr, að skólinn sje bæði óþarfur og dýr og að illa sje farið með það fje Sambandsins, sem skólinn fær til afnota, þá finnur hann engan staf til sönnunar þessum framburði sínum.

Hv. þm. segir, að skólastjóri samvinnuskólans hafi haft 9000 kr. laun árið 1919, en það eru ósannindi, svo sem jeg vonast eftir, að geta sannað síðar. En við skulum nú láta þetta heita svo í bráðina, eins og hv. þm. vill vera láta; en í því sambandi væri vert að líta á, hvað þessi þm. hefir sjálfur haft í laun 1919. Jeg hygg, að gera megi ráð fyrir og láti nærri, að hann hafi haft helmingi meiri laun, að meðtöldum öllum bitlingum.

Þá kemur hv. þm. að því að sýna fram á hina óhóflegu eyðslu á fje Sambandsins á stjórnarárum Hallgríms Kristinssonar, t. d. að veittur hafi verið 6000 kr. utanfararstyrkur til skólastjórans; en þetta er ósatt. Hitt veit jeg, að hann var tvisvar sendur utan í nauðsynjaerindum Sambandsins. Um kostnaðinn við þær ferðir veit jeg ekki með vissu; en hitt veit jeg er rangt, að hann hafi fengið styrk til utanfarar í eigin erindum.

Enn fremur sagði hv. þm., að samvinnuskólinn væri ljelegri en verslunarskólinn, af því að forstaðan væri verri. En jeg vænti þó, þrátt fyrir þessa sleggjudóma þingmannsins, að hann mætti þakka fyrir, þegar ganga hans er öll, ef um hann yrði sagt, að hann hefði rækt störf sín eins samviskusamlega og skólastjóri samvinnuskólans hefir rækt sín störf.

Eitt var það, sem mjer kom dálítið á óvart. Jeg hefi álitið hv. þm. Dala. (B-J) drengskaparmann, en nú verð jeg að draga það mjög í efa, þar sem hann hefir kastað skugga á látinn mann, sem var einn af hinum allra þjóðnýtustu mönnum og naut fylsta heiðurs landsmanna. Þetta tel jeg ódrengilegt.

Og þar sem hv. þm. taldi þessu frv. aðallega beint til Sambandsins, þá vænti jeg, að hv. deild meti þessa árás hans að verðleikum, með því að fella þetta frv. hans nú þegar við þessa umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það var gaman að hlusta á ræðu hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ). Ræðumaður var töluvert fyndinn, þar sem hann sagði, að ræða mín hefði verið árás á Sambandið, þó að jeg tæki það aðeins sem dæmi þess, hversu illa og ógætilega væri farið með fje almennings Sá er vinur, er til vamms segir. Jeg hefi alls ekki ráðist hjer á látinn mann; það eru ósannindi háttv. þm. (**ÞorstJ:** Háttv. þm. má gjarna taka alt aftur). Hann blæs sig út eins og belgur, þar sem hann er að verja skólastjóra Jónas Jónsson. Jeg tel honum það að vísu til sóma; það er drengilegt af honum að duga samflokksmanni sínum. Jeg tók ekki þetta dæmi um skólastjórann í því skyni, að segja neitt ilt um manninn; eg held ekki svo fast á því. Hv. þm. og aðrir, sem það vilja, mega álíta hann verslunarfróðan mann mín vegna. (**ÞorstJ:** Hv. þm. er farinn að draga nokkuð mikið úr því, sem hann sagði áðan). Jeg sagði, að maðurinn væri ekki fær um starfið og að skólinn væri óþarfur; það er alt rjett.

Jeg nefndi þetta af því, að mjer er ant um Sambandið og af því, að bændur landsins eiga svo mikið undir Sambandinu, og gat þess einnig, að nefna mætti önnur dæmi. Jeg skal ekki fullyrða, hvort allar tölur, sem jeg tilgreindi, eru nákvæmlega rjettar, en það mun láta mjög nærri lagi.

Hv. þm. (ÞorstJ) sagði, að jeg mundi mega þakka fyrir að vera eins duglegur og skólastjóri samvinnuskólans. Jeg hefi ekki sagt neitt um það. Það getur vel verið, að hann sje samviskusamur um það starf sitt; en hann hefir bara ekki vit á málinu fremur en þegar hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) er að halda ræður um skólamál, sem hann skilur ekkert í, og vill svo reisa háskóla norður á Akureyri.

Jeg hafði gaman af því, er hv. þm. (ÞorstJ) var að biðja deildina að fella frv., af því að það væri árás á Sambandið og hinn nýlátna forstjóra þess. Þingm. gerir mjer þær getsakir, að jeg sje að ráðast á þennan mann, þó að jeg hafi aðeins talað um verk Sambandsins. Og svo ætlar hann að láta deildina fella frv. fyrir þetta. Það er fyndni. Ef hún vill gera það, þá verði henni það að góðu.

Þorsteinn Jónsson: Það er gleðilegt, að hv. flm., þm. Dala. (BJ), er búinn að taka mikið aftur af því, sem hann bar hjer fram í deildinni í hinni skrifuðu árásarræðu sinni. Hann sagði t. d. um sumar tölurnar, að þær væru áætlunartölur. Þá má eins gera ráð fyrir, að þær sjeu það allar. Jeg er ekki sjerlega hræddur um, að margir af deildarmönnum hafi tekið mark á þessum ræðum hv. þm. Dala. (BJ) og árás hans á forstöðumenn Sambandsins. Því að um leið og hún er gerð á hendur Sambandsfjelögunum, er hún einnig gerð á stjórn Sambandsins og fyrverandi framkvæmdarstjóra. Og þó að hann haldi áfram að afsaka sig, þá hefir hann hjer gert það frumhlaup, sem er óbreytt framhald samskonar árása og annar hv. þm. hóf á síðasta hausti. Hv. þm. (BJ) finst það ekki vera árás á gerðir þess manns, sem var forstjóri Sambandsins, þótt hann segi, að farið hafi verið með fjármál þess í mestu óreiðu; að ráðist hafi verið í mjög óheppileg lóðarkaup og húsbyggingu; að einni stofuhæð hafi verið bætt við húsið, aðeins vegna eins manns, og að stofnaður hafi verið og starfræktur algerlega óþarfur skóli, á sama hátt fyrir þennan eina mann. Svona gengur hv. þm. (BJ) langt í ákúrum sínum í garð látins manns, þótt hann nefni ekki nafn hans. Það er sjálfsagt öllum vel ljóst, að framkvæmdir Sambandsins gengu ekki eftir ósjálfráðri vjel á síðari árum. Það var vandlega um þær hugsað og fyrirfram útreiknað og ákvarðað af framkvæmdarstjóranum sjálfum.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg dáist enn að þessum hv. þm. (ÞorstJ). Hann segir, að jeg hafi tekið alt aftur. Það var af því, að hann nefndi sjerstaklega launin árið 1919, og jeg sagðist ekki hafa haft þann reikning fyrir mjer; þess vegna væri sú tala ósönnuð. En það eru annars ósannindi, að jeg hafi afturkallað nokkuð. Þetta sýnir aðeins, hvað hv. þm. (ÞorstJ) er vitur í ályktunum sínum; hann slær því föstu, að allar tölurnar sjeu áætlaðar, þó að jeg hafi sagt það um þessa einu tölu. Jeg hjelt, að honum gengi aðeins gott til, að verja vin sinn, skólastjórann. En honum ferst all-

klaufalega, er hann segir, að jeg hafi ráðist að látnum manni. Hvernig fer hann að því að yfirfæra ræðu mína á hann? Það er einmitt þessi hv. þm. (ÞorstJ) sjálfur, sem er að reyna að klína þessum ávirðingum Sambandsins á fyrverandi forstjóra þess. Mjer datt ekki Hallgrímur Kristinsson í hug. Jeg beindi miklu frekar ræðu minni til skólastjóra Samvinnuskólans, Jónasar Jónssonar; og hann hefir ekki yfir neinu að kvarta. Hann hefir ráðist að mjer í hv. Ed., og vildi jeg óska, að hann hefði átt sæti í sömu deild og jeg.

Annars þarf þessi hv. þm. (ÞorstJ) ekki að standa á milli okkar; hann er ekki maður til þess. Hann þarf ekki að láta eins og hæna á eggjum, þó að minst sje á Sambandið og aðeins af góðum huga varað við að gera það, sem rangt er og óheppilegt fyrir almenning.

Það eru örþrifaráð hv. þm. (ÞorstJ), þegar hann er að verja vin sinn, skólastjórann, að koma þá öllum sökum Sambandsins yfir á dáinn mann.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal nú ekki verða langorður. Hv. þm. Dala. (BJ) segir, að sjer hafi ekki dottið Hallgrímur Kristinsson í hug. Heldur hv. þm., að hann geti talið öðrum trú um, að það hafi verið einhverjir aðrir en Hallgrímur Kristinsson, sem rjeðu mestu um þær ávirðingar, sem hann kallar svo, hjá Sambandinu, t. d. lóðakaupunum húsbyggingunni, skólastofnuninni og ráðningu skólastjórans? Dettur hv. þm. (BJ) það í hug í fullri alvöru, að nokkur maður trúi því, að forstjórinn hafi ekki ráðið mestu um þessi verk? Það er stærsta árásin, sem komið hefir fram í garð fyrv. forstjóra, að hann hafi látið aðra ráða gerðum sínum um framkvæmdir Sambandsins, og meira last en áður hefir verið um hann sagt, að ætla að ræna hann þannig heiðrinum af skörungsskap sínum og sjereinkennum. Það, sem þessi hv. þm. (BJ) hefir hjer vitt hann fyrir, eru e k k i á v i r ð i n g a r, heldur ein stærstu framfaraspor samvinnustefnunnar hjer á landi.

Jeg hefi nú fengið upplýsingar um utanfararkostnað skólastjórans, og hv. þm. (BJ) hefir tvöfaldað upphæðina; hún var 3000 kr., en ekki 6000. **(BJ:** En fyrir hina ferðina?). Þar var ekki svipað því um 3000 krónur að ræða. Hjer er því um nákvæmlega sömu aðferð að ræða hjá hv. þm. (BJ) eins og höfundi „Verslunarólagsins“ síðastl. haust, þar sem eingöngu var veist að Sambandinu.

Hv. þm. (BJ) flytur frv. um löggilta endurskoðun og rökræðir það, en bendir svo aðeins á Sambandið, sem dæmi um varhugaverða reikningsfærslu og fjármeðferð.

Tveir háttv. alþingismenn, sem eiga sæti sinn í hvorri deild Alþingis, hafa nú beint árásum að þessari stofnun, Sambandinu og forstöðumönnum þess. En sá er munurinn, að annar ræðst á framkvæmdir látins manns og notar sjer þinghelgina, þar sem ekki er hægt að lögsækja hann fyrir orð hans, en hinn gerði það þó að honum lifandi og á þeim vettvangi, þar sem hægt var að lögsækja hann.

Forseti (BSv): Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að verið sje að draga nöfn dáinna manna inn í deilur og umræður hjer á Alþingi að nauðsynjalausu. **(ÞorstJ:** Hv. þm. Dala. (BJ) hóf þennan leik hjer í dag). Mjer er sama hverjir þetta gera, — það á alls ekki við.

Lárus Helgason: Jeg þarf ekki að vera langorður, því háttv. þm. N.-M. (ÞorstJ) hefir tekið af mjer ómakið. Annars hygg jeg, að flestir hv. deildarmenn sjái, af hvaða rótum þetta frv. er runnið og hversu einhliða árás þetta er. Það hefði verið skemtilegra fyrir háttv. flm., þm. Dala. (BJ), og mannlegra að láta þessa árás sína koma í einhverju blaði, ef hann vildi koma henni á prent, í stað þess að lauma henni hjer inn. Háttv. þm. læst vera að flytja frv. um almenna endurskoðun, en talar svo að mestu leyti um Sambandið og samvinnuskólann, sem ekki virðist koma málinu við.

Jeg tek undir það með hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), að mjer kom mjög á óvart þessi framkoma háttv. flm. (BJ). Jeg hafði altaf búist við, að þar væri um drengskaparmann að ræða. En þessi framsöguræða hefir breytt þessu áliti mínu á þessum hv. þm.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki vera langorður. Mjer finst það ekki ná nokkurri átt að fella frv., þrátt fyrir það, þó að framsöguræðan væri dálítið sjerstæð. Alt hnotabit hv. þingmanna um hana o. fl. vil jeg leiða hjá mjer. Þetta frv. er mjög þarft og nauðsynlegt, og á það eitt á deildin að líta.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg er orðinn þreyttur á að tala við hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) og þarf ekki fleira við hann að segja. Það var hann, sem dró nafn látins manns hjer inn í umræðurnar, en ekki jeg. Hann vildi koma öllum þessum vafasömu afrekum Sambandsins á Hallgrím Kristinsson. Mjer var það ekki kunnugt, að allar ákvarðanir Sambandsins væru honum að kenna. Jeg minnist þess nú, að þegar samvinnuskólinn kom fyrst til greina opinberlega, þá mælti þáverandi form. Sambandsins, Pjetur Jónsson, fyrir styrk til skólans á Alþingi. Þó að hv. þm. (ÞorstJ) viti þetta að líkindum, þá vill hann velta öllu á einn mann. Hv. þm. (ÞorstJ) ræður sjer ekki fyrir reiði; enda er það alt ósatt, sem hann segir hjer. Gæti jeg trúað, að það væri jafnmikil skekkja í þessu sem öðru, er hv. þm. hefir sagt hjer í dag, því að það hefir alt ósatt verið. Neitar hann nú, að tvisvar 3000 sje 6000. Sýnir þetta reikningskunnáttu barnakennarans.

Svo kom hv. þm. V.-Sk. (LH), til þess að gæta drengskapar míns. Segir hann það ódrengilegt, að jeg fann að því í framsöguræðu minni, sem aflaga fór. En gæta skal þessi hv. þm. (LH) þess, að drengskapur hans verði ekki einhvern tíma minni en minn, og er það uggur minn, að svo kunni að fara.

Hv. þm. Ísaf. (JAJ) sagði, að ræða mín hefði verið nokkuð sjerstæð. Jeg veit ekki, hvað hann meinar með því. En skilja ætti hann það, að ekki er hægt að taka öll dæmi, sem til eru, máli sínu til sönnunar, heldur verður maður að taka þau ein, sem næg eru og einna best sanna það, er maður vill sanna með þeim.

Er líkast því, sem hv. þm. verði allir á hjólum og komi á þá taugakvik, þegar Sambandið eða skólinn þeirra er nefndur og bent á eitthvað, sem aflaga fer þar. Mun þetta stafa af því, að þeim finst þetta Samband miklu merkilegra en það í raun og veru er.

Þorsteinn Jónsson: Það er líkt hv. þm. Dala. (BJ) að leiðast ekki að vefa þennan vef sinn úr eintómum ósanninda þráðum. Hann þurfti ekki að kenna mjer að tvisvar 3 eru 6, en hitt var ósatt

hjá honum, að þessi maður hefði fengið 6 þús. kr. fyrir utanförina. Hann fór tvisvar utan og fjekk í fyrra sinnið 3000 kr., en í hið síðara skiftið var það minna.

Annars get jeg ekki, á þessari stundu, farið að rökræða það við þennan hv. þm. (BJ), hvað ábótavant sje hjá Sambandinu, því til þess þarf langt mál; enda flutti hann engin rök fyrir sínu máli, og verð jeg því að láta nægja að lýsa alt þvaður hans ósannindi og í þeim einum tilgangi gert að halda áfram ofsóknum, sem hafnar voru hjer í fyrra af einum þm. í Ed.

Jakob Möller: Þó jeg greiði atkv. með frv., má auðvitað á engan hátt skilja það svo, hvorki hjá mjer eða öðrum, að með því sje verið að gera árás á Hallgrím heitinn Kristinsson eða Samband ísl. samvinnufjelaga. Frv. þetta er gott, og jeg hygg, að það hefði orðið samþykt í einu hljóði, ef þetta hefði ekki blandast inn í, sem er frv. algerlega óviðkomandi.

Lárus Helgason: Ræða hv. 1. þm. Reykv. (JakM) er góð sönnun þess, hve hv. þm. Dala. (BJ) tókst framsöguræða sín leiðinlega. Er því einkennilegra, þar sem það kemur sjaldan fyrir, að honum takist það illa. Ræða hv. 1. þm. Reykv. sannaði það, hvað framsöguræðan var óviðkomandi frv. Tek jeg undir það með þessum hv. þm. (JakM), að frv sjálft er í raun rjettri gott, en ástæður hv. flm. (BJ), er hann færði fram fyrir því, voru þvert á móti. — Er líka sýnilegt, að þótt frv. yrði samþykt, þá gæti það aldrei komið í veg fyrir, að of dýr hús yrðu bygð. Endurskoðun fer ávalt fram eftir á. Geta auðvitað ekki þessir endurskoðendur á nokkurn hátt aftrað því, að ráðist verði í vafasöm fyrirtæki og kostnaðarsöm, því að endurskoðun þeirra fer ekki fram fyr en eftir að alt er komið í kring og verkið framkvæmt.

Er því auðsætt, hvað dæmi hv. þm. Dala. (BJ) voru illa og óviturlega tekin. Voru þau að öllu leyti óviðeigandi og ekki þingleg.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það er auðheyrt, að þetta er nýr þingmaður. Heldur hann, að menn greiði atkv. um framsöguræður, en ekki um frv. sjálf. Skal jeg leiðbeina honum um þetta og segja honum, að svo er þetta aldrei skilið. Frsm. kemur fram með sínar ástæður fyrir frv., og geta þær verið alt aðrar en aðrir vilja færa fyrir því, og þm. greiða atkv. um frv., með eða móti, án nokkurs tillits til þess, hverjar skoðanir frsm. ljet uppi um frv.

Jeg kom fram með mínar ástæður fyrir frv. þessu og rjeðst þar á engan mann nema forstöðumann samvinnuskólans, og þó lítillega og miklu minna en vert var, því að vitað er, að maður þessi hefir enga verslunarþekkingu og er alls ófær til að standa fyrir skólanum. Auk þessa hafði hann farið um mig ærumeiðandi orðum í Ed. nú fyrir skömmu. Er einkennilegt, að hv. þm. skuli spretta upp, eins og þeir væru bitnir af nöðru, ef satt er sagt um þessa stofnun og þá menn, sem við hana eru. Það er að vísu lofsvert, að þeir skuli vilja verja þá, sem næst þeim standa; en þeir ættu ekki að gera það með þjósti og ósannindum, hvað þá heldur hágrátandi, eins og hv. þm. V.-Sk. (LH).

Þorsteinn Jónsson: Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að við rykjum upp eins og

bitnir af nöðru. Datt mjer ekki í hug að hafa svo ljót orð um hv. þm. (BJ), en nú nefnir hann sig svo sjálfur, — og mun hann sennilega þekkja sig sjálfan best.

Flm. (Bjarni Jónsson): Naðran, sem þessir menn eru bitnir af, er þeirra eigin heimska og framhleypni, og á hv. þm. N.-M. (ÞorstJ) nóg af hvorutveggja.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JAJ, MG, MJ, MP, ÓP, PÞ, ÞorlG, ÞórJ, BJ, HK, JakM, BSv.

nei: JB, JS, LH, MK, PO, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, GunnS, IngB.

Fjórir þm. (JÞ, SSt, EÞ, EE) fjarstaddir.

30

20. Stjórnarskrárbreyting.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þmfrv., A. 30).

Á 8. og 9. fundi í Nd., dagana 28. febr. og 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 2. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ímyndað mjer, að sumum hv. þm. þyki jeg gerast alldjarfur, er jeg ræðst að sjálfri stjórnarskránni og legg til, að henni verði breytt, þó hún sje ekki nema 3 ára gömul, en það liggur því beinna við fyrir mig að gera tillögur um þær breytingar, sem hjer er farið fram á, sem jeg frá byrjun hefi verið á móti fjölgun ráðherra og árlegum þingum, en þessar er aðalbreytingar frv. þess, sem hjer liggur fyrir.

Eins og tekið er fram í greinargerð frv. er í raun rjettri ekki um aðrar brtt. að ræða en þær tvær, sem jeg nú nefndi, því þær aðrar breytingar, sem um er að ræða, standa í sambandi við þessar aðalbreytingar, og um þær skal jeg því ekki ræða, heldur aðeins snúa mjer að þeim brtt., sem snerta aðaltillöguna.

Fyrsta spurningin, sem fyrir oss verður, er þá sú, hvort nauðsyn beri til þess fyrir oss að hafa árleg þing, og þeirri spurningu hika jeg ekki við fyrir mitt leyti að svara neitandi. Það er ekki nauðsynlegt, og reynslan hefir sýnt oss, að það hefir ekki verið nauðsynlegt. Landinu var ekkert ver stjórnað meðan þing voru aðeins annaðhvert ár, og fjárhag okkar er síst betur borgið með hinu. Hin íslenska þjóð er ekki full 100000 manna, og það leiðir af sjálfu sjer, að svo fámenn þjóð getur ekki, má ekki og á ekki að semja sig að öllu að háttum annara þjóða, sem eru hundraðfalt eða þúsundfalt mannfleiri en vjer. Ef vjer höfum þetta ekki hugfast, ofþyngjum vjer landsmönnum með sköttum og höfum þó ekkert afgangs til verklegra framkvæmda.

Jeg geng þess ekki dulinn, að ef þing er haldið annaðhvert ár, verður afleiðingin sú, að stjórn sú, er situr á hverjum tíma, fær meiri völd í hendur en ef árleg þing eru. En þetta er í mínum

augum enginn ókostur, því að mínu áliti er á þann hátt sjeð eins vel, ef ekki betur, fyrir hag landsins. Jeg er þeirrar skoðunar, að að meðaltali ráði stjórnin eins vel og Alþingi. Að þannig vöxnu máli vona jeg, að enginn lái mjer þessa brtt. mína. Einhver kynni þá að segja, að ef jeg vildi vera sjálfum mjer samkvæmur, ætti jeg að stinga upp á enn strjálli þingum eða jafnvel afnema þau. En þetta er þó ekki rjett, því jeg ætlast til og vil, að þingið hafi eftirlit með gerðum stjórnarinnar, auk þess sem því er ætlað löggjafarstarfið. Hinu síðastnefnda starfi getur Alþingi sint nægilega með því að koma saman annaðhvert ár, því að margir og miklir lagabálkar eru út af fyrir sig ekkert skilyrði fyrir velmegun þjóðarinnar. En auk þess má benda á það, að stærri lagabálkar eiga að koma frá stjórninni, og það er víst, að það verða minni framkvæmdir í slíku með árlegum þingum, því þá gefst stjórninni miklu minna tóm til slíkra starfa.

Um kostnaðinn af árlegum þingum er þess að geta, að jeg áætla hann um 150 þús. kr. á ári. Kostnað af þingi annaðhvert ár áætla jeg 175 þús. kr. hvert þing, og mundu þá sparast við þessa breytingu um 60—70 þús. kr. á ári, og það er töluverð fúlga. Raunar má búast við aukaþingum einstöku sinnum, og við það rýrist upphæð þessi nokkuð, en undir 50 þús. kr. á ári að meðaltali ætti þessi sparnaður ekki að verða.

Hitt atriði frv., um fækkun ráðherra, hefir naumast mjög verulegan sparnað í för með sjer, en þó mundu útgjöld minka sem svarar að minsta kosti launum eins ráðherra. Að jeg ekki áætla þennan sparnað hærra kemur af því, að jeg geng út frá, að sennilegt sje, að starfskröftum þurfi að bæta við í stjórnarráðinu, sem kosti viðlíka mikið og ráðherra. Þetta er þó ekki víst. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að jeg get ímyndað mjer, að ýmsum muni þykja það galli á frv., að ekkert skuli vera þar ákveðið um, hversu fari um stjórnina, ef ráðherra deyr, segir af sjer eða forfallast á annan hátt. En jeg hefi með vilja látið þetta spursmál vera opið og hallast helst að því, að rjettast væri að vísa þessu til einfaldra laga, en festa það ekki í stjórnarskránni. Þetta atriði er rjett að athuga í væntanlegri nefnd, en jeg tek þetta fram til að sýna, að jeg hefi ekki gleymt þessu atriði.

Það virðist og mega telja þessu frv. til gildis, að sparnaðurinn af því kemur tiltölulega fljótt og er engin framtíðarhilling, eins og fundið hefir verið að embættafækkunarfrv. hæstv. stjórnar. Og jeg er þess fullviss, að það mundi verða vel tekið upp af alþjóð, að Alþingi gleymdi ekki sparnaðinum við sjálft sig, þegar nauðsyn þykir á að afnema elstu embætti landsins fyrir kostnaðar sakir.

Jeg býst við andmælum gegn þessu frumvarpi og skal því um sinn spara mjer fleiri orð. Að lokum leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allsh., að þessari umræðu lokinni, eða sjerstakrar nefndar, ef hv. deild þykir það meira virðingarmerki við stjórnarskrána.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði hugsað, að slíkt mundu verið hafa talin firn mikil og undur, þegar þingið sat yfir samningu stjórnarskrárinnar, þeirrar sem nú búum við við, ef þá hefði verið sagt, að þegar á þessu þingi myndi brotið upp á breytingum, og það af háttv. þm.

Skagf. (MG). Svo mikill gnýr hafði staðið um þetta mál og svo mikil vinna hafði verið lögð í þetta frv., að menn bjuggust við því, að það fengi að standa óhreyft enn um skeið.

En fyrst nú er komið sem komið er, ætla jeg að athuga lítillega breytingar, sem fram á er farið, og sjá, hvert er gildi þeirra, þegar til mergjar er brotið. Breytingarnar eru tvær, fækkun ráðherra og fækkun þinga. Það er undarlegt að sjá einmitt þessar breytingar samfara, því í rauninni ættu þær alls ekki að geta farið saman. Fækkun þinganna ætti að útiloka fækkun ráðherranna. Það væri nóg að hafa einn einvaldan mann milli árlegra þinga. Og áreiðanlega mun þjóðin sjálf, sem er yfir þinginu og stjórninni, ekki óska þess að leggja þannig þriggja manna völd í eins manns hendur. Það væri líka í rauninni gerræði við sjálfan sig.

Hv. flm. (MG) sagði, að löggjafarstarf þingsins væri ekki svo mikið, að þess vegna þyrfti á árlegum þingum að halda. Jeg get fallist á það að nokkru leyti líka, að unt væri að hafa þingin aðeins annaðhvert ár. En það yrði þá með því móti einu, að þingtíminn yrði að minsta kosti átta mánuðir. Því sannleikurinn er sá, að þingið hefir altaf staðið of stuttan tíma og þingmenn hafa aldrei að kalla fengið tíma nje tækifæri til þess að athuga málefnin eins vandlega og nauðsynlegt er og heimta ætti af samviskusömum og góðum löggjöfum frjáls og fullvalda ríkis. Þetta er bersýnilegt af því t. d., að stundum á afliðandi þingtíma er dengt inn á dagskrá einum 16 málum í einu, og geta menn þá farið nærri um það, hversu gjörhugul og glöggskygn muni verið geta athugun hvers um sig. Þó að Cæsar og Hannibal legðust á eitt, gætu þeir ekki annað slíku, hvað þá við, slíkir sveinstaular, sem hjer erum saman komnir. Skattalögin síðustu eru líka gott dæmi þess, hvernig löggjöfin verður, þegar flaustra þarf af löngum lagabálkum, án þess að vita, hvernig þeir muni verka. Við því var búist, að þessi lög mundu gefa af sjer 800 þús. kr. alls, en þegar átti til að taka, gáfu þau af sjer 1400 þús. í Reykjavík einni, og hefir þó ekki verið tilgangur þeirra, sem lögin settu, að láta skattinn að svona langmestu leyti skella á Reykjavíkurbúum einum.

En hins vegar er það nokkurn veginn alveg víst, að lögin hefðu ekki getað gengið fram svona löguð, ef þingið hefði haft nægan og nauðsynlegan tíma til þess að athuga þau, svo sem sæmilegt og sjálfsagt var. En á átta mánuðum annaðhvert ár ætti að mega vinna sæmilega að löggjöfinni.

En svo er það einnig aðgætandi, að það eru ekki löggjafarstörfin ein, sem hjer koma til greina. Hjer á þingi er í rauninni mest talað um fjármálin, bæði um sparnað og eyðslu, um sparnað fyrir kjósendur og eyðslu fyrir sjálfa sig. Reynslan hefir þegar sýnt það áður, að það var ómögulegt að gera fastar og ákveðnar áætlanir um tekjur og gjöld landsins fyrir tvö ár í einu; það hefir reynst nógu erfitt fyrir eitt ár, eins og fjáraukalögin sýna. Þó hefir nú verið að smáfást festa undir fæturna. Og auðvitað á Alþingi að ráða þessu, en ekki stjórnin, og þess vegna er nauðsynlegt, fjármálanna vegna, að hafa þingið sem oftast, þó löggjöfin heimti það kannske ekki árlega. En með háttalagi eins og þessu, sem hjer er farið fram á, er þingið í rauninni sett af, og

þetta er í sjálfu sjer brot á stjórnskipulagi landsins og óleyfileg framkvæmd á því, þar sem í rauninni er verið að hverfa aftur undir einveldið.

Háttv. flm. (MG) hjelt því einnig fram, að einmitt nú væri hentugasti tími til breytinga á stjórnarskránni, þar sem engra aukakosninga þyrfti vegna aðalkosninganna, sem í hönd fara. En þetta er áreiðanlega misskilningur. Þið skuluð sanna til, góðir menn, að ef nú á að fara að brjóta upp á stjórnarskrárbreytingu, þá kostar það að minsta kosti 6 ára nýja baráttu og deilur. Og það er ekki sparnaður, eins og sparnaðurinn að þessu yrði yfirleitt lítill, þó honum sje auðvitað hampað framan í kjósendurna. Það er orðin þingvenja. En jeg geri það ekki. Jeg fer mína beinu braut, og jeg mun standa á móti þessari breytingu, af því að hún er ekki til sparnaðar, ekki til bóta fyrir löggjafarstarfsemina, ekki fjármálastjórnina og ekki framkvæmdastjórnina, en er þvert á móti röng framkvæmd á stjórnskipulagi þjóðarinnar og tilraun til þess að rýra vald Alþingis, en auka einveldi einstakra stjórnarherra í staðinn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg verð að biðja afsökunar á því, að illa heyrist til mín, því jeg er mjög kvefaður Jeg mun því aðeins tala mjög stutt. Jeg álít, að það sje mjög varhugavert að hringla mikið með svo þýðingarmikil lög eins og stjórnarskrána. Jeg hefi sjálfur tekið þátt í stjórnarskrárbaráttunni síðustu og veit því, hvaða fyrirhöfn það kostaði að ná þeirri niðurstöðu, sem varð um málið, og jeg tel mjög viðunanlega. Sparnaðurinn af þessu mundi vera vafasamur, því þing mundu eftir sem áður verða á hverju ári. Yfirleitt sje jeg enga knýjandi nauðsyn til þess að fara nú að leggja út í nýja stjórnarskrárbaráttu.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að tala um breytingartillögurnar sjálfar, sem fram eru komnar, heldur aðeins benda á eitt atriði, sem mjer, sem ólöglærðum manni að minsta kosti, virðist mjög athyglisvert. Því hefir verið haldið fram, að nú væri mjög heppilegur tími til stjórnarskrárbreytinga, þar sem spara mætti aukakosningar þeirra vegna, þar sem reglulegar kosningar færu fram hvort sem væri. En mjer virðist þetta hæpið samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir svo, að „nái tillagan (þ. e. um breyting á stjórnarskránni) samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju.“ Og í 20. gr. segir enn fremur, að stofna skuli til nýrra kosninga „áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því er það var rofið.“ Hjer virðist þetta því koma í bága við eina aðalástæðu hv. flm. Jeg vil leyfa mjer að skjóta þessu fram til athugunar fyrir lögfræðingana.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það er best að jeg byrji á hv. þm. Dala. (BJ). Hann sagði, að það væri undarlegt að sjá einmitt mig bera fram þessar breytingar nú. Jeg skil þetta ekki, og sje ekkert undarlegt við það. Jeg hefi sem sje frá upphafi verið mótfallinn fjölgun þinga og ráðherra, og er því nú í fullu samræmi við fyrri skoðanir mínar, sem jeg álít að reynslan hafi nú sannað, og þess vegna kem jeg með breytingarnar. Sami hv. þm. (BJ) talaði mikið um einveldi í þessu sambandi. Enginn heyrðist þó kvarta um slíkt þann tíma, sem ekki

var hjer nema einn ráðherra og þing annaðhvert ár. En hv. þm. (BJ) vill helst hafa ráðherra sem allra flesta, eða að minsta kosti fjölga þeim, en ekki fækka, og þing vill hann hafa árlega og sem lengst. En ekki hefir þjóðin, sem hann talaði svo mikið um að væri yfir þinginu, óskað eftir því. Dæmið, sem hann tók, um flaustursvinnu þingsins, var líka nokkuð flaustурslega valið. Það voru skattalögin. Því það var ekki rjett, sem hann sagði, að í upphafi hefði verið gert ráð fyrir 800 þús. kr. tekjum af frv. Jeg áætlaði í upphafi þvert á móti 1 miljón eða meira, og vísa jeg um þá deilu til þingtíðindanna 1921. Spá mín þá hefir ræst, og hv. þm. Dala. (BJ) hefir þar ekkert ofan í mig að reka. Reykjavík getur ekki hafa greitt hlutfallslega meira en aðrir landshlutar af tekjuskattinum, því að lögin gera öllum jafnt undir höfði.

Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að oft væri hrúgað saman 12—16 málum á dagskrá og væri því engin leið til athugunar. En þetta er ekki rjett. Svo mörg mál koma aldrei fyrir fyr en þau hafa öll verið athuguð í nefndum og sæmilega frá þeim gengið.

Þau ummæli hv. þm., að með frv. þessu væri verið að slá Alþingi af og ryðja braut fyrir íslenskan Mussolini, tek jeg ekki alvarlega. Hv. þm. hefir verið að skemta áheyrendum með því að færa fram slíkar fjarstæður.

Hitt var veigameira atriði hjá honum, ef rjett væri, að engan sparnað mundi leiða af fækkun þinga. En þetta byggir hann einvörðungu á því, að verða muni þref um aðrar breytingar á stjórnarskránni, en engin ástæða er til að ætla slíkt.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði fátt, en heldur andaði þó köldu frá honum.

Þótti honum stjórnarskráin vera of ung til þess, að farið yrði að gera breytingar á henni, og óttast þrefið, eins og háttv. þm. Dala. (BJ). Jeg skil nú ekki, að það sjeu meðmæli út af fyrir sig, að stjórnarskráin er ung, en auðvitað er þetta álit hæstv. ráðh. í samræmi við aðrar gerðir hans, að ráðast á alt það elsta og það, sem lengi hefir verið í metum hjá þjóðinni, en hlúa að því nýstofnaða.

Jeg sat á þingi, er stjórnarskráin var samþykt, og minnist jeg ekki, að mikil deila stæði um innihald hennar. Eru og nú úti deilurnar við Dani, sem hættulegastar voru í þeim efnum.

Litlar röksemdir eru það einnig, að óvíst sje, hvort breytt verði um til bóta. Eftir þessu mætti aldrei fara fram á neinar breytingar, ef ekki væri einsætt og sannað, hvað gott mundi af þeim leiða.

Háttv. þm. Str. (MP) efaðist um, að gerlegt væri að samþykkja frv. þetta, vegna annara ákvæða stjórnarskrárinnar. En á því leikur enginn efi, að ákvæðin eru því ekki til fyrirstöðu. Má rjúfa þingið innan hins ákveðna tíma, og svo gæti það komið saman í janúarmánuði næsta ár.

Forsætisráðherra (SE): Stutt athugasemd. Jeg talaði í eigin nafni, en ekki stjórnarinnar; má vera, að hinir ráðherrarnir líti öðruvísi á málið.

Hjá öðrum þjóðum hygg jeg, að grundvallarlagabreytingar sjeu sjaldan á ferðinni, og tel jeg, að gott sje að vera íhaldssamur á því sviði.

Jeg bendi á, að auk tveggja aðalbreyt-

inganna er kjörtímabilið lengt, og er það síst til bóta.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki nema sjálfsagt að gera hæstv. forsrh. það til geðs að athuga málið sem rækilegast — en jeg þykist nú þegar hafa athugað það ekki svo lítið. Og niðurstaðan hefir þó orðið þessi, sem sjá má af frv. En mig furðar alls ekkert á afstöðu hæstv. forsrh. í þessu máli. Hún er í fullu samræmi við þá skoðun hans, að rjettara sje að ráðast á hið gamla og margreynda en hið unga og óreynda, ofvexti heimsstyrjaldarinnar. En jeg held fram því gagnstæða. Mjer finst það yfirleitt vænlegra að ráðast á ný lög, sem ekki eru reynd að neinu góðu, heldur en þau, sem hafa staðið í margar aldir og gefist vel.

Að því er snertir breytingu á kjörtímanum, þá vil jeg aðeins benda á það, að hún er bein afleiðing af því, að þing sje haldið annaðhvert ár. Það væri bæði undarlegt og óhentugt, ef kosið væri um þm. 4. hvert ár eftir sem áður og hver þm. þá aðeins kosinn til tveggja þinga. Slíkt myndi oft hafa óheppilegar afleiðingar og valda hringlandahætti í löggjafarstarfseminni. Um breytinguna á kjörtímabili landskjörnu þm. stendur líkt á, en jeg er þó fús til að taka það atriði nánar til athugunar.

Jón Baldvinsson: Jeg get tekið undir það með háttv. flm. frv. (MG), að vel geti verið ástæða til að breyta lögum, þótt þau sje ný, og eins þótt um sjálfa stjórnarskrána sje að ræða. Hitt er annað mál, hverjar breytingar eigi að skoðast þær heppilegu og hverjar ekki. Jeg verð að líta svo á, að þessar breytingar, sem hjer er um að ræða, sjeu ekki til bóta. En það eru ýms önnur ákvæði í stjórnarskránni, sem jeg vildi fremur fá bót á, enda myndi jeg nota tækifærið, ef farið væri á annað borð að hrófla við stjórnarskránni. Mun jeg, ef málinu yrði vísað til nefndar, koma fram með till. í því efni, og tel jeg því óþarft að fara itarlega út í það hjer. Jeg skal þó nefna sem dæmi 29. gr. stjórnarskrárinnar, sem í framkvæmdinni hefir verið farið í kringum, og nauðsynlegt er því að breyta. Og eins er um ýmislegt fleira.

Því er haldið fram, að frv. þetta sje borið fram í sparnaðarskyni. Jeg vil þar benda á, að sú reynsla, sem fengin var, meðan stjórnarskráin kvað svo á, að þing skyldi háð annaðhvert ár, bendir til þess, að sparnaðurinn geti orðið mjög vafasamur. Því jeg geri þó naumast ráð fyrir því, að bannað verði með lögum að halda aukaþing, ef þörf krefur; að minsta kosti er það hvergi nefnt í frv.

Eins er því, að mínu áliti, farið um fækkun ráðherranna. Jeg sje ekki, að verra sje að hafa 3 ráðherra, alla ábyrga gagnvart þinginu, en að hafa aðeins 1 ráðherra ábyrgan og svo tvo menn í stjórnarráðinu, sem gegni ráðherrastörfum, án þess að bera nokkra ábyrgð gagnvart Alþingi. Þessi eini ráðherra gæti aldrei sint öllum flokkum mála, og yfir þeim flokkum, sem hann kæmist ekki yfir að sinna, yrðu þá ábyrgðarlausir skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.

Að því er snertir þann sparnað, sem hv. flm. (MG) sagði að yrði við það, að þessi tíðu þing hættu, og þá um leið mörg útgjöld, sem þau ljetu til leiðast að samþykkja, en spara mætti, þá skal jeg láta þess getið, að jeg kýs þó held-

ur, af illu tvennu, að þingið eyði því fje, heldur en ábyrgðarlausir ráðherrar í stjórnarráðinu geri það.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Mjer fanst dálítið undarlegt þetta tal háttv. 2. þm. Reykv. (JB) um þessa óábyrgu ráðherra í stjórnarráðinu. Var það svo, meðan aðeins var hjer 1 ráðherra, eða minnist hv. þm. (JB) þess ekki, að svo hefir verið um hríð? Þetta er aðeins broslegur tilbúningur. Því auðvitað myndi þessi eini ráðherra, eins og áður, svara til allra gerða stjórnarinnar. Það myndi koma honum að litlu haldi að vísa þar til starfsmanna í stjórnarráðinu. En það voru annars eftirtektarverð þau orð háttv. þm. (JB), að hann kysi heldur að þm. eyddu fje ríkisins en skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu. Það getur þá aðeins verið vegna þess, að hv. þm. (JB) fengi þá sinn part af því, en skrifstofustjórarnir mundu eyða því í þarfir landsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Till. um að skipa 5 manna nefnd í málið samþ. með 23 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Fram komu þrír listar, A, B og C, með samtals 5 nöfnum, eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina, og lýsti forseti þá rjett kjörna í stjórnarskrárnefnd, en þeir voru þessir:

Af A-lista: Þorleifur Jónsson, Ingólfur Bjarnarson.

Af B-lista: Magnús Guðmundsson, Einar Þorgilsson.

Af C-lista: Magnús Pjetursson.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Str. (MP), sem hefir flutt brtt. við þetta frv., hefir farið þess á leit, að málið verði tekið út af dagskrá í dag. Þar sem hv. form. fjvn. (ÞorlJ) hefir einnig tjáð mjer, að nefndin æski þessa, til þess að hv. þm. Str. (MP) geti unnið að nál. fjvn., get jeg samþykt fyrir mitt leyti, að svo verði gert, en þó með því skilyrði, að málið verði efst á dagskrá á morgun.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 30, n. 148, 151, 229, 246).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get því miður ekki verið frsm. allrar nefndarinnar, þar sem hún er allmjög ósammála um þetta frv. Það er aðeins eitt atriði, sem öll nefndin er sammála um, sem sjá má af nál. á þskj. 148; og mun þó háttv. þm. Str. (MP) eigi heldur samþykkur því með öllu.

Eins og sjá má af greinargerð þeirri, er frv. fylgir, eru í því fólgnar aðeins tvær breytingar á stjórnarskránni. Um aðra þeirra, að þing skuli aðeins haldið annaðhvert ár, eru fjórir nefndarmenn sammála. En um hina breytinguna, fækkun ráðherranna, hefir nefndin eiginlega klofnað í þrent. Það eru aðeins tveir, sem fækkuninni eru fylgjandi, þ. e. hv. 1. þm. G.-K. (EÞ) og jeg. En þingmenn S.-Þ. (IngB) og A.-Sk.

(ÞorlJ) eru henni mótfallnir, og hvað snertir hv. þm. Str. (MP), hygg jeg, að hann gæti fallist á það atriði, ef þingum yrði ekki fækkað. Þó fullyrði jeg ekkert um það, enda mun hann sjálfur gera grein fyrir því. Fyr en jeg hefi heyrt andmæli skal jeg ekki fara nánar út í það, hvaða ástæður eru fyrir fækkun ráðherranna. Þeir hv. þm., sem eru mótfallnir fækkun ráðherra, munu óttast, að þetta fyrirkomulag muni leiða til einskonar einveldis. Jeg lít nú alls ekki svo á þetta mál, og óttast heldur ekki einveldi svo mjög. Einveldi fer alt eftir því, hvernig einvaldurinn er, og auk þess er þetta einveldi ekki svo stórhættulegt, er þingið getur rekið valdhafann af höndum sjer eftir 1—2 ár. Liggur nærri að jeg telji núverandi ástand ekki hættuminna, og jeg man ekki heldur til, að mikið væri talað um einveldi meðan ráðherra var einn og þing þá haldið annaðhvert ár.

Þessi ráðherrafjölgun er til komin á ófriðarárunum, og minnist jeg þess, að hv. þm. Str. (MP) var mjer þá sammála um, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, vegna stríðsins og þeirra ástæðna, er þá voru. Vona jeg því að háttv. þm. Str. (MP) verði mjer sammála um að fækka ráðherrum nú, er stríðið er á enda.

Eins og sjá má af n. 148, og þskj. 151, hafa 2 þm. komið fram með brtt. um, að 1.—4. gr. frv. falli niður; er það í samræmi við þá kenningu, að ráðherrar skuli vera þrír, og ræði jeg ekki um þá brtt. fyr en frsm. hafa mælt fyrir þeirri tillögu, og sama máli er að gegna um till. háttv. þm. Str. (MP) Jeg tek það fram, að 4 af 5 nefndarmönnum voru á móti frekari breytingum á stjórnarskránni en frv. gerir ráð fyrir, og jeg hygg jeg megi lýsa því yfir fyrir hönd þessara fjögra nefndarmanna, að þeir sjeu á móti öllum breytingum á henni, nema sínum eigin brtt.; og að það var aðeins eitt atriði, sem nefndarmenn voru ósammála um, sem sje fækkun ráðherranna.

Magnús Pjetursson: Hæstv. forseti taldi mig vera frsm. minni hl., samkv. þskj. 229, en eins og hv. frsm. stjskrn., 1. þm. Skagf. (MG), hefir þegar tekið fram, ætti jeg að heita frsm. minsta hl., þar sem nefndin er þríklofin. Annars verð jeg að taka það fram, að jeg bjóst alls ekki við, að þetta mál kæmi til umræðu í dag, og vegna anna við samning fjárveitinganefndarálits hafði jeg beðið skrifstofustjóra um, að þetta mál yrði ekki tekið á dagskrá í dag. Bið jeg því hv. deildarmenn að afsaka mig, ef jeg verð órökfimur í þessu máli í dag, vegna ónógs undirbúnings. Auk þess þýðir ef til vill ekki neitt að vera að halda langa ræðu, ef það væri rjett, að það væru fleiri en meiri hluti stjórnarskrárnefndarinnar, sem hefðu bundist samtökum um að taka engum rökum, en drepa heldur þessar brtt. mínar. Á jeg og bágt með að trúa því, þótt heyrt hafi jeg, að margir þm. hafi ekki meira hugsað um brtt. mínar en svo, að þeir væru ekki farnir að lesa þær enn þá. Enn fremur hefi jeg heyrt utan að mjer, og sjeð í blaði, að brtt. mínar væru hvatvíslegar og lítt hugsaðar og bornar fram í því skyni að drepa frv. o. s. frv. (**MG:** Ætli það sje nú ekki nærri sanni?). Jeg get nú alls ekki farið að elta ólar við slíka hleypidóma, en þó gæti jeg tilfært nóg vitni úr mínu kjördæmi um það, að jeg hefi þar haldið fram á fundum líkum breytingum á stjórnarskránni, og

eru þessar getsakir því á engu bygðar. Hitt getur vel verið, að þótt jeg hafi oft hugsað um það fyr að koma fram með þessar brtt., þá sje ekki fyrir öllu eins vel hugsað og skyldi eða jeg hefði viljað; en samt vildi jeg óska þess, að engir af hv. þm. greiddu atkvæði um þetta mál, svo að þeir ekki hefðu að minsta kosti eins vel athugað málið og jeg, því að þá er jeg ekki hræddur um, að það geti valdið dauða frv., þó að þessar brtt. mínar komi fram, og verði svo líklega strádrepnar við þessa umræðu; það ætti miklu fremur að gefa frv. meiri lífsþrótt. Getur vel verið, að sumum þyki ótilhlýðilegt, að þessar brtt. komi frá mjer, en ekki frá einhverjum flokksforingjanum í þinginu — sparnaðarbandalags eða Framsóknarflokksins eða öðrum, — að aðeins óbreyttur þm. dirfist að bera þær fram. En jeg vona, að hv. þm. taki fult tillit til þeirra samt.

Það er alment álitið, að stjórnarskráin eigi að vera einn hinn helgasti hlutur hvers þjóðfjelags, og að eiðstafur þm. staðfesti þetta, og jeg geri ráð fyrir, að í öðrum löndum sje ekki stöðugt verið að hlaupa hvað eftir annað til að breyta stjórnarskipunarlögum ríkjanna, nema eitthvað mikið sje í húfi, eða byltingar eða aðrar breytingar í þjóðfjelagsskipuninni sjeu þess valdandi. En þetta horfir öðruvísi við hjer. Það er sífelt verið að breyta stjórnarskránni hjá oss og ekki haft meira við en um smávægilegar breytingar á fjárlögunum, eða um sveitarútsvör eða hundaskatt væri að ræða. (MG: Þó vill enginn breyta meir til en þingmaðurinn). Jeg mun koma með ástæður fyrir brtt. síðar í þessari ræðu, en jeg geri ráð fyrir, að hefðu ekki brtt. annarsstaðar frá komið fram, þá væri óvíst, að mínar brtt. hefðu fram komið í þetta sinn. Þó vil jeg geta þess, að breytingar þessar hafa alllengi verið í huga mínum, og hafa þær að mínu áliti meiri rjett á sjer og eru þýðingarmeiri fyrir löggjöfina en breytingar þær, er í frv. felast. En eigi að síður mundu þær vart vera fram komnar nú, ef þetta frv. hefði ekki verið á döfinni, því jeg greip einmitt tækifærið þess vegna til að koma mínum brtt. á framfæri um leið og farið væri á annað borð að breyta stjórnarskipunarlögum vorum. Þegar jeg var kosinn í stjórnarskrárnefndina, gerði jeg mjer vonir um að fá tækifæri til að rökræða brtt. mínar við samnefndarmenn mína, bæði til þess að þær hefðu fengið þar betri athugun, ef einhvers hefði verið vant við undirbúning þeirra, og eins hefðu þá háttv. samnefndarmenn mínir átt að geta komið fyrir mig vitinu, ef þær hefðu verið af því illa. Þessu var þó alls ekki að heilsa, þar sem nefndin var annars vegar. Þar var því strax lýst yfir, að engar frekari breytingar skyldu ganga fram nú, ef nefndin mætti ráða.

Mjer þykir yfir höfuð vænt um, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) var á undan mjer með sína ræðu, því hún lýsir glögt vinnubrögðum nefndarmanna og virðingu þeirra fyrir þessu máli.

Þá skal jeg nú snúa mjer að þessum brtt. mínum. Það er þá fyrst 2. brtt. á þskj. 229. Í henni felast tvær aðalbreytingar á núv. stjórnskipunarlögum: 1. að fækka þingmönnum um 6, og 2. að Alþingi skipi aðeins eina málstofu. Hinar breytingarnar leiða flestar af þeim brtt., sem nú voru nefndar.

Fyrst er þá þetta, að fækka þingmönnum um 6. Jeg hefi því miður ekki haft tækifæri til að afla mjer full-

kominna upplýsinga um það, hvernig til hagar í löggjafarþingum annara þjóða að því er snertir hlutfallið milli tölu þingmanna og íbúatölu ríkjanna. Hygg jeg þó, að það komist hvergi í námunda við það, sem hjer á sjer stað hjá okkur í þessu efni. Jeg skal þó fúslega játa, að staðhættir hjer útheimta nokkru fleiri þingmenn en annarsstaðar, en jeg hygg, að hjer sjeu þó alt of margir þingmenn.

Enda þótt jeg hafi, eins og jeg hefi áður tekið fram, ekki kynt mjer þessa hlið málsins nógu rækilega, skal jeg þó tilfæra nokkur dæmi þessu til sönnunar.

Í Danmörku munu koma 7 þm. á hverja 100000 íbúa, á Englandi 1 þm. á hver 70 þús., Frakklandi 1 þm. á hver 40 þús. og á Ítalíu eitthvað svipað þessu; en hjer höfum við 42 þm. fyrir hjer um bil 90 þús. manna. Stafar þetta að sumu leyti af því, að hlutföllin hljóta að verða önnur hjá smáþjóðunum, en jeg er þess fullviss, að þessi mismunur á okkur og öðrum þjóðum þarf ekki að vera svona mikill í þessu efni.

Jeg vil ekki halda því fram, að þessi mismunur stafi af því, að við sjeum þeim mun ver gefnir en aðrar þjóðir, að færri mönnum sje ekki trúandi til þessa löggjafarstarfs, enda mun enginn vilja bera slíka ástæðu fram fyrir þingmannafjölda okkar. Það hefir oft verið klifað á því, að við höfum of marga opinbera starfsmenn, og nærri því á hverjum degi koma fram ýmsar tillögur um að fækka þeim. Mjer hefir því dottið í hug að vita, hvort þingið vildi ekki líta sjer nær og fækka þá eitthvað þingmönnunum. Sem stendur hygg jeg, að það mundi reynast allerfitt að koma fram fækkun á kjördæmakosnum þm., og liggur því beinast við að ráðast á þá landskjörnu. Þar sem það er ef til vill ekki svo fljótlegt að sýna fram á tilverurjett landskjörinna þm. á þingi okkar, þá þarf jeg ekki að vera mjög langorður um það, hvers vegna þeir ættu að hverfa þaðan aftur. Þetta eru aðeins vandræðalegar leifar frá fyrri tímum, leifar af konungkjörnum þingmönnum, og má þó segja, að þeir ættu miklu fremur rjett á sjer, voru miklu samfeldari heild í þinginu á sinni tíð. Fæ jeg því ekki sjeð, að landskjörnir þm. skapi neitt það hjer í þinginu, sem kjördæmakosnum þm. væri um megn að gera. Þá skal jeg játa, að ef þeir eru á annað borð, væri máske rjettara, að þeir mynduðu algerðan meiri hluta í Ed, eða þá að Ed. væri skipuð landskjörnum þm. einum. Jeg fæ ekki skilið, að nokkrum manni geti dottið í hug að halda, að þjóðarviljinn komi betur í ljós eða fái betur notið sín við landskjör. Það er síður en svo, því það verða jafnan stjórnmálaklíkurnar í Reykjavík, sem mestu ráða um þær kosningar og oftast skipa mönnum á listana. Vel má og vera, að það álit hafi komið fram, að með þessu móti veldust færustu og bestu menn í þessar trúnaðarstöður þjóðarinnar, en jeg skil þó ekki vel, hvers vegna þeir ættu ekki eins að geta komist að í einhverju kjördæmanna, sem svo eru mjög kostum búnir til þessa. Skal jeg taka það fram nú þegar, að það, sem jeg hefi nú sagt um landskjörnu þm., er aðeins frá almennu sjónarmiði talað, og snertir því á engan hátt núverandi eða fyrv. landskjörna þingmenn sjerstaklega.

Þá kem jeg að hinni aðalbreytingunni, að Alþingi skipi aðeins eina málstofu. Jeg býst við því, að núverandi fyrirkomulag,

deildaskiftingin, eigi að vera tryggara fyrirkomulag og trygging fyrir vandlegri meðferð málanna en ella, að fjármálin og önnur þýðingarmikil mál verði á þann hátt rækilegar yfirveguð og fái betri úrlausnir, og er þetta að vísu rjett, að þetta er aðalkostur þessa skipulags. En jeg get heldur ekki fundið neinn annan. Á hinn bóginn er þetta miklu óhægra, bæði hvað snertir kostnaðinn og ýmislegt annað; það er vafningssamara og tímafrekara að miklum mun heldur en það yrði, ef þingið skipaði aðeins eina málsstofu. Væri þingið aðeins ein málstofa, mundi margt sparast á ýmsa lund. Þingtíminn hlyti að styttast, starfmenn þingsins yrðu færri, þingtíðindin styttri o. fl. o. fl Og jeg álít engu minni tryggingu fyrir því, að málunum verði ekki flaustrað af sem óskapnaði, ef mitt ráð yrði upp tekið um ýms tryggingarákvæði, er í mínum brtt. felast. Þar á meðal eru ákvæði um 4 umræður hvers máls, áður en afgreitt verður, og að ekki megi afgreiða sem lög önnur frv. en þau, er komi ekki síðar fram en viku eftir þingbyrjun, og svo frv. frá fyrri þingum. Undan þessu eru þó skilin öll stjórnarfrumvörp. Jeg er í engum vafa um, að þetta er til stórra bóta, hvort sem þingið er eineða tvískift, og vil því biðja háttv. þm. að athuga þetta atriði vel, áður en þeir vísa því á bug. Þó jeg fyrir mitt leyti telji þetta nægilega tryggingu, þá dettur mjer ekki í hug að ætla, að ekki megi finna fleiri tryggingarákvæði, ef þörf er á, og væri jeg því fús að taka höndum saman við hvern hv. þm. sem er, að vinna að því, sem til bóta horfir þessu máli, og jafnvel vinna eitthvað til samkomulags, ef jeg fyndi áhuga og góðan vilja hjá hv. þm.

Þá eru aðrar brtt., sem jeg hefi gert. Get jeg fyrst nefnt þá breytingu, að numið verði úr 29. gr. stjórnarskrárinnar það ákvæði, að kosningarrjett til Alþingis hafi ekki þeir, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þarf ekki langt mál því til stuðnings, því öðru hverju undanfarið hafa komið fram raddir á þingi, sem fara í þessa átt, og virðist svo, sem þær hafi gott fylgi hjer. Líka liggur nú fyrir þinginu frv. um breytingu á fátækralögunum, þar sem hið sama kemur fram. Má sjá af þessu, að sú stefna er nú svo rík að nema þetta burtu, að sjálfsagt er að ganga hreint að verki og fella það burtu úr stjórnarskránni sjálfri, en vera ekki að fara smátt og smátt í kringum stjórnarskrárákvæðið með einstökum lögum.

Þá er eitt atriði, sem allir hv. þingdeildarmenn hljóta að vera mjer sammála um, en það er kosning varaþingmanna fyrir alla þá þingmenn, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum. Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir áður minst á það hjer í hv. deild, og þarf jeg því ekki um það að ræða nú, enda er þetta sanngirnismál, sem allir háttv. þm. hljóta að vera á einu máli um. Það getur altaf farið svo, að minsti flokkurinn, sem komið hefir manni inn á þing, missi þingmanninn, og myndi þá, ef ekki væri varamaður fyrir hendi, sterkasti flokkurinn koma að manni í hans stað. „Teoretiskt“ sjeð gæti sterkasti flokkurinn náð þannig öllum þingsætunum fyrir kjörtímabilið, en það er einmitt atriðið, sem hlutbundnar kosningar eiga að koma í veg fyrir. Það er ekki síst viðvíkjandi þessu atriði, sem er svo augljós sanngirniskrafa, að segja má, að þeir háttv. nefndarmenn, sem bundist hafa samtökum um að breyta

engu, sem frv. fer ekki fram á, hafi bundist samtökum um að taka ekki rökum.

Þá skal jeg snúa mjer að frv. sjálfu og breytingum þeim á stjórnarskránni, sem þar er gert ráð fyrir.

Það er rjett hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG), að jeg er á móti því, að þingum verði fækkað. Voru við fyrstu umræðu færð ýms rök gegn því, og vil jeg ekki fara að endurtaka þau nú, en jeg ætla að benda hv. þm. á, að það bæri vott um ærið mikið hverflyndi hjá háttv. þingi, ef það færi nú að breyta þessu atriði, því að það var samþykt hjer á þingunum 1919 og 1920. Kom það þá, sem önnur atriði stjórnarskrárinnar, til umræðu í stjórnarskrárnefnd, og voru þá allir háttv. nefndarmenn sammála um að láta það standa. Ekki gekk þetta þó mótmælalaust gegnum þingið, því brtt. kom í báðum hv. deildum um að hafa þing annaðhvert ár, en þær hlutu svo lítinn byr, að ekki fengust nema 2 atkvæði með brtt. í annari deildinni, en 5 í hinni.

Er það ærið kynlegt, ef þeir hv. þm., sem setið hafa á þingi frá því 1919, og þá greiddu atkvæði með því, að þing væri haft á hverju ári, færu nú að greiða atkv. á móti því. Skil jeg ekki, hvernig þeir fara að skýra þessa framkomu sína fyrir hv. kjósendum sínum, ef þeir hugsa til að bjóða sig fram aftur. Ætla þeir að halda því fram, að helmingur þinga síðan 1919 hafi verið óþarfur, og að þeir hafi ekkert gagn gert á þeim? Eða að nú sje orðið svo bjart yfir þjóðarbúskapnum og atvinnuvegum, að þingin sjeu óþörf, vegna þess, að nú sjeu engin vandamál lengur fyrir hendi? Jeg get ekki hugsað mjer, að hv. þdm. hugsi þannig. Tímarnir hafa ekki breyst svo enn, að minni þörf sje á þingum á hverju ári nú en var 1919. Aftur á móti getur maður hugsað, að sú breyting komist á með tímanum, þegar aðstæður batna, að eigi verði þörf árlegra þinga, og fyrir því hefi jeg sett þá heimild í brtt. mína, að með einföldum lögum megi breyta þessu ákvæði, svo að eigi þurfi að hrófla við stjórnarskránni. Er óþarfi fyrir hv. andstæðinga mína í þessu atriði að setja þetta ákvæði fyrir sig, því strax á næsta þingi má breyta því, ef þörf þykir.

Þegar stjórnarskrárfrumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1919, sagði þáverandi forsætisráðherra nokkur orð um þetta atriði, sem sýna glögt, að þá var alment álitið, að óhjákvæmilegt væri að halda þing á hverju ári. Ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þessi orð. Þau eru svo:

> „Þá er eitt atriði, sem jeg býst ekki við að sæti neinum mótmælum, en það er, að Alþingi skuli haldið á hverju ári. Reynslan hefir orðið sú, að mestan hluta þess, sem af er þessari öld, hefir Alþingi verið haldið árlega. Þessa virðist líka full þörf, einkum vegna fjárlaganna, því að ólíkt mun reynast betur að gera fjárhagsáætlun fyrir aðeins eitt ár í senn."

Þessi orð eru alveg í samræmi við það, sem haldið hefir verið fram hjer á móti fækkun þinga, og vil jeg benda hv. þdm. á, að þetta eru orð manns, sem við stjórnarstörfin var riðinn, og því ekki lakari dómari í þessu máli en margir þeir, sem nú vilja fækka þingunum.

Það var og rjett, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði um afstöðu mína til fækkunar ráðherra ofan í einn. Jeg álít fullforsvaranlegt að fækka þeim, ef þing-

um verður ekki fækkað, og að hægt yrði að koma því í framkvæmd síðar, þegar tímar kyrrast, enda mun ráðherrafjölgunin komin á aðallega vegna ófriðarins. Jeg hefi svo ekki miklu við að bæta, en vil geta þess áður en jeg sest niður, að ef einhver hv. þm. hjeldi, að jeg væri hjer á ferð með nýmæli, sem ekki hefðu komið hjer til mála áður, þá nær það engri átt. Það má kalla tilviljun eina, að stjórnarskrárnefndin frá 1919 lagði ekki til, að þingið yrði ein málstofa. Má sjá af gerðabók nefndarinnar, að tillaga hefir komið fram um það innan nefndarinnar, en verið feld með 6:5 atkv. Vona jeg, að þeir hv. þm., sem þessu hjeldu þá fram í nefndinni, styðji nú þessa tillögu mína.

Þorleifur Jónsson: Eins og hv. frsm. stjórnarskrárnefndar (MG) skýrði frá, og sjest af nál., höfum við 4 nefndarmenn getað fylgst að í því að fækka þingum, þannig, að þing verði lögbundið aðeins annaðhvert ár.

Það er aðallega af sparnaðarástæðum, að jeg gat aðhylst þá tillögu. Þingin eru mjög dýr. Maður bjóst við, þegar þetta ákvæði var sett 1919, að þingin yrðu mun styttri, ef þau yrðu á hverju ári. En reynslan sýnir, að úr þeim hefir tognað fyrir því, þótt haldin hafi verið á hverju ári, og að þau hafa ekki orðið ódýrari en áður, enda hefir dýrtíðin verið mikil síðan þetta ákvæði var sett. Þjóðin stynur undan gjöldum við stjórnarkostnaðinn, og hún þarfnast sparnaðar þar, svo sem unt er og um munar að einhverju verulegu. Þótti oss verða mundu sparnaður að því að fækka þingunum og hafa þau ekki nema annaðhvert ár. Er jeg ekki hræddur um, að það hafi neitt ill áhrif á stjórnarfarið, þótt þetta gamla fyrirkomulag verði tekið upp aftur.

Þá ætla jeg að víkja að brtt. okkar hv. þm. S.-Þ. (IngB). Við gátum fylgt því, að þingum yrði fækkað af sparnaðarástæðum, en við getum ekki sjeð, að nokkur verulegur sparnaður yrði að því, þótt ráðherrum yrði fækkað ofan í einn. Þess vegna leggjum við til, að svo búið standi með tölu ráðherra sem nú er. Þótt ráðherrum yrði fækkað, svo sem frv. fer fram á, þarf enginn að búast við, að við það sparist tvenn ráðherralaun. Nei, það myndi verða að setja á stofn landritaraembætti, eða eitthvert embætti, sem svaraði til þess, og þyrfti að launa það eins hátt, svo að í mesta lagi myndu sparast laun eins ráðherra.

Landritarinn, eða hvað hann nú hjeti, þessi embættismaður, er í staðinn kæmi, myndi hafa nokkurskonar ráðherravald, en hefði þó enga ábyrgð fyrir þingi. Við hefðum í raun og veru tvo ráðherra, en annan þeirra fastan embættismann, sem ekki hefði stjórnskipulega ábyrgð. Jeg held, að það fyrirkomulag yrði ekki betra en það, sem nú er.

Þá er líka aðgætandi, að ef svo færi, að þingum yrði fækkað, mundi oft koma til stjórnarinnar kasta að ráða fram úr ýmsum vandamálum milli þinga, upp á sitt eindæmi, og jeg hygg, að þá yrði betra, að þrír en einn færu með völdin, og bæru ábyrgð gagnvart þingi og þjóð.

Yfir höfuð held jeg það, að nú orðið sjeu þjóðmálin orðin svo margbreytt, að oflagt sje á herðar eins manns að hafa forustu þeirra, og jeg hygg, að sá maður þyrfti að sjá flest með annara augum. Aðalverk hans yrði að undirskrifa það, sem haugaðist til hans og undirmenn hans kæmu með, og það líklega flest ólesið. Að lagasmíði býst jeg

ekki við, að hann gæti unnið neitt að ráði, og hann þyrfti að vera fjölhæfur mjög, ef hann ætti að geta sett sig inn í hina margvíslegu málaflokka.

Tökum t. d. á þingi. Þá þyrfti hann að geta fylgst með og svarað til alls í öllum greinum atvinnumála, fjármála, samgöngumála, dómsmála, kirkju- og kenslumála o. s. frv., o. s. frv. Jeg held, hvað sem öðru líður, að um þingtímann mætti þetta engin liðleskja vera. Það er ekki nóg að mæta aðeins í þinginu, heldur verður hann að vera reiðubúinn að svara fyrirspurnum, og stjórn og nefndir þingsins þurfa oft að talast við. Yrði hann því að mæta oft á nefndafundum og ráðgast við þær. Hann yrði yfir höfuð að vera alt í öllu og svara til svo og svo margs. Þetta yrði erfitt, ef í lagi ætti að vera. Máske gæti afburðamaður komist fram úr því fá ár eða svo, en það yrði mikið strit og slit. Af þessum ástæðum hefi jeg þá trú, að stjórn landsins sje betur komin í höndum tveggja eða þriggja ráðherra en eins, en ekki af því, að jeg sje hræddur við neitt einveldi, eins og hv. 1. þm. Skagf. (MG) drap á.

Því hefur verið haldið fram, að einveldi hafi ekki þafnan þótt slæmt áður fyr. Jeg skal ekki neita því, að ýmsir einvaldar voru afburðamenn, er þjóðirnar gátu sætt sig við. En mönnum geðjaðist þetta fyrirkomulag ekki til lengdar, og jeg efast um, að það sje nú eftirsóknarvert.

En þetta er þó ekki aðalmótbára mín gegn fækkun ráðherra, heldur hitt, að jeg tel það ærið starf fyrir 3 menn að hafa á hendi stjórn landsins og forystu í þjóðmálum. Að vísu hefur hv. frsm. (MG) verið sjálfur í stjórn, og gætu menn því vænst þess, að hann væri öðrum fremur kunnugur þessum störfum. En mjer finst almenn skynsemi benda í öfuga átt: að 3 ráðherrar muni hafa nægilegt að starfa og að starf þeirra sje svo nytsamt, að það borgi sig beinlínis að hafa slíka forystumenn fyrir öllum framkvæmdum.

Sumir líta svo á, að það væri þó betra, kostnaðarins vegna, að spara ein ráðherralaun og láta ráðherra vera einungis 2. Þeim, sem er ant um þetta, vil jeg benda á, að til þessarar fækkunar þarf ekki stjórnarskrárbreytingu, heldur má ákveða hana með einföldum lögum. Og þessi fækkun gæti verið umtalsmál.

Jeg vil því leyfa mjer að halda því að hv. deild, að hún samþykki brtt. okkar hv. þm. S.-Þ. (IngB) á þskj. 151 og fylgi því, að þingum verði fækkað, eða að það verði tekið út úr stjórnarskránni, að þing sje haldið árlega. Það getur ekki orðið til hins verra, því að ef eitthvað sjerstakt kemur fyrir og stjórnin sjer sig knúða til að kalla saman aukaþing, getur hún auðvitað gert það, svo sem títt var áður, meðan regluleg þing voru einungis annaðhvert ár. Hjer er ekki á neinn hátt bannað að gera það.

Ýmsir menn hafa haft það á móti fækkun þinga, að auðveldara væri að semja fjárlög fyrir 1 ár heldur en 2. Það er rjett, að svo gæti litið út. En þó að styttra sje að spá fram í tímann, þá er það svo með núverandi tilhögun, að fjárlögin verða altaf spádómur, eða sjerstaklega tekjuhliðin, og hefir það þá ekki svo mikla þýðingu, hvort spáð er 1 eða 2 ár fram í tímann. Það hefir þegar komið í ljós, að ýmsar nauðsynlegar fjárveitingar hafa ekki verið teknar upp í fjárlögin, og þarf því að bera fram aukafjárlög, og sú mun verða raunin á, að þó að þing verði framvegis á hverju

ári og fjárlög samin til 1 árs í senn, mundi þurfa að samþykkja fjáraukalög á hverju þingi.

Að þessu sinni skal jeg ekki fara mikið út í brtt. háttv. þm. Str. (MP). Aðeins skal jeg víkja að því, að hann ljet þess getið, og lagði mikla áherslu á, að vjer 4 nefndarmenn hefðum bundist samtökum um að taka ekki rökum. Vjer höfum engum samtökum bundist um að varna því, að brtt. komi fram, enda var það ekki hægt. En í nál. stendur, svo sem rjett er, að 4 nefndarmenn ætli ekki að koma fram með frekari brtt. en þar greinir, því að við álítum, að víðtækari breytingar gætu valdið því, að alt málið kæmist á ringulreið.

Jeg skal svo láta staðar numið, en vænti þess fastlega, að hv. deild fylgi brtt. okkar á þskj. 151.

Magnús Jónsson: Þó að jeg eigi eina brtt. við stjórnarskrárfrv., má það ekki skiljast sem yfirlýsing um, að jeg sje í áhlaupshernum á stjórnarskrána, að svo komnu. Það er skoðun mín, að henni eigi að breyta svo sjaldan sem auðið er, og undir engum kringumstæðum fyr en einhver ákvæði hennar eru orðin alveg óþolandi. Yfirleitt hygg jeg, að með tíðum breytingum tapi stjórnarskráin þýðingu sinni fyrir menn, og ef menn fara að leggja það í vana sinn að breyta henni 2. og 3. hvert ár, væri betra að stytta hana að mun og taka einungis aðalatriðin upp í hana, svo að þau fái þó að haldast. Hvað sem því líður, að þingið geti jafnan breytt lögum sínum, ættu að vera nokkur grundvallaratriði, sem ekki yrði breytt eða haggað við fyr en brýn nauðsyn kallar að.

Jeg er algerlega mótfallinn anda frv., að breyta stjórnarskránni af sparnaðarástæðum. Af því að hagur ríkissjóðs er ekki góður í eitt skifti, ætti ekki að ráðast á stjórnarskrána til þess að koma fram sparnaði, sem mjög er deilt um, hvort nokkur sparnaður er í raun og veru.

Þetta mætti virðast einkennilegur formáli fyrir meðmælum með brtt. við stjórnarskrána. En brtt. er þó bein afleiðing af því, sem jeg hefi nú sagt. Ef sjaldan á að breyta stjórnarskránni, verður að gera allar þær breytingar í einu, sem mönnum þykja nauðsynlegar. Að gera einungis smábreytingar og sætta sig við, að margt standi enn þá í stjórnarskránni, er menn telja óheppilegt, í því liggur bein yfirlýsing um, að bráðlega þurfi að breyta henni aftur. Þetta er ástæðan til þess, að jeg bar fram þessa brtt.

Sá er munurinn á þessari brtt. minni og flestum hinna, að hún stendur í engu sambandi við sparnað. Hjer er farið fram á, að 2. málsgr. 58. gr. verði feld niður, um að breyta megi því með einföldum lögum, að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi. Auðvitað má segja, að ef altaf er verið að breyta stjórnarskránni; sje lítið meiri trygging fyrir ákvæðum hennar en annara laga. En þó er sá munur á, að henni verður ekki breytt, nema þjóðin sje spurð að. Og þar má ekki undanskilja þau stórmál, sem altaf er óráð að breyta skjótlega.

Jeg hygg, að allir hv. þm., hvort sem þeir eru fylgjandi skilnaði ríkis og kirkju eða ekki, sjeu mjer samdóma um það, að þetta sje ákaflega mikið stórmál. Ríki og kirkja hafa lengi fylgst að, og væri erfitt að sjá fyrir afleiðingarnar, ef þau væru aðskilin. Og auk þess, sem þetta er stórmál, er ef til vill ekkert ann-

að mál meira tilfinningamál fyrir allan þorra manna. Jeg ímynda mjer að vísu, að þingið mundi aldrei ráðast í aðskilnað ríkis og kirkju án þess að leita álits þjóðarinnar. Það má gera á ýmsan hátt, t. d. leggja það undir alþjóðaratkvæði. En fyrir þessu er hvergi gert ráð, og engin trygging er fyrir því, að þetta verði gert.

Jeg vona, að hv. þm. skilji — hvað sem líður skoðunum mínum í þessu efni — að hjer er ekki stefnt að því að gera skilnað ríkis og kirkju óframkvæmanlegan, heldur er einungis trygt, að kjósendur fái að láta í ljós skoðun sína á málinu. Jeg undrast annars stórlega, að þetta ákvæði skyldi komast inn í stjórnarskrána. Ef vjer athugum samskonar ákvæði í stjórnarskránni, sem breyta má með einföldum lögum, eru það æfinlega aukafyrirkomulagsatriði, svo sem t. d. tala þingmanna, en ekki fyrirkomulag þingsins í stærri atriðum, svo sem hvort hafa mætti einungis eina málstofu. Eins má breyta samkomutíma Alþingis, og ákvæðum 60. gr., um gjöld utanþjóðkirkjumanna, og er ekkert við það að athuga. — Jeg vona því, að hv. þm. athugi brtt. mína með velvild og greiði fyrir henni, ef nokkur breyting verður á annað borð gerð á stjórnarskránni.

Jeg leyfi mjer að þakka hv. þm. Str. (MP) fyrir það, að hann hefir tekið það til greina, sem jeg mintist á við 1. umr., um varaþingmenn fyrir Reykjavík. En þó þykir mjer hann ekki hafa bætt úr þessu svo fullkomlega, sem jeg hefði óskað, og er það eiginlega af vangá, að jeg hefi ekki borið fram brtt. í þessa átt, og við 28. gr. að öðru leyti, en jeg mun gera það, ef brtt. hv. þm. falla og landskjörnir þingmenn sitja áfram. — Að varamenn skuli vera jafnmargir sem þingmenn, er mjög skaðlegt ákvæði, sem þyrfti að breyta. Nú þegar er komið í ljós átakanlegt dæmi þess. Varamaður eins listans er látinn, og hefir sá listi nú engan varaþingmann. Ef þingmaður þessa lista heltist úr lestinni á einhvern hátt, yrði að fara fram kosning um alt land. Þetta er ákaflega bagalegt, en má bæta úr því án þess að gera neinn skaða, sem sje með því að orða greinina svo, að allir menn á hverjum lista skuli vera varamenn í sömu röð sem þeir standa á listanum. Þetta girðir fyrir þann mikla kostnað, sem aukakosning um alt land mundi hafa í för með sjer. Jeg hygg og, að mönnum þyki nú fullerfitt að vekja áhuga allra landsmanna fyrir kosningu 3 þingmanna, hvað þá heldur ef kjósa ætti einn. Enda raskaðist þá hlutfallið, því að fjölmennasti flokkurinn mundi jafnan hreppa sætið, án tillits til þess, hvaða listi místi fulltrúa sinn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg tók það fram við 1. umr., að jeg teldi ekki hyggilegt að breyta stjórnarskrá, sem ekki væri eldri en þessi er. Jeg er sannfærður um, að þegar gengið var frá stjórnarskránni á þingi 1920, hefir engum komið til hugar, að svo fljótlega yrði hugsað til að breyta á ný grundvallarlögum þjóðarinnar. Jeg benti jafnframt á það, að ef á annað borð væri farið að breyta stjórnarskránni nú, mundu ýms atriði, sem miklar deilur hafa staðið um og ráðið var til lykta 1920, koma fram á ný. Þessi spádómur minn hefir ekki verið lengi að rætast. Á þessum fáu dögum, sem liðnir eru síðan 1. umr. málsins fór fram, hafa komið fram tillögur um stórvægilegar breytingar. Menn kunna

að segja, að flestar þessar brtt. muni falla, og má það vel vera. En þó að fáar nái fram að ganga á þinginu, hvað verður þá, þegar málið kemur til atkvæða þjóðarinnar? Eru menn ekki sannfærðir um, að þá verður á ný fitjað upp á gömlu deilumálunum?

Nál. sýnir, að nefndin er ekki sammála nema í fáum atriðum. Jeg álít nú, að ekki geti verið umtalsmál að breyta stjórnarskránni nema brýn nauðsyn beri til, og skal jeg þá athuga þær breytingar, er gefið hafa ástæðu til, að frv. þetta er komið fram. Þó skal jeg taka fram strax, að svo mikilvægt mál sem breyting á stjórnarskránni ætti ekki að koma fram öðruvísi en frá stjórninni, eftir vandlegan undirbúning, og væri því rjettast að vísa málinu til hennar.

Mjer skilst, að hv. frsm. (MG) telji 2 aðalástæður til þess, að breyta þurfi stjórnarskránni. Önnur ástæðan er sú, að fækka þurfi ráðherrum, hin, að fækka þingum. Um fyrri ástæðuna skal jeg taka það fram, að eftir forsetaúrskurði, sem fjell á síðasta þingi, var talið, að ákveða mætti, að ráðherrar skuli vera 2, án þess að stjórnarskránni verði breytt. En að ráðherrar sjeu færri en 2 kemur ekki til nokkurra mála. Ekki af því, að einn ráðherra geti ekki kynt sjer öll mál, er koma til hans kasta, heldur vegna þess, að jeg tel alveg óviðeigandi að hafa ekki altaf í landinu mann með stjórnskipulegri ábyrgð. En ráðherra þarf jafnan að sigla á konungsfund, til þess að leggja stjórnarfrv. fyrir konung og fá staðfestingu hans á nýjum lögum, og væri landið þá ráðherralaust nokkurn tíma ársins.

Ef vjer lítum til bankanna í Reykjavík, eru 3 bankastjórar við hvorn bankann. Ef nauðsyn er á 3 mönnum til að stýra einum banka, þá er ekki minni þörf á að hafa 3 menn til að stjórna öllu landinu. Jeg álít því enga ástæðu til að fækka ráðherrum, og með engu móti mega þeir vera færri en 2, og sje því enga þörf á að breyta stjórnarskránni vegna þessa.

Þá er hin ástæðan, að fækka þingum í sparnaðarskyni. Jeg hygg, að sá sparnaður mundi aldrei sýna sig í framkvæmdinni, ef dæma á eftir reynslunni. Áður var ákveðið, að þing skyldi vera annaðhvert ár, en þó voru þing árlega um langt skeið. Það er engin ástæða til þess að ætla, að þegar viðskiftalíf þjóðarinnar verður margbrotnara, minki hin sama knýjandi nauðsyn til að hafa þing á hverju ári. Að þessu verður því enginn sparnaður, þar sem þing mundi háð árlega eftir sem áður.

Jeg álít, að ekki sje hyggilegt að hafa þing sjaldnar en einu sinni á ári. Í því er svo mikil trygging, að það hlýtur að margborga sig. Ef einhver stjórn kæmist til valda, sem færi mjög illa með völd sín, mundi það koma í ljós, hve illa það borgaði sig, að slík stjórn gæti setið í 2 ár án þess að þing kæmi samn. Og ef Alþingi samþykkir að fækka þingum, finst mjer það bera vott um þreytu og vantrú á sjálfu sjer, er jeg tel mjög óheppilegt.

Hjer er komin byrjunin að nýrri stjórnarskrárbaráttu, nýjum eldi, um grundvallaratriði stjórnarskrárinnar.

Jeg skal ekki fara langt út í brtt. hv. minni hl., en jeg lít svo á, að aðalástæðan móti því, að Alþingi sje ein deild, sje sú, að með því sje minni trygging fyrir því, að góð úrslit málanna fáist.

Að vísu er sá varnagli sleginn, að um-

ræðurnar skuli vera 4, en það vegur ekki upp á móti tryggingu þessarar deildarskipunar, sem nú er, og það gæti auðveldlega orðið til þess, að sum mál fengju of fljóta afgreiðslu og ekki heppilega.

Auðvitað má deila um þetta, sem margt annað; fer hjer mikið eftir skapgerð hvers einstaks, hverjum augum hann lítur á þetta, en eitt er víst, að það er altaf viðurhlutamikið að breyta því, sem vel hefir gefist, og vita ekki hvað við tekur.

Þá leggur minni hl. til, að þingmönnum verði fækkað um 6. Hinir landskjörnu afnumdir. Það má vera, að þm. sjeu fullmargir, en hitt er meira vafamál, hvort rjett er að afnema þá landskjörnu. Hugsunin með landskjörinu var sú, að fá með því heilnæmt íhald í efri deild, og auk þess var gengið út frá, að þeir mundu alment hafa yfir meiri þekkingu að ráða en þeir hjeraðskjörnu.

Yfirleitt held jeg, að það sje mjög athugaverð stefna, sem altaf bólar meir og meir á, að breyta hinu og öðru áður en nægileg reynsla er fengin. Mun heppilegra að bíða eftir úrskurði reynslunnar, jafnt í þessum efnum sem öðrum. Vona jeg því, að sú verði niðurstaðan, að ekki verið hlaupið að því að breyta stjórnarskránni í þetta sinn.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að byrja á því að svara hæstv. forsrh. (SE). Raunar hefir lítið komið nýtt frá honum síðan við 1. umr. þessa máls, en þó hefir hann nú nokkuð harðnað í mótstöðunni.

Hann sagði, að þegar stjskr. hefði verið sett, mundi enginn hafa hugsað til svona snöggra breytinga á henni. Má vel vera, að þetta sje rjett, en það er algengt, að lög eru sett, sem álitið er að lengi muni standa, en svo breytast ástæður og um leið þykir rjett, að lögunum sje breytt. Þetta er því engin ástæða móti breytingunni. Ef þessi ástæða gilti, væri afleiðingin sú, sem líka hæstv. forsrh. virðist helst hallast að, að engu beri að breyta nema því, sem staðið hefir lengi og reynst hefir gott og gilt.

Hann sagði, að spádómur sinn hefði ræst um það, að fleiri mundu á eftir koma með breytingar. Það er rjett. En mig undrar ekki þótt einhverjir stuðningsmenn hans hafi orðið til þess, annaðhvort tilkvaddir eða ótilkvaddir, að koma fram með breytingar honum til geðs og til að reyna að ónýta málið.

Þá heldur hann, að alt fari í bál og brand hjá þjóðinni, ef breytingar eru gerðar, en jeg þykist vita með vissu, að hún er ekki mótfallin mínum brtt.

Hann sagði, að þetta frv., eða frv., sem gengju í þá átt, ættu að vera undirbúin af stjórninni. Getur verið, en þegar stjórnin vill ekki koma með þau, hver getur þá skipað henni það? Annars sýnist mjer, að stjfrv. fái ekki svo góða meðferð á þinginu, að það geti talist nein meðmæli með neinu frv., að það er stjfrv., eða það sje líklegra til lífs fyrir það.

Þá taldi hann ófært að fækka ráðherrum, sökum þess, að ef einn ráðherra væri aðeins, þá yrði hann oft að fara utan og þá væri landið ráðherralaust. Þessi hæstv. ráðherra hefir áður verið einn ráðherra yfir landinu og var þá utan, og skeðu þó engin undur eða óhöpp mjer vitanlega við það.

Þá taldi hann, að ekki mundi minni þörf þriggja ráðherra en þriggja bankastjóra við hvern banka. Þessi þörf er

alls ekki sambærileg, því að starfsskiftingin er alt önnur. Í bönkunum geta engir lánað nema bankastjórnin, allir verða að tala við þá, en í stjórnarráðinu er flest afgreitt með brjefaskriftum af starfsmönnunum. En jeg skal viðurkenna, að jeg álít bankastjórana óþarflega marga. Þá sagði hann, að ekki þýddi að ákveða um það, að þing skyldi haldið annaðhvert ár, það yrði alt að einu haldið árlega. En móti hverju er hann þá að berjast? En sannleikurinn er, að mótstöðumenn frv. álíta þetta ekki, og því eru þeir auðvitað á móti því. Hygg jeg, að það yrði undantekning, ef aukaþing yrði haldið. Það sannar ekkert, þótt svo væri hjer á stríðsárunum, því að þá voru sjerástæður fyrir hendi, en engin líkindi eru til, að þær verði framvegis.

Þá vildi hann gera mikið úr þeirri tryggingu, sem árlegt þing veitti. Jeg hefi lítið orðið þeirrar tryggingar var. Álít jeg, að yfirleitt sje fjárhagnum engu betur borgið með því, því að yfirleitt fara stjórnir sæmilega með fje landsins, og engu ver en þingin.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefi jeg fáu að svara. Er jeg sannfærður um, að þótt gagngerð endurskoðun færi fram á stjórnarskránni, þá yrði hans breyting aldrei tekin til greina. Er annars dálítið undarlegt, að hann skuli koma fram með brtt. við frv., sem hann vill að falli, en auðvitað getur hann rjettlætt það með því, að verið gæti, að brtt. hans gæti flotið með, ef hinar yrðu samþyktar.

Þá kem jeg að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Okkur skilur á um ráðherrafækkunina. Hann telur það engan sparnað. Jeg hefi viðurkent, að hjer sje ekki um mikinn sparnað að ræða, en þó sparast hjer 10 þús. kr. á ári. Hefir oft verið lotið að lægra. Þá taldi hann sig mótfallinn því, að landritaraembættið yrði aftur stofnað, því að hann væri óábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdina. Jeg hefi nú ekki lagt til, að það yrði stofnað, heldur hefi jeg hugsað, að ef brtt. í 1.—4. gr. frv. yrðu samþ., þá yrði ákveðið að skipa því með sjerstökum lögum, hvernig fara skyldi með stjórn landsins, ef ráðherra dæi eða forfallaðist á annan hátt. Annars veit jeg ekki betur en að landritaraembættið hafi gefist vel, og nú er sá maður, sem gegndi því, orðinn ráðherra og valinn af þeim flokki, sem þessi hv. þm. tilheyrir, svo það er dálítið undarlegt, að hann skuli leggjast á móti því. Sje jeg ekki, að vandamál stjórnarinnar sjeu meiri nú en áður; störfin aukast ef til vill nokkuð, en þeim er svo varið, að aðrir en ráðherrar geta gegnt þeim. Annars eru þessir gömlu dagar, sem háttv. þm. var að tala um, ekki svo gamlir. Breytingin er frá 1917, og hefi jeg ekki sjeð, að stórkostleg breyting til batnaðar hafi síðan orðið.

Þá kom hann með þá mótbáru, að það væri erfitt fyrir einn ráðherra að vinna að lagasmíði. Það er rjett, en ráðherrar gera það alment ekki. Minnist jeg þess, að mörg merkileg og vandlega samin lög eru frá 1905 og 1907. Voru þau lög, að því er jeg hygg, samin af mönnum í stjórnarráðinu, undir eftirliti ráðherra, og svo mundi enn geta orðið. Þess er og að gæta, að ef þing er ekki haldið nema annaðhvert ár, þá sparast ráðherranum tími til löggjafarstarfa.

Þá taldi hann vandkvæði á því fyrir 1 ráðherra að standa fyrir málum sínum á þingi, svara fyrirspurnum o. s. frv. En ekki bar á því fyr, að þetta ylli sjerstökum erfiðleikum.

Þá sný jeg mjer að háttv. þm. Str. (MP). Hann sagðist ekki hafa átt von á því, að málið yrði tekið á dagskrá í dag. Þetta þykir mjer undarlegt, því að jeg leyfði, að það yrði tekið af dagskrá í gær, með því skilyrði, að það kæmi á dagskrá í dag. Jeg hefi heyrt því fleygt, að þessar brtt. hv. þm. væru bornar fram í þeim tilgangi að eyðileggja frv., og jeg get sagt það hreinskilnislega, að mjer er ekki fjarri að trúa því, að svo sje. Mjer virtist í nefndinni, að hann vildi losna við breytingar á stjskr. á þessu þingi; þó skildist mjer, að hann væri ekki mótfallinn fækkun ráðherra, ef þing yrði haldið árlega.

Hann sagði, að hann hefði ekki fengið nefndina til að hlusta á ástæður sínar fyrir brtt. Þetta er ekki rjett; hann hafði sjálfur ekki tíma til að koma á fundina, vegna einhverra annara starfa. En hitt er satt, að nefndin hafði athugað stjórnarskr. gaumgæfilega og komist að þeirri niðurstöðu, að fleiri brtt. væru ekki heppilegar, og því engin ástæða fyrir nefndina að bíða eftir hv. þm.

Hann sagði, að aðrar þjóðir vildu ekki breyta stjórnarskrám sínum, nema að undangengnum byltingum. Við höfum ekki haft þann sið, og þótt jeg beri virðingu fyrir stjórnarskr., þá tel jeg hana ekki svo helgan hlut, að ekki megi breyta henni, ef ástæða er til. Hún er þó ekki annað en verk sjálfra vor, og hafi okkur mistekist, sýnist sjálfsagt að laga misfellurnar. Virtist líka, að hann gerði ekki sjálfur stjórnarskr. hærra undir höfði, þar sem hann líkti breytingum á henni við breytingar á hundaskatti o. fl.

Jeg veit ekki, hvað hv. þm. (MP) hefir viljað sanna með samanburði sínum á þingmannafjölda hjer og annarsstaðar, því að ef hann hefir viljað hafa þingmannatöluna þá sömu hjer og annarsstaðar, borið saman við fólksfjölda, ættu þeir að vera 2 hjer á landi. Það má vel vera, að þm. megi fækka, en það tekur sinn tíma, en þessa breytingu mína vil jeg strax fá, svo að sparnaðurinn komi þegar.

En það get jeg sagt hv. þm. (MP), að jeg er alveg mótfallinn því, að Alþingi verði ein málstofa; álít jeg óhætt, að við förum að dæmi frændþjóða vorra á Norðurlöndum, um að hafa tvær málstofur. Hversu lengi sem hv. þm. Str. (MP) teldi um fyrir mjer um það atriði, gæti hann ekki sannfært mig um ágæti þess. Jeg hefi oft rekið mig á, að betra er, að málin hljóti meðferð í tveimur deildum; þá leiðrjettist oft smámistök og misskilningur.

Mjer sýnist ekki, að till. hans um 4 umræður í hverju máli komi þar að gagni, eða tryggi góða málsmeðferð.

Annars skal jeg geta þess, út af því, er hann áleit þessu máli flýtt óhóflega mikið, að málinu verður að hraða, eigi það að geta gengið fram, vegna þess, að ekki má gera ráð fyrir, að þingið standi lengur en til maíbyrjunar, og málið er ekki komið lengra en til 2. umr. hjer í deildinni. Tíminn er því ekki of mikill; það hlýtur hann að sjá.

Hv. þm. sagði, að það væri hringlandaháttur úr þingmönnum að vilja nú fækka þingum, gagnstætt því, sem þeir hefðu samþ. 1919, og skildi ekki, hvernig þeir færu að rjettlæta það. (**MP:** Jeg sagði meira). Þetta var aðalinntakið. (**MP:** Nei). Jú. Annars er það ekki nema rjett, að menn kannist við skoðanaskifti sín í þessu efni, og fæ jeg ekki skilið, hvers vegna þeir mega ekki segja sannleikann. Breyttar ástæður hafa

valdið þeirri skoðanabreytingu; svo verður það ávalt og hefir verið. En þetta snertir mig ekki, því að jeg hefi frá byrjun verið á móti þinghaldi á hverju ári, eins og jeg er enn. Annars skilur okkur ekki mikið á um fækkun þinga. Jeg vil, að það standi í stjórnarskránni, að þing skuli háð annaðhvert ár, en því megi breyta með lögum. Hann vill, að þar standi, að þing skuli haldið hvert ár, en því megi breyta með lögum. Þetta er ekki mikill munur, og jeg skal ekki gera úr þessu verulegan ágreining, en hins vegar tek jeg það fram, að verði skoðun hv. þm. Str. (MP) ofan á, mun jeg á næsta þingi, ef jeg á þar sæti, koma með frv. um, að þing skuli aðeins haldið annaðhvert ár.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv.

Jón Baldvinsson: Þegar málin ganga svona seint, er ástæða til, að ýmislegt fyrnist, sem annars hefði verið dregið fram, og má vera, að jeg gleymi einhverju, sem jeg hefði þurft að taka fram.

Jeg skal fyrst víkja að nál. Það er mjög á reiki, og finst mjer það gefa þinginu hugmynd um, hvernig málið muni fara, þegar það kemur til þjóðarinnar. Þessir 5 nefndarmenn eru að minsta kosti þriklofnir, og skoðanir þeirra eru svo sundurleitar, að ritari nefndarinnar, svo pennafær maður sem hann er, og auk þess lögfræðingur, hefir ekki treyst sjer til að setja saman nál., er gefur betri hugmynd um afstöðu nefndarmanna. Þetta gefur ótvíræða bendingu um, að þegar málið kemur til þjóðarinnar, muni verða vakin upp mörg ný atriði og deilur um þau, sem vjer getum nú ekki sjeð fyrir endann á.

Þá skal jeg víkja að breytingum þeim, er felast í frv., og gera að umtalsefni eitt atriði, sem meira felst í heldur en tekið hefir verið fram. Það er lenging kjörtímabilsins. En með þessu er eiginlega verið að fara krókaleiðir til þess að svifta þjóðina nokkru af þeim rjetti, sem hún hefir til íhlutunar um þjóðmál. Jeg skil vel, að mönnum muni ekki þykja árennilegt, svona rjett fyrir kosningar, að bera fram tillögur um að skerða og þrengja kosningarrjettinn. En þetta kemur í sama stað niður, því að þegar kjörtímabilið er lengt, fá kjósendur sjaldnar tækifæri til þess að láta til sín taka.

Þá er sú breyting, að þing skuli háð annaðhvert ár. Menn hafa deilt um þetta atriði, en ýmsir halda því fram, þar á meðal hv. frsm. (MG), að lítið erfiðara sje að gera úr garði fjárhagsáætlun fyrir 2 ár heldur en eitt. Jeg get ekki skilið, hvernig auðið er að halda þessu fram. (MG: Jeg hefi aldrei sagt þetta). Hv. þm. taldi það lítið erfiðara, enda liggur það beinlínis í breytingunni. Nú, þegar þing er á hverju ári, veitir því sannarlega fullörðugt að gera áætlun um eitt ár, hvað þá heldur 2. Auk þess verður að gæta, að mikið af gjöldum ríkissjóðs, svo sem öll laun embætismanna, eru háð atvikum, sem ekki verða sjeð fyrir. Þetta getur munað mjög miklu, ef á að spá 2 ár fram í tímann, og er í raun rjettri að renna blint í sjóinn. Og ef áætlunin stenst ekki, verður stjórnin að ráða fram úr því á sitt eindæmi og þingið að láta sjer það lynda, hvernig sem tekist hefir. Þetta er að fjarlægja Alþingi

frá því að hafa áhrif á, hvernig fje þjóðarinnar er varið. Og með allri virðingu fyrir stjórninni, tel jeg þetta óheppilegt, og jeg hygg, að stjórnin muni ekki sparsamari á landsfje heldur en þingið. Fje það, sem þingið ráðstafar, kemur og öllum almenningi að notum, en frekar hygg jeg, að það mundi brenna við hjá stjórninni, að hún ljeti gæðinga sína sitja í fyrirrúmi.

Í sömu átt sem að fjarlægja kjósendur frá því að hafa áhrif á þingið og þingið frá því að hafa áhrif á fjármálin miðar fækkun ráðherra. Því var nokkuð lýst af hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að ef einn ráðherra kæmi í stað þeirra 3, sem nú eru, mundu koma ábyrgðarlausir menn í stjórnarráðið, er færu með landsmál. Það er alveg óhugsandi, að einn maður geti til nokkurrar hlítar kynt sjer og ráðið fram úr öllum þeim málum, er koma til kasta stjórnarinnar. Í þessu efni þýðir ekki að bera saman ástandið, sem nú er og vjer hillum framundan, við það, sem var fyrir 10—15 árum. Ástæðurnar eru svo alt aðrar og gerólíkar, að ekki verða bornar saman.

Það, sem menn fá með þessari breytingu, í stað þess, sem nú er, er að fjarlægja þing og þjóð frá því að hafa áhrif á þjóðmál og fá þau í hendur sumpart ábyrgðarlausum mönnum. Að ráðherra beri formlega ábyrgð á þessum mönnum gef jeg lítið fyrir. Jeg býst við, að þingið mundi ekki ganga hart að, ef embættismenn í stjórnarráðinu gerðu eitthvað það í fjarveru ráðherra, er því þætti miður.

Svo jeg víki aftur að 2 ára fjárhagstímabilinu, er þing nú háð í ársbyrjun og þarf því að spá lengra fram í tímann heldur en meðan sumarþing voru, auk þess sem ástandið er nú svo miklu erfiðara. Hæstv. forsrh. (SE) gat þess rjettilega, að miklar deilur mundu rísa um þetta með þjóðinni, eins og jeg sýndi fram á í upphafi ræðu minnar. Þetta gæti orðið upphaf langrar stjórnarskrárdeilu, sem tefði fyrir nauðsynlegum innanlandsmálum. Þessi stjórnarskrá hefir nú staðið skamma stund, og þó að jeg kysi, að ýmsum ákvæðum yrði breytt, verð jeg þó að vera því mótfallinn, að breytingar hv. frsm. (MG) nái fram að ganga. Um brtt. hv. þm. Str. (MP) skal jeg taka það fram, að jeg er hlyntur mörgum þeirra og álít þær til bóta, en jeg efast um, hvort tilvinnandi er að breyta nú stjórnarskránni þeirra vegna. Að minsta kosti mætti þá ekki samþykkja neitt af brtt. hv. frsm. (MG).

Hv. frsm. (MG) staðhæfir, að tillögur sínar hafi fylgi þjóðarinnar. Jeg skil ekki, á hverju hann byggir þetta. Það væri þá helst af því, að eitt af landsmálablöðunum hefir haldið því eindregið fram, að nægilegt sje að heyja þing annaðhvert ár, og skilja beri ummæli hv. þm. svo, að hann ætlaði að gera samband við það blað. (MG: Hvaða blað talar þm. um?). Það er Tíminn, og jeg hygg, að hv. þm. mundi ekki vera svo öruggur, nema hann vissi, að hann hefði trygt sjer volduga bandamenn.

Þetta á að vera sparnaður: að fækka ráðherrum og hafa þing annaðhvert ár, Það getur verið, að hv. þm. (MG) geti reiknað svo út á pappírnum. En þetta verður einungis sparnaður í orði, og er jeg hræddur um, að svo muni ekki reynast í framkvæmdinni. Reynsla undanfarinna ára sýnir, að þörf var á því að halda þing árlega, og jeg man ekki betur en að eitt árið hafi þingið verið kallað saman tvisvar. Þetta bendir í þá átt, að ekki sje gerlegt að breyta þessu. Og

ef svo er mælt fyrir í stjórnarskránni, að með lögum megi ákveða að þing skuli háð annaðhvert ár, gæti það komið fyrir, að fjárveitinganefnd þættist einhverntíma vera í kröggum, segði t. d. að sig vantaði 200000 krónur, og fengi samþykt lög um það, að þing skyldi ekki koma saman næsta ár. Á næsta þingi gæti fjárhagurinn hafa batnað svo, að þá yrði aftur samþykt að hafa þing á hverju ári. Þá væri þingið og þinghald orðið að fjárlagaatriði, sem verið væri að hringla með fram og aftur frá þingi til þings.

Þegar um svo mikilsvert mál er að ræða sem það að fjarlægja þjóðina frá afskiftum af þinginu, skerða íhlutunarrjett þingsins í fjármálum og auka vald stjórnarinnar í þeim efnum, er það óframbærileg ástæða, að með því spöruðust nokkrir tugir þúsunda. Ókostirnir eru svo miklir, að jeg þykist viss um, að Alþingi muni ekki vilja gefa stjórninni meira vald og draga fjárveitingavaldið að miklu leyti úr höndum sjer fyrir þetta. Þessir ókostir fylgja tillögum hv. frsm. (MG), og skil jeg því ekki, að þær muni ná fram að ganga.

Magnús Pjetursson: Jeg hefði gjarnan viljað, að fleiri hefðu tekið til máls áður en jeg stæði upp aftur, en þó eru nokkur atriði frá síðasta fundi, sem jeg get svarað nú.

Jeg skal byrja á að benda á prentvillu í brtt. mínum á þskj. 229, sem jeg hefi ekki tekið fyr eftir. Í 8. brtt. stendur „orð 30. gr.“, en á að vera „orð 39. gr.“, og verður þetta leiðrjett við næstu prentun.

Eiginlega hefi jeg fylstu ástæðu til að vera mjög ánægður með undirtektir þær, sem brtt. mínar fengu á síðasta fundi, að minsta kosti með það, hve andmælendum mínum hefir tekist óhöndulega. Það er aðallega hv. frsm. (MG), og hæstv. forsrh. (SE) lítils háttar, sem hafa lagst á móti þeim. Jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm. (MG) hafi ekki ekki verið svo linur að hrekja brtt. mínar af þeirri ástæðu, að honum þyki afdrif þeirra svo auðsæ, að hann þurfi ekki að beita rökfimi sinni gegn þeim. Það væri hættulegt og gæti skilist svo, að engin rök væru til. Jeg hygg þetta ekki heldur vera ástæðuna. Jeg býst við, að jafnvandvirkur þm. sem hv. frsm. (MG) er, hafi íhugað brtt. mínar nákvæmlega, að jeg nefni ekki hina vandlegu yfirferð yfir alla stjórnarskrána, er hann gat um. Það má því gera ráð fyrir, að hann hafi komið með alt, sem hann hafði til brunns að bera.

Hæstv. forsrh. (SE) var að bera í bætifláka fyrir landskjörnu þingmennina, að þeir ættu að hafa meiri þekkingu til brunns að bera og skapa íhald í þinginu. Jeg verð að mótmæla því algerlega, að nokkurt íhald skapist með því fyrirkomulagi, sem nú er á kosningu landskjörinna þm. Reynslan hefir sýnt, að landskjörnir þm. eru ekkert íhaldssamari heldur en sumir kjördæmakosnir þm. Ef vjer lítum fram í tímann og hugsum oss, að tveir heilbrigðir flokkar mynduðust, framsækinn flokkur og íhaldsflokkur, og íhaldsflokkurinn ætti að setja upp lista við landskjör. Auðvitað yrðu ekki allir íhaldsmennirnir kosnir. Og þó að þeir kæmu 1 eða 2 mönnum að, hvaða gagn væri í því? En vitanlega koma slíkir íhaldsmenn altaf líka meðal hinna kjördæmakosnu þingmanna. Hvort landskjörnir þingmenn hafa meiri þekkingu en aðrir, skal jeg ekki dæma um. En það er ljóst, að

með núverandi fyrirkomulagi er engin tryggging fyrir því, að þeir hafi meira til brunns að bera en aðrir menn.

Það hefir verið sagt um efri deild, að hún ætti að vera til þess að skapa íhald. Mætti því ætla, að Alþingi hefði lagt í vana sinn að velja svo í þá deild, að í henni sætu rosknustu og ráðsettustu þingmennirnir. En raunin hefir orðið sú, að oft hafa einmitt yngstu og óreyndustu mennirnir verið valdir í efri deild.

Þá er það frsm. hins klofna meiri hl. (MG), sem jeg verð að víkja orðum mínum að, og fyrst því, er hann beindi til hæstv. forsrh. (SE). Hann gaf það í skyn, að hæstv. forsrh. (SE) hefði fengið mig — sem flokksmann sinn — til þess að bera fram þessar brtt., í þeim tilgangi að eyðileggja frv. Jeg þarf ekki að gefa neina yfirlýsingu í þessu efni, því að jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. (SE) geti skýrt málið eins vel. En mjer finst nokkuð undarlegt, að hv. þm. skuli vera að bera þetta fram, því að jeg þykist þess fullvís, að hv. þm. hafi vitað, áður en 1. umr. fór fram og hæstv. forsrh. (SE) sagði þau orð, er hv. þm. vitnaði til, að jeg ætlaði að bera fram frekari brtt. (MG: Hvernig átti jeg að vita það?). Á orðum mínum utan þings og innan áður. Jeg gæti þá með sama rjetti lagt þá spurningu fyrir hv. frsm. (MG), hvort það var fyrir tilstilli Tímans, sem hann kom fram með þetta frv. Því allir vita, hvaða stefnu það blað hefir tekið upp í þessu máli, og það átti frumkvæðið að því.

Þá sagði hv. þm. (MG) að þjóðin myndi ekki verða á móti þessum breytingum. Það var gott að fá þá yfirlýsingu hv. þm. (MG). Nú verður skiljanlegt, af hverju frv. er fram komið. Það eru kosningarnar, sem í hönd fara, sem hafa vakið þessa getnaðarþörf hjá hv. flm. Ella hefði hann fyrir löngu verið búinn að koma fram með það, því að nóg voru tækfærin og það talsvert veglegri en nú. (MG: Þá hefði breytingin kostað aukaþing). Það er líka einmitt það, sem hún átti að gera. Þegar slík mál koma fram, er rjett, að kosningarnar snúist um þau; annars sjest ekki, hvort þetta eða hitt er vilji þjóðarinnar. Og það mun einmitt hafa verið upprunalega ætlun löggjafanna, sem settu þetta ákvæði í stjórnarskrána, að þegar um stjórnarskrárbreytingu væri að ræða, þá skyldi á þennan hátt tryggja það, að sú breyting væri að þjóðarvilja, með því að láta kosningarnar snúast um það eitt atriði og ekkert annað.

Það er annars leiðinlegt að heyra það, hve hv. flm. (MG) sýndi mikla viðleitni í því að sneiða hjá sannleikanum í ræðu sinni á síðasta fundi, um þetta mál. Af þessum sökum leiddist jeg til að gera einum samnefndarmanni hans rangt til, þar sem jeg trúði orðum hv. frsm. (MG) og tók þá alla í einu númeri. En síðan hefi jeg bæði sjeð það í gerðabók stjórnarskrárnefndar, að hv. 1. þm. G.-K. (EÞ) hefir ekki verið þar sannur að sök, enda hefir hann síðar viðurkent það við mig, að hann hafi aldrei sett sjer þetta veglega takmark, að vera á móti öllum öðrum breytingum á stjórnarskránni en þeim, er frv. flytur, og þótti mjer vænt um að heyra það.

Þá mun hv. flm. (MG) hafa gengið fullnærri sannleikanum, er hann gaf þá skýringu, að meiri hl. hefði tekið þessa afstöðu til brtt. minna af því, að hann hefði, eftir ítarlega athugun stjórnarskrárinnar, komist að þeirri niðurstöðu, að engu þyrfti þar öðru að breyta. Það er þessi ítarlega athugun, sem jeg dreg

dálítið í efa. Af þeim fundum, sem nefndin hefir haldið, eru aðeins tveir, sem jeg hefi ekki getað verið á. Sá fyrri var í byrjun nefndarstarfanna, og gat jeg ekki sótt hann sökum anna. Í síðara skiftið var jeg veikur, og notuðu hv. samnefndarmenn mínir tækifærið til að koma fram með þessa spaklegu ályktun og gera út um málið á þann hátt. En eitt sást þeim yfir: að geta um þessa ítarlegu yfirvegun stjórnarskrárinnar í gerðabókinni. Þar er hana hvergi að finna, og mjer er næst að halda, að eins sje það um þessa „ítarlegu yfirvegun", að hún sje ekki enn þá orðin til. Það þýðir því ekkert að ætla sjer að slá ryki í augu manna með öðru eins og þessu. Það hefði verið langtum rjettara af hv. meiri hl. að kannast við það, að hann hafi, til hægðarauka, ætlað að reyna að notast við flaustursafgreiðslu, sem ósæmileg er stjórnarskránni.

Háttv. flm. (MG) hefir altaf verið að klifa á því, að stjórnin fari eins vel með fje þjóðarinnar og Alþingi. Það þýðir ekkert að vera að deila um slíkt. En eitt er víst, og það er, að hvort sem stjórnin fer vel eða illa með fje þjóðarinnar, þá fer hún heimildarlaust og ólöglega með það fje, sem Alþingi hefir ekki fyrirsagt henni hvernig nota skyldi. En Alþingi hefir aftur á móti valdið til þessa, hvernig sem það svo ver fjenu.

Jeg var hissa, er jeg heyrði það koma fram hjá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), sem er formaður fjvn., að fjárlögin væru í raun rjettri aðeins spádómur, og heyra hann styðja sitt mál með slíkri röksemd. Jeg vil þá leggja það til, ef þingið af þessum sökum ætlar sjer að taka upp þann sið að leggja fjárveitingavaldið í hendur stjórnarinnar, að þetta verði alt gert miklu einfaldara og þingtíminn um leið sparaður í stórum stíl. Þetta mætti hæglega gera með því, að þingið tiltæki aðeins, hve miklar skyldu tekjur og gjöld ríkisins á hverju fjárhagsári, og stjórnin útbýtti svo fjenu eftir sínu viti og vild. (**MG:** Eru það nú rök!). Það eru engu verri rök en það, að stjórnin fari betur með fje en Alþingi, og á þessu er aðeins stigmunur og frv., stefnan er sú sama.

Þá fanst mjer til um, hve krakkalega hv. flm. (MG) fór, er hann sagði, að það væri jeg, sem óvirða vildi stjórnarskrána með smábreytingum. Það er þessi látlausa, en ofurlítið einfalda röksemd krakkanna, þegar einhver jafningi þeirra álasar þeim eða sneypir, þá er það að segja: „Nei, þú ert það, þú ert ljótur!" o. s. frv. Þykir mjer sýnt, að ekki er hin barnslega einfeldni enn máð úr huga hv. þm. (MG).

Mjer þótti annars vænt um að heyra, að hv. þm. (MG) er ekki mótfallinn fækkun þm. Hann kvaðst vilja íhuga það. En hví mátti stjórnarskrárnefndin ekki íhuga það? Jeg býst við, að það hefði varla orðið mjög hættulegt, því þótt hún hefði komið sjer saman um að fækka kjördæmakosnu þm., þá býst jeg varla við, að hv. þm. hefðu yfirleitt reynst svo kjarkmiklir rjett fyrir kosninguna, að fara að svifta kjördæmin þm. sínum.

Þá kvað hv. þm. (MG) það meðmæli með tviskiftingu þingsins, að þannig væri það einnig hjá frændþjóðum okkar. Það tel jeg ljettvæg rök. Jeg býst við, að heppilegast verði fyrir okkur, í því tilliti, að aka seglum eftir þeim vindum, sem blása hjá okkur, en ekki því, hvernig vindstaðan er hjá öðrum þjóðum. Auk þess villist hv. þm. á því, að þessu sje svo háttað hjá frændþjóð-

um vorum. Jeg veit ekki til þess, að þing þeirra skifti sjer sjálft í deildir, eins og á sjer stað hjá okkur. Jeg skal játa, að reynslan hefir stundum sýnt, að gott sje að hafa tvær deildir. En hún hefir líka oft sýnt það gagnstæða. Með þessu fyrirkomulagi, sem er, kastar neðri deild oft áhyggjum sínum yfir á þá efri og ætlar henni að laga það, sem hún sjálf hefir kastað höndum til. Væri engin efri deild, myndi sú eina deild finna meira til ábyrgðar sinnar og vanda sig meira í störfum sínum.

Þá kvartaði hv. þm. um það, að mjer þætti ekki málinu liggja mikið á, er jeg mæltist til þess, að það væri tekið út af dagskrá. Það var nú bara þessi eini dagur, sem um var að ræða, og þarf hv. þm. (MG) ekki að blöskra það. Aftur á móti lá við að mjer blöskraði, er þessi hv. þm. (MG) gerði það að skilyrði fyrir leyfi sínu, að málið yrði tekið til umr. daginn eftir, og fór svo að rekast í því, að það væri gert. Heldur hv. þm., að hann hafi nokkuð um þetta að segja? Það er forseti, sem samkvæmt þingsköpunum hefir fult vald til að taka mál út af dagskrá, og þarf hann ekki samþykki neinna þm. til þess.

Þá gat hv. þm. ekki skilið það rjett, er jeg spurði, hvernig þeir þingmenn, sem setið hefðu á þingi árum saman, án þess að finna neitt að þessum árlegu þingum, ætluðu að verja þá skoðun, að óþarft sje að hafa þing nema annaðhvert ár. Jeg átti þar ekki við, að svo erfitt væri að verja þetta, að skifta um skoðun. Hitt átti jeg við, hvernig þeir ætluðu að gera grein fyrir þingsetu sinni þessi ár, sem þing hefir verið háð árlega. Hvað þeir ætluðu að segja þjóðinni, að þeir hefðu verið að gera í þinghúsinu. Það er í rauninni dálítið broslegt, ef þingið í alvöru ætlaði sjer þann vitnisburð, að það hafi nú setið hjer ár eftir ár aðgerðalaust og til einskis gagns.

Jeg gæti trúað því, að sumir hv. þm. myndu fremur hallast að því, að þing væri árlega, ef þeim væri gefin trygging fyrir því, að þau yrðu stutt. Gott og vel. Jeg er fús að benda á auðvelda leið til að stytta þingin. Hún er sú, að fjárveitinganefnd sje kosin í lok hvers þings og látin koma saman hálfum mánuði áður en þing byrjar. Þá þyrfti ekki að standa á störfum hennar. Þetta tel jeg rjettara en að vera að hlaupa slík gönuhlaup, sem hjer er um að ræða. (**MJ:** Hvernig fer þá með fjvn. rjett fyrir kosningar?). Þau þing, sem væru næst á eftir kosningum, mættu vel vera lengri, ef ekki er hægt að finna leið þessu til bjargar. Það er annars ekki svo, að þessi hugmynd sje allsendis ný. Jeg hefi fyrir nokkrum árum átt tal um þetta við Pjetur heitinn Jónsson, fyrverandi ráðherra, og fjelst hann á, að þetta myndi talsverður búhnykkur. Sömuleiðis oft við landlækni, sem einnig hefir talið þetta ágætt ráð. Og ekki þarf á stjórnarskrárbreytingum að halda til að koma þessu fram. Og jeg býst við, að benda megi á ýmsar fleiri leiðir til að spara þingkostnaðinn, án þess að grípa til þeirra örþrifaráða, sem hjer er um að ræða. Jeg skal t. d. benda á, að ein leiðin er sú, sem jeg ber fram í mínum brtt., að ekkert frv. væri tekið til greina af þinginu, til fullnaðarúrslita að minsta kosti, nema það væri komið fram í síðasta lagi viku eftir að þing er sett. Þetta myndi áreiðanlega verða til að stytta þingtímann að nokkrum mun. Nú er þetta svo, að fæstir þm. vita, hvað í þessum frv. stendur, nema þá þeim, sem fara gegnum þær nefndir, sem þeir

eru í. Auk þess er miklu verra að athuga nokkurt mál til hlítar, þegar frv.-moldviðrið er svona mikið. Að vísu mætti gera þetta með því aðeins að breyta þingsköpunum, en frá þingsköpum má veita afbrigði, og er því miklu tryggara og vænlegra til gagns að hafa þetta í stjórnarskránni sjálfri.

Jeg hefi heyrt það á sumum hv. þm., að þeir sjeu því hlyntir, að landsk. þm. væru lagðir niður, en þinginu skift eftir sem áður. Það má vera, að þeir hafi nokkuð til síns mál. Gætu þeir komið fram með brtt. þessa efnis við 3. umr., ef þeim sýndist svo. Jeg vil annars benda hv. deild á það, að jeg hygg það rjettara, með tilliti til eftirtímans, að þessum brtt. mínum sje leyft að fara til 3. umr., hversu sem svo fer úr því. Þá væri ekki hægt að segja, að þingið hafi farið óvarlega í því að drepa svo skjótt það, sem þjóðin kemur áreiðanlega til að leggja sinn dóm á síðar. Því það ætla jeg að fullyrða, að þótt hv. þm. þori ekki nú að samþykkja þessar brtt., þá munu þær komast fram síðar. Því það er áreiðanlegt, að þm. sem hugsa um sparnað alvarlega, en ekki til þess eins að krydda með kjósendaræður, munu taka þetta mál upp síðar.

Ingólfur Bjarnarson: Það eru bara nokkrar skýringar, sem jeg vildi gefa. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) gaf í skyn áðan, að mótbára okkar hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) gegn því að hafa aðeins 1 ráðherra, hefði verið í því fólgin, að við teldum, að af því mundi leiða einhverskonar einveldi, sem við hefðum óttast mjög. Þetta er ekki alls kostar rjett skilið eða frá skýrt. Aðalástæða okkar fyrir því að vera á móti ráðherrafækkuninni var auðvitað sú, að með þessu fyrirkomulagi hlyti að verða lakar sjeð fyrir framkvæmdum stjórnarinnar og starfsemi yfir höfuð en verið hefir, sem vitanlega er svo margháttuð, umfangsmikil og vandasöm, að ofætlun væri einum manni að inna það alt af hendi. Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir annars skýrt þetta til hlítar, og get jeg því slept því að fara ítarlegar út í það. Hinu hjeldum við að vísu fram jafnhliða, að ef þingum yrði fækkað, þá yrði því fráleitara að hafa aðeins einn ráðherra, bæði sökum aukinna stjórnarstarfa, sem af þingafækkuninni leiddi, og svo hins, að af henni leiddi einnig aukið stjórnarvald, sem hæpið væri að telja heppilegt að leggja í eins manns hendur. Þau rök hv. 1. þm. Skagf. (MG), að aðeins hafi verið nauðsyn 3 ráðherra meðan stríðið stóð yfir, og sje nú því horfin, er það er á enda, eru að mínu áliti heldur hæpin. Því þótt heimsstyrjöldin sje nú liðin hjá, þá er vafasamt, að erfiðleikar þjóðarinnar hafi nokkurn tíma verið meiri en einmitt nú, eða horfurnar jafnkvíðvænlegar. Þessi rök eru því næsta lítils virði til að sanna það, að við getum nú komist af með einn ráðherra. Hafi verið þörf á að hafa 3 ráðherra á ófriðarárunum, þá er áreiðanlega þörf á því enn, eftir þeim horfum, sem fyrir hendi eru. Jeg skal taka það skýrt fram, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) mintist að vísu á, að við, sem berum fram brtt. á þskj. 151, tókum það skýrt fram í nefndinni, að við gætum vel felt okkur við að ráðherrum sje fækkað um einn. En við gerðum enga till. í þá átt, vegna þess, að það var samhuga álit nefndarinnar, að engrar stjórnarskrárbreytingar þyrfti með til að fá því framgengt.

Þá verð jeg að geta þess, að mjer þótti

hv. þm. Str. (MP) gera heldur mikið úr samtökum nefndarinnar um að vera á móti öllum brtt. við frv. En hitt munum við hafa látið í ljós og lýst þar yfir, að við teldum óheppilegt að hugsa til nýrra cg mikilla breytinga á stj.skr. að þessu sinni. Enda ekki sambærilegt að koma fram með alveg nýjar og stórfeldar gerbreytingar, sem lítill tími verður til að grandskoða, svo sem eru brtt. hv. þm. Str. (MP) á þskj. 229, eða þó farið sje fram á það eitt að færa þingafjöldann í sama horf og lengst af hefir verið og vel reynst. Þar er ekki um óþekta nýung að ræða. En það er það eina atriði, sem við hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) leggjum til, að breytt verði í stjórnarskránni.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi heyrt það borið fram fyrir því frv., sem hjer liggur fyrir til breytinga á stjórnarskr., að það væri til sparnaðar. Jeg hafði hugsað mjer, eftir undanfarandi margra ára baráttu um stjórnarskrána, að hún mætti bíða nokkur ár, meira að segja til 1940, þegar sambandslögin verða athuguð. — En þó að breyting á stj.skr. væri nú ekki látin bíða svo lengi, þá mátti að minsta kosti fresta henni fram yfir 1930, og láta stjórnarskr. óhreyfða þetta árabil.

Tillögur þær, sem fram hafa komið til breytinga, einkum þær, sem fyrst komu fram, eru alóþarfar; en sumar af tillögum hv. þm. Str. (MP) eru góðar og hafa áður komið til athugunar í þinginu; en fyrst þær voru ekki teknar þá til greina, er ólíklegt, að þær komist fram nú. Og fyrst farið var að bera fram aðrar breytingar á stjórnarskr., þá var ekki nema sjálfsagt, að þessar, sem rjettlátari eru, kæmu líka. Hvað ætla þeir svo að spara með þessu? Ein ráðherralaun eða því líkt, í hæsta lagi. Og hvað kostar það, ef stjórnarskrárbreyting verður samþykt? Kosningar fara fram hvort sem er, munu þeir svara. En það getur enginn látið sjer detta í hug, að nýkosið þing gangi að þessu breytingabraski, sem þessi deyjandi samkunda kann að samþykkja. Svo þarf aftur nýjar kosningar, og hefi jeg reiknað með, að þannig mundi ganga að minsta kosti 5 sinnum — koll af kolli, — eftir fyrri ára reynslu. Síðast þegar gengið var frá stjórnarskránni var það aðeins tilviljun, að samkomulag náðist.

Það er litið svo á af þingmönnum, að þingið sje óþarflega langt, og þó játa þeir, að nú sjeu hinir mestu vandræðatímar, sem yfir þjóðina hafi komið á síðari árum. Er þá lausnin sú, að reka þingmenn heim? Að forðast að þingið sitji til þess að hjálpa þjóðinni út úr vandræðunum og segja í öðru orðinu, að á þeim tímum, sem nú eru, sjeu þingmenn óþarfir og að þeir geri ekkert, — það er dálaglegur vitnisburður, sem þessir þingmenn gefa sjálfum sjer með því. Jeg vil ekki gefa sjálfum mjer þann vitnisburð. Jeg vil ekki sitja heima auðum höndum og horfa á aðgerðaleysi og ólag þeirra, sem með völdin fara. Jeg tel mig geta gert þjóðinni meira gagn á þingi en heima.

Hvað kostar svo hver kosning? Það, sem greitt er af opinberu fje, mun láta nærri 7—10 þús. krónum til kosningakostnaðar. En þar með er minst talið. Jeg hefi í útreikningi mínum bygt á, að í landinu væru 30 þús. alþingiskjósendur; en búast má við, að ekki taki nema helmingur kjósenda þátt í kosningum. Jeg hefi reiknað þeim 15 þús. dagsverk til kosninga, dagsverkið hefi

jeg reiknað samkvæmt meðalverði allra meðalverða á kr. 9.80. Vera má, að það lækki á næsta 5 ára bili, en jeg hefi lagt ríflega í. Þó það geti ekki talist, að menn eyði nema einu dagsv. til kosninga í kaupstað — og tæplega það — þá verður það meira víðast í strjálbygðum sveitum, þar sem allir þurfa að fara af heimilinu á kjörstað, og jafnvel skiftast á að vera heima. Jeg held því, að ekki sje hægt að telja þennan reikning óvarlegan, þvert á móti; jeg geri ráð fyrir að reiknað sje með lægstu tölum. Samkvæmt þessu yrði kostnaður við almennar kosningar alls 150 þús. kr. Ef til vill má ráðast á einhverja af þessum reikningsliðum. En þá er enn eitt, sem jeg gæti talið á móti og bætt við, en það er bifreiðakostnaður í bæjum við flutning kjósenda á kjörstað, og jafnvel í sveitum; svo er tímatöf þingmannaefna og annara, kaup „agitatora" o. s. frv. Þannig kemur ýmislegur aukakostnaður; svo að þó jeg reikni kaupið hátt, þá er mjer óhætt að segja, að mínar tölur sjeu ekki nema ⅓—½ af þeim raunverulega kostnaði.

Fimm aukakosningar kosta því alls, eftir reikningi mínum, 750 þús. kr. Væri sú upphæð látin standa á vöxtum með 6% til 1940, mundi hún þá verða 2025000 kr. Þetta er nú allur sparnaðurinn, sem á að koma.

Frá þessu mundu einhverjir vilja draga þingkostnað annaðhvert ár og ein ráðherralaun. Þessum frádrætti hefðu flm. breytinganna átt að gera ráð fyrir; en jeg geri það ekki. Á meðan þrefið um stjórnarskrána stendur yfir, má búast við þingi á hverju ári. Auk þess, sem hjer hefir verið talið, verður hiti og ófriður um alt land, sem sprengir ýms nauðsynjamál, af því að þau dragast að óþörfu inn í deilurnar. Þetta tel jeg með afleiðingunum. En þeir ættu að taka það til athugunar að stofna ekki að þarflausu til margra ára ófriðar um stjórnarskrána.

Jeg hefi ekki enn talið það til, að rent er blint í sjóinn um áhrif og afleiðingar af þessum breytingum. Í raun og veru yrði einn ráðherra einvaldur um fjármálin. Jeg hefi ekki reiknað kostnaðinn, sem af því leiðir, ef tekið yrði upp aftur tveggja ára fjárhagstímabil. Það fer alt eftir því, hvernig tekst að velja þennan eina ráðherra, sem í rauninni verður hið eina fjárveitingavald. Því að hvað þýða tveggja ára fjárlög, þegar einvaldsráðherra vantar fje? Eina ánægjan af þessu stjórnarfyrirkomulagi væri þá sú, ef tækist að finna góðan einvald, því að það telur háttv. 1. þm. Skagf. (M-G) besta fyrirkomulagið. En þjóðfulltrúaskipulagið hefir verið tekið upp í heiminum vegna þess, að einveldið hefir gefist illa. Fulltrúunum líðst ekki lengi óreiðan, og auðveldara er að losna við þá heldur en einvaldinn, ef þeir gefast illa; og þá fær þjóðin sjer aðra nýja í staðinn.

Það eru yfirráð þjóðfulltrúanna yfir fjenu og meðvitundin um að þjóðin beri sjálf ábyrgð á meðferð fjárins, sem alt veltur á. Það er sú heilbrigða fjárglöggvi. En gömul reynsla okkar hefir sýnt, að lítið verður úr henni, þegar fjárlög eru sett til tveggja ára í senn. En sú fjeglöggvi, sem telur aurana og hundruðin til listamanna, fátækra námsmanna og sjúkra, ætti að vita, að það er glapræði og dýrt spaug að fá einum manni í hendur fjárvaldið í tvö ár, eða svo mörg, sem þingmönnum kemur saman um.

Eitt er það, sem þarf að vera ljóst

fyrir mönnum, að meira þarf til heldur en að setja lögin. Þjóðin þarf að hlýða þeim og bera virðingu fyrir þeim. En til þess að hún geri það, þurfa þingmennirnir sjálfir að virða sín eigin verk, en vera ekki sífelt að hræra í þeim eins og griðka með þvöru í grautarpotti. Þessi árlega grautarþvara þingsins er það, sem orsakar og eykur alla ólöghlýðni í landinu. Ef stjórnarskráin sjálf fær ekki einu sinni að vera í friði, eftir aðeins fjögra ára reynslu, án þess að hrært sje í henni, þá er ekki von að virðing sje borin fyrir lögum hjer í landi.

Hvað gera Englendingar í þessum efnum? Hversu langt er síðan að „magna charta“ var gefin þjóðinni. Og þó að þeir síðan hafi komið fram nauðsynlegum breytingum á sínu stjórnarfari, þá hafa þeir þó sjeð grundvallarlög sín í friði, og eigi leyft sjer að hafa þau að leiksoppi á hverju ári.

Þessar stjórnarskrárbreytingar, með þinghald annaðhvert ár, eru einhverjar þær fráleitustu tillögur, sem komið hafa fram á seinni árum. Reynsla síðustu ára, sem þinghald var annaðhvert ár og tveggja ára fjárlög, sýnir ljóslega, að þetta var fullerfitt. Allir vita, að stjórnin þurfti þá oft að fara með fje án lagaheimilda; hún gat ekki annað. Þegar þannig reyndist, að yfirlit gat ekki fengist yfir fjármálin um tveggja ára bil, þá var hallast að þinghaldi á hverju ári.

Nú lúka allir upp einum munni um, að þessir tímar sjeu hinir alverstu neyðartímar. Þá á ekki að fækka þingunum, eins og hvatt er til með þessum breytingum, heldur lengja þau; þá draga þau úr vandræðunum.

Sá tveggja milj. kr. kostnaður, sem leiðir af endurnýjaðri stjórnarskrárbaráttu, fer bókstaflega í súginn; og væri því fje betur varið til þess að lengja starfstíma þingsins til að styðja stjórnina í því að fara betur með fjármálin og gefa sjer lengri tíma til að vinna að málunum.

Slík vinnubrögð, sem þetta frv. ber vott um, eru vond vinnubrögð og dýr. Hjer er unnið illa vegna tímaskorts, til stórskaða fyrir þjóðina. Það tekur oft tvö ár að koma á þarflegum lögum, sem hægt hefði verið að ljúka við á einu þingi, ef tveimur vikum hefði verið bætt við þingtímann, og varið til löggjafarstarfs.

Þessi eilífi sparnaðarósparnaður, sem hjer er hafður í frammi, ásamt þeim sparnaðarjarmi, sem háður er árlega hjer í þinginu, er til vandræða og minkunar fyrir þjóðina.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil í stuttu máli svara nokkrum orðum, sem hv. frsm. (MG) vjek að mjer í ræðu sinni við síðustu umræðu. Honum fórust svo orð, að jeg væri ákveðnari á móti stjórnarskrárbreytingu nú en áður. En þetta er ekki rjett. Jeg var raunar hás, og talaði lítið við 1. umr., en tók þó skýrt fram afstöðu mína til breytingarinnar og fór alveg eins langt þá eins og síðar. Hann vjek sömuleiðis að þeim spádómi mínum, að ef einu sinni væri farið að hrófla við stjórnarskránni, myndu margar fleiri breytingar sigla í kjölfarið og gömul deiluefni rísa upp. Og jeg benti hv. frsm. á, að það væri þegar komið á daginn. Hann sagði, að jeg hefði fengið flokksbróður minn til að bera fram brtt. við stjórnarskrána, til þess að láta spá mína rætast. Jeg veit, að mjer er varla nauðsynlegt að fara að bera þetta af mjer, því fáir

munu trúa því, að jeg færi að biðja um að komið væri með breytingar á stjórnarskránni, sem jeg legðist svo strax á móti. Enda hefi jeg satt að segja ekki orðið var við svo sjerstakan stuðning hjá hv. þm. Str. (MP). Þykist jeg ekki þurfa að fara fleiri orðum um þessa tilgátu, enda býst jeg ekki við að háttv. frsm. hafi talað í alvöru, er hann kastaði henni fram. Sannleikurinn er sá, að þessar brtt., sem komnar eru og munu koma, eru ekki nema eðlilegar og sýna það eitt, hvað skoðanir manna á ýmsum atriðum stjórnarskrárinnar eru margbreytilegar.

Hv. frsm. hneykslaðist á því, er jeg sagði að breytingar á stjórnarskránni ættu að koma frá stjórninni og hún ætti að undirbúa mál eins og þessi fyrir þingið, en hann kvaðst ætla eftir öðrum stjórnarfrumvörpum að dæma, að ekki væri mikils að vænta af þeim undirbúningi. En því er að svara, að hafi stjórnin búið frv. sín illa undir þingið, þá fái það sjer aðra betri. Annars játa jeg, að jeg sje ekki hvaða ástæða er til þess fyrir hv. frsm. (MG) að víkja þessu að stjórninni. Í einu frv. vantaði raunar eitt ákvæði í textann og var vikið að því í aths. við frv. Jeg býst við að það sje þetta, sem hv. frsm. á við, og geta menn þar af sjeð, hve smávægilegar forsendur hans eru fyrir þessum dómi á stjórnina. Þá bjóst hann við því, að það væri af afbrýðisemi, að stjórnin hefði snúist í móti þessum brtt. En síst öfunda jeg hv. þm. af þessum brtt., og ekki vildi jeg sjálfur hafa komið með þær. Og hvernig svo sem afstöðu okkar hv. frsm. (MG) er háttað, er það ástæðulaust fyrir hann að gera mjer þær getsakir, að jeg komi þannig fram gagnvart honum eða vilji yfirleitt kasta nokkrum steini í götu hans. Jeg kvaðst ætla að sú yrði reyndin á, að þing yrðu á hverju ári, þó brtt. næðu fram að ganga, og spurði frsm. (MG) þá, fyrir hverju þá væri barist. En því er að svara, að jafnvel þó vjer samþyktum þá breytingu, mundi hún samt aldrei komast inn í stjórnarskrána, kjósendur myndu sjá fyrir því. En það er annað, sem vjer hræðumst. Vjer óttumst, að aðrar enn þá óheppilegri breytingar elti þessar og vaktir verði upp gamlir eldar með þjóðinni. Undirtektirnar í hv. deild spá engu góðu um frið í framtíðinni. Margir þeirra hv. þm., sem tala á móti brtt. nú, mundu, þó þær yrðu að þessu sinni samþyktar á þinginu, ekki hætta að láta til sín heyra, og það er vafalaust, að þjóðin mundi taka fult tillit til þeirra. Þessu máli hefir verið haldið uppi sem sparnaðaratriði, en ef vjer lítum aftur í tímann, og það er altaf heppilegt, ef gera skal áætlanir um fjármál, þá sjáum við að á árunum 1900—1921 hafa verið haldin 17 þing, aðeins 4 ár hafa þau fallið niður. Ef vjer reiknuðum út frá því, verður sparnaðurinn ca. 33 þús. kr. á ári. Það er alt og sumt.

Hv. frsm. kvað mig vilja gera mikið úr þeirri tryggingu, sem fengist með árlegum þingum, að stjórnin færi ekki um lengri tíma ein með völdin. Þetta er satt, og hefir verið sýnt fram á, hversu það er þýðingarmikið atriði. Þá talaði hann um það, að þingin 1907 og 1909 hefðu afgreitt ýms mjög merk lög. Það er alveg rjett, en jeg verð að benda á það, að tímarnir eru mjög breyttir frá því, sem þá var. Þá var farið eftir föstum grundvallarreglum, sem menn litu til og virtu. En óróinn er orðinn meiri og byltingarnar tíðari í heiminum nú en

þá var. Og það er ekki síst þess vegna, að nauðsynlegt er að hafa árleg þing.

Það má kannske segja, að það hafi verið að bera í bakkafullan lækinn fyrir mig að fara að standa upp hjer til andsvara brtt., svo margar ástæður og veigamiklar sem þegar hafa verið bornar fram á móti þeim af munni ýmsra hv. þm. En jeg gat ekki látið þessa umr. fara svo framhjá mjer, að jeg gerði ekki athugasemdir við það, sem háttv. frsm. (MG) vjek að mjer. Hann kvað það sið, að breyta lögum, ef þau þættu athugaverð. En hann gætir þess ekki, að öðruvísi stendur á með stjórnarskrána en önnur lög. Hún er grundvöllurinn, viggirðingin um þau grundvallarákvæði, sem mestu máli skifta þjóðina. Því er það, að erfiðara er þjóðinni gert fyrir um það að breyta henni heldur en öðrum lagabálkum. Vona jeg það að lokum, að háttv. deild athugi það, að stjórnarskrá vor er yfirleitt frjálsleg og vel gerð, og að breytingar þessar á henni yrðu áreiðanlega stórt spor aftur á bak. Og merkilegt er það að ætla sjer að koma fram með brtt. af sparnaðarástæðum, þar sem þing hefir verið háð á hverju ári frá 1911 til 1919 og eitt árið tvisvar sinnum, meðan ákvæðið um þing annaðhvert ár var þó enn þá í stjórnarskránni.

Jón Þorláksson: Jeg ætla ofurlítið að minnast á brtt. hv. þm. Str. (MP). Það eru þrjár aðalbreytingar, sem hann fer fram á, það fyrst, að fækka þm., í öðru lagi að þurfamenn skuli öðlast kosningarrjett, og þriðja, að aðeins ein málstofa skuli verða, með öðrum orðum: óskift þing.

Um fyrstu breytinguna er það að segja, að hún er fyrirkomulagsatriði, en ekkert stefnumál. Enda má með lögum fækka þm., nema hvað stjórnarskránni verður að breyta, ef landskjörnir þm. verða numdir burt, og get jeg að mínu leyti sagt það, að mjer er ekkert sárt um þá, og óhæfilega mikil fyrirhöfn við kosningu þeirra.

Um hin tvö atriðin er það aftur á móti að segja, að þau eru bæði stefnumál, enda hefir flm. (MP) fengið viðurkenningu fyrir þær brtt. úr þeirri átt, sem hún átti að koma, nefnilega frá hv. 2. þm. Reykv. (JB), þeim eina þm., sem hefir beinlínis á stefnuskrá sinni að kollvarpa núverandi þjóðskipulagi. Það eitt ætti út af fyrir sig að vera nægilegur dómur á báðar þessar brtt., að vísa til þessa. Það má kannske segja sem svo, að það skifti litlu máli, eins og kosningarrjetturinn er nú orðinn rúmur, að veita þurfamönnum hann líka, en hitt er að minsta kosti stórkostlegt atriði, að hafa óskift löggjafarþing. Jeg veit til þess, að sum ung ríki hafa reynt það, en alstaðar gefist svo illa, að mjer vitanlega er það fyrirkomulag hvergi notað nú, og verður líklega hvergi notað fyrri en sameignarfyrirkomulagið fer að láta ljós sitt skína yfir heiminum! Háttv. þm. Str. (MP) viðurkendi raunar þýðingu þess, að hafa tvískift löggjafarþing, sem vörn gegn óhæfilega miklum og ljelegum lagatilbúningi, og í framsöguræðu sinni gat hann þess, að yrði óskiftu þingi komið á, þyrftu einhver varúðarákvæði að koma í staðinn og benti á t. d. að hafa fjórar umræður, en beiddist þess annars, að menn vildu koma með einhverjar aðrar heppilegar tillögur í þá átt. Þannig hefir hann sjálfur viðurkent aðalmótbárurnar gegn þessari tilhögun, auk þess, sem þetta sýnir ljóslega, hvað brtt. hins hv. þm.

eru fljóthugsaðar og vanhugsaðar. Það er margt, sem enn mætti um þessar brtt. segja, en jeg ætla þó að láta hjer staðar numið.

Þá eru það tvær breytingar enn þá á stj.skr., sem frv. fer fram á, sem sje að halda þing annaðhvert ár og fækka ráðherrunum niður í einn, en þá sjálfsagt með þeirri hugsun á bak við, að taka upp landritaraembættið eða stofna annað á borð við það. Báðar hafa þessar tillögur sætt andmælum, sú fyrri þó eingöngu af hæstv. forsrh. og flokksbræðrum hans, og var það því ekki að ófyrirsynju, að hann lagði áherslu á, hvað þær raddir væru veigamiklar. Aðalmótbárurnar voru þær, að skaðlegt væri að vera of oft að hrófla við stjórnarskránni. Það viðurkenna líka allir. En allur fjöldi manna, utan þings að minsta kosti, lítur svo á, að sú stefna eigi að ná lengra en til stjórnarskrárinnar, og er þeirrar skoðunar, að í flestum tilfellum verði nægilegt, að þing komi saman annaðhvert ár til að búa til ný lög og breyta þeim, sem fyrir eru. Þinginu er heldur ekki ætlað að annast stjórnarstörf, en þó er sú raunin á, að ráðherrarnir leita að staðaldri til ýmsra þingnefnda með mál, sem eru framkvæmdarmál en ekki löggjafarmál. Það er máske ekki rjett, að áfellast stjórnina fyrir þetta, þegar þing standa yfir á annað borð, en hún á samt sem áður að komast af án þess að hafa stöðugt þingnefndir sjer við hönd til að ráða fram úr málum sínum, og hafa þær þannig fyrir nokkurskonar yfirstjórnendur. Það á ekki að halda þing á hverju ári til þess. Og almenningur ályktar svo, sem ekki sje nauðsynlegt að hræra árlega í löggjöfinni, en löggjöfin er það, sem þingið á að annast. Þá gera þessar „mörgu og veigamiklu raddir“ mikið úr því, að þingið eigi, af sínu mikla viti, að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar, þrátt fyrir það, að alment er viðurkent, að löggjafarsamkomur sjeu fremur ljelegt verkfæri til þeirra hluta. En sú heilbrigða skynsemi og rólega yfirvegun, sem málinu mætir utan þings, segir, að þingið hafi gengið betur frá lögum sínum og vandað meir störf sín meðan það var haldið aðeins annaðhvert ár. Ástæðan auðvitað sú, að stjórninni vanst þá betri tími til að búa málin undir þingið, enda mun engum blandast hugur um, að lagasmíði hafi verið einna vönduðust á árunum 1904—1912, meðan ákvæðinu í stjórnarskránni, um þinghald annaðhvert ár, var fylgt. Menn finna til þess, að fjárhagurinn sje erfiðari en áður og skuldabyrðin miklu þyngri en menn hafa gert sjer vonir um að landið sje fært um að bera. En menn treysta því ekki, að þinginu takist að bæta úr því með því einu að sitja árlega á rökstólum og skeggræða. Auk þess sjá menn, að þinghaldið verður því sem næst helmingi dýrara með því fyrirkomulagi, sem nú er, því allar vonir manna um það, að þingtíminn styttist, ef þing er árlega, hafa brugðist fram að þessu.

Jeg fyrir mitt leyti er alveg óhræddur við það að leggja slíka stjórnarskrárbreytingu undir úrskurð þjóðarinnar, þó hæstv. forsrh. (SE) sje það ekki. Því jeg er alveg viss um það, að mikill meiri hluti kjósenda vill ekki einungis hafa þessa heimild til að hafa þing aðeins annaðhvert ár, heldur mun hann heimta það, að stjórnin framfylgi þessu, nema einhver alveg sjerstök stórmál sjeu á döfinni, eða stórkostlegt um-

rót í umheiminum, svo sem var, þegar Norðurálfuófriðurinn gaus upp, öllum að óvörum. En slík ósköp hafa hingað til ekki komið fyrir nema svo sem einu sinni á öld.

Þá ætla jeg að minnast örlítið á breytinguna á stjórninni. Mjer fanst það á hv. þm., að þeim sje sárt um að missa ráðherrana sína, og jeg get eiginlega ekki láð það flokki, sem hefir meiri hluta nú sem stendur, að honum þyki sætt á bragðið að geta ráðið yfir þremur ráðherrasætum. Jeg skil því að þessu leyti afstöðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). En það, sem aðallega vakir fyrir mjer í þessu máli, er það, að með núverandi tilhögun getur landið ekki átt von á því að fá viðunanlega góða stjórn. Þetta er ekki af því sprottið, að landinu þurfi í sjálfu sjer að vera ver stjórnað af þrem ráðherrum en einum, heldur af því, að landritaraembættið vantar nú, en það var til þess stofnað í upphafi, að fá nægilega festu í stjórn landsins. Til þess að gera þessa hugsun mína nægilega skiljanlega, verð jeg að skýra stuttlega frá því, hvaða skipulag er á þessu víða erlendis, t. d. í nágrannalöndunum. Málunum er þar skift niður á skrifstofur og sjerstakur forstjóri yfir hverri skrifstofu, eða skrifstofustjóri. En yfir hverjum flokki skrifstofa, t. d. öllum þeim, sem með atvinnumál fara, er svo annar sjerstakur yfirmaður, sem á íslensku hefir venjulega verið nefndur deildarstjóri, og svarar það til landritaraembættisins hjer. En þetta er fast embætti og óbundið öllum stjórnarskiftum, og maðurinn, sem gegnir því, hefir kunnugleika á og yfirlit um öll þau mál, sem undir skrifstofuflokk hans heyra, og á að geta haldið þar samræmi og yfirliti, sem hinir einstöku skrifstofustjórar geta að sjálfsögðu ekki haft. Í þennan mann sækja svo hinir nýju ráðherrar þekkingu sína á því, sem á undan er gengið í málum þeim, sem undir þá heyra.

En með núverandi skipulagi hjer hafa ráðherrarnir ekki í annað hús að venda en til hinna einstöku skrifstofustjóra, sem ekki þekkja annað en sína skrifstofu, þannig, að alt samræmi fer út um þúfur, af því að enginn fastur maður er nú til í stjórnarráðinu, sem hafi yfirlit um allar skrifstofurnar, eins og landritarinn hafði áður. Nú mun einnig vera svo komið, að fylgt er sitt hvorri reglunni í afgreiðslu mála, eftir því í hvaða stjórnardeild þau eru. Auðvitað getur svo verið, að einhver skrifstofustjóri hafi setið svo lengi, að hann sje orðinn vel kunnugur, en það þarf ekki að vera, og engin trygging er fyrir því. Það mun heldur ekki vera hægt að taka sem skrifstofustjóra mann utan að, þó ýmsum virðist svo sem slík embætti ættu að standa opin, t. d. góðum sýslumönnum utan af landi, heldur verður að taka í þau mann úr stjórnarráðinu sjálfu, ef ekki á alt samhengi í framkvæmdarstjórninni að fara út um þúfur.

Enn eitt aðalatriði í þessu sambandi er það, að landritarinn átti áður að gæta fjárhags landsins fremur en nokkur annar embættismaður, sjá um samræmi þar og halda í horfinu, þó stjórnarskifti yrðu. Og þó þetta væri oft á þeim árum erfitt og all-umfangsmikið, og miklar greiðslur og fjárkröfur, má segja það, að yfirleitt hafi fjárhagnum þá verið haldið í rjettu horfi. Síðan hefir fjárhagurinn að ýmsu leyti komist á ringulreið, og þó að sjálfsögðu megi segja, að því hafi að ýmsu leyti ráðið utanaðkom-

andi ástæður, er þó enginn efi á því, að jafnframt hefir ráðið þar miklu um það atriði, að enginn fastur punktur var lengur til í fjármálastjórninni, enginn embættismaður fastur og nægilega hátt settur, sem gæti haldið samræminu og haft yfirlit og markað aðallínurnar frá ári til árs út frá þekkingu sinni og reynslu, sem nýir og nýir ráðherrar geta skiljanlega ekki haft. Því þó að slíkur embættismaður hafi ekki nema tillögurjett í orði kveðnu, en viðkomandi ráðherra beri ábyrgðina, fer þó sjálfsagt ætíð svo, að ráðherrann getur ekki gengið fram hjá tillögum hans og áliti og ekki án þess verið. Jeg sje því enga von þess, að núverandi ástand batni fyr en tekið er upp aftur landritaraembættið, og það jafnvel með nokkru meira embættisvaldi en áður var. Hitt er auðvitað annað mál, og ekki tiltökumál, þó einstökum mönnum, sem í embættinu sitja, geti skjátlast í einstöku atriðum. Og þó jeg hafi orðið til þess hjer í deildinni, að benda á eitt slíkt atriði, þá sannar það auðvitað ekkert um embættið yfirleitt.

En aðalatriðið er það, að með landritaraembættinu ætti jafnan að vera fengin trygging fyrir því, að í stjórninni sitji einn maður, sem valinn sje yfirleitt með tilliti til hæfileikanna, en með þriggja ráðherra skipulaginu er engin trygging fyrir því, að ráðherrarnir sjeu valdir á þennan hátt. Einkum koma gallarnir á þessu skipulagi fram, þar sem flokkaskipunin er eins riðluð og óákveðin og nú er hjer og stjórnin er oftast nær valin með sambræðslu eða hrossakaupum, sem venjulega eru nefnd, milli þeirra þingflokka, sem stjórnina vilja styðja. Það þarf heldur ekki að vera að dylja þann sannleika í þessu sambandi, að ráðherrarnir munu ekki ósjaldan vera valdir fremur með tilliti til þess, hversu líklegir þeir væru til þess að verða þægilegir í vikum fyrir flokksstjórnina, heldur en af því, að menn hefðu traust á þeim að öðru leyti. Þessi tilhögun um 3 ráðherra, sem eru þingbundnir í reyndinni, þó konungur útnefni þá í orði kveðnu, væri nú samt viðunanlegri, ef jafnan væri í stjórninni þessi fasti embættismaður, sem jeg hefi talað um. En þar sem flestir menn álíta okkur það ofviða að hafa þannig 4 menn í stjórninni, og heldur ekki nóg handa þeim að starfa, er jeg fyrir mitt leyti fylgjandi því, að fækka ráðherrunum, með því móti að landritaraembættið verði jafnframt tekið upp aftur. Landritarinn ætti svo eins og áður að annast daglega afgreiðslu málanna yfirleitt, nema sjerstaklega standi á. Þrátt fyrir þetta get jeg að ýmsu leyti sett mig inn í hugsunarhátt þeirra manna, sem vilja hafa ráðherrana tvo.

En yfirleitt er nokkuð líkt að segja um þessa ráðherrafækkun og þingafækkunina. Það er viðurkent af flestum, að landinu hafi verið betur stjórnað undir fyrra fyrirkomulaginu og að löggjafarstarfið hafi gengið betur þá, og þess vegna eigi að breyta aftur.

Jeg vil svo enda mál mitt á því, að jeg geri ekki ráð fyrir, að ráðherrafækkunin nái fram að ganga eftir undirtektunum nú, þó að jeg telji hana ekki síður til stórra bóta en þingafækkunina, og það svo, að jeg get ekki greitt frv. í heild sinni atkvæði, ef ráðherrafækkunin verður feld niður. Því jeg tel rjettara, að ef farið verður með málið á annað borð út til þjóðarinnar, þá verði þetta hvorttveggja látið fylgjast að, því það gæti orðið torveldara að fá

framgengt annari breytingunni, ef hin væri áður fengin.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil reyna að forðast endurtekningar og skal vera mjög stuttorður. Jeg verð þó, að gefnu tilefni, að gera nokkrar atugasemdir við ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg er sammála honum í því, að þingið eigi ekki að blanda sjer inn í hin eiginlegu stjórnarstörf (administrationina). En jeg sje ekki, að ferðir mínar til hv. allsherjarnefndar nú geti gefið tilefni til ummæla háttv. þm. (JÞ), því jeg veit ekki til, að jeg hafi rætt nein mál við háttv. nefnd önnur en Spánarmálið og landhelgisgæsluna. Taldi jeg það skyldu mína að skýra þingnefndinni frá þeim málum, enda mundi það hafa verið talin vanræksla, ef jeg hefði ekki gert það, í hvaða þingi sem var.

Um stjórnarfyrirkomulagið á þeim gullnu tímum, sem þennan hv. þm. (JÞ) dreymir um, þarf jeg ekki að fjölyrða. Tímarnir og ástandið alt er nú svo gerbreytt síðan, að ekki er saman berandi við það, sem þá var. Deildarstjórafyrirkomulagið, sem hann talaði um í sambandi við landritaraembættið, er heldur ekki rjett skilið hjá honum. Því skrifstofustjórarnir hjer eru einmitt alveg samskonar embættismenn og deildarstjórarnir, sem hann talaði um, en embætti á borð við landritaraembættið hjer er ekki til annarsstaðar á Norðurlöndum. Annars er engin reynsla fengin fyrir því, og ekkert hægt um það að fullyrða, hvernig hið gamla skipulag hefði reynst á hinum nýju og breyttu tímum, sem síðan hafa komið. Er það kunnugt, að margfalt meira erfiði hefir nú mætt á stjórninni heldur en í fyrri daga. Þannig er það, að þessar snöggu og miklu breytingar í fjárhagslegu lífi þjóðarinnar gera alt aðrar kröfur til stjórnendanna en áður; mundi og þessara breytinga eins hafa orðið vart, þótt gamla fyrirkomulagið hefði haldist, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir svo mikla tröllatrú á. Það eru draumórar einir að halda því fram, að hjer gæti ekki sömu áhrifa á þessu sviði og annarsstaðar.

Þá sagði þm., að það væri óhugsandi, að stjórnin tæki duglega menn úr hópi lögfræðinga utan stjórnarráðsins fyrir skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Jeg held nú, að reynslan sýni alt annað. Þegar jeg var fjármálaráðherra, tók jeg sýslumann utan af landi og gerði að skrifstofustjóra í minni deild, og jeg verð að segja það, að jeg hefi ekki iðrast eftir það verk mitt, fyr nje síðar. Það liggur og í augum uppi, að sýslumenn eru svo nákunnugir öllum umboðsstörfum, að þeir hljóta að vera manna færastir til að gegna slíkum embættum. Hvað viðvíkur núverandi stjórn, þá mun sú stjórn vandfundin, sem allir væru ánægðir með; en sje svo, að þingið hafi verið óheppið í vali sínu á stjórninni, þá liggur næst fyrir, og vandinn hægur, að skifta um og fá aðra. Þessu má alls ekki blanda saman, hæfileika stjórnarinnar til að fara með völdin og stjórnarskránni. Það mun engin sú stjórnarskrá til vera, sem getur girt fyrir misfellur í stjórnarfarinu. Það eru og ekki þeir ábyrgðarlausu, sem mest veltur á um stjórn landsins, heldur einmitt þeir, sem ábyrgðina hafa. Setjum svo, að gamla fyrirkomulagið, með landritarann, yrði tekið upp aftur, þá væri þó alt undir stjórninni komið, hvernig landritarinn yrði. Jeg verð því að halda því fram, að alt er undir því komið, hvernig þeir menn eru, sem ábyrgðina

hafa. Og jeg segi það, að það er engum ráðherra ofætlun að setja sig inn í öll þau störf, sem fyrir koma í stjórnarráðinu, eða þau mál, er undir hans úrskurð koma. Jeg geri ekki ráð fyrir, að nokkur ráðherra með ábyrgð sje til, sem felli úrskurð um mál, án þess að hafa sett sig inn í þau frá rótum. Eigi annaðhvort að fara að fækka þingunum eða ráðherrum, skal jeg glaður samþykkja fækkun ráðherranna heldur en þinganna. En komi sú tillaga fram að fækka ráðherrunum, vil jeg ekki berjast á móti henni; en jeg vil benda á þá samlíkingu, sem nýverið hefir verið komið með um bankanna, að sje þörf fyrir þrjá bankastjóra fyrir hvorum þessara litlu banka, ætti ekki síður að vera þörf þriggja ráðherra til að stjórna landinu öllu. Jeg held því og fram, eins og jeg hefi þegar tekið fram áður um þetta mál, að þegar ráðherrann fer utan á fund konungs, til að leggja fram fyrir hann lög, og í öðrum embættiserindum, þá hljóta menn að bera fram þá kröfu, að einhver maður með fullri ábyrgð á stjórninni sje kyr eftir í landinu. Það getur alveg eins alvarlega hluti borið að höndum á þeim tímum, sem ráðherrann er utan, og því er ekki rjett að svifta þjóðina þeim mönnum, sem ábyrgð geta borið á því, hvernig fram úr þeim málum verður ráðið.

Þó að ráðherrann eigi nú að bera ábyrgðina á landritaranum, er það vitanlegt, að hann yrði ekki hengdur fyrir þau verk, sem landritarinn fremdi meðan ráðherrann væri utan, og gat því ekki vitað um. Það er því vafasamt, að hann gæti eða yrði látinn bera ábyrgð á slíku. Þess vegna verða að vera að minsta kosti 2 ráðherrar.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 30, n. 148, 151, 229, 246).

Björn Hallsson: Það er nú nærri hálfur mánuður síðan mál þetta var seinast á dagskrá og umræðum frestað hjer í hv. deild. Er því eðlilegt, að farið sje að fyrnast yfir ýmislegt, sem hjer var sagt seinast, og líka, að jeg endurtaki sumt, sem annars hefði ekki orðið. En mjer finst tæplega fara vel á því, að eins þýðingarmikið mál og þetta skuli vera látið sitja á hakanum fyrir smámálum. En þau ganga svona stundum hjá okkur, vinnubrögðin. Lítilsverð mál taka oft langan tíma frá þinginu, og svo verður að lokum að kasta höndunum til þeirra, sem meira er um vert. Jeg vil nú beina þeirri spurningu til deildarinnar og hæstv. forseta, hvort ekki sje nú ráð að fara að vinsa úr þau málin, sem einhverja verulega þýðingu hefir að gangi fram, og hin sjeu svo látin eiga sig. Með því eina móti gæti ef til vill orðið einhver von um, að þingið þyrfti ekki að standa langt fram á sumarið.

Jeg var víða spurður um það eystra, áður en jeg fór til þings, hvort ekki myndi beinn sparnaður að því að fækka þingunum, halda þau aðeins annaðhvert ár. Jeg var því samþykkur fyrir mitt leyti, en taldi óvíst, að þingið vildi ganga inn á þá braut að gera nú breytingar á stjórnarskránni, og því síður, að um þær næðist fult samkomulag.

Þegar frv. á þskj. 30 kom fram, leist mjer strax vel á það, og mun jeg ljá því fylgi mitt hjer í þessari hv. deild. Get jeg ekki annað fundið en að því fylgi verulegar sparnaður, með því fyrst og fremst að fækka þingunum. Þegar tekið var upp það atriði í stjórnarskrána á þinginu 1920, að þing skuli koma saman á hverju ári, var meðal annars sú ástæða færð fyrir árlegum þingum, að þau yrðu styttri en þing annaðhvert ár, og því lítið eða ekkert dýrari. En reynsla þessara ára, sem síðan eru liðin, hefir ekki stutt það. Þingin eru nú yfirleitt eins löng og áður. Orsakir þess liggja í augum uppi. Fyrst og fremst verður því meiri málafjöldi og lagabreytingar fyrir þingunum, því oftar sem þau eru háð, og hætt er við að mörg af þeim málum verði óþörf, eða svo bendir reynslan til. Er oft illa varið tíma og peningum til þess að þvæla þau, og mættu mörg þeirra að skaðlausu hvíla sig eða sofna alveg. Hins vegar verður betlið til þingsins enn þá meira, því oftar sem kostur gefst á að kvabba, en eins og menn vita, hefir þetta mjög tafið störf fjvn. og lengt þingtímann. Þar sem nú þingin undanfarin ár hafa kostað 2—3 hundruð þúsund krónur, er það ekki lítið, sem sparast, jafnvel þótt gera mætti ráð fyrir lengri þingsetu, sem jeg efast um að yrði, þótt þing sje háð annaðhvert ár. Þó skal jeg játa, að ekki er ólíklegt, að svo yrði.

Þá er þessu fundið það til foráttu, að með því sje kastað of stórum bagga á herðar stjórnarinnar, og vald hennar um leið aukið um of. Þetta gekk þó alt vel á meðan einn var ráðherra ásamt landritara, og mætti það eins verða hjer eftir. Mjer sýnast fjáraukalögin geta náð nógu hárri upphæð nú undanfarið, þrátt fyrir árleg þing.

Vitanlega heyrast alltaf annað slagið raddir um það, að þing sje háð alt of stuttan tíma árlega. T. d. er alþekt skoðun hv. þm. Dala. (BJ) á því efni, sem vildi ef til vill helst, að þing stæði yfir alt árið. Tók hann í þann strenginn seinast, er hann talaði í þessu máli. Það er þó augljós sparnaður í því, að þingið losni annaðhvert ár við að sitja undir óþörfum ræðum hans, og jafnvel sumra annara hv. þm., og myndu landinu þar sparast drjúgir peningar, sem ella færu í prentunarkostnað og annan óþarfan þingkostnað. (**BJ**: Jeg felst ekki á það, að mínar ræður í þinginu sjeu óþarfar, en jeg skal játa, að ræður hv. 2. þm. N.-M. (BH) eru það). Um það býst jeg þó við að gætu orðið skiftar skoðanir, en það sannast á hv. þm. Dala (BJ), að hverjum þykir sinn fugl fagur. En svo kunnugur ætti hann að vera orðinn hv. þm., að hann vissi það, að margra leiðindastunda hefir hann aflað þeim með sinni alkunnu og óþörfu mærð.

Þá kem jeg að fækkun ráðherranna. Þessi þríhöfðaða stjórn myndaðist víst bæði af því á þinginu 1916, að flokkaríðlið var svo mikið, að ekki var hægt að koma sjer saman um einn ráðherra, og líka af því, að störfin þóttu of umfangsmikil á stríðsárunum fyrir einn ráðherra. Þetta var því aðallega bráðingsstjórn, og svo hefir í raun og veru verið síðan, og svo stríðsráðstöfun.

Mjer hefir alt af fundist þessi samsteypa ekki vera til annars en að ala á sundrung í þinginu, þannig, að hvert flokksbrot vill ná sæti í stjórninni. Sá siður er ekki heldur hjá okkur, eins og hjá ýmsum nágrannaþjóðum vorum, að

einum manni sje falið að mynda ráðuneytið, heldur hefir það jafnvel stundum gengið erfiðlegast að koma sjer saman um meðstjórnendur forsætisráðherrans. Jeg held því, að það yrði breyting til bóta, að fækka ráðherrum, og líklegt þætti mjer, að fremur gætu myndast hreinir flokkar í þinginu, ef einn væri ráðherrann, en á því tel jeg brýna nauðsyn.

En auðvitað þarf að vanda ráðherravalið sem best, sem og altaf er þörf, hvort sem þeir eru einn eða fleiri, þótt meira ríði á, ef hann er einn. Hins vegar er það alkunnugt, að skrifstofur stjórnarráðsins vinna fyrst og fremst að þeim málum, sem fyrir þeim liggja, hver fyrir sig, og hefir stjórnin þær alt af sjer við hlið, og getur auk þess fengið aðstoð sjerfróðra manna, er um samning lagafrv. er að ræða og undirbúning mála, eins og t. d. símamála, vitamála, vegamála, póstmála, búnaðarmála o. fl. Jeg styð þessar breytingar á stjórnarskránni og vildi óska, að þingið gæti orðið samtaka í að koma þeim fram. Þá kæmist þó eitt mál fram, sem fylgdi verulegur sparnaður og ávinningur á fleiri vegu.

Þá er brtt. á þskj. 246, þess efnis, að fella niður úr 58. gr. stjórnarskrárinnar það ákvæði, að breyta megi því með einföldum lögum, að kirkjan sje þjóðkirkja. Eins og kunnugt er, hefir talsvert bólað á þeirri hreyfingu hjer undanfarin ár, að koma á aðskilnaði ríkis og kirkju, og þótt jeg sje ekki mjög ákafur í þá breytingu, þá finst mjer rangt að gera það svo erfitt, ef það yrði ofan á hjá þjóðinni, að til þess þyrfti að breyta stjórnarskránni. Það kostar þingrof og kosningar og auk þess aukaþing, ef þing ætti ekki að halda nema annaðhvert ár, og það þykir mjer of mikil fyrirhöfn og kostnaður. Jeg er því á móti þessari breytingu.

Jeg er yfirleitt móti brtt. á þskj. 229. Jeg gæti að vísu gengið inn á eina, fækkun þingmanna, sem sje að sleppa landskjörnu þm. Jeg sje ekki mikið eftir þeim. Mjer finst það nokkuð mikil fyrirhöfn að setja af stað kosningar um alt land fyrir eina 3 menn. Til þess fann jeg vel seinast þegar kosið var. Hins vegar eru þeir engin samstæð heild, eins og þeir konungkjörnu voru áður, og ná því ekki því markmiði, sem ætlað var. En sökum þess, að við þessa brtt. á þskj. 229 loða önnur ákvæði, sem jeg er alveg mótfallinn, eins og t. d. að þingið sje ein málstofa, og 4 umræður, þá mun jeg greiða atkv. móti brtt. í heild sinni. Enda gætu þessar breytingar orðið öðrum nauðsynlegri breytingum á stjórnarskránni að falli, ef þessar kæmust inn, og að því vil jeg ekki stuðla.

Brtt. á þskj. 251 miðar að því að fella alt burt úr stjórnarskrárfrv. nema ákvæðið um þing annaðhvert ár, og get jeg ekki greitt henni atkv. mitt.

Skal jeg svo ekki lengja umr. meira að þessu sinni.

Þorleifur Jónsson: Við umr. um daginn voru það ekki margir, sem rjeðust á móti tillögum okkar hv. þm. S.-Þ. (IngB), og er fyrir þá sök ekki miklu að svara. Hæstv. forsrh. (SE) studdi okkar málstað, en honum ætti að vera það kunnara en mörgum öðrum, hve mikil störf hvíla á ráðherrunum. Hann kom með eina ástæðu í viðbót við þær, sem jeg hafði tekið fram, nefnilega þá, að illa fari á því, og bagi mikill, að landið verði ráðherralaust, þegar þessi eini þarf að fara utan á konungsfund, einu sinni eða tvisvar á ári. Er það og auðsætt,

að þetta getur komið sjer mjög illa, að hafa engan í landinu, sem ábyrgð ber á stjórn þess, þótt ekki sje um langan tíma að ræða. Hv. frsm. (MG) játaði það með mjer, að lítill sparnaður væri að því að fækka ráðherrunum, og yfir höfuð fanst mjer hann ekki færa nein sjerleg rök fyrir nauðsyn þess að fækka þeim, fyrst sama sem enginn sparnaður verður við það. Því að mjer skildist hann samdóma mjer um það, að taka þyrfti þá upp landritaraembættið, eða eitthvað, sem svaraði til þess.

Hann vildi ekki gera mikið úr því, að störf ráðherra hefðu aukist mikið frá því, sem var áður. En allir vita þó, að bæst hafa við nýjar tegundir mála, svo sem ríkisverslun, vatnamál, utanríkismál, strandvarnarmál, svo að eitthvað sje nefnt, og margt fleira.

Hv. þm. talaði um, að lagaundirbúningur kæmi varla á herðar stjórnarinnar, þar sem ráðherrarnir hefðu varla tíma til að leggja vinnu í slíkt, þótt þeir væru 3. Þetta virðist þó benda til þess, að hv. þm. viðurkenni það fyllilega, að þeir hafi talsvert að starfa, og er það þá þeim mun undarlegra, að hann skuli treysta einum manni til að inna það starf af hendi.

Ekki virðist hann heldur bera neinn kviðboga fyrir því, að erfitt verði fyrir einn mann að standa fyrir málum á þingi. En jeg vil halda mjer við það, sem jeg áður hefi sagt, að það hljóti að verða býsna erfitt.

Jeg býst við, að margir hv. þm. sjeu þeirrar skoðunar, að ofvaxið sje einum manni að hafa yfirstjórn tveggja sýslna, en jeg verð þó að segja það, að fremur væri þó viðlit að fækka eitthvað sýslumönnum landsins heldur en að fækka ráðherrum niður í einn. Hitt væri ef til vill vel við unandi, að hafa aðeins 2 ráðherra, en til þess þarf ekki að breyta stjórnarskránni, heldur nægir aðeins einfaldur konungsúrskurður.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) lagði, að mjer fanst, mesta áherslu á það, að nauðsyn bæri til að taka upp landritaraembættið aftur. Sagði hann, að ekki gæti orðið góð stjórn á þessu landi fyr en það yrði gert. Þá fyrst kæmi festa í stjórnina. En það er nú svo með skrifstofustjórana, að þeir eru fastir embættismenn, og á skrifstofum stjórnarráðsins hljóta því að skapast fastar stjórnarvenjur, sem ekki er mikið hringlað frá. Ætti þetta embætti því ekki að vera óhjákvæmilegt af þeirri sök.

Mjer fanst sá hv. þm. (JÞ) helst mæla á móti 3 ráðherrum af þeirri sök, að það væri áhugamál Framsóknarflokksins að styðja að því, að svo yrði áfram. Þótti honum það nokkur vorkunn, þar sem flokkurinn byggist nú við að verða í meiri hluta. En þótt Framsóknarflokkurinn kunni, frá hans sjónarmiði, að vera í ljelegra lagi, eins og hann hefir einhverntíma látið sjer um munn fara, þá hugsa jeg samt, að hann sje þó svo vitur, að hann berjist ekki fyrir 3 ráðherrum sín vegna. Því þótt von væri um, að þessi flokkur næði meiri hluta um sinn, getur þó einhver annar flokkur náð meiri hluta, er stundir líða. Það gengur svo í öllum löndum, að flokkarnir skiftast á, og væri því barnaskapur að ætla sjer að aka seglum í slíku misvindi á þann hátt, sem hv. þm. talaði um, og ekki til trúandi nema hans eigin flokki. Það, sem fyrir okkur vakir, er ekki það, hvort þetta kunni að vera betra fyrir þennan flokkinn eða hinn, heldur hitt, að stjórn landsins muni að öðru

jöfnu fara betur úr hendi hjá þrem mönnum en einum.

Jeg hefi heyrt því haldið fram af einstöku manni, þótt ekki hafi það komið fram í umræðum fyr en nú, hjá hv. 2. þm. N.-M. (BH), að fækkun ráðherra hlyti að verða nokkurskonar allsherjarlyf gegn flokkaringulreið þeirri, sem nú er. En jeg er nú ekki sjerlega trúaður á, að það verði mikil lækning á þeim meinum. Jeg er alveg sannfærður um, að þjóðin er ekki mikið að hugsa um það við kosningar, hvort ráðherrar eru 1 eða 3. Hver flokkur reynir að ná sem mestu atkvæðamagni, án alls tillits til þess. Nokkur undanfarin ár hefir enginn flokkur haft nægilegan meirihluta á þingi til að mynda stjórn. Má vel gera ráð fyrir, að svo geti orðið áfram, eins þó ráðherra sje aðeins einn. Hvernig ætti t. d. að mynda stjórn af þremur sundurleitum, jafnsterkum flokkum? Þá gæti vel svo farið, að konungur yrði að taka í taumana og skipa einhvern í ráðherrasæti, og tækist þeim manni ekki að mynda um sig meirihluta á þingi, yrði það auðvitað minnihlutastjórn. Þetta leiðir til sífeldra og snöggra stjórnarskifta, sem getur orsakað, að það þurfi hvað eftir annað að rjúfa þing. Jafnvel þótt ákveðinn meirihlutaflokkur sje til, getur farið svo, að erfitt sje að sameina sig um einn mann. Vjer höfum dæmin fyrir oss, þó nokkuð sje frá liðið, er forsetar þingsins urðu að fara á konungsfund til þess að ræða við hann um ástandið, er ekki fjekst samkomulag um það á þingi, hver ætti að hljóta hnossið og verða ráðherra. Þó var aðeins um einn ráðherra að ræða þá. Þetta var á þinginu 1909. Nokkru síðar, mig minnir það vera 1913, reis upp deila milli flokkshöfðingja meiri hlutans út af ráðherraskipun. Þessi dæmi sýna það, að jafnvel það, að hafa einn ráðherra, getur klofið flokka og valdið sundrung. Svo þetta sýnist ekki vera neitt allsherjar læknislyf við flokkasundrung. Jeg sje ekki annað en að meiri hluti geti myndast á þingi um stjórn, eins fyrir það, þó ráðherrar sjeu fleiri en einn eða tveir, og hann hlýtur að myndast eftir því sem málin skýrast betur fyrir mönnum, án tillits til tölu ráðherra. Jeg þarf ekki að ræða meir um þetta atriði, það liggur svo í augum uppi, enda er mjer þetta ekki mikið kappsmál, þótt jeg á hinn bóginn álíti stjórn landsins miklu betur komna í höndum 3 manna en eins manns.

Hv. þm. Str. (MP) mælti mjög á móti fækkun þinga, og sagði enn fremur, að jeg hefði talið fjárlögin spádóma. Þetta er nú kannske ofmælt hjá hv. þm., en tekjuhlið fjárlaganna verður þó einlægt spádómur. Fjárlögunum ber ekki ætíð saman við landsreikningana eftir á, síst hvað tekjurnar snertir. Við erum að reyna að spá þannig, að ræst geti; að tekjurnar verði að minsta kosti ekki minni en þær hafa verið áætlaðar. Gætum við því vel haldið áfram að spá á sama hátt fyrir árið 1925, enda hefir oss oft tekist að spá svo varlega, að tekjurnar hafa farið fram úr áætlun.

Jeg held menn verði að játa, að þegar þing er komið saman, hrúgast inn á það aragrúi af málum, bæði nauðsynlegum og ónauðsynlegum, og mun svo einlægt verða, þó þing sjeu á hverju ári. Eru nú mörg þau mál á döfinni hjer, sem vel hefðu mátt bíða, og er það miklu betra, að þingið hafi um færri mál að fjalla, ef þau væru þörf og nauðsynleg. Hv. þm. Str. (MP) talaði fagurlega fyrir sínum miklu brtt. við stjórnarskrána,

og er ekki því að neita, að þær eru margar mjög markverðar og til bóta sumar.

Á þinginu 1919 voru ýmsar till. uppi í stjórnarskrárnefnd, sem ef til vill hefðu verið heppilegri sumar, ef þær hefðu náð að ganga fram; þar á meðal var það, að þingið skipaði aðeins eina málstofu. En þar voru skoðanir mjög sundurleitar; sumir vildu t. d. hafa alla Ed. landskjörna, og var því skamt öfganna á milli. Því varð það þá, að menn kusu að fara miðlunarveginn og hafa þingið líkt skipað og áður, en í stað hinna 6 konungkjörnu þingmanna komu nú 6 landskjörnir þm., því að menn treystu þessu betur til að ná samþykki allrar þjóðarinnar. Held jeg og að svo fari enn, að ekki fáist meiri hluti á þingi fyrir svona stórkostlegum breytingum á stjórnarskrá vorri, og þó svo færi, tel jeg mjög óvíst, að þjóðin öll yrði á sama máli. Mundi þetta verða að deilumáli um langan tíma, og er þá betra að hafa þennan bræðing frá 1919, sem þjóðinni er þó ekki beint á móti skapi, er hún hefir sætt sig við þetta fyrirkomulag, sem nú er. Öðru máli er að gegna um það, að raddir hafa borist víðs vegar að um það, að óþarft mundi vera að hafa þing á hverju ári, og því held jeg að óhætt muni vera að samþykkja þá breytingu, vegna þess, að hún muni ná samþykki þjóðarinnar eftir á.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla ekki að gera aðrar tillögur til stjórnarskrárbreytingar að umtalsefni að þessu sinni en frv. það, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) ber fram; því jeg álít gagnslítið að deila um aðrar brtt., sem fram eru komnar, og mín ræða verður ekki deiluræða.

Af hálfu hæstv. forsrh. (SE) hefir þeirri mótbáru verið haldið fram gegn þessu frv., og tók hann það oft fram í ræðu nú nýlega, að næg reynsla væri enn ekki fengin á núverandi stjórnarfyrirkomulagi, eða hvernig það mundi reynast í framtíðinni. Reynslutíminn er þó orðinn 6 ár, að því er kemur til ráðherrafjölgunarinnar, og nokkuð mætti því spá í eyðurnar um það, hvernig hún muni gefast í framtíðinni, af þegar fenginni reynslu. Ef ráðherrafjölgunin hefði gefið, þó ekki hefði verið nema dálitlar vonir um batnandi stjórnskipulag, þá er vafasamt, hvort þessi fækkunartillaga hefði fram komið að þessu sinni. En eftir 6 ár er ekkert tekið að bóla á því, að fjölgunin verði landinu til aukins vegs eða þrifnaðar. Þá er sú spurning, hve lengi vjer eigum að bíða eftir því, að vonirnar rætist um batnandi stjórnarfar sem árangur fjölgunarinnar. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) tók það rjettilega fram, að þetta hafi upphaflega verið ófriðarráðstöfun, aðeins til bráðabirgða, en við þetta hefir þó setið síðan og situr enn. Má það merkilegt heita, að enginn þeirra, sem móti þessari breytingu eru, skuli hafa ympra að á því, að þriggjamannastjórnin hafi reynst meiri lyftistöng fyrir hagsæld þjóðarinnar en gamla fyrirkomulagið.

Hjer er því ekki verið að tala um ónóga reynslu, heldur enga reynslu fyrir batnandi stjórnarfari á þessum 6 þríveldisárum. Það er því ekki mikið leggjandi upp úr framtíðardraumum þeirra, sem sjá gull og græna skóga landinu til handa í þessu þríveldi.

Í þessu sambandi verður mjer að spyrja: Hefir þriggjamannastjórnin reynst mikilvirkari en gamla stjórnin, landi og þjóð til sannrar hagsældar? Hefir umboðsstjórnin farið nokkuð bet-

ur úr hendi hjá henni, eða verið árvakari, ötulli og röggsamlegri en sú gamla?

Hefir undirbúningur löggjafarmálanna undir meðferð þingsins verið betri og rækilegri af hendi stjórnarinnar eftir en áður, og löggjafarstarfið þar af leiðandi auðveldara og kostnaðarminna?

Hefir þetta stjórnarfyrirkomulag skapað hreinni línur í flokkaskipun þingsins en áður voru?

Hefir samvinna hennar og þingsins hafið löggjafarvaldið til meiri vegs og virðingar hjá þjóðinni en það hafði áður, meðan einn maður fór með stjórnina?

Þetta eru spurningar, sem við verðum að fá svarað afdráttarlaust. Yrði þessum spurningum hiklaust og með fullum rjetti svarað játandi, þá væri vissulega vert að hafa þá trú á framtíð þríveldisins, sem gerði menn því fráhverfa að snúa sjer til hins gamla fyrirkomulags.

En hefir nú þessi 6 ára reynsla komið þingi og þjóð á þá trú, að með ráðherrafjölguninni 1916 hafi verið skift um til betra stjórnarfyrirkomulags en áður var?

Þessi 6 ára reynsla sýnir þvert á móti hið gagnstæða; og jeg er um engan hlut vissari en þann, að allur þorri hugsandi kjósenda sje nú kominn á þá skoðun, vegna reynslunnar, að full ástæða sje til fækkunar á ráðherrum, og muni því hiklaust svara öllum framantöldum spurningum neitandi. Enda sje jeg hvergi þær framfarir, sem vænta hefði mátt eftir, ef þetta hefði verið af rjettmætum ástæðum gert.

Ráðherrafjölgunin átti að skapa meira víðsýni, festu og kraft í stjórnina, og þar af leiðandi að gera hana færari um að gegna störfum sínum með dugnaði og meiri fyrirhyggju en áður var.

En hver hefir nú reyndin orðið?

Afleiðingarnar af þessari tilbreytni urðu miklu meiri sundrung en áður og sívaxandi ringulreið og samvinnuleysi, bæði meðal stjórnarinnar sjálfrar og þingsins. Það má segja líkt um þriggjamannastjórnina og stendur í gamla Balle um heiðingjana: „Þeir dýrkuðu marga hjáguði, en vissu ekki til hverra af þeim þeir skyldu snúa sjer með vissastri von um hjálp og aðstoð.“ Stjórnin hverfur frá einu flokksbrotinu til annars, án þess að hafa vissa von um stuðning hjá nokkrum þeirra. Hún er nú að verða að leiksoppi í höndum fleiri og færri smá-flokksbrota, sem sum eiga mjög lítinn tilverurjett. Þó hefir þetta máttleysi stjórnarinnar aldrei farið eins um þverbak og nú; var þá þetta stjórnarfyrirkomulags-fargan svo langt komið, að hæstv. forsrh. (SE) gat ekki á síðasta þingi myndað stjórn úr þinginu sjálfu, heldur neyddist til, eftir langt þref og þóf, að taka utanþingsmenn í stjórnina. Sjálfsagt varð þetta vegna þess, að hann fjekk ekkert samkomulag um ráðherraefni úr þeim þingflokki, eða flokksbroti, sem þó þóttist styðja hann. Sýnir þetta betur en nokkuð annað máttleysi og fylgisleysi stjórnar vorrar.

Fjarri fer því, að jeg með þessum ummælum mínum vilji áfellast hæstv. forsrh. (SE), eða þá heiðursmenn, sem síðan 1916 hafa setið í þriggjamannastjórninni, en hitt er víst, að hjá jafnfámennri þjóð og við erum er miklu hægra að fá einn duglegan og vitran mann í stjórnina en þrjá, og eins hitt, að það verður affarasælla að hafa einn duglegan og góðan mann í stjórninni en 3 meiri eða minni liðljettinga; en á því er því meiri hætta, sem þingið er

í fleiri brotum og því enginn ráðandi meiri hluti til.

Og eitt er víst, að á þessum allra síðustu og verstu tímum stórhrakar virðingu þings og stjórnar í almenningsálitinu, og á þessu þingi hafa gerst þeir atburðir í stjórninni, sem drjúgum hljóta að auka á þetta virðingarleysi, atburðir, sem jafnframt því að hneyksla hvern alvarlega hugsandi mann hafa leitt í ljós ótrúlegan ókunnugleik meiri hluta stjórnarinnar á sínum eigin verkahring. **(Forsrh. SE:** Hvaða fyrirbrigði eða atburðir?). Jeg á við húsaleiguhneyksli fjármálaráðherrans, svo jeg nefni það berum orðum. Slík fyrirbrigði geta, eftir hlutarins eðli, naumast komið fyrir hjá einmenningsstjórn, enda er ábyrgðartilfinningin þar meiri og óskiftari en þegar fleiri fara með völdin og hver ýtir frá sjer á annan, með skírskotun til þess, að þetta eða annað heyri undir verkahring hins.

Svipað er að segja um þingafjölgunina. Reynslan er þar að vísu styttri. En kostir hennar hafa reynst miklu minni en við var búist. Það var gert ráð fyrir miklu styttri þingum með árlegu þinghaldi og því tiltölulega litlum kostnaðarauka. Sömuleiðis var gert ráð fyrir miklu meira og nánara eftirliti með stjórninni, athöfnum hennar og ráðabreytni, sem hlyti að gera stjórnina miklu athugasamari um sinn gang. En hvorugt af þessu hefir ræst. Hitt hefir aftur á móti komið í ljós, að málin hafa eigi verið eins vel undirbúin af stjórninni og áður, og kemur það auðvitað til af þeirri einföldu ástæðu, að stjórninni vinst minni tími til undirbúnings þeim, þegar þing eru á hverju ári, þó aldrei hafi keyrt um þverbak í því efni eins og um frumvörp stjórnarinnar að þessu sinni, sem af flestum virðast talin lítt hugsuð flaustursverk, sem þingið verður að kasta í pappírskörfuna. Lagasmíð þingsins hefir og síst farið fram, sem naumast er við að búast, þar sem samvinnan við stjórnina er jafnlítil. Mikill hluti hvers þings gengur í það, að *lagfæra og fella úr gildi lög frá árinu áður.*

Þess er jeg líka fullviss, að kjósendur myndu þakka sínum sæla fyrir það, ef þingum og ráðherrum yrði fækkað, því að svo mun mörgum finnast, sem miklu meira beri á stórauknum kostnaði við þetta en verulegri framför í stjórn og löggjöf ríkisins. Jeg vil benda á það, að talin hefir verið ástæða móti þingafækkun, að þau myndu eftir sem áður verða háð á hverju ári, og benda menn þar til reynslu annars áratugs 20. aldarinnar. En það er aðgætandi, að öll aukaþingin frá 1912—1920 voru kölluð saman vegna breytinga á stjórnarskránni og fullveldisstofnunarinnar, nema aðeins eitt þingið, 1916, sem háð var vegna ófriðarráðstafana. Og þá munu menn yfirleitt hafa litið svo á, að fjölgun ráðherranna væri sem hver önnur ófriðarráðstöfun, sem gerð væri til bráðabirgða.

Að endingu vil jeg taka það fram, að það skiftir minna máli, hvernig stjórnarskipunarlög í stjórnfrjálsu landi eru, heldur en hitt, hvernig framkvæmd þeirra í stjórn og löggjöf er af hendi leyst. En eins afkastamiklir og vjer Íslendingar erum í lagasmíðinni, eins ósýnt er oss um að hlýða lögum vorum. Enda má ekki ætlast til, að í því lagamoldviðri, sem nú er, geti menn áttað sig á, hvað lög eru eða ekki. En sú er reynslan, að löghlýðnin minkar eftir því sem lögunum fjölgar. Rómverjar, sem

að stjórnvisku stóðu samtíðarmönnum sínum flestum framar, sögðu: Því fleiri lög, því verra stjórnarfar.

Vjer erum að vísu komnir of skamt inn á fullveldisbrautina, til þess að nokkuð verði með vissu um það sagt, hvernig oss muni í framtíðinni farnast framkvæmd þeirra hugsjóna, sem fullveldissáttmálinn og dilkur hans, stjórnarskráin, eru bygð á. En það hika jeg ekki við að fullyrða, að enn eru of litlar líkur, auk heldur reynsla, fengin fyrir því, að fullveldið muni fyrst um sinn verða þjóð vorri til þess þrifnaðar og frama, sem allir að sjálfsögðu bjuggust við í fyrstu. En öll vonbrigði um það eru sjálfra vor sök, en frá þeim ósköpum ætti hver góður Íslendingur að biðja guð að varðveita þjóð sína.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi, bæði við 1. umræðu og fyrri hluta þessarar umr., lýst afstöðu minni til frv. og brtt., og þarf ekki að gera það aftur. En það, sem fær mig til að standa upp að þessu sinni, er eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann talaði fyrst fastlega með frv. hv. 1. þm. Skagf. (MG), en lagðist aftur á móti gegn brtt. hv. þm. Str. (MP), en svo fór að lokum, að eigi var annað að heyra en að hann myndi neyðast til að greiða atkvæði á móti þessu öllu. Sjerstaklega talaði hann um þá breytingu, að þurfamönnum væri ætlaður kosningarrjettur. Þótti honum það með öllu óhafandi, og lýsti því svo, að með því væri verið að gera tilraun til að kollvarpa núverandi þjóðfjelagsfyrirkomulagi, og var aðalsönnun fyrir því, að svo væri, í því fólgin, að jeg væri þessari breytingu hlyntur. Hv. þm. (JÞ) vildi m. ö. o. nota mig sem nokkurskonar grýlu á hv. deild. Hefir þó sami hv. þm. stundum ekki veigrað sjer við að greiða atkvæði á sama hátt og jeg, þegar t. d. um stórar framkvæmdir hefir verið að ræða, og eins og mjer skilst, að hann líka muni gera í þessu máli.

Annars skil jeg ekki í því, að hið háa Alþingi þurfi svo mjög að óttast þetta ákvæði. Fyrir þingið 1921 kom frv. frá bæjarstjórn Rvíkur um breytingar á kosningalögunum, og var þar m. a. gert ráð fyrir, að þurfamenn yrðu ekki útilokaðir frá að kjósa. Frv. tók raunar nokkrum breytingum í Nd., en var samt sem áður samþykt þar og afgreitt sem kosningalög fyrir alt landið. Þetta sýnir, að Nd. hræddist þá ekki mikið þetta ákvæði, enda skiljanlegt, þar sem þingið hefir samþykt breytingar á fátækralögunum, sem gengu í sömu átt. En fróðlegt er að vita það, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) var einmitt einn af flm. þessa frv., sem jeg gat um.

Það sýnir sig nú sjálft, að í raun og veru getur þetta aðeins haft hverfandi lítil áhrif á kosningarnar. Ef við áætlum, að hjer sjeu ca. 40 þús. kjósendur, sem láta mun nærri, sjer maður fljótt, hversu sáralitlu það munar, þó bætt sje við sem svarar 1—3 þús. kjósendum. Jeg skil því ekki, hvers vegna þessi hv. þm. legst svo fast á móti breytingunni, nema þá að það sje ánægjan af því að útiloka þessi ólnbogabörn lífsins frá þátttöku í opinberum málum. Þessir menn þurfa þó hvorki að vera í sjálfu sje verri menn nje ógáfaðri en aðrir, þó að þeir fyrir óhöpp eða vanheilsu hafi orðið miður færir til þess að bjargast áfram, enda eru þeir það ekki. Það er að minsta kosti full ástæða til þess að rýma þessu ákvæði úr stjórnarskránni, og varla vansalaust að hafa það þar lengur. En ef til vill þarf heldur ekki stjórnarskrár-

breytingu til að kippa því í lag, heldur aðeins viðtækari breytingar á fátækralögunum. Að þetta þurfi að hneyksla nokkurn mann, er ekki auðvelt að sjá. Hitt er sýnilegt, að í þessu máli er hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) aðeins fulltrúi fyrir, eða rjettara sagt hljóðpípa nokkurra hjartveikra reykvíska sálna. En sje þetta árás á stjórnarfyrirkomulag landsins eða stjórnarskrárbrot, þá er því að svara, að Alþingi hefir þá gert sig sekt í því áður með breytingum á fátækralögunum. Þetta svar vil jeg láta nægja að þessu sinni.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal reyna að lengja ekki umræðurnar mikið frá því, sem komið er, enda eru þær, satt að segja, farnar að verða nokkuð þreytandi. En jeg vildi þó benda á, af því sumum hv. þm. virðist það ekki enn ljóst, að það, sem farið er fram á með frv., er aðeins það, að ekki verði lögfest í stjórnarskránni, að þing skuli haldið árlega, eða hvað margir ráðherrar skuli vera. Og ástæður mínar fyrir þessu eru þær, að jeg tel óráðlegt og í alla staði óheppilegt, að stjórnarskrárbreytingar skuli þurfa við í hvert sinn, sem þessu þarf að breyta. Og þó menn annars telji ekki viturlegt að strjála þingin eða fækka ráðherrum, ættu þó allir að geta orðið sammála um það, að nema ákvæðið burt út stjórnarskránni, þar sem nú stendur svo á, að það þarf ekki að hafa neinar nýjar kosningar í för með sjer. Á næsta þingi má svo ákveða með lögum, hvernig þessu skuli haga framvegis, hvort einn eða fleiri ráðherrar skuli vera eða strjála skuli þingin. Um annað en þetta er ekki að ræða. Jeg hins vegar dreg enga dul á það, að okkur nægi að hafa einn ráðherra og þing annaðhvert ár, og tel mig hafa fært talsverð rök fyrir því í framsöguræðu minni.

Þá vil jeg í fám orðum snúa mjer að nokkrum ummælum sumra háttv. þm., sem hafa gefið mjer ástæðu til andmæla. Ekki finst mjer, að það geti verið þungt á metunum í þessu sambandi, að erfitt sje að halda uppi stjórnarstörfum, þegar einn ráðherra sje, er hann verður að fara utan. En hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) vildi gera mikið úr þessu. En þetta kom oft fyrir áður, og olli ekki vandræðum. Það er líka svo komið, að hægt er daglega að setja sig í samband við ráðherrann og leita álits hans, bæði er hann er kominn til útlanda og eins á leiðinni. Hefir það ekki verið sparað, jafnvel þó ráðherrarnir hafi verið 3, að sendast á leyniskeytum. Mjer kemur þó kynlegast fyrir sjónir, að hæstv. forsrh. skuli telja þetta ógerning, þar sem hann þó hefir verið einn ráðherra, án þess að vitað sje, að stjórnarstörfin hafi farið í ólestri meðan hann var utan. Þá er því enn haldið fram, að jeg hafi gert lítið úr sparnaðinum með þessu frv. En jeg hefi enn ekki látið í ljós neina skoðun um það, hvort sparnaðurinn yrði lítill eða mikill. Hitt hefir mjer talist til, að hann mundi nema um 10 þús. kr. á ári, og getur þá hver og einn dæmt um það út frá eigin brjósti, hvort sú upphæð eigi það skilið, að tillit sje tekið til hennar eða ekki.

Þá er ein mótbáran gegn frv. minu sú, að ýmsir nýir málaflokkar hafi komið til sögunnar á síðari árum og starf ráðherranna þar af leiðandi vaxið mikið. Í þessu sambandi var aðallega minst á utanríkismálin og vatnamálin. Eitthvað kann að vera satt í því, að utanríkismálin hafi aukist við það, að við

fengum fullveldið, en tæplega þó eins mikið og gert hefir verið orð á; að minsta kosti voru þau til áður, og stjórnin mun oftast hafa verið spurð um álit sitt og verið að einhverju leyti með í ráðum, þegar um samninga var að ræða, sem Ísland snertu. Og hvað vatnamálin snertir, þá er mjer ókunnugt um það, að stjórnin þurfi að leggja mikið á sig þeirra vegna, og veit jeg ekki til, að hún hafi gert annað í þeim en að leggja fyrir þingið, ár frá ári, frv. til vatnalaga, lítið breytt, og er það núna í 5. skiftið, sem það hefir verið gert. Og um landsverslunina er það að segja, að jeg veit ekki betur en forstjóri hennar hafi allan veg og vanda af henni og stjórnin leggi þar fátt til málanna. — Líkt er því varið um strandferðirnar. Það er heldur ekki ný saga. Þær kunna að hafa aukist eitthvað hin síðari árin, en tæpast svo, að nokkru verulegu nemi.

Frá „teoretisku“ sjónarmiði er það auðvitað rjett, að lagaundirbúningurinn verður betri, ef þrír ráðherrar eru, heldur en aðeins einn. En því þá ekki eins að hafa ráðherrana tíu? Og í rauninni er engin trygging fengin fyrir betri lagasmíð, þó þrír ráðherrar sjeu, heldur en ef einn er, sem hefir til aðstoðar menn, sem þekkingu hafa á þeim málum, sem fyrir liggja. Hitt er viðurkent, að einn ráðherra hefir annríkt meðan á þingi stendur, en væri það óhugsandi, að starfsmaður úr stjórnarráðinu gæti mætt fyrir hann í þinginu og gefið upplýsingar og svarað væntanlegum fyrirspurnum?

Þá sagði hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að ef einn sýslumaður gæti ekki annað tveim sýslum, þá væru enn minni líkindi til þess, að einn ráðherra gæti staðið straum af öllu því, sem væri verksvið stjórnarinnar. En því vil jeg svara svo, að í sjálfu sjer tel jeg vafalaust, að 1 sýslumaður mundi vel geta annað starfinu sjálfu í tveim sýslum, ef það væru ekki samgönguvandræðin og aðrir örðugleikar slíkir, sem hömluðu því. Deilan í því falli er þá sú, hvort sparnaðurinn við það mundi vega á móti þeim óþægindum, er menn hefðu af því. Og jeg þykist geta sýnt fram á það með skýrum rökum, að sparnaðurinn við slíka breytingu yrði harla lítill og alls ekki sambærilegur við þau óþægindi, sem af því fyrirkomulagi mundi leiða. Má vel vera, að jeg fái tækifæri til að fara frekar út í það síðar, ef málið kemur aftur fyrir háttv. deild.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hjelt það, að af því að flokksbrotin væru nú 3, mundi vera enn þá erfiðara en áður að koma sjer saman um einn ráðherra, og nefndi til dæmis árin 1909 og 1913. En jeg man ekki betur en að þá hafi einmitt verið aðeins um tvo flokka að ræða og annar þeirra ákveðinn meiri hluta flokkur, að minsta kosti í annað skiftið, svo að þessi ár sanna ekkert. Það sýnir ekkert nema það, að altaf getur orðið sundrung út af þessu efni. Hins vegar hefir aldrei farið svo, að ekki hafi verið unt að koma upp einhverri stjórn.

Jeg er annars búinn að gleyma flestu því, sem jeg ætlaði að svara, frá því að málið var síðast rætt hjer, og skal því sleppa því. Þó minnir mig, að hv. þm. Dala. (BJ) hafi verið að tala um kostnaðinn við þessa stjórnarskrárbreytingu og reiknast hann eitthvað um 2 milj., þar sem hann gerði ráð fyrir því, að 5 sinnum yrði kosið og fjeð stæði á vöxtum í 15 ár. En þegar svona langt þarf að seilast eftir röksemdum móti

breytingunum, munu þær, eins og jeg vissi reyndar, ekki liggja alveg á lausu. Sami hv. þm. (BJ) sagði einnig, að þessar tíðu stjórnarskrárbreytingar væru óhæfar, og ekki væri t. d. altaf verið að krassa í magna charta libertatis. En þar er nú ólíku saman að jafna. Þar er ekki verið að ákveða neitt um ráðherrafjölda og þingafjölda. Hæstv. forsrh. (S-E) og hv. þm. Str. (MP) voru mjög reiðir yfir því, hver í sínu lagi, að jeg hefði kallað þá samflokksmenn — og þeir um það. Þessi síðastnefndi hv. þm. (MP) var líka eitthvað að tala um það, að jeg mundi vera að fara „yfir til Tímans". Hann um það líka, hvað hann segir um það, jeg þarf ekki að svara því, en kunnugir munu þó vita, að hann sjálfur sje alt eins nærri því heygarðshorni og jeg.

Jeg skal svo ljúka máli mínu á því að segja hæstv. forsrh. (SE) það, að þrátt fyrir öll orð hans og spádóma er jeg ekki minstu vitund hræddur við það, að hleypa þessum breytingum mínum út til kjósendanna, og það alveg eins, þó þessi heilaga þrenning, hæstv. forsrh. (SE), hv. þm. Dala. (BJ) og hv. þm. Str. (MP) hafi talað og tali á móti þeim. Jeg er viss um það, að ef breytingarnar yrðu samþyktar nú, yrðu þær einnig samþyktar á næsta þingi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg spáði því, þegar þetta mál kom hjer á dagskrá, að það mundi ekki ganga í gegnum þessa hv. deild þegjandi og hljóðalaust. Þessi spádómur er nú þegar tekinn að rætast. Jeg skal svo víkja stuttlega að nokkrum atriðum, sem nú hafa komið fram. Þar sem einn háttv. þm. sagði, að nú væri fenginn 6 ára reynslutími fyrir ráðherrafjölguninni, og sú reynsla benti til þess, að betra væri að hafa einn ráðherra, eins og áður var, skal jeg benda á það, að mjög erfitt er að gera þennan samanburð, af því tímarnir nú og þá eru alls ekki sambærilegir. Viðfangsefnin eru nú öll önnur en áður, og svo margfalt flóknari. Sami hv. þm. (SSt) sagði það, að undirbúningur laga hefði orðið lakari með ráðherrafjölguninni. Þetta er alveg gripið úr lausu lofti. Stjfrv. eru engu síður vel undirbúin nú en áður, enda hefir stjórnin, ef hún vill, tök á meiri kunnáttumönnum í ýmsum málum en áður var, og hafa fyrverandi stjórnir mjög notið aðstoðar þeirra. Að því er snertir frumvörpin, þá fæ jeg ekki betur sjeð en undirbúningur þeirra sje yfir höfuð mjög ítarlegur, og vil jeg í því sambandi benda á sparnaðarfrv. stjórnarinnar. Annað mál er það, þó hv. þm. (SSt), sem annars lofsyngur sparnaðinn með vörunum, sundli, þegar hann horfir framan í jafnmikinn sparnað og hjer er á ferðinni. Það er ekki altaf verið að stinga upp á að leggja niður 9 hálaunuð embætti. Og í stað þess að gleðjast yfir þessu stendur háttv. þm. með hendurnar blóðugar upp undir axlir við slátrun á hinum mikilfenglega sparnaði. En þjóðin, hún græðir ekkert á því, þótt fagurlega sje talað um sparnaðinn, ef jafnan er tekið fyrir kverkar honum, þegar hann kemur fram í fullri alvöru.

Sami hv. þm. (SSt) mintist á það, að stjórnin væri eins og leiksoppur milli flokksbrotanna. Jeg veit ekki betur en stjórnin fari alveg sínar götur, og svo hefir mjer heyrst hljóðið, að allmörgum finnist stjórnin fara um of sínar eigin leiðir. Hv. þm. færði það líka sem dæmi upp á máttleysi stjórnarinnar, að tekinn hefði verið ráðherra utan þings.

Jeg hefi aldreí heyrt kvartað um þetta fyr. Að minsta kosti hefir þessi hv. þm. ekki átalið þetta, meðan hann studdi stjórn, þar sem sjálfur stjórnarformaðurinn var utanþingsmaður. Þetta sýnir samræmið í orðum þessa hv. þm. Hann notaði einnig tækifærið til þess að koma því að, hvað virðingin fyrir þinginu færi þverrandi hjá þjóðinni. En jeg verð ákveðið að mótmæla þessum tilraunum til þess að troða því inn í meðvitund manna, hvað þingið sje lítilfjörlegt. Jeg held, að okkar þing sje í alla staði mjög heiðarlegt þing, og aðeins það er nóg til þess, að þjóðin mætti bera virðingu fyrir því. Annars er þingið yfirleitt mynd af þjóðinni, og ef hinn harði dómur hv. þm. (SSt) væri rjettur, þá væri nærri höggvið þjóðinni sjálfri. Annars er það orðinn hálfgerður móður að tala illa um þingið.

Jeg get svo lokið máli mínu, alveg eins og hv. 1. þm. Skagf. (MG), með þeim ummælum, að jeg er sannfærður um, að ef málið er skýrt frá báðum hliðum, þá mundi dómur þjóðarinnar verða mín megin.

Magnús Pjetursson: Mjer þykir leiðinlegt, að jeg sje ekki hjer inni háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), sem aðallega gerði það að verkum, að jeg þarf að taka til máls. Því hann var eiginlega sá eini, sem dálítið reyndi að andmæla till. mínum. Jeg ætla því að gera dálitla athugasemd við ræðu háttv. þm. S.-Þ. (IngB), þar sem hann talaði um, að ekki hefði verið nægur tími til að athuga till. En þar sem deildin hafði svo mikið við málið að setja það í sjerstaka nefnd, var það auðvitað til þess, að það yrði betur athugað heldur en önnur mál, sem látin eru til fastanefnda. Hv. deild hafði því með nefndarkosningunni sjerstaklega fyrirskipað nákvæma athugun. Þessi ástæða er því ekki frambærileg.

Þá kem jeg að háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), og kemst jeg ekki hjá því að svara honum nokkru. Hann byrjaði á því að greina í sundur atriði brtt. minnar; taldi hann sum þeirra stefnumál, en önnur aðeins skipulagsatriði.

Hann taldi það stefnumál að láta þá, sem komist hafa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, fá kosningarrjett, og einnig það að hafa einskift þing, en afnám landskjörinna þingmanna væri aftur á móti skipulagsatriði.

En þessi skilgreining hans er ekki rjett. Afnám landskjörinna þingmanna er stefnumál. Það kemur til af því, að þessir menn eru ekki að öllu leyti kosnir af þeim sömu mönnum, sem þjóðkjörnu þingmennirnir eru kosnir af, — aldurstakmarkið er annað. Hins vegar er það skipulagsatriði, hvort þingið er óskift eða tviskift, einungis ef þeir þingmenn, sem þar sitja, eru kosnir af sömu kjósendum. Sú skifting áhrærir aðeins vinnubrögð þingsins. Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) skildi þetta rjett. Hann gat þess í ræðu sinni, að mjög hefðu verið skiftar skoðanir um það hjá nefndinni, hvernig þingmenn skyldu kosnir, og að þetta fyrirkomulag, sem orðið hefði ofan á, væri bræðingur. Í nefndinni mættust sem sje tvær stefnur. Önnur var að hafa aðra deildina skipaða eingöngu þingmönnum, sem kosnir væru sjerstaklega, á líkan hátt og landskjörnir þm. nú, en hin, að þingmenn allir væru kosnir af sömu kjósendum og með sama fyrirkomulagi. Og úr þessum andstæðum skapaðist svo það viðrini, sem deildaskipunin nú er. Mjer hefir nú heyrst oft og einatt á hv. þm., að þeim fyndist, að

ekki veitt af, að vinnubrögð þingsins bötnuðu eitthvað. En auðsætt er það, að mikið mundi það flýta fyrir störfum þingsins, að það væri óskift. Nú er það svo, að Ed. hefir lítið að starfa fram eftir öllu þingi. Þeir kraftar, sem þar eru, liggja ónotaðir. Hv. þm. hafa líka ósjálfrátt fundið þetta og hneigst að því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á. Á það bendir skipun samvinnunefndanna, sem hafa verið skipaðar, þegar stórmál hafa verið á ferðinni, til þess að flýta þeim og undirbúa þau betur. Hefir og reynst svo, að málin hafa orðið fljótar afgreidd, þegar svo hefir verið að farið.

Um það, hvort telja skuli það stefnumál, að þeir, sem þegið hafa af sveit, skuli hafa kosningarrjett eða ekki, má deila. Má vera, að rjett sje að kalla það svo, en víst er þó, að margar eru skoðanirnar um það, hve langt skuli gengið hjer. Stefnurnar eru því hjer nokkuð margar, eins og löggjöf undanfarinna ára ber ljósastan vott um.

Jeg játa, að það er rjett, að sumir hafa orðið þurfandi sveitarstyrks vegna ónytjungsháttar eða annara sjálfskaparvíta, en jeg hygg, að fáir hv. þm. sjeu þeirrar skoðunar, að rjett sje að refsa 99 rjettlátum einungis til þess að geta hegnt þessum eina rangláta. Jeg að minsta kosti kýs heldur, að hann sleppi.

Þá hefi jeg mótmælt því í ræðu hv. þm. (JÞ), sem hafði við nokkur rök að styðjast. En heldur sýndist það bera vott um, að hv. þm. hefði ekki of mikið af rökunum, er hann greip til þess að vara menn við að samþykkja till. mínar sökum þess, að nú væri jeg í leiðtogi með þeim mönnum, er kollvarpa vildu núverandi þjóðfjelagsskipulagi. Það má vel vera, að þessir menn fylgi brtt. mínum. En það er ekkert athugavert. Hafa enda fjöldamargar brtt. þessara manna verið teknar inn í löggjöf annara þjóða og gefist vel. Það mun því reynast harla áhrifalítið, þótt hv. þm. hrópi: „Varið ykkur að fylgja till. hans, jafnaðarmennirnir fylgja honum!“ Hjer er gerð tilraun til þess að hræða hv. þm. eins og óvita börn. Mun og hv. þm. kunnugt, að þessari till. minar eru ekki nýjar hjer, og að áður stóðu að þeim menn, sem voru engir stórbyltingaforkólfar. Mun það og sönnu næst, að brtt. mínar mundu ekki valda neinum stórbyltingum í íslensku þjóðskipulagi, þótt samþyktar yrðu.

Þá mátti skilja það á hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að hv. 2. þm. Reykv. (JB) mundi vera eini fylgismaður minn í þessu máli. En jeg get sagt þessum hv. þm. (JÞ) það, að hann rennir ekki grun í, hve margir það eru, bæði utan þings og innan, og þar á meðal eru hans eigin flokksmenn, sem aðhyllast brtt. mínar og hafa samúð með þeim, hvernig svo sem um þær kann að fara að þessu sinni við atkvgr.

Þá vildi hv. þm. láta skiljast, að jeg hefði aulýst eftir öðrum brtt. á stjórnarskránni, sökum þess, að jeg mundi hafa fundið, hve vanhugsaðar till. mínar voru. Jeg gat þess aðeins, að verið gæti, að aðrar till. kæmu fram viðvíkjandi þessu. Hugsa jeg, að hv. þm. alment líti ekki svo stórt á sig, að þeir geti ekki ímyndað sjer, að eitthvað geti komið betra en þeir sjálfir hafa fram að færa. Jeg að minsta kosti hefi aldrei haft svo stóra hugmynd um sjálfan mig, að jeg teldi mig neina „alvisku“ í þinginu.

En þess er jeg fullviss, að innan skamms munu koma fram háværar raddir um að taka upp þetta skipulag, sem í mín-

um till. felst. Mun það þykja meiri sparnaður og hagkvæmara en að halda þing aðeins annaðhvert ár, þótt einhver sparnaður kynni að því að verða. Er þetta fyrirkomulag, að hafa þingið tviskift, orðið úrelt, og er full ástæða til að athuga, hvernig reynist að hafa óskift þing, eins og þau nýju ríki, er risið hafa upp eftir stríðið, hafa. Þau hafa flest annaðhvort óskift þing, eða þá að önnur deildin hefir aðeins frestandi neitunarvald (vetó) um nokkurn tíma.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) vildi finna brtt. minum það til foráttu, að við þær myndi þjóðin skiftast í flokka og verða hörð barátta með og móti. Jeg held, að ef svo reyndist, þá mættu þær teljast góður gestur. Það væri heilnæmt að fá einu sinni hreinar línur, og málið væri vel til þess fallið, að menn skiftust í flokka um það. Væri það miklu betra en að búa við þann bræðing, sem nú er í þessu máli. Hv. frsm. (MG) sagði, að í brtt. sinni fælist ekki annað en það, að það skyldi ekki verða lögfest í stjskr., að þing skyldi haldið á hverju ári. En þá er það eðlilegast, að hv. þm. sameinist um mína till., því að hún gerir þegar á næsta þingi mögulegt að ákveða þing aðeins annaðhvert ár.

Hann sagði, að jeg hefði orðið reiður af því, að hann bendlaði mig við hæstv. forsrh. í þessu máli. Það var ekki rjett. En hafi jeg reiðst, var það sökum þess, að hann brigslaði mjer um það, að mjer hefði verið sigað fram til að koma með brtt. minar.

Um það, að jeg muni í nánu sambandi við Tímaflokkinn ásamt fleirum, sem nú mun haft í hámælum innan kliku þeirrar, sem hann reynir að halda saman af alveg sjerstökum orsökum, skal jeg ekkert segja. Nægir að brosa að því. Heldur ekki skal jeg hjer á þessum stað fara út í samanburð á því, hvor okkar hafi verið meira á vegum þess flokks. Til þess þyrfti jeg að rekja tildrögin til næstsíðustu stjórnarskifta, þegar hv. þm. (MG) varð ráðherra fyrir aðstoð Framsóknarmanna, eða sumra þeirra. Um jafnóljúffengt efni og það stjórnarbaks er ekki vert að ræða að sinni. Mun það sannast, að þótt hv. þm. felli nú brtt. minar, móti röddum samvisku sinnar, þá mun síðar svo fara, að á þær mun fallist, og mun þá hægt að segja með jafnmiklum rjetti, að þjóðin eigi upptökin að þeim, eins og nú er sagt um brtt. hv. 1. þm. Skagf. (MG).

Jón Þorláksson: Sárfá orð. Það er enginn ágreiningur milli mín og hv. þm. Str. (MP) um þetta landskjör hjer. Þar sem aðeins eru kosnir 6 þingmenn með sjerstökum kosningarrjetti, af 42 þm., sem þingið skipa, þá er auðvitað, að um ekkert stefnumál er að ræða, hvort þessum mönnum er haldið eða ekki. En að hafa óskift þing og viðtækan kosningarrjett er stefnumál í öðrum löndum. Var t. d. í öll þau ár, sem jeg var erlendis, prentað á blaðhaus aðalmálgagns jafnaðarmanna í Danmörku þessi tvö stefnuskráratriði jafnaðarmanna. Og jafnaðarmenn hafa þetta á stefnuskrá sinni í öllum löndum.

Það er auðvitað rangt hjá hv. þm. (MP), að jeg hafi ætlað að hræða þingmenn, en mjer þótti handhægast að hafa þá aðferðina að vísa einungis á, hvar rjett væri að skipa þessu sess. En vel treysti jeg mjer að mótmæla jafnt þessu atriði sem öðru í stefnuskrá jafnaðarmanna, ef jeg vildi eyða tíma þingsins til þess.

Hv. þm. (MP) talaði um samúðina,

sem hann nyti í þessu máli. Það er rjett, að fjölmennur hópur hjer í bænum hefir samúð með þessum brtt. hans, sem sje Alþýðuflokksmenn, en þær njóta hennar ekki hjá mjer — því jeg er íhaldsmaður — eða þeim flokki, sem líkar skoðanir hefir á landsmálum og jeg. Sjeu einhverjir menn fylgjandi þessum nýmælum, sem studdu mig til þings, þá hafa þeir menn stutt mig vegna einhvers annars en þess, að þeir hafi verið mjer samhuga í landsmálum.

Bjarni Jónsson: Hv. 2. þm. N.-M. (BH) fór mörgum fögrum orðum um það í ræðu sinni, hversu nauðsynlegt það væri að fækka þingunum. Vel má vera, að hann hafi það álit á sjálfum sjer, að hann eigi lítið erindi á þing, en jeg álít eigi hið sama um mig.

Jeg hjó eftir því í ræðu þessa hv. þm., að hann taldi till. minni hl. nefndarinnar margar merkar og rjettar, en þó kvaðst hv. þm. eigi geta fylgt þeim. En hverju getur þá þessi hv. þm. fylgt, ef hann treystir sjer eigi til að fylgja þeim málum, sem hann álítur bæði merk og rjett? Mjer er spurn, hvort þeir hv. þm. munu vera margir, sem þannig vilja láta hið háa Alþingi ganga aftur á bak. Þar er sagt um börn, þegar þau ganga aftur á bak, að þau sjeu að ganga hana móður sína ofan í jörðina. Og það er vissulega satt, að með þessari till. er verið að reyna að ganga Alþingi Íslendinga ofan í jörðina, því að með till. er sannarlega fært til verri vegar það, sem nú er. (**MG:** Þetta eru kerlingabækur). Verið getur, að það þyki meiri karlmenska að vilja eigi hafa þing nema annaðhvert ár, en ef við, sem erum því mótfallnir, erum kerlingar, þá verður þeim karldómi eigi alllítið hætt.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) kvaðst eigi vilja neinar stórfeldar breytingar á stjórnarskránni, en vilja þó breytingar. Hví þá það? Er það til þess að spara þingtímann nú og fyrirhöfn, að verið er að koma fram með smákáksbreytingar á stjórnarskránni?

Háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) kvaðst eigi leggja mikið upp úr þessu nýja stjórnskipulagi voru, sagði, að sjer hefði eigi reynst vel þessi 3 ráðherra stjórn, og bygði hann þennan dóm sinn á 6 ára reynslu fyrirkomulagsins. En hvað er 6 ára reynsla í þessu efni? Hvað er hægt að byggja á henni? Ekkert. Hv. þm. talaði um það, að stjórnirnar hefðu verið leiksoppur í höndum þingmanna. Jeg kannast alls eigi við þetta. Það hefir einmitt reynst ómögulegt að fella þessar stjórnir árum saman, enda þótt full ástæða hafi verið til. Svo fastar hafa þær verið í sessi. Bendir slíkt eigi til þess, að stjórnirnar hafi verið leiksoppur þingmanna. En þó að svo hefði verið, þá liggur meinsemdin eigi í stjórnskipulaginu, heldur í skapferli þingmanna.

Hv. frsm. (MG) talaði um það, að útreikningur minn á kostnaði þeim, sem af þessari breytingu hans mundi leiða, væri rangur. En það er eigi rjett hjá hv. þm. Jeg reiknaði kostnaðinn með vöxtum og vaxtavöxtum og miðaði við tímann frá því að stjórnarskráin var samþykt, 1919, og til ársins 1940, er samningurinn við Dani er útrunninn, og 6. og 7. gr. verða teknar út. Er því rjett að reikna, að fjeð standi á vöxtum þennan tíma, og sjá menn á þeim útreikningi, hversu barnalegt er að vera að tala um kostnaðinn, sem sparist við það, að þing komi eigi saman nema annaðhvert ár. Enn fremur má gera ráð fyrir því, að altaf þurfi að halda aukaþing,

þó að fjárlagaþing verði ekki háð nema annaðhvert ár. Verður það til þess, að spádómar fjárlaganna verða algerlega gerðir í blindni. Jeg heyri, að hv. form. fjvn. segir, að jafnauðvelt sje að spá fyrir 2 ár sem 1 ár. En jeg býst við, að alt starf hans í fjvn. mæli á móti honum, eða finst honum eigi fullerfitt að spá fyrir 1 ár, þó að eigi sje verið að færa það upp í 2 ár?

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) mintist á það, sem jeg drap á, að Englendingar væru eigi altaf að breyta stjórnarskrá sinni. Þeirra magna charta er látið í friði í lengstu lög. Sagði hv. þm., að það kæmi af því, að stjórnarskrá Englendinga væri eigi eins nákvæm og okkar. Má í þessu sambandi bera saman hugarfar þjóðanna. Önnur er sífelt að breyta stjórnarskrá sinni, en hin lætur skynsamlega reynslu bæta við sína, án breytinga.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði það, að vísu í svari til annars hv. þm. en mín, að það væru aðallega jafnaðarmenn, sem vildu hafa þing e i n skift. Jeg skal geta þess, að jeg skil eigi orðið einskift, nema ef vera kynni, að hann ætti við einskeftu, — að axarskaftið væri ekki nema eitt, og álít jeg það mjög til bóta að fækka axarsköftunum hjer á þingi. Annars þykir mjer trúlegast, að hv. þm. hafi átt við óskift þing. Jeg lít svo á, að rjett sje, þar sem um almennan kosningarrjett er að ræða, að hafa óskift þing, og er jeg þó enginn jafnaðarmaður, þ. e. a. s. að skoðunum eða flokki. Hins vegar álít jeg, að fátækum mönnum og gjaldþrota sje gert rangt til með stjórnarskránni, með því að svifta þá almennum mannrjettindum, og ef nokkru þarf að breyta í stjórnarskránni, þá er það því. Er það næsta undarlegt, að menn vilja óðir breyta smáatriðum, eins og því, hvort þingmenn komi saman annaðhvert ár eða eigi, en ganga alveg fram hjá höfuðatriðunum, eins og þessu mannrjettindaráni. Því að svifta menn mannrjettindum sakir fátæktar eða óhappa, er alt of harðdrægt og ranglátt, og það furðar mig, að hjer skuli sitja þingmenn, sem eigi vilja sjá þetta ranglæti. Það, að maður verður gjaldþrota, orsakast eigi sjaldan af óhöppum eða slysi, og það með nýtustu og bestu mönnum. Menn þessir hafa ef til vill goldið meira til almenningsþarfa en flestir aðrir, þeir hafa ef til vill sýnt miklu meira vit og atorku en aðrir, en ef þeir verða fyrir óhöppum eða fyrirtæki þeirra mishepnast, þá missa þeir almenn mannrjettindi. Og ef maður, sem ef til vill er mesti dugnaðar- og gáfumaður, á 10 börn — 10 mannsefni fyrir þjóðina — og getur eigi alið önn fyrir þeim öllum, sakir þess, að honum er það ofvaxið, hvað er sagt við hann? Jú, — þú færð ekki að njóta almennra mannrjettinda; þú færð ekki að kjósa á þing, fíflið þitt! Hvers á maður þessi að gjalda Jeg veit það, að höfuðmótbáran gegn því að breyta þessu er sú, að margir sjeu á sveitinni fyrir ódugnaðar sakir. Það er mikið rjett. En er það rjett að setja alla þessa menn undir sama númerið, aðeins til þess að geta náð sjer niðri á ónytjungunum? Er það því álit mitt, að hv. þm. Str. (MP) hafi borgið sóma Alþingis, með því að koma fram með þessar till. sínar. Ætti aldrei að koma fram breyting á stjórnarskránni án þess, að þessar till. komi fram um leið. Hafa þessar kerlingabækur, að svifta menn almennum mannrjettindum sakir fátæktar, haldist öld eftir öld, vegna þess að fátæklingarnir hafa mátt sín minna í þjóðfjelögunum, en eigi af því, að það sje rjettlátt.

Jeg lít svo á, að það skifti eigi svo miklu máli, hvort þing er óskift eða eigi, en jeg efast aftur á móti um, að það sje rjett að fækka tölu þingmanna. Hins vegar tel jeg rjett, að afnema hina svo nefndu alþjóðkjörnu þingmenn. Mun það hafa verið svo, að þegar rofa fór fyrir frjálsræði hjer á landi, þá hafi menn viljað losna við hina konungkjörnu þingmenn, sem voru á þingi sem nokkurskonar forngripir frá hinu svarta myrkri miðaldanna, en að það hafi eigi verið auðgert að koma því fram á Alþingi, nema með því að setja í staðinn svipaða grýlu, hina alþjóðkjörnu. En hvernig eru þessir hv. alþjóðkjörnu komnir á þing? Það er þannig, að nokkrir menn í Reykjavik, sem teljast til einhverra flokka, koma sjer saman um að bjóða fram þennan og þennan mann. En kjósendur hafa ekkert atkvæði um það, hverjir settir eru á þessa landskjörslista. Verða kjósendur því að láta sjer nægja að velja á milli þeirra manna, sem þessir fáu menn í Reykjavík hafa boðið fram. Í rauninni væri rjettast, að kjósendur fengi að velja á milli allra í landinu. Væri þá gaman að sjá, hverjir yrðu kosnir. Því hefir verið haldið fram, að þessir alþjóðkjörnu þingmenn ættu að vera akkeri eða stjórar, sem Alþingi lægi við. Kemur hjer að því sama sem oft vill verða, að þm. líta svo lítið á sig, að þeir áliti að þeir þurfi einhverjar hömlur á sig. En því fer svo fjarri að þessir alþjóðkjörnu þm. sjeu nokkrir stjórar í þessu efni. Sumir þessara manna eru hreinustu byltingamenn, en einstaka íhaldsmaður. En venjulega eru þessir menn þeir, sem lengst fara í flestum efnum. En það er eigi fyrir afturhaldsmenn að bjóða sig fram til þingsetu. Það eru ekki stjórar, sem Alþingi vantar, en það vantar vind í seglin og stýri, sem óhætt er að treysta á, þó að særinn ýfist. Auk þess er það dýr skemtun að stofna til kosninga 3 manna um land alt á 4 ára fresti. Jeg mæli því fastlega með brtt. um að leggja niður þessa alþjóðkjörnu þingmenn, en jeg er hins vegar á móti fækkun þingmanna. En jeg vildi helst, að kjördæmunum væri fjölgað og þannig bætt úr ójöfnuði þeim, sem nú á sjer stað. Má menn eigi undra það, þó að hjer sjeu fleiri þingmenn að tiltölu en hjá öðrum þjóðum. Kemur það af því, að landið er víðáttumikið en strjálbygt og það er því ofætlun fámennu liði manna, að þekkja allar þarfir landsins og landshluta.

Enda þótt það hafi verið sagt í fornöld, að því fleiri heimskra manna ráð sem saman komi, því ver muni duga, þá mega þingmenn eigi líta svo á, sem þetta eigi hjer við, heldur hið gagnstæða, að því fleiri skynsamra manna ráð, sem saman komi, því betur muni duga. Jeg hefi heyrt því haldið fram, að eigi sje vert að vera að krukka í stjórnarskrána að sinni, meira en þessar 2 brtt. gera. En hvaða brjef eru fyrir því, að næsta Alþingi taki þessar breytingar upp. Nú er einmitt best tækifæri til að breyta því, sem breyta þarf í stjórnarskránni og þar á meðal því, sem mest er um vert, sem sje mannrjettindaatriðinu. Ef það er gert, sem hv. þm. Str. (MP) vill, að gera nú gagngerðar breytingar á stjskr., þá mundi eigi þurfa að rjúfa þing nema sjaldan. En ef verið er með þessar sífeldu smábreytingar, þá getur farið svo, að rjúfa þurfi þing 5—6 sinnum, áður en von yrði á endalokum, og væri það eigi lítið fje, sem það kostaði, að óreiknuðum öllum bifreiðakostnaði hjer í bæ og slysum, auk stórtjóns fyrir

mörg heimili, að menn þurfa að fara langar leiðir á kjörstaði, þar sem kjördagurinn er svo illa valinn nú.

Annars skal jeg geta þess, að það er rangt hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG), að jeg hafi, þegar jeg greip fram í hjá honum, sagt að jeg gæti sætt mig við þing annaðhvert ár, ef það sæti í 8 mánuði. Jeg sagði, að það mundi eigi veita af því, að það sæti í 8 mánuði, eftir vinnubrögðum þeim, sem nú eru, ef það ætti að afkasta nokkru. En þar sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir nú talað sig dauðan, þá skal jeg eigi fara með ófrið á hendur honum. En jeg verð að þakka honum þann heiður, sem hann hefir sýnt mjer með því að lyfta mjer hærra en nokkur annar hefir áður gert. Reyndar hefir hann áður margt gott til mín gert, og verið fús á að varðveita minn hag, en aldrei hefir hann komið mjer í heilaga þrenningu fyr. Mjer er nú að vísu ekki kunnugt um, hvert vald Skagfirðingar hafa gefið honum til þess að stofna þessa nýju þrenningu, og ekki veit jeg hverju hæstv. kirkjumálaráðherra svarar þeirri stofnsetningu frá kristindómsins sjónarmiði. En það munu víst eiga að vera smyrsl á sár ráðherrans, að hann á sjálfur sæti í þessari nýju þrenningu. Annars er það spá mín, að þessi hv. þm. (MG) ræki sig á það, að þjóðin í heild er ekki lítið fylgjandi þessari nýju þrenningu, reki sig á, að vilji þjóðarinnar í máli þessu mun vera í fullu samræmi við vilja þessara þriggja manna, því með till. um að hafa þing aðeins annaðhvert ár, er eigi aðeins stigið stórt spor aftur á bak, heldur er hjer einnig um hinn argasta ósparnað að ræða, stórtjón fyrir þjóðina, sem búast hefði mátt við, að „sparnaðarmenn“ þingsins hefðu síst viljað baka henni. Og jeg leyfi mjer að spyrja: Hver hefir beðið um þessa breytingu? Hver hefir beðið um nokkra stjórnarskrárbreytingu? Ekki eru það kjósendur. Ekki þjóðin. Þingmenn hafa því fundið upp á þessu sjálfir, og með því orðið valdir að vikutíma þingtöf a. m. k. Það er varla gerandi ráð fyrir, að svo miklir sparnaðarmenn hafi borið fram till. um stjórnarskrárbreytingu í þeim tilgangi einum að tefja þingið, enda var hægurinn hjá, að gera máltöf í hverju öðru máli. Jeg fæ því ekki skilið, hvað því veldur, að frv. þetta er fram komið, og því síður, að það hafi fylgi, nema hv. aðstandendur þess sjeu svo harðir í dómum um sjálfa sig, að þeir álíti að þeir vinni þjóðinni því meira tjón, sem þeir komi oftar saman á Alþingi. Þó að jeg hafi oft hörð orð um missmíðar Alþingis, þá fer fjarri því, að jeg geti felt mig við svo strangan dóm, og myndi jeg taka óstint upp fyrir hverjum þeim, sem kvæði hann upp yfir mjer a. m. k. Mjer dylst ekki að þingmenn vinna mikið gagn, er þeir koma saman til þess að hugsa og ræða vandamál þjóðarinnar, og því meira, sem þeir koma oftar. Jeg þykist vita, að enginn hv. þm. vilji kveða þenna dóm upp yfir samþingmönnum sínum, en hver, sem fylgir þessari till., kveður hann upp yfir sjálfum sjer. Það er eina skýringin.

En þá skilst mjer annað ráð heppilegra til þess að losa landið við það tjón, sem þeir álíta að þeir vinni með setu sinni á Alþingi. Þeir skulu stíga á stokk og strengja þess heit að bjóða sig eigi oftar fram, og geta þeir með því friðað samvisku sína. Vænti jeg þess, að þeir taki upp þetta ráð og taki frv. aftur,

nema þeir fallist á, að þeir sjeu hjer alþjóð til gagns og að því meira gagn sje að þeim, sem þeir sitji hjer lengur.

Jeg er þess viss, að engin þjóð, þar sem fjárveltan er tiltölulega jafnmikil og hjer á landi, síðustu ár um 9 milj., geti fallist á slíka till., sem hjer um ræðir, að hafa þing aðeins annaðhvert ár. Það nær engri átt, að um tveggja ára bil fari 1—3 menn, hversu góðir sem þeir annars væru, með svo mikla fjármuni fyrir svo fámenna þjóð, upp á eigin spýtur og að talsverðu leyti eftir eigin geðþótta. Því margar þarfir koma ófyrirsjeð, sem ómögulegt er að gera ráð fyrir með löngum fyrirvara, en góð stjórn hlyti að taka tilliti til, án þess að hafa beina heimild til þess. Jeg trúi því síst, að Íslendingar vilji láta fara með fjármál sín á þann hátt. Þeir mega muna, að með svipuðu móti var fjármálum þeirra stjórnað ekki alls fyrir löngu. Og þeir vita, að hinar stórstígu framfarir landsins á síðustu áratugum, einhverjar hinar stórfeldustu, sem sögur fara af, stafa fyrst og fremst af því, að þeir tóku fjármál sín að sjer sjálfir og hafa látið Alþingi mestu um þau ráða.

Breytingar síðustu ára voru svo snöggar og ófyrirsjáanlegar, að bestu menn þjóðarinnar sáu, að nauðsyn bar til, að fjárlagaþing væri háð á hverju ári, til þess að þingmenn gætu haft sem glegst yfirlit yfir fjárhag landsins og meðferð stjórnarinnar á fje ríkissjóðs. Þetta þótti þá dýrmæt trygging og er enn, og jeg er viss um, að hv. kjósendur trúa því ekki, fyrr en þeir sjá þingtíðindin, að nokkrir sjeu þeir þingmenn, er vilji svifta þá þessari tryggingu. Og ekki er vel samrýmanlegt, að þeir hv. þm., sem eru svo glöggir fyrir landsins hönd, þegar verið er að skera niður hvern fárra króna styrk til farlama manna og fátækra, láti sig henda þá mestu ógætni í fjármálum, sem hugsast getur, en það væri samþykt þessarar till. Jeg hefi nú sagt nokkurn hluta þess, sem jeg vildi sagt hafa um þetta mál, og þó að margt mætti telja enn máli mínu til stuðnings, þá yrði þó fleira ótalið. En jeg vil gefa öðrum hv. þm. tækifæri til að tala og læt því staðar numið.

ATKVGR.

Brtt. 151 feld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MJ, MK, ÓP, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, GunnS, IngB, LH.

nei: MG, MP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, HK, JakM, JAJ, JB, JS, JÞ, BSv.

1. gr. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, LH, MG, MP, ÓP, PO, StSt, ÞórJ, BH, EÞ, HK, JakM, JAJ, BSv.

nei: JB, MJ, MK, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, GunnS, IngB.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

2.—4. gr. samþ. með 15 : 12 atkv.

Brtt. 148 samþ. með 15 : 12 atkv.

— 229, 1 sjálffallin.

5. gr. samþ. með 17 : 11 atkv.

6. gr. samþ. með 18 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ.

nei: MJ, MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorstJ, BJ, JakM, JB, BSv.

Brtt. 229, 2 (ný 7. gr.) feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, BJ, EÞ, GunnS, HK, JakM, JB, MP, PÞ, ÞorlG, BSv.

nei: BH, EE, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MK, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ.
LH greiddi ekki atkv.

7. gr. samþ. með 15 : 3 atkv.

Brtt. 229, 3 (ný 8. gr.) tekin aftur.

— 229, 4 a. samþ. með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MP, ÓP, PÞ, ÞorlG, ÞórJ, BJ, EÞ, GunnS, HK, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, MJ, BSv.

nei: MK, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EE, IngB, JS, MG.

— 229, 4 b. samþ. með 18 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, BSv.

nei: ÞórJ, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ.

— 229, 4 c. feld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ, GunnS, HK, BSv.

nei: IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EE.

8. gr. samþ. með 15 : 8 atkv.

Brtt. 229, 5 tekin aftur.

— 229, 6 a—b teknar aftur.

9. gr. samþ. með 16 : 8 atkv.

Brtt. 246, I. feld með 18 : 4 atkv.

— 246, II, sjálffallin.

— 229, 7 tekin aftur.

— 229, 8 a—k teknar aftur.

10. gr. samþ. með 16 : 7 atkv.

11. gr. samþ. með 15 : 6 atkv.

Brtt. 229, 9 feld með 21 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BH, JakM, JB, MJ, MP, BSv.

nei: JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MK, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 16 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ.

nei: BJ, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorstJ, BSv.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 383, 403, 417).

Afbrigði um brtt. 417, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg flyt hjer brtt. á þskj. 417, og vil jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um

þær. Jeg skal taka það fram, sem almenna athugasemd, að þær eru komnar fram til þess eins, að breytingarnar á stjórnarskránni, eins og þær hafa verið samþyktar á þskj. 383, sjeu ekki athugaverðar að formi til.

Jeg tók það fram áður, að jeg hafði hugsað mjer, að ákveða mætti með lögum, hvernig fara skuli um stjórn landsins, ef ráðherra deyr, forfallast eða fer utan. Jeg hefi ekki komið með brtt. um þetta fyr, þar sem jeg gat ekki sjeð, hvort frv. mundi fá nóg fylgi. En atkvgr. við 2. umr. sýndi, að nokkrar líkur eru til, að frv. nái að ganga fram, og því ræðst jeg í að flytja þessa brtt. Því er ekki slegið föstu, hvort landritaraembættið skuli tekið upp, það er látið laust og óbundið, svo að næsta þing geti tekið ákvörðun um það.

2. brtt. er einungis til skýringar. Hún sýnir, að ákvæðið um að ákveða megi með lögum, að þing skuli háð árlega, skuli koma aftan við 18. gr. stjórnarskrárinnar. Það stendur ekki beinlínis í 5. gr. frv., en sú var tilætlunin, og er brtt. til þess að taka af allan vafa um þetta. Vona jeg að menn geti skoðað þessa brtt. samþykta án atkvgr., hvernig sem þeir líta annars á málið.

3. brtt. er um það, að forfallist þingmaður, sem kosinn er hlutbundinni kosningu, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi öllu, eða seinni hluta þess, megi varamaður koma í hans stað. Þetta ákvæði stendur í gildandi sjórnarskrá, en nær þar aðeins til landskjörinna þingmanna, en nú á það að ná til allra þeirra, sem kosnir eru hlutbundinni kosningu, svo sem þingmanna Reykjavíkur. Þetta er í samræmi við það, sem samþykt var hjer við síðustu umræðu, að varamaður taki sæti fyrir þingmann, sem svo er kosinn, ef hann deyr eða fer frá, en eftir þessari brtt. gildir það líka, ef þingmaður forfallast svo á miðju þingi, að hann getur ekki komið aftur á það þing. Þetta hefir komið fyrir áður um landskjörinn þingmann, þegar Hannes Hafstein fatlaðist frá þingsetu, og var allmikið um það deilt, hvort varamaður hans mætti taka sæti í hans stað.

4. og 5. brtt. eru við 10. gr. 5. brtt. er borin fram til þess að halda aldurstakmarki því, sem var áður um kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um alt land. Þetta fjell niður vegna brtt., er samþykt var við 2. umr., og er það skiljanlegt, því að þar sem flm. þeirrar tillögu hugsaði sjer, að þingið væri ein málstofa, hafði hann ekki ástæðu til að taka upp ákvæði um kosningarrjett til landskosninga. 4. brtt. er líka nauðsynleg vegna brtt., er var samþykt við við síðustu umr.

Hv. þm. Str. (MP) kemur enn með brtt. á þskj 403, þar sem meðal annars er farið fram á, að landskjörnir þingmenn falli niður og umboð þeirra, sem nú sitja, falli í burt þegar lögin öðlast gildi. Vitanlega kemur ekki til mála að slík brtt. verði samþykt í hv. Ed. Þeir, sem nú eru landskjörnir, munu vafalaust vera því mótfallnir, en þeir eru nálega helmingur deildarmanna. Þeir munu líta svo á, að þeir sjeu kosnir til langs tíma, og að þeir svíkist undan skyldu sinni, ef þeir samþykkja að hverfa af þingi þegar í stað. Þetta yrði og til þess að safna kvenþjóðinni á móti stjórnarskrárbreytingunni. Konur mundu álíta, að þessi breyting væri komin fram til þess að bægja þessum eina kvenfulltrúa frá þingsetu. Jeg lít svo á, að þessar brtt. sjeu bornar fram

í því skyni að efla mótspyrnu gegn frv., og verð jeg því að ráða eindregið frá því að samþykkja þær.

Meðal þeirra, sem vilja í raun og veru samþykkja breytingu á stjórnarskránni, er talsverður ágreiningur um, hvort fækka skuli ráðherrum. Jeg vil mælast til þess, að þeir, sem vilja stuðla að þingafækkun, en ekki að ráðherrafækkun, lofi frv. þessu að ganga til hv. Ed., ef þar væri unt að miðla málum. Hjer verður ekki borin fram tillaga um að ráðherrar skuli vera fleri en einn. Það er á móti þingsköpum, því að hjer hafa verið feldar við 2. umr. brtt. um að fella niður fyrstu 4. gr. frv. En jeg vil lýsa yfir, að jeg er fús til samkomulags um þetta atriði, og mun stuðla að því eftir mætti, að þetta yrði lagfært í hv. Ed.

Jeg gleymdi að geta þess um brtt. hv. þm. Str. (MP), að til greina gæti komið að athuga þær frekar, ef þeir landskjörnir þingmenn, sem nú sitja, ættu að halda þingsæti lögákveðinn tíma, en síðan skyldu ekki kosnir aðrir í þeirra stað. En jeg er sannfærður um, að Alþingi samþykkir aldrei, að umboð þeirra skuli falla niður þegar í stað, og skoða jeg þessar brtt. því ekki öðruvísi en sem snöru fyrir frv.

Magnús Pjetursson: Jeg tók fram við síðustu umr., að mjer virðist svo sem ekki allfáir þingmenn væru á sama máli sem jeg, að landskjörnir þingmenn mættu gjarna falla burtu. Við atkvgr. óskuðu sumir eftir því, að brtt. mín um þetta yrði borin upp í tvennu lagi, svo að hægt væri að samþykkja afnám landskjörinna þingmanna, þó að þingið starfaði framvegis í 2 deildum. Þar sem samþykt var tillaga mín um breytingu á kosningarjettinum, virtist mjer mönnum vera þetta alvara, og þótti mjer því rjett að flytja hjer brtt. vegna þeirra, sem eru mótfallnir landskjörnum þingmönnum, en vilja ekki sætta sig við eina málstofu. Jeg hefi heyrt, að þessi tillaga eigi talsverðum vinsældum að fagna í hv. deild. Annars fór jeg nógu rækilega út í þessa brtt. við síðustu umræðu, svo að jeg þarf ekki að endurtaka það, enda hreyfði þá enginn verulegum mótmælum gegn þessu ákvæði. Í öðrum brtt. mínum hefi jeg reynt að lagfæra breytingar mínar í samræmi við aðrar brtt., sem voru samþyktar við síðustu umræðu.

Þá skal jeg víkja að ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG). Jeg skal geta þess um tillögu hans, um að varamenn taki sæti fyrir þingmenn, sem forfallast, að það getur verið mikið álitamál, hvort sömu ákvæði eiga að gilda um menn, sem eru kosnir hlutbundnum kosningum í kjördæmum, eins og um landskjörna þingmenn. Jeg legg ekki kapp á þetta, en vil aðeins benda á, að ekki er nauðsynlegt að samræmi sje í þessu.

Þá ber sami hv. þm. fram brtt. um að taka upp aftur gamla aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti til landskosninga. Taldi hann það sjálfsagt, ef frv. ætti að ná að ganga fram. Jeg tel það alls ekki sjálfsagt. Það geta verið ýmsir hjer í hv. deild, sem vilja hafa sama kosningarrjett og kjörgengi um landskjör sem kjördæmakosning, svo að vel gæti hugsast, að hans tillaga yrði feld, þó að brtt. mín um afnám landskjörinna þingmanna næði ekki samþykki, og menn vildu hafa sömu skilyrði um kosningarrjett og kjörgengi um hvoratveggja kosninguna.

Hv. þm. var aðallega á móti því að

fella niður landskjörið af því, að hv. Ed. mundi aldrei fallast á það. Þetta er einungis grýla. Að kvenfólk muni leggjast á móti stjórnarskrárbreytingu af þessum ástæðum, nær auðvitað engri átt. Jeg get ekki hugsað mjer, að hv. þm. vilji gefa í skyn, að konur geti ekki komist að í kjördæmum, jafnt sem karlmenn, og þurfi því að halda á landskjörnum þingmönnum vegna þeirra. Það væri að gera alt of lítið úr kvenfólkinu.

Hv. þm. sagði, að þessi breyting mundi fella frv. algerlega, því að landskjörnu þingmennirnir mundu verða á móti henni. Þó að svo væri, þyrfti þessi hv. deild ekki að taka neitt tillit til þess. Í þessu máli verður hver og einn að fara eftir sinni sannfæringu, þó að landskjörnu þingmennirnir reyndu að hanga á eigin atkvæði. En jeg efast um, að þeir mundu gera það, þegar á hólminn kemur.

Það er mótsögn hjá hv. þm. Skagf. (MG), er hann beiddi menn að greiða ekki atkvæði gegn frv. vegna ráðherratölunnar, því að hana mætti laga í Ed. Hví gæti það þá ekki alveg eins orðið samkomulagsatriði í hv. Ed., hve lengi umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem nú sitja, skuli gilda. Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að samþykkja þessa brtt. til hv. Ed. svo að landskjörnu þingmennirnir geti skamtað sjer þann tíma, sem þeir vilja sitja. Jeg geri því fullkomlega ráð fyrir, að hv. þm. sýni þessum brtt. velvild, og jeg veit með vissu, að meiri hluti þessarar hv. deildar er því mjög hlyntur, að landskjörnir þingmenn verði feldir niður. Og því verður veitt eftirtekt um alt land, hvernig atkvgr. um þessa brtt. fer í dag.

Þorleifur Jónsson: Eins og kunnugt er og háttv. frsm. (MG) gat um, ljet jeg uppi í nefndinni, að hvorki jeg nje háttv. þm.. S.-Þ. (IngB) gætum aðhylst aðrar breytingar á stjórnarskránni nú en að þingunum sje fækkað. Komum við fram með till. þess efnis, að öllum öðrum breytingum væri slept. En eins og háttv. deildarmenn vita, var hún feld með miklum atkvæðamun. Jeg skal að vísu játa, að jeg hefi greitt frv. atkv. til þessa, með þeirri von, að unt yrði að ná samkomulagi um ágreiningsefnin, nú við 3. umræðu.

En sú hefir orðið raunin á, að þetta hefir ekki tekist hjer í þessari háttv. deild, enda ekki hægt að bera fram breytingartillögur, sem búið er að fella. Nú finst mjer það svo stórt spor aftur á bak, að fækka bæði þingum og ráðherrum, að jeg sje mjer ekki fært að fylgja slíku frv. úr deildinni. Mjer hefir fundist svo, sem ekki muni hafa veitt af öllum ráðherrunum upp á síðkastið, er vandamálin hafa steðjað að þjóðinni hvert á fætur öðru, og tel jeg því varhugavert að flana svo að því að fækka þeim um ⅔ hluta. Ekki síst þegar um leið er ákveðið að fækka þingunum. Það er ekki einasta í verkahring hverrar landsstjórnar að standa fyrir öllum framkvæmdum ríkisins. Hún þarf líka að standa á verði sem helsti útvörður þjóðarinnar og skirra hana vandræðum eftir því sem hægt er. Og á því sviði hefir sannarlega verið nóg að vinna síðustu árin, og alt útlit er fyrir, að svo verði fyrst um sinn. Af þessum sökum treysti jeg mjer ekki til að samþ. þetta frv. eins og það er nú. Háttv. frsm. (MG) tók það fram, að rjett væri af deildarmönnum að láta það ganga til

háttv. Ed., í von um að það, sem á þætti bresta, yrði lagfært þar. En hvaða vissu hefi jeg fyrir því, að þetta, sem jeg vil vera láta, nái fremur fram að ganga í þeirri deild? Vel mætti vera, að háttv. þm. þar sjeu sama sinnis og þorri manna hjer, að mista kosti treysti jeg engu í því efni. Min afstaða er því sú, að þar sem málið hefir ekki fengið það snið, sem jeg felli mig við, þá tel jeg ekki sæmandi, þar sem um slíkt mál er að ræða, að greiða því atkv. út úr deildinni. Býst jeg og við að þessu sje eins varið um háttv. þm. S.-Þ. (IngB). Jeg vildi aðeins með þessum fáu orðum gera grein fyrir því, af hverju við nú greiðum atkv. gegn frv.

Magnús Kristjánsson: Það eru ekki nema örfá orð, sem jeg þarf að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt, einkum vegna þess, að jeg býst við að engum hjer í háttv. deild komi á óvart, að jeg greiði atkv. á móti þessu máli. Mjer sagði svo hugur um frá öndverðu, að þetta mál myndi ekki vera nægilega undirbúið til þess að vera borið hjer fram, enda er það nú komið á daginn. Sýna þetta best brtt., sem drífa nú að á síðustu stundu. Á annað eins og það ekki að eiga sjer stað í slíku máli, sem hjer er um að ræða. Var það í rauninin sýnilegt í upphafi, hvernig fara myndi með málið hjer í háttv. deild, er nefndin, sem um það fjallaði, var svo margklofin.

Það er augljóst, að hvað sem yrði nú ofan á, þá myndu eins margir, eða fleiri, af háttv. þm. verða óánægðir með úrslitin eins og hinir, sem ánægðir yrðu.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að fara neitt út í einstök atriði. Jeg get þó ekki komist hjá að taka það enn fram, að jeg efast stórlega um, að sparnaðurinn við ráðherafækkun yrði nokkur. Jeg lít svo á, að 2 menn hafi frá upphafi þurft til þess að hafa stjórnina á hendi, nefnilega ráðherra og landritara. En eins og háttv. þm. ætti að vera öllum kunnugt, hafa störfin í stjórnarráðinu aukist svo síðustu 20 árin, að ómögulegt er að einn maður gæti annað þeim, og tæplega þótt 2 væru. Þykir mjer það og óviðfeldið, er ráðherrann yrði erlendis, að hafa ekki aðra stjórn en skrifstofustjórana í stjórnarráðinu. Kalla jeg það litla stjórn í landi, þótt ábyrgðarlausir menn færu með völdin. Það er því alveg bert, ef þessi breyting næði fram að ganga, að það væri ekki einasta að því stefnt að draga valdið í hendur þess eina manns, heldur og um lengri eða skemri tíma á ári hverju í hendur aðstoðarmanna hans í stjórnarráðinu. Þetta get jeg með engu móti felt mig við. Jeg hefði getað fallist á, að upp hefði verið tekið til reynslu að hafa þing aðeins annaðhvert ár. Auðvitað býst jeg við, að sparnaðurinn við það hefði orði lítill, en hins vegar óþægindi talsverð, sem myndu leiða af því. En þessu mætti þó síðar breyta með einföldum lögum. Annars finst mjer það óviðfeldið, að mikið sje af ákvæðum í stjórnarskránni, sem hægt sje að hringla með og breyta frá ári til árs. Þegar menn hafa í hyggju að gera breytingar á stjórnarskránni, þá verða þær að vera svo undirbúnar áður en til þings kemur, að menn verði svo að segja einróma samtaka um breytingarnar, svo að ekki þurfi að óttast, að tillögur til breytinga komi fram á hverju þingi.

Af því nú að greinilega er komið fram, að málið hafi verið of illa und-

irbúið, er ekkert annað við það að gera en að fella það. Því að láta það fara til háttv. Ed. með þessum göllum, sem nú eru á því, gæti varla talist sæmandi fyrir þessa háttv. deild. Slíkt gæti fremur gengið, er um smámál er að ræða, en ekki með nokkru móti, þegar það er stjórnarskráin, sem breyta skal. Hver er líka tryggingin fyrir því, að frv. yrði lagað í hv. Ed.? Fyrst tel jeg óvíst, að þar sjeu meiri spekingar en í þessari háttv. deild, og auk þess hafa þeir nú helst til lítinn tíma til að starfa að málinu, þar sem svo er áliðið þings.

Af þessum ástæðum öllum mun jeg greiða atkv. á móti málinu.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að byrja með því, að svara með nokkrum orðum háttv. þm. Ak. (MK). Hann kvaðst mundu greiða atkvæði móti frv., og var það sem vænta mátti. Hann kvað það vera auðsætt af því, að breytingartillögur kæmu svo seint í málinu, að það hefði ekki verið nægilega undirbúið. Því svara jeg svo, að brtt. þær, sem nú hafa komið fram, eru mjög einfaldar og auk þess í samræmi við þá hugsun, sem lá bak við atkvgr. við 2. umr., að einni undantekinni. Það, sem vakir fyrir mjer, er að binda ekki sem stjórnarskrárákvæði, hvort þing skuli haldið á hverju ári eða annaðhvert ár, og ekki heldur tölu ráðherra. Veit jeg satt að segja ekki til, að þetta ákvæði, um tölu ráðherra, finnist í stjórnarskrá nokkur annars lands. Jeg get því mæta vel felt mig við, að þetta megi ákveða með einföldum lögum, því það liggur í augum uppi, að altaf geti komið fyrir að þörf verði á að breyta tölu ráðherranna, og er þá óviðfeldið að þurfa að raska stjórnarskránni til þess. Jeg hefi ráðgast um það við hæstv. forseta, hvort hægt myndi vegna þingskapa að koma að brtt. þessa efnis, og kvað hann nei við, af því að samskonar till. hafi verið feld hjer við síðustu umr. Það hefir því enga þýðingu að taka málið út af dagskrá í því skyni að koma því að.

Jeg skal taka það fram, að hafi hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) fundið millileið, þá mun jeg fyrir mitt leyti ekki standa í gegn því, ef líkur yrðu til samkomulags. En hvað sem öðru líður, vildi jeg mælast til þess, að frv. verði nú látið ganga til háttv. Ed. skal jeg þar á móti lofa þeim því, sem eru móti fækkun ráðherra, að jeg mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að koma samkomulagi á í hv. Ed. (**ÞorstJ:** Hver þorir að treysta slíku?) Háttv. þm. Ak. (MK) talaði um, að svo líti út sem margt yrði nú í stjórnarskránni, sem breyta mætti með einföldum lögum. Þetta er alls ekki undarlegt og hefir altaf verið, og jeg held því afdráttarlaust fram, að það sje rangt að hafa ráðherra og þingatölu fastákveðna í stjórnarskránni.

Gagnvart háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) skal jeg taka það fram, að ekki þarf stjórnarskrárbreytingu til að fjölga ráðherrum, heldur aðeins til að fækka þeim niður í einn. Hjer er því aðeins um það að ræða, hvort það ákvæði skuli áfram bundið á sama hátt.

Þá kvað háttv. þm. Str. (MP) það ekki útilokað, að aldurstakmarkið yrði hið sama við landskjör og við kjördæmakosningar. Jeg hefi litið svo á, að hv. d. mundi ekki ætlast til, að aldurstakmarkið væri hið sama við hvorutveggju þessar kosningar, en nú mun það koma fram við atkvgr., hver er vilji háttv. þingdeildarmanna. Þá var það fjarri

mjer að halda því fram, að kvenfólkið myndi ekki geta komist að í kjördæmum, en hinu hjelt jeg fram, og held enn, að konum muni ef til vill þykja grunsamlegt, er farið verði að hlaupa til og afnema landskjörna þm., undir eins og fyrsta konan er komin á þing með þeim hætti.

Vil jeg svo enn að síðustu láta í ljós þá ósk mína, að málið verði látið ganga til háttv. Ed.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi svo ítarlega lýst afstöðu minni til þessa máls, að jeg tel enga þörf að gera það frekar.

En með því að nú hafa komið fram raddir um það, að vel mætti nú sleppa málinu til háttv. Ed., í því trausti, að það yrði lagfært þar, get jeg ekki látið vera að lýsa því yfir, að jeg tel slíkt algerlega óhæfilega meðferð á slíku máli. Á jeg bágt með að trúa því, að háttv. deildarmenn fari að greiða atkv. sitt með frv. til stjórnarskipunarlaga, sem þeir ekki eru ánægðir með, í því trausti, að það verði lagað í hinni deild þingsins. Slíkri aðferð er ekki einu sinni rjett að beita, þegar um minni háttar mál er að ræða, hvað þá heldur um sjálfa stjórnarskrána.

Jeg læt segja mjer það tvisvar sinnum, að stjórnarskrárfrumvarpið verði samþ. hjer í háttv. deild í þeirri mynd, sem það er nú.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi leitt hjá mjer að ræða stjórnarskrármálið á þessu þingi, en vegna þess, að skoðanir mínar um það mál eru nokkuð frábrugðnar áliti þeirra, er enn hafa látið til sín heyra, vil jeg lítilsháttar gera grein fyrir þeim.

Þegar stjórnarskráin var hjer í Nd. til umræðu á öndverðu þessu kjörtímabili, ljet jeg í ljós álit mitt um, hvernig tala ráðherra myndi heppilegast ákveðin í stjórnarskránni, og er það álit mitt enn óbreytt. Jeg held því fram, að ráðherratalan sje best ákveðin svo, að henni megi breyta með einföldum lögum. Ætti í stjórnarskránni að standa að ráðherrar megi veira einn, tveir eða þrír, eftir því sem hentast þyki í hvert sinn, og breytingar innan þeirra takmarka frjálsar með konungsúrskurði.

Jeg lít svo á, að meðan þessi ringulreið er á öllu innan þings og utan, þá sje ekki rjett að ætla sjer með stjórnarskrárákvæði að festa ráðherratöluna meira en svona. Einn ráðherra getur ekki orðið neitt kraftameðal til að koma einum flokkanna í meiri hluta á þinginu. Sundurlyndi ýmsra þm. nú um það, hvað best sje í þessum efnum, sýnir best, hve varúðarvert er að ákveða í stjórnarskrá, hve margir ráðherrar skuli vera, nánar en jeg hefi stungið upp á. Hin einskorðaða niðurstaða yrði handahófsniðurstaða, sem ef til vill yrði krafist breytinga á fyr en varði. En með því móti tapaði stjórnarskráin gildi sínu. Jeg tel það langæskilegast, og að að því verði að stefna, að ráðherra sje aðeins einn, ábyrgðin sem mest í eins manns höndum, og þegar flokkaskipunin batnar, einhver heilsteypt þjóðmálastefna sigrar, þá á þetta að vinnast, og vinst vonandi bráðlega. En sá tími virðist ekki kominn og því tel jeg betra að bíða og sjá, og láta sjer nægja nú að liðka til stjórnarskrárákvæðið svo að lagfæringin verði henni samrýmanleg, þegar sá rjetti tími kemur. Verður forvitnismál að heyra vilja kjósenda um þetta við kosningar þær, sem nú eru fyrir dyrum.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi minnast á, hvort þing verði haldið á hverju ári eða annaðhvert ár. Jeg hefi greitt brtt. í þessu efni atkv. til þessarar umr., en tel þó ákvæðið óhagfelt, eins og það er orðað. Mjer finst, að rjettast væri, að stjórnarskráin miðaði við þing árlega, áfram eins og nú er, en fæli í sjer ákvæði um, að því mætti breyta með einföldum lögum, á þann hátt, að það sje háð annaðhvert ár. Í þessu er fólgið minna rót á stjórnarskránni frá því, er þetta var ákveðið nú fyrir fáum árum.

Jeg vil því lýsa því yfir, að jeg mundi ljá frumvarpinu atkvæði mitt upp úr deildinni, ef þessar breytingar fengjust á því, annars ekki. Hvort gerlegt er að eiga þar undir skoðunum háttv. efri deildar, er komið undir því, hvort um veruleg eða smáatriði er að ræða. Að mínu áliti eru það veruleg atriði, sem þarf að breyta frá því, sem frv. er nú, til þess að jeg geti hallast að því. Vegna þess er það eina leiðin til þess að atkv. mitt fylgi frv. lengra en orðið er, að það verði nú, fyrir forgöngu stjórnarskrárnefndar, tekið út af dagskrá og gerðar á því þær lagfæringar, sem jeg hefi stungið upp á.

Magnús Guðmundsson: Nú hefir háttv. 1. þm. Árn. (EE) látið í ljós, að hann mundi geta fylgt frv. með því skilyrði, að í því sje látið óákveðið um tölu ráðherra. Er það ekki rjett skilið? (**EE:** Jú). Þá er jeg fús á að vinna með háttv. þm. að breytingu í þá átt; og óska jeg því eftir að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, til þess að mjer gefist færi á, ásamt háttv. 1. þm. Árn. (EE), að fá tíma til að undirbúa breytingu á frv., að þessu leyti, og koma fram með athugasemdir um það.

Jakob Möller: Mjer finst að háttv. flm. frv., 1. þm. Skagf. (MG), ætti ekki að gera þetta mál að meira athlægi en orðið er. En það verður það, ef nú á að fara að taka það út af dagskrá, til þess að bjarga lífi þess með „hrossakaupum“, og fella niður það eina atriði, sem enn er óbreytt í því. Frv. þetta yrði þá orðið mikið breytt, frá því, er hann flutti það í upphafi. Jeg tel það í sjálfu sjer ekki mikils vert, þó að felt sje úr stjórnarskránni ákvæðið um, að þing skuli haldið árlega. Jeg er sannfærður um, að það mundi verða gert eftir sem áður, enda mun þessi breyting ekki til annars ætluð en að sýnast. Ef till. hv. þm. Str. (MP), um að fella niður landskjörið og Ed., hefðu náð fram að ganga, þá hefði jeg því viljað vinna það til, að þetta ákvæði fjelli niður.

En eins og frv. er nú útlítandi, sje jeg ekki að það sje þess vert að treina í því lífið.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ekki skilið hvers vegna hv. 1. þm. Reykv. (JakM) telur frv. nú vera orðið hlægilegt; öll aðalatriði þess eru óbreytt frá upphafi, eins og þau komu frá mjer. (**JakM:** Þetta er hlægilegt hringl). Ef það er orðið hlægilegt nú, þá er það fyrir till. háttv. þm. Str. (MP), en þeim till., er þessi hv. þm. (JakM) einmitt að mæla bót. Orð hans um, að frv. sje hlægilegt hringl, eru því hlægileg heimska. Jeg er alveg á sömu skoðun og þegar þetta frv. kom fyrst fram. En það er háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem ekki er ákveðinn í málinu, heldur breyt-

ir sífelt um stefnu, eftir því sem ræður falla um það í hvert sinn. Vil jeg svo endurtaka hjer með beiðni mína til hæstv. forseta um að taka málið út af dagskrá.

ATKVGR.

Forseti bar það undir deildina, hvort taka skyldi málið út af dagskrá, og var það felt með 15 : 11 atkv.

Brtt. 417, 1 samþ. með 16 : 4 atkv.
— 417, 2 samþ. án atkvgr.
— 403, 1 feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, MJ, MP, PÞ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, HK, BSv.

nei: IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MK, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, GunnS.

EE greiddi ekki atkv.

Brtt. 403, 2 tekin aftur.
— 417, 3 samþ. með 15 : 3 atkv.
— 417, 4 samþ. án atkvgr.
— 417, 5 samþ. með 16 : 7 atkv.
— 403, 3—4 teknar aftur.

Frv., svo breytt, **felt** með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, EÞ, HK, JAJ, JS, JÞ.

nei: LH, MJ, MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, BSv.

Lagafrumvörp afgr. með rökst. dagskrá.

1. Mentaskóli Norður- og Austurlands.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri (þmfrv., A. 156).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Eins og kunnugt er, voru tveir lærðir skólar hjer á landi í 7 aldir, latínuskólarnir í Skálholti og á Hólum. Skálholtsskóli var stofnaður af Ísleifi biskupi Gissurarsyni skömmu eftir að biskupsstóll var þar á stofn settur, 1056, en Hólaskóli var stofnaður af Jóni biskupi Ögmundarsyni um leið og Hólastóll var settur, 1106. Skólum þessum var einlægt haldið uppi óslitið í katólskum sið, nema þegar allra ónýtustu biskuparnir sátu á stólunum. Þá lágu þeir stundum niðri nokkur ár, að mestu eða öllu leyti. Eftir siðaskiftin stóðu skólarnir einnig óslitið, uns stólarnir voru sameinaðir og fluttir til Reykjavíkur. En þangað var Skálholtsskóli fluttur 1785 og Hólaskóli 1801, og voru þeir þá jafnframt sameinaðir. En þetta gerðist á þeim tíma, þegar íslenska þjóðin var í mestri niðurlægingu, þegar Íslendingar voru nær því komnir en nokkru sinni fyr eða síðar að gefast upp í baráttunni sem sjerstök, sjálfstæð þjóð, þegar Danir ráðgerðu að flytja þá burtu og setja þá niður á Jótlandsheiðar, þegar fimti hluti landsmanna fjell úr hungri, þegar eða rjett áður en útlendur æfintýramaður gat hrifsað undir sig alla æðstu stjórn landsins, án þess að honum væri nokkur veruleg mótstaða veitt. Þremur árum áður en Hólaskóli var fluttur til Reykjavíkur, komu lögrjettumenn í síðasta skifti til Alþingis að Öxará, og urðu að hverfa þaðan skömmu síðar, því þeir gátu ekki hafst við í Lögrjettuhúsinu, sem þá var að falli komið, enda höfðu þá ekki nema fáir einir af lögrjettumönnum haft mannrænu í sjer til þess að sækja þingið. Og tveimur árum seinna er Alþingi afnumið með öllu, og árið eftir er Hólaskóli sameinaður Reykjavíkurskóla. Í sjö aldirnar á undan höfðu landsmenn fundið þörfina á því að hafa tvo lærða skóla, en líkamleg og andleg eymd og

niðurlæging Alþingis gerir það að verkum, að svona fór með skólana um 1800.

En skömmu eftir 1800 byrjar, sem kunnugt er, viðreisn þjóðarinnar aftur. Smám saman reynir þjóðin að fá það aftur í rjettindum og menningu, sem hún hafði glatað á síðustu öldum. Alþingi er endurreist, tungan er hreinsuð, efnahagur þjóðarinnar er rjettur við, og nú erum við fullvalda ríki, sem í fornöld. Nú siglum við á okkar eigin skipum, sem á landnáms- og söguöld. En eitt er þó enn ófengið, sem þjóðin hefir mist, og það er lærði skólinn á Norðurlandi.

Langt er síðan Norðlendingar vildu fá hann endurreistan. Þess er krafist kringum 1850. Þegar rætt er um stofnun Möðruvallaskóla, vildi þingskörungurinn Arnljótur Ólafsson gera hann að lærðum skóla. En háværar raddir í þá átt heyrðust þó ekki fyr en nokkru eftir síðustu aldamót, eins og tekið er fram í greinargerðinni fyrir frv. því, sem hjer er rætt um. Eitt aðaláhugamál hins næstseinasta skólameistara gagnfræðaskólans, Stefáns Stefánssonar, var seinustu árin, sem hann lifði, að fá lærdómsdeild bætt við gagnfræðaskólann. Núverandi skólameistari hefir sjeð þörf til hins sama, og vill leggja áherslu á, að þetta komist í framkvæmd þegar á næsta ári. Almennur áhugi er fyrir þessu á Norðurlandi, sem sjá má af því, að áskorun til þingsins í þessa átt var samþykt með öllum greiddum atkvæðum á afarfjölmennum þingmálafundi á Akureyri í vetur.

Þetta eru nú aðalatriðin, sem jeg hefi viljað taka fram viðvíkjandi hinni sögulegu hlið þessa máls. En þá munu ýmsir spyrja, hver sje nú nauðsyn þess, að mál þetta nái fram að ganga. Jeg vil í fáum orðum leitast við að svara því.

Í flestum tilfellum er gott, að hver einstaklingur hafi einhvern annan eða aðra einstaklinga til að keppa við. Skólar eru hjer engin undantekning. Ef tveir verða lærðir skólar í landinu, má vænta þess, að það verði metnaður hvors þeirra um sig að útskrifa sem best hæfa stúdenta til háskólans. Þeir munu verða strangari en ella að útskrifa einungis vel hæfa menn, menn, sem treysta má til að stunda æðra nám, vísindanám, menn, sem líklegir eru til að verða til nytja. Það mun verða metnaður þeirra að láta sem best orð fara af þeim stúdentum, sem frá þeim koma. Þetta tel jeg mikils virði, en annað má nefna, er sannar nauðsyn þessa máls, sem flestir munu sjá að er þungt á metunum málinu til stuðnings. Það atriði er, hve miklu ódýrara er fyrir nemendur að stunda nám á Akureyri en í Reykjavík. Við Akureyrarskólann eru heimavistir, og nemendur hafa þar matarfjelag. Við mentaskólann hjer í Reykjavík eru engar heimavistir, og nemendur verða, eins og kunnugt er, að hola sjer niður hingað og þangað úti um bæinn. Þó að jafndýrt væri að lifa í þessum tveim bæjum, Reykjavík og Akureyri, þá geta allir sjeð, hve miklu ódýrara væri að stunda nám í heimavistarskóla á Akureyri en hjer í heimavistarlausum skóla. En nú bætist það við, að á Akureyri eru margar lífsnauðsynjar miklu ódýrari en hjer, og verða einlægt, sem er afleiðing af legu bæjanna. Mjólkin er t. d. seld hjer í Reykjavík á 60—70 aura hver lítri, en á Akureyri 30—40 aura. Sömu hlutföll eða lík munu vera um verðlag á flestum íslenskum afurðum, kjöti, fiski o. s. frv. Sigurður skóla-

meistari, sem er nákunnugur því, hvað kostar fyrir nemendur um skólaárið í bæjum þessum, telur, að fortakslaust megi fullyrða, að það sje 1000 kr. dýrara í Reykjavík heldur en á Akureyri. Heimavistin á Akureyrarskóla kostar nú tæpar 75 kr. á mánuði fyrir hvern nemanda. En hvað kostar námsdvölin fyrir hvern nemanda hjer í Reykjavík? Nákvæmar skýrslur um það munu ekki vera til, en sagt er, að nærri láti, að það kosti um 180 kr. á mánuði að meðaltali. Setjum svo, að fimtán nemendur yrðu að jafnaði í hverri deild lærdómsdeildar Akureyrarskóla. Þá spöruðu þeir til samans 45000 kr. um árið við að nema þar, heldur en nema hjer í Reykjavík. Þetta er peningaupphæð, sem má gefa gætur að, og aldrei mundi kostnaðarauki við stofnun lærdómsdeildar við gagnfræðaskólann nema þessari upphæð, og því síður hærri. Óbeint verður því enginn kostnaður við stofnun þessarar deildar.

Akureyri má heita sveitaþorp. Af þeirri ástæðu munu því ýmsir vilja heldur láta börn sín ganga þar í skóla heldur en að senda þau til Reykjavíkur. Nú senda sumir Sunnlendingar, jafnvel Reykvíkingar, börn sín í gagnfræðaskólann á Akureyri. Að vísu er og hefir gagnfræðaskólinn þar jafnan verið mest sóttur af Norðlendingum og Austfirðingum. Svo myndi og einnnig verða, ef lærdómsdeild verður bætt við skólann. Akureyri liggur svo vel við sem miðstöð Norðurlands, og skamt er þaðan af Austurlandi. Fargjöld fyrir Norðlendinga og Austfirðinga eru enn fremur miklu ódýrari þangað en til Reykjavíkur, og bætist þar enn við þann sparnað, sem jeg taldi áðan að verða mundi fyrir nemendur að sækja frekar skóla á Akureyri heldur en mentaskólann hjer.

En nú býst jeg við, að sumum finnist ekki komnar nægilega margar röksemdir, er rjettlæti til fulls þetta mál. Jeg býst við, að sumir haldi, að hjer sje um mikinn aukakostnað fyrir ríkissjóð að ræða. Sumum mun finnast það ærin djörfung að koma fram með þetta mál á þeim tímum, sem þjóðin og þingið vill spara alt, sem spara má. Jeg væri þessum mönnum sammála, ef jeg vissi ekki, að hjer er um lítinn aukakostnað að ræða fyrir ríkissjóð, að minsta kosti minni kostnað en þann, sem óbeint sparast einstaklingum, eins og jeg hefi áður fram tekið.

Nú eru tveir af þremur bekkjum Akureyrarskólans tvískiftir. En ef bætt verður við skólann lærdómsdeild, finst mjer sjálfsagt, að ekki sjeu fleiri nemendur teknir í skólann en svo, að engri deild þurfi að tvískifta. Kenslustofur þurfa því ekki að vera nema aðeins einni fleiri en þær eru nú, og nemendatalan nokkurn veginn hin sama. Sömuleiðis skal jeg geta þess, til þess að sýna það enn þá betur, hvað kostnaðarauki inn er lítill, að skólameistari gagnfræðaskólans hefir tjáð mjer, að þessa einu kenslustofu, sem á vanti, megi gera úr því herbergi, þar sem nú er geymt náttúrugripasafn skólans, en hins vegar megi fá ágætt húsrúm fyrir safnið í kjallaranum. Enn fremur má geta þess í þessu sambandi, að allmikið rúm er enn til í skólahúsinu ónotað og óútbúið, í sambandi við heimavistirnar, og mætti nota það, ef þörf krefði, til þess að stækka þær.

En þar sem nú ekki, þrátt fyrir það, þótt lærdómsdeild væri bætt við, yrði kent nema í einni stofu umfram það,

sem nú er, og nemendafjöldinn því svipaður, þyrfti ekki heldur að fjölga kennurum nema um einn, og jafnvel gæti komið til mála að fjölga þeim alls ekkert, heldur bæta við timakennurum fyrst um sinn. En þótt nú svo yrði, að bæta þyrfti kennara við skólann nyrðra, eða gera einhvern annan aukakostnað við hann, þá ætti það að sparast við skólann hjer, sem verður þá nokkru minni en ef hann væri einn lærður skóli í landinu.

Mörgum finst stúdentaframleiðslan nóg í landinu, eins og nú er. Má vera, að það sje rjett. Og þó að lærdómsdeild verði stofnsett við Akureyrarskólann, þá þarf ekki að verða meiri stúdentaframleiðsla en nú er. Með reglugerðum má takmarka tölu þeirra eftir vild, sem ganga í lærdómsdeildir skólanna.

Nú er mentaskólahúsið í Reykjavík að verða of lítið. Margir vilja því stækka það. En getur nú ekki hv. deild orðið mjer sammála um það, að úr því svona er komið á annað borð hjer syðra, en hins vegar nóg húsrúm nyrðra, þá sje rjettara að nota hið ágæta skólahús þar, án nokkurs aukakostnaðar, heldur en að ráðast í dýra viðbótarbyggingu hér

Mörgum finst líka nóg um það, hvernig alt dregst hingað til Reykjavíkur. Hér býr $\frac{1}{5}$ hluti allra landsmanna. Hjer eru saman komnir flestir skólar og söfn landsins. Enda hefir hingað til verið stuðlað til þess af hálfu hins opinbera, að svo færi. En slíkt mun varla heppilegt, að alt safnist hingað. Mörgum mun finnast eins og þrælum Ingólfs, að ilt sje að yfirgefa fagrar gróðurlendur og sejast að á útnesi þessu, að minsta kosti ekki heppilegt, að meiri hluti þjóðarinnar dragist hingað. Þjóðin verður þá sem krypplingur, sem höfuðið vex á, en líkaminn veslast upp, og þá er afleiðingin auðsæ.

Hæstv. landsstjórn varði um 60 þús. kr. til þess að láta gera við gagnfræðaskólahúsið á Akureyri síðastliðið sumar. Nú er það vel útbúið og veglegt skólahús. Og stjórnin hefir fengið lof en ekki last fyrir þessar framkvæmdir. Ekki einu sinni hv. fjvn. hefir neitt við það að athuga. Jeg tel, að stjórnin hafi með þessu undirbúið stofnun lærdómsdeildar þessa skóla. Hún er nú búin að verja til stofnkostnaðar hennar því fje, sem til hans þarf að verja. Og þökk sje stjórninni fyrir það nauðsynjaverk. En eins og hv. deild virðist sammála stjórninni um það, sem hún hefir gert fyrir framgang þessa máls, þá vona jeg, að hún verði mjer sammála um frv. þetta.

Að endingu vil jeg taka fram: Þetta er stórmál, sem ekki má svæfa og ekki er hægt að svæfa. Það er mál, sem snertir hagsmuni mikils hluta landsins. Það er mál, sem sker úr því, hvort engir eiga að verða lærðir menn í landinu nema synir Reykvíkinga eða stórefnamanna, því að öðrum er ókleift að kosta börn sín um mörg ár í skóla. Þetta er ekki fjárhagslegt eyðslumál, heldur stórkostlegt sparnaðarmál.

Að lokinni þessari umræðu óska jeg, að málinu verði vísað til mentamálanefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg kann ekki við að láta þennan efnilega unga fara svo til 2. umr., að jeg segi ekki nokkur orð um hann. Það er þó ekki svo, að jeg ætli að amast við því, að frv. fari til mentmn. Jeg hygg hana svo vel skipaða, að óhætt sje að senda henni annan eins böggul.

Jeg vil fyrst minnast á þá miklu helgi,

sem virðist hvíla yfir Akureyrarkaupstað — að minsta kosti í augum sumra háttv. þm. — fram yfir aðra staði á landinu. Svo mikill er sá helgiljómi, að honum hefir tekist að slá blindu jafnvel hin skygnustu sparnaðaraugu í þinginu. Þeir sömu sparnaðarmenn, sem skera vilja niður ýmsa nýtustu embættismenn landsins, þeir, sem skera niður fjárveitingar, sem hver heilvita maður hlýtur að telja sjálfsagðar, vilja endilega kosta gagnfræðaskóla bæði á Akureyri og í Reykjavík. Þetta skólahald hefir landssjóður efni á að kosta. Það er ætlast til, að allar sveitir landsins leggi sinn skerf til slíkra nauðsynja, þótt samtímis sje talið ómögulegt að stofna unglingaskóla í öðrum hjeruðum landsins, hversu mikil sem þörfin er. Í þennan æðri barnaskóla á Akureyri hafa verið sendir bæði þeir, sem óskuðu gagnfræðamentunar, og svo líka hinir, sem ætluðu sjer að stunda framhaldsnám við lærða skólann í Reykjavík. Er þetta algerlega öfug stefna, eins og jeg hefi svo oft haldið fram. Hin stefnan er sú rjetta, að greina þessa skóla í sundur og hafa lærða skólann út af fyrir sig, án sambands við gagnfræðaskólana. Í fyrsta lagi eiga nemendur, sem fara þessar tvær ólíku brautir, alls enga samleið á skólabekkjunum úr því að lýkur barnaskólanáminu. Það þarf að leggja alt annan grundvöll hjá þeim, sem ætla sjer í lærða skólann, en hinum, sem óskar almennrar þekkingar. Þetta eitt er næg ástæða til þess, að ekkert samband ætti að vera milli þessara skóla. Hjer við bætist svo hitt, að óþarft virðist að fara svo vel með þennan mannmarga kaupstað, að láta landið halda þennan skóla fyrir hann. Væri meiri ástæða til að gera þetta í sumum fámennari kauptúnum og sveitum landsins, sem sökum mannfæðar sinnar eiga örðugt með að halda slíka skóla. Þetta er svo augljóst, að hafi nokkur aðra skoðun á því, þá hlýtur það að vera af þeirri sök, að hann hafi ekki leitt hugann neitt að þessum málum.

Það er rjett, sem hv. flm. (ÞorstJ) tók fram, að framleiðslan af stúdentum sje orðin æríð nóg í þessu landi. En mig furðar á því, að hann skuli þá ekki líka sjá, að ekki sje ástæða til að gera gyllingar til að fjölga þeim. Ekki þarf að gera það þeirra vegna, því vitað er, að launin, sem þeir munu bera úr býtum, sem glæpast á þeirri leið, eru sultur og vanþakklæti. Hitt er engum efa bundið, að það hafa veiðst tugir í þá gildru, sem lögð var um leið og sambandi var á komið milli þessara skóla. Það er svo auðskilið, á hvern hátt slíkt verður.

Námsmönnum, sem annars höfðu ekki ætlað sjer lengra á þeirri braut, leiðist að sjá bekkjarsystkin sín fara fram úr sjer og til æðri menta, og svo lýkur, að kappið má sín oft meira en forsjáin. Þetta er svo margreynt, að enginn getur gert sig svo djarfan, að mótmæla því. — Og þó vilja nú hv. flm. þessa frv. endilega leggja nýja veiðibrellu.

Jeg vil ekki bera brigður á alt, sem hv. flm. sagði áðan. Rjett er það hjá honum, að ódýrara sje fyrir pilta [illegible]rðanlands að sækja skóla á Akureyri en hjer í Reykjavík. En ástæðan, sem hann lagði einna mesta áherslu á, sameiginlega mötuneytið, haltrar hjá honum að því leyti, að hægt er eins að koma því á hjer; hefir enda verið stigið fyrsta sporið. Þá er eftir munur ferðakostnaðar og dýrtíðar, og verður hann varla

svo mikill, að unt verði að launa marga kennara af honum.

Það, sem aðallega kemur þá til athugunar, er þetta, hvort landið sje svo fjölment, að nauðsyn beri til að hafa hjer 2 lærða skóla. Jeg hygg, að enginn blettur sje til á jörðunni með 95 þúsundir íbúa, sem hefir lærðan skóla fyrir sig. Til þess að ná sama hlutfalli og hjer er, yrðu að vera 2 lærðir skólar í hverri stærri götu í stórborgum erlendis, því eins og menn munu vita, er ein slík gata fólksfleiri en alt Ísland. Nú hafa aðrar þjóðir ekki tekið upp það ráð, og jeg held, að við ættum ekki heldur að gera það, en reyna að komast af með einn lærðan skóla. Hitt er annað mál, að þingið getur, ef því sýnist svo, jafnað kostnaðarmismuninn hjá hinum ýmsu landshlutum með því t. d. að láta þá nemendur, sem lengst eiga að, fá ókeypis far með strandferðaskipum vorum. Hefir þegar verið stigið spor í þessa átt með því að ákveða í fjárlögunum, að styrkveitingar til náms skuli ætlaðar þeim nemendum, sem eru utan af landi. Fara mætti lengra í þessa átt og veita þeim nemendum fleiri vilkjör af svipuðu tæi.

Undarlegt þótti mjer, þegar hv. flm. (ÞorstJ) fór að tala um það, hve sáralítill kostnaður yrði þessu samfara. Svo var að heyra, sem ekki þyrfti annað en bara bæta bekkjunum við. Vinna þá kennararnir við gagnfræðaskólann á Akureyri ekkert nú? Geta þeir bætt við sig nýjum námsgreinum að kostnaðarlausu? Eða hefir því fje, sem nýlega var veitt til skólans, verið varið til að fjölga þar bekkjum? Sje svo, þá hefir verið ólöglega með það farið. — Það gægðist þó fram hjá hv. flm. (ÞorstJ), að hann hefði á tilfinningunni, að einhver talsverður kostnaður myndi þessu samfara. Hann fór að tala um að takmarka nemendafjöldann, sem skólann sækti. Er það nú hugmynd! Eftir alt á að reka helming nemendanna til Reykjavíkur og láta þá sitja þar við þau súru kjör, sem hv. flm. lýsti svo átankanlega rjett áðan. Við suma á að segja: Komið til mín, blessaðir, og við aðra: Farið frá mjer o. s. frv., rjett eins og stendur í einni postillu rjettlætisins. — Nei, þótt einhverjum kunni að þykja góð fyrirmyndin, þá verð jeg að hafna henni. Og mjer þætti ekki undarlegt, þótt einhverjum færi eins og bæðu þann að hafa á höfðinu, sem ætlaði að reka suma frá skólanum, en halda öðrum eftir við sældarkjör hans. Jeg verð í alvöru að halda því fram, að oss beri að hafa á þessu siðaðra manna hátt og láta oss ekki detta slíka fíflsku í hug. Það þarf og ekki að kenna mjer, hverju verði við að bæta slíkan skóla, til þess að úr honum verði viðunandi lærður skóli. Það agn er ekki nema fyrir fáfróða, að ekki þurfi við að bæta nema einum kennara. Jeg er of kunnugur skólamálum til þess að geta gleypt við sliku.

Jeg verð enn á ný að endurtaka það, að mjer finst það næsta undarlegt, að það sama þing, sem hefir knúið stjórnina til að koma fram frv. um jafnhneykslanlegan niðurskurð nýtra embættismanna landsins og nú hafa nýlega verið rædd, — að það sama þing skuli nú ætla að bregða sjer til að setja á stofn nýjan skóla með 5—6 nýjum kennurum, eða mönnum, sem gegndu slíkum störfum. Því varla er ætlandi, að meiningin sje að gera þá menn að föstum embættismönnum, svo tregt sem kennurunum hjer syðra hefir gengið að fá af þinginu slíkan nafnbótarauka, þótt

engu væri þar með til kostað. — Já, sparnaðarhugsjón hins háttv. þings! Það er grátlegt gæfuleysi að hafa vakið upp slíkan draug, og þurfa svo að glíma við hann ávalt síðan.

En svona var það, — annars vegar þingfararjóðsóttin vægðarlaus og hins vegar óttinn við, að illa myndi ganga, ef engu líku væri að veifa til að lina með hugi kjósenda. En þeir vöruðu sig ekki á því, þessir löggjafarstrútar, að þótt þeir stungju hausnum inn í runnann, þá skein á lappirnar og afturhlutann, og það er einmitt hann, sem kjósendurnir eru nú að byrja að virða fyrir sjer.

Jeg læt svo útrætt um þetta mál að sinni. Það fer nú til hv. mentmn., og fæ jeg vonandi tækifæri til að heilsa upp á það á ný, þegar það kemur þaðan aftur.

Ingólfur Bjarnarson. Eins og háttv. flm. (ÞorstJ) tók fram í ræðu sinni áðan, þá er fyrirkomulag það, sem þetta frv. fer fram á, ekki nýtt. Það hefir þvert á móti verið svo, að mentaskólarnir hafa lengst af verið 2 á þessu landi, annar á Norðurlandi og hinn á Suðurlandi. Hefir sú skipun skólanna þá verið talin hæfa best þörfunum. Enda auðskilið, að svo sje í jafnstrjálbygðu landi sem vort land er. Hefir reynslan sýnt, að þetta var viturlega ráðið. Nú hefir aftur um langan tíma verið aðeins einn skóli, enda svo komið sögu, að flestum landsmönnum utan Reykjavíkur er ókleift að nota hann, að undanteknum einstöku efnamanni. Það, sem þessu veldur, er dýrtíðin hjer í bænum. Þarf ekki að skýra það atriði, sem öllum er alkunnugt og viðurkent. Afleiðingin af þessu er sú, að ekki koma aðrir til að geta sótt mentaskólann en börn Reykvíkinga og örfárra efnamanna úti um land. Öllum þorra landsmanna verður því í raun rjettri fyrirmunað að njóta í nokkru æðri skólanna. Jafnhliða þessu hlýtur svo þetta fyrirkomulag að auka aðstreymið til Reykjavíkur, sem virðist þó nóg fyrir. Jeg þekki þó nokkur dæmi þess, að menn hafa flutt til Reykjavíkur norðan úr landi, aðeins vegna þess, að það var eina kleifa leiðin til að koma börnum þeirra til náms. Held jeg, að allir hljóti að viðurkenna, að þetta ástand sje ekki holt fyrir þjóðarhaginn, hvorki það, að ekki geti aðrir orðið mentamenn í landinu en börn Reykvíkinga og fárra efnuðustu manna — þó misrjettinu sje slept —, nje heldur hitt, að mikið aðstreymi fólksins myndist til Reykjavíkur, umfram það, sem þegar er, með það eitt fyrir augum, að það er eina leiðin til að koma börnum sínum til menningar.

Þetta frv., sem hjer er á ferðinni, miðar að því að bæta úr þessum vandkvæðum og minka það aðstöðumisrjetti, sem gildir fyrir ungmenni landsins um aðgang að æðri skólum. Hjer er farið fram á, að lærdómsdeild skuli sett á fót í sambandi við gagnfræðaskólann á Akureyri. Veit jeg, að allir hv. þm. muni skilja það, sem felst í þeirri kröfu, og vænti þess, að þeir sjái jafnframt, hve óvænlega horfir um skólamálin með núverandi fyrirkomulagi, ef mestur hluti þjóðarinnar verður útilokaður frá að geta látið börn sín ganga mentaveginn. Það yrði máske borið fram sem ástæða gegn frv., að erfiðara sje að fá góða kenslukrafta á Akureyri en hjer syðra, þar sem flestir mentamenn landsins eru saman komn-

ir. Jeg er að vísu ekki svo kunnugur því máli, að jeg leyfi mjer að gera samanburð á núverandi kenslukröftum við skóla þessa. En jeg þori hins vegar að fullyrða, að nú sem stendur eru mjög góðir kenslukraftar við gagnfræðaskólann á Akureyri í ýmsum greinum, og veit jeg, að það er alviðurkent. Hygg jeg því, að engin sjerstök ástæða sje til að ætla, að þetta væri gild rök móti frv.

Þá verð jeg að halda því fram, að það mundi hafa góð áhrif og heppileg, ef skólarnir eru tveir. Það myndi eðlilega skapa samkepni milli þeirra um, að stúdentar hvers um sig fengju sem besta viðurkenningu fyrir lærdóm sinn og menningu á allan hátt. Er það þýðingarmikið atriði.

Aðalatriðið er þó þetta, að með þessu móti fá miklu fleiri landsmenn færi á að menta börn sín en ella.

Jeg skal ekki fara neitt út í kostnaðarhliðina, því hv. flm. (ÞorstJ) hefir gert það svo skýrt og ítarlega, enda er það og tekið fram í greinargerðinni. Þó verð jeg að líta svo á, að röksemdir hv. þm. Dala. (BJ) hafi ekki verið á góðum rökum bygðar. Jeg skal þó ekki fara frekar út í það, en undirstrika þann mikla sparnað, sem margir menn úti um landið myndu njóta af þessum skóla, ef hann verður settur á stofn, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Það gleður mig, að háttv. þm. Dala. (BJ) hefir snúist á móti þessu máli, vegna kostnaðarins, sem málinu sje samfara; en slíkt er ekki venja hans. Enda hygg jeg nú samt, að það hafi ekki verið kostnaðarhliðin, sem ráði andstöðu hans í þessu máli, heldur aðrar ástæður. Yfirleitt hrakti hann ekki neitt af þeim rökum, sem jeg færði í fyrri ræðu minni, sem hann raunar ekki virtist hafa heyrt, enda þóknast honum heldur ekki að hlusta á mig nú, því jeg sje hann ekki hjer í deildinni, og svarar hann þá aftur sennilega einhverju öðru en því, sem jeg sagði, og get jeg ekki að því gert.

Jeg geri ráð fyrir að minka gagnfræðaskólann á Akureyri þannig, að engin deildin verði tviskift, og þess vegna ætti breytingin að vera síður tilfinnanleg að því er kostnaðinn snertir. Jeg hefi aldrei sagt, að gagnfræðadeildirnar í Reykjavík og á Akureyri eigi að vera framhald af barnaskólunum, enda þótt jeg áliti, að lærdómsdeildin geti tekið við af gagnfræðadeildunum, gagnstætt því, sem háttv. þm. Dala. ætlast til. Það er rangt að telja gagnfræðaskólann á Akureyri aðeins fyrir Akureyringa; Akureyringar hafa ekki frekar gengið í hann en Eyfirðingar, Skagfirðingar, Húnvetningar, Þingeyingar eða Austfirðingar. Þar að auki hafa margir Vestfirðingar og Sunnlendingar sótt skólann.

Samkvæmt því, sem jeg tók fram áður í ræðu minni, er skoðun mín sú, að það eigi að herða á ákvæðum reglugerðar lærða skólans um inngöngu í deildina.

Háttv. þm. (BJ) gerði lítið úr því, hvað ódýrara er fyrir nemendur að stunda nám á Akureyri en í Reykjavík. Taldi hann, að nemendur hjer gætu haft með sjer mötuneyti, eins og á Akureyri, enda vakir það líklega fyrir honum að stofna heimavistarskóla hjer í Reykjavík, þar sem hann augsýnilega virðist aðeins vilja hlynna að skólum í Reykjavík, en hvergi annarsstaðar.

Hann taldi, að kostnaðarmismunur-

inn fyrir nemendur hjer og nyrðra væri aðeins fólginn í fargjaldi nemenda að norðan hingað til Reykjavíkur. Á því er auðsjeð, að hjer talar maður, sem ekki veit, hvað hann er að fara. Jeg sýndi glögglega kostnaðarmuninn við námsdvöl í þessum tveim umræddu bæjum. Eða telur hv. þm. (BJ) 1000 kr. kostnaðarmismun á ári einskis virði fyrir fátæka nemendur?

Háttv. þm. (BJ) sagði, að það mundi enginn blettur á jörðinni með 90 þús. íbúa hafa meira en einn lærðan skóla, ef hann annars hefði nokkurn. Í sambandi við þessa umsögn hans vil jeg benda á, að meðan við höfðum hjer tvo lærða skóla, Hólaskóla og Skálholtsskóla, voru hjer á landi eigi meira en 40—50 þús. íbúar. En vjer höfum margar stofnanir aðrar, sem ekki tíðkast annarsstaðar í heiminum, að hverjar 90 þús. manna hafi. Má þar nefna háskóla og hæstarjett. Mun þó ekki hv. þm. Dala. vilja leggja þær niður. Vjer höfum einnig 42 manna þing, sem starfar ¼—⅓ af hverju ári, og mun það líka vera einsdæmi með smáþjóð sem vjer erum. Það hafa ekki heyrst áður frá hv. þm. Dala. (BJ) varúðarorð gegn því, þó 90 þús. Íslendingar legðu í þann kostnað, sem jafnstór hópur annarsstaðar á hnettinum mundi ekki ráðast í.

Þá talaði háttv. þm. um kensluna og gerði mikið úr því, að fjölga þyrfti kennurum og kenslustofum við Akureyrarskólann. Hann hefir sýnilega ekkert tekið eftir því, sem jeg sagði, að deildum í skólanum væri nú tvískift, að skólinn hefði nóg húsrúm, ef deildunum væri ekki tvískift, og að jeg gerði ráð fyrir, að tvískifting í deildum yrði ekki leyfð. En þetta gengur nú svo, að þegar varinn er slæmur málstaður, þá er ráð að beita fyrir sig misheyrn í staðinn fyrir rök.

Þá gerði hv. þm. mikið gaman að því, sem jeg hefði sagt um takmörkun stúdentaframleiðslunnar, og að það ætti að reka þá aumingja til Reykjavíkur, sem útundan yrðu þar nyrðra. Þetta var aðeins útúrsnúningur hjá hv. þm. Vitanlega þarf víða að setja takmörk. Þeir, sem best eru til þess hæfir að ganga mentaveginn, eiga að fá að sitja fyrir að ganga hann.

Háttv. þm. sagði, að ekki þyrfti að kenna sjer, hve marga kennara þyrfti við lærðan skóla. Jeg gæti trúað því, ef hann ætti að ráða, að þá yrðu kennaraembættin ekki fá, sem bætt yrði við Akureyrarskóla, ef hann breyttist í lærðan skóla. En hinu trúi jeg ekki, að Alþingi geri hann að sínum ráðunaut í þessu efni.

Stefna háttv. þm., eftir þeim rökum, sem hann hefir flutt í ræðum sínum hjer í deildinni, er sú, að einungis börn efnamanna og Reykvíkinga geti stundað nám við lærðan skóla. Jeg tók það fram í framsöguræðu minni, og sjerstaklega kom það skýrt fram í ræðu hv. þm. S.-Þ. (IngB), að fáir foreldrar utan af landi gætu kostað börn sín til náms í Reykjavík og yrðu því oft sjálf að fylgja þeim eftir þangað, af því þeir gætu helst klofið skólakostnaðinn á þann hátt, að verða búsettir í bænum. Að mentaskólinn er aðeins einn, eykur fólksstrauminn til Reykjavíkur svo, að til vandræða sýnist horfa.

Fyrst skólahúsið er til nyrðra, gott og vel útbúið, en þröngt um skólann í Reykjavík, finst mjer sjálfsagt að nota það fyrir lærðan skóla. Kenslukrafta þarf ekki að auka að mun, þó að skól-

arnir verði tveir, því að lærða skólann í Reykjavík má minka sem nemur lærdómsdeild við Akureyrarskóla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv. og til mentamálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikuaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 156, n. 320).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Stefánsson): Það mun varla þurfa að ræða lengi um þetta mál; jeg býst ekki við, að það geti komist í höfn, þar sem svo er áliðið orðið þingtímans.

Þegar menn sjá þetta frv., sem fer fram á að gera mönnum greiðari aðgang að æðri mentun en hv. flm. þykir vera nú, hlýtur það að fljúga mönnum fyrst í hug, að þetta byggist á því, að hjer sje hörgull á stúdentum, og að ekki sje nóg viðkoma háskólamentaðra manna til þess að fullnægja þörfum þjóðarinnanr. Þessu verður ekki svarað öðruvísi en neitandi. Frá því að Hólaskóli var tekinn af, og aðeins varð einn lærður skóli hjer á landi, hefir um langan aldur ekki borið á því, að neinn sjerlegur hörgull væri latínulærðra manna, svo að jeg taki svo til orða, og að ekki hafi verið völ á nægilega mörgum mönnum í þær stöður, sem háskólamentaða menn þarf í.

Því er ekki að leyna, að jeg hygg frv. ekki komið fram af slíkri vöntun, heldur beint af metnaði Norðlendinga, er sárnaði, þegar Hólaskóli var fluttur hingað suður, og hafa því jafnan meira og minna alið á því síðan, að sjerstakur lærður skóli yrði stofnaður á Norðurlandi. Það er eðlilegt, að hugmynd þessi fái byr undir báða vængi á þessari öld, sem jeg vil kalla skáldasýkisöld. Nú virðist eitt mesta áhugamál landsmanna að hrúga upp sem flestum skólum. Jeg er ekki að lasta það, að menn vilji, að mentunin aukist, en hins vegar tel jeg, að of mikið megi að því gera. Og jeg tel það ekki aðalskilyrðið fyrir uppgangi þjóðarinnar, að skóli sje reistur svo að segja í hverjum hreppi, heldur að landsmönnum gefist kostur á að afla sjer þeirrar verklegu þekkingar, sem þeim kemur að bestu haldi.

Þegar litið er til reynslunnar, sem fengin er í Reykjavík um sameiningu gagnfræðamentunar og hinnar lærðu mentunar, hygg jeg, að hún sýni, að efasamt er, hvort rjett sje að setja á stofn annan skóla hliðstæðan. Reynslan hefir sannarlega orðið á þann veg, að mörgum þykir þetta orðið fargan, er bestu menn vorir telja bráða nauðsyn á að breyta. Jeg er ekki með því að leggja niður lærdómsdeildina eða gagnfræðadeildina, heldur vil jeg, að horfið sje að gamla skipulaginu. Jeg hygg, að þegar þessi nýi Akureyrarskóli á að vera bæði gagnfræðaskóli og lærður skóli, þá mundi bráðum sækja í sama horfið sem hjer í Reykjavík. Meðan skólinn er opinber verður mönnum ekki neitað um inntöku í skólann, en afleiðingin verður sú, að skólinn verður að því bákni, sem erfitt verður að koma fyrir og kosta mun ærið fje, alveg eins og komið er á daginn um mentaskólann.

Jeg veit, að þetta frv. er flutt í samráði við skólastjórann við gagnfræða-

skólann á Akureyri. Hann sjer ráð til þess, að Akureyrarskóli verði ekki skjótlega of lítill, en eingöngu á kostnað gagnfræðamentunarinnar. Ef aðsóknin yrði of mikil, þyrfti ekki annað en að neita mönnum um upptöku í gagnfræðadeildina. Mjer er sem jeg sjái, hve vinsælt það yrði með Norðlendingum, þeim er vildu láta syni sína njóta gagnfræðamentunar, ef þeim yrði vísað á bug, af því að lærdómsdeildin væri látin sitja í fyrirrúmi.

Jeg er því á þeirri skoðun, bæði af því, að enginn hörgull er á stúdentum og háskólamentuðum mönnum, og hins vegar vegna þess, hve þröngur fjárhagur vor er og mun verða fyrst um sinn, að oss sje ærið nóg að eiga einn lærðan skóla, svo sem verið hefir um heila öld. Nokkuð öðru máli gegndi, ef námið væri mönnum svo dýrt í Reykjavík, að það varnaði mönnum að sækja til mentaskólans. En ekki ber á þessu. Þrátt fyrir dýrtíðina safnast svo margir menn í þennan skóla, að hann er að rifna utan af þessum fjölda. Haldi þessu áfram, þarf bráðlega að auka húsnæði skólans. Og ef þessi saga endurtekur sig á Akureyri, sem er afarsennilegt, tel jeg rangt að leggja út í þennan kostnað. Skólameistarinn á Akureyri áætlar, í ritgerð, er hann ljet birta í vetur, að þessi nýbreytni mundi kosta ríkið mjög lítið umfram það, sem verið hefir. Gerir hann þá ráð fyrir, að aðsókn verði mjög lítil að lærdómsdeildinni á Akureyri. En ef svo væri, þá er lítil ástæða til að stofna þessa deild, en verði aðsóknin mikil, mundi reka að því sama sem um mentaskólann í Reykjavík.

Eina aðalástæðu fyrir þessu frv. telja skólameistari og flm. það, hve miklu kostnaðarsamara er að sækja nám til Reykjavíkur en Akureyrar. Þar er miðað við Norðurland eitt, því að úr flestum öðrum hjeruðum mun ekki dýrara að sækja til Reykjavíkur heldur en til Akureyrar. Það má vel vera, að námskostnaður sje meiri í Reykjavík en á Akureyri, en nýlega las jeg í blaði einu, að fæðið í heimavistum Flensborgarskóla hefði verið enn ódýrara en í Akureyrarskóla. En ekki getur þó verið miklum mun dýrara að lifa í Reykjavík heldur en í Hafnarfirði. Þegar að því er gætt, hvernig skólameistarinn rökstyður þá staðhæfingu, að námið sje svo miklum mun ódýrara á Akureyri en í Reykjavík, hygg jeg, að hann fari ekki alveg rjett með tölur. Í fundarbyrjun var útbýtt ritgerð um þessi skólamál, eftir einn áhugamesta og besta skólamann vorn, og segir þar svo um útreikning skólameistara (með leyfi hæstv. forseta):

„Skólameistari hygst að sanna, að munurinn sje svo mikill, og er sönnun hans í þrem liðum. Í fyrsta lagi ber hann saman heimavist á Akureyri og bæjarvist í Reykjavík, sem er alls ekki sambærilegt og verður enn fráleitara, þegar þess er gætt, að heimavistirnar mundu hvergi nærri hrökkva til handa hinum nýja mentaskóla. Í öðru lagi gerir hann ráð fyrir 8 mánaða námi á Akureyri, en 9 í Reykjavík. Í 6 ára skóla verður námið þá 6 mánuðum styttra í öðrum skólanum en hinum, og er furðulegt, ef þeir skólar geta talist hliðstæðir. Í þriðja lagi reiknar hann ferðakostnað til Reykjavíkur, en engan til Akureyrar, rjett eins og flutningur þangað væri ókeypis."

Með þessum ummælum þessa skólafróða manns ætla jeg, að nokkurn veginn sje hrakin sú staðhæfing, að námskostnaðurinn hljóti að verða miklu meiri í Reykjavík en á Akureyri. Og eins og jeg tók fram, virðist þessi mikli kostnaður ekki tálma mönnum að sækja Reykjavíkurskóla.

Þá segir skólameistari, að ekki muni þurfa að bæta við nema einni kennslustofu og 1½ kennara. Þetta er alveg gagnstætt þeirri reynslu, sem vjer höfum fengið í Reykjavík. Það getur vel verið, að þetta nægi fyrsta árið, en þegar fram í sækir, þyrfti áreiðanlega að fjölga kennurunum, að minsta kosti um 3—4 frá því sem nú er. Þegar það fyrirkomulag væri komið á, mundi þessi kostnaðarauki nema 30—40 þús. kr. á ári.

Jeg hygg, að þingið ætti ekki að svo komnu að sameina gagnfræðaskólann og lærðan skóla á Akureyri. Reynslan af því fyrirkomulagi er ekki á þann veg, að hún hvetji menn til að fara þá leið. Í ritgerð þeirri, sem jeg nefndi áður, telur þessi skólafróði maður heppilegast, að lærði skólinn sje skilinn frá gagnfræðadeildinni, en að hún sje svo aftur sameinuð barnaskólanum.

Jeg skil ekki í því, að þingið geti lengur daufheyrst við því að gera gagngerða breytingu á fyrirkomulagi mentaskólans. Jeg er þeirrar skoðunar, að stúdentaviðkoman hjer á landi sje orðin alt of mikil, og tel jeg því ekki heppilegt að vera að gylla þá leið fyrir æskulýð landsins, svo að stúdentafjöldinn verði langtum meiri en þörf þjóðarinnar krefur. Undanfarin ár hafa útskrifast hjer 20—30 stúdentar á ári hverju, og í vor munu þeir ekki verða færri en 30. Viðkoman er því altaf að aukast, og er því síst ástæða til að gera gyllingar til þess að hún verði enn meiri. Hins vegar get jeg skilið það, að Norðlendingum sje þetta metnaðarmál. En hagur alls landsins verður að vega meira en metnaður þeirra. Tel jeg líklegt, að illa myndu gefast ráð skólameistarans á Akueryri, að neita svo og svo mörgum um skólavist af þeim, sem sæktu. Myndi það tæplega vel þokkað af Norðlendingum. Sýnir það, hve hjer er erfitt úr að ráða, að manninum skuli ekki hafa dottið annað í hug en þetta óyndisúrræði. (**ÞorstJ:** Þetta hefir verið svo um langan tíma). Það má vel vera, að svo hafi verið, en ilt er það engu að síður. Myndu þessar úthýsingar heldur færast í aukana, ef þetta kæmist á, og er þess síst að æskja, því allir ættu að vera jafnrjettháir að því er snertir aðgang að þessum skólum.

Að það þurfi ekki að bæta við nema einum kennara, nær ekki neinni átt. Lærði skólinn hjer í Reykjavík er nú í 15 deildum. Stuðlar að því bæði tvískiftingin, sem fyrir skömmu er komin á, og svo hitt, að orðið hefir að tví- og þrískifta sumum deildunum, sökum nemendafjöldans. Af þessu hefir aftur leitt aukinn kennarafjölda. Áður fyr voru aðeins 8—10 kennarar við þennan skóla, en nú eru þeir orðnir um 24. Ef eins færi á Akureyri, mundi af þessu leiða gífurlegan kostnað, og er ríkissjóðurinn ekki svo stæður nú, að jeg telji hyggilegt að hrapa að því að ráðast í þetta.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Eins og menn sjá af því, sem fram er komið í þessu máli, þá hefir nefndin ekki borið gæfu til að eiga samleið í því. Við erum aðeins 2 í nefndinni, sem

teljum heppilegast, að málið nái fram að ganga. Fanst okkur ekki ástæða til að gera neinar brtt. við frv., ekki þó af því, að ekki gæti komið til mála að breyta einstöku atriði, heldur af hinu, að við vildum ekki með því eiga á hættu að koma ruglingi á málið og ef til vill seinka því.

Menn hafa nú hlýtt á rök háttv. frsm. meiri hl. (SSt) í málinu, og vil jeg nú fara nokkrum orðum um það, sem hann hafði fram að færa.

Háttv. þm. (SSt) segir, að þetta sje aðeins metnaðarmál Norðlendinga. Jeg vil þá spyrja hv. þm., hvort það var aðeins metnaðarmál Norðlendinga, að Hólaskóli hinn forni var stofnaður, eða þótt svo hefði verið, hvort stofnun þess skóla hafi ekki orðið allri þjóðinni til góðs. Jeg býst við, að enginn þori að neita því, að hefði Hólaskóli aldrei verið, þá væri hætt við, að margur mentamaðurinn hefði aldrei orðið það, sem hann varð, að margt þrekvirkið, sem kastað hefir ljósi inn í líf þjóðarinnar, væri ógunnið enn. Ef Hólaskóli hefði aldrei verið, þá er ekki víst, að menn eins og Jón biskup Arason hefðu markað þau spor í sögu okkar, sem raun varð á. (**JAJ**: Var Jón Arason nokkurn tíma nemandi á Hólum?). Jón Arason stundaði nám aðallega á Munkaþverá, en mentaðist auk þess mikið á Hólum, er hann var með Gottskálki biskupi Nikulássyni hinum grimma. Mætti nefna ýmsa fleiri afreksmenn, sem hlotið hafa þroska sinn á Hólum og síðar unnið þjóðinni ómetanlegt gagn og orðið forvígismenn hennar.

Ein mótbára hv. meiri hl. gegn frv. er óttinn við, að stúdentaframleiðslan aukist svo mjög við þetta. Segja þeir, að hún sje þó ærin fyrir, þótt ekki sje farið að gera sjerstakar ráðstafanir til að auka hana. En þá er að líta á það, hverjir þeir verða, þessir stúdentar, sem bætast í hópinn vegna þessarar skólastofnunar. Verða það synir eða dætur Reykvíkinga eða ríkra manna, sem mörgum er þrýst til náms af metnaði foreldranna, fremur en af lærdómslöngun? Verða það götudrengir og stúlkur, sem foreldrarnir af tvennu illu kjósa fremur að hafa á skólabekkjum mentaskólans en í solli götulífsins? Nei, það verða ekki slíkir nemendur, sem þessi nýja stofnun ryður braut til mentanna. Þeir, sem í hópinn bætast fyrir tilstilli þessara laga, verða aðallega utan úr sveit, menn, sem eiga enga ríka aðstandendur og hafa ekki annað að bjargast við en áhuga og dugnað sjálfra sín. Það eru þessir menn, sem þegar í æsku verða að læra að treysta sjálfum sjer í lífsbaráttunni, sem bætast í stúdentahópinn. Nú vil jeg spyrja hv. þdm., hvort þeir sjái nokkuð athugavert við það, að þessir menn gangi lærða veginn. Eða vilja menn ef til vill halda því fram, að alt efnilegasta fólk landsins sje saman komið í Reykjavík og nágrenni hennar? Ef svo væri, þá væri sannarlega ekkert við því að segja, þótt frv. þetta væri felt. En sje nú ekki svo, hví skyldu menn þá ekki vilja unna öðrum landshlutum jafns rjettar við Reykjavík og hennar nágrenni?

Það er í þessu ljósi fyrst og fremst, sem jeg skoða þetta mál, og í þessu ljósi á það að skoðast. Þeir, sem fella vilja frv. þetta, það eru þeir, sem vilja láta Reykvíkinga eina ganga lærða veginn, en hver treystist til þess að sýna fram á það með rökum, að þetta muni heppilegast mentalífi þjóðarinnar? Hv. frsm. meiri hl. (SSt) sagði að vísu áðan,

að ekki bæri á því, að þeir væru ekki nógu margir, sem gengju lærða veginn. Kvað hann þetta sýnishorn þess, að ekki væri svo mjög erfitt að stunda nám hjer í Reykjavík. En hefir hann athugað, hvaðan þetta námsfólk er flest? Meiri hlutinn er einmitt úr sjálfri Reykjavík. Auk þess mun svo vera, að margir nemendur utan af landi, sem eru að ljúka námi nú, komu í skólann þegar dýrtíðin var minni, og er ekki sagt, hve margir þeirra hefðu treyst sjer til framhaldsnáms, ef eins hefði staðið á þá og nú. Að minsta kosti hafa sumir þessara manna sagt mjer, að þeir myndu aldrei hafa farið út á þessa braut, ef þeir hefðu í byrjun vitað, hve örðugleikarnir væru miklir. En hjer er þá einmitt oft um að ræða efnilegustu nemendurna, þá sem síðar munu verða hinir leiðandi menn þjóðarinnar. Það eina, sem vinst því með því að fella þetta frv., er það, að þeir kunna að verða eitthvað færri, liðljettingarnir, sem undir verða í lífsbaráttunni af svo köllluðum lærðum mönnum. Það mundi fleirum af þeim takast að ná í lífvænlegar stöður fyrir það, að bandað var á móti mönnunum, sem ella hefðu orðið ofjarlar þeirra.

Jeg vonast til þess, að hv. þdm. verði nú flestir sammála um það, að það muni ekki nein bót fyrir þetta þjóðfjelag, þótt Reykjavík fái einokunarrjett að framleiða stúdenta. (**MP:** En því þá ekki líka að krefjast háskóla fyrir Norðurland?). Það er miklu auðveldara fyrir fátæka menn að brjótast í gegnum háskólann heldur en mentaskólann. Fá þeir bæði meiri styrk, og auk þess eykst lánstraust þeirra eftir því sem nær færist embættisprófi. Verður hv. þm. Str. (MP) að leita að betri rökum, ef hann vill hnekkja þessu máli, en að á eftir muni koma fram krafa frá Norðlendingum um annan háskóla.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. (SSt) um það, að Norðlendingar myndu kunna því illa, að svo mörgum yrði synjað upptöku í skólann, sem raun myndi á verða. Jeg veit ekki betur en að þetta hafi lengst af verið svo allan þann tíma, sem gagnfræðaskólinn er búinn að starfa. Að minsta kosti var það svo meðan skólinn starfaði undir gömlu reglugerðinni, með nafninu Möðruvallaskóli, að helmingi þeirra, er sóttu árlega, varð sökum rúmleysis að neita um inntöku. Auk þess er nú uppi sú alda í þinginu að fjölga alþýðuskólum, sem í rauninni eru ekki annað en gagnfræðaskólar. Hefir hv. Nd. nú einmitt veitt fje til byggingar einum slíkum alþýðuskóla í Þingeyjarsýslum, að eins eina dagleið frá Akureyri. Sje jeg ekki betur en þeir, sem eingöngu vilja fá gagnfræðamentun, geti eins vel sótt hana þangað eins og til Akureyrar. Nokkru sunnar er svo Eiðaskólinn, sem er líka í raun og veru gagnfræðaskóli. Á jeg því bágt með að sjá þá nauðsyn, að Akureyrarskólinn þurfi að vera svo sjerlega stór sem gagnfræðaskóli. Nokkuð öðru máli er náttúrlega að gegna um Rvík, sem er svo miklu fólksfleiri.

Hv. frsm. meiri hl. (SSt) kvað ekki dýrara sökum ferðakostnaðar að sækja skóla hingað, frá mörgum stöðum landsins, en til Akureyrar. Jeg skal játa, að svo er t. d. um nærsveitamenn Reykjavíkur, en öðru máli er að gegna um Norðlendinga og Austfirðinga. Er þetta annars svo einfalt atriði í málinu, að ekki ætti að þurfa að eyða orðum að því.

Þá bar háttv. frsm. meiri hl. (SSt) brigður á, að nokkru munaði, hve dýrara væri að stunda nám hjer í Reykjavík en á Akureyri. Við 1. umr. kom jeg með nokkrar tölur til samanburðar í þessu efni. Voru þær þá ekki hraktar af neinum, og þær hafa ekki verið hraktar enn. Tel jeg því óþarft að taka þær upp að nýju. En jeg fæ þó ekki varist að láta undrun mína í ljós yfir því, að hv. frsm. meiri hl. (SSt) skuli ekki vita, að innlendar afurðir eru yfirleitt um 50% dýrari hjer en þar nyrðra, og munar þó á sumum þeirra enn meira. (**JAJ:** Hvaða afurðir eru það?) Mjólk, t. d., sem háttv. spyrjanda ætti að vera kunnugt um, að kostar hjer alt að helmingi meira en á Norðurlandi. Furðar mig yfirleitt á því, að til skuli vera þm., sem svo ókunnugir eru ástandinu í hinum ýmsu hlutum landsins.

Hv. frsm. meiri hl. (SSt) sagði, að allir landsmenn ættu að eiga jafnan rjett til að nota skólana. Þar er jeg honum einmitt fyllilega samdóma. Og að mínu áliti ber að gera alt sem unt er til þess, að svo geti orðið. Það á að fara eftir hæfileikum mannsins, hvort hann gengur lærða veginn eða ekki, en eigi hinu, hvort hann er fæddur á Norðurlandi eða Suðurlandi, eða því, hvort hann er kominn af efnuðum foreldrum eða fátækum. En úr því að þetta er hugsjón hv. þm. (SSt), þá fæ jeg ekki skilið það gæfuleysi hans að vera eins og dæmdur til að berjast á móti framkvæmd hennar. Væri vonandi, að hann losnaði úr þeim leiðu álögum fyr en síðar.

Hv. frsm. meiri hl. (SSt) sagði, að ef stofnuð yrði lærdómsdeild á Akureyri, þá yrði að bæta við 3—4 kennurum við skólann. Kvað hann það mundu kosta ríkissjóð um 30—40 þús. kr. Hv. þm. virðist hafa fatast hjer reikningslistin. Þó svo væri, að bætt yrði við 3—4 kennurum, þá myndu laun hvers þeirra aldrei verða hærri en laun mentaskólakennara eru nú, 3400—5000 kr. hvers, og upphæðin því ekki fara fram úr 15 þús. kr. alls.

Hv. frsm. meiri hl. fanst kenna öfga í málinu á hlið flutningsmannanna. Kvað hann áætlun skólameistara um 1—2 kennara í viðbót ekki ná neinni átt, og yfirleitt væri hjer meir farið með kappi en forsjá. Því svara jeg fyrst, að skólameistarinn á Akureyri ætti að vera svo kunnugur slíkum málum, að honum sje trúandi að fara ekki með neinar firrur í því efni. Auk þess vil jeg minna hv. þm. á, að annar maður, sem nú er horfinn úr heimi vorum, flutti þetta mál af ekki minni krafti, maður, sem enginn mun þora að neita, að hafi verið einn af okkar færustu skólamönnum. Sá maður er fyrverandi skólameistari gagnfræðaskólans, Stefán Stefánsson. Hann skrifaði oftar en einu sinni um þetta í blöðin og hjelt því eindregið fram, að hjer væri um stórt nytjamál að ræða, velferðarmál, sem snerti alla þjóðina. Mun og enginn draga í efa, að þetta hafi verið heit sannfæring þess manns.

Jeg sýndi fram á það í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins, að hjer er á ferðinni eitt af meiri sparnaðarmálum þingsins. Því svo mikill munur er að stunda nám á Akureyri og í Reykjavík, að þótt fjölga yrði kennurum við skólann nyrðra, þá yrði samt kostnaðarmismunurinn við námið talsvert meiri en næmi launum þeirra kennara. Jafnvel þótt farið sje eftir áætlun þeirra, sem telja, að fjölga þurfi um 3—5

kennara, sem auðvitað nær ekki nokkurri átt, þá myndi samt græðast stórfje á þessu.

Hjer er nýkomin ritgerð eftir einn af kennurum mentaskólans. Kvað hv. frsm. meiri hl. sjer þykja þegar orðið vænt um þessa ritgerð. Jeg get tekið undir með hv. þm. og sagt, að mjer þykir líka vænt um hana. Því þótt höfundur hennar sje yfirleitt annarar skoðunar en jeg, þá staðfesta samt orð hans mína skoðun í því efni, að brýn þörf er á að stækka mentaskólahúsið, ef ekki verði bætt lærdómsdeild við Akureyrarskóla. Nú er það kunnugt, að hópur manna hefir árlega farið að norðan til náms í mentaskólann. Ef nú þingið gengi inn á þá braut, í stað þess að stofna lærðan skóla á Akureyri, að styrkja þá nemendur, sem lengst eiga að og versta aðstöðu til námsins hjer syðra, þá mundi þessi hópur stækka að mun og straumurinn hingað aukast. Yrði þá enn brýnni nauðsynin að bæta við mentaskólahúsið. — Og nú vil jeg vitna í þessa ritgerð, sem segir, að á næsta ári verði hver einasti bekkur mentaskólans að verða þrískiftur, og síðan spyrja: Væri nú nokkuð verra, þótt hver bekkur hjer væri tvískiftur og að þriðji hlutinn væri á Akureyri? Þar er nóg húsrúmið, og við þetta myndi því meðal annars sparast talsverður byggingarkostnaður.

Er jeg, eins og jeg hefi áður tekið fram, þakklátur hæstv. landsstjórn fyrir að hafa undirbúið þetta svo vel, með því að gera skólahúsið á Akureyri svo vel úr garði. Vonast jeg til, að hún láti eigi hjer staðar numið og hætti ekki fyr en sporið er fullstigið.

Ef halda á áfram á þeirri braut að stækka mentaskólann í Reykjavík og varna Norðlendingum með öllu að fá skóla til sín, þá verður þó að líta á það, að norðlenski skólinn var af útlendu valdi hrifsaður frá Norðlendingum fyrir rúmum 120 árum. Nú ætti því að bæta fyrir þetta brot og þann órjett, sem þá var framinn, og láta þá fá skólann aftur, enda gæti það orðið mikil lyftistöng mentalífs í landinu. Og þó að þingmenn sjái ekki rjettmæti málsins á þessu þingi, þá hugga jeg mig við, að ekki muni líða á löngu þangað til þingið sjer, hvað rjett er í þessu, og gerir skyldu sína samkvæmt því.

Jón Ófeigsson segir í ritgerð sinni, að bæta þurfi þremur kenslustofum við mentaskólann í Reykjavík, og samt muni vanta teiknistofu, söngstofu og sæmilega lesstofu. En verði þetta frv. samþykt, sem hjer liggur fyrir, má algerlega spara þann kostnað hjer, þar sem húsrúm sem þessu svarar er til á Akureyri.

Þá vil jeg varpa fram þessum spurningum: Hvað á að ráða því, hvort menn ganga lærða veginn? Á það að vera það, hvar menn eru fæddir og uppaldir? Á það að fara eingöngu eftir því, hvort menn eiga ríka eða fátæka foreldra? Hvernig er aðstaðan eins og sakir standa?

Þetta eru aðalatriðin, sem um er að ræða, og það, sem hjer verður greitt atkvæði um með þessu frv.; vænti jeg, að mótstöðumenn þess svari þessum spurningum.

Nú er aðstaðan þannig, að engir nema Reykvíkingar og synir efnaðra manna geta stundað nám við mentaskólann í Reykjavík. Þ e i r þm. greiða því atkv. með þessu frv., sem vilja gefa fátækum efnismönnum kost á að ganga lærða veginn. Jeg veit, að þeir greiða atkv. á

móti þessu máli, sem vilja láta það ráða, hvar menn eru fæddir, hvort þeir fá að ganga mentabrautina eða ekki. Þeir þm. greiða því atkvæði sitt, sem vilja ekki, að flestallir okkar lærðu menn sjeu aldir upp á Reykjavíkurgötum frá barnæsku. Og að síðustu þetta: Þeir, sem vilja, að mörgum efnilegustu unglingum á þessu landi sje gert mögulegt að ganga mentaveginn, þeir verða allir fylgjandi þessu máli.

Jón Þorláksson: Ræða hv. flm. frv. og frsm. minni hl. mentmn. (ÞorstJ) bar það greinilega með sjer, að þetta er borið fram sem kappsmál og metnaðarmál að mestu leyti. Þess vegna er ekki fýsilegt að tala um það með rökum. Maður veit fyrirfram, að þetta er svo mikið tilfinningamál fyrir aðstandendum þess, að mótrökin hafa ekki áhrif.

Það er nú svo ástatt um skólamálin, að á Akureyri er gagnfræðaskólinn svo fullur, að því er yfir lýst, að hann geti ekki tekið á móti fleirum vegna skorts á húsrúmi og kennurum. Að gagnfræða- og mentaskólanum hjer í Reykjavík er aðsóknin mikil, svo að skólinn er orðinn stærri en húsrúm og kenslukraftar leyfa, eftir því sem lögin heimila. Það hefir því verið farið út fyrir ramma laganna, til að bæta við kennurum. Skólinn hjer í Reykjavík, sem þó er svona fullur af gagnfræðingum, framleiðir næga tölu af stúdentum árlega. Allir eru sammála um, að þetta stafar af því, að gagnfræðadeildin neðan við skólann hjer dregur að sjer fjölda manns, einkum bæjarbúa, til gagnfræðanáms; svo vilja margir ekki hætta á miðri leið, en halda áfram til stúdentsprófs, og af þessu er stúdentaframleiðslan þegar orðin í mesta lagi.

Þess vegna er það undarlega til fundið að fara nú að leggja niður gagnfræðaskólann á Akureyri og reisa þar lærðan skóla. Þetta er ekki komið fram af þjóðarþörf, enda er því ekki haldið fram af neinum, að skortur sje á stúdentum.

Fyrsta afleiðingin af þessu verður sú, að þrengra verður fyrir gagnfræðanemendur en áður, þar sem gert er ráð fyrir að synja um viðtöku á Akureyri nálega helmingi þeirra gagnfræðanemenda, sem þar geta verið nú.

Hvað verður svo gert? Þá mun koma fram sú eðlilega krafa, að skólinn verði stækkaður, svo að þar geti verið bæði lærður skóli og gagnfræðaskóli. En til þess er hann ekki nógu stór enn. Til þess að gera þetta frv. sem ísmeygilegast, þá er sagt skakt til um húsrúmið.

Ef hæfilega er skipað í skólann, getur aðeins ein deild verið í hverri stofu, og þá geta ekki verið fleiri í gagnfræðadeildinni heldur en í lærðu deildinni, þremur efstu bekkjunum.

Við höfum haft hjer 6 bekkja skóla í Rvík og vitum, hvað til þess þarf. Þá voru hjer auk rektors 6 fastir kennarar, og þar að auki tímakensla og aukakennari í dönsku og sögu og fleiru.

Það þýðir því ekkert að segja mönnum, að komist verði af með 5 kennara á Akureyri við lærðan skóla. Það má líka reikna þetta út af kenslustundafjölda. 6 kenslustundir á dag í 6 bekkja skóla eru sama sem 216 stundir á viku. Og þó getur því skakkað, ef einhverjum bekkjum væri skift í 2 deildir. En verði samkensla t. d. í leikfimi og söng, má vera, að komist verði af með örlítið minna en 216 stundir á viku. Nú er hverjum kennara við slíkan skóla gert að kenna 24 stundir á viku, nema skólastjóra, og samsvarar hvað öðru, kenn-

arafjöldi og stundafjöldi, ef kennararnir eru 9.

Það þýðir ekkert að reyna að telja nokkrum trú um, að þetta hafi breyst síðan samsteypan var gerð á gagnfræðaskólanum og lærða skólanum.

Þar sem í frv. þessu er aðeins gert ráð fyrir 5 kennurum, þá þarf því fleiri aukakennara og meiri aðkeypta tímakenslu. Og þetta gengur þó aðeins á meðan menn una því, að skólinn taki ekki á móti öðrum en þeim, sem ætla að verða stúdentar. En undir eins og krafan um aukna gagnfræðamentun kemur aftur fram, þá þarf að bæta við skólann kenslustofum og auknu húsrúmi fyrir heimavistir og fjölga kennurum. Um alt þetta hafa flm. vandlega þagað.

Ástandið í landinu er nú þannig, að almenningur álítur hvorki rjett nje fært að stofna fjölda af nýjum embættum, allra síst til framleiðslu nýrra stúdenta, sem nóg er af fyrir í landinu.

Nei, á bak við stendur aðeins norðlenskur fjórðungsmetnaður, eins og greinilega kom fram hjá háttv. flm. (ÞorstJ), sem talaði um Jón Arason og missi hins forna Hólaskóla fyrir áhrif frá erlendu valdi. Jeg gæti skilið þennan metnað hjá þeim mönnum, sem ekki hafa íhugað sögu landsins og ástand þess nú. Þessi fjórðungsmetnaður komst eitt sinn svo langt, að við lá, að Norðlendingar og Sunnlendingar berðust á Alþingi, og það var undir stjórn Jóns Arasonar, svo að hv. flm. minti mig á það. En vitrustu og bestu menn gátu þá miðlað málum.

Nú er ekki um nein mannslíf að tefla, heldur einungis hvort það eigi að teygja fleiri unga menn inn á mentaskólabrautina og fjölga stúdentum. Jeg held, að það komi í ljós, að þegar þeir eiga að fara að berjast fyrir lífinu, þá verði fullþröngt um suma þeirra, og að skólagangan verði þeim því hefndargjöf, því að stúdentaframleiðslan tvöfaldast, þegar skólarnir eru orðnir tveir.

Hv. flm. (ÞorstJ) sló fram tveimur fjarstæðum. Í fyrsta lagi þeirri, að ef stofnuð yrði nú stúdentaverksmiðja á Akureyri, þá yrði það gert fyrir unga og efnilega, en fátæka menn. Jeg held, að þetta sje aðeins fjarstæða. Jeg veit ekki betur en að kringumstæðurnar hafi ávalt verið svo hingað til, að gáfaðir og duglegir menn úr sveitum hafi getað klofið að stunda nám í Rvík fram að allra síðustu árum. Og þó að þjóðarhagir hafi nú gengið nokkuð úr skorðum, þá er ekki rjett að grípa til þessa ráðs, heldur verður að finna bót við þessum augnabliksvandræðum með bráðabirgðaráðstöfunum.

Önnur fjarstæðan hjá háttv. flm. (ÞorstJ) var sú, að mótstöðumenn frv. vildu einoka skólann hjer í Reykjavík fyrir höfuðstaðarbúa og börn efnamanna. Hv. flm. átti sæti í mentmn. á síðasta þingi, og ef hann man, hvað þar var sagt þá, hlýtur hann að vita, að hann segir þetta ósatt. Hann veit vel, að við allir samnefndarmenn hans vildum koma lögum yfir hið óeðlilega hlutfall milli Reykjavíkur og annara landshluta um aðgang að mentaskólanum, og bárum fram tillögur um þetta með fylsta samþykki hans og nefndarinnar í heild. Hjer þarf vitanlega að koma upp heimavistum við skólann til að bæta úr þörfinni fyrir nemendur úr öðrum landshlutum.

Mentmn. bar fram þáltill. um þetta 1921, um að skora á stjórnina að undirbúa það mál; til að sýna fram á aðstöðu

mína þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp kafla úr framsöguræðu minni þá.

Eftir að hafa talað um nauðsynina til heimavista við mentaskólann segi jeg svo:

„Svo teljum við heimavistirnar nauðsynlegar til að koma rjettingu á það hlutfall, sem nú er á milli reykvíkskra nemenda og nemenda annarsstaðar að. Örðugleikarnir á að koma nemendum hjer fyrir draga úr aðsókninni frá öðrum hjeruðum, og að sama skapi fjölgar Reykvíkingunum. ⅔ hlutar allra nemenda mentaskólans eru nú úr Reykjavík. Nefndin er sammála um að telja óheppilega slíka röskun á hlutföllunum, og álítur hún nauðsynlegt að skapa skilyrði til þess, að utanbæjarmenn geti sótt skólann."

Þessari till. var framfylgt með fullri atorku af okkur þremur þm. úr Rvík, sem vorum í mentmn., en það voru hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og hv. þm. Dala. (BJ) auk mín. Hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) fylgdi henni að vísu, en þó miklu meira með hangandi hendi en við.

Það liggur nærri fyrir þeim þingmönnum, sem lítið hugsa út fyrir sitt kjördæmi, að ætla, að aðrir þm. hugsi á sama hátt. En því er ekki svo varið með þingmenn Reykjavíkur; þeim er ekkert ant um, að Reykvíkingar einir verði í miklum meiri hl. í mentaskólanum. Í skólanum hafa líka ávalt verið margir nemendur úr öðrum landshlutum.

Þó að þm. Reykv. vilji ekki ganga inn á þá fjarstæðu, að tvöfalda stúdentaframleiðsluna, þá er það engin sönnun fyrir því, að þeir vilji einoka mentaskólann og einskorða við Reykvíkinga.

Nú vil jeg nota tækifærið til að beina þeirri spurningu að hæstv. stjórn, hvað gert hafi verið viðvíkjandi þáltill. frá 1921. Jeg skal raunar játa, að það er erfiðleikum bundið að koma upp heimavist á þessum tímum, en meðan ríkið skýtur sjer undan þeirri skyldu, þá er ekki annað að gera fyrir ríkið en bæta nemendum utan af landi hallann, sem þeir bíða við það, að heimavistin er enn ekki bygð, með sæmilegum árlegum fjárframlögum. Hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) gat þess, að lærdómsdeild skólans væri tvískift, en það er löggjöfin, sem ákvað það svo, vegna kenslunnar. Í efri deild skólans er því nú bæði starðfræðis- og máladeild, og til þess getur komið, að þeirri síðarnefndu verði tvískift. En af hverju stafar það? Það er bein afleiðing þess ágalla, sem bæði jeg og fleiri hafa viljað fá rjetting á, að neðri deild skólans hefir verið breytt í gagnfræðaskóla. Þangað sækir fjöldi nemenda, sem upphaflega ætla sjer ekki að fara lengra en til gagnfræðaprófs, en þegar þar að kemur, þykir þeim leitt að halda ekki áfram, vilja ekki skilja við fjelagana, jafnvel þó að foreldrar þeirra hefðu fremur kosið þeim aðra lífsbraut. Af þessum rökum viljum vjer sem fyrst afnema gagnfræðadeildina og gera skólann aftur óskiftan, jafnvel þó að það hlyti að hafa aukinn kostnað í för með sjer fyrir Reykjavíkurkjördæmi, þar sem þá yrði óhjákvæmilegt fyrir bæinn að koma sjer upp nýjum gagnfræðaskóla. En þetta er sú eðlilega lausn á málinu og sú leið, sem verður að fara, hvort sem skóli kemur á Akureyri eða ekki, því aðsóknin að skólanum hjer myndi ekki minka, þó þar yrði komið upp lærðum skóla. Þá kynni að kippa eitthvað úr vextinum í bili, en aðsóknin fer hjer svo hröðum

skrefum vaxandi, að tala nemenda myndi brátt ná sjer aftur. Og meðan sú er tilhögunin, að 3 bekkir eru í gagnfræðaskólanum, þá er opin sú veiðigildra, sem lokkar árlega mikinn hluta af æskulýð bæjarins og námsmönnum utan af landi inn í skólann, og reynslan sýnir, að alt of margir halda áfram til stúdentsprófs. Og komi nú mentaskóli á Akureyri, má vænta þess, að brátt heyrist þaðan háværar kröfur um það, að hafa 3 neðstu bekkina gagnfræðaskóla. Og auðvitað fá þeir þessum tilmælum framgengt, enda engin sjáanleg ástæða til þess að gera Akureyringa afskifta af þeim skóla, sem þeir hafa svo lengi haft. En þá er þar komin nákvæmlega sama gildran og hjer, og er þá síst ráðin bót á því, að stúdentaframleiðslan er orðin um hóf fram.

Að lokum vil jeg vísa frá mjer og öðrum andstæðingum frv. öllum aðdróttunum um það, að við viljum gera fátækum en efnilegum sveitapiltum ókleift að ganga lærða veginn, og er jeg tilbúinn að sýna það með atkvæði mínu, þó síðar verði. En vjer viljum ekki gera svo ilt, að lokka svo marga inn á þessa braut, að landið geti ekki sjeð þeim fyrir stöðu við þeirra hæfi að náminu loknu, og þeir fyrir þá sök verði vandræðamenn sjálfs sín og þjóðfjelagsins, þegar út í lífið er komið. Og jeg hefi þegar bent á, hvað næst sje fyrir hendi að gera í þessu efni, nefnilega það, að gera skólann hjer sem fyrst óskiftan, koma upp heimavist við hann og leggja árlega fram sæmilega upphæð úr ríkissjóði til styrktar fátækari piltum, svo námið verði þeim ekki úr hófi fram kostnaðarsamt.

Það hefir komið fram, að þetta skólamál sje metnaðarmál Norðlendinga. En hvers vegna fara þeir þá ekki fram á það, að Reykjavik og Akureyri hafi skifti á skólum, þannig að mentaskólinn verði framvegis á Akureyri, en gagnfræðaskólinn, sem auðvitað þarf meira húsrúm, verði hjer. Frá þjóðfjelagsins sjónarmiði er ekkert athugavert við þetta. Og vilji einhver hv. þm. flytja frv., sem fari í þessa átt, myndi jeg fyrir mitt leyti vera fús til að taka það til rólegrar yfirvegunar.

Magnús Jónsson: Jeg vildi ekki láta hjá líða að láta í ljós skoðun mína á þessu máli, enda þótt hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafi vel og röggsamlega svarað ýmsu því, sem mjer fanst athugavert í ræðu hv. flm. og frsm. minni hl. (ÞorstJ).

Svo má líta á, að aðallega sjeu tvær leiðir til menta. Annars vegar er gagnfræðabrautin, og eru aldrei ofmargir, sem hana fara, og gleðiefni, að kappið eftir þeirri mentun er altaf að aukast. Hins vegar er hin svo kallaða lærða mentun, undirbúningurinn undir háskólanám, sem býr menn undir vissar stöður, og nám vísindalega lærðra manna. En það er heppilegt, að tala þessara manna sje takmörkuð, því að það hefir sýnt sig, að fari fjöldi þeirra fram úr nokkurn veginn ákveðinni tölu, þá verður námið þeim mestmegnis eyðsla á dýrmætum tíma, og margir slíkra manna verða sníkjudýr á þjóðinni. Með stjórþjóðum eru raunar altaf menn, sem svo eru efnum búnir, að þeir geta helgað líf sitt vísindanámi og vísindastörfum, án tillits til þess, að þeir hafi atvinnu við þau eða ekki. Hjá okkur, fátækari og fámennari þjóðunum, er venjulega öðru að heilsa; þar verður námið í flestum tilfellum „brauðstudi-

um", eins og það hefir verið kallað. Sje því ekki fjöldi þessara manna takmarkaður, fer annaðhvort svo, að þeir verða að beygja inn á aðrar brautir eða verða vandræðamenn sjálfum sjer og þjóðinni. Afleiðingin af þessu er sú, að vegurinn til gagnfræðamentunar á að standa öllum opinn og greiður, en inn á lærðu brautina á að vera þrengra hlið, og það svo úr garði gert, að inn um það gangi varla nema þeir, er vænta má mikils af. Því er það, að jeg og margir fleiri eru mótfallnir þeirri tilhögun, sem hjer er á mentaskólanum, að leiðin inn í hann standi opin á gátt og nemendur verði ekki varir við neinn þröskuld á leiðinni upp í lærdómsdeildina. Og er jeg þegar af þessari ástæðu mótfallinn frv., að það fer fram á að fjölga skólum með þessu fyrirkomulagi, sem jeg er á móti.

En svo er jeg yfirleitt ekki þeirrar skoðunar, að þörf sje á að fjölga skólum af þessari tegund. Ef hjer væri þörf tveggja stúdentaskóla, þá hlyti það að vera af einhverjum af þessum þrem ástæðum: Í fyrsta lagi, að hjer væri stúdentafæð of mikil nú með því að hafa einn skóla, í öðru lagi, ef um ókleifar vegalengdir í samanburði við fólksfjölda væri að ræða, og loks í þriðja lagi það, að þjóðin væri orðin svo fjölmenn, að einn stúdentaskóli yrði of stór og óhægur í rekstri.

En það hefir sýnt sig, að engin þessara ástæðna er hjer fyrir hendi. Öllum kemur saman um, að stúdentaframleiðslan hjer sje helst til mikil. Hefir mjer reiknast svo til, að um 20 nýir stúdentar árlega mundi vera nægileg viðkoma til þess að yngja upp menn í þeim stöðum, sem sjermentunar þarf við í. Og hvað vegalengdir snertir, þá er sú ástæða harla lítil. Flestir nemendurnir koma hingað með skipum, og í því horfi, sem strandferðirnar eru nú, verður ferðakostnaður þeirra hverfandi lítill í samanburði við námskostnaðinn yfir veturinn. Það, sem hjer kemur til greina, er ¼ af strandlengjunni. Rvík og Akureyri skifta strandlengjunni í nokkurn veginn jafna 2 parta. Þeir, sem nú eiga lengst, verða því að fara ½ af strandlengjunni. En þeir, sem lengst þyrftu að fara, ef skóli væri einnig á Akureyri, hefðu í stað þess ¼ strandlengjunnar að fara. En í flestum tilfellunum munar það engu.

Hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) hnýtti við ræðu sína hugleiðingum um það, hve nauðsynlegt væri, að bestu mennirnir færu lærða veginn og kæmust í trúnaðarstöður þjóðfjelagsins. Og náttúrlega er þetta hugsjónatakmark, sem við verðum að leggja kapp á að komast sem næst. En ef því takmarki ætti að verða náð, þyrfti líklega að koma upp skóla í hverri sýslu, og myndi ekki duga samt. Munurinn á fátækum og ríkum er eftir sem áður, og strax er nemendur fara að heiman, kemur kostnaður við skóladvölina, og fyrir þeim, sem nemur t. d. í Reykjavík, er kostnaðurinn nær alveg sá sami, hvort hann verður að fara eina dagleið eða sex til sjö að heiman. Það eru aðeins þeir einir, sem heima eiga í bænum, sem komast verulega ljett út af því. Það yrði því einungis verulegur hagnaður fyrir Akureyrarbúa sjálfa, að skóli kæmist þar á fót.

Þá er sú ástæðan eftir, að þetta sje metnaðarmál fyrir Norðlendinga og fylsta sanngirniskrafa, þar sem skólarnir hafi verið tveir fram yfir 1800. Það er auðvitað gott og blessað að fá þessa röksemdafærslu, en jeg held ekki,

að hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) hafi tekið nægilega mikið tillit til þess, hversu hjer er óliku saman að jafna. Tímarnir eru æðibreyttir og menningin með, og farartækin önnur nú en þá. Þá var samgönguleysið svo mikið, að sakamenn gátu farið í annan landshluta og alið þar aldur sinn, án þess að upp kæmist, hverjir þeir væru. Og svo voru gömlu skólarnir í raun rjettri bygðir á forsendum, sem nú eru ekki lengur fyrir hendi. Þá mátti svo segja, að um tvö ríki væri að ræða að því er þessu við kom. Það voru biskupsdæmin. Skólarnir voru prestaskólar, og hvort biskupsdæmi varð að sjá sjer fyrir prestum. Kennararnir voru svo að segja til við stólana. Og þó var það aðalatriðið, að hjer var um aðskilinn fjárhag að ræða. Hvor dómkirkjan kostaði sinn skóla, og var því ekki nein ástæða til að blanda þessu saman.

Það ætti því að vera öllum ljóst, að þessar röksemdir fyrir tviskiftingunni eru nú með öllu horfnar. Það eru breyttar samgöngur, breyttur tilgangur með skólunum, breytt fjárhagsfyrirkomulag og yfirleitt breyttar aðstæður, er hafa valdið því, að skólarnir hafa verið sameinaðir.

Framsöguræða hv. flm. (ÞorstJ) er því miður ekki komin fram enn í lestrarsalinn, svo að jeg get ekki gengið nákvæmlega inn á rök hans, en af því að þau munu vera nálega alveg samhljóða þeim rökum, sem skólameistarinn á Akureyri, Sigurður Guðmundsson, hefir talið í langri og ítarlegri grein í Morgunblaðinu, þá vona jeg, að mjer leyfist að gera hana að umtalsefni hjer meðfram.

Aðalröksemdirnar hjá hv. flm. og Sigurði Guðmundssyni skólameistara hafa verið bygðar á kostnaðarhlið málsins. Get jeg ekki annað sjeð en þar sje reitt svo hátt, að það sje á takmörkum þess, sem er sæmilegt, og getur vel kallast tilraun til að blekkja menn, sem ókunnugir eru þessum málum. Þar er t. d. gerður samanburður á kostnaðinum við nám á Akureyri og hjer í Reykjavík og sagt, að reynt hafi verið að útvega námsmanni hjer húsnæði, fæði, ljós og hita, og ekki tekist að fá það ódýrara en 145 kr. á mánuði. Er þetta vel sennilegt. Á hinn bóginn er fæðiskostnaður Akureyrarsveina, er hafa með sjer matarfjelag, talinn 75 kr. Af þessu er svo dregin sú ályktun, að 70 kr. muni á vistinni hjer og á Akureyri. Jeg skal taka það fram, að mjer ofbýður ekki þessi tala, 145 kr., því maður er öllu vanur hjer í Reykjavík, en því vil jeg hiklaust halda fram, að samanburður þessi sje mjög rangur og villandi, þar sem ekki er tekið tillit til þess gífurlega mismunar, sem er á heimavist og bæjarvist. Hefði átt að bera saman bæjarvistir í báðum stöðum, ef áhuginn hefði verið á því að fá rjett mál fram.

Til samanburðar við fæðisreikning heimavistarinnar á Akureyri skal jeg nefna það, að á mötuneyti stúdenta hjer, Mensa Academica, hefir fæðið kostað frá 92 kr. á mánuði og upp í 96 kr., og er þar í reiknaður allur kostnaður, húsnæði, ljós, hiti, starfslaun o. s. frv. En húsnæðið, sem hjer er tilfinnanlegur útgjaldaliður, mun ekki reiknað með í heimavistarkostnaðinum nyrðra. Fer þá munurinn að verða æðilítill, ef húsnæðið væri dregið hjer frá.

Það sjest líka, að þegar reiknaður er ferðakostnaður til Reykjavíkur, er altaf miðað við Akureyri. En nú mætti gera ráð fyrir, að skólarnir yrðu sóttir

á víxl, þannig, að piltar úr suðurhjeruðunum sæktu til Akureyrarskólans og norðurpiltar til skólans hjer. Er sýnilegt, að allir yrðu að borga ferðakostnaðinn til Akureyrar, sem í þann skóla færu, nema aðeins þeir, sem heima ættu þar á staðnum. Jeg hygg því, að ferðakostnaðurinn sje liður, sem alveg verði að fella niður í þessu sambandi.

3. liðurinn er hrein blekking, þar sem verið er að tala um það, að skólatíminn nyrðra sje 1 mánuði styttri en syðra, því auðvitað má hve nær sem er spara þennan mánuð syðra líka, ef menn vilja.

Ef sá reikningur, sem hjer hefir verið komið með, að það væri 1000 kr. sparnaður fyrir hvern nemanda að vera á Akureyri, á móts við það að vera í Reykjavík, væri rjettur, þá væri eðlileg afleiðing af því sú, að flytja ætti beinlínis skólann norður. En sannleikurinn er sá, að þetta er ekki rjett. Sumt er ódýrara á Akureyri, en aftur annað í Reykjavík, og nýlega hefir verið sýnt fram á það í grein í Morgunblaðinu, að heimavistarkostnaður syðra (í Flensborg) er minni en á Akureyri.

Þá hefir það verið sagt, að ekki þyrfti nema 1½ kennara í viðbót á Akureyri, þó að skólinn þar yrði gerður mentaskóli. Af því að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gekk svo nákvæmlega frá þessu máli og sýndi fram á það, að þetta er blekking, get jeg verið fáorðari um það. Það má kannske komast af með svo litla viðbót í byrjuninni, en þegar frá líði, kæmu áreiðanlega kröfur um fleiri og fleiri kennara, og mundi það þá verða notað sem röksemd, að svona marga þyrfti þá í Reykavík, og hvernig gæti samskonar skóli á Akureyri komist af með minna. Með öðrum orðum, þá yrði rökunum snúið við.

Mikið hefir einnig verið talað um húsrúmið og það, hvaða fjarstaða væri að nota ekki húsrúmið, sem nóg væri á Akureyri, í stað þess, að annars þyrfti að bæta við skólann syðra. En sannleikurinn er sá, að húsrúmið er alls ekki nóg á Akureyri. Það er meira að segja upplýst, að húsrúmið þar er ekki nóg fyrir gagnfræðaskólann einan, því að stundum hafi orðið að úthýsa umsækjendum vegna rúmleysis. En hvar er þá plássið fyrir mentaskólann? Jú, það fæst auðvitað með því að úthýsa jafnmörgum gagnfræðingum eins og þeir eru, sem í lærdómsdeildina koma. Með þessu er gagnfræðamentuninni hamlað og gagnfræðaskólinn beinlínis lamaður. Og jeg læt segja mjer það þrem sinnum áður en jeg trúi því, að samhuga vilji Norðlendinga sje fyrir þessu framferði. Það er vitanlegt, að Norðlingar hafa tekið ástfóstri við þennan gagnfræðaskóla, og mundi því þykja það hart að láta vísa frá honum unglingum sínum, eins og ætlast er til að þurfi að gera, ef breytingin kemst fram.

Jeg gæti tekið margt annað fram, en verð að fara fljótt yfir sögu. En eitt er þó satt í þessu öllu saman og gerir skiljanlega þessa hreyfingu að sumu leyti. Og það er þetta, að ekki er alt með feldu um Reykjavíkurskólann. Veldur þar bæði um dvalardýrleikinn og fyrirkomulag skólans. En ef heimavistir kæmust á í Reykjavík, eins og á Akureyri, og ef skipulagi skólans yrði breytt, eins og jeg og fleiri höfum verið að berjast fyrir, mundi rætast úr þessu öllu. Þá stæðu skólarnir jafnt að vígi að því er þessa kostnaðarhlið á náminu snertir. Mundi það þá koma í ljós, sem jeg sagði fyr, að ekki eða litlu yrði ódýrara á Akureyri en í Reykjavík. Enda

vill svo til, að öll tvímæli um þetta eru í rauninni tekin af með símskeyti einu merku, sem þinginu hefir borist frá Akureyri um annað mál, en varpar skýru ljósi yfir þetta líka. Meginmál símskeytisins hljóðar svo:

„Undirritaðir embættismenn og starfsmenn ríkisins á Akureyri höfum heyrt, að fyrir Alþingi liggi nú frumvarp um hækkun dýrtíðaruppbótar fyrir embættismenn og starfsmenn ríkisins í Reykjavík. Kröfu um hækkun dýrtíðaruppbótar teljum vjer sanngjarna, en oss blandast þó eigi hugur um, að vjer einnig eigum að njóta hins sama rjettar, því dýrtíðin kemur eigi síður hart niður á okkur, eins og launakjör vor eru, en starfsbræðrum vorum í Reykjavík. Krafa vor er því, að hið háa Alþingi láti okkur njóta jafnhárrar dýrtíðaruppbótar og starfsbræður okkar í Reykjavík."

Undir þessu skjali standa m. a. nöfn skólameistarans á Akureyri sjálfs og kennara gagnfræðaskólans, sem besta útreikningana hafa gert um það í skólamálinu, hve miklu ódýrara væri að lifa á Akureyri en í Reykjavík.

Ýms önnur atriði gæti jeg tekið hjer, en jeg verð að sleppa því, svo sem um þessa ímynduðu einokunartilhneigingu Reykvíkinga á stúdentaframleiðslunni, og það, að við Reykjavíkurþingmenn sjeum að tala hjer og vinna aðeins fyrir okkar kjördæmi. En þetta er alls ekki svo. Því einmitt með því að breyta skólanum í óskiftan latínuskóla er verið að gera það m. a. að verkum, að Reykvíkingum er það ekki eins hægt og nú að fljóta svo að segja sofandi að því að verða stúdentar. Og með heimavistum á að vinna að því, að utanbæjarmenn standi sem líkast að vígi eins og Reykvíkingar. Við erum því með þessu að vinna á móti okkar kjördæmi í vissu falli, en við gerum það með landsins hag fyrir augum.

Það er hugsjónin að gera stúdentanámið sem auðveldast, að því er efnahaginn og námskostnaðinn snertir, bæði fyrir námsmennina og ríkið, en á hinn bóginn á að takmarka tölu þeirra, sem þessa braut ganga, með því að láta þá mæta ýmsum andlegum þrekraunum á leiðinni. En þetta samrýmist best með því að fylgja tillögum okkar um skólamálin: Einn lærður skóli, sem hlynt er að eftir mætti, en er kröfuharður við nemendurna.

Forsætisráðherra (SE): Þeirri fyrirspurn hefir verið beint til mín frá tveimur hv. þm., hvað stjórnin hafi gert út af ályktun þingsins 1921 um heimavistir við Reykjavíkurskóla. Þegar þetta var samþykt, var önnur stjórn við völd en nú, en jeg hygg, að jeg geti svarað því fyrir beggja hönd, að ekkert hafi verið gert. Til þess að koma þessu í framkvæmd mundi þurfa að byggja við skólahúsið, en til þess var ekki fje fyrir hendi.

Út af þessu skólamáli að öðru leyti vil jeg aðeins taka það fram, að málið virðist mjög lítið undirbúið, og því er ekki rjett, að það gangi fram á þessu þingi, hvað sem annars má um það segja. Jeg álít hins vegar, að innan skamms þurfi að taka mentaskólamálið alt til nýrrar yfirvegunar og úrslita, og ætti þá að ráðstafa gagnfræðamentuninni um leið. Og svo framarlega sem þessi stjórn heldur áfram (**MP:** Er það ekki sjálfsagt?), mundi hún leggja þetta mál alt nákvæmlega undirbúið

fyrir næsta þing. (**ÞorstJ:** Og flytur þá líka frv. um mentaskóla á Norðurlandi). Það hefi jeg ekkert sagt um enn þá. Þarf jeg svo ekki að segja meira nú.

Sveinn Ólafsson: Jeg held, að hjer sje gott mál á ferðinni og nytsamlegt, þar sem er stofnun mentaskóla norðanlands, og trú mín á rjettmæti þeirrar stofnunar hefir styrkst mjög við mótmæli þau gegn skólanum, sem fram hafa komið hjá þrem hv. andmælendum. Þeir hafa flutt málið svo einhliða og óvægilega frá sinni hlið, lokað augunum með öllu fyrir kostunum við norðlenska skólann og dregið fram með fölskum litum ókostina, og þó einkum kosti þá, sem þeir telja við einn lærðan skóla í Reykjavík. Slík málafærsla sannfærir aldrei, því að í þessu máli sem öðrum verður að líta á báðar hliðar, hlýða á báða málsparta.

Háttv. andstæðingar þessa máls halda því mjög fram, að hjer sje um metnaðarmál Norðlendinga að ræða, en ekkert þarfamál, og telja þeir hjeraðsmetnaðinn engan rjett eiga á sjer. Þessi mótbára er að engu nýt, því að fyrst og fremst á metnaðurinn fullan rjett á sjer, ef hann er heilbrigður, svo sem hjer er, og horfir fjöldanum til heilla, en í öðru lagi er hjer um miklu róttækara mál að ræða en metnað Norðlendinga, þar sem hugmyndin er studd af mönnum úr öðrum landshlutum. Jeg er þó enginn Norðlendingur. En breytingu þessa gagnfræðaskóla nyrðra í lærðan skóla fylgi jeg eingöngu vegna þess, að jeg treysti því, að þar nyrðra verði miklu hollari áhrifin á æskulýðinn, sem mentaveginn gengur, en hjer í Reykjavík, auk þess sem þar er miklu kostnaðarminna að stunda nám en hjer.

Eftir mínum hugmyndum um þessa hluti er Reykjavík einhver allra óhollasti og lakasti staður á landi hjer fyrir uppeldi ungmenna, en Akureyri sá líklegasti — þegar annars er miðað við kaupstað — og hefir meiri líkingu af sveit en nokkur annar kaupstaður hjerlendis. Sveitin umhverfis hann mótar íbúana, og alt bæjarlífið er að nokkru litað af sveitinni. Hingað til Reykjavíkur senda margir sonu sína nauðugir og aðeins vegna þess, að ekki er í annað hús að venda. Ótrúin á Reykjavíkuráhrifunum og óttinn við ill áhrif hjer á ungmennin á sjer djúpar rætur víða úti um sveitir landsins. Sjálfsagt er þessi ótti ekki ætíð á fullum rökum bygður, en ekki er hann þó ófyrirsynju, því að ótrúlega eru þeir margir, sem hjer hafa vilst á mentaveginum og dregist út í hvimleiðan soll og óreglu og brugðist vonum vina og vandamanna í fjarlægum hjeruðum, sem sent hafa þá hingað með hálfum hug, en ærnum erfiðleikum og kostnaði. Enginn neitar því, að unglingar geti einnig ratað í ógæfu annarsstaðar. En hjer virðist mjer staður og bæjarbragur með því lakasta, sem jeg þekki, og öll viðskifti svo erfið, alt svo ósanngjarnlega dýrt, að mörgum efnalitlum nemendum er um megn að dvelja hjer, svo að skaplega fari um þá.

Önnur meginástæðan, sem færð hefir verið fram á móti frv., er sú, að stúdentaframleiðslan mundi tvöfaldast eða aukast svo mikið, að ekki mundu verða til sómasamlegar stöður fyrir allan þann sæg lærðra manna, sem eftir hugmyndum andstæðinga frv. ættu að verða óhæfir til alls, nema embættisstarfa. Jeg er þó ekki hræddur við þetta. Því stúdentum mundi fækka

svipað í Reykjavík og þeim fjölgar á Akureyri. En þótt einhver aukning yrði, þá tel jeg eigi að því neinn skaða, ef þeir væru vel mannaðir og aldir upp á góðum stað og skynsamlega, svo eigi yrðu þeir að ónytjungum og landeyðum. Jeg viðurkenni ekki, að námið þurfi að svifta neinn mann hæfileika til líkamlegrar vinnu eða spilla á neinn veg þroska eða innræti ungmenna, þótt hjer kunni að vera nokkur brögð að því. Jeg sje ekki, að allir þessir mentuðu menn þurfi að verða embættismenn, eða að að því eigi að keppa. Þeir gætu orðið bændur, iðnaðarmenn, kennarar o. s. frv., og hvað er við því að segja nema gott eitt að eignast skólagengna, jafnvel háskólagengna bændur? Það er engin nýlunda hjá nágrannaþjóðunum að hitta slíka menn meðal bænda, og bæði hafa þeir verið hjer og eru til í bændastjett.

Jeg vil nú ekki tefja tímann með lengri ræðu, þó margt mætti enn taka fram. Þetta nægir mjer til þess að skýra afstöðu mína til málsins. Hins vegar get jeg að nokkru leyti viðurkent, að ef til vill hafi verið nokkuð fljótlega að þessu máli unnið, og að því muni eins vel borgið með nokkurri bið, því að undirbúningur þess er enn þá skamt kominn. Þó má sá dráttur eigi verða lengri en til næsta árs.

Áður en jeg hverf frá þessu skal jeg minnast lítillega á tvö atriði, sem fram hafa komið hjá andmælendum málsins.

Annað er það, að breyting Akureyrarskólans í mentaskóla muni loka honum fyrir mörgum gagnfræðanemendum og draga úr alþýðumentuninni. Hitt kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), og vildi hann vefengja það, að ódýrara væri að stunda nám á Akureyri en í Reykjavík, með því að benda á, að opinberir starfsmenn á Akureyri krefðust dýrtíðaruppbótar til jafns við opinbera starfsmenn í Reykjavík, og benti það á, að dýrtíðarverðið væri sama nyðra og hjer.

Fyrra atriðinu er fljótsvarað með því að benda á alþýðuskólana, sem upp eru komnir og eru að rísa upp, svo sem á Eiðum, í Þingeyjarsýslu og víðar. Þeir eiga að taka við unglingunum og koma þeim áleiðis, og stefnan verður að vera sú, að láta þá búa ungmennin þannig undir, að þau geti án tímaeyðslu fetað stig af stigi í æðri metnastofnunum jafnvel upp í háskólann.

Hin viðbáran, um kröfur opinberra starfsmanna á Akureyri um dýrtíðaruppbót, er einskis verð. Þeir hafa yfirleitt eftir launalögunum snögt um lægri laun en hliðstæðir starfsmenn hjer í Reykjavík, og þess vegna sömu þörf á dýrtíðaruppbót eins og þeir, sem hjer búa, eins þótt lífsnauðsynjar flestar sjeu mun ódýrari á Akureyri en hjer. Krafa þeirra er af þessari ástæðu alt eins eðlileg og sanngjarnleg sem starfsbræðra þeirra hjer.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Stefánsson): Þess gerist ekki þörf, að jeg haldi langa ræðu. Hv. 3. og hv. 4. þm. Reykv. (JÞ og MJ) hafa að ýmsu leyti tekið af mjer ómakið, með því að sýna fram á það, að ekki stendur steinn yfir steini í ræðu hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ). Jeg get því hlaupið yfir flest það, sem þeir tóku fram.

Á nokkur atriði vil jeg þó minnast. Skal jeg þá fyrst benda á hluttöku Norðlinga í mentaskólanum núna síðustu árin. Skólaárið 1920—21 voru teknir í 1.

bekk lærdómsdeildar 12 sveinar, sem voru nærfelt allir fæddir í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og voru því allir úr Norðlendingafjórðungi. 1921—22 voru 17 nemendur teknir í 1. bekk lærdómsdeildarinnar, sem voru undantekningarlaust Norðlendingar. Í samanburði við þáttöku hinna landsfjórðunganna í að sækja skólann hefir nemendafjöldinn jafnan verið mestur úr Norðlendingafjórðungi nú á síðari árum. Þótt sá fjórðungur sje stærstur, þá sýnist þetta þó ekki bera vott um, að efnahagur Norðlinga sje svo vondur, að menn standist ekki við að senda börn sín í mentaskólanum hjer. Og því fer fjarri, að um nokkra einokun Reykvíkinga sje að ræða; það hefir ekkert verið gert til þess, að svo yrði.

En það, sem hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) drap ekki á einu orði, það var fjárhagshlið málsins. En það er veigamesta atriðið í mínum augum, þótt jeg skilji vel, að þetta sje veikasti punkturinn hjá hv. frsm. minni hl., sem hann vill sem minst leiða umræðurnar að. Samviska þingmanna krefst þess af þeim, að þeir gæti hófs í meðferðinni á fje landsins, og þeirri skyldubyrði verður aldrei af þeim ljett, allra síst nú, þegar fjárhagsástand ríkisins virðist vera með allra versta móti. En það lítur nú stundum út fyrir, að hv. þingmenn fyllist svo miklu kappi, að forsjáin lýtur í lægra haldinu, og þeir gleyma því, hvernig á stendur. Mjer er sagt, að Framsóknarflokkurinn sje búinn að gera það að flokksmáli sínu að stofna þessa nýju stúdentaverksmiðju á Akureyri. Þeir vilja ráðast í annað eins fyrirtæki og það nú, þegar ríkissjóður hefir ekki einu sinni efni á að leggja fram fje til hinna bráðnauðsynlegustu umbóta á verklega sviðinu. Það er klipið utan af öllum fjárveitingum til þess, sem þjóðinni ríður mest á. Það eru óbygðar brýr, óbygðir vegir, ólagðir símar, og alt þetta er látið dragast ár frá ári, þó að þjóðin krefjist bráðlegra framkvæmda á því. Já, það er meira að segja hægt að fullyrða, að það sjeu tugir af óbygðum brúm, vitum og öðru slíku, sem verða enn að sitja á hakanum vegna fjárskorts. En þegar einhver hv. þm. fær þá flugu að stofna til nýrrar stúdentaverksmiðju, þá eru bændurnir sjálfir fremstir í flokki til að veita þeirri hugmynd liðsinni sitt. Ætli það væri ekki rjettara að láta slíkt bíða, en hlaupa ekki til þess að lítt hugsuðu máli. Það ætti öllum að vera ljóst, að jeg tala hjer ekki af neinum hjeraðametnaði. Jeg tel það sjálfsagða skyldu mína að líta hlutdrægnislaust á þetta mál, og einmitt þess vegna get jeg ekki með góðri samvisku verið því fylgjandi.

Sannarlega fanst mjer allundarleg sú játning hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) og annara helstu formælenda þessa frv., að ekkert gerði til, þótt neita þyrfti fjölda manna um inntöku í gagnfræðadeildina, til þess að nóg rúm væri jafnan fyrir lærðu deildina. Þessir hv. þm. vilja með öðrum orðum stofna lærða skólann á kostnað alþýðufræðslunnar. Þeir um það, en skýtur þar ekki nokkuð skökku við? Jeg lít svo á, að það sje hrópleg synd að stofna til þessarar nýju lærdómsdeildar, ef það getur ekki gerst með öðru móti. Mig mundi stórum furða á því, ef íslenskir bændur yrðu fjölmennir í flokki þeirra, er vildu leiða fræðsluna í landinu út á þá braut. Jeg segi fyrir mig, og hefi jeg ekki orð fyrir að vera neinn kjósendasmjaðrari, en ilt þætti mjer að þurfa að segja kjós-

endum mínum þá sögu, að jeg hafi verið því fylgjandi, að þetta yrði gert, á kostnað atvinnuveganna. Auk þess væri óheyrileg fljótfærni að gleypa við hugmynd þessari þegar í stað, þegar búið er að sanna með fullum rökum, að við getum vel látið úrlausn málsins bíða betri tíma. Það er þess vegna eðlilegt, að formælendur frv. vilji ekki tala um kostnaðinn, því að það er veika atriðið hjá þeim, sem þeir vilja ekki leiða inn í umræðurnar, og er því eina ráðið að þegja um það. Jeg vildi segja, að þarfara væri að eyða þeim peningum, sem í þetta færi, á annan hátt, sem sje að brúa heldur 1 til 2 ár á ári, eða leggja símalínur nýjar, þar sem kvartað hefir verið undan símaleysi.

Eins og nú standa sakir, tel jeg það fyrstu skylduna að ljetta undir með atvinnuvegunum í landinu, og þá sjerstaklega landbúnaðinum, sem hefir verið og er uppistaðan í hinu íslenska þjóðfjelagi. En hvað ætli það hjálpi bændum, þó að Akureyri framleiði þetta 10—20 stúdenta á ári, í viðbót við þá offramleiðslu á þeim, sem þegar er orðið frá Reykjavíkurskólanum? Jú, að einu leyti. Sveitirnar fengju háskólamentaða bændur, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tók í mál. Það ætti enginn að vera svo vitlaus að halda, að nokkur maður láti son sinn ganga háskólaveginn til þess að verða bóndi. Á hinn bóginn er jeg alls ekki viss um, þrátt fyrir hávaða þann, sem verið hefir hjer í deildinni, að það sje eindreginn vilji Norðlinga að koma þessum skóla á fót. Um Vestfirðinga og Austfirðinga er það að segja, að þeir hafa aldrei kvartað undan því, að ekki væri mentaskóli á Akureyri, og eru þeir sjálfsagt sama sinnis nú og þeir hafa verið.

Hæstv. forsrh. (SE) tók fram, að hvorki fyrverandi stjórn nje hans stjórn hafi gert neitt í þessu máli, og væri því undirbúningurinn á því óhæfilega lítill, svo að þegar af þeirri ástæðu væru ekki tök á að koma málinu fram á þessu þingi. Jeg er nú ekki viss um, að undirbúningurinn sje svo lítill; að minsta kosti er hann betri en á mörgum öðrum málum. Árið 1920 voru 2 skólafróðir menn fengnir til að athuga málið. Nutu þeir fulls trausts manna í þeim efnum, og gáfu þeir rækilegt nefndarálit um það. En þeir litu á málið frá sjónarmiði alls landsins, eins og meiri hl. mentamálanefndarinnar 1921. Þess vegna fóru tillögur þeirra í sömu átt og frv. sem nú liggur fyrir þinginu, að leggja niður gagnfræðadeildina við mentaskólann og gera hann að óskiftum lærðum skóla. Frá Reykvíkingum eru skjalleg skilríki fyrir því, að þetta fyrirkomulag sje heppilegra, þó þeir missi þau hlunnindi, sem þeir nú hafa af gagnfræðakenslunni við mentaskólann.

Jeg ætla mjer ekki að fara nákvæmlega út í kostnaðinn af því að hafa mentaskólann tvískiftan, eins og nú er, en það er fullvíst, að með tímanum mun hann ekki eingöngu nema tugum, heldur hundruðum þúsunda. Hæstv. forsrh. tók það mjög rjettilega fram, að fjárhagur ríkisins leyfði ekki slíkar framkvæmdir fyrst um sinn.

Jeg gæti trúað, að svo færi með bæði frv., að það ynnist ekki tími til að afgreiða þau á þessu þingi, en þá vil jeg endurtaka þá áskorun til stjórnarinnar, að hún rói að því öllum árum að lagfæra skólafarganið í Reykjavík hið bráðasta, eins og mentamálanefndin (Guðmundur Finnbogason og Sigurður Sivertsen) fór fram á. Það er aðalhnút-

urinn, sem fyrst þarf að leysa. Hæstv. forsrh. hefir nú lofað öllu góðu, og er hins besta af honum að vænta. Jafnframt væri ákjósanlegt, að ráðstafað yrði nánara gagnfræðamentun í landinu, því að það verð jeg að telja litlar umbætur, ef loka á nemendur frá gagnfræðamentun á Akureyri. Ef svo hefir verið mörg undanfarin ár með aðsóknina að skólanum á Akureyri, að þá hafi þegar orðið að úthýsa nemendum, þá yrði það ekki síður áfram, er lærður skóli yrði haldinn þar í sama húsinu, því að heldur ætti aðsóknin þá að fara vaxandi. Þetta benti jeg á í fyrri ræðu minni, en nú skal jeg aðeins geta þess, að verði frv. samþykt, þá gæti vel svo farið, að Norðlingar myndu litlar þakkir kunna hv. flm. þess fyrir það að hafa komið þessari breytingu á.

Nú ætla jeg ekki að lengja umræðurnar meira og býst ekki við að taka oftar til máls í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Það hafa nú þegar nokkuð margir andæft framsöguræðu minni. Hv. frsm. meiri hl. (SSt) gaf þeim þm., sem það gerðu, þá einkunn, að þeir hefðu staðið sig svo vel, að í ræðu minni stæði ekki steinn yfir steini. En þó rótaðist hann í rústunum eftir megni. Það mun því vera mál til komið fyrir mig að reisa rústir þessar við að nokkru.

Þá vil jeg fyrst snúa mjer að ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann kom fyrst að því, að skólinn hjer framleiddi nógu marga stúdenta fyrir landið. Jeg er ekkert að deila um það, hvort stúdentarnir sjeu of margir eða fáir. Það mun vera erfitt að setja hæfileg takmörk um það. Ef gengið er út frá því, að stúdentar sjeu mátulega margir til að halda áfram embættisnámi, og þó þeir hafi lokið embættisprófi, fylli þeir aðeins í þau skörð, sem verða í embættisstjettinni, þá mun fjöldi þeirra vera meira en nógur. En jeg álít, að það sje gott, að það sje nokkur yfirframleiðsla á þessu sviði. Við það verða þeir undir í samkepninni, sem eru ver gerðir til þess að taka að sjer opinber störf.

Ef sett yrðu takmörk um stúdentafjölda, þá yrðu þau takmörk aldrei þannig, að gáfuðustu og efnilegustu mennirnir einir gengju mentabrautina; sumum yrði þá gert ókleift að komast yfir þröskuldinn, sem setja á, vegna fjárhagsörðugleika, en það eru oft og einatt ekki lökustu mennirnir.

Þá kom sami hv. þm. (JÞ) að því, að fyrir 2 árum hefðu nemendur mentaskólans að ⅔ verið úr Reykjavík, en ⅓ úr öllum hinum landshlutunum. Þarna sjest afleiðingin af því að hafa einn skóla. Jeg undrast þetta ekki og tel það lofsvert af foreldrum í Reykjavík að hafa áhuga á því að menta börn sín, en þetta sýnir, að Reykvíkingar standa betur að vígi en aðrir að láta börn sín læra í mentaskólanum. Hlutfallið mun ekki breytast við það, að tiltölulega verður miklu dýrara að lifa hjer í Rvík en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Þá sagði þessi hv. þm. (JÞ), að þetta frv. færi fram á það að leggja niður gagnfræðaskólann á Akureyri. En þetta er ekki rjett. Í 1 gr. frv. stendur, að við gagnfæðaskólann á Akureyri skuli bætt lærdómsdeild. Gagnfræðadeildin verður því alls ekki lögð niður, heldur aðeins bætt við hana lærdómsdeild, og meir takmarkaður en áður fjöldi þeirra, sem ganga í gagnfræðadeildina. Hann sagði, að ef breyting þessi

næði fram að ganga, þá yrði að synja helmingi þeirra, er sæktu um gagnfræðaskólann, um inntöku. En þetta held jeg að sje vel í lagt. Nú eru skólamál okkar að breytast, með byggingu alþýðuskólanna, sem fyrirhugaðir eru. Nú stendur til, að bygð verði viðbót við Eiðaskólann, og svo alþýðuskóli í Þingeyjarsýslu. Ef þessir skólar verða vel útbúnir, sem vænta má, þá hlýtur aðstreymi að gagnfræðaskólanum á Akureyri að minka, því að þetta verða nokkurskonar gagnfræðaskólar. Því hefir verið haldið fram af mjer og Sigurði skólameistara Guðmundssyni, að takmarka ætti töluna í bekkjum lærdómsdeildarinnar; jeg tók til 15 í bekk, en í gagnfræðadeildinni hafa oft verið um 30 í óskiftum bekk. Jeg hygg, að það sjeu engar öfgar, þótt jeg segi, að í gagnfræðadeildinni megi hafa með góðu móti 70—80 nemendur, þótt hún verði óskift.

Þá sagði hann, að jeg hefði sagt rangt til um tölu kennara, sem þyrfti við slíkan skóla, og komst að þeirri niðurstöðu, að þurfa mundi 9. (**JÞ**: Jeg sagði 7 fastakennara og 2 aukakennara). Við skulum nú athuga, hve miklu þetta munar. Í frv. er talað um 5 fastakennara. Nú eru þeir í rauninni 6; einn er að vísu ekki samkvæmt lögum fastur kennari. Auk þess eru 3 tímakennarar, sem hafa talsvert mikla kenslu, og sumir nálega eins mikla og fastir kennarar. Geri jeg ráð fyrir, að þeir kenni nálægt því, sem 2½ fastakennarar myndu kenna. Þá ætla jeg, að áætlun mín sje rjett, að það þurfi ekki að bæta við nema sem svarar 1½ kennara. Jeg vona, er hv. þm. (JÞ) athugar þetta, að hann sjái, að hjer er ekki um neina blekkingu að ræða, er svo nærri er farið hans eigin áætlun, því að á henni er þessi rökræðing mín um kennarafjöldann bygð. Hann sagði, að jeg hefði ekki tekið með í reikninginn, að deildunum fjölgaði við þetta. En jeg gat þess, að nú væri kent í 5 deildum, því að 2. og 3. bekkur eru tvískiftir. Það þarf ekki að bæta við nema einni kenslustofu.

Þá sló hann á þann strenginn, að það væri ekki vilji almennings að stofna ný embætti. Almenningur vildi engin ný embætti norður á Akureyri. Mjer er það fullljóst, að jeg er sammála því, að ekki beri að stofna ný embætti, nema í brýnustu nauðsyn. En mjer er spurn: Vill almenningur heldur stofna ný embætti hjer í Reykjavik en norður á Akureyri? Samkvæmt lýsingu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) á aðstreyminu að mentaskólanum hjer má búast við því, að hjer þurfi að bæta við 2×2 embættum, og ef til vill mætti svo margfalda með 2, svo að kennaraviðbótin yrði tveir í þriðja veldi, Jeg býst ekki við, að almenningi muni vera ljúfara að stofna þessi embætti hjer en á Akureyri.

Þá gat hv. þm. (JÞ) þess, að þetta væri fjórðungsmetnaðarmál. Það er það ekki af minni hálfu. Jeg er ekki Norðlendingur og ekki þingmaður Norðlendinga. Fyrir mjer er þetta sparnaðarmál. Jeg vil, að fátækum og efnilegum ungmennum sje gert kleift að læra á þeim stað, sem ódýrastur er. Fyrir mjer er þetta löngun til þess að láta menn ekki gjalda þess, hvar á landinu þeir eru fæddir.

Þá kem jeg aftur að höfuðröksemd hans. Hann sagði, að ef skólarnir yrðu tveir, yrðu stúdentarnir helmingi fleiri. Jeg hefi sýnt fram á, að ef mál þetta gengur í gegn, þá yrði skólinn hjer minni en ella. Það er nú svo, að Norðlending-

ar og Austfirðingar, sem nú sækja Reykjavíkurskólann, mundu eingöngu sækja skólann á Akureyri. En þó svo nú væri, að stúdentatalan af Akureyri yrði algerð viðbót, sem ekki yrði nema því aðeins, að þeim yrði algerlega gert ókleift að sækja skólann hjer, þá tvöfaldaðist stúdentaframleiðslan ekki fyrir það. Þá sagði hv. þm., að allir gáfaðir og efnilegir menn, sem útskrifast hefðu frá Akureyri, hafi getað sótt hingað suður. Sje þetta nú rjett, þá eykst stúdentaframleiðslan ekkert, þó skólarnir verði tveir. Þar með er höfuðröksemd hv. 3. þm. Reykv. fallin um sjálfa sig.

Þá sagði hann, að eitthvað yrði að gera til þess að gera mönnum kleift að sækja skólann hjer, og taldi helsta ráðið að byggja heimavistir. Því verður ekki neitað, að það er mun hægra fyrir utanbæjarmenn að sækja skólann, ef nægilegum heimavistum er komið upp. En það hefir gagnstæð áhrif við það, sem hv. 3. þm. Reykv. vill. Því betur sem er um nemendur skólans búið, því fleiri sækja hann, og við það eykst stúdentaframleiðslan. Ef gengið er inn á þá braut, að gera mönnum eins hægt að sækja skólann hjer sem skóla á Akureyri, þá skapast svo mikið aðstreymi að þessum skóla, að stúdentaframleiðslan verður eins mikil og þó skólarnir væru tveir.

Jeg man svo ekki eftir fleiru í ræðu þessa hv. þm., sem jeg þarf að svara.

Þá kem jeg að háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann byrjaði á því, að vitanlega væri ekki hjer þörf á nema einum lærðum skóla, og talaði um það, eins og hv. 3. þm. Reykv., að ef skólarnir væru 2, yrði stúdentaframleiðslan meiri. En jeg hefi nú sýnt fram á það, að 2 skólar þurfa ekki að vera mikið stærri en 1, en meiri líkur til þess, að 2 litlir skólar sjeu betri en 1 skóli, jafnstór hinum báðum. Jeg veit, að margir skólamenn hafa sömu skoðun á þessu atriði og jeg.

Þá kom hv. þm. (MJ) með það, að nemendur, sem sæktu mentaskólann hjer, þyrftu ekki að ferðast til og frá skólanum að meðaltali nema ¼ hluta strandlengjunnar. Vildi hann gera lítið úr því, að það yrði ódýrara hvað ferðakostnað snerti fyrir nokkra að sækja skóla á Akureyri en í Reykjavík, af því að ferðakostnaðurinn væri svo hverfandi lítill. Jeg hefi aldrei gert ferðakostnaðinn að neinu höfuðatriði í máli þessu. En vitanlega munar það nokkru á ferðakostnaði fyrir Norðlinga og Austfirðinga að fara til Akureyrar eða Rvíkur. Austfirðingar þurfa oft að ferðast norður fyrir land til þess að ná til Reykjavíkur. Þeir og Norðlingar þurfa að ferðast miklu lengra til þess að ná hingað en sem svarar ¼ hluta strandlengjunnar.

Þó horfið yrði nú að því ráði að byggja heimavistir við mentaskólann hjer í Reykjavík, þá yrði hún þó altaf dýrari en heimavist við skólann norður á Akureyri. Því að allar lífsnauðsynjar eru miklu dýrari hjer. Þannig er t. d. mjólk 50—60% dýrari, kjöt 20—30% og nýr fiskur 100% dýrari. Sama verður og, sje það borið saman, hver munur er fyrir pilta, sem ekki geta notið heimavistar, að búa úti í bæ á Akureyri og hjer, því að á Akureyri kostar herbergi 20 kr., sem kostar 40 kr. hjer.

Að fara að flytja mentaskólann hjeðan til Norðurlands, get jeg ekki skilið að komið geti til mála, enda trúi jeg því ekki, að nokkur haldi því fram í

alvöru, því að það væri ranglæti við höfuðstað landsins.

Þá sögðust þeir, háttv. 3. og 4. þm. Reykv. (JÞ og MJ), vilja setja stíflu í þann mikla straum, sem fer inn í mentaskólann, með því að hafa skólann óskiftan lærðan skóla. Það er einmitt ein tilraunin til að gera norðan- og austanpiltunum, sem sækja gagnfræðaskólann á Akureyri, erfiðara með að halda áfram námi. Hlutföllin myndu því raskast þannig, að það yrðu fleiri Reykvíkingar, sem sæktu skólann í hlutfalli við nemendur úr öðrum hlutum landsins, en nokkru sinni áður. Því að þeir menn, sem hjer búa, þurfa ekki strax að taka ákvörðun um það, hvort þeir láti börn sín halda áfram námi gegnum allan skólann eða ekki. En menn úti um land yrðu að gera það strax. Af því myndi án efa leiða það, að eigi allfá fátækra manna börn ættu alls engan kost á að komast í mentaskólann, því að víða er það úti um land, að menn verða fyrst að láta börn sín í hina lægri skóla, eins og gagnfræðaskóla, til þess að sjá, hvað þeim er kleift, áður en þeir taka ákvörðun um að láta þau halda áfram námi.

Annars er þetta fyrst og fremst til þess að koma sem mestu djúpi á milli lærðra manna og ólærðra, til þess að koma upp tveimur stjettahópum í landinu, þar sem annar hópurinn sje yfirstjett, hinn undirstjett. Á milli þessara stjetta sje mikið djúp. Reynt sje að menta aðra sem best, en láta hina læra sem minst, og það, sem hún læri, sje hundavaðslærdómur, eins og hv. þm. Dala. (BJ) segir að eigi að vera hjá öllum þeim, sem ekki ganga lærða veginn.

Þá skal jeg snúa mjer að hæstv. forsrh. (SE). Hann talaði á móti þessu máli, af því, eftir því sem hann sagði, að hann teldi rjettast að taka öll skólamál landsins til nákvæmrar yfirvegunar á einu þingi. En því fer fjarri, að þetta raski á nokkurn hátt grundvelli skólamálanna. Og hins vegar býst jeg ekki við, að þau verði tekin til yfirvegunar á næsta þingi, og því síður afgreidd.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var sá eini, er virtist líta líkt á þetta mál og jeg, og jeg vil undirstrika það, sem hann sagði, að jeg er ekkert hræddur við það, þó að stúdentum fjölgaði svo, að nokkrir þeirra yrðu bændur, og jafnvel þó að nokkrir kandídatar yrðu það líka, því jeg er þeirrar skoðuna, að það geti verið gott fyrir sveitirnar að hafa nokkra góða bændur með svo hárri mentun.

Þá skal jeg víkja örlítið að hv. frsm. meiri hl. (SSt). Jeg hafði vitanlega svarað honum áður, en ekki sem skyldi.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að hvergi væru efnamenn nema hjer í Reykjavík. En það sagði jeg alls ekki, heldur að engir nema efnamenn utan Reykjavíkur gætu kostað börn sín í skóla hjer. Þá upplýsti háttv. þm. það, að veturinn 1920—21 hefðu verið hjer í skólanum 17 nemendur frá Akureyrarskólanum, og það alt Norðlendingar. Þetta sýnir einungis, hve mikil mentaþrá Norðlendinga er og þrá þeirra að halda áfram á hinni lærðu braut. En þeir fara hingað af því, að þeir vita ekki, hve miklir erfiðleikar bíða þeirra hjer. Sýnir þetta jafnframt, að stúdentaframleiðslan hefði ekkert orðið meiri, þó að þessir menn hefðu átt kost á að fá sína stúdentsmentun norður á Akureyri. Þá er það alkunnugt, að fólk hefir beinlínis flutt utan af landi hingað til

Reykjavíkur, til þess að geta frekar komið börnum sínum áfram til náms. Jeg skal ekkert tala um þá kosti eða lesti, sem á því eru að vera hjer í Reykjavík. En það dylst engum, að það er ekki heppilegt, að meginhluti þjóðarinnar safnist saman á einn stað.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. (SSt) með miklum hávaða um þann kostnað, sem þessi skóli mundi hafa í för með sjer, og sagði, að hann myndi ekki kosta tugi þúsunda, heldur hundruð þúsunda. En samt kom hann ekki með neinar tölur, sem hægt væri að byggja á.

Þá sagði hann, að sig undraði, ef margir úr Framsóknarflokknum fylgdu þessu máli, þar sem þeir hefðu það efst á stefnuskrá sinni að efla verklega þekkingu í landinu. Út af þessu skal jeg fræða hv. þm. um það, að Framsóknarflokkurinn er alls ekki á móti mentun í landinu, þvert á móti. Meðal annars lítur flokkurinn svo á, að það sje nauðsyn fyrir þá, sem ætla að nema verkleg fræði, að ganga fyrst í gegnum lærdómsdeild mentaskólans, til þess að fá haldgóða undirbúningsmentun. Hjer eru ólagðir símar, óbygðar brýr, vitar, verksmiðjur o. fl. Fyrir sum þessi fyrirtæki vantar okkur einmitt góða menn til að veita þeim forstöðu.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (SSt), að það væri gagnfræðamentunin, sem síst mætti takmarka. Mjer þótti vitanlega vænt um að heyra þetta frá honum. En samt undraði mig að heyra hann segja þetta. Því að óneitanlega hefir þotið öðruvísi í þeim skjá áður, þó ekki væri nema fyrir tveimur árum, er þessi hv. þm. hjelt langa ræðu hjer á Alþingi og komst að þeirri niðurstöðu, að öll alþýðumentun, og öll mentun yfirleitt, væri hreint og beint spillandi. Og vildi hann aðeins láta tvo skóla lifa á öllu landinu, lærða skólann og háskólann, þó að þær stofnanir væru líka, að hans dómi, spillandi.

Annars er það gleðilegt, þegar menn, sem komnir eru á efri aldur, fá heilbrigðari skoðanir en þeir hafa áður haft, eins og nú virðist eiga sjer stað um þennan háttv. þm.

Þá þótti honum undarlegt, ef bændur, sem hann sagðist þekkja vel, gætu verið með þessu skólamáli. En jeg get fullvissað hv. þm. um það, að jeg þekki bændur betur en flestar aðrar stjettir í þessu landi, og get frætt hann um, að hin æðri mentun er engin gryla í þeirra augum. Margir þeirra vilja láta börn sín læra meira en þeir áttu kost á að læra sjálfir. Þeir hafa þá trú, að þá myndu þau geta framkvæmt margt af því, er þá langaði til að framkvæma, en gátu ekki.

Bændum er því fyllilega ljóst, að sönn mentun er undirstaða flestra gæða lífsins. Og jeg hefi heyrt eftir sumum Ameríkuförunum, að eitt á meðal þess, sem hafi rekið þá burtu úr landinu, hafi verið það, að þeir gátu ekki fengið þá mentun handa börnum sínum, sem þeir vildu.

Þá mintist hv. frsm. meiri hl. (SSt) á álit milliþinganefndarinnar í mentamálum og fór lofsamlegum orðum um nefndina. Jeg er alveg sammála honum um, að það hafi verið margt gott, sem hún kom með, þó að jeg væri því ekki öllu samþykkur, eins og t. d. með fyrirkomulagið á mentaskólanum. En flest annað gat jeg skrifað undir með henni. En þá vildi þessi hv. þm. ekki líta við frv. um barnafræðslu og kennaraskólann, sem nefndin kom með (SSt: Þetta er satt), en nú minnist hann ekki á

þetta. Það gleður mig því ósegjanlega mikið, að þessi hv. þm., sem jeg annars met mikils, skuli hafa breytt svona um skoðun og sje nú að verða frjálslyndari en hann hefir hingað til verið í mentamálum.

Það, sem jeg svo vil leggja aðaláherslu á og vekja athygli háttv. þm. á, er það, að stúdentafjölgunin við það, að lærðu skólarnir yrðu tveir, getur aldrei orðið meiri en sem svarar tölu þeirra fátæku og efnilegu pilta, sem hætta verða námi að afloknu prófi við gagnfræðaskólann á Akureyri, sökum dýrtíðar hjer.

Bjarni Jónsson: Það er í rauninni samviskusök að vera 4. maður á móti þessum eina manni, enda myndi jeg ekki segja fleira í málinu, ef jeg þættist ekki vita, að nokkuð margir af hv. þm. muni vera sammála hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) og hafa í hyggju að greiða atkv. með frv. Það er þó ekki ætlun mín að fara nú að flytja nýjar röksemdir gegn rökum flm., því ýmsir aðrir hv. þm. hafa þegar gert það nægilega. Jeg vildi aðeins gera ofurlítinn samanburð á því örlæti, sem sumir hv. þm. vilja sýna í þessu máli, og sparnaðarviðleitni þeirra annarsstaðar. Þeir, sem fylgja þessu máli, vilja stofna 5 ný kennaraembætti á Akureyri. Var það rjett, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) reiknaðist til um tölu þeirra. Má hann og vel vita um þessa hluti, þar eð hann var nemandi í latínuskólanum gamla um sama leyti og jeg var þar kennari. Hafði jeg þá á hendi 27—33 tíma kenslu á viku við skólann, og líkt var um aðra kennara, og svo myndi fara um þann fyrirhugaða skóla, því hann er í alla staði sambærilegur við hinn hvað þetta snertir. Voru mjer um þessar mundir borgaðar 1000 kr. fyrir mitt starf, og var það helmingi minna en mjer bar í samanburði við hina kennarana. Græddi landið þá á mjer 1000 kr. árlega, samanborið við laun lægstu kennaranna. Get jeg þessa bara til að sýna, að hann er ekki spánnýr þessi gróðavegur, að nota sjer neyð fátækra manna til að láta þá vinna fyrir hálft kaup. Skýtur þessi búhnykkur sparnaðarmannanna mjög skökku við þetta, sem hjer er á ferðinni, að stofna nú 5 ný kennaraembætti. Myndi hver kennari sjálfsagt ekki hafa minna en 7000 kr. laun, svo að samtals yrðu það 35 þús. kr., sem þessir örlátu menn ætla árlega að verja úr ríkissjóðnum í þessu skyni. Nú er það ljóst, að slíkur skóli getur ekki þrifist án bókasafns. Yrði því tæplega komið upp, svo að nokkur mynd væri á, fyrir minna en 100 þús. kr. á næstu árum. Skulum við segja, að þessari upphæð yrði skift niður á 5 næstu ár, og yrðu það þá 20 þús. kr. á ári, sem ríkissjóði þyrfti að blæða bókasafnsins vegna. Hjer við bætist svo aukin verkfæri og kensluáhöld, og má af þessu öllu saman sjá, að það er ekki lítið örlæti, sem þessir hv. þm. vilja sýna hjer. Lítur það dálítið undarlega út, þegar það er borið saman við það örlæti, sem lærða skólanum hjer hefir verið sýnt. Við hann og tvo aðra skóla hjer starfa 4 eða 5 kennarar, sem vinna fullkomið verk og hafa fullkomin laun, en eru þó ekki fastir kennarar. Er það sökum þess, að þingið hefir ekki haft einurð til þess að gera ný lög um þetta efni, og hefir því orðið að fara „út fyrir ramma laganna“, eins og einn hv. þm. nefndi það áðan, til þess að fullnægja þörfum skólans. Það virðist nú dálítið undarlegt, fyrst þingið hefir til þessa ekki

haft einurð til að lögfesta þessa menn, að það skuli alt í einu vilja rjúka til að setja á stofn 5 ný kennaraembætti. Líklegra hefði verið, að hinir gömlu yrðu þó áður lögfestir. Og ekki tel jeg ólíklegt, að mörgum úti um landið finnist til um „órannsakanlega vegu“ þingsins, er þeir fara að bera þetta tvent saman.

Það hefir verið gerður samanburður á námskostnaði við skóla hjer og á Akureyri. Mun það vera rjett, sem hv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) hefir sagt í því efni, að ýmsar nauðsynjavörur sjeu ódýrari á Akureyri en hjer. En það kemur dálítið í bága við afstöðu skólameistara til dýrtíðaruppbótarbeiðni embættismanna á Akureyri. Vildi hann þá gera lítið úr mismuninum á dýrtíðinni þar og hjer. Hefðu norðanmenn helst ekki átt að senda þetta skeyti um dýrtíðaruppbótina, úr því að þeir urðu þá að afneita því, sem þurfti að verða aðalstoð þeirra í þessu máli. En hvað sem því líður, þá mun jeg nú samt heldur trúa hv. þm. (ÞorstJ) en þeim í þessu efni. Þó er það einkennilegt, að ef borinn er saman námskostnaður á Akureyri og í Flensborg, þá verður hann meiri á Akureyri. Kemur þetta til af heimavistunum, sem eru í Flensborg. Er jeg því þeirrar skoðunar, að ef hjer væri komið upp heimavistum fyrir nemendur við lærða skólann, þá mundi munurinn verða sáralítill. Ef nú þeirri upphæð, sem það myndi kosta að koma upp bókasafni við Akureyrarskólann — (**ÞorstJ:** Skólinn á Akureyri á þegar gott bókasafn). Sje svo, þá hefir peningunum til þeirra bókakaupa verið stolið, því engin heimild hefir verið veitt til slíkra kaupa. Þykir mjer ótrúlegt, að skólameistarinn á Akureyri hafi í heimildarleysi tekið fje, sem ætlað var til annars, til að koma upp bókasafni við skólann. Kalla jeg fast sótt málið hjá háttv. frsm. minni hl., er hann vinnur það til að segja það, sem vel mætti gera skólameistarann að minni manni. Ætti hann, ef kostur er, að taka þessi orð sín aftur og játa, að safnið sje með öllu ófullnægjandi fyrir slíkan skóla, sem hjer er um að ræða. Jeg vík svo þar að, sem jeg hvarf frá fyr, að ef þeim 20 þúsundum, sem jeg gat um áður, yrði næstu fimm árin varið til þess að koma upp heimavistum við mentaskólann hjer, þá væri betur en ef þær færu til bókakaupa fyrir lærðan skóla á Akureyri. Svo stendur á, að mentaskólalóðin leyfir að bætt verði við bakhlið skólans tveim álmum, sem rúmuðu íbúðir fyrir 100 pilta, þótt vel væri um búið. Hefi jeg einu sinni komið fram með till. þessa efnis, en henni ekki verið sint. Er þó auðsætt, að ekki þyrfti að leggja í neinn ýkjakostnað til að framkvæma þetta. Nægja myndi það fje, sem jeg gat um áðan, að fara myndi til bókakaupa. Eftir 5 ár gætu þá heimavistirnar verið komnar upp og teknar að spara ærinn kostnað fjölda manns úti um alt land. Væri ríkissjóðnum bundinn líku ljettari baggi með þeim hætti en ef stofnaður yrði nýr lærður skóli á Akureyri.

Gera má líka annan samanburð á sparnaðinum og örlætinu innan þessa háttv. þings. Eins og menn vita, lagði hæstv. stjórn á öndverðu þingi fram frv. þess efnis að leggja niður sum helstu embætti landsins, svo sem landlæknisembættið, biskupsembættið og nokkur sýslumannsembætti. Er það undarlegt, að þetta skuli gerast á sama þinginu, sem ráðgerir svo að stofna 5 kennaraembætti norður í landi. Væri ekki

nema vonlegt, þótt þeir athugulli af háttv. þm. þyrftu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir greiða atkv. með þessu frv. — Annars heyri jeg það sagt, að Norðlendingar leggi hið mesta kapp á þetta. Kvað skólameistarinn hringja þm. upp daglega til að stappa í þá stálinu. Hefir það jafnvel flogið fyrir, að skifta eigi á skóla þessum og járnbrautinni, og yrði þá ekki annað sagt en að skólinn yrði dýr, ef það bættist ofan á hitt. „Dýr mundi Hafliði allur," ef þessir 3 bekkir ættu að kosta alt þetta, og þá færi betur á því, að vel yrði stundað námið í þeim.

Háttv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) vill ekki kannast við, að þetta sje metnaðarmál Norðlendingum. (**ÞorstJ:** Jeg vildi ekki kannast við, að mjer væri það neitt metnaðarmál). Nei, því get jeg trúað. Háttv. þm. er Austfirðingur, og ætti hann að hafa sömu aðstöðu til málsins sem jeg og aldrei að hafa flutt það. En öðru máli er að gegna um Norðlendinga. Það er fjórðungskappið, sem er hjer undirrótin. Það er sá gamli Hólaskóli, sem er að ganga aftur í hugum manna. En mönnum missýnist í þessu. Það stendur alt öðruvísi á nú en þá, Á Hólum var þá einnig biskupsstóll, og höfðu biskup og klerkar hans á staðnum ekki annað að gera þarfara en kenna við skólann, þegar þeir voru ekki að syngja sálumessur eða hafa yfir aðrar helgar tíðir. Var þeim hvort eð er nauðsyn að iðka sig í latínunni, svo mjög sem klerkar þurftu á henni að halda við guðsþjónustuna á þeim tímum. Ekki var þá heldur verið að pína úr ríkissjóðnum í þessa kennara, heldur gáfu ríkir foreldrar þeim hross góð eða jarðir að launum fyrir uppfræðslu sona sinna. Þá var gengið í vasa manna með trúarlyklinum, en með honum má ljúka upp mörgu, sem lykill ríkissjóðs gengur ekki að. Er því ekki saman berandi það hagræði, sem var að þessum skóla þá, og það, sem verða myndi nú, ef þá um nokkurt hagræði yrði að tala.

Þá vil jeg enn benda á það, til samanburðar við þessa sparnaðarmenn, að jeg, eyðsluseggurinn, hefi nú borið fram frv. um að sundurgreina gagnfræðaskólann hjer og lærða skólann. Um leið yrði ljett á ríkissjóðnum þeirri gagnfræðakenslu, sem hjer er, og myndu við það sparast laun 12 kennara. Verður þá mismunurinn milli míns sparnaðar og sparnaðar sparnaðarmannanna 16 kennara laun, auk þess, sem að öðru leyti þyrfti að kosta til þessa fyrirhugaða lærða skóla. Er jeg meira að segja fús að leggja það til, að lagður verði niður gagnfræðaskólinn á Akureyri sem ríkisskóli. Er ekkert jafnrjetti í því, að ríkissjóðurinn haldi slíka skóla fyrir 2 sýslur á landinu, þegar aðrar sýslur landsins verða einar að bera allan kostnaðinn við unglingaskólana. Að vísu drægist frá þessum sparnaði mínum sá styrkur, sem jeg væri fús á að veita þessum skólum, en þótt hann næmi ⅓ kostnaðar, þó yrði sparnaðurinn mikill samt.

Mjer þótti annars dálítið undarlegt að heyra háttv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) brigsla mjer um það, að jeg vildi hamla því, að fátækir menn næðu til menta. Mun jeg ekki svara þessu öðru en því, að hafi till. mínar í þeim málum, það sem af er, ekki verið á þá leið, að þær sjeu einar færar um að hrinda þessum brigslum, þá eru þau mjer makleg. Ella munu þau ekki á mjer hrína.

Það, sem jeg tel annars aðalatriðið

í þessum málum, er það, að sama kensla á ekki við þann, sem ætlar lærða veginn, og hinn, sem aðeins æskir gagnfræðamentunar. Annaðhvort verður þá gagnfræðaneminn dreginn inn í alt of tímafrekan lærdóm, eða hinn látinn byrja nám sitt með því að hlaupa á hundavaði yfir námsgreinarnar, sem er mjög gagnstætt þeirri námsaðferð, sem ber að hafa við þann skóla, sem á að vera undirbúningur undir vísindanám. Er broslegt að heyra menn halda því fram, að þetta, sem er hrein nauðsyn, stuðli að því að skapa djúp á milli stjetta landsins. Er þetta líkast því, sem reykvískur bolsiviki væri að tala. Lærðir menn hafa aldrei verið nein sjerstök stjett á þessu landi. Þeir hafa, sem betur fer, yfirleitt verið nógu lærðir til þess að ofmetnast ekki af lærdómi sínum.

„En það eitt nam hann þó,
sem vel vjer vitum,
að viskan er ei sæla,
en vanþekking í vanþekkingar stað."

Jeg ætla svo ekki að minnast á fleira, sem háttv. frsm. minni hl. (ÞorstJ) sagði áðan, því hinir, sem hann hefir mælt til, geta svarað fyrir sig.

Þó vil jeg víkja að skoðun háttv. flm. (ÞorstJ) á barnaskólamentuninni og tillögum mínum. Vil jeg benda honum á, að það er ekki barnaskólamentun, sem bændur þrá mest fyrir börn sín; enda fer því svo fjarri, að um nokkra mentun sje að ræða í barnaskólum vorum, að það eru aðeins allra duglegustu og gáfuðustu börnin, sem sleppa þaðan óskemd. Jeg tek það fram, að jeg er á engan hátt að lasta barnakennara vora; þeir eru langflestir nýtir og góðir menn. En þeim er nær ætíð fengið verkefni, sem þeim er ókleift að leysa af hendi. Það þýðir ekki að hrúga börnum tugum saman í eina deild, eins og fje í rjett, og fá svo einum manni alt til meðferðar. Þau þurfa að fá kenslu hvert eftir sínu gáfnafari og hæfileikum, og verður að flokka þau þannig. Kennararnir þurfa að hafa fengið þá sálfræðilegu undirstöðumentun í uppeldismálum, sem gerir þá færa um að gegna þessum störfum. Þeir eru maðurinn með vaxtöfluna, sem mörkuð er hið fyrsta sinn, og þar má enginn klaufadómur koma til eða fingraför á sjást.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að mínu frv., sem nú er fengin vissa fyrir að fram muni ganga á þessu þingi. (**ÞorstJ:** Það er algerlega vonlaust um það?) Já, mikið munar nú um hann, þennan háttv. þm.; jeg heyri nú, að hann muni ætla að snúast á móti því, en það skiftir litlu, því jeg veit, að meiri hluti þingsins er með því, og hefi jeg þó ekki smalað því fylgismönnum. Þar sem nú ekki er hægt að samþykkja bæði þessi frv., verður þetta frv., sem nú er til umræðu, að bíða þangað til skipað hefir verið fræðslumálum landsins samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í mínu frv. Þýðir eigi að ætlast til að hafa tvo lærða skóla í senn með mismunandi fyrirkomulagi í þessu landi, til þess eins, að búa til of marga stúdenta.

Leyfi jeg mjer því að bera fram svo felda rökstudda dagskrá:

Þar sem frv. liggur fyrir deildinni um gerbreyting á hinum almenna mentaskóla, er sennilega verður að lögum, þá verður þetta mál að bíða þar til fyrirkomulag á slíkum skólum

í framtíðinni er ákveðið. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil segja það, út af þeim orðum háttv. flm. þessa frv. (ÞorstJ), að þeir, sem á móti því væru, gerðu það af því, að þeir vildu lögfesta einokun Reykvíkinga til náms við lærða skólann, að þetta er allharður dómur, ef hann væri sannur. En sem betur fer er hann á engum rökum bygður.

Háttv. flm. segist hafa borið þetta frv. fram í þeim lofsverða tilgangi að ljetta fátækum efnilegum námsmönnum námið, en jeg held, að honum hafi samt fatast allmikið í því.

Þó að hann með þessu móti geri mönnum á Akureyri og að litlu leyti í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og Skagafirði, ljettara fyrir, er sá skaði, sem hann myndi baka öðrum sýslum á landinu með þessu, margfalt meiri en hagnaður þessara þriggja sýslna. Því ef stofnaður yrði þessi lærði skóli á Akureyri, er engin von til þess, að komið verði upp heimavistarskóla í Reykjavík. Kostnaðurinn við þennan alóþarfa Akureyrarskóla væri fje, sem að mestu væri kastað á glæ, eins og sýnt hefir verið af andstæðingum frv. Ef hann vill koma þessari hugsjón sinni í framkvæmd —að hjálpa efnalitlum námsmönnum — þá á hann að styðja að því með mjer og öðrum góðum mönnum að koma sem fyrst upp heimavistarskóla í Reykjavík og leggja fje til styrktar fátækum utanbæjarpiltum, sem nám stunda þar.

Þegar háttv. flm. (ÞorstJ) ber saman námskostnað á Akureyri og í Reykjavík, gerir hann ekki ráð fyrir heimavistarskóla í Reykjavík, og ekki heldur tekur hann tillit til þess, að fyrir hvern latínuskólanema á Akureyri verður að reka á brott einn gagnfræðanema þar. Það er að vísu eitthvað satt í því, að það er að sumu leyti ódýrara að lifa á Akureyri en í Reykjavík. Tveir skólar verða ávalt kostnaðarsamari en einn, þótt stór sje, og ætli það mundi ekki einnig vera hægara og ódýrara að fá kennara til eins stórs skóla en tveggja, þó minni sjeu?

Það er enginn efi á því, að fátækum latínuskólanemendum væri meiri hagnaður í því að hafa einn góðan heimavistarskóla, þó hann væri í Reykjavík, en þótt þessi Akureyrarskóli kæmist á fót. Það mun og sannast, að þetta mál hefir ekki óskift fylgi á Norðurlandi; þrátt fyrir það, hvað það hefir verið flutt einhliða, bæði í ræðu og riti, veit jeg, að margir Akureyrarbúar vilja ekki stofna lærðan skóla á Akureyri á kostnað gagnfræðamentunarinnar. Jeg talaði við einn merkan borgara þar í dag, og sagðist hann ekki vilja trúa því, að þetta næði samþykki þingsins, enda veit jeg, að þeir munu verða fáir alls á landinu, sem mundu vilja láta leggja út í þennan kostnað.

Margar voru ástæður hv. flm. (ÞorstJ) fyrir frv., og allar rýrar, en þó einna ljelegust sú, að okkur vantaði menn til að standa fyrir verklegum framkvæmdum. Við höfum nóga menn til að standa fyrir verklegum framkvæmdum, nema ullarverksmiðjum. Er nú þörf á að fara að stofna lærðan skóla á Akureyri til þess að undirbúa þessa tvo menn, sem til þess mundi þurfa að veita forstöðu væntanlegum ullarverksmiðjum hjer? Jeg hygg, að það hefði þá verið heldur betra að veita þessar 8 þús. kr., sem stjórnin bað um í því skyni.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagðist ekki vera þessu frv. fylgjandi af hjeraðskrit, og trúi jeg því vel. Hann lagði sjerstaka áherslu á það, hversu Akureyri væri lík og sveitirnar, og að foreldrar vildu ekki vita af börnum sínum í sollinum í Reykjavík. Þetta er lítil ástæða; foreldrar verða líklega allflestir að sætta sig við að sjá einhvern tíma af börnum sínum, og það oft í hættulegri staði en Reykjavík, t. d. eitthvað út yfir pollinn. Enda efast jeg um, hversu holt það er unglingum að vera haldið of lengi heima; það ætla jeg vera þeim betra til þroska, að hafa farið eitthvað að heiman áður en þau leggja út í lífið fyrir fult og alt; munu þau þá betur standast þær freistingar, er þeim kunna að mæta, ef þau hafa fengið einhverja reynslu af lífinu áður. Ef bygt væri á þessari skoðun háttv. þm., þá ætti að flytja alla skóla úr Reykjavík út land.

Hjer á landi eru tækifærin til allra hluta bæði fá og smá, saman borið við það sem á sjer stað erlendis; nær það því engri átt, að um 40 stúdentar leggi út í lífið á ári hverju. Og litla nauðsyn sje jeg til þess, að hjer verði margir háskólamentaðir bændur; væri þeim mönnum betra að hafa áður lagt stund á einhver verkleg fræði.

Forseti (BSv): Jeg vil geta þess, að mjer hefir borist svo hljóðandi áskorun frá 8 þm. (PO, GunnS, JS, ÓP, EE, ÞorlG, MG, BH):

„Undirritaðir óska, að umræðum verði þegar slitið."

Kann jeg þó eigi alls kostar vel við að skera niður umræður um þetta mál, því að hvorttveggja er, að það er merkilegt og íhugunarvert, enda hafa nú fjórir hv. þm. kvatt sjer hljóðs, en þó mun jeg bera áskorun þessa undir atkvæði deildarinnar.

Þá hefir komið fram önnur rökstudd dagskrá, frá hv. 4 þm. Reykv. (MJ), svo hljóðandi:

Með skírskotun til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík, frá 1921, og í því trausti, að stjórnin taki til rækilegrar athugunar til næsta Alþingis fyrirkomulag mentaskólans í Reykjavík, einkum það, með hvaða móti megi gera þeim utanbæjarnemendur, sem til stúdentsprófs lesa þar, vistina sem ódýrasta, og með því að málið vantar nægilegan undirbúning, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þá hefir og háttv. þm. Dala. (BJ) tekið sína rökstuddu dagskrá aftur, er þessi kom fram. Enn fremur hefir hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) óskað þess, að málið væri tekið út af dagskrá, er marga þm. vanti á fundinn. Get jeg eigi tekið þessa kröfu til greina, enda veit jeg engin fordæmi fyrir því, að þetta hafi verið gert.

ATKVGR.

Áskorunin um að slíta þegar umræðum var því næst borin upp til atkvæða, og var hún samþ. með 13 : 7 atkv.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg lýsi því yfir, sem flm. þessa frv., sem hjer hefir verið til umræðu, að jeg tel mig vera beittan eigi alllitlu harðrjetti í meðferð þessa máls. Umræður eru skornar niður, og er jeg bið forseta að taka málið út af dagskrá, er því neitað. Það, að menn fylgja því svo fast fram að fá málið til atkvæða nú, er auðsjeð að er sprottið af ótta við, að það hafi of mikið fylgi í deildinni, en nú

vantar eigi allfáa deildarmenn á fundinn, og því treysta andstæðingar minir á það, að málið verði nú felt, en ella samþykt, ef deildarmenn væru allir viðstaddir.

Jakob Möller: Jeg álít hv. flm. (ÞorstJ) leggja of mikið kapp á þetta atriði, að fá málið tekið út af dagskrá, ef það aðeins er af því, að nú sjeu of margir af fylgismönnum þess fjarverandi. Það vantar aðeins 2 þm., og er þessi ástæða því vart fullgild, því að það er sjaldnast, að allir þm. sjeu viðstaddir við atkvæðagreiðslur.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg gæti nú búist við því, að menn yrðu oft að bíða eftir úrslitum mála, ef ekki væri afgreitt neitt mál nema allir væru á fundi. Jeg veit, að annar þeirra þm., sem nú vantar. er utanbæjar.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg get alls eigi sjeð, að þessi krafa, að fresta atkvgr. í málinu, sje einsdæmi, og því held jeg því fram, sem áður, að jeg sje ranglæti beittur, ef því verður neitað.

Pjetur Ottesen: Jafnframt því, sem jeg skýt því til hæstv. forseta að fella nú þegar úrskurð um þetta, sem hjer er um deilt, því til þess hefir hann skýlausan rjett samkvæmt þingsköpum, þá vil jeg benda á, að þegar tilmæli komu til hæstv. forseta hjer um daginn um að taka stjórnarskrármálið af dagskrá, var því neitað, og það þó gert áður en slitið var umræðum um málið.

Forseti (BSv): Jeg vil benda á að það er algert einsdæmi, að mál sjeu tekin út af dagskrá, er umræðum er lokið. Veit jeg ekki til, að nokkur fordæmi sjeu fyrir því, og tel mjög varhugavert að taka þann hátt upp. Mundi þess þá oft við þurfa, svo altítt sem það er, að einhverja þm. vanti á fund við atkvæðagreiðslur.

Magnús Pjetursson: Svo framarlega sem hæstv. forseti tekur þetta mál út af dagskrá á þessum fundi, skora jeg á hann að gera ómerka atkvæðagreiðsluna um að slíta umræðum þegar í stað.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg vil aðeins drepa á það, að þetta er alls eigi einsdæmi; þetta hefir oft komið fyrir við umræður fjárlaganna, enda alls eigi óeðlilegt, að þessa sje neytt. Nú er og orðið svo áliðið nætur, að þm. vantar af þeim ástæðum.

Forseti (BSv): Það er síður en svo, að þessi krafa um frestun málsins sje fram komin af því, að umræður hafi orðið of langar, eða of áliðið sje nætur. En jeg tel bæði ilt og athugavert að koma þeim sið á hjer, að málum sje frestað aðeins til þess að bíða eftir nokkrum atkvæðum; auk þess vantar eigi nema tvo þm.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Stefánsson): Mjer skilst það af því, sem nú hefir fram farið, er umræðum hefir verið slitið, að eigi sje annað eftir en að greiða atkvæði um þetta mál. En auðvitað ræður forseti, hvort hann leyfir þessar umræður lengi. Hann hefir úrskurðarvald í þessu máli samkvæmt þingsköpum, og mjer finst, að nú sje full ástæða til þess, að hann neyti þess.

Forseti (BSv): Jeg hefi þegar lagt fyrir deildina spurninguna um það,

hvort umræðum um þetta mál skyldi haldið áfram, en því var neitað með miklum atkvæðamun. Vil jeg lúka þessu máli nú á þessum fundi, og auk þess nokkrum öðrum málum, sem enn eru órædd á dagskrá. Auk þess finst mjer óhagkvæmt að taka mál þetta af dagskrá, þegar vansjeð er, hve nær það getur næst komið aftur á dagskrá, þar sem mörg stórmál liggja fyrir og bíða eftir að verða tekin til umræðu, t. d. vatnamálið o. m. fl. Úrskurða jeg því, að gengið skuli til atkvæða um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Þessum úrskurði hæstv. forseta krefst jeg að sje skotið undir deildina.

Forseti ákvað fundarhlje í 5 mínútur.

Forseti (BSv): Háttv. flm. (ÞorstJ) hefir krafist þess, að úrskurði mínum sje skotið undir deildina. Sje jeg ekki ástæðu til þess, þar sem þingsköp mæla eigi svo fyrir, og verður því gengið til atkvæða um þetta mál.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Dala. (BJ) tekin aftur.

Rökstudda dagskráin frá 4. þm. Reykv. (MJ) samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, BSv.
nei: HK, IngB, JakM, JB, MK, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, GunnS.

Tveir þm. (LH, PÞ) fjarstaddir.

---

2. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 89).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Háttv. meðflm. minn að frv., 2. þm. Skagf. (JS), sem er aðalflm., er ekki við, og skal jeg ekki fjölyrða neitt um frv.

Jeg leyfi mjer aðeins að leggja til að því, að umr. lokinni, verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, 256, n. 384).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal sýna það í verkinu, að jeg tel mjög rjettmæt og allar virðingar verð þau tilmæli hæstv. forseta til deildarmanna, að vera ekki alt of langorðir og eyða ekki tíma þingsins í málalengingar. Landbúnaðarnefndin hefir fallist á þá stefnu, sem fram kemur í frv., að rjettara sje að beina starfsemi bjargráðasjóðsins að því að styðja samtök manna og fjelagsskap, sem miðar að því að koma í veg fyrir fóðurskort og hallæri, t. d. með því að veitt sjeu lán úr sjóðnum til þess að

koma á fót fóðurbirgðafjelögum, forðabúrum og öðrum fjelögum og stofnunum, er hafa það markmið að koma í veg fyrir hallæri. Það er einmitt með því að snúa sjer að þessari hlið bjargráðastarfseminnar, sem nefndin er sammála um, að tilgangi bjargráðasjóðsins sje best náð. Og það er einn meginþáttur í góðri afkomu og efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar, að jafnan sje hægt að hafa búfje trygt fyrir fóðurskorti. Af hálfu hins opinbera hefir á ýmsan hátt verið reynt að tryggja búpening fyrir fóðurskorti og tryggja góða meðferð á búpeningi. Fyrst voru sett lög 1909 um kornforðabúr til skepnufóðurs, þar sem hrepparnir gátu gert samþyktir um stofnun forðabúra. Sömuleiðis lög 1911 um heyforðabúr, þar sem samskonar heimild er veitt. Þá koma forðagæslulögin frá 1913, um eftirlit með ásetningu. Loks eru lögin frá 1919 um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Nefndin álítur heppilegra og betra, og líklegra til að ná tilgangi sínum, að umbætur á þessu sviði byggist á frjálsum samtökum, en ekki lagaþvingun. Á þessu byggjast fóðurbirgðafjelögin. En til þess að koma slíkum fjelagsskap á fót útheimtist nokkurt stofnfje, en eins og nú stendur, er þröngt fyrir dyrum í sveitunum og erfitt með fjárframlög. Fyrir því áleit nefndin, að tilgangi bjargráðasjóðsins yrði engan veginn betur náð en einmitt með því að veita hagfeld lán til slíkra fyrirtækja. Með því yrði náð því marki, sem stefnt var að með bjargráðasjóðslögunum.

Eins og frv. var flutt upphaflega, voru í því ákvæði, sem miðuðu að því að tryggja hverju sýslufjelagi og bæjarfjelagi yfirráð og notarjett þess fjár, er bæjar- eða sýslufjelagið á í sjóðnum, ásamt jafnhárri upphæð af landssjóðstillaginu. Stjórn bjargráðasjóðsins lagði heldur á móti þessu, og hallaðist nefndin að till. hennar í þessu efni og leggur til, að ákvæðin verði feld burtu.

Þá hefir nefndin tekið til greina brtt. sem hv. þm. Dala. (BJ) hefir flutt við þetta frv., um það, að þau sveitarfjelög verði látin ganga fyrir um þessar lánveitingar, sem hættast er við samgönguteppu að vetrarlagi, enda er mikil sanngirni í því. Jeg held það hafi verið hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), sem gat þess við mig, að einnig gæti verið ástæða til að láta samskonar ákvæði gilda um þau hjeruð, þar sem hafnleysi er mikið, eins og t. d. er um Skaftafellssýslur, og er það mjög rjettmætt, og vil jeg því beina því til stjórnarinnar, að svo verði einnig gert, og ætti slík ábending í framsögu að nægja, þó það sje ekki beint tekið upp í frv. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefir tekið upp brtt. þær, sem jeg hefi borið fram á þskj. 256, og vil jeg því hjer með taka brtt. mínar aftur, svo að þær komi til atkvæða í því formi, sem nefndin hefir lagt til. Jeg bar fram þessar brtt. eftir tilmælum kjósenda minna. Í Hvammsfirði innanverðum eru oft ísalög og erfitt um aðdrætti, en sveitum, sem svo er ástatt um, getur verið mjög kærkomin sú heimild, er felst í frv. Jeg tel því vel ráðið, að frv. þetta skuli ~~hafa~~ komið fram og að sjóðnum verði varið svo sem þar er farið fram á.

ATKVGR.

Brtt. 256, a—b teknar aftur.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 384, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 384, 2 (3.—4. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—6. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 400).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 400).

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 585).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Í hv. Nd. hafa komið fram breytingar í þá átt, að lána megi nokkuð af tekjum bjargráðasjóðsins. Allshn. hefir athugað málið frá ýmsum hliðum, og sjer ekkert verulegt á móti því, að lánað væri úr sjóðnum, líkt og frv. fer fram á.

En allshn. hefir þótt rjett að koma fram með rökstudda dagskrá þess efnis, að leitað verði álits rjettra hlutaðeigenda, sýslunefndanna, um það, hvort fje bjargráðasjóðanna skuli lána út samkvæmt frumvarpinu. Í sambandi við þetta hefir nefndin lagt til, að athugað verði, hvort ekki sje rjett að láta bjargráðasjóðinn að einhverju leyti eða öllu ganga til ellistyrktarsjóðanna, til þess að ljetta undir með sveitarsjóðunum við framfærslu gamalmenna. Þetta nefndarálit er framhald af því áliti allshn., að nauðsynlegt væri að geta aflað ellistyrktarsjóðunum tekna, og að tilgangi þeirra yrði náð fyr með því að ráðstafa bjargráðasjóðnum á þennan hátt. Bjargráðasjóðurinn er nú um 400 þús. kr., en árlegar tekjur og rentur eru um 65 þús. kr. (misritast hefir í nál. 40 þús. í stað 65 þús.), en fyrir eru um 650 þús. kr. í ellistyrktarsjóðunum og væri sjóðurinn þá þegar orðinn rúm 1 miljón. Ef úthlutað væri á sama hátt og áður, og eftir þeim reglum, er gilda um úthlutun úr ellistyrktarsjóðum, mundu útborganirnar verða rúmum þriðjungi meiri en áður, eða rúmur þriðjungur af allri úthlutunarupphæðinni kæmi þá frá bjargráðasjóðnum.

Úthlutunin mun nú vera um 70 þús. kr., en ef ⅓ hluti af árstekjum bjargráðasjóðsins bættist áfram við höfuðstólinn, þá mun hann geta orðið mjög stór, en auk þess bætast við til úthlutunar fyrir ellistyrktarsjóðina rúmar 40 þús., svo að árlegar útborganir geta nú strax orðið um 110 þús. kr.

Ef þetta kæmist í framkvæmd, þá álít

jeg máli þessu vera komið í betra horf, og öruggur styrkur fenginn, sem að allmiklu gagni mætti koma. Allshn. fer fram á, að leitað verði álits hlutaðeigenda um þetta, og leggur til, að dagskráin verði samþ. á þessum grundvelli.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 585, frá allshn., samþ. með 11 : 1 atkv.

3. Friðun á laxi.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi (þmfrv., A. 242).

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, að það mætti taka til meðferðar.

Guðmundur Guðfinnsson: 1. flm. frv. (JJ) er ekki viðstaddur; jeg er málinu eigi svo kunnugur sem skyldi, og læt jeg mjer því nægja að óska, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Sigurður Jónsson: Jeg sakna þess mikillega, að ekki skuli nú koma skýring á aðalstefnu þessa frv., þar sem greinargerðin gefur litlar upplýsingar um það. Þetta er mjög þýðingarmikið mál fyrir landbúnaðinn, og mjer er kunnugt um það frá gamalli tíð, að menn greindi á um, hvað setja bæri í lög um þetta efni. En við þetta verður þó að sitja. Jeg vona, ef frv. þessu verður vísað til landbn., að flm. geri henni nánari grein fyrir því, hvað fyrir þeim vakir.

Flm. (Jónas Jónsson): Við háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf) berum þetta frv. fram. Ástæðan til þess er sú, að núgildandi laxaveiðilög frá 1886 eru að mörgu leyti orðin úrelt. Í frv. eru nokkur nýmæli. Í þriðju grein er gert ráð fyrir banni gegn sprengingum og laxakistum í laxveiðiám. Því að töluverð óánægja er víða út af því að hafa laxakistur í veiðiám, sjerstaklega neðarlega í þeim, því að þær spilla veiðinni ofar, með því að hefta för laxins upp eftir. Þessu til staðfestingar hefi jeg látið prenta hjer, sem fylgiskjal, brjef til Alþingis 1918 frá allmörgum mönnum í Þingeyjarsýslu, sem veiði eiga í Laxá og í veiðiám, sem í hana renna. Og ókunnugum til skýringar skal jeg taka það fram, að nú um lengri tíma hafa verið notaðar laxakistur neðst í Laxá, og hafa þær verið taldar hindra göngu laxins upp eftir ánni og því spilla veiðinni fyrir þeim, sem veiði hafa átt ofar í henni.

Jeg skal líka taka það fram, að það virðist ekki heppilegt að hafa þau veiðitæki neðarlega í veiðiám, sem hindra göngu laxins upp eftir, því að hann þarf að komast upp í árnar til þess að hrygna. Að hefta göngu hans upp eftir ánum er því sama og fækka honum.

Jeg talaði nýlega við Hermann Jónasson, sem eflaust er einn hinn fróðasti í þessum efnum hjer á landi, og sagði hann, að við Kyrrahafsströndina í Ameríku væri laxinn ekki veiddur í ám, heldur í fjörðum og flóum úti fyrir árósum. Laxveiðiárnar voru því notaðar sem stórar klakstöðvar.

Brtt. okkar við 6. gr. laganna frá 1886 tel jeg til bóta. Því að þegar þau voru sett, var laxaklakið ekki þekt hjer eins og það er nú. En þar sem þingið er nú farið að styrkja menn til þess að kynna sjer það, og töluverður áhugi virðist orðinn fyrir því, er ekki nema rjett að setja lagaákvæði því viðvíkjandi. Breytingartillagan fer því í þá átt, að þeir bændur, sem veiði eiga í sömu veiðiánni, geti myndað með sjer klakfjelag, og að stjórn þess megi jafna kostnaðinum niður á fjelagsmenn.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að hvert klakfjelag fái jafnmikla upphæð úr landssjóði eins og fjelagsmenn leggja sjálfir fram, ef Búnaðarfjelag Íslands vottar, að framkvæmdir fjelagsins sjeu gerðar með þess ráði og samþykki.

Jeg lít svo á, að klakfjelög þessi sjeu nauðsynleg, og að þau þurfi að reka með hjálp allra, sem veiði eiga í sömu ánni. En án heimildarlaga er það ekki hægt.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál nú, en legg til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til landbúnaðarnefndar.

Sigurður Jónsson: Jeg skal taka það fram, að jeg skil betur eftir þessar skýringar, hver stefna þessa frv. er. Eftir því, sem háttv. frsm. (JJ) sagði, eru ástæðurnar fyrir því aðallega tvær. Fyrst sú, að hindra ekki göngu laxins upp í árnar, en önnur sú, að eigendur að veiðiám geti komið á hjá sjer lögbundnu skipulagi með laxaklak. Hvernig jeg muni líta á fyrra atriðið, get jeg ekki sagt, fyr en jeg hefi athugað núgildandi laxveiðilög, og borið frv. þetta saman við þau. Jeg er vel kunnugur svæði því, er háttv. flm. talar um, og veit að neðst í Laxá hafa verið hafðar kistur lögum samkvæmt. En þrátt fyrir þær, hefir lax gengið alla leið fram í Reykjadalsá, og jafnvel fram í fremstu kvíslar hennar langt fram í heiði.

Jeg get því ekki lagt mikið upp úr fylgiskjali því, er háttv. flm. hefir látið prenta með frv., þar sem mjer er líka enn fremur kunnugt, að um alllangt skeið hefir verið reipdráttur milli þeirra, er búið hafa með ánni. Og einu sinni voru laxakisturnar brotnar niður. Af þessum ástæðum tel jeg litla sönnun í skjali þessu. En hvort ekki mætti gera laxgönguna greiðari upp eftir ánni, gæti komið til athugunar.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg er hinu atriðinu, um laxaklak, hlyntur. Auðvitað mega lögin ekki gefa tilefni til þess, að þeir, sem ofarlega búa við veiðiárnar, geti orðið sviftir því að ná í sanngjarna hlutdeild af veiðinni. En þá má eigi heldur svifta þá, sem neðar búa, samskonar rjetti. En staðhættir til veiðiafnota eru oft svo afarólíkir, að sama veiðiaðferð getur eigi alstaðar átt við.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins bæta við nokkrum orðum til skýringar þessum málsstað.

Fyrir nokkrum árum voru engar laxakistur notaðar í Laxá eitt sumar af því að hún var leigð útlendingum. Brá þá svo við, að mikill lax var í allri ánni. Og sást þá glögglega munurinn á því, að hafa ekki kistur í ánni. Þetta veit háttv. 2. landsk. (SJ) og jafnframt, að óskir þeirra manna, er búa ofar við ána, styðjast við reynslu þessara ára.

Þó aldrei nema, að eitthvað af laxi gangi upp eftir ánni, eins og háttv. þm. tók fram, þá er það þó víst, að laxa-

kisturnar neðst í henni hindra mjög göngu upp eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr. með 12 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 53. og 55. fundi í Ed., dagana 2. og 4. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 242, n. 473).

Guðmundur Ólafsson: Þetta frv. hefir legið lengi hjá landbn. og einu sinni verið tekið af dagskrá að óskum hennar. Hitt frv. um sama efni var sett í aðra nefnd, og óskar landbn. að sjá afdrif þess, áður en þetta frv. er tekið til meðferðar. Geri jeg ráð fyrir, að hæstv. forseti geti tekið á sig ábyrgðina á því, að þetta mál verði tekið af dagskrá, þó að hann gæti ekki orðið við þeirri ósk minni um 1. mál á dagskránni.

Forseti (HSt): Það stóð öðruvísi á um 1. mál á dagskránni en þetta. Þar lá fyrir nál. frá meiri hl. fjhn. og óskaði frsm. hans (SHK) að málið væri tekið til umr.

Annars vil jeg beina þeirri spurningu til hv. frsm. (GÓ), hvort ekki sje nóg að færa málið til á dagskránni þannig, að 7. mál verði tekið fyrir á undan.

Guðmundur Ólafsson: Jeg óska helst að málið verði alveg tekið af dagskrá. Annars vil jeg geta þess viðvíkjandi 1. máli á dagskránni, að enda þótt nál. hafi legið fyrir frá meiri hl. fjhn., þá gat minni hl. ekki verið búinn að skila nál., en það mun vera tilætlunin með því að vísa málum til nefnda, að þau sjeu athuguð þar frá öllum hliðum. Mun sú meðferð, sem höfð var á þessu máli, einsdæmi.

Forseti (HSt): Það er ekkert ákvæði í þingsköpum, sem bannar að taka mál á dagskrá, þegar nál. liggur fyrir frá meiri hl. nefndar. Enda gæti vel hugsast, þó svo hafi ekki verið hjer, að minni hl. tefði mál af ásettu ráði, ef ekki mætti taka þau á dagskrá fyr en bæði meiri- og minni hl. hefðu skilað nál. Annars get jeg orðið við ósk hv. frsm. landbn. (GÓ).

Guðmundur Ólafsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. forseti (HSt) skuli jafnvel vera með aðdróttanir í garð minni hl. fjhn., því þær eru ástæðulausar. **(Forseti:** Jeg talaði aðeins um möguleika, en gat þess jafnframt, að jeg ætti alls ekki við minni hl. fjhn.). Þori jeg að fullyrða að meðferðin á 1. máli í dag er alveg einstæð, a. m. k. síðan jeg kom á þing. Hefði jeg gaman að, ef hæstv. forseti (HSt) gæti sýnt mjer þar fordæmi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 242, n. 473).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að vísa til nál. um þetta mál

og dagskrárinnar. Jeg álít rjett, að málið sje athugað og álits sje leitað um það gegnum hjeraðsstjórnirnar. Vona jeg því að dagskráin verði samþykt.

Jónas Jónsson: Jeg get lýst yfir því, að jeg álít að það sje fremur til bóta, að málið gangi þessa leið. Jeg er þó ekki viss um, að niðurstaðan verði betri, þó það gangi til hjeraðanna. En stór breyting á viðtækri atvinnu, þótt studd verði af landssjóði, nær ekki tilgangi sínum nema breytingin nái samúð út um sveitir landsins. Er því gott, að málið sje rætt og skilningur á því aukist. Þeir, sem laxveiði stunda, hafa ekki gert svo mikið sem vert væri til að bæta atvinnu sína með klaki, og þyrfti að aukast áhugi fyrir því.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 473, frá landbn., samþ. með 14 atkv.

4. Útflutningur hrossa.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [Útflutningur hrossa] (þm.frv., A 77).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 145).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er fátt um frv. þetta að segja, ef hv. deild hefir kynt sjer nál. á þskj. 145. En þó vildi jeg leyfa mjer að bæta nokkru við síðustu málsgreinar þess. Frv. þetta er fram komið sökum þess, að nú hefir komið fyrir tilfelli, sem gert hefir nauðsynlega undanþágu frá l. nr. 47, 1915, sem banna útflutning hrossa frá 1. nóv. til 15. júní, þ. e. að leyfa útflutning hrossa á öðrum tíma en hann er þar leyfður. Er þesu frv., ef að lögum verður, ætlað að koma í stað bráðabirgðalaga, sem þó hefði ef til vill verið rjettara að gefa út, eins og á stóð í vetur.

Með frv. þessu er stjórninni veitt heimild til undanþágu frá banninu; hefir reyslan sýnt, að ekki er meiri hætta á því, að hrossum líði illa, þótt út sjeu flutt á þessum tíma en öðrum. Er líka tilætlunin, að heimild þessi verði ekki notuð nema undir sjerstökum kringumstæðum.

Er nefndin sammála um að ráða hv. deild til að samþykkja frv.

Gunnar Sigurðsson: Frv. þetta miðar við einstöku tilfelli, í stað þess að hafa heildaryfirlitið fyrir augum, og er slíkt aldrei viturlegt. Er hætt við, að þessi breyting verði til þess að spilla markaði okkar erlendis. Tel jeg, að ekkert vit sje í því að flytja hross út í apríl og maí, nema með öruggara eftirliti en nú er og sjerstökum skilyrðum fyrir þá mánuði. — Alt öðru máli væri að gegna að leyfa útflutning í nóvember; þá eru hross í góðu lagi. Að vísu er þá stundum hætt við illviðrum,

en skip eru nú miklu betur útbúin til slíks en áður var. — Hlýtur öllum að vera auðsætt, hver áhrif það hefði á markaðinn, ef skálduð hross og flókatryppi yrðu flutt út. Það hefir verið sagt, að trygging væri nóg fyrir því, að stjórnin leyfði þetta, ekki nema þegar sjerstaklega stæði á og hross væru vel útlítandi. En jeg geri ekki mikið úr þessari tryggingu. Vinur stjórnarinnar fær leyfi til útflutnings, og svo kemur annar og biður um það sama, og er þá örðugt að neita. Líka er þess að gæta, að þótt eftirlit dýralæknisins sje gott hjer, þá er hægt að reka hrossin til annara hafna og skipa þeim þar út. Hefir slíkt komið fyrir. Eftirlitið almennt er því alls ekki nægileg trygging þess, að fallega útlítandi hross verði flutt út. Tala jeg um mál þetta af meiri reynslu en flestir hv. þm. hafa til brunns að bera, því að jeg hefi fengist við útflutning hrossa alt frá barnæsku. Eru og bæði dýralæknir og sjerfræðingur landsins í þessari grein mjer sammála um þetta, sbr. grein sjerfræðingsins í Tímanum.

Mun jeg koma fram með brtt., sjálfstæða eða í sambandi við nefndina, um að ekki verði leyfður útflutningur í apríl eða maí.

Frsm. (Pjetur Þórðarson). Viðvíkjandi ástæðum hv. 1. þm. Rang. (GunnS), vil jeg segja nokkur orð.

Hann sagði, að markaðinum stafaði hætta af því, ef skálduð hross og flókatryppi væru flutt út. Er þetta auðvitað rjett, en jeg tók það fram, að á slíku yrði engin hætta, því að eftirlitið yrði gott, og um undantekningu verður að ræða, ef illa útlítandi hross yrðu flutt út.

Held jeg, að enginn vildi leggja út í þá fjárhagslegu hættu að flytja út illa útlítandi hross. En annars mun nefndin taka til athugunar skynsamlegar brtt. við 3. umr. máls þessa, ef þær kóma frm.

Gunnar Sigurðsson: Jeg þakka hv. frsm. (ÞÞ) góðar undirtektir undir þetta mál. Ber okkur ekki annað á milli en það, hvort eftirlitið er fulltrygt eða ekki, en þar tala jeg af meiri reynslu en hann.

Pjetur Ottesen: Mjer sýnist andúð hv. 1. þm. Rang. (GunnS) gegn rýmkuninni ástæðulitil.

Hann vill sporna á móti því, að útflutningur á hrossum geti undir nokkrum kringumstæðum átt sjer stað í apríl og maí, sökum þess, hve hross sjeu þá yfirleitt í slæmu útliti, en gætir þess ekki, að samkv. núgildandi lögum er útflutningur leyfður í byrjun júní, og mun þó flestum koma saman um, að þegar illa árar og vorharðindi eru og gróður kemur seint, sje útlit hrossanna og holdafar engu betra fram eftir júnímánuði, og á þetta ekki síst við á Norðurlandi, þar sem venjulega grær seinna. Er því í raun rjettri ekki hægt, hvað þetta snertir, að gera hjer upp á milli þeirra þriggja mánaða. Verður tryggingin fyrir því, að hrossin sjeu ekki send til útlanda í því ástandi, er spilt geti fyrir markaðinum, bara að byggjast á því, að eftirlitið sje gott með útflutningnum.

Held jeg, að ummæli hv. þm. (GunnS) um slakt eftirlit sjeu ástæðulaus. Er mjer ekki kunnugt, að hv. þm. þekki til um þetta annarsstaðar en hjer í Reykjavík, og þar er það gott að hans dómi.

En það er sanngirnis krafa, að útflutningur sje aldrei algerlega bannaður, ef

sjerstaklega stendur á, eins og t. d. í vetur. Má segja stjórninni það til lofs, að hún mat hjer meira hagsmuni landsmanna en hinn strangasta bókstaf laganna. Munar það hvorki meira nje minna en 100 þús. kr. tekjum fyrir landsmenn, að undanþágan var veitt, og 40 þús. kr. er verðmunurinn milli þess, sem fjekst fyrir hrossin nú, eða fengist hefði fyrir þau í sumar, með því verði, er þá var á þeim. Held jeg fast fram, sem fulltrúi landbúnaðarins, að eigi sje girt fyrir það með lögum, að hægt sje að koma hrossum á markaðinn, ef gott verð býðst, og það því fremur, þar sem það á að vera trygt með eftirliti dýralækna við útflutninginn, að eigi sjeu flutt út nema gallalaus hross og í góðu útliti.

Nú er og allur umbúnaður í skipunum stórbættur frá því sem áður var, og svo vel um það búið sem kostur er á að tryggja sæmilega líðan hrossanna á leiðinni, enda er það nú miklu sjaldgæfara en áður var, að nokkuð verði að hrossunum á leiðinni, þó ilt komi upp á.

Vonast jeg til, að hv. deild fallist á frv., þar sem undanþága þessi kemur því aðeins til, að sjerstaklega standi á, og þess að sjálfsögðu gætt að hafa eftirlitið sem tryggast.

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. Borgf. (PO) þótti ástæðulítið að undanþiggja apríl og maí, þar sem útflutningur væri leyfður í byrjun júní. Jeg get vel fallist á, að hálfur júní verði tekinn með.

Háttv. þm. Borgf. (PO) sagðist gera þær kröfur sem landbúnaðarfulltrúi, að útflutningur yrði leyfður alt árið, en jeg krefst þess sem landbúnaðarfulltrúi, að eftirlitið verði sem allra best og hross verði ekki flutt út, þegar verst gegnir, nema með sjerstaklega ströngum skilyrðum. Jeg krefst þess markaðsins vegna, — framtíðarmarkaðsins.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrisögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 77, 186, 194).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er ekki laust við, að mjer þyki kynlegt, hvað háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) sækir fast að breyta þessu litla frv., sem hjer er til umr. Fyrri lið brtt. hans á þskj. 186, að í stað „1. nómember til 1. júní“ komi: 1. desember til 15. júní, lætur nefndin hlutlausan.

Atkv. nefndarmanna eru óbundin gagnvart því atriði; get jeg því gefið flm. von um, að einhverjir nefndarmenn greiði því atkv. En á síðari liðinn getur nefndin ekki fallist. Jeg minnist þess, að í fyrra kom það fram á fundi landbn. þessarar deildar, að forseti Búnaðarfjel. Íslands gat þess, að markaður mundu fást fyrir hross í Þýskalandi í aprílmánuði. Það var byrjað á ráðstöfunum til hrossasölu þangað í fyrra, sem þó komu ekki til framkvæmda. Til þessa gæti komið enn. Auðvitað yrðu þá ekki flutt út önnur hross en þau, sem væru í góðu standi, eins og brtt. á þskj. 194 gerir ráð fyrir. Þess vegna virðist nefndinni óþarft að þrengja takmörkin meira fyrir því, að ekki sje flutt út nema hæf hross, ef ske kynni, að útflutningur á

þessum tíma yrði nauðsynlegur, þegar gætt er nú betri útbúnaðar í skipum en áður var. — Um brtt. á þskj. 194 er það að segja, að nefndin hefir ekki borið sig saman um hana enn þá; en þó veit jeg, að fyrri liðinn getur hún ekki fallist á. Er það undarlegt, að þessi brtt. skuli vera fram komin, þar sem hún er aðeins endurtekning á því, sem stendur í lögum um þetta, frá 1897. Hún er alveg óþörf endurtekning á 1. gr. þeirra laga.

Eigi þá að hanga í síðara atriði till., að hrossin sjeu tamin og vel fóðruð, þá getur það ekki þýtt annað en að þau sjeu vel útlítandi. Ókunnugir menn geta ekki sjeð, hvort gott útlit hrossa stafi fremur af fóðri, því að hross geta verið feit og útlitsgóð á útigangi.

Jeg á ekki sök á því, þó að umræðurnar lengist að óþörfu, en læt mjer nægja að segja fyrir hönd nefndarinnar, að ef háttv. deildarmenn vilja teygja umræðurnar lengur eða endurtaka það, sem til er í lögum áður um þetta mál, þá þeir um það.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi láta frv. þessu fylgja nokkur ályktunarorð við 3. umr., án þess að ganga inn á einstakar greinar þess. Og vil jeg þá byrja með að geta þess, að jeg álít ómannúðlegt að flytja út hross á þessum tíma árs, sem hjer um ræðir. Menn verða að líta á það, að Ísland liggur úti í miðju Atlandshafi, og þessir hestar verða að velkjast í sjógangi um hávetur, þegar veður eru verst. Í öðru lagi vildi jeg geta þess við þingfulltrúa bænda, að ilt er að flytja út vöru á þeim tíma árs, sem hún er verst útlits. Því að aldrei verður við því spornað, að eigi slæðist illa útlítandi hross með, fremur en á sumrin; lækkar þetta verðið á hestunum og spillir markaðinum yfir höfuð fyrir framtíðina. Sá litilfjörlegi hagnaður, sem af þessum útflutningi getur hlotist fyrir einstaklinga um stundarsakir, jetur sig upp, og meira en það, í markaðsfalli erlendis.

Hugsum okkur skip landssjóðs vera að þræða hverja höfn að vetrarlagi til að sækja 10—20 hesta. Hvað mundi það kosta mikið meira í rekstri skipanna, heldur en nemur „brúttó"- söluverði hestanna? Það er ekki ólíklegt, að ríkissjóður yrði að hlaupa undir bagga til að bæta hallann af þessum þvælingi skipanna.

Menn vita, að ekki getur átt sjer stað, að hestar sjeu reknir langt að yfir landið að vetrarlagi. Þetta er svo óviturlegt, að fremur ætti að banna það með lögum en leyfa, enda þótt jeg játi, að betra sje að flytja hrossin út heldur en ef þau fjellu.

Gunnar Sigurðsson*): Jeg segi það sama eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að jeg er mjög myrkfælinn við þetta frv., sem er aðeins miðað við núverandi ástand, en ekki við framtíðina, og tel jeg það mjög illa farið.

Vildi jeg því, að fram kæmi álit fleiri þm. í þessu máli heldur en enn er orðið. Er jeg þakklátur háttv. þm. Dala. (BJ) fyrir afskifti hans af þessu máli, þó að jeg gangi ekki eins langt og hann. Hross verða aldrei rekin langa leið að vetrarlagi, tekin af útigangi, nema þau hafi verra af, og verður því að herða

* Ræða þessi er óyfirlesin af þingmanninum.

á eftirlitinu. Vil jeg sjerstaklega vekja athygli stjórnarinnar á því.

Hvað snertir 1. lið brtt. á þskj. 186, er það sjálfsögð breyting, og ekki eins þýðingarlítið atriði eins og hv. frsm. (PÞ) hjelt fram, því að í nóvember líta hross sjerstaklega vel út og eru í góðum holdum. En það er sjálfsagt að taka júnímánuð með, enda þótt jeg hafi látið mjer nægja að fara ekki lengra en til 15. júní, vegna þess, að í þeim mánuði líta hestar einna lakast út á árinu.

Að því er snertir brtt. á þskj. 194, vil jeg taka það fram, að jeg talaði við nefndinni, og tók hún stirðlega í fyrri liðinn, en formaður nefndarinnar tók því liðlega, að leyfa útflutning á tömdum hestum. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að líkindi eru til, að koma megi á markaði fyrir vel fóðraða hesta, bæði í Þýskalandi og Noregi, og á öldum hestum er verðið hærra þá í maímánuði, en á öðrum tímum árs. Þess vegna er það ekki rjett hjá hv. frsm. (PÞ), að þetta sje lítilsvert atriði, því að þá má taka hestana strax til brúkunar.

Jeg hefi farið eins vægt í sakirnar í breytingartillögum mínum og mögulegt er. Jeg get ekki verið með því, að leyft sje að flytja út að vori til hross, sem staðið hafa á sinunni allan veturinn og eru meira eða minna illa framgengin. Vil jeg skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (KlJ), hvort nú myndi leyfður slíkur útflutningur í þessum 2 mánuðum, apríl og maí, nema svo stæði sjerstaklega á, sem getur í þskj. 194, það er, að hrossin sjeu talin vel fóðruð. Jeg hefi talsvert kynst útflutningi hrossa á undanförnum árum og ætla, að jeg þekki eigi síður til þeirra hluta en margir aðrir þm. hjer í hv. deild.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Áskorun hv. 1. þm. Rang. (GunnS) gefur mjer tilefni til svars. En úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg fyrst að gera nokkrar almennar athugasemdir við þetta frv.

Það er ekki langt um liðið síðan fyrst voru settar nokkrar skorður við útflutningi á hrossum. Það var fyrst árið 1907, og var þá einungis bannað að flytja hross út á þilfari mestan hluta árs. Síðan var árið 1915 bannað algerlega að flytja hross út að vetrarlagi, eða á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní. Hvorttveggja þessi lög voru sett í mannúðarskyni, því að hættara þótti við, að skip mundu hreppa vond veður að vetri til, og alveg ófært að láta hesta vera á þilfari, nema bestu sumarmánuðina. Enda þótt líkurnar sjeu fyrir því, að betri veður fáist að sumrinu til útflutnings, þá er þó slíkt mjög undir hendingu komið. Jeg hefi t. d. eitt sinn í ágústmánuði verið með skipi, sem var fullfermt af hestum, og hreptum við þá svo mikinn storm í Norðursjónum, að við urðum að liggja til drifs margar klukkustundir. Auðvitað leið hestunum þá illa. En það er ekki löng kvöl, því ferð niður til Englands tekur 4—6 daga. Ef fyrirbyggja skal, að hestum líði nokkurn tíma illa við útflutning, þá verður að banna hann algerlega, því skipin geta hrept óveður bæði sumar og vetur.

Breytingartillögur hv. 1. þm. Rang. (GunnS) munu ekki vera komnar fram til þess að tryggja frekar góða líðun hestanna á leiðinni, heldur vegna markaðshæfisins, því ekki getur verið spurning um það, að fyrri hluta júnímánaðar — en á þeim tíma vill hv. þm. banna útflutning — sje eins gott tíðarfar eins og t. d. í september, hvað þá heldur

október. Það er líka alveg rjett hjá hv. þm., að á vorin eru hross yfirleitt ekki markaðshæf, sjerstaklega á tímabilinu frá aprílbyrjun og fram í júnímánuð. Einn greinagóður maður, sem nú er hjer í þinginu, hefir sagt mjer, að hann hafi eitt sinn verið staddur í Leith í júnímánuði, er skip kom þangað með íslenska hesta. Sagðist hann hafa skammast sín fyrir, hve horaðir þeir voru og aumingjalegir, enda hafi fólk safnast utan um hrossahópinn og gert gys að útliti þeirra eða aumkvað þau.

Sökum markaðsins tel jeg ekkert á móti því að samþykkja brtt. hv. 1. þm. Rang. (GunnS), því ekki ætti að saka, þótt rík áhersla sje lögð á það að flytja einungis út vel útlítandi hross. Þrátt fyrir það, að það getur verið tvíeggjað sverð fyrir stjórnina að hafa undanþáguheimild í lögum, þá ætla jeg samt að mæla með því, að þetta frv. verði samþykt. Eins og lögin eru nú, eru þau alt of ströng, en oft mikið í húfi fyrir bændur að geta ekki selt hrossin, þegar markaðurinn er haganlegastur. Stjórnin taldi ekki rjett að neita um útflutningsleyfi í vetur, þótt heimildin fyrir leyfinu væri vafasöm. En þessi sala hefir tekist vel, og hefir gróði bænda af henni orðið um 100000 krónur, og seldust hrossin minst 40000 krónum meira en fengist hefði fyrir þau á síðastliðnu sumri.

Annars hafa umræður ekki gefið mjer tilefni til frekari athugasemda í þetta sinn.

Pjetur Ottesen: Í öllum þeim umræðum, sem hjer hafa fallið í dag, en sjerstaklega þó í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (GunnS), er engu líkara en að menn geri ráð fyrir því, að ekkert eftirlit sje haft með útflutningi hrossa, eða hvernig þau sjeu útlítandi. Það er eins og gert sje ráð fyrir, að hrossunum sje dembt út í skipið án nokkurs slíks eftirlits. Jeg skal benda á það, þó þess ætti nú ekki að vera þörf reyndar, að bæði í lögunum frá 1907, um útflutning hrossa, og eins í erindisbrjefi frá stjórninni til eftirlitsmannsins með útflutningunum, eru gerðar strangar kröfur um að flytja ekki út hross, nema í góðu ástandi. Er erindisbrjefið frá árinu 1908, landritaratið hæstv. núverandi atvrh. (KlJ), og vitanlega hefir altaf og er enn eftir þessu farið. Þessi ótti. hv. 1. þm. Rang. (GunnS) og fleiri er því, hvað þetta snertir, alveg ástæðulaus. Og viðvíkjandi sögunni, sem hæstv. atvrh. sagði í ræðu sinni, um hrossin, er sett voru á land í Leith, þá býst jeg við, að það hafi verið fyrir þann tíma, er erindisbrjefið var gefið. **(Atvrh. KlJ:** Alveg rjett, það var fyrir þann tíma). Háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) hefir verið reikull í ráði viðvíkjandi þessu máli og kemur með hverja brtt. ofan á aðra. Eins þykir mjer háttv. þm. Dala. (BJ), sem því miður er ekki viðstaddur nú, vaða reyk í þessu máli. Hann talaði um það, að ilt væri að vetri til að þurfa að flækjast inn á hverja smáhöfn til að tína saman hrossin, og að kostnaðurinn við það myndi gleypa upp hrossaverðin. Þessi hv. þm. veit nefnilega ekki, að hross eru venjulega ekki flutt út nema frá þremur höfnum á landinu, sem sje Reykjavík, Sauðárkróki og Borðeyri, og kannske Stykkishólmi stöku sinnum. Þessar aðfinsluástæður háttv. þm. Dala. (BJ) eru því eingöngu sprottnar af misskilningi og gersamlegri vanþekkingu í þessum sökum. Jeg held að jeg hafi veitt því rjett eftirtekt, að þessi sami hv. þm. (BJ) hafi látið orð falla

á þá leið, að betra væri þó að senda út hrossin, þótt horuð væru, en drepa þau hjer úr hor. Þessi ásökun hans til bænda, um að þeir drepi úr hor, er jafnástæðulaus, sem aðrar ástæður hans gegn þessu frv., að því sleptu, hversu hlýleg hún er í garð bænda.

Með lögum frá 1907 og erindisbrjefinu frá 1908 á það að vert trygt, að einungis vel útlítandi hross sjeu send út, á hvaða tíma árs sem er, en auðvitað eru hrossin alt af fríðust, þegar líður á sumarið, og því, hvað það snertir, útgengilegust, en miðað við notkunina á hestunum, geta söluskilyrðin verið mun betri á ýmsum öðrum tímum. Því er gersamlega ótækt að girða fyrir það með lagaákvæðum, að hægt sje fyrir landsmenn að nota góðan markað fyrir hrossin, þegar hann býðst.

Hákon Kristófersson: Svo mun nú vera um þetta mál, sem önnur, að sínum augum lítur hver á silfrið. Þótt svo sje skipað fyrir, að hross skuli vera vel útlítandi, þegar þau eru send út, þá er misjafnt, hversu háar kröfur menn gera í því efni. Slíkt mun jafnaðarlega fara eftir því, hve kröfuharður viðkomandi útflutningsstjóri er um útlit og ásigkomulag hrossanna. Það er að mínu áliti ófært að senda út aðra hesta en þá, sem eru í góðu standi, því annað getur stórspilt framtíðarmarkaðinum. Öðruvísi leist mjer þó á suma af hestum þeim, sem hjer voru á hafnarbakkanum fyrir skömmu og munu hafa verið sendir með Lagarfossi síðast, en að þeir væru allir í útflutningshæfu standi; voru sumir þeirra þannig, að þeir hefðu betur aldrei farið, og ekki er mjer kunnugt um, að neinn hafi verið talinn óhæfur til útflutnings. Hugsa jeg, að jeg hafi ekki ver vit á hrossum en hver annar, en heima í minni sveit, eða þar sem jeg þekki til, mundu sumir af hestunum ekki taldir nema í laklegum vorholdum. Jeg viðurkenni það, að vond veður koma oft að sumri til, en aftur á móti geta oft og tíðum fallið til góðar ferðir á vetrum, en það hygg jeg þó miklu ótíðara, að sumarferðir sjeu lakari fyrir hrossin en ferðir að vetrinum. Vildi jeg og síst bægjast við því, að bændur fengi góðan markað fyrir hrossin og hefðu gróða af vetrarsölunni, en gæta verður hófs í öllu, og þótt svona fjelli til í vetur, að tíðin hefir verið góð og hross í sæmilegu standi víðast hvar, þá er ekki svo ávalt, og jeg treysti ekki mikið á eftirlitið, sem hafa á með útflútningunum, þó ekki væri af annari ástæðu en þeirri, hve dómar manna eru misjafnir á því, hvað telja beri sæmilegt útlit. Enda mundu oft og tíðum vandræði geta hlotist af vetrarútflutningi, sjerstaklega hvað það snertir að koma hrossunum á útflutningsstaðinn. Hvernig færi sá nú t. d. að, sem væri á ferð með t. d. 100 hross eða fleiri og kæmi með þau á eitthvert heimili í hríðarveðri? Afleiðingin yrði sú, að hrossin yrðu að vera úti að nóttunni og leita sjer skjóls undir húsveggjum, ef til væru. Þannig lagað kæmi þó ekki fyrir að sumrinu.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg verð að álíta, að þetta kapp, sem háttv. flm. brtt. (GunnS) leggur á að breyta frv., sje fremur til þess að sýna, að hann sje þessum málum kunnugur, heldur en hann áliti svo mikla nauðsyn til reka, að settur verði tvöfaldur lagamúr utan um útflutning hesta. Hefi jeg þegar sýnt fram á, og fleiri háttv. þm., að

með núgildandi lögum er næg trygging fyrir því, að ekki verði fluttir út aðrir hestar en þeir, sem vel eru markaðshæfir.

Það lítur út fyrir, að allir háttv. andmælendur frv., svo sem hv. þm. Dala. (BJ), hv. þm. Barð. (HK) og ekki síst hv. flm. brtt. (GunnS), sjeu á þeirri skoðun, að fyrirbyggja megi útflutning á illa útlítandi hrossum með því einu að setja ný lög til endurtekningar á því, er áður var í lögum. Mjer finst, að það, sem mest ríður á í þessu efni, sje að gæta þess, að eftirlitsmaðurinn gæti vel skyldu sinnar samkvæmt þeim lögum, sem nú eru fyrir hendi og gilt hafa hjer í næstliðin 17 ár.

Bjarni Jónsson: Jeg var á göngu hjer fyrir framan og heyrði þá háa rödd hv. þm. Borgf. (PO) gegnum dyr og gættir. Vildi hann vega að mjer fyrir það, er jeg hefi áður sagt um þetta mál. Reyndi hann að ósanna þá sögu mína, að erfitt mundi og dýrt að elta uppi hrossahópana í ýmsum höfnum landsins, og færði þau rök fyrir, að ekki væru flutt út hross nema frá þremur höfnum á öllu landinu. En hver hefir ákvarðað, að svo skuli vera, er það löggjafinn? eða guð almáttugur? eða er það einungis háttv. þm. Borgf. (PO)? Jeg hygg, að fleiri hlutar landsins mundu vilja njóta jafnrjettis við þessar þrjár hafnir og fá skipin send til sín til að sækja hrossin, ef útflutningur yrði leyfður að vetrarlagi. Margir mundu vilja selja hesta, sem ekki ættu hægt með að koma þeim yfir fjöll og firnindi til einhverrar af þessum þremur höfnum, er einkarjettinn eiga að hljóta. Býst jeg við, að hv. þm. Borgf. (PO) mundi verða manna fyrstur til að unna landshlutunum jafnrjettis í þessu máli sem öðru.

Háttv. þm. Borgf. (PO) virtist reiðast því, að jeg sagði eitthvað í þá átt, að á hörðum vetrum væri máske betra að senda hestana út en að þeir fjellu hjer úr hor. Hann ætti þó að vita, sem aðrir, að á þeim 1000 árum, sem Ísland hefir verið bygt, hafa aldrei komið svo verulega harðir vetur, að ekki hafi eitthvað af hrossum fallið, einhversstaðar á landinu. Auðvitað tel jeg slíkt ekki mundu bæta markað bænda, því sjálfsagt yrði þá oft teflt á tvent með útflutninginn.

Háttv. þm. Mýra. (PÞ) undraðist þá mótstöðu, sem frv. fengi hjer í deildinni, þrátt fyrir það, þótt til væru 17 ára gömul lög, sem fara mætti eftir. En jeg vil benda þeim hv. þm. á, að samkvæmt þeim lögum voru vetrarflutningar bannaðir. Jeg hygg einnig, að það verði hvorki lög nje eftirlitsmenn, sem ráða mestu um útlit útfluttra hrossa, heldur er það náttúran og hagarnir, sem sjá um slíkt, og því treysti jeg betur. En bændum er annað betra en að spilt sje markaði fyrir vöru þá, sem flutt er út frá þeim.

Pjetur Ottesen: Hv. þm. Barð. (HK) rjeðst á móti frv. þessu, og skildist mjer hann byggja mótmæli sín á síðustu hrossasendingu, sem fór fyrir nokkru til útlanda hjeðan úr Reykjavík. Að minsta kosti var það dæmið, sem hann tók, og spurði mig um leið, hvort jeg hefði litið eftir, að hrossin væru sæmilega útlítandi. Það gerði jeg ekki, enda er það ekki mitt verk að líta eftir útflutningshrossum í Reykjavík. En jeg þykist þess fullviss, að svo hafi verið gert; mjer er kunnugt um, að

útflutningsstjórinn í Reykjavík, Magnús dýralæknir Einarson, er mjög samvisusamur og gerir jafnan skyldu sína í þessu efni. Það þekki jeg, sem allmikið hefi fengist við að kaupa hross til útflutnings, af eigin reynslu. Hafi hv. þm. (HK) sjeð ljeleg og illa útlítandi hross í þeim hóp, efast jeg ekki um, að útflutningsstjóri hafi gert þau afturreka.

Hv. þm. Dala. (BJ) vildi rengja það, sem jeg sagði um útflutningsstaðina. Jeg styð fullyrðingu mína í þessu efni við reynsluna, og full 15 ára reynsla hefir fært mönnum heim sanninn um, að það sje rjett, sem jeg fór með. Jeg gat þess enn fremur, að síðustu árin hefði það komið fyrir, að hestar hefðu verið fluttir út frá 4. höfninni, sem sje Stykkishólmi. Þess vegna er þessi kostnaðargrýla hv. þm. gripin úr lausu lofti og gersamlega ástæðulaus.

Þá mintist hv. þm. Dala. (BJ) enn á horfellinn og sagði hann, að á þeim 1000 árum, sem Ísland hefir verið bygt, hafi aldrei komið svo verulega harðir vetur, að ekki hafi eitthvað fallið af hrossum. Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. á, að einhver mesti jarðbanna- og hagleysisvetur á seinni árum var veturinn 1920. En þá veit jeg ekki til, að nokkursstaðar á landinu hafi verið fellir, hvorki á hrossum nje öðrum fjenaði, heldur var talið, að hross hafi þá gengið óvenjuvel undan. Þetta er gleðilegur vottur um þær framfarir, sem landbúnaðurinn hefir tekið á seinni árum, í því að tryggja búpeningsfóður, því að vafalaust hefði jafnmikill snjóa- og hagleysisvetur valdið miklu tjóni fyr á öldum.

Bjarni Jónsson: Jeg skal aðeins geta þess gagnvart 15 ára reynslu hv. þm. Borgf. (PO), að hún sannar ekki neitt um vetrarútflutning, því að mjer vitanlega hefir ekki verið um slíkt að ræða fyr en nú í vetur.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki lengja þessar umræður mikið, en get þó ekki stilt mig um að svara hv. þm. Borgf. (PO) fáum orðum. Hv. þm. gerði afarmikið úr því eftirliti, sem væri með útflutningi hrossa, einkum í Reykjavík. Jeg veit, að það er ekki eins gott og hann álítur, og tel miklu fremur þörf á að herða á því heldur en draga úr því. Dýralæknirinn í Reykjavík er að vísu mjög samviskusamur í þessu efni, en það hefir komið fyrir, að hross, sem hann hefir gert afturreka og dæmd óhæf til útflutnings, hafa verið rekin til annarar útflutningshafnar og send þaðan út. Jeg man það einnig, að norðlensk hross lentu fyrir 2 árum í svo miklum hrakningum á leiðinni suður hingað, að mjög var vafasamt, hvort rjett væri að leyfa útflutning á mörgum þeirra. Dýralæknirinn kvaðst leyfa það gegn mótmælum samviskunnar, aðallega vegna þess, hve langt þau voru komin að. (**MG:** Var þetta ekki um sumartíma?) Jú að vísu, en hross geta líka slæpst á sumrin, enda kemur það því ekki við, því jeg var að tala um eftirlitið alment, en þetta er ekki annað en venjulegur útúrsnúningur hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG).

Þá gat sami hv. þm. (PO) þess, að jeg vær reikull í brtt. minum. Það er alls ekki rjett. Jeg kom aðeins með eina brtt. og síðan viðaukabrtt., eftir að hafa átt tal um þetta við forseta Búnaðarfjelagsins og dýralækninn í Reykjavík, og voru þeir mjer sammála í því; kváðu þetta vera hinar minstu hömlur, sem

unað yrði við. En þeir eru manna fróðastir í þessum efnum.

Jeg svaraði áðan hv. þm. Mýra. (ÞÞ), að núgildandi lög væru ekki samhljóða brtt. minni, því að þar er hert mikið á fyrirmælum laganna. Hv. þm. gat þess, að jeg mundi hafa borið fram þessar brtt. til þess eins að sýna, að jeg hefði vit á þessu máli. Jeg mótmæli þessu eindregið. Jeg bar þær fram einungis til þess, að markaðinum yrði ekki spilt. En jeg skal fúslega játa, að jeg vil ekki láta til mín taka um önnur mál en þau, sem jeg hefi kynt mjer rækilega og jeg er sjerstaklega kunnugur, og svo er í þessu efni. Reynsla mín hefir kent mjer, að ekki sje rjett að flytja út nema sjerstaklega falleg og vel útlítandi hross. Hygg jeg að verð þeirra mundi hækka mikið á útlendum markaði, ef þau væru enn betur valin en nú er, þó að eftirlit hafi verið sæmilega gott yfirleitt á seinni árum.

Pjetur Ottesen: Í tilefni af síðustu orðum hv. þm. Dala. (BJ) skal jeg einungis geta þess, að engu mundi það breyta um útflutningshafnir, þó að hross væru flutt út að vetrarlagi. — Hv. 1. þm. Rang. (GunnS) gat um, að hjeðan hafi verið rekin hross, er dæmd voru óhæf til útflutnings, og farið með þau til annarar hafnar og flutt þaðan út. Þetta er rjett, að eitthvað mun vera hæft í, að þetta hafi komið fyrir einu sinni, en það komst upp, og mun nú girt fyrir, að slíkt geti komið fyrir aftur. Eftir orðum þessara tveggja hv. þm. virðast þeir álíta, að svo miklir annmarkar sjeu á útflutningi hrossa, að rjett væri að banna hann með öllu. En hví ganga þeir þá ekki hreint að verki og bera fram frv. í þá átt?

ATKVGR.

Brtt. 186,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 194 feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, MJ, MK, SSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, GunnS, HK, IngB.

nei: JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MP, PO, PÞ, StSt, ÞórJ, BH, JakM, BSv.

Þrír þm. (EE, ÓP, ÞorlG,) fjarstaddir.

Brtt. 186,2 samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÞ, GunnS, HK, IngB, JB, MJ, MK, SSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BSv.

nei: JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MP, PO, PÞ, StSt, ÞórJ, BH.

Þrír þm. (EE, ÓP, ÞorlG,) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 22. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 24. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg sje það, að enginn ætlar sjer að taka til máls um frv. þetta, og ætlaði jeg mjer eigi heldur að gera það, en jeg vildi aðeins leyfa mjer að beina því til hv. landbn., því væntanlega kemur mál þetta til hennar, að hún taki málið til rækilegrar íhugunar, því að það er fyllilega þess vert. Jeg furðaði mig mjög á því, er hæstv.

stjórn veitti þessa undanþágu í vetur, því mjer virðist það á móti allri manngúð og öllu því, sem gert hefir verið í þá áttina að vernda skepnur fyrir illri meðferð. Því að þó að alt hafi farið slysalaust í þetta sinn, þá er eigi víst, að svo fari næst. Virðist mjer varhugavert að ýta undir stjórnina, eins og gert er með þessu frv., ef að lögum yrði, að leyfa útflutning að vetrinum, þar sem það, auk þess sem áður er fram tekið, gæti einnig orðið til þess að spilla hrossamarkaðinum í framtíðinni.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi aðeins þakka hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) fyrir aðvörun hans til landbn. En jeg álít, að eigi gerði neitt til, þó að þingið segi eitthvað um þetta mál. Skal jeg geta þess, að það hefir oft verið veitt slík undanþága sem þessi, og tel jeg því eigi ástæðu til þess að vera svo óánægður með undanþágu nú, þar eð aldrei hefir staðið betur á en einmitt núna, t. d. um tíðarfarið, og þegar svo stendur á, er oft hættuminna að flytja hross út síðari hluta vetrar en seint á haustin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 238, 250).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Í lögum um útflutning hrossa frá 1907, er ákvæði um, að eigi megi flytja hross á þilfari nema á tímabilinu frá 1. júní til ágústmánaðarloka og eru sektir ákveðnar 10—1000 krónur, ef út af er brugðið. En 1915 er sú breyting gerð á lögunum, að það er algerlega bannað að flytja út hross á tímabilinu frá 1. nóv.—1. júní. Síðan lög þessi komu í gildi hefir allur útbúnaður í skipunum, sem flytja hross, stórum batnað. Eftirlitsmenn hafa verið skipaðir til þess að athuga ástand hrossanna á hverjum útflutningsstað, og kyn og meðferð þeirra hefir talsvert verið bætt, og meðferð hrossanna á skipum er nú miklu betri en áður. Að þetta ákvæði laganna hafi eigi reynst heppilegt, sjest best á því, að landsstjórnin hefir á síðustu árum oft neyðst til að veita undanþágu undan útflutningsbanninu. En tilgangurinn með frv. því, er hjer liggur fyrir, er sá, að koma í veg fyrir, að oft þurfi að veita undanþágu frá lögunum, enda er fullkomlega ástæða til þess, því að búast má við, að landsstjórnin haldi áfram uppteknum hætti um undanþágur, þegar þeirra er óskað. Er í mesta máta óviðkunnanlegt að vera þannig sí og æ að veita undanþágur undan skýlausum ákvæðum laga. Nefndin, sem hafði frv. til athugunar, var sammála um það, að með því væri stefnt í rjetta átt, og leggur til, að hv. deild samþykki það með breytingum þeim, sem eru á þskj. 238. 1. brtt. stafar af því, að frv. er nú aðeins ein gr., en eftir 4. brtt. nefndarinnar er ætlast til, að greinarnar verði 2, og er 1. brtt. nauðsynleg af þeim ástæðum. Nefndin hefir eigi getað fallist á tímatakmark frv., og hefir hún því komið fram með breytingu á því, þannig, að hún hefir lengt það að framan um hálfan mánuð, en leggur til, að eigi sje algerlega bannað að flytja út hross í apríl og maí. Komst það ákvæði inn í

frv. í Nd., að aldrei mætti flytja hross út í apríl og maí, en slíkt er í mesta máta fáránlegt. Álít jeg eigi meiri hættu að flytja hross út á þeim tíma heldur en á öndverðum vetri eða seint á haustin. Nefndin vill, að tíminn, sem bannað er að veita undanþágu, sje helst enginn, en ef hann er nokkur, þá um miðjan vetur, er mestra veðra er von, og álítur, að aldrei verði bundið við neinn sjerstakan mánaðardag, hve nær heppilegt sje að flytja út hross eða ekki. Auðvitað er ætlast til, að allrar varúðar sje gætt um það að taka eigi illa útlítandi hross til útflutnings. Á Norðurlandi eru hross síst lakar útlítandi í apríl—maí en í júní, en vel má vera, að þessu sje öðruvísi farið á Suðurlandi. Getur vel komið til mála, að ef hrossin væru flutt út snemma á vorin, þá tækju þeir menn hrossin inn, sem ætluðu sjer að selja, en það eru mörg dæmi til þess, að hrossin sjeu eigi í góðu ástandi í júní, og er útflutningurinn þá eigi tryggari en þó fyr sje. En auðvitað á að vera eftirlit með þessu.

Það hefir komið fram brtt. frá hv. 4. landsk. þm. (JM), aftan við 4. brtt. nefndarinnar, þess efnis, að lögin skuli aðeins gilda til 31. mars 1924. Jeg skal taka það fram, að jeg gat eigi borið mig saman við hv. samnefndarmenn mína um þetta atriði. En jeg fyrir mitt leyti get eigi sjeð neina nauðsyn á þessum viðbæti; hann lengir aðeins greinina og annað ekki, því ef næsta þing vill breyta lögunum, þá getur það auðvitað gert það án viðbætisins. Yfir höfuð er mjer illa við, þegar verið er að tiltaka, hve lengi lög eigi að gilda; hefir það oft orðið til þess, að þingið hefir breytt slíkum lögum í flaustri, einungis út af þesskonar ákvæðum.

Jón Magnússon: Jeg segi fyrir mitt leyti, að mjer þótti lakara, að það skyldi þurfa að breyta lögunum frá 1915. Held jeg, að alt þingið þá hafi verið þeirrar skoðunar, að það væri mesta hörmung að þurfa að flytja hesta út á vetrum. Er það vitanlegt, að vestra veðra er von í Atlantshafinu fyrir sunnan Ísland um hávetur. Koma þá oft slíkir stormar, er skipstjórar kalla orkan. Það þótti þá, 1915, óforsvaranlegt að flytja hesta út á þessum tíma, enda geta þá komið þau veður, að enginn hestur komist lífs af, þó að um góð skip sje að ræða, betri en áður. Annars hygg jeg að skip sjeu ei betri nú að þessu leyti en sum skipin, er áður fluttu hesta, að undanteknum Goðafossi. Jeg skal viðurkenna það, að í vetur, og ef til vill næsta vetur, verði ástæða til að flytja hesta fremur en áður, því að það kom fyrir, einkum eftir töku Ruhrhjeraðsins, að menn þurftu meira af svo nefndum pitponies við námurnar á Englandi, og hækkuðu hestar því í verði. En litlar líkur eru til þess, að þetta haldist, og þar fyrir utan held jeg, að eigi sje hægt að búast við neinum þjóðnytjum af því að fara illa með skepnurnar. Af þessum ástæðum hefi jeg komið með þá brtt. að láta lögin eigi gilda lengur en til 31. mars 1924. Þingið getur þá tekið málið upp aftur. Eftir því, sem þingið hefir gleypt við frv., býst jeg eigi við, að brtt. mín verði samþykt, en jeg vildi þá leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún væri á móti því að binda frv. sömu skilyrðum og í lögunum frá 1907, þannig, að það komi fram tillögur frá Búnaðarfjelagi Íslands um undanþágu. Stjórnarráðið mundi svo ákveða um útflutninginn með hliðsjón af tillögum Búnaðarfjelagsins. Það er rjett, sem hv. frsm.

(GÓ) sagði, að brtt. mín gerir ekki mikinn mun, því að þingið getur tekið málið upp, ef það vill, en það verður að gera það, ef brtt. mín yrði samþykt. Það kann að vera ábati fyrir sum hjeruð landsins að flytja hesta út á vetrum, en það getur líka orðið tjón af því að geyma hestana til vetrarins, ef svo er ekkert flutt út þegar til kemur. Ef útflutningurinn verður ekki hindraður á þessum tíma með lögum, þá er jeg hræddur um, að landsstjórnin mundi altaf leyfa hann. Hjer stendur hvort á móti öðru, peningahagnaðurinn — eflaust þó óverulegur — og mannúðin. Er það sannarlega ekki mannúðlegt að flytja hesta út í vetrarveðrunum, eins og þau eru hjer oft. Jeg skil vel afstöðu hv. þm. (GÓ), sem er Norðlendingur og þekkir eigi eins og við veðráttuna hjer sunnanlands. Er það vafalaust rjett, sem einn norðlenskur þm. sagði, að það væru oft eins vond veður í október á Norðurlandi og síðar á veturna.

Jeg skal svo eigi orðlengja meira. Það virðist máske ekki í fljótu bragði mjög stórt atriði, hvort till. verður samþykt eða ekki. Málið má taka upp á næsta þingi hvort sem er. Þeir, sem samþykkja till., sýna þó að þeim er það óljúft, að farið sje að heimila útflutning hrossa á vetrum.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg sagði fáein orð um þetta mál við 1. umræðu og lagðist þá heldur á móti frv. og geri það enn þá. Jeg amaðist við því, að landsstjórnin hefði veitt undanþágu, en kvaðst þó geta fyrirgefið það í þetta sinn, eftir ástæðum, en kvað langt frá því, að jeg vildi gera undanþáguna að reglu.

Háttv. 1. þm. Húnv. (GÓ) kvað eigi ástæðu til að vera óánægður, þar eð alt hefði gengið vel í þetta sinn. En hvað sem því líður, þá er eigi víst, að svo fari framvegis.

Samt virðist, sem háttv. frsm. (GÓ) sje eigi alls kostar ánægður nú við þessa umr., því það var eins og hann væri að afsaka frv. með því, að nú væri um miklu betri skipakost að ræða en áður og meira eftirlit. Má vel vera, að svo sje, en þó held jeg, að nægileg trygging sje eigi fyrir góðri meðferð á hestunum, nje því, að eigi sjeu fluttir út ljótir hestar. Hefir háttv. Nd. reynt að bæta trygginguna í því efni, en nefndin hefir lagt til að fella niður þá breytingu. Er það mjög varhugavert og getur orðið til þess að eyðileggja hrossamarkaðinn, ef leyft verður að flytja út hross á öllum tímum ársins. Finst mjer allar mannúðarástæður mæla á móti frv. eins og það er. Er töluvert annað mál, þó að stjórnin veiti einstöku sinnum undanþágu, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þessu frv. Það gladdi mig að heyra, að fleiri urðu til þess að taka málstað kláranna en jeg, sem sje háttv. 4. landsk. þm. (JM). Finst mjer till. hans miða í rjetta átt. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta, en helst vildi jeg, að frv. yrði felt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætla mjer ekki að bæta miklu við það, sem jeg hefi áður sagt um málið. Hv. 4. landsk. þm. (JM) talaði hógvært og vel um frv. Jeg vil á engan hátt gera lítið úr því, að gæta þurfi allrar varúðar um útflutning á vetrum. Álít jeg, að eigi sje viðlit að hugsa til útflutnings, ef harðindi ganga og ill veður. Háttv. 4. landsk. þm. (JM) tók það fram, að

allra veðra væri von á vetrum, og er það fyllilega satt, en mjer finst satt að segja liðinn af hávetur, þegar komið er fram í apríl; að minsta kosti eru veðrin ekki verri þá en í des.—mars. Og eigi mundi jeg hvetja til þess að tíðka óþarfa útflutning á þeim tíma, sem hætt er við, að skepnunum líði illa. En jeg tel ekki litla nauðsyn á því, að geta flutt hross út á þeim tíma, sem best er að selja. Háttv. þm. (JM) fellst á, að það skifti í rauninni ekki miklu máli, hvort till. hans yrði samþ. eða ekki. Ef hún yrði feld, hefir næsta þing óbundnar hendur og þarf ekki að taka málið upp frekar en það telur nauðsynlegt. En sje till. samþykt, má næsta þing til með að taka málið upp. Jeg er síst á móti því, að landsstjórnin fengi tillögur Búnaðarfjelags Íslands, ef um undanþágu er að ræða; álít jeg rjett að ganga sem tryggilegast frá því atriði. En það hefir sýnt sig, að ómögulegt er að fara eftir lögunum eins og þau eru nú.

Hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) sagði, að hv. Nd. hefði reynt að fyrirbyggja það, að flutt yrðu út ljót hross. Hvergi hefi jeg getað sjeð það. En hv. Nd. lagði bann við því að flytja út hross í apríl og maí, líklegast af hræðslu við það, að þau mundu farast. Háttv. þm. sagði, að minna gerði til um undanþágu, ef svo bæri undir, en að lögunum yrði breytt. Jeg legg eigi mikið upp úr því. Jeg er sannfærður um, að frv., eins og það er frá hendi nefndarinnar, er miklu betra. Háttv. þm. sagði, að sjer þætti vænt um, að fleiri en hann hefðu orðið til þess að tala máli hestanna. En það er nú óreynt enn, hvor okkar fer betur með skepnur. Þekki jeg þess mörg dæmi, að það er töluvert annað að tala fagurlega um hesta eða fara vel með þá.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg þarf eigi að svara háttv. frsm. (GÓ) miklu. Hann virðist vera nokkuð gjarn á að misskilja. Mjer skildist breyting háttv. Nd. við frv. miða í þá átt að fyrirbyggja, að markaðurinn spiltist við útflutning hrossa.

Ef stjórninni eru gefnar algerlega frjálsar hendur, þá er hætta á, að hún veiti leyfið oftar en brýn nauðsyn ber til, en jeg vil ekki, að leyfið sje veitt nema ekki verði hjá því komist.

Jón Magnússon: Jeg er hræddur um, að nefndin hafi ekki íhugað þetta mál til hlítar. Eg ræð það af því, sem háttv. frsm. (GÓ) sagði um útflutninginn. Hann sagði, að ekki ætti að leyfa útflutning í vondu veðri, en jeg sje ekki, hvernig við það verður ráðið. Ef búið er að veita leyfið, þá verður það ekki aftur tekið, þó að veður versni, og eins getur skip lagt út í góðu veðri, en það getur breyst meðan skipið er á leiðinni. Í þessu er því engin trygging. Jeg vil ekki orðlengja þetta frekar. Jeg vil ekki, að leyfið sje veitt til frambúðar. Það minsta, sem hægt er að fara fram á, er þó, að þingið endurskoði þetta á næsta ári, en það er ekki víst, að svo verði gert, ef ekki er beinlínis til þess ætlast í lögunum. Ef því brtt. mín verður feld, þá mun jeg greiða atkv. gegn frv. Jeg veit, að nú stendur sjerstaklega á, en þó vil jeg ekki leggja mitt atkv. til þess, að feld verði burtu til frambúðar þau mannúðarákvæði um þetta efni, sem sett voru 1915.

Sigurður Jónsson: Jeg get hugsað mjer, að nefndin taki til íhugunar bendingu háttv. 4. landsk. þm. (JM), og einnig tel jeg sjálfsagt, að leitað sje

álits Búnaðarfjelagsins. Það, sem mjer virðist einkum íhugunarefni í þessu máli, er það, hvort ekki sje heppilegra að dreifa hrossaútflutningi á lengri tíma en verið hefir, því það er alkunnugt, að landbúnaðarafurðir okkar, svo sem kjöt og gærur, seljast lakara vegna þess, að vörurnar hrúgast að mestu leyti á markaðinn á mjög stuttum tíma. Þetta held jeg að hafi aðallega vakað fyrir flm. í háttv. Nd., og jeg felst á það, ef ekki koma knýjandi ástæður á móti. Um mannúðina ætla jeg ekki að tala að sinni. Jeg efast um, að það fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, sje verra fyrir hrossin, nema síður sje, enda vona jeg, að svo verði sjeð um útflutning hrossa, að þau þurfi ekki að líða sjerlega mikið.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) hjelt, að jeg hefði misskilið sig, en það gerði jeg ekki. Jeg var ekki að tala um ljóta hesta sem horaða og illa útlítandi, heldur illa skapaða. Og jeg vona að háttv. þm. viti, að allir hestar eru ekki eins að því leyti. En háttv. 4. landsk. þm. (JM) misskildi mig, því jeg talaði ekki um vont veður dag og dag, heldur yfirleitt vonda tíð, og ætti þá að varast útflutning, en hitt datt mjer ekki í hug, að hægt væri að fyrirbyggja, að hrossin lentu einhverntíma í vondu veðri. Fyrir þau annes er ekki hægt að synda á hvaða tíma árs sem er.

Þá finst mjer það skrítin mótbára hjá hv. þm. (JM), að hann ætli að vera á móti frv., ef brtt. hans verður feld. Jeg sje ekki betur en að þingið hafi það altaf á valdi sínu að breyta lögunum, og brtt. háttv. þm. getur því ekki verið neitt aðalatriði. Ef lögin reynast illa, þá er sjálfsagt að breyta þeim, en hvaða mun getur það gert, hvort út er flutt samkvæmt lögum eða með undanþágu frá stjórnarráðinu. Og það er lítil þörf á að fyrirskipa breytingu áður en sjeð verður, að breyta þurfi.

ATKVGR.

Brtt. 238, 2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 238, 3 feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn, JJ.
nei: GGuðf, IHB, JóhJóh, JM, KE, HSt.
Tveir þm. (SE, SHK) fjarstaddir.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 250 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, KE, SJ, BK, EÁ, HSn, HSt.
nei: IHB, JJ, GGuðf, GÓ.
Tveir þm. (SE, SHK) fjarstaddir.

Brtt. 238, 4 kom ekki til atkv.

— 238, 1 (frvgr. verði 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 2 atkv.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 260).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Landbúnaðarnefnd kom fram með nokkrar breytingartillögur við frv. við 2. umr., en þær till., sem nokkru máli skiftu, voru feldar. Meiri hluti hv. deildar sá þá eigi neitt athugavert við að veita hæstv. landsstjórn heimild til að veita undanþágu um útflutning hrossa allan veturinn, en þó eigi vormánuðina, apríl—maí. Landbn. hefir haft marga fundi síðan, og þar sem sjáanlegt er, að þessu þingi muni eigi auðnast að breyta lögunum í betra horf, þá hefir nefndin orðið sammála um að leggja til, að deildin afgreiddi málið með rökstuddri dagskrá. En samkomulag nefndarinnar hefir eigi náð lengra en það, að dagskrárnar hafa orðið tvær, önnur frá meiri hl., 2 mönnum, en hin frá minni hl., 1 manni. Býst jeg við, að dagskrá minni hl. gangi út á það, að stjórnin verði æfinlega að gefa út bráðabirgðalög, hversu lítil sem undanþágan er, með öðrum orðum, hversu fáa hesta sem leitað er leyfis um að fá flutta út. Meiri hl. telur slíkt ákvæði óþarft, álítur óhætt að leggja það á vald stjórninni, hve nær nauðsynlegt sje að gefa út bráðabirgðalög og hve nær ekki. Skal jeg svo leyfa mjer að lesa upp dagskrá meiri hl.:

Deildin lítur svo á, að ráðuneytinu sje heimilt, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, að leyfa útflutning á hrossum á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Magnússon: Jeg heyrði því miður eigi ræðu hv. frsm. (GÓ). En jeg skal láta þess getið, að jeg tel það eigi fært fyrir landsstjórnina að veita undanþágu frá lögum þessum, nema með bráðabirgðalögum. Auðvitað getur hæstv. stjórn notað slík bráðabirgðalög róleg, ef hún hefir fengið bendingu í þá átt frá þinginu. Er jeg viss um, að hæstv. atvrh. (KlJ) er mjer samdóma um þetta. Álít jeg, að það hafi í raun og veru verið lögbrot að veita undanþáguna í vetur. En ef undanþágu á að gefa, þá sje jeg sem sagt eigi, að það sje fært nema með bráðabirgðalögum. Er því sú dagskrá, er gerir ráð fyrir bráðabirgðalögum, rjett. **(KlJ:** Hún er óþörf). Það er rjett, að hún er óþörf, ef stjórnin lýsir því yfir, að hún ætli sjer alls eigi að veita undanþágu. En hún er að öðrum kosti altaf óskaðleg. Er það mitt álit, að yfirleitt sje efamál, hvort veita eigi undanþágu frá lögunum. Jeg mun greiða þeirri dagskránni atkvæði mitt, er gerir ráð fyrir báðabirgðalögum.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Meiri hl. nefndarinnar leit svo á, að óhætt væri að trúa stjórninni fyrir að dæma um, hve nær nauðsynlegt væri að gefa út bráðabirgðalög, og kunni því eigi við að skipa beinlínis fyrir um það í dagskránni.

Jón Magnússon: Það er sjerstaklega gagnvart hv. meiri hl. nefndarinnar, sem jeg tek þetta fram. Finst mjer eigi rjett af hv. nefnd, að gera ráð fyrir, að veita megi undanþágu á annan hátt en með bráðabirgðalögum. Þingið má alls eigi gefa landsstjórninni bendingu í þá átt. Vil jeg, að framvegis sje lögð áhersla á það, að eigi sje veitt undanþága nema með því að nota heimild bráðabirgðalaga. Hafa slík bráðabirgðalög meiri þýðingu en hina formlegu, því bráðabirgðalög verður að leggja fyrir þingið, sem þá sker úr því, hvort skilyrði fyrir þeim

hafa verið fyrir hendi. Eftir reynslunni er rjett að taka það fram, að þingið ætlist eigi til, að undanþága sje veitt nema með bráðabirgðalögum. Væri ekki hægt að saka stjórnina, þótt hún notaði þessa bráðabirgðaheimild. Annars er jafnvel efamál, hvort heimilt er að veita slíka undanþágu sem þessa með bráðabirgðalögum.

Forseti (HSt): Mjer hefir borist, auk rökstuddrar dagskrár meiri hl. landbn., svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá minni hl. nefndarinnar:

Með því að gera má ráð fyrir, að landsstjórnin, að fenginni heimild, með bráðabirgðalögum, veiti undanþágu frá ákvæðunum um bann gegn útflutningi hrossa á vetrum, ef brýn nauðsyn ber til, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá meiri hl. landbn. feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SJ, EÁ, GÓ.
nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK, GGuðf, HSt.
SE greiddi ekki atkv.

Rökstudda dagskráin frá minni hl. landbn. samþykt með 7 : 6 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SHK, BK, HSn, IHB, JóhJóh, JM, HSt.
nei: SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, JJ, KE.
SE greiddi ekki atkv.

5. Hæstirjettur.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (þmfrv., A. 173).

Á 23. og 25. fundi í Ed., dagana 22. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Frv. þetta er svipað frv., sem lagt var fyrir þingið í fyrra. Ástæða þess er sú, að mörgum hefir þótt óþarfi að gera æðsta dómstól landsins jafndýran og raun hefir á orðið. Hjer er lagt til, að dómendur verði 3 og aðstoðarmannsembættið lagt niður og falið einhverjum dómendanna. Þetta er aðalatriðið, en frv. fer fram á fleira, sem ekki er jafn-mikilvægt. Ein breyting, sem af frv. leiðir, er sú, að fljótt yrði tekin upp skrifleg málafærsla, og er það æskilegt, eftir skoðun ýmsra merkra lögfræðinga. Málaflutningur hefir orðið mjög dýr við hæstarjett og hefir mikið verið um það kvartað. Breytingin hefði sparnað í för með sjer, og jeg held það reyndist eins trygt til þess að menn gætu náð rjetti sínum, en annars vil jeg ekki fara hjer út í kosti og galla skriflegs málaflutnings.

Það er tekið fram í ástæðum fyrir frv., að það sje borið fram nú vegna þess, að líkur eru til, að bráðlega verði breyting á skipun rjettarins. Dómendur hafa leyfi til að fara frá með fullum launum, þegar þeir eru 65 ára og 2 dómendurnir hafa náð þeim aldri. Ef

þeir færu frá milli þinga, þá er hætt við að skipað verði í embættin, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga nú, en fyrir þessa 2 dómendur hefir breytingin ekkert tjón í för með sjer, því að þeir halda launum sínum hvort sem er.

Aðalatriðið er þetta, hvort hægt sje að komast af með 3 dómendur eða hvort 5 eru nauðsynlegir. Það er kunnugt, að þegar hæstirjettur var fluttur heim, þá stóð fjárhagurinn í blóma og þá var mikill fullveldishugur í mönnum. Það var gert ýmislegt til þess að við gætum haldið til jafns við aðrar þjóðir, eða að minsta kosti til þess að við gætum reynt að láta það líta svo út. En slíkt er ekki heppilegt. Það er eðlilegt, að fjölmennar þjóðir þurfi fleiri dómendur. Í Danmörku er hæstirjettur skipaður 12 mönnum og er það hlutfallslega minna en þó að við hefðum 3, því við erum 30 sinnum færri.

Nú er mikið talað um að spara á rekstri þjóðfjelagsins, og þetta er ein tilraunin í þá átt. Og það er óhjákvæmilegt að spara fyrir þá þjóð, sem eyðir nálega öllum tekjum sínum í laun opinberra starfsmanna og hefir svo til ekkert afgangs til nauðsynlegra framkvæmda. Verði svo haldið stefnunni, getur þjóðin ekki lengi haldið fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Og á þessum lið er hægt að spara. Það eru fleiri en jeg, og það menn, sem hafa sjerþekkingu á þessu sviði, sem hallast að þeirri skoðun, að fækka megi í hæstarjetti. Það er vitanlega hægt að halda því fram, að dómurinn sje betur skipaður með 5 mönnum, en það er ómögulegt að sanna það. Það er gert ráð fyrir, að í hæstarjett veljist ekki nema úrvalsmenn, sem hafa fulla starfskrafta, og ættu þá 3 að nægja.

Hæstirjettur hafði aðeins 30 mál til meðferðar í fyrra. Það kom fram við rannsókn, sem um það var gerð í hv. Nd. Þetta er vitanlega ekki sök hæstarjettar, og ekki sagt honum til ófrægðar, en það sýnir, að dómendurnir eru ekki um of störfum hlaðnir. Auk þess má benda á, að einn dómandinn hefir á hendi hálft prófessorsembætti, og mönnum kemur saman um, að hann geti haft það alt, því að það er mjög starfhæfur maður.

Þá sný jeg mjer að hæstarjettarritara. Menn þurfa ekki að óttast, að hann verði þung byrði, því maðurinn er ungur og hæfur, og fyrir slíka menn hefir þjóðfjelagið altaf þörf. Jeg vil t. d. benda á, að það þarf að fá einhvern slíkan mann til þess að stýra skattamálum landsins. Jeg geri sem sje ekki ráð fyrir, að það þurfi að setja manninn á biðlaun, enda veit jeg ekki hvort honum væri það kærara.

Jeg vil svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona, að það, sem frv. kann að vera ábótavant, verði bætt í nefnd.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. deild er það kunnugt, að í fyrra var samþykt þál. þess efnis, að skora á stjórnina að rannsaka, hvort ekki væri fært að fækka dómendum í hæstarjetti um 2 og bera fram frv. í þá átt, ef slíkt teldist fært. Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að flytja slíkt frv., og jeg hygg að það sje óheppilegt að fækka dómendum nú, þegar dómstigin eru aðeins 2, því vitanlega er minni trygging í rjettinum, ef dómendum er fækkað. Jeg hefi borið þetta undir hæstarjett sjálfan og hefir justitiarius og 3 af dómendunum lagt á móti breytingunni, en einn dómend-

anna, L. H. Bjarnason, hefir skrifað sjerstaklega um þetta mál, og jeg skil hann svo, að hann líti svo á, að því aðeins megi fækka dómurum, að dómstigum sje fjölgað. En verði nú bætt við einu dómstigi, þá má vera að tryggingin minki ekki, þó að um 2 dómendur sje fækkað í hæstarjetti, en þá sparast heldur ekki neitt.

Jeg býst við að frv. verði vísað til nefndar, og skal jeg þá gera henni nánari grein fyrir þessu máli.

Flm. (Jónas Jónsson): Mjer kom á óvart sá blær, sem mjer virtist vera á ræðu hæstv. forsrh. (SE), því að jeg vissi ekki betur en að slík breyting hafi vakað fyrir honum. Og jeg má segja, að hann hafi látið það uppi annarsstaðar, að hann yrði ekki á móti breytingunni.

Viðvíkjandi dómi hæstarjettar sjálfs er það að segja, að slíka dóma má ekki taka of bókstaflega. Það er reynsla, að hver stjett, sem er spurð um, hvort fækka megi starfsmönnum innan hennar, svarar á þá lund, að slíkt sje óframkvæmanlegt. Spyrjið þið símamenn, póstmenn, presta, kennara. Þeir svara allir á einn veg: hjá okkur er ekki hægt að spara. En þeir eru ekki rjettir dómarar um þetta efni, heldur þingið. Hlutaðeigendur hafa aldrei nema tillögurjett. Einn dómandinn hefir þó viljað fækka, en um leið setja undirstig. Þetta gæti komið til mála, ef því yrði svo háttað, að t. d. dómendur yfirdómsins yrðu um leið prófessorar við háskólann. En hvað sem þessu líður, þá er viðsjárvert að kasta frv. í pappírskörfuna í von um að sú breyting gæti fylgt með, því að ef til vill verður hún óframkvæmanleg. Og hún á að verða nú, 2 dómendur eru nú komnir yfir aldurstakmarkið, og væri heppilegast að þeir færu frá. Þetta má ekki skiljast svo, að jeg sje að niðra þessum mönnum, en aldurstakmarkið á að vera meira en aðeins á pappírnum. Jeg hefi bent á það í öðru sambandi, hve menn eldast hjer illa, og er því ekki treystandi starfsafli manna lengur en til 65 ára aldurs.

Hæstv. forsrh. (SE) mintist ekki á þann sparnað, sem leiddi af afnámi hæstarjettarritara. Jeg þarf því ekki að tala um það nú, en jeg vil endurtaka, að jeg tel heppilegast að dómendur annist þau störf sjálfir.

Jón Magnússon: Jeg ætla ekki að tala um frv. sjálft; aðeins gera athugasemd út af ummælum háttv. 5. landsk. þm. (JJ). Mjer virtist hann setja stofnun hæstarjettar í samband við einhverja fullveldisvímu, en það er ekki rjett. Sú ósk á sjer miklu lengri aldur. Jafnvel fyrir um 50 árum var farið að brydda mikið á henni, og síðan hefir hún altaf látið meira eða minna á sjer bera. En þegar fullveldið var viðurkent, þá fjellu burt þær hömlur, sem verið höfðu áður á framkvæmdinni, og þess vegna er það ekki alveg rangt, að setja flutning hæstarjettar í samband við fullveldið, en hitt er ekki rjett að segja, að fullveldið hafi verið orsök heimflutningsins, heldur gerði það hann aðeins mögulegan. Jeg vildi aðeins leiðrjetta þennan misskilning.

Forsætisráðherra (SE): Í háttv. Nd. sagði jeg um þetta mál, að jeg teldi mjög vafasamt að hægt væri að fækka dómendum í hæstarjetti á meðan dómstigin væru aðeins 2. Nú hefi jeg aðeins kveðið enn ákveðnara að þessu, eftir

frekari athugun á málinu. Jeg get því fullvissað hv. 5. landsk. þm. (JJ) um það, að öll framkoma mín í málinu er í fullu samræmi.

Jeg veit það vel, að tillögur hæstarjettar sjálfs eru ekki bindandi fyrir þingið, en þær hljóta þó alt af að vega mikið. Jeg verð líka að telja það óheppilegt, að fara að breyta um fyrirkomulag áður en það, sem fyrir er, er fullreynt. En svo er um hæstarjett, og er það of virðuleg stofnun til þess að leyfilegt sje að hringla með fyrirkomulag hans.

Viðvíkjandi hæstarjettarritaranum, þá er það einnig skoðun rjettarins, með því fyrirkomulagi, sem nú er á rjettinum, að ekki sje hægt að leggja þá stöðu niður.

Sparnaðurinn, sem af þessu leiðir, er að vísu nokkur, og það er satt, að einhversstaðar þarf að byrja að spara. En jeg held, að hæstirjettur sje ekki heppilegur til þeirrar tilraunar. Annars er jeg leiður af því að geta ekki fallist á þetta frv., einmitt af því sparnaður er í því, en jeg met meira trygging rjettarins og traust það, sem hann verður að hafa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 344).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg ætla mjer eigi að fjölyrða um þetta mál, en læt mjer nægja að vísa til greinargerðar nefndarinnar.

Jónas Jónsson: Jeg vildi gjarnan fá skýringu á greinargerð allshn. Mjer virðist það sem sje ekki ljóst, hvers vegna hv. nefnd vill vísa máli þessu til hæstv. landsstjórnar, þar sem frv. fer fram á sparnað, og beinan sparnað að því er snertir laun eins embættismanns.

Jeg vildi enn fremur beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (SE), hvort hann mundi telja sig bundinn við hina eldri þáltill., um að skipa ekki í þau embætti, er losna kunna í hæstarjetti meðan önnur skipun kemur eigi á í málinu frá þingsins hálfu, eða hvort hann mundi líta á þessa þáltill. eins og þáltill. þá um svipað efni, er var til umr. í hv. Nd. í gær. Ef embætin verða veitt, þá álít jeg eigi hægt að koma fram þeim sparnaði, sem annars mætti koma fram. Hefði getað komið til mála að koma fram með brtt. við upprunalega frv. um að lögbjóða skriflegan málaflutning, en jeg sá eigi ástæðu til að koma með slíka brtt. nú, þegar háttv. nefnd vill vísa málinu til landsstjórnar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg sæi mjer eigi fært að koma fram með breytingar á hæstarjettarlögunum, er færi í þá átt, er þál. í fyrra ætlaðist til, og færði jeg rök fyrir þeirri afstöðu minni. Meðan dómstigin eru aðeins tvö, treysti jeg mjer eigi til að fækka dómendunum í hæstarjetti. Skildist mjer það á tilvitnunum í orð prófessors Lárusar H. Bjarnasonar, að hann liti svo á, að eigi beri að fækka dómendum í hæstarjetti, nema miðstig komi aftur. Er það alveg rjett, að jeg tel, að vel mætti fækka dóm-

endum ef dómstigin yrðu 3. En jeg veit þó fyrir víst, að þá væri sparnaðurinn búinn.

Að því er snertir fyrirspurn hv. 5. landsk. þm. (JJ), þá skal jeg taka það fram, að svo framarlega sem á næsta ári losnar embætti í hæstarjetti, þá mun jeg sjá svo um, að því verði haldið lausu til næsta þings. Jeg vil taka það fram, að jeg er eigi á móti dagskrá þeirri, er fram er komin. Jeg er ekki á móti því, að rannsakað sje, hvort heppilegt er að bæta við miðstigi. Skal jeg játa, að jeg álít, að ef miðstigi verður bætt við, þá verði tryggingin jafngóð, þó að hæstarjettardómendum verði fækkað.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg sje enn eigi ástæðu til að segja mikið. Jeg fæ eigi sjeð annað en að nál. hafi verið nægilega ljóst. Nefndinni datt eigi í hug að m i n k a hæstarjett, eins og háttv. 5. landsk. þm. (JJ) komst að orði. Nei, minka vil jeg á engan hátt hæstarjett. Hitt er annað mál, að til mála getur komið að fækka dómendum með einhverjum tryggingum. Að öðru leyti tel jeg eigi svo langt á milli okkar hv. 5. landsk. þm. (JJ) í máli þessu. Tók jeg eftir því, að hv. þm. gat þess við 1. umr., að komið gæti til mála að miðstig þyrfti ekki að kosta svo ýkja mikið. Jeg get jafnvel hugsað mjer að spara mætti á öllu saman. Ef dómendum hæstarjettar yrði fækkað niður í 3, þá er eigi víst að þyrfti að vera nema sem svarar 1½ manni í miðstiginu. En jeg vil eigi fækka hæstarjettardómendunum eða fara að breyta hæstarjetti fyr en þingið hefir komið sjer niður á því, hvort setja eigi miðdóm eða ekki. Skal jeg viðurkenna, að jeg vil heldur draga breytinguna meðan jeg er eigi sannfærður að breytingin sje til bóta, sjerstaklega ef það hefir engan kostnað í för með sjer að draga það. Finst mjer sjálfsagt að hæstv. stjórn taki þá ósk til greina að veita ekki embættið, ef það losnar. Jeg skal viðurkenna það, að jeg er að því leyti afturhaldssamur, að jeg vil eigi breyta neinu nema jeg sje sannfærður um að breytingin sje til bóta. Hefði verið til lítils að vera að skifta þessu þingi, ef eigi hefði verið ætlast til, að þessi hv. deild spornaði á móti fljóthugsuðum breytingum.

Jónas Jónsson: Jeg er hæstv. forsrh. (SE) þakklátur fyrir yfirlýsingu hans. Tryggir hún að minsta kosti part af tilgangi mínum með frv. Er með því í bili gert nokkuð til að vinna í þá átt að minka kostnaðinn við þennan æðsta dómstól vorn. En það eru fleiri hliðar viðvíkjandi hæstarjetti, sem ekki er minni þörf á að spara en mannahald, en það er málafærslan. Hefi jeg fengið upplýsingar um það atriði frá manni, sem hefir starfað við hæstarjett, og ganga þær upplýsingar töluvert lengra en þær, sem jeg hefi áður fengið. Hefir þessi hæstarjettardómari haldið því fram, að allur málarekstur sje nú miklu dýrari en hann þyrfti að vera vegna munnlega flutningsins. Er það mjög óheppilegt að gera með því efnalitlum mönnum erfitt fyrir um sókn og vörn mála sinna. Maður sá, er jeg bygði á í fyrstu, hjelt því fram, að ef skriflegur málaflutningur yrði leyfður þar sem annar aðili óskaði þess, þá mundi það verða til þess að málaflutningurinn yrði altaf skriflegur. Hæstarjettardómarinn sagði aftur, að ef málaflutningurinn væri eigi altaf skriflegur, þá þyrfti

ritara eftir sem áður. Það minsta, sem hv. nefnd gat gert, var að breyta frv. eftir því, sem reynslan hefir leitt í ljós að er betra. Er það alls eigi litilsvert fyrir þjóðina, hversu dýr þessi æðsti dómstóll er landssjóði, og þeim einstaklingum, sem njóta eiga verndar hans, miðað við afl hennar. Er með þessum dýrleika töluverður hluti landsmanna útilokaður frá því að geta leitað rjettar sins. Er jeg eigi eins ánægður með þetta ástand og hv. 4. landsk. þm. (JM). Tel jeg sjálfsagt að breyta þeim göllum á þjóðfjelagsskipuninni, sem eru þjóðinni til óhags. Þó álít jeg betra að vísa málinu til hæstv. stjórnar en að fella það. Er þá að minsta kosti meira útlit fyrir, að rannsókn á málinu verði haldið áfram. Helst hefði jeg þó kosið að málinu hefði verið vísað til 3. umr. og þá komið fram brtt. um að málaflutningurinn skyldi vera skriflegur. Mun jeg greiða atkvæði á móti dagskránni, þó að hún í sjálfu sjer sje eigi frágangssök, en þar sem hæstv. forsrh. (SE) er mótfallinn breytingunni á hæstarjetti, þá er mjer vitanlega ekkert um það, að vísa málinu til hans.

Það er satt, sem hv. 4. landsk. þm. (JM) tók fram, að jeg sagði við 1. umr., að vel gæti komið til mála að hafa miðstig, ef það yrði eigi of dýrt, t. d. ef kennarar lagadeildarinnar störfuðu þar án mikillar aukaþóknunar. Held jeg að það skifti þjóðina, sem er aðeins tæp 100 þúsund manns, mjög miklu, hve dýr hæstirjettur er. Í Bandaríkjunum, sem hafa eins margar miljónir manna sem við þúsund, voru síðasta ár fyrir stríðið aðeins 9 hæstarjettardómendur. Annaðhvort virðist vera meiri friður manna á meðal þar í landi en hjer, eða þá að þrem dómendum hjer ætti að vinnast tími til að greiða úr málum okkar, sem eru tiltölulega fá, miðað við þessa 9 dómendur stærstu þjóðar heimsins.

Jeg skal játa það, að það er meiningarlaust að vera að spara á hæstarjetti einum, en einhversstaðar verður að byrja og þetta er ein yngsta þjóðarstofnun vor, en ber þjóðina sýnilega ofurliði.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg verð að játa það, að jeg er ekki svo vel að mjer, að jeg geti borið um, hvort hæstirjettur okkar sje dýrasti hæstirjettur í heimi. En jeg efast um það. Hann er ekki tiltölulega dýr, þegar þess er gætt, að hann kemur í staðinn fyrir 2 dómstig. Það er mjög villandi hjá háttv. 5. landsk. þm. (JJ) að gera samanburð á dómurum í hæstarjetti í löndunum eftir því, hvort þau eru stór eða smá. Það þarf ekki því fleiri dómendur sem landið er stærra. Það er bæði satt og ekki satt, að í smærri löndum komi fyrir auðveldari spursmál. Flókin viðfangsefni koma fyrir hjer sem annarsstaðar. Ef maður blaðar í dómasöfnum hinna stærri landa og ber það saman við dómasafnið hjer, þá sjest, að hjer koma fyrir margar sömu spurninar sem þar, sjerstaklega á atvinnu- og verslunarsviðinu. Það er ekki von að háttv. flm. viti þetta. Þeir, sem hafa fengist nokkuð við slík efni, eru honum náttúrlega kunnugri um það. Það er satt, að munnlegi málaflutningurinn er dýr, en hann er ekki tiltölulega dýrari hjer en annarsstaðar. Jeg er ekki alveg frá því, að taka megi upp skriflegan málaflutning, en upp á slíku má ekki fitja fyr en gagngerð breyting er gerð á allri dómaskipuninni. Maður getur ekki altaf ver-

ið að hringla með smábreytingar á æðsta dómstóli landsins. Það var ekki eðlilegt, að nefndin gerði breytingu á þessu frv. Því að hún vildi ekki að það næði fram að ganga á þessu þingi. Hvernig frv. yrði breytt, fer eftir því, hvort fallist væri á að hafa miðstig eða ekki. En ef miðstig verður haft, þarf að breyta lögunum mikið. Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða meir um þetta. Jeg vona að allir deildarmenn hafi gert sjer ljósa grein fyrir máli þessu, og vænti þess, að þeir samþykki dagskrána.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 344, frá allshn., samþ. með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JM, KE, SE, SHK, SJ, BK, HSt.
nei: GÓ, JJ.

6. Gjaldeyrislántaka.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um heimild til gjaldeyrislántöku (þmfrv., A. 31).

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Jakob Möller): Þetta frv. er, eins og hv. deildarmenn sjá, borið fram af okkur hv. þm. Dala. (BJ). Svo sem jeg tók fram í umræðum um síðasta mál, er það í raun og veru til orðið í bankaráði Íslandsbanka, það er að segja, að þar bar jeg fram tillögu, er fór í þessa átt. Jeg skal ekkert um það segja hjer, hvort tillagan fann náð fyrir augum manna í bankaráðinu, því málið var þar óútrætt, en að minsta kosti fjelst hv. þm. Dala. (BJ) á hana, og því hefir hann borið fram þetta frv. í fjelagi við mig. Jeg get lýst yfir því, að bankastjórn Íslandsbanka á engan minsta þátt í þessu frv., og verður það því eingöngu að skrifast á syndareikning okkar hv. þm. Dala. (BJ).

Frv. þetta er að nokkru leyti svipaðs efnis sem þáltill. hv. samþm. míns, hv. 2. þm. Reykv. (JB). En sú tillaga er að því leyti ófullnægjandi, að hún gefur ekki ríkisstjórninni heimild til þess að veita neina fjárhagslega aðstoð til þess, er tillagan fer fram á, að koma lausu skuldunum fyrir sem föstum lánum. Hv. flm. till. (JB) taldi ósennilegt, að þetta gæti ekki tekist án slíkrar aðstoðar, eða eingöngu á ábyrgð bankanna. En jeg þykist geta fullyrt, að þetta megi ekki takast, nema með fjárhagslegri aðstoð ríkissjóðs. Þess vegna var það, að jeg bar fram þetta frv., enda þótt mjer væri kunnugt um tillögu hv. 2. þm. Reykv. (JB), sem fyrr kom fram.

Í raun og veru er í frv. ekki farið fram á annað en lýst var yfir hjer á þingi í fyrra að gera þyrfti. Það virtist þá vera eindreginn vilji samvn. viðskiftamálanna, að áður en gengi yrði opinberlega skráð, þyrfti að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hættu, sem gengi krónunnar stafaði af áföllnum skuldum í íslenskum krónum, sem eru eign útlendinga. Hve miklu þessar skuldir nema, get jeg ekki fullyrt um. Samkvæmt rannsóknum viðskiftamála-

nefndar voru þær á síðastliðnu vori 6—8 miljónir. Síðan hefir eitthvað af þeim verið greitt, að öllum líkindum; þær hafa verið keyptar til þess að borga með þeim afurðir landsins, og af því stafar viðskiftakreppan. En þó að þessar skuldir nemi 6 miljónum, gerum við flm. frv. ekki ráð fyrir, að þær verði greiddar að fullu þegar í stað. Við ætlumst til, að ekki verði borgað meira en minst verður komist af með. Enda væri ekki auðvelt að koma því í kring, án þess að gengið hækkaði óeðlilega á skömmum tíma.

Það er ekki tilætlun vor að taka lánið alt í einu, heldur tryggja sjer það til ákveðins árabils og nota það smám saman eftir þörfum. Það yrði þá einskonar varasjóður, er grípa mætti til á vandræðatímum, eins og t. d. síðastliðið haust. Þegar menn komast á snoðir um, að gjaldeyrisekla er í bönkunum, fara ýmsir menn á stúfana, sem hafa hagnað af lágu gengi, og reyna að lækka það. Það eru aðallega þeir menn, er kaupa íslenskar afurðir til útflutnings. Þeir semja t. d. á vorin um kaup á fiski fyrir ákveðið verð. Síðan getur fiskurinn lækkað í verði á erlendum markaði, eins og varð síðastliðið sumar, og er þá beinlínis lífsspursmál fyrir þessa menn að geta felt krónuna í verði, að öðrum kosti tapa þeir stórfje á kaupunum.

En landsmenn mega ekki horfa á hag þessara manna, heldur verða þeir að tryggja sig gegn þessum tilraunum þeirra. En það er ekki unt meðan þessir menn hafa tök á því að lækka gengið, og það hafa þeir jafnan, meðan þeir geta fengið inneignir útlendinga hjer í bönkunum fyrir lægra verð en þeir eiga kost á hjer. Mjer er kunnugt um, að þegar kreppan byrjaði í haust, komu til bankanna tilmæli frá ýmsum mönnum um yfirfærslu á smáupphæðum. Jeg man t. d. eftir 2 beiðnum frá víxlurum í Kaupmannahöfn um sölu á 1000 sterlingspundum. Þeim fyrra var gerð úrlausn, hinum ekki, og var síðan mörgum neitað um erlendan gjaldeyri. Þá fór gengið að lækka í Kaupmannahöfn, og við það fengu braskararnir tækifæri til þess, að komast yfir íslenskar krónur við lægra verði en kostur var á hjer.

Þegar bankarnir stöðva yfirfærslur, er það af þeirri ástæðu, að lánstraust þeirra hrekkur ekki til þess að fullnægja eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Það getur stundum verið fullhart á því, að lánstraust þeirra hrökkvi til að fullnægja þörfum landsmanna, hvað þá heldur slíkri — jafnvel tilbúinni — eftirspurn. En ef til væri sá varasjóður, sem í frv. er farið fram á, ætti, þegar svo ber undir, að grípa til hans og greiða þær lausu skuldir, sem þannig eru beinlínis boðnar fram, en ekki meir. Með því móti mætti jafna framboði og greiðslu þessara skulda á mörg ár. Eigendur þeirra myndu að jafnaði eigi svo ginkeyptir að losna við þær; sumir vildu geyma þær í þeirri von, að krónan hækkaði innan skamms upp í jafngengi, aðrir ætluðu að kaupa fyrir þær íslenskar afurðir, enn aðrir myndu geyma þær til þess að braska síðar með þær.

Til þess að festa gengið, þegar svona er ástatt, sje jeg enga eðlilegri leið en þá, sem hjer er farið fram á. Hún er þvingunarlaus og fullkomlega rjettmæt, hvernig sem á er litið frá viðskiftalegu sjónarmiði. Engar hömlur eru lagðar á regluna um frjálst framboð og eftirspurn. Þetta myndi verka sjálfkrafa

til þess að tryggja gengið gegn óeðlilegum og óheilbrigðum fjárprettum, yrði einungis til almenningsheilla, en ekki til þess að hlaupa undir bagga með einstökum stofnunum eða fjárbrallsmönnum.

Jeg hefi orðið þess var, að það hefir verið grýla í augum margra, að ríkið gengi í nýja ábyrgð fyrir Íslandsbanka. En til þess er ekki ætlast, að það verði fremur Íslandsbanki en Landsbankinn, sem yrði lántakandi, eins og frv. ber með sjer. Það gæti jafnvel orðið hvorugur bankinn; ríkissjóður gæti sjálfur tekið lánið í sambandi við hvorn bankann sem væri. Að vísu eru þessar skuldir mestmegnis innieign útlendinga í Íslandsbanka, en þó ekki eingöngu, heldur mun eitthvað af þeim vera í Landsbankanum. En þessar skuldir eru þannig vaxnar, að þær eru bönkunum sjálfum ekkert óþægilegar. Þeir þurfa ekki að svara þeim út í öðru en íslenskum krónum, greiða það eitt af þeim í erlendum gjaldeyri, sem þeim gott þykir. Þess vegna er hjer engan veginn að ræða um að gera neitt í þágu bankanna sjerstaklega. Íslandsbanka má einu gilda, hvort þetta verður gert eða ekki. Hagur hans breytist ekki; hann skuldar hið sama eftir sem áður.

Jeg hefi heyrt talað um aðra leið að þessu sama marki, og drap hv. 2. þm. Reykv. (JB) á hana, sem sje að taka allar útfluttar afurðir undir umsjón stjórnarvaldanna, svo að allur sá gjaldeyrir, sem til fellur fyrir útfluttar afurðir kæmi undir ráðstöfunarrjett ríkisstjórnarinnar, eða þeirrar stofnunar, er hún kynni að fela það starf, t. d. bankanna. Með þessu ætti að geta tekist að festa gengið, en það yrði þá á annan hátt, en í þessu frv. er lagt til. Gjaldeyririnn yrði trygður landsmönnum til árlegra afnota. En þessar erlendu innieignir yrðu með lagaboði útilokaðar frá því að verða greiddar, nema eftir geðþótta okkar. Þetta er mjög varhugavert, auk þess sem það orkar tvímælis að svifta menn, í þessu efni útflytjendur, umráðum yfir eignum sínum. Þá væri og vafamál, hvort heppilegra væri, að ríkið tæki að sjer algerða einkasölu afurðanna, eða trygði sjer einungis umráðarjett yfir gjaldeyrinum.

En nú verður að athuga, hver áhrif það mundi hafa, ef útlendingar fengju ekki inneignir sínar greiddar nema eftir geðþótta okkar. Það er augljóst, að íslensk króna myndi þá falla í verði erlendis. Þegar menn sjá, að þeir fá ekki greitt fje sitt, munu þeir auðvitað bjóða innieignir sínar fyrir lægra verð. Við yrðum að sjálfsögðu ekki ver staddir fyrir því. Við hefðum umráð yfir öllum gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, og það væri nægilegt til þess að fullnægja þörfum okkar. Gætum við þá látið okkur í ljettu rúmi liggja, hve mikils virði þessir útlendingar telja fjárkröfur sínar á oss. En hætt er við, að þetta yrði til þess að rýra lánstraust og álit landsins út á við, og er þess vegna mjög varhugavert, svo jeg taki ekki dýpra í árinni. En ef öllum öðrum tilraunum til að stöðva gengið verður illa tekið og lagst verður á móti þessum heilbrigðu ráðstöfunum, sem hjer er farið fram á í frv., mun jeg að vísu skoða huga minn um afstöðu mína til slíkra ráðstafana. Vænti jeg því, að hv. deild fari sjer ekki óðslega að fella þetta frv. að svo stöddu, heldur lofi því að ganga til nefndar, eins og líka sjálfsagt er um jafnmikilvægt mál, enda hefir það nú verið rætt í einar 5—6 klukkustundir, í sambandi

við næsta mál á undan. Jeg skal fúslega játa, að ýmislegt í því þarf rannsóknar við. Þingið þarf að bera sig saman við bankana og leita álits þeirra um málið.

Jeg geri ráð fyrir, að verði þetta frv. felt, muni úr annari átt koma tillaga þess efnis, sem jeg drap á, sem sje um að ná tökum á andvirði útfluttra afurða til einkaumráða fyrir bankana. Fari svo, verð jeg að áskilja mjer frjálsar hendur um afstöðu mína til þeirra tillagna.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg sje ekki ástæðu til að bæta neinu við hina glöggu greinargerð hv. flm. (JakM) fyrir frv., einkum þar sem hann tók fram, að stjórninni ætti að vera sett í sjálfsvald, hvort hún notaði þessa heimild, eða ekki. Eins og hv. flm. (JakM) tók fram, getur leikið nokkur vafi á, hvernig muni tekið í þetta frv. En mjer er engin launung á, að jeg sje ekki ástæðu til að slá hendinni á móti slíkri heimild sem þessari, með þeim formála, sem hv. flm. (JakM) hafði.

Jón Baldvinsson: Í tilefni af samanburði hv. flm. (JakM) á frv. og tillögu minni, skal jeg geta þess, að það er rjett, að hjer er fullkomin heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku, sem ekki er í þáltill. Jeg skal ekki segja nema jeg geti verið þessari lántöku samþykkur, þó að jeg ætli, að til hennar þurfi ekki að koma. Meðal annars er sú ástæða til þess, að jeg kom ekki fram með lánsheimild, að jeg hygg megnið af þessum lausu skuldum vera í Íslandsbanka. En á fjölmennum fundi síðastliðið haust heyrði jeg einn bankastjórann í Íslandsbanka lýsa yfir, að gefnu tilefni, að bankinn þyrfti engan stuðning af stjórnarinnar hálfu. Þetta er þó ekki allskostar rjett, því að stjórnin hefir stutt og styður bankann, t. d. með breska láninu. Getur vel verið, að bankastjórinn hafi átt við, að bankinn þyrfti engan slíkan stuðning framvegis, og þá ekki lántöku til að koma fyrir þessum lausu skuldum. En hvor leiðin sem farin verður, tel jeg rjett, að þessu frv verði vísað til nefndar.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. fjrh. (MagnJ), hvort ekki sje bráðlega von á skýrslu frá hagstofunni um erlendar inneignir og skuldir hjer á landi. Mjer virðist mjög erfitt að taka afstöðu til þessa máls, nema þessi skýrsla komi fram. Ef skuldirnar hafa aukist síðan í fyrra, er augsýnilegt, að ekki er unt að feta þessa leið ár eftir ár. Ef við söfnum skuldum, er það ljóst, að við flytjum meira inn en út, og það er óþolandi til langframa. Í fyrra var gert ráð fyrir, að þessar skuldir næmu um 10 miljónum; af þeim voru 2 miljónir taldar tapað fje, sem ekki kæmi til að við þyrftum að greiða; þá eru eftir 8 miljónir. Af því er skuld Íslandsbanka við danska póstsjóðinn hátt á 5. miljón, er gert var ráð fyrir, að auðvelt væri að komast að samningum um. Jeg hefi einnig heyrt, að slíkir samningar hafi tekist millum póststjórnarinnar dönsku og bankans, og eru þá ekki eftir nema um 3—4 miljónir króna af þessari 10 miljóna króna skuld.

Ef til vill eru þessar 4 miljónir nú greiddar, og þá er engin þörf á láni, en það sjest af skýrslu hagstofunnar, hvort svo er eða ekki.

Vil jeg því, að frv. gangi til nefndar, en afstöðu til þess tek jeg ekki fyr en

jeg hefi sjeð skýrsluna. En það má öllum vera ljóst, að það er svikamilla, að taka lán á lán ofan, ef altaf er aukið við skuldirnar. En jeg vona að árið 1922 hafi ekki orðið verra en árið 1921, en úr þessu öllu sker skýrsla hagstofunnar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Hagstofunni hefir verið falið að safna skýrslum þessum. Vona jeg að þær komi bráðlega, svo að hlutaðeigendur geti haft þær til hliðsjónar.

Bjarni Jónsson: Jeg var viðstaddur á fundi þeim, er hv. 2. þm. Reykv. (JB) mintist á, og hafði hann ekki alls kostar rjett eftir ummæli bankastjórans. Hann sagði, að Íslandsbanki þyrfti engrar hjálpar við sjálfs sín vegna, heldur til þess að sjá hag landsins borgið. Svo átti að skilja orð hans, og vil jeg leiðrjetta, þar eð sá maður getur ekki borið hönd fyrir höfuð sitt hjer.

Háttv. meðflm. minn, 1. þm. Reykv. (JakM), hefir tekið fram afstöðu okkar til frv. þessa. Er í því gerð krafa til stjórnarinnar og bankanna um það, að stöðva gengið og varna því, að íslensk króna falli meira í verði, jafnvel þótt það kosti útgjöld af hálfu ríkissjóðs og bankanna.

Í sambandi við ummæli hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) vil jeg láta þess getið, að jeg er honum sammála um það, að hættulegt sje, að gengið hækki snögglega. Er aðalatriðið það, að stöðva gengið, en láta það svo hækka á mörgum árum, þegar haganlegast þykir.

Aðrar leiðir hafa líka verið nefndar til að stöðva gengið, t. d. kröfur Landsbankans um innflutningshöft. Er auðvitað, að með því fæst meiri munur innflutnings og útflutnings en ella, ef skynsamlega er með farið. En þá hygg jeg að skynsamlegast væri að banna innflutning einhverra vissra vörutegunda. Mætti t. d. nefna, ef stjórnin vildi skipa tóbakskaupmanninum að flytja ekki inn meira tóbak, eða þá skipa vínkaupmanninum að kaupa ekkert, nema ef þess væri krafist. Þetta ætti að geta bætt verslunarjöfnuðinn, og þessa pilta ætti stjórninni að vera innan handar að ráða við.

Mönnum hefir orðið tíðrætt hjer um margskonar lögmál, og skal jeg ekki fara út í neinar lögmálsþrætur. En eitt lögmál þekki jeg þó, og það er það, að sje um margar skuldir að ræða, sem fallnar eru í gjalddaga, þá minkar lánstraust skuldunauts. Ætti því að vera ljóst, að það muni ekki bæta lánstraust landsins, ef um 6 miljónir af lausum skuldum, föllnum í gjalddaga, eru að þvælast á markaðinum. Verða háttv. þm. að gæta þess, að hjer er ekki um nýja skuldastofnun að ræða, heldur um hagræðing á skuld, svo að hún komi ekki jafnþungt niður. Sýnist sjálfsagt og hættulaust, að stjórnin hjálpi bönkunum, ef þeir eru ekki einfærir um það, að festa gengið. Er því nauðsyn á, að stjórnin hafi heimild þessa, og hefði hún fyr legið fyrir, þá mundi hafa verið farið eftir ráðum okkar fulltrúaráðsmannanna, sem álitum, að það væri vilji Alþingis að hafa taumhald á gengismismuninum.

Annars er einkennilegt, hversu kalt andar altaf í garð Íslandsbanka. Er það broslegt, að jeg skuli altaf þurfa að halda uppi svörum fyrir stofnun þessa, sem jeg hefi í raun og veru verið á móti frá byrjun. En jeg vil ekki gera stofnuninni rangt til, og síst þegar það hefir tjón í för með sjer fyrir alt landið,

því svo eru atvinnuvegir landsins fljettaðir orðnir við alla starfsemi bankanna, að tjón þeirra verður þjóðartjón. Er sök Íslandsbanka hjer engin önnur en sú, ef sök skyldi kalla, að bankinn starfar með útlendu fje, sem þó er ódýrara en nokkurt annað fje, sem við nú höfum völ á frá öðrum löndum, en sækjumst þó eftir. Ber og enn þess að gæta, að nú er bankinn algerlega kominn undir innlenda stjórn, og hvílir því á ábyrgð stjórnarinnar og er orðinn algerlega innlend stofnun.

Vil jeg gera athugasemd þessa, því að jeg veit, að úlfaþytur sá, er staðið hefir um bankann, er til bölvunar. Vil jeg láta sjá, að jeg þori að ganga á móti röngu máli með rjettum rökum..

Mjer kom það dálítið á óvart, að hv. meðflm. minn (JakM) efaðist um það, að frv. þetta yrði samþykt. Enginn hlutur er sjálfsagðari en að það verði samþykt. Bjóst jeg við, að stjórnin mundi þiggja heimildina feginshendi, enda reynslan sú.

Hefi jeg ekki fyr lagt til þessara mála á þingi nú, enda sat illa á mjer, eftir vottorðið frá þeim hæstvirta. En því treysti jeg nú, að hv. þm. láti frv. ná samþykki. Vil jeg að síðustu geta þess, að ekki er nema eðlilegt að hv. 1. þm. Skagf. (MG) vilji sjá skýrslu hagstofunnar, enda má frv. vel bíða þess tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 31, n. 359).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Á öndverðu þinginu kom fram frv. um heimild til gjaldeyrislántöku, og var því vísað til fjhn. Nefndin skilaði áliti sínu, sem prentað er á þskj. 359. Hún lítur svo á, að stjórnin hafi fulla heimild til lántöku í lögum nr. 76, frá 27. júní 1921, og þess vegna þurfi ekki að samþykkja ný lög um þetta. Þessi heimild er ekki tímabundin, að öðru leyti en því, að hún gildir á meðan fjárkreppan varir; og hún stendur vissulega enn þá. Þó að nefndin líti svona á, þá er hún hvorki að skylda stjórnina nje hvetja hana til lántöku. En meiri hl. nefndarinnar leggur það í vald stjórninni, og telur, að slík lántaka skuli aðeins gerð í ítrustu nauðsyn og þeim eina tilgangi, að halda jafnvægi á gengi íslensku krónunnar. Þó þannig, að ekki verði farið yfir 4 milj. kr.; og í öðru lagi er, samkvæmt nál., sett það skilyrði, að fyrirfram sje það trygt, að ekkert af lánsfjenu verði eyðslufje ríkissjóðs. Eins og nefndarálitið ber með sjer, þykir nefndinni mestu varða, að gengi hinnar ísl. krónu sje stöðugt, og að sem allra minstar sveiflur sjeu á því. Lágt gengi á krónunni er að vísu slæmt, og það verður að stefna að því, að færa það í lag með gætni og ýta því hægt upp á við. Sjerstaklega verður að varast stórar sveiflur, t. d. eins og þá gengisröskun, sem kom um síðastliðin áramót. Slíkar sveiflur álítur nefndin skaðlegar, hvort heldur þær leiða til bráðrar hækkunar eða lækkunar genginu.

Um till. þá til þál., sem kom fram snemma á þinginu, um verðgildi ísl.

krónu, er þess að geta f. h. fjhn., að ef hin rökst. dagskrá, sem nefndin nú ber fram, verður samþ., mun nefndin ekki afgreiða þessa till. frá sjer sjerstaklega, því að af nál. sjest, að nefndin lítur svo á, að það sje ein af höfuðskyldum stjórnar og bankanna, að hafa gætur á genginu á þann hátt, sem jeg hefi tekið fram. Það, að till. þessi er komin fram, mætti kannske skoða sem vantraust á stjórninni, en þar sem hún er komin fram frá þm., sem studdu stjórnina til valda, ber víst ekki að líta svo á þetta mál.

Niðurstaða nefndarinnar er því á þessa leið: Að stjórnin megi nota þá heimild, sem hún hefir í lögum frá 1921, til gjaldeyrislántöku, ef brýn nauðsyn krefur; og í öðru lagi þarf það að vera trygt, að lánið komi að gagni. Í þriðja lagi setur nefndin það beina skilyrði, að ekkert af láninu verði haft að eyðslufje ríkissjóðs. Stjórnin hefir látið í ljós, að sjer þætti eins líklegt, að heimildin yrði ekki notuð. Í sambandi við þetta ber nefndin fram í þessu máli till. til rökstuddrar dagskrár, sem hún ráðleggur deildinni að samþykkja.

Jakob Möller. Ástæðan til þess, að jeg hefi skrifað undir nefndarálitið „með fyrirvara", er sú, að hjer er í raun og veru um svo óvenjulega meðferð máls að ræða. Ef dagskrártill. nær fram að ganga, þá er frv. að efninu til samþykt, þó að það sje formlega felt. Stjórninni er þá ætluð heimild til að taka gjaldeyrislán. Í nál. er lögð áhersla á, að stjórnin geri ráðstafanir til að stöðva gengi krónunnar og hækka það; og hv. frsm. (MG) hefir einnig árjettað það mjög ákveðið í framsögu sinni. Komi fram sterkar líkur fyrir því, að gengið falli, þá hefir stjórnin því heimild og skyldu til að taka gjaldeyrislán það, sem í frv. var farið fram á heimild til. Því get jeg vel sætt mig við þessa meðferð á málinu.

Jón Baldvinsson: Jeg lít svo á, að ef dagskráin verður samþykt, þá sje aðalefni till. minnar, um verðgildi íslenskrar krónu, líka samþ. Þess vegna skilst mjer að hv. frsm. (MG) geti ekki sagt, að hún sje fram komin af tortrygni eða vantrausti í garð stjórnarinnar, því að nefndin viðurkennir það sama og í minni till. felst; hún álítur það skyldu stjórnarinnar að sjá um að gengi krónunnar sje í góðu lagi. Annars finst mjer undarlegt, að þingið skuli gefa út svona lögskýringu á lánsheimildarlögunum; og einkennilegt að hafa í lögum svo langvarandi heimild, sem stjórnin geti gripið til, þegar henni sýndist. Eðlilegra væri, að þingið samþ. heimildina í hvert skifti, heldur en að láta hana standa á lögum til fleiri ára.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi litlu við að bæta álit nefndarinnar og ræðu hv. frsm. (MG). Stjórnin mætti á fundi hjá fjhn., og er rjett frá því skýrt í nál.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) ljet í ljós, að ef dagskráin yrði samþ., þá væri viðurkent og fullnægt því, sem hann hjeldi fram, að stjórninni væri heimilað að taka gengislán. Það álít jeg líka; það er vitanlegt, að stjórnin á að gera það sem hún getur til þess að halda uppi gengi krónunnar. Og jeg er samþykkur hv. frsm. (MG) um, að mestu varði, að gengið sje í jafnvægi.

Stjórnin lítur svo á, að hún hafi lántökuheimild samkvæmt því, sem getið

er um í dagskrártill. nefndarinnar, og það er því hvatning til hennar um, að taka lánið því aðeins, að henni þyki brýn ástæða til þess, og þá með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem dagskráin getur um.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 359, frá fjhn., samþ. með 15 : 1 atkv.

---

7. Lærði skólinn.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lærða skólann í Reykjavík (þmfrv., A. 134).

Á 23., 25. og 29. fundi í Nd., dagana 19., 21. og 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg vildi óska, að mjer væri gefinn sá máttur mælskunnar, að jeg gæti farið með eitt ljelegt skólafyrirkomulag eins og hv. þm. ljeku færilúsina áðan, er þeir töluðu hana dauða.

Jeg get ekki komist hjá því, að byrja ræðu mína með því að minnast á skólamálið yfir höfuð með nokkrum orðum. Það hefir komið til álita, að menn sæju um fræðslu barna sinna til gagnfræðaskólaaldurs, en þó ekki náð fram að ganga, og því lendir á ríkissjóði að verja til þessa um hálfri miljón króna árlega að óþörfu. Þar á ofan verður svo að bæta því, sem skynsamlegast er að ofan á komi, gagnfræðaskólunum. Hefi jeg hugsað mjer þá í hverri sýslu, kostaða að ⅓ úr ríkissjóði, en að ⅔ af sýslunum sjálfum. Í þessu efni skulu allar sýslur jafnrjettháar. Reykjavík og Akureyri skulu líka kosta sína gagnfræðaskóla að ⅔. Gagnfræðaskólarnir skulu standa 3 vetur og veita undirstöðuþekkingu í öllum algengum námsgreinum, svo sem íslensku, reikningi, sögu Íslands, landafræði, eðlisfræði, eðlisvísindum og íþróttum bæði til gagns og gamans. Þá væri fengin sú undirstöðumentun, sem hver maður, er ekki tekur annað fyrir, á að geta látið sjer nægja; en toppurinn yrði svo kennaraskólinn.

Þar þarf að breyta svo til, að gagnfræðapróf yrði inntökuskilyrði, svo hann gæti verið eins og til hefir verið ætlast, reglulegur kennaraskóli, en ekki um leið gagnfræðaskóli, eins og nú á sjer stað um hann.

Þar yrði þá aðallega kendar ýmsar greinir kenslufræðinnar, svo sem uppeldisfræðin og undstöðufræðigrein hennar, sálarfræðin, sem er nauðsynlegt þekkingaratriði öllum barnakennurum og öðrum, sem við kenslu fást. Ætlast jeg til, að það verði traust undirstöðuþekking í þessum greinum, sem hjer yrði veitt, en ekki til nasasjónar einnar, eins og tíðkast hefir, og auk þessa fengi þessi skóli lengri tíma til að búa menn undir kenarastöðurnar og æfa þá í kensluaðferðum. Enn fremur koma hjer til, ofan við gagnfræðaskólana, allir aðrir skólar, svo sem verslunarsjómanna- vjelfræða- og iðnaðarskólar. Þessi grein fræðslumálanna í landinu á að vera ein heild út af fyrir sig, með

því höfuðmarkmiði að veita mönnum staðgóða undirstöðumentun í hagnýtum fræðum, til þess að verða að nýtum borgurum í þjóðfjelaginu.

Þá er hin grein fræðslumálanna, sem byrjar með lærða skólanum og endar á háskólanum og á að vera algerlega aðskilin og sjerstæð. Það er aðalatriðið, að þessum tveimur greinum sje ekki blandað saman; þar eð lærðir menn þurfa að fá aðra og enn betri undirstöðu þegar í byrjun, og þarf því að kenna þeim betur frá upphafi en þeim, sem ekki fara þann veg. Þetta er því aðal-áhersluatriðið hjá mjer, að lærði skólinn verði skilinn frá gagnfræðaskólanum.

Jeg tók það fram um daginn, (í ræðu minni um Akureyrarskólann) að höfuðástæðan — þegar kensluaðferðirnar væru undanskildar — væri sú, að skólinn yrði gildra til að búa til lærða örceiga í landinu, með því fyrirkomulagi, sem nú er. Ef skólinn væri í lagi, mundu færri leggja á lærða veginn. Það yrðu ekki aðrir til þess en þeir, sem fúsir væru til að fórna sjálfum sjer, fyrir hugsjónir eða málefni, sem vildu lifa við sult og seyru og vanþakklæti, sem er hlutskifti slíkra manna. Það mundu færri verða til þessa, ef ekki væri þessi skólagildra. Gæti jeg vel trúað því, að innan fárra ára yrðu þeir svo fáir, að fremur mætti óttast hörgul á lærðum mönnum í framtíðinni.

Það er því meginregla þetta, að það má ekki kenna lærðaskólanemendum á sama hátt og kent er í gagnfræðaskóla. Það verður þegar frá byrjun að velja þeim, sem ætla sjer að verða að lærðum mönnum, erfið viðfangsefni og krefjast af þeim, að þeir skilji til hlítar alt það, er lýtur að náminu, og venja þá við það erfiði, sem þessu er samfara.

Þetta er aðalefni þessa frv., sem hjer hefir áður (í fyrra) komið fram í háttv. deild, og sem þáverandi mentaskólanefnd gerði ýmsar breytingar við og jeg nú hefi tekið upp í þetta frv. Það er því ekki neitt sjerlega nýstárlegt við þetta frv., að undanteknum ef til vill fáeinum nýyrðum, sem jeg hefi tekið upp í það. Nú tel jeg máli voru alls ekki stefnt í neitt óefni, þótt notuð væru hin gömlu orðin, en jeg vildi ekki láta þetta frv. svo frá mjer fara, að gömlu orðunum væri eigi slept.

Svo er til ætlast með þessu frv., að skólinn verði 6 ára lærður skóli, eins og hann var áður. Kensla í kristnum fræðum er ætlast til að feld verði niður, sem óþörf námsgrein í þessum skóla, enda er þannig löguð kensla, frá sjónarmiði trúaðra manna, fremur til spillis trúmálunum en hitt. Mjer er þetta ekki trúaratriði; lít hvorki á það sem trúaður eða vantrúaður maður; það var aðeins til þess að fá meiri tíma til annara hluta þarfari, sem þetta var felt burtu. Þannig er og dönskukenslan feld niður og látin víkja fyrir höfuðnámsgreinum skólans, íslensku og latínu. Jeg tek það fram, um gömlu málin, að jeg get ekki fallist á, að þau sjeu miklu betri sem grundvallaratriði og undirstaða til æðri mentunar en t. d. náttúruvísindi og stærðfræði. En jeg hefi aldrei gerst svo djarfur að leggja til, að um þetta yrði skift, þar eð jeg vissi, að ef ætti að fara að kenna þessi fræði svo í lagi væri, yrði það svo miklu dýrara, að fje fengist alls ekki til þess, þó þess væri farið á leit. Því þessi grundvallaratriði verður að kenna miklu vandlegar en hjer hefir áður þekst. Latnesk

fræði eru á hinn bóginn ævagömul og mál þetta hefir verið kent hjer öldum saman, og því mörgum til að dreifa, sem kunna og færir eru til að takast á hendur kensluna. Í hinum fræðunum, náttúrufræði og stærðfræði, eru varla til hjer nógu margir menn, sem færir eru um að taka að sjer grundvallarkenslu í þeim greinum og auk þessa þarf að afla dýrra tækja, til tilrauna og æfinga í þessum greinum; enda ekki víst, hverjir við taka, þegar þeir eru fallnir frá, sem nú eru uppi fræðimenn í þessum greinum. Því þori jeg ekki að leggja til, að eðlisvísindin verði gerð að grundvallarnámsgreinum skólans, en mundi kjósa, að langtum meiri kröfur yrðu gerðar í íslenskum fræðum, svo að nálgaðist það, sem heimtað er til meistaraprófs. Fengju menn þar hæfilegra viðfangsefni og meiri þekking á fortíð og framtíð þjóðar vorrar.

Námsgreinir þær, sem jeg hefi nefnt eðlisvisindi, eru hinar sömu og áður hafa kendar verið, og legg jeg ekki áherslu á þetta atriði; hefi skift um nöfnin meira mjer til gamans. Hitt legg jeg áherslu á, að þessar tvær tungur, íslenska og latneska, verði kendar verulega vel og að skólinn verði óskiftur 6 ára lærður skóli.

Viðtökuskilyrði hvað aldur snertir set jeg lík því sem eru, 12 ár; en sje ekki ástæðu til að setja efri aldurstakmörkin. Skil jeg ekki að það þurfi að verða að meini, þótt eldri menn væru. Eiga menn að hafa jafnan rjett til náms, þótt fullorðnir sjeu; eða hví skildi ekki fertugur eða fimtugur maður mega stunda nám, ef hann vildi.

Þá kemur að breytingum viðtökuskilyrðanna frá því sem nú eru þau; þar hefi jeg gert það að skilyrði, að latína hafi verið lesin og auk þess gerður still. Hafði jeg í huga sem svaraði 100 bls. í Caesar eða öðrum ljettari sagnahöfundum; ætti það að vera nægilegt til þess að vigja mann á hina lærðu braut og hæfilegur prófsteinn, hvort hann væri hæfur til þessa eða ekki.

Viðvíkjandi dönskunni, þá hefi jeg gert hana að inntökuskilyrði, eða eitthvert annað Norðurlandamálanna, svo að nemandi gæti notað bækur á þeim málum eða skildi þær. Jeg hef ætlað kennurum skólans frjálsari hendur en milliþingafrv. gerði ráð fyrir. Skólaráðið tel jeg vera skólaóráð. Er sjálfsagt, að yfirumráð skólans sjeu í höndum kenslumálaráðuneytisins.

Jeg vildi biðja nefnd þá, sem fær þetta frv. til meðferðar, að athuga, að jeg hefi í ógáti kveðið svo á, að laun kennara skuli ákveðin í launalögum og veit jeg að það mun þá fært til betri vegar.

Eitt atriði þessa frv. er enn ótalið, sem jeg ætla að minnast á. Það er ekki einhlítt, að þeir, sem vilja gerast kennarar, hafi nægilega þekkingu í þeim fræðigreinum, sem á að kenna, heldur verða þeir einnig að hafa þá skapshöfn, sem nauðsynleg er hverjum þeim, sem við þau störf fæst. Það er alkunna, að menn geta verið fræðimenn góðir, þótt þá vanti algerlega hæfileika til að umgangast ungmenni eða nemendur. Því held jeg rjett að hafa eins árs reynslutíma fyrir kennara, áður en þeim er veittur starfinn.

Jeg geri ráð fyrir, að nái frv. þetta samþykki þingsins til að verða að lögum, ættu lögin að geta komið til framkvæmda á næsta vori. Veit jeg, að til þessa munu háttv. þm. klífa þrítugan hamarinn. Þar sem aðsókn að skóla

þeim, sem nú er, er að sliga ríkissjóð. Hvað segja háttv. þm. um það, að um 70 nemendur ganga inn í skólann á þessu vori? Hvort mundi hjer engrar breytingar vera þörf? Það eru því fult eins alvarleg athugunarefni, að taka kenslumálin til athugunar, eins og að vera bollaleggja um það, hvort hægt muni að skera einn sýslumann á háls, eða ekki!

Vænti jeg að frv. þetta fái greiðlega að ganga til 2. umr. og að því verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 469 og 589).

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg get strax viðurkent það, og enda látið það áður í ljós, að jeg hefði helst kosið, að mál þetta hefði dagað uppi í nefndinni. Eins og nál. minni hlutans ber með sjer, þá erum vjer því algerlega mótfallnir, að frv. nái fram að ganga, og ber margt til þess.

Fyrst og fremst er oss ljóst, að alt hringl í skólalöggjöfinni sje mjög óheppilegt og ekki hvað síst, þegar um skóla sem þennan er að ræða. Breytingin, sem á honum var gerð 1905, var bygð á óánægju nemenda og kennara með fyrirkomulag hans. Þeir fundu, að það var úrelt orðið og að samræma þurfti það við kröfur hins nýja tíma. Málið var rætt ítarlega á þingi og er fróðlegt að heyra álit margra mentaog fræðimanna um málið. T. d. segir prófessor Valtýr Guðmundsson í umræðum um kenslu í lærða skólanum árið 1903: „Forntungnanámið hefir legið nógu lengi sem mara yfir oss. Við höfum lifað nógu lengi í fornöldinni, grískan og fornfræðin hafa setið nógu lengi í fyrirrúmi fyrir því, sem nauðsynlegt hefir verið fyrir lífið; af því höfum við orðið svo ópraktiskir, en aukin kensla í náttúruvísindum mundi gera menn betur hæfa til að ganga út í baráttu lífsins en þá, sem alt af lifa í fornöldinni.“ Hallgrímur Sveinsson biskup segir meðal annars: „Lífið heimtar meiri praktiska þekkingu og til þess að fá hana, verður gríska og latína að rýma.“

Jeg vil sjerstaklega brýna það fyrir mönnum, hvað öll skilyrði eru breytt nú, frá því er latínan var aðalnámsgreinin í skóla. Þá mátti hann nær eingöngu teljast undirbúningsskóli fyrir presta, en þá voru flest vísindarit og guðfræðirit á latneskri tungu. En á síðari tímum hefir þetta tekið stórvægilegum breytingum. Vísindagreinunum hefir fjölgað og farið mjög fram, svo sem t. d. er um náttúruvísindi, og við aukna viðkynningu þjóðanna og hraðari og betri samgöngur hafa menn sjeð, að gömlu málin verða að þoka fyrir hinum nýju, lifandi málunum. Nú eru þannig sárafáar kenslubækur á latínu, í stað þess að áður voru þær það flestar, og menn eru ekki lengur bundnir við að semja doktorsritgerðir sínar á því máli, svo sem venjan var fyrrum. Þannig mætti lengi telja. Stórt atriði er það í þessu máli, að okkar skólafyrirkomulag er sniðið eftir og í samræmi við það skólafyrirkomulag, sem nú er um öll Norðurlönd. Um tvískifting skólans í

mála- og náttúrufræðisdeild skal jeg ekki vera fjölorður. Slík skifting viðgengst alstaðar á Norðurlöndum og þykir hafa reynst vel, enda er hún eðlileg og sjálfsögð, þar sem vitanlega eru altaf sumir nemendur, sem sjerstaklega hneigjast að málum, og aðrir að stærðfræði og náttúrufræði. Er þá tvískiftingin sýnilega hagræði fyrir þá.

Þá hafa alloft heyrst raddir um það, að stúdentar, sem lært hafa undir nýja fyrirkomulaginu, væru ver þroskaðir, en þeir sem áður voru. Jeg leyfi mjer nú að efast um að svo sje, þó stúdentar sjeu nú yfirleitt yngri en áður voru þeir. Jeg get fúslega viðurkent, að latína hafi þroskavænleg áhrif á nemendur, en svo er um fleira nám, t. d. íslensku og stærðfræði. Íslenska er, frá málfræðilegu sjónarmiði sjeð, ekki ljettari en latínan og vel til þess fallin að þroska og skýra hugsunina. Og kynlega kemur það manni fyrir sjónir, að þeir menn, sem hæst láta um allar þjóðernisskröfur, skuli taka Livius fram yfir Snorra. Jeg er ekki að gera latínunni neitt lágt undir höfði, en til eru menn, sem við að nema hana hafa orðið að andlegum ófugsnáðum, ef svo mætti að orði komast; þeir hafa snúið sjer frá því, sem nauðsynlegt var fyrir lífið, og orðið fyrir vikið harla snauðir að hagnýtri þekkingu.

Þá vildi jeg minna á það, hversu óheppilegt það væri að fara að hafa latínu sem inntökuskilyrði. Það er engin ástæða til að gera hana að nokkurskonar grýlu á nemendur, sem fæli þá frá skólanum, enda hæpið að nú sje völ jafngóðra latínukennara og áður. Jeg var í skólanum á tímamótunum, og get sagt það, að ekki munaði ýkja miklu á latínukunnáttu yngri og eldri stúdenta, enda flestir lagt latínuna á hilluna að skólaverunni lokinni. Og það getur ekki haft góð áhrif á óþroskaða unglinga, að binda þá við latínunám, jafnörðugt og það er; virðist öllu heppilegra, að þeir fái fyrst einhverja nasasjón af þeirri almennu undirbúningsmentun, sem er betur í hæfi við þroska þeirra.

Að lokum teljum vjer ekki til fullnustu enn lokið undirbúningi mentamála vorra, en stjórnin mun hins vegar hafa í huga að taka þau til yfirvegunar svo fljótt sem auðið er. Það sýnist því lítil ástæða til þess að fara nú að taka þennan eina skóla fyrir. Fyrir þessar sakir allar höfum vjer lagt til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Bjarni Jónsson: Það er svo að sjá sem hv. þm. sjeu æði óspakir orðnir og farnir að slá slöku við þingstörfin, þegar framsögumenn í málunum, auk heldur aðra þm., vantar á fundi. Jeg er þó svo heppinn að geta verið viðstaddur umræðurnar og hleyp því í skörðin fyrir hv. frsm. meiri hlutans (SSt). Vil jeg þá byrja mál mitt með því að þakka hv. 1. þm. Rang. (GunnS) fyrir hans ágætu ræðu og dást að hans miklu og ítarlegu þekkingu á skólamálum! Það kom fram í ræðu hans, að breytingin, sem á varð skólanum 1905, hefði verið sprottin af óánægju kennara og nemenda með þáverandi fyrirkomulag. En þetta er ekki rjett, og engin slík óánægja átti sjer stað. En Jón Jacobson hjelt ræðu á þingi 1893 á móti latínunámi, svo sem var mikill siður orðinn, og þar sem bæði Norðmenn og Danir höfðu þá skemt sína skóla á sama hátt, þá þurftum vjer Íslendingar auðvitað að herma það eftir eins og fylgispöku lömbin. En nú er það sannfæring manna á Norð-

urlöndum, að breytingin á skólunum hafi verið til ills eins, og munu áður en langt um líður færa þá í þeirra fyrra horf. Þá skírskotaði hv. þm. (GunnS) til ræðu eftir próf. Valtý Guðmundsson, er hann talar um, að vjer sjeum ekki eins hagsýnir eða „praktiskir“ (hann sagði það víst á grísku) eins og aðrar þjóðir, og lifðum mest í fornöldinni. Virtist sem hann kendi það of miklu latínunámi. En þar er því að svara, að vjer Íslendingar höfum ekki verið einir um það, að hafa hugann við fornöldina, og er skemst frá því að segja, að ekki hafa Þjóðverjar sýnt sig öðrum þjóðum ófærari að standast strauminn í lífsbaráttunni, nje heldur hafa þeir á stríðstímum lifað í tómum fornaldardraumum, og er þó mikil stund lögð á grísku og latínu í skólum þeirra. Ætti þá latínan ekki að hafa skemt svo mjög fyrir þeim. Það mun sannast, að þetta eru gömul, dönsk slagorð, margtuggin og úrelt. Sama er um það að segja, er Hallgrímur biskup Sveinsson telur latínu og grísku eiga að rýma fyrir „praktiskunni“! Má það kynlegt vera, ef þeir eru að öðru jöfnu hagsýnni, sem ekki kunna að hugsa rjett, en þeir, sem það hefir verið kent.

Jeg hefi heldur ekki orðið var við það, að hinir yngri menn væru yfirleitt hagsýnni en þeir eldri. Jeg býst við það sje upp og niður um hvorutveggju, og munu menn geta sannfærst um það, þó ekki væri með öðru en því, að svipast dálítið um á þingbekkjunum.

Hv. þm. (GunnS) talaði mikið um það, að gott væri að kunna meira í náttúrufræði og kenna þau fræði meira en áður var. Þetta er alveg rjett og væri mjög æskilegt. En hver leggur fram fje til þess að gera slíka kenslu svo úr garði, að hún komi að nægum notum og geri sama gagn að sínu leyti og hægt er að fá á annan hátt? Því það er vitanlega gagnslítið, að sitja inni í ofnheitu herbergi einn vikudag og lesa grasafræði í bók, eða læra efnafræðisetningar utan að, ef ekki fylgir sú sjálfsraun og sjálfssjón, sem nauðsynleg er og óhjákvæmileg. Annars mun ekki vera meiri náttúrufræðikensla nú í skólanum en áður var, að minsta kosti er hún ekki orðin nein aðalgrein í skólanum. Og það er einmitt það hættulega fyrir skólann og þroska nemenda, að engin þungamiðja, engin aðalnámsgrein er nú til, síðan latínan fór. En hún var slík þungamiðja námsins, og því er rjett að taka hana upp aftur, ásamt íslensku, sem aðalnámsgrein, enda margra mannsaldra kenslureynsla í henni, auk þess sem engan aukakostnað þarf þá að hafa, eins og mundi verða t. d. með náttúrufræðinni, þar sem það er alveg undir högg að sækja, hvort tilraunir með hana yrðu að gagni eða aðeins kák og fálm. Annars er það einn megingalli skólans, að námsgreinarnar þar eru of margar. Hv. frsm. minni hl. (GunnS) var að tala um það, að með latínunni væri nemendum íþyngt um of. Já, — þarna kemur það, þarna er því rjett lýst, nýtískuuppeldinu. Alt á að mylja niður í menn, eins og í fugla, alt á að tyggja í þá, ekkert mega þeir gera sjálfir, ekkert reyna á eigin krafta eða auka skilningsgleði sjálfra sín.

Hv. þm. (GunnS) var einnig að tala um það, að jeg hefði viljað afnema stærðfræðideildina. Jeg þarf ekki að svara slíku; allir, sem lesið hafa frv. mitt, vita, að þar var þvert á móti skýrt og greinilega gert ráð fyrir þessari deild, bæði í 2. og 3. gr.

Þá ætla jeg loks aðeins að minnast á það, sem hann sagði, að latínan ætti að vera grýla á þá, sem ætluðu að ganga inn í skólann. Jeg veit ekki. Það má vera, að slíkt fæli einhverja frá. En jeg held, að undir flestum kringumstæðum sje lítil eftirsjá að þeim, það eru þá annaðhvort menn, sem ekki vilja mikið á sig leggja, eða þá ekki svo gáfum búnir, að þeir geti átt við þetta. Og það er betra að hafa fáa nemendur og góða en marga og ljelega, þó auðvitað saki ekki að hafa þá marga, ef þeir eru jafnframt góðir. Í þessu sambandi vil jeg líka vekja athygli á því gildi, sem heimiliskenslan undir skóla hefir haft og mun hafa. Það eru ekki litlar eða ómerkar menningarstöðvar, t. d. prestsetrin, þar sem 2—10 unglingar voru í senn að læra undir skóla. Að þessu var beinn menningarlegur gróði fyrir sveitirnar, og væri óbætandi, ef það legðist niður. Annars sje jeg nú, að hv. frsm. meiri hl. (SSt) er sjálfur kominn, og mun hann þá taka við og sýna betur fram á nauðsyn þessa máls en jeg hefi gert.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Stefánsson): Af óviðráðanlegum og óvæntum atvikum gat jeg ekki komið á rjettum tíma, og bið afsökunar á því, um leið og jeg leyfi mjer að snúa mjer að málinu sjálfu. Mál þetta er ekki nýr gestur, en jeg þarf ekki að rekja sögu þess. Þeir eru margir, sem álíta, að spor hafi verið stigið aftur á bak með skólabreytingunni og afnámi lærða skólans í hinni gömlu mynd. Reynslan hefir líka sýnt þetta. Fjárhagshlið málsins, sem jeg skal fyrst snúa mjer að, hefir líka sýnt þetta. Þetta nýja skipulag hefir valdið slíku aðstreymi að skólanum, að hann er nú alveg að rifna utan af því. Breytingin, sem nefndin leggur til, eða meiri hl. hennar, mundi hafa mjög mikinn sparnað í för með sjer, svo hundruðum þúsunda skifti, bæði í kennarahaldi, sparnaði á byggingarkostnaði o. fl. Því með því áframhaldi, sem nú er á aðstreymi að skólanum, mundi óhjákvæmilegt að stækka skólahúsið að mun. En það er full ástæða til þess að líta einnig á þetta atriði, þar sem svo margar nauðsynjaframkvæmdir verða að bíða, einmitt vegna fjárskorts.

Um skólann sjálfan nú mætti kannske segja það, að einna mest þörf væri á því, að menn mintust þess, sem hinir gömlu latínumenn sögðu: ekki margt, en mikið. En skólinn fer nú alveg öfuga leið, hefir margt, en ekki mikið. Og það er þetta, sem á að leðrjettta með skipulagsbreytingunni. Með henni fæst fastur miðdepill í námið og meiri festa en nú er, og þar með meiri þroski nemendum og meiri árangur skólaverunnar. Það má vel vera, að þetta takmarki nokkuð aðstreymið að skólanum, og er ekki nema gott eitt við því að segja, að mörgu leyti, því ýmsir telja nú mjög mikið áhyggju- og alvörumál, hvað margir ganga þessa braut og hvað auðvelt er að ganga hana. En of mikil stúdentaframleiðsla, eða of miklar mentaskólagöngur, hafa annarsstaðar skapað sjerstaka stjett manna, ef svo mætti segja, sem enginn akkur væri í að fá fjölmenna hjer, s. s. hinn svonefnda andlega eða lærða öreigalýð. Það eru menn, sem eytt hafa bestu árum ævi sinnar í bóknám, en fá ekkert við slíkt að starfa, en eru orðnir lítt færir til annara starfa, eða fráhverfir þeim og flosna svo einhvern veginn upp.

Jeg er ekki að segja þetta til að áfell-

ast þessa ólánsmenn, heldur aðeins til að benda á dæmið.

Háttv. þm. Dala. (BJ) mintist á hina mörgu og merkilegu heimaskóla, sem verið hefðu úti um sveitirnar, þar sem æskumennirnir lærðu undir skóla. Þar var síst of mikið gert úr menningargildi þessarar starfsemi, því þar var ekki einungis kend latína, heldur allar aðrar námsgreinar, sem til skólans heyrðu, þó latínan væri aðalatriðið. Jeg veit það um sjálfan mig, að þó jeg kæmi gamall í skóla og ætti erfitt með latínuna fyrst í stað, þá hefi jeg ekki haft eins gott af neinu öðru námi mínu og því, fyrir líf mitt eftir á. Út af því, sem menn hafa verið að lasta latínuna hjer, vil jeg líka stuttlega minna á það, án þess að lasta nokkuð hina nýmóðins mentun, að hinir gömlu latínumenn gátu þó, þegar mentaða erlenda menn bar að garði, talað við þá um öll efni á þessu máli.

Eg hefi talað um beinan peningasparnað, en það er einnig annað atriði, sem er mikilsvert, og það eru heimavistirnar. Eins og nú er ástatt, er ómögulegt að koma við heimavistum við skólann, sökum þrengsla. En ef skólanum yrði breytt í latínuskóla, eins og frv. fer fram á, þá mundi rýmkast svo til, að hægt yrði að veita fátækustu piltum utan af landi heimavist, og eins og nú er ástatt hjer í Reykjavík, og búast má við að verði áfram, þá mundi verða að þessu mikill sparnaður. Það er og á að vera markmið hvers skóla, að veita nemendum sem bestan undirbúning undir lífið og gera þá hæfari til sjálfsbjörgunar, þegar út í það er komið. En engin námsgrein og ekkert nám þroskar meira og eflir anda nemendanna en latínunámið.

Mjer stendur alveg á sama, þótt einhverjir kalli þetta úreltan hugsunarhátt, sem ekki komi vel heim við kröfur nútímans. En kröfur nútíðarinnar og framtíðarinnar verða þær, að fá sem hæfasta og best mentaða stúdenta, og besta ráðið til þess er að auka latínukensluna.

Með þessu frv. er þó ekki farið eins langt og áður var viðvíkjandi forntungnanáminu. Áður var gríska kend í latínuskólanum, en hjer er henni alveg slept. Gæti jeg vel gengið inn á að kend yrðu undirstöðuatriði í grískri tungu við skólann, en þar sem hún er nú kend við háskólann, er þó minni þörf á því. Og á þessari fornmenta-fjandskapar-öld, mun gagnslaust að fara fram á það, og mun eg ekki gera það nú, heldur aðeins leggja til, að latínutímunum verði fjölgað.

Meiri hlutinn hefir litla breytingu gert á frv. Það er að mestu sniðið eftir því, sem þeir Guðmundur Finnbogason prófessor og sjera Sig. P. Sívertsen hafa lagt til, eftir að þeir höfðu athugað skipulag mentaskólans. Þó er það skilyrði hjer sett fyrir inntöku í skólann, að nemandinn hafi nokkra kunnáttu í latínu.

Jeg sje, að hv. minni hl. hefir endað mál sitt með rökstuddri dagskrá um að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Hefi jeg ekkert sjerstakt við því að segja, og mun ekki setja mig á móti því, því þetta mál getur vart gengið fram á þessu þingi, sökum þess, hve áliðið er þingtímans. Tel jeg rjettmætt, að ýtt verði við hæstv. stjórn í þessu máli, og geri jeg ráð fyrir, að hæstv. kenslumálaráðherra muni taka eins vel í það og með rökstuddu dagskrána viðvíkjandi mentaskóla á Norðurlandi. Annars hefi jeg ekki haft tækifæri til þess að bera mig saman við mentmn. um þetta atriði, og er það því aðeins mín skoðun, sem jeg ber fram

um það. Mundi meiri hl. að sjálfsögðu hafa verið á móti henni, ef von hefði verið um það, að frv. hefði getað gengið í gegn á þessu þingi. En þar sem það stendur í dagskránni, að stjórnin skuli leggja tillögur fyrir næsta þing um skólamálin, þá hefir hún enga afsökun gagnvart þinginu, geri hún það ekki. Sökum þess, hve mikið er nú að gera, en tími naumur, læt jeg lokið ræðu minni að sinni.

Þorsteinn Jónsson: Þegar deilt er um þetta frv., er í raun og veru deilt um tvær stefnur í skólamálum. Er þetta ekki nýtt hjer á þingi. Sömu stefnur, sem ollu því, að mentmn. klofnaði nú, voru þess valdandi, að sama nefnd klofnaði í öðru máli fyrir nokkru síðan, nefnilega málinu um að stofnaður yrði mentaskóli á Akureyri.

Þessar stefnur má aðgreina á þann hátt, að önnur stefnan gengur út á það, að öllum skólum landsins verði komið í eitt samfelt kerfi, þar sem einn skólinn taki við af öðrum. Hin stefnan er sú, að allir skólar landsins greinist í 2 aðalflokka, sem rísi upp frá rótum og sjeu algerlega aðskildir. Fylgismenn þeirrar stefnu vilja láta þá, sem ganga eiga lærða veginn, fá sjerstakan undirbúning undir það, þegar í bernsku. Eru ekki nema 2 eða 3 ár síðan að skilja mátti það hjá einum fylgismanni þeirrar stefnu hjer á þingi, að börn þau, er þann veg ættu að ganga, þyrftu í rauninni að læra að stafa öðruvísi en önnur börn. Háttv. meiri hl. nefndarinnar segir í nál. sínu, að fyrirkomulag kenslunnar hljóti að vera með öðrum hætti í gagnfræðadeildinni en í lærdómsdeildinni. Er þetta alveg í samræmi við það, sem þessir menn hafa haldið fram, að alt aðrar kenslu-aðferðir verði að nota við þá, sem eiga að ganga lærða veginn en við þá, sem ekki eigi að verða lærðir menn. Háttv. þm. Dala. (BJ) komst svo vel að orði hjer í umræðunum um mentaskóla á Akureyri, um það, hvaða aðferðir ætti að nota við hina, sem í gagnfræðaskóla færu. Þeir ættu að læra hundavaðslærdóm og með hundavaðsaðferðum. Þetta er skoðun hans á því, hvaða mentun eigi að veita alþýðu manna. Sú mentun má ekki vera haldgóð, heldur yfirborðsvaðall.

Þá er háttv. meiri hl. að tala um það í nál., að af þessari tvískiftingu skólans í lærdóms- og gagnfræðadeild hljótist tvíverknaður og tímatöf, og að námið verði ekki eins notadrjúgt fyrir það, því að fara verði yfir sömu námsgreinir í báðum deildum. Þetta er nú alls ekki svo hættulegt sem háttv. meiri hl. ætlar. Ef um verulega góðar kenslu-aðferðir er að ræða, en ekki neinar hundavaðsaðferðir, þá getur verið nauðsynlegt, og er að minsta kosti altaf heppilegt, að fara tvisvar yfir námsgreinirnar. Í fyrra skiftið takmarkaðra, kenna þá undirstöðuatriðin, en svo aftur síðar víðtækara og fyllra.

Háttv. meiri hl. segir einnig, að gagnfræðanámið í tvískiftum skóla geti hæglega freistað nemendanna til að halda áfram í mentastiganum, og skapað þannig of mikinn stúdentafjölda, og mjer skildist á ræðu háttv. frsm. meiri hl. (SSt), að þetta væri það hættulegasta að hans áliti. Þessum mönum finst, að hættulegt sje að hafa of rudda braut fyrir þá nemendur, sem finna, þegar þeir eru búnir að ganga gegnum gagnfræðadeildina, að þeir hafa hæfileika og krafta til þess að halda áfram námi. Því enda þótt nemandinn hafi ekki haft

efni á því að fara gegnum allan skólann, þegar hann gekk fyrst inn í hann, þá getur hafa ræst úr því áður en hann er orðinn gagnfræðingur, og þá finnur hann betur, hvað hann má treysta á sjálfan sig. Þarna kemur því skýrt fram, sem oftar, sú skoðun háttv. meiri hl., að þegar í bernsku skuli vera búið að skera úr því, hvort barnið eigi að ganga lærða veginn eða ekki. Og það eru foreldrarnir, sem þessa ákvörðun eiga að taka, því sjaldgæft mun vera, að börnin finni sjálf svo snemma köllun hjá sjer um það, hvaða braut þau eigi að ganga. En eins og jeg tók fram, þá fara þeir, sem sjálfir eiga að velja lífsgötu sína, frekar í gagnfræðaskóla fyrst, til þess að fá reynslu, og þar sem það eru oft menn, sem erfitt eiga um aðstöðu, sem þá leið fara, þá geta þeir oft ekki ákveðið fyrirfram, hvort þeir hafi efni á því að fara gegnum allan skólann. Það eru þessir menn, sem háttv. flm. frv. vilja bægja frá lærðu skólunum.

Háttv. meiri hl. segir, að verði frv. að lögum, muni ríkissjóði sparast fje, jafnvel svo hundruðum þúsunda króna skifti. Þetta eru sömu stóru tölurnar, sem hampað var gegn mentaskóla á Norðurlandi. En þeir hafa gleymt að tilfæra rökin fyrir þessu, nú sem þá. Að vísu hjelt háttv. frsm. meiri hl. því fram í ræðu sinni, að sparast mundu 12—14 kennarar, við það að gera mentaskólann að latínuskóla, en í öðru orðinu talaði hann um að stofna þyrfti stóran gagnfræðaskóla, enda stendur það einnig í nál. meiri hl. Ætli það yrðu ekki fleiri kennarar, sem þyrfti með við þann skóla, en þeir, sem spöruðust við latínuskólann? Þessi skóli, sem á að vera „unglinga- og gagnfræðaskóli“, mundi verða mjög sóttur, og yrðu inntökuskilyrðin við hann að öllum líkindum enn þá vægari en nú er við mentaskólann. Mætti búast við því, að kennarar við hann yrðu ekki færri en 24—28, eða helmingi fleiri en sparast kynni á hinum skólanum, og þar sem þar að auki þyrfti nýtt skólahús og ný kensluáhöld, yrði kostnaðurinn tvöfaldur við það, sem nú er.

Þá talar háttv. meiri hl. um það í nál., að andlegur þroski og þekking stúdenta muni vera minni nú en undir gamla fyrirkomulaginu. Jeg skal ekki deila um þetta, því jeg er því ekki nógu vel kunnugur. En sje svo, að það sje rjett, þá ætla jeg að það stafi engu síður af því, að nú koma menn yfirleitt miklu yngri í skóla en áður, og virðist það færast í vöxt, að börn sjeu send í skólann.

Þá er það hræðslan við stúdentafjölgunina, sem mjög gerir vart við sig í herbúðum háttv. meiri hl., og vill hann skjóta loku fyrir það. Háttv. frsm. meiri hl. (SSt) sagði, að þeir yrðu meira og minna atvinnulausir og að þeir yrðu ekki færir um að vinna líkamlega vinnu. En jeg vil spyrja: er tiltölulega fleira af atvinnulausum lærðum mönnum en ólærðum? Og ef svo væri, sem ekki mun þó vera, að lærðir menn legðust frekar í leti og ómensku, þá er eitthvað athugavert við þá skóla, sem slík áhrif hafa á nemendur sína, að þeir vilja ekki starfa til þess að bjarga sjer. Hann talaði um í þessu sambandi, að þörf væri á að hafa strangari inntökuskilyrði. En það má eins herða á þeim með öðrum námsgreinum en latínu, t. d. íslensku. Þá yrði máske síður kvartað undan því, hve þekking og kunnátta stúdenta í móðurmálinu væri af skornum skamti.

Þá hrygðist háttv. frsm. meiri hl.

(SSt) yfir því, hve mikil afturför hefði orðið frá því í gamla daga, er hver prestur gat talað latínu við útlendinga, er til landsins komu. En þó að latínan yrði nú aukin svo í skólanum, að hver stúdent væri fær um að tala á því máli, og svo kæmu hingað stúdentar frá öðrum löndum, yrðu þeir stúdentar þá færir um tala við þessa lærðu Íslendinga? Það hefir verið sú stefna í nágrannalöndunum undanfarið, að minsta kosti á Norðurlöndum, að draga úr latínunáminu. Og ekki væri líklegt, að erlendar þjóðir færu að hlaupa upp til handa og fóta og innleiða latínuna hjá sjer aftur, þótt það spyrðist út fyrir pollinn, að við hefðum aukið latínukensluna, en ljetum aðrar þarfari námsgreinir sitja á hakanum.

Háttv. frsm. meiri hl. (SSt) spurði, hvernig hægt mundi að bæta gagnfræðamentun í Reykjavík, án mikils aukakostnaðar. Jeg álít, að það sje ekki hægt. Ef skólanum yrði skift, mundi kostnaður aukast að miklum mun, eins og jeg gat áður um. Þegar nýr gagnfræðaskóli yrði stofnaður, mundu verða gerðar háar kröfur til hans, og þingið mundi láta undan þeim kröfum. Þá talaði háttv. frsm. meiri hl. (SSt) um það, að ef skólanum yrði skift, mundi fækka svo nemendum, að koma mætti upp heimavistum í skólanum. En nú er húsið alt of lítið og er það ein ástæðan fyrir því, að heppilegt er að koma upp mentaskóla á Akureyri, að við það mundi sparast kostnaður á viðbótarbyggingu hjer, en á Akureyri er nógu stórt hús fyrir mentaskóla þar. En þessi sami háttv. þm. (SSt) greiddi atkv. fyrir skömmu síðan með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á stjórnina, meðal annars, að athuga, hvort ekki væri tiltækilegt að byggja sem allra fyrst viðbótarbyggingu við mentaskólann hjer.

Þessir háttv. þm. (SSt og BJ) vilja leggja mikla áherslu á það, hversu mikil nauðsyn sje á því, að þyngja námsgreinir við skólann. Eg skal nú ekki mæla neitt á móti því, álít skaðlaust þó þær sjeu þyngdar að nokkru, en ef á að þyngja kenslu í einhverri námsgrein, þá verður það að vera einhver grein, sem verulegt notagildi er að. Æfi mannsins er ekki það löng, að ekki sje hægt að eyða of miklu af henni í nám, sem að litlum raunhæfum notum kemur síðar. Mjer þykir nú engin furða, þótt háttv. þm. Dala (BJ) sje ant um að aukin sje kenslan í forntungunum, því það eru námsgreinir, sem hann er kennari í. En mig undrar, ef þingið verður honum sammála í þessu.

Ef endilega þarf að finna upp einhverja námsgrein, sem er nógu þung, enda þótt hún komi ekki að neinu haldi í lífinu, því þá ekki að taka upp t. d. kínversku? Eg ætla að hún muni reynast enn þá erfiðari en bæði latína og gríska. Þar að auki er hún mál ¼ hluta alls mannkynsins. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að um leið og ein námsgrein er þyngd að mun, þá tapast um leið tími frá hinum námsgreinunum, og þær námsgreinir, sem mest mundu líða við það, ef latínan væri aukin, mundu verða náttúrufræðin og nýju málin. Og álit mitt er það, að hagkvæmara sje oss að auka fremur kenslu í þeim námsgreinum, sem síðar koma nemandanum að beinum notum, heldur en þeim, sem aðeins eru ætlaðar til þess að efla skilning þeirra. Þær nothæfu þroska líka hæfileikana.

Háttv. þm. Dala. (BJ) gat þess í ræðu sinni, að landsmönnum mundi vera að

fara aftur í lærdómslegu tilliti, því nú væru aðeins fáir prestar, er kent gætu latínu. Þetta sannar ekkert annað en afturför latínukunnáttunnar. Gömlu prestarnir, sem latínuna kunnu, kunnu aftur á móti ekkert í mörgum nytsamlegum fræðum, sem eru efst á baugi, og nauðsynlegt er að kunna.

Hvað er það svo, sem hefir knúið þessa menn til að flytja þetta frv? Ekki eru það óskir þjóðarinnar, því að engar raddir hafa heyrst um það, hvorki á þingmálafundum nje annarsstaðar. Eru það þá kennarar skólans? Fyrir tveim árum, þegar rætt var hjer á þingi um mentaskólafyrirkomulagið, komu ritgerðir til þingsins frá þremur kennurum mentaskólans, sem lengi höfðu kent við hann, þar sem þeir mótmæltu því, að þessi breyting yrði gerð á skólanum. Höfðu þó sumir þeirra verið kennarar við skólann undir gamla fyrirkomulaginu

Eru það nemendur mentaskólans, sem óska breytinga? Jeg hefi ekki heyrt neina þeirra óska eftir þeim. En jeg hefi heyrt raddir, svo tugum skiftir, mæla á móti þeim; og líklega eru engir af núverandi mentaskólanemendum þeim fylgjandi. Eru þá líkur til, að þessar breytingar haldist lengi, þó þær verði samþyktar? Jeg segi nei; og jeg byggi það á því, að flestir yngri stúdentar og skólapiltar eru þeim mótfallnir; og þegar sumir þeirra eru komnir í þau sæti, sem við erum nú í, þá mundi aftur verða skift um stefnu.

Það er ekki þjóðin, sem vill þessar breytingar, það eru ekki kennarar skólans eða nemendur. Breytingarnar eru ekki runnar frá þeirri kynslóð, sem er á framsóknarskeiði. Það eru aðeins nokrir gamlir latínu- og grískunemendur úr gamla skólanum, sem gera þetta af rækt til hans og ást á gamla kenslufyrirkomulaginu. Það er sama tilfinning eins og ríkir hjá rosknum mönnum, að þeim finst alt það gamla betra en það sem nú er. Þetta er glegsta einkenni þeirrar kynslóðar, sem er að fara aftur og álítur að öll nýbreytni leiði þjóðina norður og niður í glötunina.

Verði þessi breyting gerð á mentaskólanum, þá heftir hún að vísu aðstreymi í skólann. En hverjir verða heftir? Ekki Reykvíkingar, heldur verða það einkum sveitapiltar. Því að þeir fara margir fyrst í gagnfræðaskólana til þess að reyna sjálfa sig, áður en þeir ákveða að halda lengra. Þeir verða auðvitað ekki útilokaðir frá skólanum, en meiri tálmanir settar í veg fyrir þá en áður.

Það yrðu mest Reykvíkingar, sem sæktu skólann, og börn þeirra manna, sem sjálfir geta tekið ákvörðun um, hvað börnin skuli læra, og kostað þau; en miklu síður þeir nemendur, sem ryðja sjer braut af sjálfsdáðum.

En svo er líka annað í sambandi við þetta, sem kom fram í umræðum um stofnun mentaskóla Norðurlands. Með þessari breytingu væri slitið sambandi mentaskólans í Reykjavík við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Það er sjálfsagt umbótamál að hafa tvo mentaskóla en ekki stóra; nú hefir það verið drepið.

En þá vona jeg, að ekki verði margir með þessari breytingu, sem heldur enn lengra inn á þá braut að gera gagnfræðingum að norðan ómögulegt að sækja mentaskólann og spillir yfirleitt fyrir öllum öðrum en Reykvíkingum.

Það má segja um suma af þeim mönnum, sem fylgjast að þessu máli, og þó sjerstaklega um háttv. flm. frv. (BJ), að

einkunnarorð hans ætti að vera: „Ísland fyrir Reykjavík“.

Bjarni Jónsson: Síðustu orð þessa mælskumanns, sem seinast talaði, að mitt kjörorð eigi að vera „Ísland fyrir Reykjavík“, þau sýna best innræti hans, uppeldi og gáfnafar. Þetta er svo hæfilega illgjarnt, og illa sagt, að engin skepna á jarðríki gæti gert nokkuð með það. (**ÞorstJ:** Við sjáum til, hvernig fer með frv.). Það er nú orðið úrelt hjer í deildinni, að fella mál, aðeins eftir þeim ræðum, sem um þau eru haldnar. En þar næst kemur til kasta þjóðarinnar, að kveða upp sinn dóm um málin.

Frv. mitt leiðir það af sjer, að Reykjavík missir sinn framhalds-barnaskóla, en það tel jeg mentaskólann vera nú, og þá gilda ekki síðustu öfugmæli hv. þm. (ÞorstJ) í minn garð; þau lýsa aðeins illgirni og heimsku hans sjálfs.

Háttv. þm. spurði hverjir vildu þessa breytingu aðallega á skólanum. Þeir, sem hafa vit á málinu. (**ÞorstJ:** Hverjir eru það?). Það skal þm. fá að heyra. Hitt eru fráfæringar.

Þá kem jeg að þeim margnefnda sparnaði, sem á að vera svo stórt atriði hjer á Alþingi; það er að segja sönnum sparnaði. Næsta ár verða væntanlega 15 bekkir í mentaskólanum, og verður því að leigja húspláss handa honum utan skólans. Til þess að kenna þessum sæg þarf 26 kennara; en í nýja skólanum, ef breytt væri til eftir mínu frv., mætti vel komast af með 10 kennara. Í 6 bekkja skóla þarf að minsta kosti 9 kennara, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir áður sagt og sannað, en hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) hvorki vildi taka rjett eftir nje skilja. Frá því, sem hann vill vera láta, ef reistur yrði mentaskóli á Akureyri og haldið áfram að kenna öllum börnum í Rvík á landsins kostnað í mentaskólanum, eins og hann er nú, frá því, segi jeg, mætti spara 21 kennaraembætti fyrir alt landið. Og það yrði hreint ekki svo smávægileg upphæð. Auk þess, sem gera má ráð fyrir, að altaf bætist við skólann hjer, og eftir því verður meira gert fyrir Reykvíkinga, þegar þessi framhaldsbarnaskóli er látinn stækka ár frá ári. Jeg veit vel, að það þarf ekki að bregða þessum hv. þm. um nisku í fjárveitingum, en aðrir af þeim, sem fylgdu honum um mentaskólann á Norðurl., vilja telja sig sparnaðarmenn.

Nú hefi jeg sýnt fram á, að spara má 21 kennaraembætti í landinu, ef hlýtt er mínum tillögum en ekki farið að ráðum hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ). Það eru 16 hjer í Reykjavík og 5 á Akureyri, sem hann ætlaðist til að þar yrðu stofnuð.

Það er sennilegt, að jeg deili ekki lengur við þenna hv. þm. (ÞorstJ) um skólamál; og hirði jeg ekki, þó að gusurnar gangi honum upp yfir höfuð, þar sem hann fer á sínum hundavaðsvegleysum.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson):* Jeg þarf ekki að tala langt mál. Hv. flm. (BJ) var nokkuð æstur og stórorður í ræðu sinni, en vantaði öll rök fyrir sínu máli; og þess vegna get jeg verið enn stuttorðari. Hann sagði, að mikil óánægja væri á Norðurlandi út af mentaskólamálinu. Það er ekkert nýtt; hún hefir altaf verið þar ríkjandi. Og það má hann vita, að ekki verður það breyting til batnaðar, að taka upp latínuna aftur, sem grundvallar-inntökuskilyrði í mentaskólann; það verður aldrei framkvæmt. Þó að sú breyting yrði samþykt

*) Ræða þessi er óyfirlesin af þm.

nú, þá yrði hún afnumin á næsta þingi, af því að yngri stúdentar eru yfirleitt á móti henni, og mundu krefjast þess, að hún yrði þá afturkölluð.

Hv. flm. (BJ) talaði mikið um, að latínan þroskaði menn og kendi þeim að hugsa rjett; en jeg hygg, að hún geti aldrei gert grautarhöfuð að skýrum mönnum.

Það eru líka til aðrar námsgreinir, sem hafa sömu skilyrði til þess að þroska nemendur, t. d. íslenska og stærðfræði, og mætti vissulega kenna þær á sama hátt og latínuna áður.

Fyrir 1905 var mikil óánægja með ástandið í lærða skólanum; þá voru gamlir skólamenn á móti latínunni, og flestallir vildu þá breytingu, sem nú hefir ríkt í skólanum síðan. Þetta er ný alda nú. Það er ekki rjett hjá hv. flm. (BJ), að ekki sje hægt að kenna nægilega vel náttúrufræði í skólanum; hún er kend með fullkomnum myndum, og grasafræðin t. d. með athugunum á ísl. náttúrunni.

Það er heldur ekki rjett hjá hv. flm., að ekki sje lögð sjerstök áhersla á eina námsgrein; það er einmitt gert um enskuna í gegnum allan skólann, og allir yngri stúdentar eru vel að sjer í ensku. Enda kemur hún þeim að meiri og betri notum en latínan.

Annars fór hv. flm. (BJ) mest með slagorð, t. d. að kenslan í skólanum væri „kák“ og „fálm“, og er ekki hægt að kalla það hól fyrir kennarana. Ef námsgreinarnar eru of margar, þá mætti ef til vill fækka þeim og koma fram lagfæringum í einstökum atriðum.

Háttv. flm. (BJ) hneykslaðist á því, að jeg vildi ekki láta kenna börnum latínu, og taldi mjög erfitt að byrja á að kenna unglingum hana undir skóla. Enda má nú segja um latínuna, að hún veslaðist upp, eftir að hún misti samband sitt við vöndinn.

Það hefir verið tekið fram af hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), að mótstaðan gegn þessu frv. stafar frá þeim, sem eru yngri í anda. En af því að við, sem alist höfum upp við og fylgjum núverandi skipulagi skólans, erum y n g r i en fylgismenn eldra skipulagsins, þá erum við ef til vill þess vegna ekki eins þroskaðir enn þá. En það hefir þó heldur ekki nema einn háskólakennari lýst óánægju sinni á mentaskólanum og þroskaleysi yngri stúdenta.

Háttv. flm. (BJ) var að bera mjer á brýn þroskaleysi og skort á dómgreind; það má vel vera, að hann hafi ástæðu til þess öðrum fremur, af því að jeg var einu sinni það barn, að gefa út úrval úr ljóðum hans.

Hv. frsm. meiri hl. (SSt) gerði ekki eins mikið úr ágreiningnum milli meiri og minni hluta nefndarinnar og háttv. flm. (BJ), enda tók hann miklu vægara á málinu. Háttv. frsm. (SSt) þótti ekki ugglaus sá mikli munur á sparnaðinum, ef mentaskólanum yrði breytt, úr því að Reykjavík yrði að kosta nýjan gagnfræðaskóla.

Hann tók það fram, að framleiðsla á stúdentum væri alt of mikil. Það getur satt verið, en það má draga mikið úr henni með því að þyngja inntökuskilyrðin í skólanum, með öðrum kröfum til nýsveina en latínuþekkingar. Háttv. frsm. (SSt) óskar eftir breytingu á fyrirkomulagi skólans samkv. frv. En jeg óska eftir, að núverandi skipulag haldist; þó að jeg álíti hins vegar, að þörf sje að gera á því smábreytingar, — t. d. herða á skilyrðum til inntöku- og gagnfræðaprófs.

Forseti: Mjer hefir borist skjal, undirritað af 9 þdm. (JS, IngB, EÞ, ÓP, ÞórJ, ÞorlJ, BH, SvÓ, og MG), svohljóðandi: „Undirritaðir óska, að umræðum sje þegar slitið."

Verður það borið undir atkvæði.

Þorsteinn Jónsson: Mjer finst, að það geti ekki komið til mála að taka þessa framkomnu ósk svo bókstaflega, að þeir þm., sem búnir voru að biðja sjer hljóðs, fái ekki að segja nokkur orð. Það er hart að skera niður umræður svo snögglega, að þingmönnum leyfist ekki að bera af sjer sakir, þegar einstakur þm. hefir óvirt þá í orði. Jeg skal lofa því, að tala ekki nema í 10 mínútur.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg held ekki svo fast á því, að fá orðið. Jeg hefi engu að svara. Það stendur alt óhrakið, sem jeg og háttv. þm. Dala. (BJ) höfum mælt í þessu máli.

Forseti (BSv): Það verður að taka fram, hvaða skilning beri að leggja í þessa ósk, sem fram er komin, að „umræðum sje þegar slitið"; hvort það eigi að skera niður umræður nú þegar eða lofa þeim að tala, sem standa á mælendakrá. **(Ýmsir þm.:** Atkvæði strax!)

Forseti (BSv): Háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) gerir stutta athugasemd, víst til að bera af sjer sakir. **(BJ:** Annaðhvort er að banna öllum að tala, eða það verða fleiri til, að gera athugasemdir.)

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætla aðeins að bera af mjer sakir. Það lítur út fyrir, að hv. þm. Dala. (BJ) telji sig hafa einkaleyfi til þess að ausa auri um deildina og níða einstaka þm., og heimta svo á eftir, að þeim sje varnað máls til andsvara. Það er miður drengilegt, þegar hann er búinn að nota þinghelgina til að segja það, sem ella varðar við lög. Háttv. þm. (BJ) var að brígsla mjer um ilt uppeldi. En jeg hygg, að orðstír hans muni ekki aukast við það, þó hann reyni að óvirða mína foreldra, hjer í þingsalnum, því að þau ólu mig upp. Enda þótt jeg búist við, að hann hafi sjálfur fengið gott uppeldi, þá ber þessi framkoma hans ekki vott um það. Því meira, sem hann þykist af uppeldi sínu og mentun, því minni sæmd hefir hann af því, hvernig hann hegðar sjer hjer í umræðunum og notar þinghelgina, bæði nú á þessum fundi og fyrir nokkrum dögum, þegar hann rjeðst á störf nýlátins merkismanns. **(BJ:** Þingmaðurinn er enn farinn að sjá afturgöngur!) Jeg ætla ekki að bregða háttv. þm. (BJ) um skort á viti, og álít, að hann hafi töluvert af því; enda leynir það sjer ekki, að hann þykist jafnan vita best sjálfur, hver vitmaður hann sje. Ánægja hans með sjálfan sig er nokkurn veginn takmarkalaus, eins og kunnugt er.

Þá hefir þessi háttv. þm. ekki hlotið neinn „hundavaðslærdóm", eins og hann var að bregða mjer um. En hvernig notar hann sitt vit og sinn lærdóm? Hefir það orðið til mikilla nytja fyrir þjóðina? Hvað hafa störf hans kostað þjóðfjelagið og hver er árangurinn?

Jeg sagði ekkert ilt um háttv. þm. (BJ) í fyrri ræðu minni, en benti aðeins á, að kjörorðið: „Ísland fyrir Reykjavík" ætti að vera kjörorð hans, eftir ræðum hans og tillögum að dæma. Og það væri ekki að ástæðulausu, þótt hann veldi sjer þetta kjörorð, því enginn þm. mun vera jafn svarinn andstæðingur

allra verklegra framkvæmda í landinu, annarsstaðar en í Reykjavík. Ef leggja skal síma, þá legst hann á móti því, ef leggja skal vegi, er enginn slíkum framkvæmdum andvígari, ef byggja skal brýr, beitir hann sjer gegn því, eftir því sem hæfileikar leyfa, og ekki hvað síst á þetta við um fjárveitingar til mentamála í öðrum landshlutum en Reykjavík. En hann gæti bætt við kjörorð sitt: „Ísland fyrir Reykjavík og Reykjavík fyrir sjálfan mig!“ Hv. þm. Dala (BJ) er jafnan örlátur á alla persónulega styrki. Hefi jeg haldið, að það stafaði af góðsemi og vilja til að styrkja efnilega menn til náms. En hann mun þar sjá lengra. Hann veit, að þessir menn geta margir orðið talsvert megnugir innan skamms. Sumir jafnvel þingmenn. Sjer hann, að þeir muni þá verða líklegir til að styðja hans eiginhagsmunapólitik.

Bjarni Jónsson:

Fákænn maður fór á stað,
fáviskunnar stefndi í hlað.
Hitti fyrir sjer hundavað,
hringaði skottið og tók sjer bað.

Magnús Pjetursson: Sem framsögumaður fjvn. vil jeg mótmæla þeim orðum háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), í garð háttv. þm. Dala (BJ), að hann sje jafnan á móti fjárveitingum til verklegra framkvæmda í fjvn. (**ÞorstJ:** Jeg átti við í hv. deild). Þetta hvorttveggja er ósæmilegar aðdróttanir og hljóta að vera vísvitandi ósannindi.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 589, frá minni hl. mentmn., samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, GunnS, IngB, JB, JS, LH, MG, MK, PÞ.

nei: BJ, EÞ, HK, JakM, JAJ, JÞ, MJ, MP, ÓP, PO, BSv.

Tveir þm. (ÞorlG, EE) fjarstaddir.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Vestmannaeyjajarðir.

Á 16. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl. (þmfrv., A. 120).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Einarsson): Þetta frv. er nær samhlj. frv., sem jeg flutti í fyrra, en það dagaði þá uppi í nefnd. Jeg hafði ekkert verulegt við það að athuga, því frv. kom svo seint fram þá. Nú er frv. að mestu óbreytt, og þær smábreytingar, sem jeg hefi gert á því, eru í samræmi við það, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir lagt til málanna.

Allir vita, að ríkissjóður á þessar jarðir, lóðir og lendur að mestu leyti, en þær hafa ekki gefið honum þær tekjur, sem sangjarnt er, því leiguskilmálar eru gamlir og eftirgjaldið miðað við þáverandi gildi peninga. Nokkrar dýrustu lóðirnar hafa verið leigðar á erfðafestu, og það mjög dýrmætar lóðir, fyrir fast, mjög lágt árgjald um aldur og æfi. Þessir samningar eru sumir mjög gamlir. Jeg á hjer aðallega við lóðirnar hjá höfninni, sem bæjarstjórn er í raun og veru nauðsynlegt að hafa einhver umráð yfir, því að lagt hefir verið í mikinn kostnað við hafnarbygginguna, svo sem kunnugt er. Nú átti að vísu að leigja á erfðafestu, og varð því ekki við þetta ráðið samkvæmt lögum, en nú á að miða eftirgjaldið við verðmæti lóðanna á hverjum 10 ára fresti og leigja til ákveðins tíma. Og þegar eftirgjaldið hækkar, er ekki ósanngjarnt, að Vestmannaeyjar fái eithvað af þeirri hækkun, því að hún er til orðin fyrir atorku Eyjabúa að mestu leyti. Þetta fyrirkomulag er rjettlátara og sanngjarnara, bæði fyrir ríkissjóð og Vestmannaeyjar.

Andvirði það, sem til er tekið í frv., er ekki einskorðað, og jeg vona að samkomulag geti náðst um það. Að svo mæltu ætla jeg ekki að ræða málið frekar, en vænti þess, að það verði látið ganga til allsherjarnefndar, og er jeg fús til að gefa henni allar þær upplýsingar, sem jeg er fær um, bæði frá umboðinu og stjórninni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 198).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi engu við að bæta greinargerð nefndarinnar, en jeg vona að það sjáist á henni, að nefndin hefir ekkert á móti frv. að efni til, og álítur að vera muni sanngjarnt það, sem frv. fer fram á. En í frv. er þó ýmislegt, sem vafamál getur verið um og stjórnin ein mun geta upplýst; hefir nefndin eigi treyst sjer til að kryfja það til mergjar. Hefir hún því lagt til, að málinu verði vísað til hæstv. landsstjórnar til frekari undirbúnings, og gæti hún þá lagt það fyrir næsta Alþingi.

Karl Einarsson: Jeg ætla mjer ekki að gera neinar athugasemdir viðvíkjandi ræðu hv. frsm. (GGuðf), en stend aðallega upp til þess að þakka hv. allshn. undirtektir hennar um mál þetta. Jeg gat þess þegar við 1. umr. málsins, að jeg áliti málið eigi svo undirbúið, að jeg byggist við að það yrði leitt til lykta á einu þingi. Jeg skal því taka það fram, að jeg get fallist á niðurstöðu nefndarinnar um að vísa málinu til hæstv. landsstjórnar til frekari undirbúnings.

ATKVGR.

Till. á þskj. 198, frá allshn., um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 14 atkv.

2. Sveitarstjórnarlög.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 81).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Frv. þetta hefi jeg flutt eftir tilmælum hreppsnefndar Hólshrepps, og er að nokkru leyti gerð grein fyrir ástæðum þess í greinargerð frv. Þó skal jeg nú fara nokkuð nánar út í þær, og útlista fyrir háttv. deild, hvað það er, sem frv. þetta á aðallega að ráða bót á.

Sú hefir orðið reyndin á, sjerstaklega nú síðustu árin, að illkleift hefir verið að ná inn aukaútsvörum á rjettum gjalddaga í mörgum hreppum við sjávarsíðuna. Er þetta mikið vegna þess, að gjalddaginn er um hávetur (31. des.), en um það leyti árs mun gjaldþol þeirra manna við sjávarsíðuna, er fiskiveiðar stunda, einna minst. Þá fiskast minst, og yfirleitt standa þeir menn þá verst að vígi með að greiða slík gjöld. Raunin hefir líka orðið sú, að mestur hluti aukaútsvarsins hefir verið ógreiddur við lok reikningsársins (í fardögum). Það virðist því töluverð ástæða til að breyta reikningsárinu á þann hátt, sem farið er fram á í frumvarpinu. Annað atriðið í þessu frv. lýtur að niðurjöfnuninni, að hún fari fram að vorinu. Eins og menn vita, er fátækraframfærið vanalega stærsti gjaldliðurinn í reikningum hreppanna. Í fjölmennum sjávarþorpum er síðari hluti vetrarins mjög oft sá tími, er fátæklingar leita fátækrastyrks,

og verður það til þess að fátækraframfærið verður miklu hærra en hreppsnefndunum gæti komið til hugar að áætla það að haustinu. Ef jafnað er niður að vorinu, þá verður miklu betur um það vitað, hversu hár þessi útgjaldaliður er, heldur en ef jafnað er niður að haustinu. Auk þess má benda á það, að ef jafnað er niður að vorinu, getur hreppsnefndin haft til leiðbeiningar skattskrá hreppsins frá árinu á undan, sem þá verður fullgerð og framlögð, og er það allmikið hagræði fyrir nefndina, þar sem þar eru áreiðanlegar heimildir um gjaldþol útsvarsgreiðenda.

Þetta eru þá ástæðurnar fyrir frv. Þótt jeg verði að játa, að það kunni að valda óþægindum, að hafa eitt reikningsár í einum hrepp og annað í öðrum, þá lít jeg svo á, að þetta, sem jeg hefi nú getið um, verði þyngra á metunum. Hjer er aðeins um heimildarlög að ræða. Vænti jeg þess, að háttv. þm. verði mjer samdóma um þetta og hleypi þessu frv. til 2. umr.

Sveinn Ólafsson: Eins og háttv. flm. (SSt) tók fram, er aðalkjarni frv. sá að flytja reikningsár hreppanna til almanaksársins. Er mjer kunnugt um, að óskir hafa komið fram víðs vegar þessu viðvíkjandi, sjerstaklega úr kauptúnum landsins, þeim, sem eru sveitarfjelög fyrir sig. Ástæður þær, sem háttv. flm. (SSt) færði fyrir niðurjöfnun að vori, get jeg skilið að eigi við á Vestfjörðum og víðar, þar sem aðalvertíðin er að vetri. En þær eiga þá náttúrlega miður við í þeim landshlutum, sem vertíð eiga að vori og sumri. Líklega getur ekki sami tími átt við alstaðar, en heimild til aukaniðurjöfnunar að hausti ætti að geta bætt úr því.

Jeg skal taka það fram, að jeg hafði einmitt í smíðum frv., sem laut að þessu efni, um það leyti, sem þetta kom fram. Þar sem bæði frv. fara nokkuð í sömu átt, get jeg slept að láta mitt frv. koma fram, því jeg býst við, að með litlum breytingum á þessu frv. verði beggja óskum nokkurn veginn náð.

Jeg vil nú taka fram nokkuð af því, sem mjer finst máli skifta, ef sú nefnd, sem um frv. fjallar, vildi taka það til athugunar.

Jeg hafði hugsað mjer, að þessi heimild hreppsnefndanna, sem frv. nefnir, yrði bundin við leyfi hlutaðeigandi sýslunefndar. Jeg tel þetta nauðsynlegt, því auðskilið er, að það getur valdið erfiðleikum, ef sitt reikningsár er í hverjum hreppi í sömu sýslu.

Þá vil jeg benda á það, að þar sem gert er ráð fyrir, að reikningsárið fari saman við almanaksárið, þá muni ekki heppilegt, að kosning hreppsnefndar fari fram rjett á eftir niðurjöfnuninni, heldur á undan henni, að vorinu. En þá verður auðvitað að breyta 11. gr. sveitarstjórnarlaganna, enda sje jeg ekki að neitt sje því til fyrirstöðu. Það er eðlilegt, að gamla hreppsnefndin skili af sjer reikningunum áður en hún fer frá, og svo, að sú nýja taki þegar við niðurjöfnuninni, er hún er komin að.

Að lokum vil jeg taka það fram, að það hafa komið fram raddir úr nokkrum stöðum um það, að rjett væri að breyta lögunum um hreppsnefndarkosningu frá 1915, þannig, að þar væru viðhafðar hlutfallskosningar. Verð jeg að fallast á, að sú breyting sje til bóta, og gæti hún sem hægast komist að í þessu frumvarpi.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni, og býst

líka við, að jeg fái tækifæri til að gera mínar athugasemdir í málinu, seinna, er nefndin tekur það til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 190).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Nál. ber með sjer, að allshn. er samdóma um að leggja það til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar til frekara undirbúnings. Nefndin er því meðmælt, að almanaksárið sje gert að reikningsári hreppanna. En hún álítur hins vegar, að ófært sje að lögbjóða þetta, án þess að hafa fyrst borið það undir hreppsnefndir landsins. Nefndin er í vafa um, hvort hægt er að koma þessu við, eins og stendur, í einum tveimur sýslum landsins, vegna þess, hve nær sýslufundir eru haldnir þar. Þyrfti þá að færa þann tíma til, sem sýslufundir þessir eru haldnir á, og ætti þá fyrst að bera það undir hlutaðeigendur. Getur það ekki sakað mikið, þótt frestur verði á framgangi þessa frv. í eitt ár. Er þess og einnig þörf vegna þess, að um leið þyrfti að taka til endurskoðunar stóra kafla úr sveitarstjórnarlögunum.

Jeg verð þá fyrir hönd allshn. að vænta þess, að hæstv. stjórn, svo framarlega sem ekkert alvarlegt kemur fram, sem mælir á móti, leggi fyrir næsta þing frv., sem gengur í þessa átt.

Sigurður Stefánsson: Það er ekki til neins að tala mikið um þetta mál, því jeg býst við að háttv. deild verði sammála um að vísa því til stjórnarinnar til frekara undirbúnings.

Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta er til komið og flutt vegna tilmæla hreppsnefndarinnar í Hólshreppi. Er henni áhugamál, að þessi breyting nái, sem fyrst, fram að ganga. Jeg skal ekkert um það segja, hversu henni kann að líka dráttur sá, sem hlýtur að verða á þessu máli, ef tillaga nefndarinnar, að vísa málinu til stjórnarinnar, verður samþykt. En taki stjórnin málið til athugunar og leggi það fyrir næsta þing, mun hún sætta sig við það.

Sumt, sem háttv. nefnd telur til tormerkja á þessu máli, tel jeg að vísu ekki sjerlega þungt á metum. Um sýslunefndarfundina er það að segja, að þeir eru sjaldnast haldnir svo snemma, að hreppsreikningarnir verði ekki endurskoðaðir þess vegna. Hitt atriðið, um almanaksárið, getur orkað tvímælis, enda sá jeg það strax, að það gat valdið óþægindum, að reikningsárið væri ekki hið sama í sama sýslufjelaginu.

Þó að frv. þetta nái ekki að ganga fram á þessu þingi, mun jeg sætta mig við það, ef stjórnin tekur málið til rækilegrar meðferðar og undirbúnings undir næsta þing.

Sveinn Ólafsson: Háttv. flm. (SSt) lýsti því yfir, að hann, eftir ástæðum, mundi sætta sig við till. nefndarinnar um frv., og gerði ráð fyrir, að mál þetta mundi komast í höfn á næsta þingi. Mjer sýnist það nú ekki horfa þesslega við. Sumstaðar er búið að halda sýslufundi og annarsstaðar verða þeir haldnir á næstu dögum. Þess vegna er ólík-

legt, að áform nefndarinnar, um að fá málinu skotið til sýslunefnda, takist að þessu sinni, og þá er hætt við að það verði ekki undirbúið í tíma, til þess að það geti orðið lagt fyrir næsta þing. Jeg álít, að það sje einn aðalgalli á þessu frv., og það er einmitt hann, sem háttv. nefnd notar fyrir frávísunarsök, og þessi galli er sá, að frv. gerir ráð fyrir, að hreppsnefndirnar hafi fortakslausan rjett til að breyta til um reikningsárið, án leyfis sýslunefndar. Ef til vill hefi jeg orðið of seinn að koma fram brtt. mínum um að binda þennan rjett hreppanna við leyfi sýslunefndar. Þó afhenti jeg þær framsögumanni nefndarinnar áður en nefndin tók ákvörðun um málið. Með þeirri breytingu sje jeg enga ástæðu til að óttast neinn árekstur milli reikninga innan sýslu.

Yfirleitt tel jeg það vandkvæðalaust að leiða þetta mál til lykta nú á þessu þingi. Þykir mjer hjer vera nokkuð skyndilega að unnið, og hefði jeg kosið, að frv. hefði fengið að ganga til 3. umr. og fá þá búningsbót, sem brtt. mínar fela í sjer, ella fá þær ekki að koma í ljós.

Jeg hefi verið í sýslunefnd 20—30 ár, og er því talsvert kunnugur reikningsmálum sýslnanna. Get jeg ekki sjeð, að nein hætta eða vandi þyrfti að leiða af því, þótt frv. yrði að lögum nú þegar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þótt svo sje, að sýslufundir sjeu nú um garð gengnir í sumum sýslum, er ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sje að bera þetta mál undir sýslunefndir í þeim sýslum. Það má fela oddvitum þeirra, á þann hátt, sem þeir telja heppilegastan.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hjelt að hann hefði orðið of seinn með brtt. sínar til nefndarinnar. En það var ekki, ef nefndin hefði aðeins getað fallist á þær. Nefndin hafði tillögur háttv. þm. (SvÓ) til meðferðar, og ákvað úrslitin samkv. því, að hún gat ekki fallist á að hafa mismunandi reikningsár í hinum ýmsu hreppum sömu sýslu. Enda gæti þetta vel orðið til sundurþykkis milli hreppanna. Ekki náðist heldur samþykki nefndarinnar um tillögur háttv. flm. (SSt), um að láta hina einstöku hreppa fá að ráða þessu sjálfa.

Jeg sje ekki ástæðu til að ætla, að þetta mál geti ekki orðið undirbúið fyrir þing; öll svör og tillögur í þessu máli ættu að geta verið komin til stjórnarinnar í lok septembermánaðar nú í haust, og það ætti að nægja.

ATKVGR.

Till. á þgskj. 190, frá allshn., um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 16 : 3 atkv.

3. Byggingarnefnd landsins.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um byggingarnefnd landsins (þmfrv., A. 316).

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er stuttlega gerð grein fyrir frv. í greinargerð þess, og frv. er borið fram í samræmi við húsabyggingameistara. Tilefni þess

er það, að byggingarnefnd Reykjavíkur neitaði stjórninni um leyfi til að breyta pakkhúsi, er ríkið á, og heitir Nýborg, svo að hægt væri að nota það handa vínversluninni. Þessi neitun var algerlega ástæðulaus og hefir bakað landinu mikið tjón, því það hefir orðið að greiða óheyrilega háa leigu fyrir húsnæði handa þessari verslun. Og það, sem komið hefir fyrir einu sinni, getur komið fyrir aftur, og þess vegna verður að koma í veg fyrir það, að einstakar byggingarnefndir geti skaðað landið stórkostlega af einhverjum dutlungum eða vegna hagsmuna einstakra manna. Það er því eðlilegt, að einhver dómstóll sje til, sem geti komið í veg fyrir slíkt, og frv. fer fram á að skapa slíkan dómstól. Jeg vil geta þess, að húsagerðameistari hefir ekki gert till. um, hverjir eigi þar sæti, en jeg held, að ekki verði um það deilt, að þeir menn, sem frv. tilnefnir, sjeu sjálfsagðir, en það eru húsgerðameistari, brunamálastjóri og kennari í heilsufræði við Háskóla Íslands. Sá síðast taldi er sjerstaklega valinn vegna þess, að sá maður er flestum kunnugri á þessum sviðum og hefir mikið um þau hugsað og ritað. Frv. fer ekki fram á nein útgjöld úr ríkissjóði, því ætlast er til að nefndin vinni kauplaust. Jeg vona, að frv. verði samþykt og fái greiðan gang gegnum deildina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 396).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Þetta mál er ekkert stórmál, og um það lítið annað hægt að segja en það, sem stendur í nál. Í hv. Nd. er borin fram af allshn. till. til þál. um endurskoðun löggjafarinnar um málefni kaupstaðanna. Nefndin leit svo á, að rjettast væri, að þetta mál yrði aðallega tekið til athugunar í sambandi við þá endurskoðun, og að ekki væri ástæða til að taka þetta mál sjerstaklega til meðferðar.

Tilefnið til þessa frv. er mjer raunar lítið kunnugt, en þó hefir ekki svo lítið verið rætt um það í Nd. Það hefir þó mestmegnis verið frá einni hlið og ekki getið um ástæðuna fyrir því, að byggingarnefnd Reykjavíkur neitaði stjórninni um leyfi til að breyta þessu húsi. Ótti við brunahættu hafði valdið mestu um það. En annars er mjer ekki eins kunnugt málið og skyldi, og býst jeg við, að hjer sjeu aðrir, sem geta gefið meiri upplýsingar um það en jeg. Það er aðeins þetta, að nefndin álítur, að þetta mál geti beðið eftir hinni almennu endurskoðun, og leggur til, að frv. sje vísað til stjórnarinnar.

Jónas Jónsson: Jeg get verið stuttorður og vísað til fyrri ræðu minnar um þetta mál. Þó hefir hún ekki megnað að skýra málið fyrir hv. 2. þm. S.-M. (SHK). Jeg verð að segja, að mjer finst málsmeðferð hv. allshn. dálítið einkennileg, að hún skuli vísa þessu frv. frá sjer, af því að fyrir hv. Nd. liggi till., sem á sínum tíma gæti verið tekin til meðferðar ásamt með frv. Nú getur enginn sjeð fyrir örlög þessarar till. í Nd., ekki einusinni hin djúpvitra allshn. Það gæti vel verið, að málið dagaði þar uppi, eða að till. yrði feld, svo að málið kæmi aldrei til Ed. Með öðrum orðum, það er alveg

óvíst, að frv. fengi nokkru sinni að líta dagsljósið meir, ef það ætti að bíða eftir þessari till.

Viðvíkjandi aðalatriðinu, þá er rjett að taka það fram, að landsstjórnin sótti um leyfi til að fá að breyta vörugeymsluhúsi, svo að hægt væri að geyma þar vínbirgðir. Þetta geymsluhús er einstakt mjög, með stór tún á tvær hliðar, en sjóinn á þá þriðju. Þessari beiðni landsstjórnarinnar var neitað af byggingarnefndinni, sem taldi, að af því myndi stafa svo mikil brunahætta. Það var lítill meiri hluti, sem var með synjun, og litlu áður hafði bæjarstjórn Reykjavíkur gefið sitt samþykki. En hvað þýddi þessi neitun? Landið verður að borga tugi þúsunda í húsaleigu af því, að um leyfi var synjað. Ef till. hv. allshn. nær fram að ganga, og frv. yrði felt, þá væri útilokað, að landið gæti sparað nokkur næstu ár á þessum lið.

Það er skiljanlegt um ýmsa menn, jafnvel suma hjer í deildinni, að þeir sjeu á móti frv. Þeir bíða nokkurt tjón af þessu, t. d. þeir, sem leigja landinu geymslu fyrir vín. Jeg ætla samt að treysta því, að þeir menn hjer, sem hafa slíkra hagsmuna að gæta, láti ekki þá aðstöðu hafa áhrif á meðferð málsins.

Jón Magnússon: Jeg ætla ekki að fara langt út í getsakir hv. 5. landsk. þm. (JJ) í minn garð. Það er eins og vant er í minn garð; bæði hjer í deildinni og í blaðinu, sem þessi hv. þm. (JJ) stendur að, er látlaust alið á því, að jeg sje hræddur um að jeg missi spón úr aski mínum, ef jeg hætti að leigja landssjóði. Jeg skal þá upplýsa, að húsaleiga sú, er áfengisverslunin geldur mjer, er ekki tvöföld við það, er goldið var fyrir sömu herbergi fyrir ófriðinn, en flestir húseigendur hjer munu hafa sett leiguna miklu meira upp.

En það er sama sagan. Þessi hv. þm. (JJ) er altaf með tortryggni, róg og blekkingar í minn garð. (**JJ:** Ósvífni!). Það er ósvífni hjá hv. 5. landsk. (JJ), en ekki mjer.

Það mun rjett hjá hv. frsm. (SHK), að leyft hafi verið með þeim skilyrðum að setja vöruskýlið Nýborg á þenna stað, að bærinn gæti látið flytja það burt, þegar honum sýndist þörf. Svo er og með önnur skýli á hafnarbakkanum. Það mun hafa vakað fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur, að nokkur aukin brunahætta kynni að stafa af þeirri notkun á húsinu, sem ríkisstjórnin hafði fyrir augum, en loforð eða vilyrði hafði verið veitt brunabótafjelagi því, sem vátryggir hús bæjarins, að ekki væri bygð stór timburhús á ákveðnu svæði. Vitaskuld varð það loforð ekki bindandi, því um líkt leyti sagði umrætt brunabótafjelag upp ábyrgðinni, en byggingarnefnd bæjarins var samt sem áður á móti breytingunni, vegna hræðslu við eldhættu, sem af henni myndi stafa.

En meðal annara orða: landsstjórnin hefir skýlausa heimild til þess að láta gera breytinguna, hvað sem byggingarnefnd segir, og virðist hafa verið því síður áhorfsmál fyrir stjórnina að nota þessa heimild, sem bæjarstjórn var því ekki mótfallin. Hvers vegna notar stjórnin ekki þessa heimild? (**JJ:** Stjórnin úrskurðaði.) Stjórnin úrskurðaði aðeins um valdssvið bæjarstjórnar og byggingarnefndar þeirra á milli. Hún notaði ekki vald sitt til þess að fella úr gildi úrskurð byggingarnefndar, sem jeg er sammála hv. 5. landsk. þm. (JJ) um, að hafi ekki verið á fullum rökum bygður. Hefði jeg verið ráðh., mundi jeg ekki

hafa hikað við að breyta húsinu, þrátt fyrir andmæli byggingarnefndar. Til þess hefði verið ótvíræð heimild. Og til þess að stjórnin geti gert þetta, þarf engin ný lög. Er því frv. þetta óþarft frá þessu sjónarmiði.

Það er ekki að undra, þótt allshn. hafi lagt til, að þessu frv. sje vísað til stjórnarinnar, því að mál þau, sem Reykjavíkurbær hefir beðið um, að afgreidd yrðu á þessu þingi, komast sennilega engin eða sama sem engin fram, vegna þeirrar gagngerðu endurskoðunar á málefnum kaupstaðanna, sem í ráði er að fram fari á næsta þingi. Telur nefndin vera heppilegt, að heildarlög verði samin fyrir Reykjavík en önnur sett fyrir málefni allra hinna kaupstaðanna í sameiningu. Tíðkast þessi aðferð víða erlendis, að höfuðstaðurinn sje sjer, en hinir kaupstaðirnir saman, enda óþægilegt, að sitt hvert ákvæði standi fyrir hvern kaupstað, nema sjerstaklega standi á vegna staðhátta.

Jónas Jónsson: Það, að landsstjórnin hefir ekki notað þann rjett sinn, er hv. 4. landsk. (JM) talaði um, og eigi einu sinni talað við húsameistara ríkisins þar að lútandi, ætti að vera nægileg ástæða til þess, að þingið, sem ekki lætur margt „pósitívt“ eftir sig liggja, að dómi flestra, samþykti frv. þetta, sem gæti sparað ríkissjóði tugi þúsunda árlega. Jeg get ekki fallið frá þessu frv., úr því að sú landsstjórn, sem nú situr og mun líklega sitja til næsta árs, sýnir engan dug í máli þessu. Hið eina, sem gæti fengið mig til að taka aftur þetta frv., væri, að hv. 4. landsk. þm. (JM) myndaði stjórn. Þá myndi hann ráða þessu máli farsællega til lykta, eftir því sem hann segir.

Þessi hv. þm. (JM) stökk mjög upp á nef sjer út af ummælum mínum um húsaleiguna. En hann verður að sætta sig við, að menn eru alment dæmdir eftir því sem þeir breyta. Hann stóð fremstur í flokki þeirra, sem eyðilögðu lögin um takmörkun á húsaleiguokrinu, lög sem voru óhjákvæmileg öllum almenningi, en sköðuðu engan, nema nokkra húseigendur. Það mun enginn trúa öðru, en að það hafi verið hagsmunir þessara húseigenda, sem urðu því frv. að bana, og er ekki til neins að setja upp sakleysissvip, þegar svo einskær stjettareigingirni er jafnaugljós. Mun þeim, sem drápu það frv., erfitt að sanna almenningi, að þar hafi ráðið hæsta tegund af föðurlandsást.

Jón Magnússon: Jeg neita afdráttarlaust, að hagsmunir mínir hafi ráðið þar atkv. mínu, enda enginn borið mjer eigingirni á brýn nema hv. 5. landsk. þm. (JJ).

ATKVGR.

Till. á þskj. 396, frá allshn., um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 7 : 3 atkv.

---

4. Gerðardómur í kaupgjaldsþrætum

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum (þmfrv., A. 108).

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Engin þjóð í heimi er svo sett sem vjer Íslendingar. Þar er skemst af að segja, að aðrar þjóðir hafa flestar marga atvinnuvegi og fylgir allmikill styrkur hverjum þeirra og nálgast meira og minna jafnvægi þeirra í millum. Og þær eru svo settar, að þær standa nokkurn veginn jafnrjettar, þótt kyrstaða komi í eina atvinnugreinina eða hún verði fyrir tjóni, jafnvel hruni. Þetta kemur af því, að svo margar stoðir renna undir hagheild þjóðarinnar.

Vorum hag er alt öðru vísi komið. Varla eru teljandi nema tvær atvinnugreinar, búnaður og útgerð. Og ef önnurhvor þeirra verður í verulegum háska stödd, þá er öllu landinu hætta búin. En þótt nú báðar þessar atvinnugreinar sjeu svo affararíkar fyrir hag landsins sem nú var sagt, þá ber þó frá, hve miklu riðameiri útgerðin er. Hún er margfalt fjárfrekari en búnaðurinn, svo sem hlutfallið sýnir milli lánsfjár beggja.

Nákvæmar upplýsingar um þetta ætlaði jeg að reyna að leggja hjer fram, en gat það ekki, þar sem slíkar skýrslur fengust ekki í bönkunum nú, og verður því ágiskun að nægja. En samkvæmt henni er talið, að útgerðin sje um 6 sinnum fjárfrekari en búnaðurinn, í allra minsta lagi. Hún kaupir einnig miklu meira af erlendum vörum og þarf því að flytja miklu meira fje milli landa eða þarf miklu meira á erlendum gjaldeyri að halda. En hún flytur og margfalt meira út, sem sjá má af þessum samanburði:

Útflutt 1915—19.

	Afurðir af fiskveiðum	Afurðir af veiðiskap og hlunnindum	Afurðir af hvalveiðum	Afurðir af landbúnaði	Iðnaðarvörur	Ýmislegt	Útflutt alls
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
1915 . . .	30 833	121	239	8 052	16	372	39 633
1916 . . .	35 285	171	1	4 622	10	18	40 107
1917 . . .	18 931	54		5 717	92	4 921	29 715
1918 . . .	26 300	56		10 543		21	36 920
1919 . . .	50 134	369		23 854	37	620	75 014
Meðaltal 1915—19.	32 297	154	48	10 558	31	1 190	44 278

Hjer er svo miklum fjárhæðum velt og hjer er svo þrautnýtt lánstraust banka og einstaklinga, að alt landið er í beinum voða, ef útgerðinni hlekkist mikið á, og landshrun, ef hún kolfellur. Annað er og mikilsvert í húfi, þar sem er líf og atvinna alls þorra af bæjarbúum, því að engin atvinnugrein kemst þar í hálfkvisti við útgerðina, er um fjölda

þeirra manna ræðir, sem hafa atvinnu af henni, nema búnaðurinn.

Búgarðar manna eru dreifðir mjög og afskektir og eru því engin samtök milli vinnusala nje vinnukaupenda úti um sveitirnar, enda er kaupgjald þar miklu hærra en þeirra manna, sem í bæjum búa, því að menn fá þar hús og heimili, föt (að nokkru) og fæði og kaup að auki. Og þótt misfarist búskapur nokkuð eða sala afurða, þá er oftast nær lífi manna borgið sakir þess, að lengi má lifa á því, er búið veitir til lífsviðurværis, því að drjúgt er það, sem drýpur. Í bæjum er þessu öðruvísi farið. Þar er þjettbýli, þar er mannmergð, en ekkert til lífsviðurhalds, ef atvinnan fellur niður. Því hafa komið upp samtök meðal vinnusala um framboð og verð þeirrar vöru. Slík samtök eru nú sjálfsögð, og má eigi án þeirra vera. En venjulega koma þar á móti samtök eða samvinna milli vinnukaupanda. Þessir tveir aðiljar, seljendur og kaupendur vinnunnar, þæfa nú málið í samningum sín á milli og koma sjer þá venjulega saman um verðið, og fer þá alt vel. En því er ver, að oft kemur upp úlfúð milli þeirra og þykkja, og ræður þá meira kapp en forsjá, og gera menn þá verkfall eða verkbann og stöðvast við það atvinnan um langan eða skamman tíma.

Nú er jeg kominn að því atriði máls míns, sem jeg hefi stefnt að. En það er hið ógurlega tjón, sem stafar af því, að slíkur atvinnuvegur sem útgerð vor er liggi niðri tímum saman, og sama er um aðrar atvinnugreinar í smærri stíl. Þessu tjóni vildi jeg megna að afstýra, og fyrir því hefi jeg borið frv. þetta fram. Á tveim undanförnum þingum hefi jeg ætlað mjer að koma fram með frv. um gerðardóm í kaupþrætumálum. En jeg heyrði hvað eftir annað, að hv. þm. verkamanna (JB) var því mótfallinn sakir þess, að þá var ekki um málsskot að ræða, og ljet jeg þá dragast úr hömlu. En nú hefi jeg fundið ráð til þess, að fleiri dómstig verði í gerðardóminum en eru hjer á landi í málum, sem varða menn langtum meira, svo sem t. d. sakamálum og öðrum málum, þar sem líf og heiður liggur við. Þykir mjer nú fullkosta báðum aðiljum, og vænti þess, að málið gangi fram á þinginu. Jeg vil biðja menn að hleypa því til 2. umr. og láta það koma í allsherjarnefnd. Vil jeg biðja nefndina að gera í nokkrum stöðum skýrari ákvæði og bæta smávægis inn í. Mjer kemur í því sambandi ein grein í hug, sem stð í Alþýðublaðinu um þetta, þar sem bent var á með rjettu, að ákvæði væri sett um það, að menn mættu hvorki gera verkbann nje verkfall meðan málin væru í samningum eða í gerð, og mætti þá og ákveða, að málaferlin mættu eigi standa lengi og mætti vel ákveða tíma í sjálfum lögunum, því að hjer er jafnan þörf á skjótum og góðum úrskurði.

Jeg vona, að með tilstyrk nefndarinnar og annara þingmanna komist nú hjer á góð og bráðnauðsynleg lög. Munu þau verða til þess að afstýra tjóni á atvinnuvegum vorum, og einkum varðveita vinnusala bæði fyrir yfirgangi vinnukaupanda og fyrir illum ráðum þeirra manna, er þykjast vilja þeirra hag, en hafa þann eina tilgang að stikla á herðum þeirra upp í þær trúnaðar- og valdastöður, sem hugur þeirra stendur til.

Jón Baldvinsson: Frv. það, sem hjer um ræðir, fer fram á að settur verði

gerðardómur til að skera úr deilumálum um vinnugjald milli vinnusala og vinnuþega. Að því, sem mjer er kunnugt, hafa slíkir gerðardómar verið settir á stofn í tveim löndum, Ástralíu og Noregi, og hefir reynslan í báðum löndunum verið mjög ljeleg. Sjerstaklega hefir borið á óánægju verkamanna út af þessum gerðardómum, og þeim talið það til forráttu, að þeir gengju oftast gegn hagsmunum þeirrar stjettar. Reynslan hefir viljað verða sú, að þegar um það var að ræða, að hækka kaupgjaldið, þá fóru þessir gerðardómar sjer ofurhægt, en voru öllu hraðstígari, er hitt var á dagskrá, að lækka kaupið.

Í Noregi hafa verið settir á stofn gerðardómar til að gera um mikilvæg mál, sem snertu alt landið, svo sem verkföll, verkbönn o. fl. Þar hefir orðið sama raunin á. Þessi gerðardómur er þyrnir í augum verkamanna og halda þeir því fram líka þar, að þessi dómur gangi jafnan á hlut verkalýðsins. Hefir raunin orðið hin sama í öllum öðrum löndum, þar sem komið hefir fyrir, að skipaðir hafa verið slíkir dómar, enda berjast verkamenn um allan heim með hnúum og hnefum á móti þeim.

Í Danmörku eru ekki til aðrir gerðardómar en þeir, sem settir eru af sjálfum aðiljum til að skera úr deilum, sem rísa út af skilningi á samningum milli þeirra, og hið sama hefir einnig verið í samningi milli verkamanna og atvinnurekenda hjer. Aftur á móti eru til í Danmörku opinberir starfsmenn, svo kallaðir sáttasemjarar, sem hafa þann starfa á hendi að reyna að miðla málum í kaupdeilum milli vinnusala og vinnuþega. Þetta hefir gefist miklu betur en gerðardómarnir. Sáttasemjararnir eru jafnan fljótari til, og oft hefir það komið í ljós, að ekki þurfti nema milligöngu þeirra til þess að málið fengi aðra stefnu, sem leiddi til sátta. Þessir sáttasemjarar hafa gert mikið gagn í Danmörku, þótt þeir hafi ekki neitt úrskurðarvald. Jeg legg því til, ef setja skal lög hjer um þessi efni, að skipaðir verði slíkir sáttasemjarar, en gerðardóminum slept. Þetta hefir líka að nokkru leyti átt sjer stað hjá okkur, því þótt ekkert standi um það í lögum, þá hefir landsstjórnin stundum hlutast til um slíkar deilur. Er þar skamt að minnast prentvinnuteppunnar í vetur, sem að lokum varð stöðvuð fyrir milligöngu hæstv. stjórnar. Gæti þó verið, að sættir hefðu komist enn fljótar á, ef einhver hefði verið, sem undir eins hefði gengið á milli og leitað um sættir. Tel jeg yfirleitt alt mæla með því, að sú leið verði farin. Enda kom hv. flm. (BJ) sjálfur fram með nokkuð, sem mælti ekki alllítið á móti gerðardómum, en það er, hve seinvirkir þeir eru. Og þótt þeir yrðu settir með lögum, hygg jeg ekki, að það gæti fyrirbygt verkbönn og verkföll. Ber frv. þess yfirleitt ljós merki, hve vanhugsað það er, og ætla jeg, að þingið gerði rjettast í að fella það. En jeg endurtek enn: ef þingið hins vegar vill gera eitthvað í málinu, væri hagfeldara að setja lög skipaða sáttasemjara. En annars gæti stjórnin annast þetta, er henni þætti ástæða til að blanda sjer í slík mál eða þess væri óskað.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hugsaði, að þetta frv. mitt myndi sæta miklum mótmælum af hv. 2. þm. Reykv. (JB), en nú finn jeg, að full ástæða er til að þakka honum undirtektirnar, svo hógvær sem orð hans voru og gagnleg frv.

Að vísu munu þau ekki hafa verið ætluð því til þrifa, og mátti heyra það af þeim veigalitlu mótmælum, sem slæddust með. Eitt af þessum mótmælum var það, að illa hefðu slíkir dómar reynst í Ástralíu og svo myndi hjer. En hjer eru engir Ástralíumenn. Íslendingar eru að mestu sömu ættar, en ekki afkomendur ýmist stórglæpamanna eða rembilátra aðalsætta eins og þar á sjer stað. Hjer er ekki svo litið á, að einn sje vinnusali af guðs náð, en annar vinnukaupandi. Hjer er sami maður oft hvorttveggja, vinnuþegi gagnvart einum og vinnusali gagnvart öðrum. Það er því í raun og veru heldur broslegt, þetta tal hv. 2. þm. Reykv. (JB) um, að með þessu frv. sje fyrirfram ákveðið að gera vinnusölum órjett. En það er ekki í fyrsta sinni, sem þessi hv. þm. verður sjóndapur á það, hvað satt er og rjett, sökum þeirra skökku hugmynda, sem hann hefir um þingmannsskyldur sínar. Honum finst jafnan, að hann sje þm. þessarar einu stjettar, verkamanna. Þeirra rjett beri honum að vernda, hvað sem það kosti, en hitt komi honum ekki við, þótt rjettur annara stjetta og hagur alls landsins sje um leið fyrir borð borinn.

Jeg verð að endurtaka það, að meðferð Ástralíumanna á dómstólum sínum sannar ekkert um það, hvernig Íslendingar muni fara með sína. Jeg hygg þvert á móti, að við megum vera fullöruggir í því efni og treysta því, að bæði verði rjett dæmt og vel haldnir dómarnir.

Hv. þm. (JB) mælti beint með frv., er hann tók að lofa málamiðlunarmennina. Kvað hann, sem satt er, að þeir hefðu vel gefist, bæði hjer og erlendis. En í 3. gr. frv. er einmitt tekið fram, að ef samninganefndunum takist ekki að leiða málið til lykta, þá skuli fá til málamiðlunarmann. Þarf jeg ekki að mæla með honum, þar sem hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefir nú gert það svo rækilega. Fái hann ekki komið á sættum, þá fyrst kemur til kasta gerðardómsins.

Háttv. þm. sagði áðan, að þessi gerðardómur væri of flókinn og seinvirkur, og furðaði mig á því. Því á undanfarandi þingum hefir einmitt sami hv. þm. (JB) kvartað yfir því, í mín eyru, að ekki væri hægt að hafa gerðardóm, sökum þess, að hann yrði eigi hafður svo margbrotinn sem með þyrfti. (**JB:** Þetta er hreinn misskilningur hjá hv. þm.). Hv. þm. (JB) talar ekki svo flókna íslensku, að jeg megi ekki skilja hann. En von er til, að hann vilji vinda sig frá þeim orðum nú. Það er annars eins um þennan hv. þm. (JB) og kenjótta stúlku, sem segir, þegar hún hefir fengið það, sem hún bað um: Ekki þetta, heldur hitt. — En nú stendur svo á, að hjer er um þjóðarmál að ræða og verður hv. 2. þm. Reykv. (JB) því að afsaka, þótt keipum hans verði ekki sint. Hafa nú flokksmenn hans heyrt af áheyrendapöllunum, hve drengilega hann barðist, svo hann má vel við una sinn hlut.

Að lokum vil jeg geta þess, að mjer komu kynlega fyrir þau orð háttv. þm. (JB), að slíkur gerðardómur myndi ekki koma í veg fyrir verkföll og verkbönn. Hvort myndi þetta eiga að skiljast sem hótun um það, að lögum landsins skuli ekki hlýtt? Því víst er um það, að sje þeim hlýtt, verða hjer ekki nein verkföll eða verkbönn framar. Jeg ætla annars ekki að rekast í þessu við háttv. þm. (JB), nje baka honum önnur óþægindi út af því, sem hann hefir

ofmælt, því eins og jeg tók fram áðan, skulda jeg honum þakkir fyrir ræðuna. Það var að vísu óviljandi, sem hann mælti með frv., en þó jafn-vel þegið af mjer engu að síður.

Jón Baldvinsson: Háttv. þm. Dala. (BJ) kvað það sterk meðmæli með frv., að jeg lofaði málamiðlunarmenn. Þetta er nokkuð hæpin fullyrðing hjá háttv. þm., þar sem það er ekki þetta atriði, sem frv. leggur aðaláhersluna á, heldur gerðardómurinn. Jeg verð líka að líta svo á, að málamiðlanaákvæðin í frv. hafi minni þýðingu, þegar aðiljar vita, að þeir geta skotið málinu til fullnaðardóms. Og í þessum dómi eru meiri líkur til, að atvinnurekendurnir hafi sitt mál fram. Því að það er alstaðar viðurkent, að ráðherrar og dómarar líti yfirleitt jafnan svo á í kaupdeilumálum, að það sjeu verkamennirnir, sem eigi að bera hallann.Ef útgerð eða annar rekstur hættir að bera sig, að sögn atvinnurekenda, þá á fyrst og fremst að vera sjálfsagt að lækka kaup þeirra, en hitt gengur jafnan seinna, ef gróði verður á rekstrinum, að hækka kaupið. Það er ef til vill ekki rjett að segja, að þeir kvæði upp vísvitandi ranga dóma, en þetta mun oftast vera skoðun þeirra, og samkvæmt henni dæma þeir.

Það þýðir heldur ekkert að ætla sjer að ganga fram hjá reynslu annara þjóða, eins og hv. flm. (BJ) vildi gera láta. Hann gerði lítið úr reynslu Ástralíumanna. En jeg gat líka um Norðmenn. Af hverju vildi hv. flm. ekki minnast neitt á þá? Hann hefir máske kynokað sjer við að tala um þá í sambandi við Ástralíubúa.

Háttv. flm. (BJ) sagði, að jeg hefði áður tjáð mig mótfallinn gerðardómum, sökum þess, að ekki væru nógu mörg málsskotin. Þetta er rangminni. Jeg hefi alt af verið á móti gerðardómum, af ástæðum, sem jeg hefi greint.

Þá gat hv. flm. (BJ) ekki stilt sig um að minnast á það, á hvaða tungu jeg hefði talað. Þess var að vænta af svo lærðum manni, sem altaf talar latínu annað veifið hjer í deildinni.

Jeg vænti þess, að þótt þetta mál fari til nefndar, þá verði því samt ekki hleypt út úr deildinni. Það yrði áreiðanlega ekki til að auka frið og samvinnu í landinu, ef farið yrði að fremja ranglæti gagnvart verkalýð landsins. En reynsla annara þjóða hefir sannað, að svo yrði; og að mótstaða þeirra er á rökum bygð.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það hefir verið bæði upphaf og endir á ræðum háttv. 2. þm. Reykv. (JB), að verkamenn sjeu á móti þessu, af því að svona sje reynslan erlendis. „Jeg apaköttur er," svo hljóða einkunnarorð hans. Eins og ómögulegt sje, að hjer geti eitthvað þrifist, sem ekki þrífst annarsstaðar. Það er ekki saman berandi, verkamannastjettin hjer og víða erlendis. Hjer er enginn skríll. Hjer er enginn skríll, nema þá ef vera skyldu þeir menn, sem vilja gerast leiðtogar þessara manna, menn, sem sigla undir fölsku merki og eru að reyna að láta berast upp til vegs og valda á breiðum bökum þeirra.

Það er ósvífni af hv. þm. (JB), að drótta því að ráðherrum og dómurum þessa lands, að þeir muni reynast vilhallir í dómum sínum. Slík orð eru staðleysustafir og þó hneykslanleg, er þingmaður talar þau. Munu þau ætluð til

að kitla eyru manna á áheyrendapöllunum. En jeg þykist þekkja þá menn svo vel, sem á hlýða, að jeg megi fullyrða, að eyru þeirra klæji ekki eftir slíkum orðum. Enda mun háttv. þm. (JB) ef til vill komast að raun um það síðar.

Til þess að sýna, hve spaklega háttv. þm. (JB) falla rökin, þá vil jeg benda á orð hans um ónýtingu málamiðlunarmannsins, ef gerðardómur færi á eftir. Var aðalröksemdin sú, að það gerði að engu áhrif málamiðlunarinnar, að annar málsaðili vissi þá, að hann gæti altaf haft mál sitt fram þar. Ímyndar hv. þm. (JB) sjer, að málsaðiljar, er svo stendur á, ali ekki yfirleitt þá von í brjósti, að þeir hafi sitt mál fram? Af því stafa bæði verkföll og verkbönn, að hlutaðeigendur búast við á þann hátt að hafa sitt mál fram. Og hvað er til fyrirstöðu, þótt ekki sje slíkur gerðardómur, að leggja út í blóðuga borgarastyrjöld, ef annar eða báðir aðiljar búast við á þann hátt að hafa sitt mál fram? Nei, gerðardómur rjettsýnna manna verður aldrei líklegri til að halla á annan málsaðilja en hnefarjetturinn. Er þessi röksemd háttv. þm. (JB), sem annað, á engu viti bygð.

Að því er snertir orð háttv. þm. í fyrra um gerðardóma og málsskot, þá skal jeg taka það fram, að hann ljet þá skoðun sína, sem jeg gat um fyr, ekki í ljós í þingræðu, heldur í samtali við mig utan funda. En þessu hjelt hann þá fram engu að síður, og er það, sem annað, ranghermi, að hann vill ekki kannast við þetta nú.

Athugasemd hv. þm. (JB) um latínuræður mínar hjer í deildinni ætla jeg að svara á latínu, til þess að eitthvað standi heima af því, sem hv. þm. var að tala um. Og vilji hann nema þá tungu, mun best að byrja á setningunni:

Quod licet Jovi,
non licet bovi.

Jakob Möller: Jeg kann háttv. þm. Dala. (BJ) þakkir fyrir að hafa flutt þetta frv. Það er að mínum dómi hið mesta nauðsynjamál, sem hjer er um að ræða. Hins vegar skil jeg vel háttv. samþingismann minn (JB) og afstöðu hans til málsins. Eins og hann tók fram, hafa jafnaðarmenn tekið svo í þetta, og um leið var svo sem auðvitað afstaða þessa hv. þm. (JB) ákveðin, hvað sem leið rjettu og röngu. En það, sem mig furðaði á, var, að háttv. þm. (JB) sagði ekki nema hálfa söguna. Því það eru ekki einasta verkamenn, sem barist hafa á móti gerðardómum í öðrum löndum, heldur einnig vinnuveitendur eða sá stjórnmálaflokkur, sem þeir fylla aðallega, íhaldsflokkarnir. Afstaða beggja aðilja er því sú, að vilja ekki annað en að hnefarjetturinn skeri úr slíkum málum. En svo er 3. flokkurinn, þeir frjálslyndu menn, sem ekki vill hnefarjettinn, en í hans stað gerðardóma.

Það er vitanlega rangt hjá hv. 2. þm. Reykv. (JB), er hann segir, að ráðherrar, dómarar og önnur stjórnarvöld hallist á sveif með vinnuveitendum; skal jeg minna hann á, að þegar slíkar deilur hafa risið upp hjer og leitað hefir veraðstoðar þeirra um þessi mál, veit jeg ekki betur en að niðurstaðan hafi ávalt orðið verkamönnum í vil. Nægir að nefna prentaraverkfallið nú síðast þessu til sönnunar; þá studdi stjórnin málstað prentara, eins og líka má á sjá, á skil-

málum þeim, sem báðir aðiljar þá sættust á að lokum. Er því þessi fullyrðing hv. þm. (JB) algerlega rakalaus. Vona jeg að hv. deild veiti frv. þessu góðar viðtökur og að það fái að ganga til nefndar, sem lagi góðfúslega þá galla, er á því kunna að vera.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vildi mæla frv. þessu bót, og get jeg vel skilið, að hann vilji koma á þessum gerðardómi; hitt þykir mjer eigi eins víst, að verkamenn eða yfir höfuð nokkrir hinna frjálslyndari manna vilji vera með í því. Mintist hann á og mótmælti því, sem jeg hafði sagt um ráðherra og dómara, og sagði, að úrskurðir þeirra hefðu fallið verkamönnum í vil; getur vel verið, að hann líti svo á, en vart munu verkamenn líta svo á alment. Það má og vel vera, að í þessari síðustu deilu — prentaraverkfallinu — hafi hæstv. atvrh. (KlJ) litið rjett á málið, en það sannar ekki neitt, því það er þá alveg einstætt. Eða hvers vegna skyldu verkamenn annars alstaðar berjast á móti þessu, ef það væri ekki alment álit þeirra og reynsla, að gerðardómur væri þeim í óhag

Háttv. þm. Dala. (BJ) var með stóryrði og ókvæðisorð; brá hann mjer meðal annars um vísvitandi ósannindi. Er þetta vandi hans og kemur engum á óvart, en jeg hygg að hrópyrði hans bæti á engan hátt fyrir þessu frv. Var hann og með ýmsa spádóma, sem honum er mjög lagið, en jeg er óhræddur fyrir þeim, eða að það hafi nokkur áhrif á kjósendur mína. Hann hefir áður verið með spádóma; má þar minna á skýrsluna frægu um Íslandsbanka, sem þm. (BJ) fjekk stórfje fyrir, að sögn. En reynslan hefir nú orðið þann veg, að jeg hygg að fáir muni verða til þess að kaupa nýja spádóma af þessum hv. þm.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla aðeins að leiðrjetta orð hv. 2. þm. Reykv. (JB) viðvíkjandi því, sem hann hafði upp eftir mjer. Jeg sagði, að kjósendum hans mundi ekki líka svigurmæli þau, er hann hefir haft hjer í frammi í þingsalnum, og vart kunna honum mikla þökk þar fyrir. En viðvíkjandi spádómum mínum skyldi hann þar sem minst um tala sjálfur, og nær væri honum að fara inn í Alþýðubrauðgerð sína og sjá, hversu þar hnoðast.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala í þessu máli, enda þótt það heyri undir mig, ef frv. verður að lögum, sem þó reyndar getur verið álitamál, því stundum á atvinnumálaráðherrann að gera eitt og stundum er það aftur dómsmálaráðherrann, sjá 5. gr. frv. Jeg bjóst ekki við miklum umræðum um það á þessu stigi málsins, og hefði mjer því ekki fundist ástæða til að kveðja mjer hljóðs, ef hjer hefðu eigi fallið orð, sem jeg vegna þingtíðindanna vil ekki láta standa ómótmælt. Jeg á við orð háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) viðvíkjandi deilu þeirri, er reis út af prentaraverkfallinu nú í vetur, og sem jeg var svo heppinn að leiða til lykta. Hv. þm. (JakM) gaf það í skyn, að jeg hefði í því máli verið vilhallur í garð prentaranna. En það er ekki rjett. Jeg reyndi að koma fram sem allra hlutdrægnislausast og líta á málið frá sjónarmiði beggja og miðla málum eftir því sem hægt var. Að jeg hafi ekki dregið taum annars aðila, sem sje prentara, sjest best á því, að eftir að sættir voru komnar á og vinna hafin, komu fulltrúar beggja

málsaðilja á minn fund og þökkuðu mjer mín afskifti af því máli, og báðir sögðu sig vera ánægða með úrslitin.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. (KlJ) kvaddi sjer hljóðs til að mótmæla orðum 2. þm. Reykv. (JB), en ekki mínum. Jeg sagði ekki, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefði dregið taum eða verið vilhallur í garð prentara; jeg sagði að hann hefði stutt málstað þeirra, og voru það því orð hv. 2. þm. Reykv. (JB) um ráðherra og dómara og framkomu þeirra í garð verkamanna, sem atvrh. hefir átt við. (**Atvrh. KlJ:** Jæja, þá er jeg ánægður).

Viðvíkjandi orðum hv. 2. þm. Reykv. (JB) vil jeg svara því, að það má undarlegt heita, að hjer skuli ekki þekkjast nema undantekningar frá þeirri aðalreglu, sem hann talar um. Jeg verð að draga af því þá ályktun, að reglan sje þá alls ekki til, og að það sje fjarstæða og gangstætt reynslu okkar, að gerðardómar í kaupgjaldsþrætum, eða afskifti dómara og ráðherra af þeim málum, hljóti ávalt að verða verkamönnum í óhag.

Háttv. samþm. minn (JB) sagði, að verkamenn berðust alstaðar á móti gerðardómum í þessum málum. Þetta er ekki nákvæmlega rjett. Það eru leiðtogar verkamanna, sem berjast á móti því, að komið verði í veg fyrir verkföllin á þennan hátt, af því að þeir nota þau sem pólitísk vopn í stjórnmálabaráttunni. Fæ jeg ekki sjeð að saki mikið, þótt þeir missi þar eitt vopn úr höndum sjer; hitt varðar mestu, sem er til almenningsheilla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MK, MP, PO, PÞ, SSt, BSv.
nei: JB.

Tveir þm. (ÞorlJ, ÓP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allsherjarnefndar með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, 335, n. 402).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Um þetta frv. hafa orðið skiftar skoðanir í allshn. Þó varð samkomulag um það, að málið væri svo mikilsvarðandi, að eigi væri tilhlýðilegt að svæfa það í nefndinni, þó henni fyndist það á hinn bóginn ekki svo rækilega undirbúið, að það geti náð fram að ganga á þessu þingi. Það er alveg ný braut, sem hjer er lagt inn á, sú, að ljúka kaupþrætum án samþykkis aðilja. Því vill nefndin leggja til, að frv., ásamt till. á þskj. 335, verði vísað til stjórnarinnar til undirbúnings.

Jón Baldvinsson: Háttv. allshn. hefir þótt sæma að svæfa svo mörg mál, að hún hefði vel getað verið þekt fyrir að láta þetta mál líka hvíla sig þar. Frv. þetta var talsvert rætt við 1. umr., og var þó þá ekki minst á orðalag þess, sem hv. flm. (BJ) hefir viðurkent með brtt. sínum að væri ekki sem heppilegast. En þó að þær bætur sjeu gerð-

ar, þá held jeg að þrátt fyrir það sje frv. ekki sem heppilegast orðað, ef það yrði svo að lögum, sem jeg raunar vænti að ekki verði. Frv. þetta byggist í eðli sínu á sterkum samtökum vinnusala og vinnuþega. En langt er frá, að þau sjeu orðin svo almenn hjer á landi, að hægt sje að koma því við, sem 2. gr. gerir ráð fyrir. Nokkuð mikið umstang er líka við það, ef hvert fjelag á að hafa fasta nefnd til að semja um kaupgjaldið. Þetta er raunar ekki stórt atriði, en það sýnir þó ljóslega, að hv. flm. (BJ) er harla ókunnugur þeim málum, sem hjer ræðir um. Hann virðist byggja eingöngu á erlendum fyrirmyndum, en tekur ekki tillit til þess, hversu allar aðstæður eru ólíkar hjer. Maður hefir ekki leyfi til að efast um góðan tilgang með frv. Hv. flm. (BJ) gerir eflaust ráð fyrir því, að með þessu megi koma í veg fyrir verkföll og deilur, en sjer ekki, að það getur aðeins orðið til þess að auka á stjettadeilurnar og sundrungina. Þessi dómstig, sem hann gerir ráð fyrir, eru þannig löguð, að ákvæði frv. um þau, jafnvel þó brtt. yrðu samþyktar, geta tæplega staðist, þegar til framkvæmdanna kæmi. Tíminn, sem settur er til dómsins, er hálfur mánuður, frá fyrsta til síðasta dómstigs, og er það sýnilegt, að sá tími er alt of naumur. Það er alveg óhugsandi, að málum, sem sótt eru og varin af kappi, geti orðið lokið á einum hálfum mánuði. Fyrsta dómstigi er þannig háttað, að þar skipar stjórnin oddamann, sem dæmi ásamt 2 öðrum, er vinnusali og vinnuþegi tilnefna, og á sá dómur aðeins að taka þrjá daga. Jeg get ekki hugsað mjer, að þessi stjórnskipaði oddamaður verði svo fljótur að átta sig á málunum, nema afstaða hans sje þá fyrirfram ákveðin af handahófi. Sama gildir um öll dómstigin. Jeg þykist vita, að í flestum tilfellum verði það oddamaður, sem kveði upp endanlegan úrskurð, og vilji hann rannsaka málið samviskusamlega, þá mun hann fljótt komast að raun um, að tíminn er alt of naumur. Alt þetta bendir til þess, að hv. flm. (BJ) hefir ekki skilið, hvernig slík mál ganga til.

Þetta er nú um ákvæði frv. og brtt. En svo er eftir að vita, hvernig fara myndi, ef lögin kæmust til framkvæmda og farið yrði að vinna undir þeim. Jeg fæ varla skilið, að þeir sjeu margir, sem geri sjer vonir um, að þó gerðardómur kæmist á, þá sje þar með komið í veg fyrir deilur milli verkafólks og vinnuveitenda. Það eru svo afarmargar leiðir opnar fyrir þá, sem óánægðir eru með úrskurðinn, að skjóta sjer undan honum og fá kröfum sínum framgengt á annan hátt. T. d. hafa verið samþykt lög, sem banna starfsmönnum ríkisins að gera verkfall. Nú eru, eins og kunnugt er, sterk samtök milli þeirra. Og svo var það árið 1919, að þeir komu með kröfur, og raunar að öllu leyti rjettmætar kröfur um launabætur. En hvers vegna gerðu þeir það? Ekki máttu þeir gera verkfall, þó kröfum þeirra væri eigi sint. Hvað lá þá bak við? Það, að allir embættismenn hefðu sagt af sjer og enginn tekið við starfi þeirra. Því fleiri en embættismenn voru með í þessum samtökum; það voru kandídatar líka, sem ekki hefðu fengist til að taka við embættunum, ef launabótunum hefði ekki verið sint. Á þennan hátt gátu þeir skotið sjer undan lögunum, sem bönnuðu þeim að gera verkfall, en fundu aðferð, sem verkaði eins. Alveg eins gætu aðrir starf-

andi menn farið að. Sjómenn gætu t. d. sagt við útgerðarmennina: Við ráðum okkur ekki! Það er ekki heldur verkfall, en það verkar eins. Eins gætu t. d. útgerðarmenn gert. Þeir gætu stöðvað skipin til að lækka kaupið. Þetta sýnir nægilega, að ákvæðin eru óheppileg og að ekki er hægt að koma í veg fyrir, að farið sje í kringum lögin og mótstaða sje veitt.

Enn er eitt, sem í frv. vantar, sem sje ákvæði um það, á hvern hátt dómurinn eigi að starfa. Það er til dæmis nauðsynlegt, að dómendur rannsaki, hvað lágmarkskaup verkamanna eigi að vera. Það er t. d. ekki nóg, að verkamenn fái sæmilegt kaup í 1—2 mánuði af árinu, því þeir þurfa að lifa alla daga ársins. Það er næsta algengt, að enga vinnu sje að hafa frá því í október og fram í miðjan apríl, en þá þarf líka kaupið að vera svo hátt, að það endist þeim til viðurværis, þann tíma, sem þeir neyðast til að ganga atvinnulausir.

Enn er það sterk ástæða á móti frv., að það skuli koma fram einmitt nú, og gæti það bent til þess, hvernig það eigi að verka. Mjer skilst, að eins og ástæðurnar eru nú, þá muni kaup fara lækkandi, og að flestar kröfur muni ganga í þá átt. Ef því lögin verða samþykt, þá má ganga að því sem gefnu, að þeim verði fremur beitt til þess að færa niður kaupið heldur en að hækka það. Eða hvers vegna kom ekki fram frv. um þetta árið 1916? Þá voru það verkamennirnir, sem urðu að sækja á.

Við 1. umr. þessa máls var vitnað í það, að slíkir gerðardómar hefðu verið settir upp í minsta kosti tveimur stöðum erlendis, og er annar þeirra í Noregi. Þar kom hann nýlega til endursamþyktar í Stórþinginu, en var feldur. Það sama er að segja frá Ástralíu; þar mun hann vera því sem næst numinn úr gildi. Sýnir það, að þeir hafa alstaðar gefist illa, og sjerstaklega er það eftirtektarvert, að verkamenn hafa alstaðar verið gerðadómum mótfallnir og þótt það sýnt, að þeir hafi gengið á sinn hluta. Og svo er það líka með verkamenn hjer, svo sem áskoranir þær, allfjölmennar, frá verkalýðsfjelögunum hjer í bæ og einstökum mönnum, sýna ljóslegast. Auk þess hafa komið samskonar áskoranir frá fjelögum utan af landi. Jeg verð því að telja, að það sje harla frekleg móðgun við verkamenn, ef hið háa Alþingi samþykkir þetta.

Háttv. alshn. leggur nú til, að málið nái ekki fram að ganga að þessu sinni, og vill vísa því til hæstv. stjórnar, til athugunar og undirbúnings. Jeg hafði nú ekki hugsað mjer að greiða atkvæði með frv. til stjórnarinnar. Að forminu til er það að fella málið, en það má ef til vill álítast, að með þessari aðferð sje þó nokkur lífsneisti í frv. Greiði jeg því atkvæði á móti frv. eins og það er, öllum liðum þess, ásamt framkomnum brtt.

Forseti (BSv): Mjer hafa borist tilmæli frá 6 háttv. þm., svo hljóðandi:

„Undirritaðir þingmenn óska, að umræðum sje hætt."

Undirritaðir eru: SSt, JAJ, PÞ, BH, StSt, LH.

Nú hefir einn háttv. þm. kvatt sjer hljóðs, og lít jeg svo á, að til þess sje ætlast, að umræðum sje slitið, þegar hann hefir lokið máli sínu.

ATKVGR.

Till. um að slíta umræðum samþ.

með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, JAJ, JS, LH, MG, BSv.
nei: MJ, MK, MP, ÞorlG, BJ, EE, GunnS, JakM, JB.
Sjö þm. (ÓP, PO, ÞorstJ, EÞ, HK, IngB, JÞ) fjarstaddir.

Bjarni Jónsson: Fyrst þykir mjer það undarlegt, hvernig meðferð nefndarinnar hefir verið á málinu, að hún taldi það vanta undirbúning. Starf nefndarinnar átti vitanlega að vera í því fólgið að undirbúa það betur. Mín aðalhugsun er sú, hvernig setja skuli saman dóminn. Hitt er ætlunarverk nefndarinnar, að koma með það, sem nánar þurfti til skýringar. Hv. 2. þm. Reykv. (JB) deildi á mig og kvað mig hafa bygt á of sterkum samtökum vinnuveitenda og vinnuþega. En þetta er ekki rjett. Þar sem engin samtök eru, þar eru engin verkföll; en hjer er hægt að sýna honum fram á nóg dæmi um verkföll til þess, að hann geti látið sannfærast um þetta. Það er ekki til neins fyrir hann að reyna að þvæla það. Svo vildi sami hv. þm. (JB) segja, að frv. yki deilur, en það er líka fjarri sanni. Hann talar um, að tíminn sje of stuttur. Það er rangt. Alstaðar, þar sem þess gerist þörf, hygg jeg, að tíminn mundi reynast nægur, uns til úrskurðar kæmi, þar til málið væri látið ganga gegnum öll stigin. Hann talaði um, að það væru ýmsar leiðir til að skjóta sjer undan dómi; en menn myndu ekki gjarnan hafa slík brögð í frammi. Menn yrðu fegnir, þegar málið yrði útkljáð, og sennilega hefir hvor aðili jafnan eitthvað til sín máls. Hv. þm. (JB) talaði um, að oddamennirnir hefðu ekki nægan tíma til að gera sjer grein fyrir málinu, en þetta er bara sagt út í bláinn. Því að allar upplýsingar í málinu liggja fyrir þeim, og hver meðalmaður þyrfti ekki meira en í hæsta lagi 2 daga til að setja sig inn í það, sem skjöl þau fjölluðu um. Jeg býst við, að þingmenn, sem sitja hjer nætur og daga og ræða um vandamál þjóðarinnar, ættu að vera færir um að vera slíkir oddamenn. Jeg efast ekki um, að þeir, sem geta samþykt 153 greinar í flóknu þjóðarmáli á örskömmum tíma, ættu að vera færir um að setja sig inn í deiluefni sjómanna og útgerðarmanna á tveim dögum. Hv. þm. (JB) talaði um, að vanalegt væri að setja lágmark á kaupgjald verkamanna. Það er hvorki þeim sjálfum holt nje vinsælt. Jeg hefi aðeins haft hag verkamanna og engra annara fyrir augum, því að lágmark á kaupi er þeim sjálfum fyrir verstu. Jeg ætla mjer ekki að deila mjög á þennan hv. þm. (JB), því að jeg býst ekki við að svara honum neinu. Hann hefir gefið það í skyn, að jeg hafi ekki getað samið frv. sjálfur, en verið svo fenginn til að bera það fram. Jeg hefði gaman af, að hann sýndi mjer þessa aðstoðarmenn mína, og gæti sagt, að jeg hefði orð fyrir að láta aðra tyggja í mig. Það, sem fyrir mjer vakti, var að vinna gagn atvinnuvegunum.

Jeg geri ekki mikið úr þessari áskorun frá 550 verkamönnum, því að það er ekki mikill hluti af verkamönnum hjer í bæ, hvað þá heldur af öllu landinu. Þó hefir sjálfsagt verið unnið ósleitilega við að smala saman undirskriftunum. Með tilliti til þess er þetta undarlega magur listi. Það er auðvitað af því, að allur þorri verkamanna hefir skilið, að frv. er þeim til verndar. Hugsum okkur, að hv. 2. þm. Reykv. (JB)

rjeði og að það yrði drepið. Hugsum oss enn fremur, að öll skip yrðu sett upp, og af því myndi leiða atvinnuleysi, en óbein afleiðing gerðardómsins yrði sú, að slíkt kæmi aldrei fyrir. Ef frv. yrði samþykt og yrði að lögum, dytti engum í hug að setja upp skip sín, því að hann gæti það ekki, nema með því að baka sjer harðari útreið í næsta dómsmáli, er starfsmönnum hans yrði dæmt hærra kaup fyrir þann skaða, er hann hefði gert þeim að raunarlausu.

Eins og menn vita, er það oft meira kapp en peningaatriði, sem veldur deilunum milli verkalýðs og vinnuveitenda, og mundi dómurinn því jafnan koma að góðum notum og verða þó einkum verkamönnum til verndar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 402, frá allshn., um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 13 : 3 atkv.

---

5. Mælitæki og vogaráhöld.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælitæki og vogaráhöld (þmfrv., A. 153).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lárus Helgason): Eins og sjá má á frv. þessu, er hjer um allmikla breytingu að ræða frá núgildandi lögum um mælitæki og vogaráhöld. Breyting þessi hyggjum við flm. frv. að verði vel þegin af flestum landsmönnum, þar sem hjer verður að ræða um mikinn sparnað á fje almennings.

Útgjöld þau, sem kaupmenn og kaupfjelög hafa orðið að inna af hendi vegna gildandi laga um mælitæki og vogaráhöld, eru tvímælalaust úr vösum almennings. Kostnaðinn við löggildingarstofuna hefir orðið að greiða sumpart úr ríkissjóði og sumpart frá verslunum í landinu. Samkvæmt skýrslu frá löggildingarstofunni nemur þessi kostnaður frá byrjun, þau 5 ár, sem hún hefir starfað, mikilli uppæð. Þennan kostnað ættu landsmenn að losna algerlega við hjer eftir, ef frv. það, sem nú er til umr., nær fram að ganga, þar sem lögreglustjórum er ætlað að taka að sjer eftirlit það, sem löggildingarstofan hefir nú, án nokkurs sjerstaks endurgjalds.

Eftirlitið ætti ekki að verða ver af hendi leyst af lögreglustjórum en löggildingarstofunni. Þeim er hægt að framkvæma það árlega, t. d. á þingaferðum, en það getur löggildingarstofan ekki nema með alt of miklum kostnaði. Enda er samkvæmt núgildandi lögum ekki ætlast til, að þetta eftirlit fari fram nema einu sinni á hverjum 3 árum.

Eins og minst er á í greinargerð við frv., er starfræksla löggildingarstofunnar, samkvæmt núgildandi lögum, óhagkvæm á ýmsan hátt, svo sem það, að ef lítið eitt hefir þurft að lagfæra vog, þá hefir ekki mátt gera við hana á staðnum, heldur hefir orðið að senda hana til Reykjavíkur, eins fyrir því, þó að viðgerðin hafi verið svo lítil og auðveld, að hver meðal-búhagur maður hefði vel getað leyst hana af hendi á lítilli stundu. Kostnaður við þessar sendingar voganna hefir orðið mikill, auk þess sem verkið sjálft hefir þótt mjög dýrt. Þar við bæt-

ist, að oft er mjög bagalegt að missa af notkun voganna um langan tíma. Samgöngur okkar eru ekki svo greiðar, að í þessu efni sje rjett að lögákveða slíkt fyrirkomulag.

Ýmislegt fleira mætti benda á til sönnunar því, að núgildandi lög um mælitæki og vogáráhöld eru ekki hagkvæm, en við þessa umr. málsins virðist það ekki nauðsynlegt.

Að endingu skal þess getið hjer, að líklegt er að þeir menn, sem vinna við löggildingarstofuna, geti fengið sjer eitthvað þarfara að vinna fyrir fósturjörðina en það, sem þeim hefir verið boðið að gera eftir núgildandi lögum. Vænti jeg, að frv. þetta fái að ganga til 2. umr., að þessari lokinni, og síðan til allshn.

Þorsteinn Jónsson: Þegar mál þetta var rætt hjer í hv. deild í sambandi við fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. (LH), upplýsti hæstv. atvrh. (KlJ) í svari sínu, að löggildingarstofan hefði borið sig, tekjurnar af þessari stofnun væru eins miklar og útgjöldin, væri því enginn kostnaður fyrir ríkið að halda henni við. Jeg efast ekki um, að svo muni vera. En þó að kostnaður sje enginn af henni fyrir ríkið, þá kemur þó kostnaðurinn á landsmenn. Það er enginn vandi fyrir þessa stofnun að hafa svo miklar tekjur, að hún baki ekki ríkissjóði útgjöld, þar sem hún hefir ein rjett til þess að flytja inn og gera við öll mælitæki og vogaráhöld, og ræður sjálf verðlaginu. Þá er skiljanlegt, að hún sje ekki byrði á ríkissjóði. En hins vegar er það ljóst, að þetta er skattur á landsmönnum. Það eru ekki þeir, sem kaupa áhöldin eða láta gera við þau, sem greiða þetta gjald, heldur almenningur, því að kaupmenn og kaupfjelög leggja það aftur á vöruna.

Það má segja, að þetta gjald sje ekki mjög mikið, en það er þó nokkuð, og ábyggilega skattur, sem má missa sig. Mjer er kunnugt um, að mjög nákvæmlega hefir verið farið í að framfylgja lögum þessum. Þó að ekki hafi verið meira að sumum áhöldum heldur en brotinn nagli, sem hver lagtækur maður — og jafnvel líka ólagtækur — hefði getað gert við, varð að senda þau til Reykjavíkur, og kostaði viðgerð og flutningur oft á tíðum jafnmikið og áhöldin ný. Mig furðar ekki, þó að vogar- og mælitækjum hafi verið talið mjög ábótavant í skýrslu þeirri, er hæstv. atvrh. (KlJ) las upp um daginn, er hann svaraði fyrirspurninni, þar sem hver smágalli var talinn með. Vogir voru dæmdar ónothæfar fyrir smávegis annmarka, þó að þær vægju ekki skakt, og lóð, sem flutt voru inn eftir að löggildingarstofan tók til starfa, var neitað að löggilda, þó að þau væru góð og rjett í alla staði, og varð því að fleygja þeim.

Það hefir verið sagt til stuðnings löggildingarstofunni, að með henni væri meiri trygging fyrir því, að vog og mælir væri rjett. Jeg leyfi mjer að efast stórlega um þetta og hygg, að erfitt muni að sanna það. Á milli skoðana og eftirlits af hálfu löggildingarstofunnar líða minst 3 ár, og ef kaupmenn vilja nota röng mælitæki, geta þeir það vitanlega þau 3 ár, sem ekki er skoðað hjá þeim. Eiginlega er miklu öruggara að leggja þetta undir umsjón lögreglustjóra, sem geta haft eftirlit með áhöldunum hve nær sem þeim sýnist.

Þegar lögin um löggildingarstofuna voru samþykt hjer á þingi, var þetta eftirlit talið svo vandasamt, að fela þyrfti það sjerfræðingi. Jeg hygg, að þetta hafi aðallega verið notað til að koma lögunum

í gegn, en vandinn sje ekki meiri en að hver meðalmaður geti sjeð, hvort tækin sjeu rjett eða ekki.

Þessi lög eru einhver hin allra óvinsælustu, sem ungað hefir verið út hjer á þingi á síðustu árum. Þetta eitt væri að vísu ekki næg ástæða til að fella þau úr gildi, ef annað mælti með þeim. En þegar alt bendir á, að þjóðin missi einskis í, þó að löggildingarstofan verði lögð niður, vona jeg að hv. deild taki vel undir frv. og lofi því að sigla áfram.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það var ekki alveg rjett hermt hjá síðasta ræðumanni (ÞorstJ), að jeg hafi haldið því fram, að nú væri svo komið, að löggildingarstofan bæri sig. Jeg sagði ekkert um það og lagði engan dóm á það. Jeg las einungis upp tölur, er forstjóri löggildingarstofunnar hafði látið mjer í tje, en fór ekki í neinn samanburð. Fyrirspurnin gaf ekkert tilefni til þess, og jeg áleit það henni óviðkomandi. Það er þó enn vitlausara, sem jeg sá hermt eftir mjer í blaði einu, að löggildingarstofan hafi gefið svo og svo mörg þúsund krónur í tekjur. Jeg sagði ekki eitt orð á þá leið. Hitt dró jeg fram, til þess að sýna, að hún hefði gert eitthvert gagn, hve mikið hefði lagast um vogir og mælitæki við þessar 2 skoðanir, sem fram hafa farið. Jeg áleit mjer það skylt, enda var það tekið svo greinilega fram í skýrslu forstjórans, að hann ætlaðist sýnilega til, að það kæmi fram í þinginu.

Jeg get ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu að fela lögreglustjórum þetta eftirlit, þar sem góðu skipulagi hefir verið komið á mæli- og vogartæki á síðustu árum. Stofnunin er alt of dýr. En þó er annað athugavert í þessu máli, sem jeg vil drepa strax á. Forstjóri löggildingarstofunnar hefir fyrir um 2 árum verið hálfhræddur um, að önnurhvor stofnunin, er hann veitir forstöðu, löggildingarstofan eða veðurathugunarstofan, yrði lögð niður. Í brjefi, dags. 7. maí 1921, spyr hann stjórnina um þetta, og biður hana að tryggja sjer sömu launakjör sem hagstofustjóra; kveðst hann ella mundu neyðast til að leita sjer annarar atvinnu. Þáverandi stjórn svaraði með brjefi, þar sem þessu var lofað fullkomlega. Þessi plögg mun jeg fá væntanlegri nefnd í hendur, ef þau kynnu að geta breytt áliti hennar að einhverju leyti í þessu máli.

Jón Baldvinsson: Jeg er yfirleitt meðmæltur ríkisrekstri á sem flestum sviðum, en ef jeg sje einhverja óþarfa stofnun, vil jeg auðvitað leggja hana niður. En stofnun þá, sem ræðir um, tel jeg ekki rjett að afnema. Það getur verið, að þeir, sem því fylgja, hafi rjett fyrir sjer að sumu leyti um þann þunga skatt, er þeir telja þjóðina greiða löggildingarstofunni. Vitanlega borgar þjóðin einhvern skatt til hennar. En hver skyldi hafa borgað þann skatt, sem röng mæli- og vogartæki hafa bakað þjóðinni? Ef þau hafa verið svo röng, sem eftirlitið hefir sýnt, hefir sá skattur ekki verið svo mjög lítill. Má vel athuga þetta um leið og rætt er um að leggja stofnunina niður.

Jeg er ekki mjög hrifinn af eftirliti lögreglustjóranna í þessu efni. Vjer höfum svo margskonar reynslu um það eftirlit á ýmsum sviðum. Hæstv. atvrh. (KlJ) var heldur á því, að leggja mætti löggildingarstofuna niður, þar sem þessi mál öll væru nú komin í svo gott horf. En þá vaknar sú spurning, hvort

ekki muni alt færast aftur í gamla horfið, þegar eftirlitið minkar. Þá kemur aftur þessi skattur af röngum mæli- og vogartækjum, sem jeg hygg að sje engu minni en það, sem vjer nú gjöldum til löggildingarstofunnar.

Bjarni Jónsson: Við erum í því horninu nú, jeg og hv. 2. þm. Reykv. (JB), að við erum sammála. Hann hefir að mestu leyti tekið af mjer fyrirhöfnina, og get jeg því verið stuttorður. Jeg vil endurtaka það, sem hann sagði, að ekki þarf miklu að muna á vog eða mæli til þess að á almenning komi margfaldur skattur á við það, sem löggildingarstofan kostar. Hve miklu skyldi t. d. þurfa að muna á mjólkurmáli hjer í Reykjavík, er hvert heimili kaupir nokkra potta daglega. Eða hvort mundi það lengi að safnast saman á ull eða fiski, ef mjög tíðkuðust rangar vogir? Jeg get fullvissað menn um það, að það væri svo mikil upphæð, að menn mundi sundla, ef nokkur væri fær um að reikna hana saman. Og hvaða trygging er fyrir rjettum mæli og vog í þjóðfjelagi, sem hefir enga stofnun til rannsóknar og eftirlits með því. Þá vantar þá tryggingu, sem almenningur á heimtingu á. Og þó að lögreglustjórar eigi að hafa þetta eftirlit, hvaða tæki eiga þeir þá að hafa? Eiga þeir að hafa vogir hjeðan, eða fá nýjar frá Frakklandi (**Atvrh. KlJ:** Það hafa menn oft fengið). Jeg veit, að menn fengu áður vogir frá Danmörku. En þegar Íslendingar fóru að verða sjálfstæð þjóð, vildu þeir eiga þetta undir sjálfum sjer, en ekki undir öðrum, þó að öðrum væri að vísu vel trúandi í þessu efni.

Annað er það, að menn hafa eðlilega kvartað undan hinu háa verði á mælitækjum. En þess ber að gæta, að birgðir löggildingarstofunnar voru keyptar á þeim tíma, þegar alt var í hæstu verði, og þar sem stofnunin átti að bera sig, varð að selja tækin svo dýrt. En þar sem ekki þarf í framtíðinni að kaupa svo dýra hluti sem þá, mun verð á þeim lækka. Og þegar viðskifti og verðlag færist til rjetts lags, munu menn lítið finna til þessa gjalds og ekki kvarta undan því. En því er nú undan þessu kvartað, að þetta er innlendur skattur, en ekki útlendur, því að erlenda skatta gjalda allir fúslega og glaðir.

Þorsteinn Jónsson: Það hafa þegar heyrst 2 raddir til að andmæla þessu frv. Hv. 2. þm. Reykv. (JB) bar upp þá spurningu, hver borgaði skatt þann, sem stafaði af röngum vogum. Við skulum gera ráð fyrir, að þetta hafi komið fyrir áður en löggildingarstofan var sett á stofn. (**JB:** Það er sannanlegt). Þá mun þetta hafa verið upp og niður, stundum hallast á kaupanda, stundum á seljanda. Það má halda því fram með fullum rjetti, að engin trygging sje fyrir rjettri vog og mæli, þó að þessi stofnun haldi áfram. Áhöld þessi geta skemst á 3 árum, og þeir, sem vilja nota rangar vogir, geta hæglega skotið þeim inn í skúmaskot meðan eftirlitsmaðurinn er á ferðinni og tekið þær fram, þegar hann er farinn. Það má segja, að viðskifamennirnir gætu gætt að því, að slíkum prettum væri ekki beitt. En þeir eiga jafnauðvelt með að gæta að, hvort vogir sjeu rjettar, þó að ekki sje stimpill löggildingarstofunnar á þeim. Það er einnig tilætlun okkar flutningsmanna, að lögreglustjórar stimpli áhöldin. Jeg er þess fullviss, að lögreglustjórarnir eru jafnfærir til þess að rannsaka tæki þessi eins

og þeir menn, sem löggildingarstofan sendir út. Auðvitað má telja forstjórann best færan allra til rannsóknar á vogar- og mælitækjum, en hann ferðast ekki um sjálfur til að líta eftir tækjunum, heldur sendir hann hina og þessa til eftirlitsins. Sýslumenn gætu alt eins vel haft þetta eftirlit með höndum, og jafnvel hreppsjórar, án þess að jeg sje að niðra eftirlitsmönnum löggildingarstofunnar.

Annars má, eins og jeg tók fram áður, ganga of langt í hótfyndni að eyðileggja vogartæki. Mjer er kunnugt um, að eftirlitsmaður hefir kastað kvörðum, sem honum þótti ekki líta nógu vel út, eða voru smíðaðir af lagtækum mönnum, en þó eins rjettir og kvarðar löggildingarstofunnar.

Jeg sagði ekki að þetta væri mikill skattur á þjóðinni, heldur að það væri óþarfur skattur. Svo lengi má halda áfram að leggja óþarfa skatta á þjóðina, þótt smáir sjeu hver um sig, að þeir verði alltilfinnanlegir.

Hv. þm. Dala (BJ) kvað menn mundu sundla, ef reiknað væri saman það tjón, er almenningur biði árlega af röngum mæli- og vogaráhöldum, og tók til dæmis mjólkurmál í Reykjavík. Það getur verið, að svo nákvæmlega sje mæld mjólk í Reykjavík. En þar sem jeg þekki til er hún ekki svo nákvæmlega mæld, en svo mikið látið framyfir, að örugt sje, að kaupandinn skaðist ekki. Enda held jeg að mjólkurmælar sjeu ekki löggiltir af lögildingarstofunni.

Menn hafa talað á móti frv. eins og ekkert eftirlit yrði í þessum efnum, ef það verður samþykt. Það er ekki rjett, því að lögreglustjórum er falið þetta eftirlit. En um leið kemur það undir stjórnarráðið eins og öll önnur mál, er lögreglustjórar hafa með höndum. Ef menn teldu slælegt eftirlit hjá einhverjum lögreglustjóra, liggur beint við að kvarta til stjórnarráðsins, og gæti það sent sjerstakan eftirlitsmann, þegar svo bæri undir.

Jón Þorláksson: Jeg vil leiða athygli að því, að það eru tvö gagnólík störf, sem löggildingarstofunni er ætlað að hafa á hendi. Annað er eftirlit með vogum og mælitækjum, en hitt er löggilding nýrra mælitækja og voga.

Væri þessi varningur smíðaður hjer svo nokkru næmi, en nú er það ekki, gæti verið ástæða til að hafa stofnun í landinu til löggildingar nýrra tækja. En jeg sje ekki að það sje, því að í þeim löndum, er verkfærin eru fengin frá, eru löggildingarstofur, og þar má fá tækin löggilt, svo fulltrygt sje. Það er því engin ástæða að hafa stofnun til þess, nema ef vera skyldi vegna sjálfstæðisfordildar, til þess að sýna öðrum þjóðum, að við sjeum þeir karlar í krapinu, að við getum þetta sjálfir. Þessari skoðun skaut líka upp hjá hv. þm. Dala. (BJ), eins og vænta mátti.

Það eina, sem þörf er á, er að hafa eftirlit með því, að tækin gangi ekki úr sjer og verði röng. Með frv. þessu er ekki verið að afnema þetta efirlit, heldur aðeins annari skipun á það komið, sem er engu ótryggari, en miklu ódýrari.

Flm. (Lárus Helgason): Orð hv. þm. Dala. (BJ) gáfu mjer tilefni til nokkurra orða. Hann sagði, að menn mundi sundla, ef þeir heyrðu þær upphæðir, sem hafðar hefðu verið af mönnum sökum rangrar vigtar. Þetta eru rakalausir sleggjudómar. Hefi jeg aldrei

heyrt kvartað undan rangri vigt, og það er tilhæfulaus áburður, að menn sjeu svo gjarnir á að svíkja í þeim efnum, að þess vegna sje þörf á löggildingarstofunni.

Flestir eru svo gerðir, að þeir vilja vega og mæla rjett, en þótt svo væri ekki, þá mundi eftirlitið síst verða verra, heldur verða tryggara hjá lögreglustjóranum en löggildingarstofunni.

Jakob Möller: Jeg vil vekja athygli á því, að óvildin í landinu gegn löggildingarstofunni muni ef til vill stafa að einhverju leyti frá því, hver árangur hefir orðið af stofnuninni.

Við fyrstu skoðun ónýttust um 70% tækja þeirra, sem þá voru í notkun í landinu; gæti maður hugsað sjer, að gremjan stafaði af því, hversu miklum kostnaði þetta hefir valdið fyrir eigendur. Er engin nýlunda, að lög, sem þannig verka, verði óvinsæl, enda þótt góð og nauðsynleg sjeu. Mönnum finst þetta óþarfa tiltektarsemi. Menn mega ekki láta sjer nægja að sanna, að óvild sje gegn einhverju, heldur verður líka að vita, af hverju óvildin stafar, áður en breytt er til.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) talaði um hin ólíku hlutverk löggildingarstofunnar, eftirlitið og löggildinguna. En jeg sje ekki annað en að hlutverkin sjeu mjög lík. Það er rjett, að það er hægt að fá löggilt tæki frá útlöndum, en eigi að notast við það eitt, verður um leið að banna smíði slíkra hluta hjer. Er að vísu lítið um smíði þeirra enn þá hjer, en það getur aukist og mun gera það. Auðvitað mætti senda þessi tæki til útlanda til löggildingar, en kostnaður mundi það verða. Hitt get jeg skilið, að þeim mönnum, sem verst er við sjálfstæðisfordildina, þætti þetta viðkunnanlegasta leiðin.

Magnús Kristjánsson: Mörgum sýnist ef til vill, að hjer sje ekki um stórmál að ræða, en jeg hygg þó, að það sje ekki svo ómerkilegt, sem það máske sýnist. Jeg álít, að menn hafi of mjög fest sjónir á því, að kostnaður hefir orðið nokkuð mikill af því að koma þessu í rjett horf, en sá kostnaður er nú að mestu um garð genginn og verður hjer eftir varla tilfinnanlegur.

Það má vel vera, að framkvæmdin á þessu hafi ekki verið upp á það fullkomnasta, og að vel hafi mátt laga þessi tæki með minni kostnaði en orðið hefir. En stofnunarinnar er alt að einu þörf, og um það vildi jeg fara nokkrum orðum, einkum eitt atriði, sem enn hefir ekki verið minst á. Á seinni árum hefir sú venja myndast, að mikill hluti útfluttrar vöru hefir verið seldur hjer á staðnum með þeim þunga, er hún hefir. Sýnist því ærið varhugavert, ef sú stofnun verður lögð niður, er tryggi útlendum kaupendum rjetta vog og mæli. Bið jeg háttv. nefnd að athuga þetta vel, því að það gæti valdið miklu tjóni, ef mótmæli kæmu eða kvartanir um ranga vigt útfluttrar vöru.

Því er svo varið löngum, að flest mál hafa fleiri hliðar en eina, og á þessu máli hygg jeg að þetta sje alvarlegasta hliðin. Ef stofnunin verður lögð niður og eftirlitið verður af handahófi, þá hverfur þessi trygging, og þá verður ef til vill illmögulegt að selja vöru hjer á staðnum; og þá mundi það sannast, að kostnaðurinn við stofnun þessa er hverfandi lítill í samanburði við það tjón, sem af því gæti leitt, ef útlendir kaupendur

teldu, að með þessari fyrirhuguðu breytingu minkaði sú trygging, er þeir nú hafa fyrir útlátum þessarar vöru, er þeir kaupa hjer á landi.

Þorsteinn Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) taldi, að óvild þjóðarinar gegn stofnuninni væri sökum þess, að hún hefði ekki þolað leiðrjettinguna á tækjunum. En þetta er ekki rjett. Getur sú ástæða ekki verið hjá öllum almenningi, og jeg held ekki hjá neinum, heldur hefir ástæðan verið þessi óþarfi kostnaður, sem af stofnuninni hefir leitt. Tækin hafa orðið að vera svo dýr, til þess að stofnunin geti borið sig.

Hann talaði einnig um hinn mikla árangur, sem orðið hefði af fyrstu skoðuninni. Mjer kemur ekki til hugar að neita því, að eitthvert gagn hafi orðið að eftirlitinu, en hins vegar held jeg, að ekki verði fullkomlega á því bygt, þótt mismunur milli fyrstu og annarar skoðunar yrði svo mikill sem skýrslan segir, því að ekki er ólíklegt, að menn hafi ekki sýnt öll vogar- og mælitæki sín við aðra skoðunina, ef þeir hafa t. d. ekki sent þau löggildingarstofunni til viðgerðar.

Jeg er sammála hv. þm. Ak. (MK) um það, að nauðsynlegt sje að málið verði vel athugað í nefnd. En viðvíkjandi því, sem hann sagði, að hætt væri við, að traust útlendinga minkaði á áreiðanleik mælis og vogar hjer á landi, ef eftirlitið yrði af handahófi, og að jafnframt myndi verða neitað að taka á móti heilum skipsförmum, vil jeg spyrja: hefir slíkt komið áður fyrir, áður en hjer var löggildingarstofa? Jeg held ekki. En auk þessa er ekki verið að tala um að afnema eftirlitið, heldur auka það, því að lögreglustjórarnir geta framkvæmt það oftar heldur en löggildingarstofan gerir. En þá mótbáru get jeg ekki skilið, að lögreglustjórum sje ekki trúandi fyrir þessu. Er þeim þá trúandi fyrir öðrum vandasömum störfum, sem þeim eru fengin í hendur? Jeg held, að hræðsla hv. þm. Ak. (MK) sje á engu bygð; hins vegar þykir okkur flm. gott, ef bent verður á eitthvað til að gera eftirlitið sem tryggast á þeim grundvelli, sem við viljum byggja frv. á. En kostnaðarsama stofnun til þessa viljum við ekki.

Bjarni Jónsson: Það má segja um hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að ekki bregður mær vana sínum, þegar um sjálfstæðismál þjóðar vorrar er að ræða. Alt, sem að því hnígur, kallar þessi hv. þm. sjálfstæðisfordild eða gorgeir. Kippi jeg mjer ekki upp við þetta, en hitt þykir mjer leiðinlegra, að hann skuli nú vera tekinn að vega að Jóni Magnússyni, jafn-handgenginn og hann annars er honum. En því segi jeg þetta, að Jón Magnússon taldi sjálfsagt, að þetta nýja fyrirkomulag yrði upp tekið. Annars er dálitið einkennilegt að heyra menn tala um það sem óþekt, að eftirlitinu hafi verið áfátt, áður en starfinn kom, og misjafnlega vegið. Hjelt jeg, að menn hefðu einhverntíma heyrt getið um búhöldana, er seldu kjöt til fátæklinga á útmánuðum. Var sagt, að sú reislan, sem þeir vógu út með, hafi ekki verið tiltakanlega hörð, en svo höfðu þeir aðra, er þeir tóku á móti, sem var, að sögn, talsvert harðari. Held jeg að það sje engin sjálfstæðisfordild, þótt þessar reislur hyrfi.

Seinlegt held jeg að það yrði líka, að senda reislur til Danmerkur, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) mundi sennilega

telja það eina örugga. Það er þessi ósjálfstæðisfordild, sem drottinn hefir gefið þessum þm. (JÞ) í vöggugjöf. Honum finst, að þetta land geti ekki bjargað sjer í neinu, nema alt sje sótt til útlanda annað en verkfræðingar. Á því hefir honum aldrei fundist þörf, svo mjer sje kunnugt, að fá þá. Rjettast teldi hann líklega að senda verkfræðinga út með reislurnar, og að svo fengju lögreglustjórarnir verkfræðingaliðið til að líta eftir því, að þær væru í lagi.

En hverjum yrði þetta þá til góðs, *ef lögð yrði niður löggildingarstofan?* — cui bono? Vitanlega eigi þeim, sem versla, því hún á að vera til þess, að almenningur geti verið viss um að kaupa rjett og selja rjett, en hjer er farið fram á að svifta burt öllu eftirliti í þá átt. Þetta er ein af þeim stofnunum, sem allra síst ætti að hverfa. Hitt getur verið annað mál, að hún sje of dýr í rekstri, og skal jeg játa það til hægðar þeim, sem óánægðir eru, en sjálfsagt ætti að vera ljett að kippa því í lag. Stafar þetta mikið af því, að hún varð að kaupa alt á óþægilegum tímum, og hefir stofnkostnaðurinn orðið ef til vill fullmikill í fyrstu. Þó jeg lofi eigi svo mjög frv. þetta, álít jeg samt eigi nauðsynlegt, að það verði svo bráðdrepið, að það fái eigi að fara til nefndar, en mjer fanst það eigi rjett, að eigi væri haldið uppi svörum fyrir jafnþarfa stofnun sem þessi er.

Jón Þorláksson: Mjer finst sjálfsagt að taka til athugunar þau atriði, er hv. þm. Ak. (MK) benti á, en jeg hygg að hann fari vilt í því, hvað það sje, sem tryggir það, að útlendir kaupendur fái rjetta vigt. Jeg hygg, að það sjeu hinir lögskipuðu vigtarmenn, en ekki þessi stofnun eða hin löggiltu tæki hennar. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) komst að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að banna alt smíði hjer innanlands á þessum tækjum, ef frv. þetta yrði að lögum. Jeg hygg þetta stafi af því, að þingmaðurinn hefir eigi kynt sjer málið nógu vel, hvorki frv. þetta, nje hin eldri eða yngri lög, er hjer að lúta. Þau tæki, sem nú eru notuð hjer innanlands, eru ekki löggilt og verða það heldur ekki, nema þau eigi að notast við verslanir. Hjer er ekki annað löggilt en verslunarvogir, *lögin ákveða ekki um aðrar* vogir, og þetta frv. fjallar aðeins um verslunarvogir og mælitæki. Sama er að segja um það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um hörðu reislurnar í harðindunum o. s. frv. Þær eru ekki löggildingarskyldar. Um sjálfstæðisrembing hans ætla jeg ekki að fjölyrða hjer, því það kemur lítt þessu máli við; en heldur þótti mjer þá verða lítið úr kappanum, er hann brá Jóni Magnússyni sem skildi fyrir sig. Mjer er sama, hvaða menn standa að málum, því jeg fer ekki í manngreinarálit um málefni, en beðið get jeg vel með að skattyrðast við hv. þm. Dala. (BJ) um þessi efni, þangað til hann tekur sína árlegu jóðsótt út af 7. gr. sambandslaganna.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. Ak. (MK) kveið því, að útlendir kaupendur mundu eigi taka gilda vigt og mál á vörum hjeðan, ef löggildingarstofan hyrfi. Jeg býst nú ekki við, að þeir viti mikið um tilveru hennar hjer, og því vart sakna hennar. Eina og aðaltryggingin, sem við höfum, eru vigtar- og matsmennirnir. Það getur eðlilega komið fyrir, að kvartað verði undan vigt á

pökkuðum fiski eða annari vöru, sem rýrnar í flutningi, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) drap á, að komið hefðu frá Spáni. Mjer er og kunnugt, enda mun það og víðast vera, að vigtar- og matsmenn prófa vigtirnar áður en þær eru notaðar, og eru þeir áreiðanlega eins vel til þess fallnir og sendimenn löggildingarstofunnar.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) var og hræddur um að banna þyrfti smíði á vogar- og mælitækjum innanlands. Mjer sýnist, að lögreglustjórar geti löggilt slík áhöld eins og verið hefir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði, álít jeg að hann ætti að geta talið sýslumenn og lögreglustjóra eins þjóðlega og nýta til löggildingarstarfsins og löggildingarstofuna, því þeir hafa áreiðanlega eins góð tæki eða gætu haft til þessa, eins og sú stofnun. Mjer er kunnugt um eitt áhald, sem kom frá Noregi og löggildingarstofan taldi óhæft, en lögreglustjóri gat sannað að var rjett. Enn fremur veit jeg um 2 vigtir frá Ísafirði, sem voru sendar suður til aðgerðar, og það kostaði milli 40—50 kr., auk flutningskostnaðar, viðgerðin, en hefði mátt gera við þær á Ísafirði fyrir margfalt lægra verð, að þær vógu rangt, er þær komu aftur að sunnan. Nú var spurningin: átti að senda þær suður aftur eða gera við þær á Ísafirði og láta lögreglustjórann sjá um, að þær yrðu löggiltar á ný? Hvort heldur sem úr yrði ráðið, var þetta algerður óþarfakostnaður.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi ekki fylgst eins vel með í umræðum um þetta mál eins og skyldi, og bið afsökunar á því, en jeg vildi ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa því yfir, að jeg er þessu frv. samþykkur í öllum höfuðatriðum þess, enda þótt jeg áliti, að orðalag þess sje víða eigi eins ítarlegt sem æskilegt væri, einkum að því er lýtur að tryggilegum og löglegum frágangi á þeim hlutum, er um ræðir og jeg tel miklu skifta að sje í lagi, sem sje löggilding allra mælitækja. Þegar litið er á það, að svo er til ætlast, að lögreglustjórar eða sýslumenn taki að sjer þessi verk, og það skín víða í gegn í frv., að þetta eftirlit megi þeir fela öðrum (hreppstjórum), þá má af því draga þá ályktun, að eftirlitið geti orðið allmisjafnlega nákvæmt. Það liggur og á lausu, hvort hjer er um innlend eða útlend tæki að ræða; álít jeg að oft sje hið innlenda smíði ekki eins nákvæmt, og því muni ekki eins auðvelt að ganga úr skugga um, að þau tæki sjeu rjett. Hygg jeg svona lagað eftirlit geti orðið til þess, að tækin verði ónákvæmari og lakari. Lögreglustjórar eru nú ekki margir í landinu og við því búið, að fela verði eftirlitið ýmsum öðrum, og ef til vill misjafnlega hæfum mönnum. Jeg er samþykkur því að leggja niður þessa dýru stofnun, en vil tryggja betur eftirlitið en hjer er gert ráð fyrir, og álít rjett, að í þetta frv. væru sett ákvæði, er feli í sjer reglur um yfir-eftirlit, eða yfirskoðun á gerðum lögreglustjóra og annara löggildingarmanna, og álít það eftirlit hvergi betur komið en í höndum stjórnarráðsins, eða með öðrum orðum, hjá landsstjórninni.

Þrátt fyrir þetta, að þau ákvæði yrðu sett í lögin, að bæði kaupendur og seljendur gætu skotið ágreiningsmálum um vogaráhöld undir úrskurð stjórnarráðsins, ætti samt sá sparnaður, sem af nið-

urlagning þessarar stofnunar leiðir, að geta notið sín að mestu.

Jeg vona að hv. deildarmenn hafi skilið, hvað jeg á við, að jeg álít það mikils vert öllum almenningi, að vel og tryggilega sje frá þessum málum gengið, ef óánægja kynni að koma upp einhversstaðar; álít ekki nóg gagnvart almenningi að leggja niður þessa stofnun, eins og frv. gerir ráð fyrir, nema vel sje um rjett allra hlutaðeigenda búið, auk sparnaðarins. Og án alls lasts um kaupmennina er þar vitanlega misjafn sauður í mörgu fje, og altaf til í landinu „Bátsenda pundarar", og nauðsynlegur lagarjettur og reglur, er tryggi viðskiftaöryggi í landinu.

Jakob Möller. Háttv. samþm. minn (JÞ) var að efast um, að jeg hefði lesið lögin eða yfir höfuð fylgst vel með í málinu. Jeg er ekki viss um, hvort hann hefði leyft sjer að segja þetta, ef hann hefði fylgst með í ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), en sá hv. þm. sló því fram, að löggildingarstofan hefði tvenn störf með höndum, og jeg var að svara því. Hann hefir heldur ekki tekið eftir ræðu minni. Jeg benti á, að í landinu væru, hefðu verið og mundu verða smíðuð vogar- og mælitæki, en ef á að fara að flytja inn útlend, löggilt tæki, er þessi innlendi iðnaður útilokaður og yrði líklega að banna hann. Hann segir, að aðeins verði notaðar löggiltar vogir og tæki við verslanir, en víða innanlands er hitt notað, sem jeg áðan drap á, og mætti jafnvel búast við, að innlendu tækin yrðu notuð meira við verslanir framvegis en gert hefir verið.

Jeg álít það hæpna rökfærslu hjá hv. þm. Ísaf. (JAJ), að lögreglustjórar sjeu að sjálfsögðu færari en löggildingarstofan til að leiðrjetta vafasöm mæli- og vogartæki. Jeg hygg, að hið gagnstæða sje sönnu nær, og dæmi hans í þessu efni sanni lítið. Jeg verð því að álíta, að löggildingarstofan tryggi þetta mál allra best. En slíkar misfellur, sem hv. þm. Ísaf. (JAJ) gat um, geta ávalt komið fyrir, og skal því alls ekki neitað, að löggildingarstofunni geti skjátlast, en þá þyrfti ekki síður að gera ráð fyrir, að slíkt gæti hent lögreglustjórana.

Jón Auðunn Jónsson: Það er aðeins stutt skýring til athugasemdar við það, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði. Jeg sagði, að lögreglustjóri hefði athugað norska mælitækið í viðurvist skoðunarmannsins og hann orðið að viðurkenna, að það væri rjett.

Bjarni Jónsson: Það verður að líta á, hvað felst í skýrslum löggildingarstofunnar. Það kemur í ljós, að Spánverjar hafa kvartað yfir vigt á fiski, sendum hjeðan, áður en hún tók til starfa, en eigi síðan, og sýna því þessar skýrslur augljóslega, að allmikil þörf hefir þegar verið á þessari stofnun, og hefir hún því gert mikið gagn í þessu efni með eftirliti sínu, því enginn mun telja þetta smávægilegt atriði fyrir viðskifti vor út á við. Sýnir þetta ljóslega, að ástandið hefir alt á eina bókina lært verið, hvað snerti mál og vog í viðskiftum vorum, áður en þessi stofnun tók til starfa, og mun fljótt sækja í sama horfið, ef hennar missir við. Dæmi hv. þm. Ísaf. (JAJ) sanna lítið í gagnstæða átt, þótt hann tilfæri eitthvað, sem altaf getur komið fyrir, að yfirsjónir geta átt sjer stað og það jafnvel, þó svona góð stofnun eigi í hlut.

Flm. (Lárus Helgason): Það er ekki vert að lengja umræðurnar mikið frá því, sem komið er, en mig langaði þó til að gera stutta athugasemd við það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði. Hann talaði um tvær vigtir, sem stórbændur til sveita hefðu, aðra til að vega mönnum út með og aðra til að vega inn með. Þetta finst mjer benda á, að hann sje fátækur að röksemdum, er hann grípur til þessa, að bera óorð á góða bændur í sveit. Eru þeir þó þektir að því, að greiða fremur fyrir þurfamönnum án endurgjalds heldur en hafa slíka sviksemi sem þessa í frammi. Kannske þekkir hann dæmi þess úr sínu kjördæmi, en jeg trúi þó ekki, að kjósendur hans geri sig ánægða með slíkan sleggjudóm. Tel jeg þessi ummæli hans yfirleitt óviðeigandi og leyfi mjer að mótmæla þeim fastlega. En þó svo þetta ætti sjer stað, sem jeg fyrir mitt leyti geri ekki ráð fyrir, þá er það víst, að lögin, sem við búum undir, koma engan veginn í veg fyrir það. Því fer fjarri. Það er ekki opinber verslun, þó fátækir menn leiti á náðir annara sjer til bjargar, og fái hjá þeim vörur að láni. Lögin gera ekki ráð fyrir þessu. Vil jeg svo að lokum enn frekar láta í ljós undrun mína yfir þessari röksemdaleiðslu hv. þm. Dala. (BJ).

Bjarni Jónsson: Þessi hv. þm., sem síðast settist, sagði, að jeg hefði haldið því fram um góða bændur, að þeir væru kunnir að því að hafa tvær reislur, aðra til að vega mönnum út með, en hina til að vega inn með. Jeg þarf varla að taka það fram, að hann fer hjer algerlega rangt með. Mjer fórust svo orð, að uppi hefðu verið á öllum tímum, í ýmsum hjeruðum landsins, ágirndarseggir, sem þessum brögðum hefðu beitt. Að þetta sje meiðing um bændur alment, fæ jeg ekki skilið. Býst jeg líka við, að hann þurfi ekki að leita lengi á til að finna verslanir, sem hafa á sama hátt tvær vogir. Illyrðum hans vísa jeg til föðurhúsanna, vita og bændur það, að jeg hefi aldrei á þá ráðist. En alkunna er það, að land vort hefir verið eftirlitslaust í þessu efni fram að síðustu tímum, og víða verið notaðar sviknar vogir og mælar, og mun það engu síður hafa komið fram á bændum en öðrum. Hv. þm. (LH) skal engar áhyggjur bera út af reiði kjósenda minna, kann svo og að fara, að hann fari illa á mis við þá hylli bænda, er hann hefir viljað krækja í með þessari ræðu sinni, og kjósendur hans muni honum það, að hann hefir stuðlað að því, að þeir voru sviftir þeirri einu tryggingu, sem þeim býðst í þessu efni.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) var eitthvað að minnast á mig í sambandi við 7. gr. sambandslaganna. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki þennan sjálfstæðis-aumingjaskap, sem virðist vera farinn að gera vart við sig í sjálfu þinginu; hefir hann þó hingað til aðallega haldist við í skúmaskotum. Annars má hv. þm. (JÞ) bera jóðsóttina með dönsku hænunnni svo lengi sem hann vill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 :1 atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 516).

Frsm. (Björn Hallsson): Þetta mál er

eitt af mörgum, sem vísað hefir verið til allshn. Er því ekki að undra, þótt eitthvað af þessum málum hafi tafist, þótt ekki sje það vegna þess, að allshn. hafi viljandi ætlað að tefja fyrir þeim.

Þetta mál var töluvert mikið rætt við 1. umr., og enn fremur í sambandi við fyrirspurn um þetta efni, og skal jeg eigi endurtaka það.

Eins og nál. sýnir, þá hefir nefndin fallist á frv., að efni til. En hún hefir leyft sjer að gera við það nokkrar brtt., og vildi jeg fara nokkrum orðum um þær. Þessar brtt. eru á þskj. 516.

1. brtt. gerir ráð fyrir því, að það eftirlit, sem frv. gerir ráð fyrir að lögreglustjórar annist, skuli þeir aðeins hafa á hendi í kaupstöðum, en gerir ráð fyrir því, að hreppstjórar hafi það á hendi út um sveitir og í kauptúnum, og telur að eftirlitið verði betra, með því að hægara verður að ná til eftirlitsmannanna með því móti og þeir hafa minna svæði til eftirlits.

Í 2. brtt. vill nefndin ákveða það, að ný vogaráhöld, sem keypt eru frá útlöndum, sjeu keypt þaðan löggilt, og þá frá þeim löndum, sem nota sömu vogar- og mælitæki og vjer, og skulu þau ekki teljast löggildingarskyld hjer á landi, meðan þau reynast rjett og óskemd. Lögreglustjórum er aftur ætlað að löggilda þau tæki, sem smíðuð eru hjer innanlands, og þau, sem ganga úr sjer og þarfnast viðgerðar og endurlöggildingar. Þann kostnað, sem af þessu leiðir, borga auðvitað eigendurnir.

Nefndin fjelst á að fela lögreglustjórunum löggildingu þessa. Hún taldi óþarft að auka mönnum þann kostnað, að verða að senda tækin til Reykjavíkur til viðgerðar þar og endurlöggildingar. Í kaupstöðum öllum eru nú orðið góð verkstæði, sem geta annast slíkar viðgerðir.

Þá hefir nefndin orðið ásátt um, að öll vogar- og mælitæki skuli aflhuguð á 3 ára fresti. Skulu lögreglustjórar hafa það eftirlit með hendi í kaupstöðum, en hreppstjórar í sveitum og bæjum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur. Ætlast nefndin til, að lögreglustjórar fái enga sjerstaka borgun fyrir þetta eftirlit, en viðgerðir borga eigendur sjálfir. En borgun til hreppstjóra fari eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv 1917, um daglaun og mílupeninga. En lögreglustjórum skal borga útlagðan kostnað þeirra, eftir sanngjörnum reikningi.

Í nál. er bent á það, að nokkur aukakostnaður mundi af þessu stafa fyrir ríkissjóð í byrjun, þar sem kaupa yrði þau áhöld, sem þarf til þess að ákveða með, hvort tækin eru rjett. Þessi áhöld þurfa að vera í kaupstöðum og víðar, en þó ekki hjá nærri öllum hreppstjórum, og gætu þeir hæglega skifst á um þessi áhöld. Enda er engin þörf eftirlits í sveitum, nema þar sem verslanir eru, og þarf því ekki að senda þessi prófáhöld til líkt því allra hreppstjóra.

Þá er síðasta brtt. nefndarinnar, um að stjórnarráðið semji reglugerð um framkvæmd laganna, eftirlit, greiðslur o. fl.

Það upplýstist hjer við 1. umr. þessa frv., að löggildingarstofan hefir borið sig fjárhagslega, gagnvart ríkissjóði. En þetta hefir orðið á þann hátt, að notendur hafa orðið að greiða mjög há gjöld til löggildingarstofunnar, eins og glögt kom fram við 1. umr. Það stendur á sama, hvort það er ríkið eða einstaklingarnir, sem halda þessari stofnun uppi. Kostnaðurinn er hinn sami

fyrir því. Aðalatriðið er, að þetta geti orðið á ódýrari hátt, og þó eins trygt, og að því telur nefndin að frv., með brtt., miði. Eins og bent er á í nál., þá hefir þegar ein umferð verið farin um alt land frá löggildingarstofunni. Sú umferð hefir líklega haft talsverða þýðingu, því eins og skýrt hefir verið frá, þá voru rúm 60% vogar- og mælitækja talin óhæf eða gölluð. En þegar búið er að leiðrjetta svo mikið og vekja athygli á þessu, þá ætti að vera hægara framhaldið og menn farnir að vakna með það að nota rjett áhöld. Nefndin álítur, að þetta verði fult svo trygt. Auðvitað má segja, að hægt sje að fara kringum lögreglustjóra og hreppstjóra. En þá má eins gera það við sendimenn löggildingarstofunnar. Þeir geta ekki frekar en lögreglustjórar og hreppstjórar sjeð um það, að tæki, sem þeir dæma ónothæf, sjeu ekki notuð fyr en gert er við þau. Þetta ætti að vera auðvelt, ef eftirlitsmenn eru margir og svæðin minni um leið. Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja þetta frv. með brtt. á þskj. 516.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. allshn. fyrir meðferð hennar á frv., og get jeg lýst yfir því, að við flm. frv. erum samþykkir till. hennar. Jeg vil vona, að með þessu fyrirkomulagi verði eftirlitið ekki verra en áður, heldur betra og einnig töluvert ódýrara.

Jón Baldvinsson: Jeg hreyfði andmælum gegn frv. þessu við 1. umr. Og jeg hefi heldur ekki getað sannfærst við meðferð nefndarinnar á málinu, að vinningur yrði að því að láta það ganga fram. Jeg held að vinningurinn verði ekki eins mikill og menn vænta. Löggildingarstofan hefir nú látið fara eina umferð, og gert ítarlegar endurbætur. En vegna þess, hve mikið ólag var á mæli- og vogartækjum, hefir þessi óánægja myndast, sem lýsir sjer í því, að frv. þetta er fram komið. Óánægjan myndi verða minni, þegar frá liði og eftirlitið yrði ódýrara fyrir eigendur tækjanna. Í stað löggildingarstofunnar, sem á að leggjast niður, á að fela eftirlitið lögreglustjórum og hreppstjórum. Þeir geta að vísu verið góðir á sínu sviði, en jeg efast um, að þeir hafi eins gott vit á þessu eins og sendimenn löggildingarstofunnar, sem hafa fengið þekkingu og æfingu. Jeg efast um að þeir verði eins fljótir að sjá gallana.

Þá er annað atriði, sem mjer þykir athugavert. Það er bannið gegn því að kaupa vogar- og mælitæki frá öðrum löndum en þeim, sem hafa sömu vog og mál og lögleitt er hjer, eða hafa látið löggilda þau í þeim löndum. Ef t. d. einhver vill kaupa þau í Ameríku, þá verður hann að senda þau til Danmerkur til löggildingar. Þetta er óhafandi. Það væri þá nær að leggja það undir lögreglustjórana að löggilda þau tæki, fyrst þeir trúa þeim svona vel.

Mjer er þetta ekkert kappsmál. En ekki má gleyma því, að menn verða að borga viðgerðirnar eftir sem áður, eftir taksta, er stjórnarráðið setur um það. Þá álít jeg enn fremur, að viðgerðirnar verði betri hjá löggildingarstofunni, sem hefir orðið mikla æfingu í því efni og góð tæki, heldur en verða myndi hingað og þangað úti um land.

Hv. flm. frv. (ÞorstJ) hjelt, að ástandið yrði ekki verra, heldur betra. Það hefir nú sannast, að löggildingarstofan hefir kipt í lag því, sem áfátt var í þessu

efni. En jeg er hræddur um, að aftur sækti í sama horf. Hreppstjórar og lögreglustjórar hafa mikið að starfa og hugsa um önnur málefni, og væri meðferð þessa máls áreiðanlega betur trygð hjá löggildingarstofunni en hjá þeim.

Þorsteinn Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. (JB) taldi, að almenn óánægja hefði verið meðal almennings með gerðir löggildingarstofunnar út af því, að vogar- og mælitækin hefðu verið gerð rjett. Það er ekki sennilegt, að óánægjan hafi stafað af því, heldur af því, hve löggildingin á tækjunum hefir orðið dýr hjá löggildingarstofunni.

Þá dró hann í efa, að eftirlitið gæti orðið betra en það er nú. En jeg álít, að lögreglustjórar og hreppstjórar eigi miklu hægara með að líta eftir, hver hjá sjer, heldur en sendlar löggildingarstofunnar, sem koma einstöku sinnum á staðinn.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) dró það í efa, að lögreglustjórar og hreppstjórar væru færir um að hafa þetta eftirlit á hendi. (**JB:** Þetta er ekki allskostar rjett!). En jeg álít nú samt, að þeir geti framkvæmt þetta svo vel sje. Og kostnaðurinn verður áreiðanlega minni en nú er. Það gefur að skilja, að það verður dýrara að halda uppi þessari stofnun með mörgum starfsmönnum, heldur en að menn, sem eru á stöðunum, annist þetta eftirlit.

Þá dró hann í efa, að stimplunin yrði ódýrari, og einkum þó, að hún yrði eins góð og nú á sjer stað hjá löggildingarstofunni. Jeg tók það fram við 1. umr., að leiðrjettingar löggildingarstofunnar hefðu gengið mjög langt. Þannig hefðu þeir heimtað sendar til Reykjavíkur vogir, sem aðeins hefði vantað í einn nagla, og kostnaðurinn af því ekki orðið mikið minni en þó keyptar hefðu verið nýjar vogir. Margar, eða jafnvel meiri hlutinn af viðgerðum löggildingarstofunnar, eru þannig vaxnar, að hver sæmilegur járnsmiður getur leyst þær af hendi, enda eru og eigi allfáir járnsmiðir í þjónustu löggildingarstofunnar. Ef svo færi, að eigi væri hægt að gera við eitthvert mælitæki eða vog utan Reykjavíkur, yrði ekki annað úr, en að það fengist ekki löggilt. Jeg get því ekki sjeð, að neitt missist við þessa breytingu, en landið losnar við dýra og óþarfa stofnun. Að vísu er það, að þessi stofnun hvílir eigi þungt á ríkissjóði, því hún má ekra á þessum tækjum sínum, og eru það engin undur um þá verslun, sem er einkasöluverslun, þótt hún beri sig fjárhagslega, þegar hún má leggja á vörurnar eins og henni sýnist. En þó eru það landsmenn, sem borga brúsann.

Frsm. (Björn Hallsson): Það voru fáein atriði í ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JB), sem jeg ætlaði að gera nokkrar athugasemdir við, enda þótt háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) hafi svarað sumu af því. Háttv. þm. (JB) hjelt því fram, að óánægjan með þessa stofnun væri sprottin af því, að menn hefðu verið neyddir til þess að hafa rjett vogar- og mælitæki, eftir að löggildingarstofan tók til starfa. Þetta er ekki rjett, heldur er kostnaður sá, sem leiðir af eftirlitinu, þyrnir í augum manna, ásamt þeirri fyrirhöfn og óþægindum, sem fylgir því að senda þessi áhöld til Reykjavíkur. Þetta er því algerlega órjettmæt aðdróttun frá hv. þm. (JB), sem jeg hjer með mótmæli. Það er margsannað, bæði af umr. hjer á þingi og annarsstaðar frá, að kostnaðurinn við sendingar mæli- og

vogartækja, til og frá Reykjavík, er gífurlegur.

Þá þótti honum óþolandi, að tækin skyldu keypt löggilt frá útlöndum. Taldi hann það aðallega á móti því, að þá væri eigi hægt að kaupa áhöldin frá Ameríku, því að þar væri ekki sami mælir og vog sem hjer. Þótt nú svo sje, að þessi áhöld yrðu ekki keypt frá Ameríku, finst mjer ekki mikill skaði skeður, því að auðvelt er að fá nóg áhöld frá Norðurlöndum, sem öll nota sama mæli og vjer.

Það, sem vakti fyrir nefndinni, var það að losa kaupendur mæli- og vogartækja við þennan aukakostnað, sem legst á þau vegna löggildingarstofunnar hjer; því það munar litlu á verði, að kaupa tækin löggilt frá útlöndum. Þá sagðist hann mjög efast um það, að lögreglustjórar og hreppstjórar bæru skyn á þessa hluti, og þyrfti æfða og sjerfróða menn til þess að hafa þetta eftirlit á hendi. Nefndin getur ekki fallist á þessa skoðun hans. Eftir samtali við formann löggildingarstofunnar, þá kom þar glöggt í ljós, að ekki er mikill vandi að hafa þetta eftirlit, ef menn hafa þau áhöld, sem með þarf. Þess vegna telur hún, að allir sæmilega greindir menn geti haft það á hendi.

Hann sagði og, að ef löggildingarstofan yrði afnumin, mundi brátt sækja í sama horfið og áður, því eftirlitið mundi reynast ónógt. Mjer finst það ekki gera mikið til, þótt reynt yrði þetta fyrirkomulag, sem frv. fer fram á; auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það fyrirfram, en jeg álít það muni gefast eins vel eða betur. Landsmenn þurfa nóga skatta að greiða, þótt ekki sjeu gerðar gyllingar til þess að hafa af mönnum fje á þennan hátt

Jón Baldvinsson: Háttv. 2. þm. N.-M. (BH) fór ekki vel með orð mín áðan, er hann sagði jeg hefði talið lögreglustjóra og hreppstjóra ófæra til þess að hafa þetta eftirlit. Háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) fór þó rjett með þetta, er hann talaði um, að viðgerðir á tækjunum væri hægt að framkvæma utan Reykjavíkur. Jeg held því fram, að þeir, sem hafa lært þetta, enda þótt þeir sjeu eigi annað en lærðir smiðir, sjeu betri en þeir, sem ekkert hafa lært, þótt hagir sjeu. Það er ef til vill ekki rjett að tala um almenna óánægju, en óánægjan er runnin frá verslunum og kaupfjelögum, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessu eftirliti, og við það átti jeg, þegar jeg sagði, að frv. þetta væri fram komið vegna þessarar óánægju verslananna.

Þá talaði hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) um, að verið væri að okra á landsmönnum. En hvað skyldu landsmenn hafa orðið að greiða vegna rangra vogartækja áður en löggildingarstofan kom? Skyldi sá skattur ekki vera hærri en það gjald, sem þeir segja, að lagt sje á landsmenn með löggildingarstofunni, en sem raunar verslanir og kaupfjelög greiða. (LH: Er það ekki það sama?). Jeg sje heldur ekki, að rjett sje að láta menn sleppa við það að greiða þessi gjöld, og þó að kostnaðurinn verði minni af þessu nýja eftirliti, sje jeg ekki, að sá sparnaður samsvari þeirri tryggingu, sem löggildingarstofan veitir almenningi í því, að rjett sje vegið og mælt.

Þá hafði hann eftir mjer, að ekki væri hægt að kaupa löggilt erlend tæki, en það var ekki það, sem jeg sagði, en nál. er þannig orðað, að það lítur út fyrir, að það sje verið að varna inn-

lendum mönnum að framkvæma löggildingar.

Jeg fjölyrði ekki frekar um þetta, en endurtek aðeins þá skoðun mína, að þetta frv. sje ekki þannig vaxið, að það ætti að fara lengra.

Jón Þorláksson: Eftirlitið með því, að rjett sje mælt og selt í þessu landi, er nú, eins og áður, í höndum lögreglustjóranna en ekki löggildingarstofunnar. En eftirlitið með tækjunum er hjá löggildingarstofunni. Til þess að framkvæma það, hefir hún eftirlitsmann á ferðalagi um landið, og skýrir forstjórinn svo frá, að til þess að líta eftir öllum tækjum einu sinni á hverjum þrem árum, þurfi að minsta kosti 2 menn í tvö árin og einn mann þriðja árið. Þurfa þeir að hafa hesta til ferðalagsins út um land, og verður það því ærið kostnaðarsamt. Þessir eftirlitsmenn geta hvergi komið mönnum að óvörum, það frjettist ávalt til þeirra frá einu kauptúninu til annars áður en þeir koma þar. Mega því allir sjá, að eftirlitið er alls ekki gott, eins og það er nú, þótt þessar eftirlitsferðir sjeu farnar á þriggja ára fresti, og álít jeg, að það verði miklu tryggara samkvæmt þessu frv., ef það verður að lögum.

Þó að tækin, sem keypt eru frá útlöndum, eigi að vera löggilt þar, er alls ekki verið að seilast yfir á löggjafarsvið annara þjóða, heldur er þetta aðeins bann á innflutningi ólöggiltra tækja. Er það í sjálfu sjer ekkert meira en hvert annað innflutningsbann, sem á sjer stað um svo margar vörur, og þekkist víðar en hjer. En í þessu er mikil trygging fólgin. Víða erlendis eru verksmiðjur, sem smíða tæki, sem alls ekki eru nógu vönduð til þess að vera hæf til löggildingar, og fást því eigi löggilt þar, sem þau eru smíðuð. Þetta er því trygging gegn því, að hingað verði flutt tæki, sem ekki eru nægilega vönduð til þess að vera nothæf til löggildingar, ella mætti búast við, að inn í landið yrði flutt tæki, sem væru mjög ljeleg, og menn gætu samt leiðst til að láta löggilda þau, af því annara væri eigi völ.

Hákon Kristófersson: Jeg minnist þess, að margt var talað um þetta mál, þegar þessi all-óþarfa stofnun var sett á stofn hjer á árunum, enda mun það og hafa verið gert að einskonar sjálfstæðismáli, sem sómi landsins lægi við, ef ekki næði fram að ganga.

Nú eru tímarnir breytttir, hvað það snertir, því óhætt er að fullyrða, að menn eru sannfærðir orðnir um það, hve stofnun þessi er óþörf.

Nú tekur hv. 2. þm. Reykv. (JB) að sjer að verja þessa stofnun, og er það líklegast af því, að hann vill hafa ríkisrekstur á sem flestu. Hann sagði, að eftirlitið væri aðeins óþokkað af nokkrum verslunum og kaupfjelögum; þetta held jeg að sje fjarri sanni, því það mun vera mikill hluti alls almennings, sem er stofnuninni mótfallinn og telur hana óþarfa. Því vitanlega kemur það niður á almenningi, hve óheyrilega okurdýrt eftirlitið er og viðgerðir á áhöldum, sem verslanir þurfa að nota.

Dæmi munu og vera til þess, að vigtir, sem hingað hafa verð sendar til viðgerðar, hafa farið svo illa í flutningnum, að ónothæfar hafa verið, þegar þær komu aftur, en kostnaður á þeim þá orðinn meiri en þær kostuðu upprunalega. Til sönnunar því, hve afardýrt þetta eftirlit er, skal jeg geta þess, að

í fyrrasumar, þegar eftirlitsmaður kom vestur, leit hann á 2 vigtir ásamt lóðum, sem verslun átti, er hafði fengið þær árið áður hjá löggildingarstofunni. Vigtirnar voru alveg rjettar, og maðurinn mun hafa verið 10—20 mínútur að athuga þetta, en kostnaður sá, er viðkomandi varð að borga, var 40 krónur.

Jeg skal ekki segja, að þetta hafi verið of mikið, ef miðað er við ferðakostnað mannsins, en hinu held jeg fram, að eftirlitið getur verið alt eins tryggt samkvæmt þessu frv.

Af þessu sjá allir, hversu óþolandi agnúar eru á þessu fyrirkomulagi. Hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að löggildingarstofan hefði gert mikið að lagfæringum tækja, eftir að hún tók til starfa. Eftir því hefir víst mikið verið í ólagi áður. Hæstv. atvrh. (KlJ) upplýsti, að löggildingarstofan hefði leiðrjett um 63% allra tækja á landinu; en hvað það var, sem var leiðrjett, eða í hverju þær leiðrjettingar voru fólgnar, hefir ekki enn verið upplýst. Var það fólgið í því, að breyta álnum í metra o. s. frv.?

Viðvíkjandi óánægjunni held jeg því fram, að hún hafi verið almennari en hv. 2. þm. Reykv. (JB) heldur fram, en þá, sem aðeins eru óánægðir vegna þess, að þeir vilja aldrei hlýða lögum, læt jeg eiga sig.

Jeg held að flestir verði til þess að viðurkenna það, að það er dýrara að leita til löggildingarstofunnar við aðgerðir, en að kaupa ný tæki. (**JB:** Það á þá að horfa í það, sem það kostar, að fá rjett tæki eða að viðgerðin komi að gagni?). Það er alls ekki mín meining, að mæli- eða vogaráhöld eigi ekki að vera rjett. Aftur á móti held jeg því fram, að þessu megi koma fyrir á miklu kostnaðarminni hátt. Menn segja, að löggldingarstofan beri sig vel. Það má vel vera, en af hverju er það? Vitanlega af því, að óþarflega og óheyrilega er okrað á landsmönnum.

Lárus Helgason: Það eru aðeins örfá orð til hv. 2. þm. Reykv. (JB). Hann gat þess, að óánægjan gegn löggildingarstofunni væri aðallega af því, að það hefði þurft að laga svo mikið af mælitækjum og vogaráhöldum. Þetta ætti þá að benda til þess, að allir notendur hafi viljað halda áfram að nota rangar vogir og mæla. Þessu verð jeg algerlega að mótmæla. Óánægjan er sprottin af því, að eftirlitið hefir verið framkvæmt á þann hátt, að auðsjeð hefir verið, að slíkt hlaut að verða alt of dýrt landsmönnum. Allir sjá, hversu erfitt og dýrt það hefir orðið mönnum að senda og fá send frá og til Reykjavíkur tæki. Þetta hefir orðið alt of dýrt, og allir vita, að það er almenningur, sem borgar. Þó ríkissjóður hafi ekki kostnað af þessu, legst hann á verslanirnar, og þær verða svo að koma honum yfir á almenning. Í Danmörku er löggildingarstofa, sem framkvæmir alt, sem löggilding mælitækjanna og voganna við kemur. En þar er eftirlitið í höndum lögreglustjóranna, og þar sem þetta þykir betra, að hafa það svo þar, sem samgöngur eru svo góðar og landið svo þjettbygt, ætti það að geta eins átt við hjer, þar sem við höfum lögreglustjóra dreifða út um alt okkar stóra og strjálbyggða land. Tel jeg því rjett að taka þessa stefnu upp, sem frv. fer fram á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 5 atkv.

Brtt. 516, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 14 : 4 atkv.
— 516, 2 (ný 3. gr.) samþ. með 15 : 4 atkv.
— 516, 3 (ný 4. gr.) samþ. með 15 : 4 atkv.
— 516, 4—5 samþ. með 15: 4 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 4 atkv.
Brtt. 516, 6 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 15 : 4 atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.
Brtt. 516, 7 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.
— 516, 8 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 16 : 4 atkv.
8.—10. gr. (verða 10.—12. gr.) samþ. með 16 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 4 atkv.

Á 58. fundi í Nd, laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 553).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 : 1 atkv.

Afbrigði um skriflega brtt., sem fram kom frá allshn. og verður þskj. 560, leyfð og samþ. með 19 : 2 atkv.

Jón Þorláksson: Það var af ógáti, að brtt. þessi kom ekki með hinum. En af hagkvæmisástæðum er ekki hægt að leggja þessa stofnun niður á miðju ári, heldur verður það að gerast um áramót.

Jón Baldvinsson: Þetta þing mun verða talið mikið sparnaðarþing, ef því tekst að leggja niður síldarmatsmanninn á Seyðisfirði og löggildingarstofuna. En það versta er, ef sagt kynni að verða, að þetta hefði alt verið gert í ógáti, eins og nú hefir orðið hjá allshn.

Jeg er á móti þessu frv., því jeg tel að eftirlitið verði miklu ótryggara, ef frv. verður samþ. eins og það nú er.

ATKVGR.

Brtt. 560 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 561).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 608).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jón Magnússon): Nál. allshn. í máli þessu er stutt, og býst jeg við

að hv. deildarmenn hafi áttað sig á því. Nefndin var í talsverðum vafa um það, hvernig hún ætti að taka í mál þetta. Henni var kunnugt um talsverðan áhuga, bæði utan þings og innan, á því, að breytt væri gildandi ákvæðum um þessi efni, einkum vegna kostnaðarins. Hins vegar er mjög áríðandi, að eftirlit sje með þessum tækjum, og hyggur nefndin að koma megi því fyrir á hagkvæmari hátt og jafnframt kostnaðarminni.

Jeg hygg einnig, að eftirlitið eigi að vera í einu lagi. Dreift eftirlit er sama og ekkert eftirlit.

Þá er og athugandi, hvort tiltækilegt sje, að flytja megi inn áhöld þessi frá öllum þeim löndum, sem nota tugamál. Það getur verið villandi, og frá sumum löndum getur verið hættulegt að nota þau með slælegu eftirliti. Frönsk áhöld eru t. d. ágæt, en aðeins þar, sem gott eftirlit er. Fyrir árið 1917 fluttust slík tæki ekki nema frá einu landi og fer best á því. Hitt veldur ruglingi.

Annars hafði hæstv. atvrh. (KlJ), ef hann hefði verið hjer viðstaddur, máske tekið undir það með nefndinni, að lög þau, sem gilda um þessi efni, verði tekin til endurskoðunar á þessu ári, og þá með fullu tilliti til óska þeirra, sem fram hafa komið um breytingar —

Forseti (HSt): Jeg leyfi mjer að grípa fram í og geta þess, að jeg hafði hugsað mjer að fresta umr. um þetta mál þar til hæstv. atvrh. (KlJ) getur verið viðstaddur.

Umr. frestað um stund. Síðar á fundinum var málið tekið til meðferðar á ný.

Frsm. (Jón Magnússon) [framh]: Jeg mintist á málið við hæstv. atvrh. (KlJ), á þeim grundvelli, sem nefndin hafði hugsað sjer. Var hann því meðmæltur og samþykkur, að hæstv. stjórn endurskoðaði lög þessi, og að hún athugaði jafnframt óskir þær, er fram kæmu hjer á þinginu. Hann kvað hv. stjórn geta sjeð um, að meðan málið væri á döfinni, yrði kostnaðinum haldið sem mest niðri.

Talað hefir verið um að láta steypa lóð innanlands, því að það mundi verða mun hægra og miklu ódýrara. Nefndin hyggur, að óhætt sje að leggja til, að málinu verði vísað til hv. stjórnar í fullu trausti þess, að hv. stjórn taki það til ítarlegrar rannsóknar. Hæstv. atvrh. (KlJ) leyfði mjer að lýsa yfir því fyrir sína hönd, að hann áliti þetta rjettu leiðina með þetta mál.

Jónas Jónsson: Jeg leyfi mjer að taka það fram, að jeg hefi ekki getað sannfærst um, að ekki sje brotaminst að samþykkja frv. með þeim breytingum, sem það kann að fá í meðferðinni. Þetta eftirlitsbákn, sem sett var fyrir nokkrum árum, hefir reynst notendum of dýrt. Mun það leiða af landsháttum, að þetta eftirlit verður hjer bæði erfitt og kostnaðarsamt, og meira að segja hæpið, að það, jafnvel með þessum hætti, verði fulltrygt. Ný lóð frá löggildingarstofunni fást hvergi nema hjer í Reykjavík, og sendingar á þeim norður og austur um land eru mjög dýrar. En enda þótt löggildingarstofan hafi sent ný lóð, þá má vel vera, að gömlu lóðin verði sumstaðar notuð engu að síður.

Komist till. hv. allshn. í gegn, þá ætla jeg, að eyðslan haldi áfram. Mun

jeg því greiða atkv. móti tillögum nefndarinnar.

Frsm. (Jón Magnússon): Allshn. leggur ekki kapp á þetta mál, og því ekki ástæða til þess að tala mikið út af orðum hv. 5. landsk. þm. (JJ). En nefndin áleit, að ekki væri fyllilega tryggilega gengið frá frv., eins og það liggur fyrir, og jeg efast enn fremur um, að sumar breytingarnar í frv. sjeu hyggilegar, sjerstaklega það, að hafa margskonar mæli- og vogartæki. Get jeg t. d. bent á, að öðru máli var að gegna fyrir 1917, því að þá voru hjer öll lóð löggilt frá Kaupmannahöfn, en eftir frv. má fá þau frá hvaða landi sem er. Hins vegar tel jeg enn fremur vafasamt, hvort tryggileg löggilding geti farið fram hjá hjeraðsvaldinu á öðru en mælitækjum, en löggilding þar á vogartækjum næði varla tilgangi sínum.

ATKVGR.

Till. á þskj. 608, frá allshn., um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 8 : 3 atkv.

Lagafrumvarp tekið aftur.

Varnir gegn berklaveiki.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 257).

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þar sem annað frv. um breytingu á sömu lögum er komið fram, tek jeg hjer með þetta frv. aftur, en mun flytja brtt. við hitt frv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Embættaskipun.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um nýja embættaskipun (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Hv. deild er það kunnugt, að því var lýst yfir af stjórninni í fyrra, að hún mundi gera tilraun til að gera embættabáknið einfaldara en það er nú. Fóru flestar raddir í þinginu í fyrra í þá átt, að full nauðsyn væri á því, að ekki yrði fjölgað embættum, og dregið yrði úr kostnaði við embættabáknið.

Stjórnin hefir nú reynt til að efna þetta loforð sitt. Leggur hún til, að lögð verði niður 9 embætti. Jafnframt mun stjórnin, ef hún verður þess áskynja, að frv. þessum verði vel tekið, koma fram með fleiri tillögur og frv. til sparnaðar.

Skal jeg þá leyfa mjer að víkja að frv. um embættaskipunina.

Þar er um niðurlagningu 6 sýslumannsembætta að ræða, og verður fyrsta spurningin sú, hvort sýslumennirnir geti gegnt hinum nýju embættum, og svo hitt, hvort embættin verði svo stór, að almenningi verði óþægindi að því. Í frv. er gerð nákvæm grein fyrir störfum sýslumanna og nægir að benda á, að ekkert hinna nýju embætta mundi að nokkrum mun verða erfiðara en Suður-Múlasýsla er nú og ýms önnur embætti hjer, svo sem Ísafjarðarsýsla og Eyjafjörður og Siglufjörður, áður en þau voru aðskilin. Hafa þó nógir viljað embætti þessi, og fólk ekki kvartað undan því, að embættismennirnir væru ofhlaðnir störfum.

Þau andmæli hefi jeg heyrt gegn þessu frv., að verið sje að kippa burt þeim embættum, sem í hávegum sjeu hjá þjóðinni. En þar til er það að segja, að þessar breytingar fara ekki í þá átt yfir höfuð að afnema þessi embætti, heldur í þá átt að gera þau stærri og veglegri. Og verði það ekki gert, þá glata þau sínu forna áliti. Þjóðin hefir ekki ráð á að halda uppi smáembættum með háum launum í smásýslum, eins og t. d. Dalasýslu og Rangárvallasýslu. Er það sjálfsagt, að sjá embættismönnum landsins fyrir nægum viðfangsefnum. Við það vaxa kraftarnir og

manngildið. Þess er og enn að gæta, að minni þörf er lögfræðings nú í sýslu hverri en áður var, vegna betri samgangna og símasambanda.

Í rökstuðningi frv. er sagt, að aðalstörf sýslumanna sjeu dómarastörfin. Þau taka að vísu engan veginn mestan tíma, en eru að ýmsu leyti afarþýðingarmikil fyrir þjóðfjelagið. Ef athugað er, hvernig þessi störf koma niður á 10 ára bil, sjest, að minna er af dómsmálum í Árnes- og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum heldur en í Suður-Múlasýslu einni. Þessar tölu tala. Þær sýna, að þessi eina sýsla er erfiðari en allar hinar. Dómsmálin eru besti mælikvarðinn á það, hve viðskiftalífið er fjörugt og lifandi, og þar sem það er í mestum blóma, þar er mest þörf embættismanna. Er þess og að gæta, að samgöngur eru þægilegri og betri í sýslum þessum en Suður-Múlasýslu.

Frumvarpi þessu eru samfara 2 fylgifrv. Annað um manntalsþing. Vík jeg síðar að því. En hitt er um það, að í sýslum þeim, sem lagðar verða niður, komi sjerstakir oddvitar, kosnir af sýslunefndum. Halda sýslurnar við þetta fullu sjálfstæði sínu. Um hitt mun enginn efast, að færir menn fáist í sýslunum til að gegna störfum þessum. Er þetta í fullu samræmi við öldu þá, sem nú gengur bæði innanlands og utan, að sýslurnar og bæirnir fái sem mest sjálfstæði og vald til að ráða sínum eigin fjármálum.

Held jeg, að ómögulegt sje að mótmæla, að hjer verði um mikinn sparnað að ræða. Þær aðfinningar hefi jeg heyrt gegn frv., að álits sýslunefnda hafi ekki verið leitað. Jeg vissi, að það var þýðingarlaust, því að þær mundu allar vera á móti því, en vilji þingið spara, má ekki fara eftir því.

Læt jeg svo úttalað um frv. að sinni, en óska, að það fari til allshn., ef ekki þykir ástæða til að vísa því til sjerstakrar nefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg gæti hugsað, að ýmsir sparnaðarmenn myndu spara vængi við þetta frv.

Mjer hefði þótt eðlilegast, að stjórnin leitaði álits og vilja landsmanna í þessu máli. En að ráðast beint á kjósendur er meiri ofurhugur en jeg hefði treyst stjórninni til. Mínir kjósendur álíta þetta að minsta kosti árás á sig, er sjá má af þingmálafundargerð úr Dalasýslu, sem jeg skal lesa kafla úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir þeirri stefnu, er virðist hafa ráðið á undanfarandi þingum, að fækka embættismönnum til sveita, jafnframt því sem þeim hefir verið fjölgað í kaupstöðum landsins. Yfirleitt telur fundurinn hvorki sanngjarnt nje heppilegt að leggja niður eða sameina embættin, sem nú eru til sveita, en telur líklegt, að betur megi nota starfskrafta ýmissa embættismanna í Reykjavík, og að sameina megi þar ýms skyld embættisstörf og draga úr starfsmannahaldi við ýmsar opinberar stofnanir, til sparnaðar."

Þetta er að miklu leyti rjett athugað. T. d. er stjórnarráðið ólíku yfirferðarminni sýsla, en Árnes- og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur. Og þó að löng sje leiðin milli skrifstofanna í stjórnarráðinu, virðist einn maður betur getað annað þeim en öllu Suðurlandsundirlendinu. Auðvitað gætu sýslumenn annað hinum nýju sýslum

með 2 löglærða fulltrúa. **(Forsrh. SE:** Þess þarf ekki). Það myndu þeir þó fá von bráðar. Auk þess á nú að launa sýslunefndaroddvita sjerstaklega. **(Forsrh. SE:** Einar 300 kr. á ári). Höfðingi mikill er sá, sem talar, en þó þykist jeg vita, að þinginu muni síðar farast enn höfðinglegar við þessa starfsmenn.

Enginn sparnaður mundi af þessu vera fyrir ríkissjóð í næstu 10—20 árin, því að þeir, sem í embættum þessum sitja, er leggja á niður, eru flestir ungir menn. Þetta eru því einungis hillingar, sparnaðarsálmar, en ljettir ekki á ríkissjóði. Rjettara hefði verið að biðja stjórnina um að tilgreina í fjárlögunum ágóða af tóbakseinkasölu, víneinkasölu o. s. frv., með sundurliðuðu mannahaldi, og vita, hvort ekki mætti spara einhvern af tóbaksembættismönnum, víneinkasölumönnum o. s. frv. Þar mætti spara strax, og þar væri rjett að spara. En gegn tillögum þeim, sem hjer liggja fyrir, vil jeg lýsa yfir eindregnum mótmælum mínum og kjósenda minna.

Jeg tel ekki happasælt að rífa niður allar gamlar endurminningar og það, sem á erlendu máli kallast „traditionir", að skafa alt af sjer, jafnvel nöfnin sjálf, sem minnir á, að hjer hafi búið íslensk þjóð í íslensku landi. En allar þessar tillögur miða í þá átt. Þær bera vott um dæmalaust virðingarleysi gagnvart sögu þjóðarinnar, orðsýki, er menn reyna að fá lof fyrir sparnað, sem kemur hvergi fram, og skammsýni, þegar litið er til framtíðarinnar.

Forsætisráðherra (SE): Samþykt þingmálafundarins í Dalasýslu hefir ekki breytt skoðun stjórnarinnar í þessu máli. Auðvitað er kjósendum þar illa við, ef sýslumaðurinn verður tekinn af þeim einum. En kjósendur háttv. þm. Dala. (BJ) eru svo hagsýnir menn, að þeir myndu ekki setja sig á móti stórfeldum sparnaði, þó að bitnaði á þeim að einhverju leyti. Annars hefðu þeir ekki kosið hv. þm. (BJ) á þing ár eftir ár, eins og jeg vona að þeir haldi áfram að gera framvegis.

Hv. þm. (BJ) mintist á starfsmenn hjer í Reykjavík. Þó að þetta frv. verði samþykt, kemur það alls ekki í veg fyrir, að starsmönnum ríkisins hjer í bæ verði fækkað, heldur þvert á móti. Ef stjórnin þykist finna verulega sparnaðarviðleitni í þinginu, mun hún reyna að spara og koma með sparnaðartillögur á fleiri sviðum.

Satt er það, að fljótlegri er yfirferðin í stjórnarráðinu heldur en í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum, en þó mun þar ráðið stærri ráðum.

Hv. þm. (BJ) sagði þann galla á frv., að það væri sparnaðardraumur, er ekki kæmi til framkvæmda fyr en eftir langan tíma. Það er vitaskuld, að sparnaðurinn kemur hvorki í ljós í ár nje að ári. En ef mönnum er nokkur alvara á að gera embættakerfin einfaldari, verður að byrja einhverntíma og skera í burtu þau embætti, sem komist verður af án, jafnóðum sem þau losna.

Háttv. þm. drap enn fremur á, að ofmargir starfsmenn myndu við landsverslun, vínverslun o. s. frv. **(BJ:** Það sagði jeg ekki, heldur, að stjórnin þyrfti að sundurliða mannahald þar). Um þetta hafa og gengið miklar sögur. Jeg skal geta þess, að þegar jeg fór til útlanda og hr. Mogensen með mjer, var það ákveðið til bráðabirgða að byrja skyldi, þegar er hann kæmi heim, á smásölu og stórsölu. Í upphafi var allmikið

keypt og þurfti því marga menn við afgreiðslu. Þá var búist við, að verslunin skyldi sjálf tappa vín af tunnum, og er allmikil fyrirhöfn við það, en það drógst nokkurn tíma. Síðan var starfsmönnum fækkað um 5, og eru nú 4 menn á skrifstofu, 4 yfir vörubirgðum og 4 í búð og auk þeirra einn vikadrengur. Getur vel verið, að enn megi fækka starfsmönnum í þessari verslun, og vona jeg, að nefnd gefist kostur að athuga það mál. Jeg er því á engan hátt mótfallinn, að einfaldara skipulag komist á verslanir landsins, ef því verður við komið. Síður en svo. En nú getur þingið athugað það.

Þá talaði hv. þm. (BJ) um, að hjer væri verið að rífa niður það, sem gamalt er og íslenskt. Þetta skil jeg ekki. Til þess er ætlast, að sýslumannsembættin verði framvegis. En jeg get eigi talið, að endurminningum þjóðarinnar sje misboðið, þó að þessum embættum sje fækkað, þegar tímar breytast. Jeg er ósamþykkur því dekri við það, sem er gamalt, að ekki megi koma búskap þjóðarinnar í betra horf vegna þess eins. Að tala um virðingarleysi í þessu sambandi er hjegómi, sem jeg er hissa á, að nokkur skuli láta til sín heyra. Má vera, að þvílíkt og annað eins hafi áhrif á kjósendur, en hjer á það alls ekki við, og nær ekki tilgangi sínum.

Bjarni Jónsson: Þar sem hæstv. forsrh. (SE) mintist á virðingarleysi gagnvart því, sem er þjóðlegt, sýndi hann, að hann hefir þetta sjúkdómseinkenni á mjög háu stigi. Jeg get sagt hæstv. forsrh. (SE), að jeg held ekki kjósendaræður á Alþingi, og jeg þori að ganga á móti vilja kjósenda minna, þegar svo ber undir. En í þessu mál er jeg sammála þeim.

Hæstv. forsrh. (SE) taldi það ekki virðingarleysi fyrir endurminningum þjóðarinnar, þó að sýslumannaembættum sje fækkað. Þetta, að hræra öllu í graut, kalla jeg virðingarleysi. Það er ekki eitt, heldur alt, sem þjóðin vill láta minna sig á fortíðina. Hvert hjerað vill halda áfram að vera sjálfstæð heild, svo sem hingað til hefir verið. Þetta er vilji kjósenda, og hann er fullvalda hjer í landi. En að berja sparnaðarlóminn á móti kjósendum, tel jeg óþarfa hetjuskap. Þetta er og draumur, sem ekki rætist fyr en eftir 10—20 ár, og því ekki sparnaður, heldur sparnaðarhjal. Annars er það undarlegt að fækka sýslumönnum eftir því sem fólkinu fjölgar, og steypa saman embættum eftir að störfin eru orðin fleiri og margbrotnari. Á þessari hugsunarvillu hvílir frv.

Hæstv. forsrh. (SE) talaði um, að annað muni hafa vakað fyrir mönnum á þingmálafundinum í Dalasýslu en jeg las upp. Þetta er rangt. Dalamenn vita eins vel og jeg og hann, hvað um var að ræða. Þeir vissu, að nú átti ekki að ráða á þá eina, eins og fyr, heldur og marga aðra. En þeir eru á sama máli sem fyr; vilja ekki, að sýslumaðurinn sje tekinn frá öðrum, fremur en frá þeim sjálfum.

Hæstv. forsrh. (SE) hefir sjálfur verið sýslumaður í Rangárvallasýslu og síðar í Vestur-Skaftafellssýslu. Hann gat þá ekki um leiðindi vegna þess, hve lítið væri að gera. En ef hann ætti að taka einn 3 sýslurnar á Suðurlandsundirlendinu, hygg jeg að þær myndu verða honum ofurefli, og er hann þó duglegur maður.

Jeg hygg, að þessar sparnaðarráðstafanir hæstv. stjórnar muni einungis verða til eyðslu. Frv. þetta mun fráleitt ná samþykki þingsins, en af því spinnast langar umræður og tafir frá öðrum nytsamari þingstörfum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi þá misskilið kjósendur mjög, ef þeir eru yfirleitt mótfallnir sparnaði. Það getur vel verið, og er skiljanlegt, að mönnum í hverri sýslu um sig þyki sárt að missa sýslumann sinn. En yfirleitt verða kjósendur að fórna slíku vegna hagsmuna heildarinnar.

Að hjer sje ekki um sparnað að ræða, þykir mjer full-freklega mælt. Þetta hefði einhverntíma þótt sparnaður, og hefir oft orðið mikið tal um minni sparnað en hjer ræðir um. Hjer er um margfalt meiri sparnað að ræða en mönnum hefði komið til hugar að bera fram áður. Vona jeg því, að menn hugsi sig um tvisvar, áður en þeir fella þetta frv. En ef frv. nær samþykki þingsins, sýnir það, að alvarlegur rekspölur er kominn á að minka embættiskostnað hjer á landi. Það er ljóst, að aldrei verður unt að vinna stórt í þessa átt eða aðrar, án þess að einhverju þurfi að fórna. En vilji menn ekki fórna neinu, verður sparnaðurinn einungis hjal. **(BJ:** Hve miklu myndi þessi sparnaður nema, t. d. 1930?). Aðalatriðið í þessu máli er ekki að spara í ár, heldur hitt, að koma sparnaðinum í kerfi. Vjer verðum að hugsa um framtíðina og koma embættakerfinu í það horf, er þjóðinni hæfir. Gangi þetta vel, verður sparað á fleiri stöðum. En þjóðin getur ekki til frambúðar borið þetta mikla embættakerfi, hún rís ekki undir þeim útgjöldum, er það bakar henni.

Jón Sigurðsson: Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er fram borið sem sparnaðarfrv. Menn verða að álíta það viðleitni stjórnarinnar til þess að uppfylla eitthvað af þeim loforðum um sparnað, sem hún gaf í fyrra. En jeg verð að játa, að þegar jeg lít yfir þetta frv. stjórnarinnar í heild, flýgur mjer ósjálfrátt í hug, að hæstv. stjórn hafi leitað fyrir sjer, hvar hún gæti gripið niður í sparnaðartillögum, sem síst mundu ná samþykki þingsins. Hjer á jeg við alt þetta frv., sem heild, en vel má vera um einstaka embætti, að leggja mætti það niður.

Jeg lít svo á, að með frv. því, sem hjer liggur fyrir, sje verið að taka úr hægri vasanum og stinga í þann vinstri. Þegar menn reyna að spara, er það því aðeins sparnaður, að það spari þjóðfjelaginu útgjöld. Ef sparað er fyrir ríkissjóð, má sá kostnaður ekki koma niður á almenningi á annan hátt.

Í hinum stærri núgildandi sýslum, sem frv. gerir ráð fyrir að leggja niður, myndu, um leið og breytingin kæmist í framkvæmd, setjast að lögfræðingar, sem almenningur leitaði aðstoðar hjá. Þessir menn myndu selja leiðbeiningar sínar; þeir þurfa að lifa, og þeir myndu setja það verð á vöru sína, að lífvænlegt væri fyrir þá. Hygg jeg, að útgjöld hjeraðsbúa til þessara manna myndu slaga hátt upp í sýslumannslaun.

Sýslumenn þurfa oft að ferðast í embættiserindum, og í hinum nýju sýslum tækju þau ferðalög oft mjög langan tíma. Hæstv. forsrh. (SE) gat þess, að sýslubúar gætu jafnan símað til sýslumanns. En hvernig færi, ef sýslumaður væri þá á ferðalagi, jafnvel svo vikum skifti? Eftir svo sem 1 eða 2 ár

segðu allir, að sýslumaður þyrfti að hafa lögfræðing til aðstoðar, og hvað er þá orðið af sparnaðinum?

Jeg sje því ekki, að sparnaður verði fyrir þjóðfjelagið yfirleitt, ef þetta frv. verður samþykt, þó að ríkissjóði sparaðist ef til vill eitthvað fje við það. En hverju gegnir, að hæstv. stjórn hefir ekki litið nær sjer?

Í fyrra var um það rætt að sameina hæstarjett og lagadeild háskólans, eða fækka dómendum í hæstarjetti að öðrum kosti. Hæstv. stjórn lagði þá á móti sameiningu þeirra embætta. Þó hefir það komið í ljós, að sú sameining er vel framkvæmanleg, þar sem einn dómandi í hæstarjetti hefir síðan verið jafnframt settur til að gegna kenslustörfum í lagadeildinni. En sjeu menn mótfallnir þessu, hví þá ekki að fækka dómendum í hæstarjetti? Það eykur landsmönnum engin útgjöld, en er til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Jeg nefni þetta einungis sem dæmi þess, hvar stjórnin hefði getað gripið niður öllum að meinalausu, og hefði verið þakklátur stjórninni, ef hún hefði borið fram tillögur í þessa átt.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, og lagði áherslu á, að sýslumennirnir hefðu nú ekki nóg að starfa. Hjer liggur fyrir skrá um skrifstofukostnað sýslumanna, og sje jeg, að hann er áætlaður frá 850—3500 krónur í þeim sýslum, sem stjórnin vill leggja niður, í flestum um 2500 krónur; það er talsverð ófeilni af hæstv. forsrh. (SE) að segja svo, með þetta fyrir framan sig og upp í opið geðið á oss, að sýslumenn hafi ekki nóg að starfa. Til hvers gengur þá þetta fje? Er stjórnin að gefa mönnunum það?

Þá mintist hæstv. forsrh. (SE) á skipulag sýslunefnda og kosningu sýslunefndaroddvita. Þessar sýslur, sem eiga nú að missa sýslumenn sína, mega sannarlega vera þakklátar stjórninni fyrir hennar landsföðurlegu umhyggju. Það er ekki nóg með, að þær sjeu sviftar sýslumönnum sínum, heldur eiga þær í ofanálag að kosta sjerstaka sýslunefndaroddvita, en þær sýslur, sem halda sýslumönnum sínum, þurfa engu slíku til að kosta. Að vísu er ekki gert ráð fyrir hærri launum til þeirra en 300 krónum. En hræddur er jeg um, eins og hv. þm. Dala (BJ), að þau launakjör standi ekki nema 1 eða 2 ár, og menn verði síðan neyddir til að hækka þau. Þetta getur því orðið talsverður ábætir á sýslusjóði, auk allra óþæginda, er af breytingunni mundi leiða.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að stjórnin vildi spara, og kvað fleiri sparnaðarfrv. mundu koma á eftir, ef þessu yrði vel tekið. Jeg sje ekki í hvaða sambandi þetta frv. stendur við önnur hugsanleg frv. En jeg skal fús að styðja hæstv. stjórn í hverri skynsamlegri sparnaðarviðleitni, þó jeg geti ekki verið samþykkur þessu frv., og vona jeg, að sama gegni um fleiri þingmenn.

Þorsteinn Jónsson: Allar raddir, sem hjer hafa heyrst um frv. þetta, hafa snúist gegn því, að undantekinni rödd stjórnarinnar sjálfrar. Mætti því ætla, að deildin væri öll andvíg frv.

Jeg lít nokkuð öðrum augum á þetta mál en flestir þeir, sem talað hafa um það, og því vil jeg gera nokkurra grein skoðunar minnar.

Því hefir verið hreyft til andmæla frv., að sýslutakmörkin væru svo gömul, að goðgá væri að breyta þeim. En hjer er ekki um það

að ræða að breyta takmörkum sýslna, heldur lögsagnarumdæmum. Hefir stærð þeirra áður verið breytileg og sýslumenn fleiri en nú eru. Er því ástæða þessi harla lítilsverð.

Þá hefir það líka verið sagt, að embætti þessi væru orðin svo gömul, að ræktarleysi væri að afnema þau. Hjer er ekki um afnám, heldur aðeins fækkun að ræða. Ástæðan er því einskis virði.

Þá hefir frv. verið fundið það til foráttu, að engin sparnaður fylgdi því í bili. Það er rjett, og væri auðvitað betra, ef sparnaðurinn kæmi strax, en hann kemur síðar, og við það má vel una.

Það er auðvitað, að hvar sem um niðurlagningu embætta er að ræða, verður skarð eftir, en spurningin er einungis, hvar skarðið sakar minst, og jeg hygg það vera einmitt hjer. Leikur engin efi á, að Suður-Múlasýsla er mun erfiðari heldur en Dala- og Strandasýslur sameinaðar, og jafnvel erfiðari en nokkurn sameining sú, sem frv. ræðir um. Að sinni skal jeg svo ekki fjölyrða meira um frv.

Forsætisráðherra (SE): Mjer kom það dálitið á óvart að heyra hv. 2. þm. Skagf. (JS) tala á móti frv. þessu. Jeg gat ekki varist þess að hugsa: Og þú líka, barnið mitt Brútus.

Hann taldi, að ef sýslurnar yrðu svona stórar, þá mundu lærðir lögfræðingar setja sig niður í sveitunum.

Þetta er misskilningur. Lögfræðingarnir setjast niður í stærri kaupstöðunum; út um sveitirnar hefðu þeir aldrei nægilegt að gera. Sýnir ástæða þessi, að erfitt er að vega á móti frv. með rökum.

Þá sagði hann, að hætta yrði á því, að sjaldan næðist til sýslumanna heima. Á því yrði ekki mikill munur frá því sem nú er, og hefi jeg ekki heyrt um það kvartað.

Þá sagði hann, að ekki væri ástæða til að láta sýslumenn hafa skrifstofufje, ef svo lítið væri að gera hjá þeim. Til þessa er því að svara, að margir, t. d. sýslumaður Dalamanna, hafa mjög lítið skrifstofufje, og enn fremur, að það verður hlutfallslega dýrari allur skrifstofurekstur, þegar embættin eru smá en mörg. Veldur því hitun o. fl. Mundi sparast samkvæmt frv. um 18 þús kr., og mætti verja því fje til skrifstofukostnaðar hinna nýju embætta.

En öllum má vera það ljóst, að hin mesta nauðsyn ber til þess í okkar litla þjóðfjelagi, að færustu mennirnir, og þeir sem í þýðingarmestu embættunum sitja, fáist ekki við skýrslugerð og önnur þau störf, sem hver óvalinn maður getur int af hendi. Slíkt er hinn mesti ósparnaður. Bestu kraftarnir eiga að hafa tilsvarandi viðfangsefni að glíma við. Þetta vinst, ef embættin eru stór.

Þá skal jeg víkja nokkru að hæstarjetti. Sú till. kom fram í fyrra, að fækka dómendum um tvo og búa til millirjett. Hygg jeg, að þetta hefði gefið góða tryggingu, en sparnaður hefði enginn orðið. Þvert á móti. Hin till., sem líka kom fram, um að fækka dómendum um tvo, án þess að millirjettur verði stofnaður, er líka athugunarverð, en jeg var mjög deigur við að koma fram með frv., sem veikti svo okkar nýstofnaða hæstarjett.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði, að Dala- og Strandasýslur mundu ljettari en Suður-Múlasýsla ein. Geri jeg ráð fyrir, að hann

þekki Suður-Múlasýslu jafn-vel sem jeg hinar. Hygg jeg, að hann mundi komast á aðra skoðun, ef hann þekti Strandasýslu. En vita mætti hann, að ljettara er að sigla um firði Austfjarða heldur en úr Hvammsfjarðarbotni í Hrútafjörð. Það virðist auðsætt, að ef sýslumenn eru góðir, þá er sveitunum best borgið að hafa þá sem flesta; er því einsætt, að betra er að hafa 3 góða sýslumenn en 1, þótt góður kunni að vera. Annars hygg jeg, að nær lægi þinginu að hugsa um það og gera eitthvað til þess að bæta lánstraust landsins með því að taka lán til að borga lausar skuldir, heldur en að rífast um markleysu þessa og láta sig dreyma um sparnað út í loftið.

Forsætisráðherra (SE): Jeg held, að það sje engin minkun að því, þótt reynt sje að koma embættisskipun þjóðfjelagsins í sæmilegt horf í framtíðinni. Ætti enginn þm. að óttast, að það yrði honum að aldurtila í kjördæmi hans.

Eiríkur Einarsson: Ekki þarf jeg sem Árnesingur að vera hæstv. stjórn vanþakklátur fyrir það, að í þessu sýslumannafrv. ætlar hún valdsmanninum í Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslu að hafa heimilisfang og aðsetur í hinni síðasttöldu sýslu, en hvort öðrum þykir jafnsjálfsagt að lögbjóða það, er annað mál.

Annars er skemst frá að segja, að jeg er frv. mótfallinn. Það er handahófsverk; embættum einhvern veginn haugað saman. Fækkað sýslumönnum að nafninu til, en störfunum ekki ráðstafað, störfum, sem þó mun ætlast til að haldið sje áfram.

Jeg held því að vísu fram, að þing og stjórn þurfi að gera alt sitt til í þeim efnum að eyða og fækka óþarfa embættum í landinu, og síst af öllu fjölga þeim. En með þessu frv. er byrjað á öfuga endanum. Sýslumannaembættin eru gömul og samrgóin meðvitund þjóðarinnar um embættismenn sem þarfa menn og nauðsynlega, hvern í sinni sýslu. Frv. þessu mun því fyrst og fremst mótmælt af almenningi vegna eðlilegrar fastheldni og trygðar við afgamla embættaskipun. Er þetta því eðlilegra sem bændum finst, og það með rjettu, að þar sem sýslumaðurinn er, eigi þeir rjett á leiðbeiningu og handleiðslu um öll þau mál, er á hans sviði liggja, málefnum viðskiftalífsins. Þetta er svo verulegt atriði og mikilsvert, að síst er að furða, þótt bændur í hinum dreifðu og strjálsbygðu hjeruðum landsins vilji ekki láta lausa þessa embættismenn sína, eða fækka þeim svo, að helmingi torveldara eða jafnvel ómögulegt verði á eftir að njóta þess liðsinnis, er góður sýslumaður getur veitt, og tryggingin fyrir, að þessir embættismenn batni við að fækka, er engin. Og ekki nóg með það; sparnaðurinn, er frv. hefði í för með sjer, yrði sennilega enginn. Ef hann ætti einhver að vera, yrði störfunum að fækka; þeim, sem falið yrði að gegna þeim, hlyti ríkið að borga fyrir starfa sinn, en verkunum yrði bara slegið á dreif og alt gert óvissara og sundurlausara en áður, ef þessi sýslusameining ætti fram að ganga. Annað mál væri, ef dómsvald og umboðsvald yrði hreinlega aðskilið, en því er nú ekki að heilsa.

Að byrja embættisniðurskurðinn á sýslumönnunum, væntanlega í óþökk þorra landsmanna, sjerstaklega sveitabænda, er einn liðurinn í þeirri tæmingar- og undanhaldspólitík, er flest sækir nú í og stefnir frá fjalli til fjöru.

Um kjördæmi mitt, Árnesssýslu, þarf jeg fátt að segja í þessu sambandi; sameining þessara þriggja sýslna er fjarstæða; það er nóg.

Það á ekki að byrja á sýslumannaembættunum, heldur nýembættunum í Reykjavík, skriffinskuembættum síðustu ára; þau eru langdýrust og langóþörfust. Það á að ráðast á skriffinskuna sjálfa; nýju skrifstofubáknin. Meðan skýrslurnar, í meðallagi þarfar, eru heimtaðar, verður einhver að skrifa þær. Sameinum hagstofuna stjórnarráðinu og leggjum niður „mál- og vogar-embættið". Þetta nefni jeg til dæmis, en áfram mætti halda. Einungis að byrja ekki rangsælis, og sá má ekki höggva, er hlífa skyldi.

Jón Þorláksson: Mjer virtist það nokkuð sterklega til orða tekið hjá hæstv. forsætisráðh. (SE), að kalla það háðung fyrir þingið, þó þetta frv. fái ekki þá afgreiðslu, sem hann telur rjetta vera. (**Forsrh. SE:** Það sagði jeg ekki; jeg notaði orðið í alt öðru sambandi). Þetta skiftir litlu máli, en þó heyrðu það fleiri en jeg, hvað hæstv. ráðherra sagði. Hann mintist einnig á sparnaðartill. síðasta þings, og gerði lítið úr þeim, og sagði, að þá hefði verið rifist alt þingið um afnám eins eða tveggja embætta. En þetta er ekki rjett, því á síðasta þingi komu fram till. um það, að leggja niður 9 embætti, auk víðtækra breytinga til sparnaðar á barnafræðslunni. En till. stjórnarinnar nú fara að eins fram á afnám 8 embætta. Af þessum 9 embættum í fyrra voru 2 utan Reykjavíkur, en 7 í Rvík, en nú er þessu snúið við í stjfrv., þannig, að flest embættin, sem farið er fram á að leggja niður, eru nú utan Reykjavíkur og flest gömul, og þar á meðal elsta embætti landsins, en ekkert þeirra embætta, sem farið var fram á að leggja niður á síðasta þingi, hefir ennþá náð fermingaraldri, því þau eru öll yngri en 14 ára. Hjer er auðsær stefnumunur milli sparnaðarmannanna á síðasta þingi og stjórnarinnar nú, annars vegar eru íhaldsmenn, sem vilja ráðast á það, sem þeir telja ónauðsynlegan nýgræðing í þjóðfjelaginu, til sparnaðar, hins vegar umrótsmenn, sem helst vilja burtu hið gamla og rótgróna. Og hæstv. forsætisráðherra má ekki furða sig á því, þótt íhaldssamir menn hafi eitthvað að ahuga við þessar sparnaðartillögur hans, þar sem hann sjálfur gat ekki fallist á eina einustu embættisfækkun á síðasta þingi, en vill þó nú láta telja sig sparnaðarmann.

Forsætisráðherra (SE): Það er ástæðulaust, sem hjer hefir verið haldið fram af tveimur hv. þm., að 300 kr. árslaunin, sem sýslunefndaroddvitarnir eiga að fá, mundu fljótlega hækka og sparnaðurinn þar með minka. Sýslunefndir eru þvert á móti vanar að fara gætilega með fjármál sín, en eðlilegt, að þær borgi sjálfar oddvitunum. Störfin verða heldur ekki svo mikil, að ástæða verði til hárra launa.

Þar sem talað hefir verið um embættasamsteypur hjer í Reykjavík, í sambandi við þetta mál, og sagt, að þær væru nauðsynlegri og betur framkvæmanlegar en það, sem stjórnin fer fram á, skal jeg gefa nokkrar upplýsingar um vín- og tóbaks-einkasöluna, sem aðallega virðist vera mönnum þyrnir í augum. Það er ekki núverandi stjórn, heldur Alþingi sjálft, sem hefir stofnað þarna nýtt embætti, þar sem var eftirlitsmaður með lyfjabúðum. En stjórnin

hefir ekki gert annað en það, sem sjálfsagt var, að fá umsjónina með vínsölunni einnig í hendur þessum sama umsjónarmanni. Enginn annar maður hefir verið ráðinn lengur en til núverandi þings, nema forstöðumaðurinn til 3 ára, og getur það ekki talist langur tími, og jafnvel undarlegt, að hann skuli hafa viljað taka við starfinu á þann hátt.

Jeg vil svo aðeins endurtaka það enn einu sinni, að það bæði er og hefir reynst erfitt að koma fram með nokkur rök gegn þessum sparnaði, ekki síst fyrir þá menn, sem þykjast vera sparnaðarmenn. Því ef menn eru það í raun og veru, hljóta þeir að fylgja þessum frumvörpum stjórnarinnar.

Magnús Jónsson: Hæstv. forsætisráðherra (SE) hjelt því fram, að með samsteypu sýslumannaembættanna mundu veljast betri menn til starfanna. Hann gerði ekki nánari grein fyrir þessu, og mjer er það líka ráðgáta. Því til þess að líkindi sjeu til þess, að betri menn fáist, þarf að sýna fram á það, að nýju embættin sjeu betri og eftirsóknarverðari en þau gömlu. En það verða þau ekki, eins og sjá má á því, að launakjörin haldast óbreytt, en embættin verða yfirgripsmeiri.

Forsætisráðherra (SE): Þetta er ekki rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að nýju embættin verði yfirgripsmeiri en þau gömlu; sum verða þvert á móti minni en ýmsar sýslur nú. Sýslumannsembættin yrðu að sjálfsögðu ekki veitt öðrum en þeim, sem allmikla reynslu hefðu, t. d. hefðu unnið áður á opinberum skrifstofum. Og ástæðulaust er að halda, að nýju embættin yrðu síður eftirsóknarverð en þau gömlu. Þeir, sem framsæknir eru og trúa á kappið í sjálfum sjer, vilja þau heldur, og það einmitt því fremur, ef þau eru stærri.

ATKVGR.

Frv., vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 34., 52., 53. og 54. fundi í Nd., dagana 5., 28. og 30. apríl og 1. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 4, n. 85 og 98, 86).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Öll er nefndin samdóma um, að frv. þetta sje ekki til þess fallið að verða að lögum, eins og það liggur nú fyrir. Hún lítur svo á, að hæstv. stjórn hafi gripið þar niður um fækkun embætta, sem síst skyldi, að því undanskildu, ef fækka ætti læknum. Ef dæma má eftir öllum þeim röddum, sem heyrst hafa um frv., úr þeim hjeruðum, sem verða fyrir barðinu á því, er auðsætt, að það mælist mjög illa fyrir hjá almenningi. Hann hugsar sem sje þannig, að það sje næsta undarlegt að afnema þessi gömlu og þörfu embætti, en láta standa ýmis embætti, sem ekki verður sjeð, að nokkurt gagn sje að. Er mjer engin launung á, að jeg á þar við ýmis embætti við háskólann, sem vitanlegt þykir um, að ekkert gagn geri. Væri nú svo, að almenningur og vjer þingmenn sæjum, að mjög nærri væri gengið í fækkun embætta og byrjað þar, sem helst má,

mundum vjer vilja teygja oss langt. En þegar vjer sjáum, að þann veg er að farið, að ráðist er að embættunum til sveita, embættum, sem almenningi er yfirleit sárt um, en hin óþarfari látin standa, er ekki að vænta þess, að vjer sjáum oss fært að samþykja slíkt. Og jeg get ekki sjeð, að það sje illgirnisleg getgáta, þó að sagt væri, að frv. þetta væri naumast fram borið til þess að fá það samþykt, heldur til að gera afsökun sína út af loforði því, sem fólst í stefnuskrárræðu hæstv. stjórnar, er hún settist að völdum í fyrra.

Um ágreining þann, sem er milli nefndarhlutanna, vísa jeg til nefndarálitsins, sem jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu verulegu við. Aðeins vil jeg taka það fram, að jeg sje ekki fært, eftir þeim kunnugleika, sem jeg hefi af staðháttum, að sameina Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, en í því efni munu þeir þingmenn, sem hlut eiga að máli, aðstoða mig við framsöguna, og sleppi jeg því að ræða það mál frekar. Um Dala- og Strandasýslu er það að segja, að jeg lít svo á, að vel megi sameina þær, og að það eigi að gera, þegar þær losna næst. Hins vegar er engu slept, þótt lög verði ekki samþykt um það nú að sameina þessar sýslur, og er nægilegt að sjá svo um, að hvorugt embættanna verði veitt, þegar þau losna næst, fyr en tækifæri hefir verið til þess fyrir Alþingi að láta uppi álit sitt um það, hvort sameining skuli fara fram eða eigi. Til þessa nægir þingsályktun, og má vel vera, að jeg beri hana fram á þessu þingi.

Jeg vil þá snúa mjer að þeirri hlið þessa máls, sem mestu varðar, og er sú eina, sem gæti rjettlætt frv., en það er sparnaðarhliðin. Um hana er það að segja, að mjer virðist hæstv. forsrh. (SE) áætla sparnaðinn 50000 kr. á ári. Að þessari niðurstöðu kemst hann með því að áætla, að ekki þurfi að bæta við skrifstofukostnað sýslumanna nema 3500 kr. til þess að fá nægilega starfskrafta handa embættunum. Nú eru það 6 sýslumanna- og bæjarfógetaembætti, sem afnema á, og er þá auðsætt, að gengið er út frá, að hver hinna umræddu sýslumanna vinni fyrir tæpum 600 kr. á ári, og er það rúmlega vinnukonukaup. Það er nú varla von, að hæstv. forsrh. (SE) vilji halda þessum ómögum á landssjóðnum, en fyrst hann lítur svona smáum augum á sýslumennina og störf þeirra, þá liggur nærri að spyrja hann, hvers vegna hann ætli þeim þá, meðan núverandi skipulag helst, jafnhátt skrifstofufje sem hann gerir. Fyrst hann álítur t. d. að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu vinni ekki fyrir nema vinnukonukaupi, þótt hann hafi 7—8000 kr. í laun, því ætlar hann honum þá nú, auk þessa, yfir 2000 kr. á ári í skrifstofufje. Þetta bendi jeg á, til þess að sýna fram á öfgarnar í stjfrv., öfgar, sem gerðar eru til þess að láta sparnaðinn líta út meiri en hann er.

Til þess að fá ábyggilegt yfirlit yfir sparnaðinn, ætla jeg að taka eina samsteypuna, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu. Þau embætti þekki jeg vel, þar sem jeg hefi gegnt öðru þeirra nokkur ár. Í Skagafjarðarsýslu er svo mikið að gera, að það er á fárra færi að leysa það af hendi án aðstoðar, og jeg veit ekki til, að þar hafi á síðari tímum verið nema fáir sýslumenn, sem ekki hafi haft einhverja aðstoð, enda hefir stjórn og þing viðurkent þetta með því að veita skrifstofufje, er nemur töluverðri upphæð. Jeg hefi orð hæstv. forsrh. (SE) sjálfs fyrir mjer í því, að sýslumaðurinn

í Skagafjarðarsýslu þurfi mann að hálfu sjer til aðstoðar til þess að koma störfunum frá. Og í Húnavatnssýslu geri jeg ráð fyrir að þurfi sömu starfskrafta, og þarf því 3 menn til að gegna störfum í báðum þessum sýslum. Störfin mundu ekki minka neitt verulega við að steypa þessum embættum saman. Það, sem hverfur af störfum, set jeg á móti tímaeyðslu í lengri ferðalögum og því, að jeg met ekki ólöglærða menn jafngilda til slíkra starfa sem löglærða.

Í stjfrv. er gengið út frá 9500 kr. launum hjá öllum sýslumönnum, og það voru þau líka árið 1921, þegar dýrtíðaruppbótin var sem hæst. En hvers vegna hæstv. stjórn miðar við laun sýslumanna 1921 í frv., sem hún leggur fyrir Alþingi 1923, er jeg ekki fær um að svara, enda mun vandfundin skynsamleg ástæða fyrir því. Launin eru á yfirstandandi ári 7200 kr. hjá sýslumönnunum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, og skrifstofufje hjá hvorum þeirra mun vera 2250 kr. Starfræksla þessara tveggja embætta kostar því ríkissjóðinn á yfirstandandi ári 18900 kr.

Og hvað sparast nú af þessari fjárhæð við sameininguna? Til þess að starfrækja embættin þarf, eftir till. hæstv. stjórnar, sýslumann, og honum geri jeg 7200 kr. laun, eins og nú er. En eins og jeg hefi áður sýnt fram á, þarf hann 2 skrifara og báða duglega. Slíka menn er, eftir núverandi verðlagi, ekki hægt að fá fyrir minna en 3000 kr. laun, því þeir verða að vera svo færir, að þeir geti afgreitt ýms mál á eigin hönd. Til launa færi þá, eftir hinu nýja fyrirkomulagi, 13200 kr. Til skrifstofuhalds, auk launa, geri jeg 2000 kr. á ári (ritföng, bækur, húsnæði, ljós, hiti). Til að launa oddvita sýslunefndar Skagafjarðarsýslu áætla jeg 1000 kr. á ári, og er alveg ómögulegt að hugsa sjer þá borgun minni. Starfrækslan myndi þá kosta eftir nýja fyrirkomulaginu 16200 kr., og sparnaðurinn þá verða 2700 kr. á ári. Nú fæ jeg ekki betur sjeð, en að vel sje hægt að lækka nokkuð skrifstofukostnað sýslumanna, og lít jeg svo á, að hann megi lækka niður í 1500 kr. hjá hvorum, og sparast þá 1500 kr. Mismunurinn á starfrækslukostnaðinum yrði þá 1200 kr. á ári, og sá munur er ekki svo mikill, að gerlegt sje hans vegna að sameina embættin þvert ofan í vilja hjeraðsbúa. Auk þessa þyrfti svo líklega, ef þetta kæmist á, að hækka laun hreppstjóranna, þar sem störf þeirra og ábyrgð ykist að mun.

Svona lítur þá þessi reikningur út, og ef hið sama er um hinar sýslurnar, yrði sparnaðurinn, þar sem hin niðurlögðu embætti eru 6, 7200 kr., eða með öðrum orðum, ein embættislaun. Og þetta er alveg eðlilegt, því að það, sem sparast, er ekki annað, alls ekki annað en mismunurinn á launum löglærðra og ólöglærðra manna. Sýslumennirnir hafa, að 2—3 undanskildum, alveg nóg að gera, og afnám þessara embætta veldur því vitanlega ekki, að störfin hverfi, heldur því, að aðra verður bara að kaupa til að vinna þau.

Jeg skal ekki alveg fullyrða, að hið sama verði uppi á teningnum um hinar aðrar sýslusamsteypur, en jeg geri ráð fyrir, að svo verði. Það er t. d. auðsætt, að sýslumennirnir í Eyjafjarðar-, Árnes-Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum hlytu að þurfa löglærða fulltrúa.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg undrast það, hversu hátt háttv. forsrh. (SE) hefir ákveðið skrifstofukostnaðinn fyrir yfirstandandi ár. Mjer virðist hann

hafa hækkað um 10% síðan á síðastliðnu ári, en samtímis lækkar dýrtíðaruppbótin úr 94% í 60%. Og alveg fráleitt verður þetta, þegar það er athugað, að hæstv. forsrh. (SE) ákveður þennan skrifstofukostnað eftir að hann hefir ákveðið að leggja þetta frv. fyrir þingið, frv., sem í raun og veru hlýtur að byggjast á því, ef nokkurt vit á að vera í áætlununum, að sýslumennirnir hafi alt of lítið að gera. En ef svo er, því á þá að láta þá fá svo mikið skrifstofufje?

Jeg þykist þá hafa sannað það, að frv. þetta ber svo lítinn sparnað í skauti sínu, að það, vegna óþæginda þeirra, sem því eru samfara, er ekki til þess fallið að verða að lögum.

Að síðustu vil jeg snúa mjer að nokkrum athugas. við greinargerð frv.

1. Af störfum sýslumanna hafa yfirskattanefndastörfin alveg gleymst, og þeim fylgir mikið starf.

2. Mig rak í rogastans, er jeg sá það tilfært sem meðmæli með þessu frv., að eftirlaunafúlgan minkaði, ef frv. þetta yrði að lögum. Veit þá ekki hæstv. forsrh. (SE), að eftirlaun eru afnumin fyrir aðra en þá, sem fengu veitingu fyrir 1. jan. 1920?

3. Um þingaferðirnar mun jeg ræða sjerstaklega, er frv. um afnám þeirra verður hjer á ferðinni, og sleppi því þess vegna hjer.

4. Þegar taldir eru upp verslunarstaðirnir í Skagafjarðarsýslu, er alveg gleymt einum, sem sje Haganesvík, en í Húnavatnssýslu er talin Lambhúsavík, þótt þar hafi aldrei verið verslun, og sýnir þetta litla vandvirkni.

5. Í ástæðum fyrir frv. er sagt, að 2 fyrstu mánuðirnir fari að mestu árlega til að innheimta ríkissjóðstekjur og til reikningsskila, en alveg fer þetta í bága við mína reynslu sem sýslumanns. Þessi vinna er nokkurn veginn jöfn alt árið, nema hjá trössum, sem draga alla innheimtu langt úr hófi fram, og ætti slíkt að vítast en ekki „sanktionerast" í stjórnarfrumvarpi.

6. Málatala og upphæð ríkissjóðstekna er alls ekki óbrigðull mælikvarði á starfsmagnið í sýslunum. Sumir sýslumenn eyða málaferlum og sumir auka þau, alt eftir því, hvernig mennirnir eru.

7. Í frv. er alstaðar gert geysimikið úr, hversu Suður-Múlasýsla sje örðug, og skil jeg vel í ástæðunum fyrir því. En þá er næsta undarlegt, að ætla samt að bæta Austur-Skaftafellssýslu við hana.

8. Það er eftirtektarvert í aths., að þar er hvergi látið líta svo út, að almenningi sje bagi að samsteypunni og ekkert gert úr því, þótt almenningur þurfi að taka sjer langar ferðir á hendur til þess að finna sýslumann, t. d. á skiftafundi, til rjettarhalda, til að sækja leyfisbrjef o. s. frv.

9. Í aths. segir, að tollar og vörugjöld sjeu talin þar, sem skip tekur fyrst höfn í landinu, en þetta er alveg rangt. Slík gjöld eru talin þar, sem varan er flutt á land.

Af öllu því, sem jeg hefi nú tekið fram, vona jeg að það sjáist, að frv þetta getur ekki, á ekki og má ekki verða að lögum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það hefir verið gerð svo ítarleg grein fyrir skoðun minni hl. í nál. á þskj. 85, að jeg þarf þar litlu við að bæta. Enn fremur eru nefndarhlutarnir að miklu leyti sammála, og þar eð hv. frsm. meiri hl. (MG) hefir gert mjög ítarlega grein

fyrir afstöðu hv. meiri hl., þá get jeg í mörgum atriðum látið það nægja líka fyrir hönd minni hl. Aðalmismunurinn á afstöðu nefndarhlutanna er sá, að okkur minni hl. mönnum þykir rjettast að leggjast ekki svo á móti frv., að alt verði felt, sem það hefir fram að færa. Fyrst og fremst lítum við svo á, að sum atriði þess mættu vel ná fram að ganga, og gætu í raun og veru leitt til nokkurs sparnaðar. Auk þess þótti okkur rjett að sýna frv. alla þá hlífð, sem skoðanir okkar leyfðu, svo að ekki sje að óþörfu dregið úr viðleitni stjórnarinnar í að koma fram með till. til sparnaðar, fyrir háttv. Alþingi, um að fækka embættismönnum landsins eins og kostur er á.

Við viljum þá fyrst og fremst ekki, að lögsagnarumdæmin verði svo víðlend, að sýslumönnum sje ekki kleift að hafa á hendi þá forystu í hjeraðsmálum, sem þeir hafa haft til þessa, og er annars gerð ítarleg grein fyrir þessu í nál.

Að því er snertir þessar 2 sameiningar, er á komast, ef till. okkar verður samþ., þá skal jeg taka það fram, að um sameiningu Dala- og Strandasýslu hefir verið talsvert rætt hjer áður. Hefir hv. þm. Str. (MP) á síðasta þingi borið fram frv. þess efnis, en það var felt. Greiddi jeg atkv. með sameiningunni, og myndi jeg gera það enn, ef fyrir lægi frv. um sameiningu þessara tveggja sýslna. Jeg skal þó taka það fram, að jeg lít svo á, er um slíka embættasameiningu er að ræða, að heppilegra sje að framkvæma hana án lagaskipunar, á þann hátt, að setja fyrst mann til að gegna báðum embættunum, er annað losnar. Er sú aðferð líklegri til að vekja minni mótstöðu, því að ef góður maður er settur, er ólíklegra, er hann hefir haft tíma til að afla sjer vinsælda, að óskað verði, að sameiningunni verði riftað aftur. Hitt er líklegra, að fullnaðarsameining nái þá fram að ganga með samþykki allra aðilja. Þetta mun heppilegri aðferð en að setja löngu fyrirfram lög um slíka sameiningu, sem hætt er við að kunni að vekja megna mótspyrnu.

Þetta á líka við um sameiningu Rangárvalla- og Skaftafellssýslna. Þetta umdæmi er mjög erfitt yfirferðar, og yrði þá varla mikill sparnaður að sameiningu þessara sýslna, en þó mun þetta engu að síður gerandi. Um Austur-Skaftafellssýslu er það að segja, að sem stendur hefir hún mjög lítið af sýslumanni sínum að segja, og mundi henni lítið við bregða, þótt þessi breyting kæmist á. Myndi sjálfsagt hyggilegast, að sýslumaðurinn yrði þá áfram búsettur í Vík í Mýrdal, eins og verið hefir.

Jeg skal svo að lokum taka það fram, að hvorugur okkar minni hl. manna myndi hafa borið fram frv. um þetta á þessu þingi, en við höfum, af þeirri ástæðu, sem jeg tók fram, viljað benda á þessa leið, til að bjarga því, sem nýtilegt er í frv. hæstv. stjórnar. Og ef hæstv. stjórn vill þiggja þessar till. okkar, þá munum við greiða atkv. með þeim. En hins vegar ætlumst við til, að hæstv. stjórn taki nú vörn málsins í sínar hendur, því jeg hefi hugsað mjer að mæla ekki frekar fyrir því en jeg hefi nú þegar gert í þessari framsöguræðu minni.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) byrjaði með því að geta þess, að frv. þetta væri mjög svo óvinsælt. Má vera, að sumum þyki hjer of-

langt gengið í sparnaðaráttina; er það svo með allar nýjungar, sem eru mikilfengar, að þær mæta mikilli mótspyrnu í byrjun. Háttv. þm. sagði, að það væri gott að spara, ef þá aðeins væri sparað á rjettum stað, og benti í því sambandi á háskólann. En enn þá mun mönnum í fersku minni sparnaðurinn, sem þar átti að verða, og sá var nú ekki upp á marga fiska. Jeg á við það, þegar leggja átti niður embætti próf. Guðm. Finnbogasonar og griskudósentsembættið. Á því fyrra hefði vitanlega ekkert sparast, þar sem embættið var bundið við nafn, og próf. Guðm. Finnbogason væntanlega hefði gert fullar kröfur fyrir dómstólunum, ef embættið hefði verið tekið af honum. Um hitt atriðið var það og sýnt, að þar gat heldur ekki verið um neinn sparnað að ræða. Því tilætlunin var, að embættismaður sá, sem í embættinu var, fengi mikla „pensíon", og var það dálagleg braut að leggja út á. Og þar sem jeg hefi ekki orðið þess var, að þessi hv. þm. (MG) hafi viljað spara annað við háskólann en þessi tvö embætti, er óhætt að slá striki yfir háskólasparnaðinn. Sannleikurinn er sá, að tímarnir eru allverulega breyttir, og því gildir annað um sýslumennina nú en fyrrum. Landið er að vísu það sama, og þó er landið orðið alt annað en það var. Vegir, símar og yfir höfuð allar samgöngubætur hafa dregið úr öllum fjarlægðum. Menningarástand þjóðarinnar er alt annað nú en þegar embætti þessi voru stofnuð. Fyrrum þurfti almenningur að sækja nálega alt til embættismanna, en nú er þetta orðið breytt, því nú geta menn sótt mest af því til sjálfra sín eða til annara góðra manna í sveitinni.

Eini mögulegleikinn til verulegs sparnaðar er yfir höfuð stækkun á embættunum, og þeir, sem vilja koma þeim mögulegleika fyrir kattarnef, slá allan sparnað rothögg.

Jeg get vel búist við, að þetta frv. verði felt hjer í dag, en úr sögunni er það ekki.

Eftir kosningarnar spái jeg, að það rísi upp aftur, og ef svo fer, þá er í sjálfu sjer ekki miklu tapað, þó það nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Verði jeg áfram við stjórn, mun jeg ekki skipa neinn í þessi embætti, sem hjer um ræðir, þótt þau losni, til þess að mögulegleikarnir fyrir þessum sparnaði standi opnir.

Því hefir nú í raun og veru verið haldið fram um allar þær sparnaðartilraunir, sem komið hafa fram hjer í þinginu, að í þeim væri enginn sparnaður. En hvernig sem málinu er velt, mun eini verulegi sparnaðarmöguleikinn vera sá, að embættum sje fækkað og þau stækkuð.

Það hefir nú sjest, hvernig tekist hefir með sparnaðinn á skrifstofufje manna hjer í Reykjavík, sem mikið hefir verið talað um. Tilhneiging þingsins hefir verið að hækka skrifstofufje sumra æðstu embættismannanna hjer í Reykjavík frá því, sem ákveðið var í stjórnarfrumvarpinu.

Sum embættin, eins og embætti lögreglustjóra, eru þannig vaxin, að skrifstofufje þar hlýtur að aukast, eftir því, sem kröfur tímanna verða harðari um aukna tollgæslu.

Tímarnir eru breyttir, því verður ekki neitað, og öðruvísi en áður er nú litið á sýslumennina. Því er það eina ráðið til þess að hefja þessi embætti aftur til síns forna vegs og álits hjá almenn-

ingi, að stækka þau og gera þau ábyrgðarmeiri en nú er.

Það er svo með sum þessi embætti, að það er aumlegur sparnaður að láta í þau menn, sem með löngu og erfiðu námi hafa búið sig undir að verða færir til þess að gegna þýðingarmiklum störfum í þjóðfjelaginu og varið til þess löngum tíma af sínum bestu árum, og svo eru þeir settir til þess að vinna skrifstofustörf, sem menn með enga eða litla sjerþekkingu geta hæglega leyst af hendi.

Þess vegna er það nauðsynlegt, að stækka þessi embætti, og það er nóg að hafa einn löglærðan sýslumann í hverju þessara embætta, sem frv. gerir ráð fyrir, nema ef til vill í þeim allra stærstu; þar mætti gera ráð fyrir lögfróðum aðstoðarmanni. Þróttmesta sönnunin fyrir því, að þetta sje rjett, er tekin út úr lífinu, eins og það er nú, að stærstu embættum þeim, sem nú eru, er vandræðalaust að gegna með hæfilegri aðstoð. Eftir hugsunargangi hv. 1. þm. Skagf. (MG) yrði að skifta öllum þeim stærri embættum, sem nú eru, en fyrir því finnast engin rök, að það sje nauðsynlegt. Hann (MG) á, sem sagt, engin „argumenta“ til í sínum fórum. Sem frsm. hefði hann átt að koma fram með rökstutt nál. Stjórnin átti heimting á því. En rök þau, sem, hv. frsm. (MG) færir fram, eru næsta ljeleg, og það versta er, að dæmi þau, er hann hefir komið með, eru þannig vaxin, að erfitt er að átta sig á þeim í umræðum um málið. Því tók háttv. frsm. ekki þessi dæmi sín upp í nál., svo að stjórnin hefði haft betri tíma til að átta sig á þeim? Jeg held nú annars, að það verði fullerfitt að sannfæra þjóðina um, að enginn sparnaður verði að þessu. Það er satt, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslurnar verða einna stærsta lögsagnarumdæmið. En fyrirfram mun enginn trúa því, að aðeins það, að tvær skrifstofur verða að einni, muni ekki leiða til töluverðs sparnaðar. Við það, að þingaferðir leggjast niður, verður einnig ómótmælanlega mikill sparnaður. Jeg hygg, að rjett sje, að ekki þurfi nema hálfan mann til aðstoðar á mörgum sýsluskrifstofunum. En jeg hygg, að það verði fullerfitt að útvega þessa hálfu menn; ástæðurnar víða svo, að annaðhvort verður að taka heilan mann, þó ekki sje nóg fyrir hann að gera, eða þá engan. Með stækkun embættanna mætti því koma haganlegra fyrirkomulagi á skrifstofurnar, og það munar ekki svo litlu.

Hv. frsm. (MG) hefir margendurtekið það, að skrifstofukostnaður sýslnanna væri of hár, en þetta er hin mesta firra, og það mun eigi líða á löngu áður en sú krafa verður almenn, að sýslumenn hafi sömu upphæðir hlutfallslega til skrifstofuhalds og tíðkast á opinberum skrifstofum í Reykjavík. Ef þessi krafa verður tekin til greina, og hver efast um að svo muni verða, þá fyrst mun verða ljóst, hvað mikinn sparnað leiðir af þessu frv.

Þá hneyxlaðist háttv. frsm. (MG) á því, að í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv. er tekið fram, að mest verði að gera í sumum þessum embættum 2 fyrstu mánuði ársins. En svo mun það nú samt vera, því þá verður að herða á, að alt komi inn frá fyrra ári, og þá verður að ljúka reikningum embættisins.

Jeg held því enn fram, að miklar tolltekjur sýni vanalega, að mikið sje að gera í hjeraðinu, því þær eru teikn upp

á fjörugt viðskiftalíf. En þar sem viðskiftalífið er þannig, þar er einnig mikið af dómsmálum. Og að þessu leyti má af því, hvað mikið er af dómsmálum í einu hjeraði, ráða mikið um, hvað fjörugt viðskiftalíf sje þar.

Beri menn nú saman stærstu embættin, sem nú eru, og hin umfangsmestu þessara nýju embætta, t. d. Suður-Múlasýslu og Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, þá mun sjást, að miklu minna er um að vera í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu en í Suður-Múlasýslu. Það er margsannað, að engin hinna nýju embætta verða svo stór, að eigi sjeu stærri embætti til áður. Nú eru alstaðar símar og samband milli hjeraða, hvar sem er, þannig, að ætið er hægt að fá leiðbeiningar, ef með þarf, jafnvel frá Rvík., til hvaða hjeraðs sem væri. Er almenningur því miklu betur settur en fyr á tímum.

Í áliti minni hl. er lögð áhersla á, að embættin megi ekki vera svo stór, að sýslumenn geti ekki haft forystu í hjeraðsmálum. Hjer er þó sá munur á hv. minni hl. og hv. meiri hl., að þar sem meiri hl. leggur árar í bát og kemur með engar sannanir, þá er þó hjer viðleitni af minni hl. hálfu í þá átt. Því ef það væri rjett, að hjeraðsbúar yfirleitt ættu ekki svo góða menn, að þeim mætti fela forustu sýslunefndanna, þá væri hjer um veruleg rök að ræða. En sá galli er á gjöf Njarðar, að jeg lít svo á, eftir minni þekkingu í sýslunum, og jeg er víða nokkuð kunnugur, að í þeim sjeu fleiri en einn og fleiri en tveir, sem sjeu mjög vel færir til þess að hafa þessa forustu á hendi. Og eftir minni þekkingu á sýslunefndunum og gætni þeirra í fjármálum, þá treysti jeg þeim sannarlega til þess að velja þessa menn.

Háttv. frsm. meiri hl. (MG) hefir lítið farið út í aðrar samsteypur en Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna. Þó hefir verið talið, að ófært væri að sameina Borgarfjarðarsýslu við Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg vil láta þess getið, að sýslumaðurinn í Gullbr.- og Kjósarsýslu kom til mín nýlega upp í stjórnarráð og tjáði mjer, að hann mundi með ánægju taka við þessari aukningu. Hitt hefir verið sýnt fram á í athugasemdum við frv., að hjeraðsbúum þeim, sem eru utan Akraness, mundi einum verða nokkur óþægindi að þessari samsteypu. Og þó held jeg, að þau óþægindi yrðu lítil, því jeg held menn sjeu farnir að una því sæmilegar en hjer er haldið, þó ekki sjeu gyltir hnappar á hverri þúfu.

Háttv. minni hl. nefndarinnar er stjórninni sammála um sumt, eins og t. d. um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, en auk þess hefir hann komið með tillögu um nýja samsteypu. En jeg held, að hún sje ekki eins heppileg og samsteypurnar í stjórnarfrumvarpinu. Jeg get vel, að gefnu tilefni frá minni hl., lýst því sama yfir, sem jeg tók fram áður, að jeg mun yfir höfuð ekki veita nein embætti á næstunni, sem standa í sambandi við samsteypur þær, sem stjórnin hefir stungið upp á. Og þó fella eigi frv. þetta nú, þá mun reka að því, að augu manna opnast fyrir því, að embættabákn þjóðarinnar er alt of stórt og að sníða verður það eftir þeim breyttu tímum. Og um það þykist jeg viss, að jeg eigi eftir að sjá suma þá, sem nú berjast harðast gegn frv. þessu, greiða atkv. með því í framtíðinni.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg veit ekki, hvort skilja beri hæstv. forsrh. (SE) svo, að hann ætlaði að þiggja gjöf minni hl. eða ekki, því ræða hans var nokkuð óljós og óákveðin í því.

Annars finst mjer afstaða hæstv. forsrh. (SE) heldur einkennileg. Hann segir t. d. um háskólann, að ekki sje hægt að leggja embætti þar niður, t. d. í heimspekisdeildinni, því störfin þurfi að vinna hvort sem væri. En finst honum þá minna um vert sýslumannsstörfin en embætti grískudósentsins eða prófessorsins í hagnýtri sálarfræði? Eða hvað ætli kennararnir í norrænudeildinni hafi marga nemendur á ári og útskrifi marga? Sannleikurinn er sá, að almenningur fylgist ekki með í sparnaðinum meðan byrjað er á öfugum enda. Það er fyrst, þegar hann sjer að rjett leið er farin, að hann getur viðurkent viðleitnina.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, máli sínu til stuðnings, að símarnir hefðu eytt svo fjarlægðunum, að embættismenn, sem áður hefðu verið óhjákvæmilegir, væru nú óþarfir. Það er nokkuð til í þessu, en hins vegar er þó þess að gæta, að enginn samanburður er, hversu margfalt fleiri tegundir mála falla nú undir sýslumennina en áður, og verða þau, að minsta kosti ekki öll, afgreidd í síma. Það ætti honum sjálfsagt að vera kunnugt um. Og er hann sagði, að flokkun sýslumannanna kæmi við hjörtun í okkur þm., þá skal jeg játa, að svo sje. Og ástæðan til þess er sú, að vjer teljum, að með frv. sje rjettur og hagsmunir almennings fyrir borð bornir, og er þá ekki sanngjarnt að bera oss brígslum fyrir það, að vjer tökum oss það nærri og viljum koma í veg fyrir að það verði.

Þá talaði hæstv. forsrh. um það, að verksvið sýslumanna væri orðið of lítið, eða með öðrum orðum, að þeir hefðu of lítið að gera. En hvernig er hægt að halda því fram, að þeir hafi oflítið að gera og þó telja óhjákvæmilegt, að mjög mikið fje fari í skrifstofukostnað. **(Forsrh. SE:** Þeir hafa oflítið að gera, sem lögfræðisþekkingu þar sjerstaklega til). Já, það kemur að því, sem jeg bygði mína útreikninga á, að aðeins gæti komið til mála, að sparaðist mismunurinn á launum löglærðra manna og ólöglærðra, því öll störfin þyrftu að vinnast, og eru raunar öll greiðari mönnum með lögfræðisþekkingu. Þá er það ekki rjett, að jeg hafi viljað minka embættin. Fram á það hefi jeg aldrei farið, og er þeirrar skoðunar, að þau eigi að halda sjer, nema að sameina mætti Dalasýslu og Strandasýslu.

Hæstv. forsrh. áleit, að nál. okkar væri fimbulfamb, þar sem engar ástæður væru færðar fram. Jeg skal ekki deila um það við hann, hvort rökin, sem við færum fram í nál. sjeu veigamikil eða ekki, en hitt þori jeg að fullyrða, að það er að minsta kosti ekki ver skrifað heldur en athugasemdirnar við stjórnarfrumvarpið, því það er sannast að segja, að stjórnin hefir orðið drýgri í því að tína til vitleysur í það heldur en röksemdir. Hæstv. forsrh. hefir heldur aldrei reynt að fara út í rök mín eða hrekja þau, og segist ekki einu sinni vita, hvort tölurnar, sem jeg hefi tilfært, sjeu rjettar eða ekki, en lætur sjer svo nægja að slá því föstu, rannsóknarlaust, að þær sjeu rangar.

Hann hefði þó átt að geta sagt um það, hvers vegna hann telji laun sýslumanna vera 9500 kr. í stað 7200 kr., en svo stóð það í athugasemdum hans, og eru það aðaltölurnar, sem jeg bygði á. Jeg áætlaði tveim aðstoðarmönnum laun, 3000 kr. hvorum, og finnist honum þetta of hátt, þá getur hann gert athugasemdir við það þegar í stað. Sýslunefndarkostnaðurinn í Skagafirði er áætlaður 1000 kr. á ári.

Hæstv. forsrh. taldi þessi umdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, erfið til yfirsóknar, en störfin þar ekki mest, og mintist í því sambandi á málafjöldann. Jeg hefi nú athugað málafjöldann á árunum 1904—1913, og komist að raun um, að á þessu tímabili koma jafnmörg sakamál fyrir í Skagafjarðarsýslu og Suður-Múlasýslu, og það eru þó þau málin, sem vitanlega taka altaf mestan tíma. En hann slengir saman lögreglumálum og sakamálum, og tekur svo meðaltal af öllu saman. En honum ætti þó sjálfum að vera kunnugt um, að þessar tvær tegundir mála eru alls ekki sambærilegar. Sömuleiðis talaði hann um, að ekki mundi til lengdar vera hægt að daufheyrast við kröfum sýslumanna um hækkun á skrifstofufje. Er fróðlegt að bera þetta saman við ummælin í stjórnarfrumvarpinu, ef 3500 kr. á að veita til uppbótar starfi sex manna, sem teknir verði í burtu. Virðist hjer vera mótsögn á ferðinni. Enda er það sannast að segja, að skrifstofukostnaður sýslumanna er miklu fremur of hár en of lágur.

Það var raunar ágætt, að hv. minni hl. nefndarinnar gat komið með ástæður, sem hæstv. forsrh. þóttu mikilsverðar. En leiðinlegra er það fyrir hann, að sú höfuðástæða, sem ber frv. uppi, sparnaðurinn, er nú fallin í burtu. Hæstv. forsrh. hefir ekki sjeð sjer fært að hrekja tölurnar, sem jeg kom með, enda veit jeg, að það er ekki hægt, og alt tal um sparnað í þessu sambandi er út í bláinn. Því þessi störf þarf að vinna, og það eina, sem hægt er að segja, er það, að annaðhvort sje um lítinn sparnað að ræða, eða það, að sýslumennirnir hafa of lítið að gera, og þá er sá vegur fyrir hendi, að lækka skrifstofukostnaðinn. Sú leið er rjett.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal fara fljótt yfir sögu. Um gríska dósentinn er það að segja, að þó embætti hans hefði verið lagt niður, þá hefði samt sem áður orðið að fá kenslu í þessari grein. Sama er að segja um próf. Guðmund Finnbogason. Embætti hans er stofnað með lögum á hans nafn. Og hverjir eru svo þessir aðrir staðir í kennaraskipun háskólans, sem spara má á? Á ef til vill að fella burt íslenskukennarann eða kennarann í sögu? Jeg býst nú við, að hefði stjórnin komið með frv. í þá átt, þá hefði það tafarlaust verið skorið niður, og mjer þykir mjög eðlilegt, að þjóðin vilji ekki missa þessi embætti. Alt öðru máli er að gegna um sýslumannsembættin. Tímarnir eru svo breyttir, eins og svo oft hefir verið tekið fram, að hagsmunum almennings er í engu misboðið, þó þau verði sameinuð á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Það er ómótmælt, að sýslumennirnir hafi of lítið að gera í ýmsum sýslunum, af þeim störfum, sem eðlilegt er að þeir fáist við, en engin hagsýni að láta svo dýra embættismenn eyða tíma sínum í skýrslugerðir og smáskrifarastörf. Og það er engin hagsýni í því, að hafa margar skrifstofur,

þegar hægt er að hafa þær fáar. En í litlu þjóðfjelagi verður að kappkosta það, að hafa fáar yfirmannastöður, en skipa þær sem bestum mönnum, og við getum ekki búist við því, að hafa alt af yfirfljótanlegt af mönnum, sem skara fram úr.

Það er heldur ekkert hlægilegt atriði, að sannað er, að sýslumenn, sumir hverjir, geta komist af með hálfan mann sjer til aðstoðar, en þurfa, eins og nú er því fyrir komið, að greiða honum fult kaup. Sjeu laun hans áætluð 3000 kr., þá leiðir af því, að 1500 kr. er kastað á glæ. Þetta verður hv. 1. þm. Skagf. (MG) að skilja, og hann má ekki láta tilfinningar sínar fyrir Skagafirði hlaupa með sig í gönur. Það er þá heldur ekki rjett, að það sem sparist, sje ekki nema munurinn á launum löglærðra og ólöglærðra manna, því verði embættin stærri, þá hafa sýslumennirnir nóg að starfa, og þá er hægt að komast af með eina skrifstofu, þar sem þær eru nú tvær, og munar það ekki svo litlu í starfslaunum, ljósi, hita og húsnæði. Þetta sjer hver maður með heilbrigðri skynsemi, enda mun það reynast svo, að erfitt verður hv. 1. þm. Skagf. (MG) að vinna mál þetta með rökum. Og síst ætti þeim mönnum, sem halda, að hægt sje að spara á einu dósentsembætti alt sem spara þarf í landinu, síst ætti þeim að finnast lítið til um þá upphæð, sem við þetta sparaðist. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) ætti samkvæmt sinni röksemdaleiðslu að koma með tillögur um að smækka embættin, og búta t. d. Ísafjörð og Ísafjarðarsýslu í tvö embætti. Því sje ósparnaður í því, að setja saman, þá leiðir af því, að það er hagsýni að kljúfa sundur. En hvað mundi þessi sami hv. þm. (MG) hafa sagt, ef stjfrv. hefði gengið út á það, að kljúfa sundur sýslumannaembættin. Nei, jeg er þess fullviss, að þó frv. verði felt að þessu sinni, þá mun það verða tekið upp síðar og sigra hjá þjóðinni. Og jeg er þess fullviss, að þá verður það sannað mál, að vjer verðum fyrst og fremst að spara með því að fækka embættum og koma þeim í nýtt horf. Viðvíkjandi útreikningunum, sem fram voru færðir, þá hefði jeg óskað þess, að þeir hefðu fremur staðið í nál., því það er eðlilega erfitt að átta sig á margbrotnum tölum í miðjum umræðum. Annars skiftir það litlu máli, hvort reiknað er með tölum frá 1921 eða 1922, aðeins ef samræmisins er gætt. Jeg hefi minst svo oft á skrifstofufje sýslumanna. Jeg get enn bent á, að mjög alvarleg óánægja er hjá sýslumönnum yfir því, hvað lágt það sje. Og jeg hefi áður, hjer við umr., lagt fram í þinginu reikning frá mjög sparsömum og samviskusömum embættismanni, sýslum. í Stykkishólmi, sem sýnir það, að hann hefir orðið að greiða í skrifstofufje um 1200 kr. úr sínum eigin vasa. Sannarlega eiga sýslumenn kröfu hjer, að betur sje farið með þá en þeíta. Og úr því laun lækna hafa verið bætt svo stórlega, þá býst jeg við einnig, að rjettmætar kröfur sýslumanna, um skrifstofufje, verði teknar til greina.

Nei, um þetta mál alment stoðar ekkert að reyna að neita því, að hjer sje um stórmikinn sparnað að ræða, um það að leggja niður 9 embætti. Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) var eitthvað að tala um hlátur í þessu sambandi. Já, hann getur verið viss um það, að þjóðin mun hlæja dátt, þegar hún heyrir rökfærslur hans í þessu máli, þegar hún heyrir það, að hann og þeir aðrir ýmsir, sem

altaf eru látlaust að gaspra um sparnað, þora ekki að horfa framan í hann, þegar komið er með hann í alvöru. Nei, svo sanarlega segi jeg yður, þessir menn ættu ekki að tala um sparnað, þessir menn ættu að þegja, þegar hann er á ferðinni. (**MG:** Skil vel, að ráðherrann vilji helst að jeg þegi, því þá rek jeg þetta ekki ofan í hann aftur). Nei, ef aðeins væri um mig að ræða, væri best að þingmaðurinn talaði sem mest um þetta. Því mótmæli hans verða mjer hjer bestu meðmæli.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. forsrh. (SE) vildi ekki fallast á þá ástæðu, móti fækkuninni, að umdæmi sýslumanna mættu ekki vera stærri en svo, að sýslumennirnir gætu haft á hendi hjeraðsstjórn og forustu í innanhjeraðsmálum. Hins vegar talaði hæstv. ráðherrann um það, að rjettara væri að ganga inn á þá braut, sem þegar væri hafin sumstaðar, þar sem bæjarstjórnirnar hefðu kosið sjer sjerstakan formann. En um þetta er það að segja, að þó einstaka kaupstaður, svo sem Reykjavík, hafi færst þetta í fang af knýjandi nauðsyn, þá yrði þetta bæði alt of dýrt og óhentugt út um sveitir, eins og öll skifting embætta, og auk þess í andstöðu við þá rjettu stefnu í málinu. Því fækkun embæta á vitanlega að miðast við það, að sameina sem mest af svipuðum störfum á einum og sama stað, en ekki það, að þenja embættin yfir sem mesta víðáttu. Og án þess að jeg vilji gera lítið úr fólkinu hjer, get jeg sagt það, að jeg þekki þau hjeruð, þar sem engin innanhjeraðsmaður mundi vera fær um að hafa á hendi stjórn sýslumála. En þar sem allmikið er hjer í húfi, en mest trygging fyrir því, að þetta geti farið vel úr hendi hjá sýslumönnunum, þó auðvitað geti þeim skjátlast líka, þá er best að láta þá hafa þetta áfram, þar sem því verður við komið. Ef þetta færi í ólagi hjá þeim, er það líka sjálfsögð skylda stjórnarinnar að taka í taumana.

Inn í þessar umr. hafa einnig verið dregin nokkur önnur sparnaðarmál, einkum háskólinn. Jeg get því gjarna sagt það, hvað jeg og margir aðrir álíta að gera eigi í því máli, og það er að leggja niður heimspekisdeildina. Því það er bersýnilegt, að við höfum ekkert við það að gera, að framleitt verði svo mikið af sagnfræðingum, málfræðingum og heimspekingum, sem samsvari kennarakröftum og kostnaði þessarar deildar. Þessi deild er því beinlínis hættuleg fyrir nokkurn hluta þjóðmenningar okkar, þar sem hún varnar því, að menn sæki þessa mentun sína þangað, sem hún er meiri og betri en unt er að fá hana í þessu fiskiveri. Því hjer verður aldrei lagt það fje og þeir starfskraftar til þessarar deildar, sem þarf til þess, að hún geti verið samsvarandi samskonar háskóladeilum annarsstaðar. Það er því beint menningarmál, að þessi deild verði lögð niður sem fyrst. Og jeg vil beina því til hæstv. forsætisráðherra (SE), að ef svo færi, að eitthvert embætti losnaði í þessari deild fyrir næsta þing, þá verði það ekki veitt aftur, ef til þess kæmi, að menn vildu ráðstafa deildinni öðruvísi og skynsamlegar en nú er gert og jeg hef sýnt hjer áður.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal vera stuttorður og ekki harðorður, enda er hæstv. forsætisráðherra (SE) orðinn svo reiður, að ekki

er á það bætandi. Einkum er það út af þessum hálfa manni, og virtist hann halda, að taka ætti manninn sjálfan og skifta honum í tvent. En jeg get frætt hann á því, að það er misskilningur; það eru aðeins störf hans hálf, sem um er að ræða. Og jeg veit það af eigin reynd, sem sýslumaður, að slíka menn að hálfu er altaf hægt að fá, og er þar með kipt fótunum undan þeirri staðhæfingu hæstv. forsrh. (SE). að ekki sje unt að fá eða komast af með minna en heilan mann. Hæstv. forsrh. var að tala um það, að jeg væri á móti öllum sparnaði. En hvernig var það með stjórnarskrána? Var þar ekki um að ræða margfalt meiri sparnað en hjer, og það sparnað, sem kom strax, en ekki fyrst eftir 20—30 ár. Og var jeg ekki með því, en hæstv. forsrh. á móti? Nei, það er sama, hvað hæstv. forsrh. talar hátt og mikið um sparnaðinn, og vitnar til þjóðarinnar, hún mun áreiðanlega sjá, hvernig í þessu öllu liggur og kunna að meta það, kunna að meta minn sparnað og hans yfirborðssparnað. Hann taldi rjettast fyrir mig að þegja, og að jeg ljeti velvild mína til Skagfirðinga hlaupa með mig í gönur. En jeg vil benda honum á, að jeg hefi hjer málfrelsi eins og hann og spyr hann ekki um, hvað jeg segi, og um viðskifti mín og Skagfirðinga er rjettast fyrir hann að skifta sjer ekki. Öðrum atriðum þarf jeg ekki að svara, svo sem um skrifstofukostnaðinn, sem jeg hefi talað fullkomlega um áður og hrakið þar ummæli hæstv. forsrh. (SE).

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekki vera mjög langorður, en mjer sýnist nú, að nauðsynlegt muni vera að láta tölurnar tala. Og er þá rjett að athuga, hvort það er eins fjarstætt eins og hv. frsm meiri hl. (MG) heldur fram, að komast megi af með það skrifstofufje í hinum nýju sýslum, sem gert er ráð fyrir í ástæðunum fyrir stjfrv. Jeg skal þá fyrst nefna Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu með Hafnarfirði. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu var skrifstofukostnaðurinn 1922 kr. 6000. Ef bætt er nú við þetta skrifstofukostnaðinum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 2500 kr., og því, sem sparast við að leggja þingaferðirnar niður, um 600 kr., þá hygg jeg, að núverandi sýslumaður í Gullbr.- og Kjósarsýslu mundi telja það ávinning fyrir sig að bæta Borgarfjarðarsýslu við, fengi hann skrifstofukostnaðinn svo mjög aukinn, og auðvitað þyrfti ekki að bæta svo miklu við hann. Þá kem jeg að Snæfellsnes-, Hnappadals- og Mýrasýslu. Í Snæfellsnessýslu er skrifstofukostnaður sama ár 2500 kr. Við niðurlagningu þingaferðanna sparast 600 kr., og ef svo væri bætt við 200 kr., þá hygg jeg, að það mundi nægja, þar sem störf sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu mundu aukast mjög lítið, þó Mýrasýslu væri bætt við. Þá kemur Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla, sem mest hefir verið rætt um. Í þessum sýslum báðum er skrifstofufje 1922 5000 kr. Ef svo eru taldar 600 kr., sem sparast við niðurlagningu þingaferða og enn bætt við 2000 kr., þá hygg jeg, að sýslumaður, sem hefði slíkt skrifstofufje, mundi eiga mjög hægt með að þjóna þessum sýslum báðum. Í Dala- og Strandasýslu er skrifstofufje beggja sýslna 1922 2450 kr. samanlagt. Á niðurlagningu þingaferða sparast 600 kr. Og hygg jeg því, að þetta skrifstofufje muni nægja í hinum sameinuðu sýslum. Í Eyjafjarðar-

sýslu og Akureyri með Siglufirði var skrifstofufje 1922 12200 kr. Við niðurlagningu þingaferða sparast 600 kr. Ef svo væri bætt við 1000 kr., þá skil jeg ekki, að á meira skrifstofufje þyrfti að halda í þessari nýju sýslu. Í Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu er skrifstofufje 1922 4800 kr. Við niðurlagningu þingaferða sparast 600 kr. Þetta skrifstofufje mundi fara langt í hinni nýju sýslu, því í Austur-Skaftafellssýslu er mjög lítið að gera. Í Árnes- og Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu er skrifstofufje 1922 (alt skrifstofufjeð í Skaftafellsýslu er talið til V.-Skaftafelssýslu, sem auðvitað er ekki alveg rjett, en skiftir engu máli í þessu sambandi) 8000 kr., 600 kr. sparast við niðurlagning þingaferða, og ef svo er bætt við 300 kr., þá hygg jeg, að sýslumaðurinn í þessari sýslu hafi allsæmilegt skrifstofufje. Þessar viðbætur, sem lagðar eru til hinum sameinuðu sýslum, nema samtals 3500 kr., en það er sú upphæð, sem gert er ráð fyrir í ástæðunum fyrir frv. Auðvitað mætti jafna þessari upphæð öðruvísi niður. Og þó enn þyrfti að bæta 2—3000 kr. við, þá sparaðist ekki lítið við samsteypuna, en hins vegar er skrifstofufjeð í hinum nýju sýslum þó mun álitlegra en það skrifstofufje, sem lagt er nú til sýslnanna óskiftra, svo mikið hagræði er að samsteypunni, sem eðlilegt er, þar sem skrifstofunum fækkar svo mikið.

Jeg er sammála hv. frsm. meiri hl. (MG) um það, að í ýmsum sýslum þarf ekki nema ½ skrifara. En svo fæst ekki sá ½ skrifari, og þá þarf að fá heilan mann, og hvað fer í óþarfa kostnað við það?

Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) sagðist ekki treysta því, að sýslurnar hefðu völ á færum mönnum til að standa fyrir hjeraðsmálum sínum. En eftir þekkingu minni á mannavali í sveitum, og jeg tala þar ekki út í bláinn, því jeg hefi verið sýslumaður í mörgum sýslum, þá er jeg þess fullviss, að það er til fjöldi manna, fjöldi skynsamra og gætinna manna, sem eru ágætlega vel til þess fallnir að vera oddvitar.

Um það, að leggja niður heimspekisdeild háskólans, get jeg ekki verið hv. þm. (JÞ) sammála. Jeg skal játa það, að jeg tel nóg að hafa einungis einn heimspekiskennara, enda var jeg á móti því, að stofnað væri embættið í hagnýtri sálarfræði. En jeg gat ekki verið með því í fyrra, að embættið væri lagt niður, því jeg áleit, að þessum manni hafi verið gefið loforð fyrir að halda því, þar sem það er bundið við hans nafn. En þegar þetta embætti losnar, tel jeg sjálfsagt, að það leggist niður. En það er óhjákvæmilegt að hafa einn prófessor í heimspeki, og það er álitið nauðsynlegt við alla háskóla erlendis.

Um söguprófessorinn er það að segja, að jeg álít, að saga hafi svo mikla þýðingu, bæði fyrir okkur sjálfa og þá erlendu menn, er sækja þennan skóla, að ekki nái nokkurri átt að leggja þetta embætti niður, og líkt má segja um íslenskuprófessorinn. Ef kensla í íslensku væri lögð niður, yrði þetta enginn háskóli lengur. Ber jeg engan kvíðboga fyrir því, að ofmargir menn útskrifist í þessum greinum.

Jeg þykist nú hafa, bæði nú og í fyrri ræðum, sýnt fram á, að í þessu frv er lögð byrjun að nýju embættakerfi við hæfi þjóðarinnar. Ef frv. yrði samþykt, muni það leiða til, að framhald yrði á þessu einnig á öðrum svið-

um. Embættismennirnir í þessu landi mega ekki vera of margir. Verkefnin eru nóg á öðrum sviðum. Framleiðslan þolir ekki alt of þunga embættisbagga, og framleiðslan þarf að halda á mönnum, færum og ötulum mönnum. Embættabáknið má ekki gleypa alt of marga af þeim.

Þetta mál hlýtur að sigra, og hafi jeg talað af hita, þá er það af því, að jeg trúi á þetta mál og sigur þess.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Hæstv. forsrh. (SE) hefir nú gert grein þess, hvernig á að verja þessum 3500 kr. Er dálítið einkennilegt, að hann skuli vilja verja 2000 kr. í þær samsteypusýslurnar, er jeg tók til samanburðar. Sýnist hann hafa ekið þar seglum eftir vindi. En Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu ætlar hann ekkert samkvæmt áætluninni. Þar er ekki gert ráð fyrir neinni viðbót. Ef 2000 kr. er varið til viðbótar í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, 1000 kr. í Eyjafjarðarsýslu og 300 kr. í Snæfellsnes-, Hnappadals- og Mýrasýslu, þá eru einar 200 kr. eftir, sem eru til viðbótar í öllum hinum samsteypusýslunum. Er auðsætt af allri þessari röksemdafærslu hæstv. forsrh. (SE), sem annars var í meira lagi þokukend, að það er rjett hjá mjer, að ef 3500 kr. eru nægilegar til viðbótar, þá er það óhjákvæmileg afleiðing þess, að þessir 6 sýslumenn, er á að afnema, hafa ekkert haft að gera og aðeins unnið rúmlega fyrir þessum 3500 kr. Um ½ manninn er það að segja, að það verða sýslumennirnir að eiga um við sjálfa sig, hvort þeim tekst að ná sjer í aðstoð eða verða að taka fullkominn mann.

Hæstv. forsrh. (SE) taldi mikinn sparnað að þessu. Jeg hefi sýnt með tölum, hver hann mundi verða, og jeg get fullvissað hæstv. forsrh. um, að sparnaðurinn mundi verða miklu minni heldur en af þinghaldi annaðhvert ár. Talar hæstv. forsrh. meira af tilfinningum en rökum í máli þessu, en jeg lít aðeins „praktiskt“ á málið.

Jeg skil ekki, hvernig hæstv. forsrh. getur haldið því fram, að það sje úrelt að hafa þetta fyrirkomulag áfram, þar sem störf þessara manna eru altaf að aukast og þeim falin nær því öll innheimta ríkissjóðsins.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi látið tölurnar tala, og þær er erfitt að hrekja. En, eins og jeg tók fram áðan, þótt svo reyndist, að þyrfti að bæta við þessar 3500 kr. svo sem 2000 kr., þá yrði sparnaðurinn samt afskaplega mikill.

Sú greinargerð, sem jeg gerði fyrir skrifstofukostnaðinum í hinum nýju sýslum, sýnir, hve mikil hagsýni er í samsteypunni, og hún sýnir, að alt hjal um, að ekki sparist á samsteypunni, er út í loftið. Og hún sýnir, eins og háttv. frsm. meiri hl. (MG) óbeinlínis hjelt fram, að æðimörgum sýslumönnum er nú ofaukið, og þá má spara með þessu nýja fyrirkomulagi.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði það síðast, að hæstv. forsrh. sagðist tala með tölum og rökum. En hver er þá tala rakanna? Jeg held að það sje ekki nema um eina tölu að ræða og eina röksemd, og það er sparnaðarhjal. En sú tala, sem þar er nefnd, er marghrakin. Úr því að það átti að fara að spara og steypa saman embættum, þá hefði átt að gera að einni sýslu frá Þjórsá og vestur í Hvammsfjörð, aðra sýslu mætti hafa

um alla Vestfirði, þriðju frá Hrútafirði til Eyjafjarðar, og svo í einu eða tvennu lagi það, sem þá er eftir, þannig, að á öllu landinu verði 4—6 sýslur. Hafi hæstv. stjórn ætlað að gera landsmönnum hagnað með þessu, þá hygg jeg, að það fari á aðra leið. Jeg er hræddur um, að þegar hver sýsla þarf að fá sinn sýslunefndaroddvita, þá þurfi þær að borga þeim úr sínum eigin sjóðum, ef þeir eiga ekki að vera launaðir af ríkinu. Jeg held, að reikningur hv. 1. þm. Skagf. (MG) sje rjettur, að á þessum sparnaði sparaðist 12 þús. krónur, sem aftur muni fara í súginn við aukið skrifstofuhald. (**Forsrh. SE:** Það eru gamlar reikningsbækur, sem þm. notar). Ja, jeg veit ekki til að hæstv. kenslumálaráðherra hafi gefið út neina nýja reikningsbók; jeg kenni mínum strák þá gömlu. (**Forsrh. SE:** Þm. telur þá ekki 2×2=4). Jú, einmitt það, eftir gömlu reikningsbókunum, en kenslumálaráðherra hefir víst komist að þeirri niðurstöðu, að 2×2=5. — Þetta er bókstaflega yfirgangur við landsmenn og annað ekki, enda getur ekki óvinsælla frv. en þetta er.

Jeg hygg, að það hefði verið betra að leggja niður öll sýslumannaembættin, en taka upp fjórðungsdóma í staðinn, og skilja þannig að dómsvald og framkvæmdavald. Þetta hefir stjórnin látið órannsakað, hvort kleift væri; og ef hún hefði fundið þetta upp sjálf og komið góðu skipulagi á það, þá hefði hún unnið sjer til mikils heiðurs.

Jeg álít það ósæmilegt að láta hreppstjóra starfa að ýmiskonar aukaerfiði, án nokkurra launa; en ætti aftur á móti að fara að launa þeim störf sín sómasamlega, þá ætist sparnaðurinn við fækkun sýslumannaembættanna margfaldlega upp.

Jeg hefi áður lýst, hvernig mjer geðjast að þessum sparnaðar-ósparnaði, og vænti, að háttv. þm. felli þetta frv. umsvifalaust. En að stjórnin láti athuga aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds, og stofnun fjórðungsdóma, athuga, hvort hægt er að útvega ríkinu ódýrari tollgæslumenn í stað sýslumanna. Meðan þetta er órannsakað mál, er ekki lítandi við öðru eins kákfrumvarpi og þetta er, sem hjer liggur fyrir. En þó eru brtt. hv. minni hl. allshn. ómerkilegasta kákið.

En jeg stóð aðallega upp til þess að minnast á þetta nýnæmi háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að leggja niður heimspekisdeild háskólans. Áður þótti það vera hið mesta menningarmál, að hafa háskóla og gera þessa deild að vísindastofnun. Nú á það aftur að vera menningarmál að leggja hana niður. Háttv. þm. (JÞ) ætti að vita, að þessi deild var stofnuð til þess síðar að bera frægð og heiður þjóðarinnar út um heiminn, og að hún er í raun og veru aðaldeild háskólans. Erlendir námsmenn eiga að koma hingað til þess að nema íslenska tungu og íslensk fræði. Hv. þm. (JÞ) hjelt því fram, að það væri betra að nema slík fræði annarsstaðar. En þá er vert að spyrja: Hvers vegna sækjast erlendir háskólar — í Danmörk og Noregi — eftir Íslendingum til að kenna hjá sjer? Ætli þeir sjeu miður fullkomnir á meðan þeir eru hjer heima, en miklu betri, þegar þeir eru komnir út fyrir pollinn? Jeg skil ekki í því, að það hefði tapast neitt af hæfileikum prófessors Finns Jónssonar, þó hann hefði fengið sömu kosti og kjör hjer heima eins og hann hefir notið í Höfn. Mjer skilst líka, að prófessor Sigurður Nordal mundi verða jafngildur kennari hjer heima eins og í öðru landi, með

sömu kjörum. Það er menningarmál að láta okkar góðu kennara ekki svelta, og að láta heimspekisdeildina ekki skorta fje.

Háskólinn er enn ungur, og hefir aðeins starfað síðan 1911. Það er því tæplega von, að hann hafi unnið sjer frægð á þeim stutta tíma; nokkrir útlendir námsmenn hafa þó sótt hingað á þessum árum, og ætti þess ekki að verða langt að bíða, að enginn, hvar sem hann væri í heiminum, þættist vera lærður í íslenskum fræðum nema hann væri búinn að hlýða á íslenska prófessora við íslenskan háskóla.

Jeg veit, að þetta er ekki beinlínis viðkomandi því máli, sem er á dagskrá. En af því að háttv. þm. (JÞ) gaf stjórninni bendingu um þetta efni, þá vildi jeg líka benda stjórninni á, að þetta væri eitt hið versta verk, að fella niður heimspekisdeildina, og býst jeg við, að þjóðin mundi standa fast á móti því. Enda væri þetta ekki rjettara en stendur í öfugmælavísunni:

„Sjeð hef jeg köttinn syngja á bók,
selinn spinna hör á rokk,
skötuna elta skinn í brók,
skúminn prjóna smábandssokk."

Jeg vil svo ekki tefja þessar umræður lengur, en vænti, að háttv. þm. lofi þessu frv. að sofa í friði, þangað til nákvæmari rannsókn hefir farið fram í málinu.

Þorleifur Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs í dag áður en umræðurnar lengdust. Síðan er búið að tala margt, sem jeg vildi sagt hafa í þessu máli, sem mjer virðist hafa tvær hliðar. Mjer dylst það ekki, að ef frv. yrði samþykt, þá mundi það leiða til ekki óverulegs sparnaðar, þó að hann auðvitað komi ekki fram fyr en smátt og smátt.

Stjórnin gerir ráð fyrir, að spara megi 50 þús. krónur á ári, og þó að það reyndist 10 þús. krónum minna, þá tel jeg það allverulegan sparnað. Jeg get ekki láð stjórninni, þó að hún komi fram með þetta frv. Hún fjekk á síðasta þingi áskoranir um að spara og fækka embættum. Helstu gallarnir, sem af þessu frv. leiða, eru t. d. þeir, að manntalsþingin skuli lögð niður; því að víða út um land þykir mönnum vænt um að fá sýslumanninn á þingin; ekki síst þar, sem hann er sjaldan á ferð, eins og t. d. í minni sýslu. Þó að þeir dæmi ekki mál manna eða felli úrskurði, þá geta þeir gefið ýmsar góðar leiðbeiningar. Þetta þykir mjer vera versti gallinn á frv. Hinum agnúunum geri jeg minna úr t. d. að erfitt verði að fá sýslunefndaroddvita; jeg held, að það megi víða fá menn til þess starfs, að hafa á hendi forustu í hjeraðsmálum.

Jeg get búist við, að ýmsum þingm. þyki undarlegt, að jeg skuli vera að mæla með þessu frv., þar sem leggja á Austur-Skaftafellssýslu til Suður-Múlasýslu. Skaftafellssýslurnar hafa um langan aldur verið saman um sýslumann, og þótt jeg uni því sambandi vel, þá hafði jeg ekki hugsað mjer að setja mig á móti frv. af þessum ástæðum, ef breytingar þær, er frv. ráðgerir að öðru leyti, ná fylgi.

Öll nefndin hefir lagt á móti sumum breytingunum; en minni hl. hefir lagt til að samþykja tvær af þeim. Það er: sameining á Skaftafells- og Rangárvallasýslum og svo Dala- og Strandasýslu. Þetta álít jeg vera kák, sem ekki er við eigandi. Jeg held, að þessar samsteypusýslur yrðu erfiðar yfirferðar, einkum ef ætlast er til þess, að sýslumenn haldi uppi þingaferðum. Þá vil jeg t. d. benda

á, að það eru fullar 7 dagleiðir frá Lónsheiði að Þjórsá, á sumardag. Til þingaferða gæti, á þessu svæði, ekki farið minni tími en 4—5 vikur. Í þessum þremur sýslum eru samtals 22 hreppar.

Það hefir verið fundið sýslusamsteypunni til foráttu, að þá yrðu ýms umdæmin of víðlend; en jeg held, að þessi samsteypusýsla yrði þó stærst og erfiðust. Jeg vil til samanburðar benda á, að Borgarfjarðar-, Gullbringu- og Kjósarsýslur eru ekki nema helmingur að vegalengd móti hinum; þar eru líka 22 hreppar; og mundi hún þó talin erfið.

Jeg þarf ekki að lýsa skoðun minni frekar, enda sje jeg að minni hl. nefndarinnar og þingmönnum yfirleitt er um og ó með þetta frv. Verði brtt. minni hl. aðeins samþ., þá verður sparnaðurinn lítils virði; jeg vona því, að þm. furði sig ekki á, þó jeg greiði atkv. á móti þeim, þrátt fyrir það, að jeg af sparnaðarástæðum vilji fylgja frv. í heild sinni. En fari svo, að þessar samsteyputill. minni hl. nái að ganga fram, þá sje jeg ekki eftir, að frv. fari ásamt þeim í eina gröf.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get verið stuttorður og skal ekki blanda mjer inn í deilurnar eða hlaupa í skörðin, heldur halda mjer eingöngu við árás minni hl. nefndarinnar á mitt kjördæmi. Hún hlýtur að skoðast bæði óalandi og óverjandi.

Háttv. minni hl. skar sig út úr nefndinni og vildi sameina Skaftafells- og Rangárvallasýslur og í öðru lagi Dala- og Strandasýslur. Það er að sínu leyti skárra, en þó er jeg því líka mótfallinn.

Þetta er svo frámunalega undarlegt, að vilja sameina þessar þrjár sýslur hjer sunnanlands, sem er nálega ¼ hluti af fermáli alls landsins; og 7—10 dagleiðir enda á milli, frá Lónsheiði að Þjórsá. Háttv. minni hl. leggur að vísu ekki áherslu á þetta, en heldur þó þessum anga af stjórnarfrv., til vara. Vegalengdir á þessu svæði eru miklu meiri heldur en gert er ráð fyrir í stjórnarfrv., og með tilliti til þess, væri því nær lagi að sameina Austur-Skaftafells- og Suður-Múlasýslur. Á leiðinni frá Lónsheiði til Þjórsár eru 20 stórar ár, og margar þeirra ófærar á vetrum.

Af öllu illu í þessum málum er það þó skárst að sameina Árnes- og Rangárvallasýslur; þar eru margskonar sambönd á milli og ýms mál sameiginleg. Og með bættum samgöngum hefir það aukist á síðari árum.

Að síðustu vil jeg aðeins taka það fram, að jeg vona, að háttv. þm. felli alt frv., og ekki síður brtt. minni hl.

Pjetur Þórðarson: Mjer virðist svo sem það sje öllu fremur mikill misskilningur heldur en lítilsvirðing á menningu hjeraðsbúa, sem kemur fram hjá hv. 1. þm. Rang. (GunnS), þar sem hann talar um, að verið sje að ráðast á sitt kjördæmi sjerstaklega með þessari fyrirhuguðu nýju embættaskipun. Hann telur afar-nauðsynlegt, og leggur mikla áherslu á, að sýslumaðurinn búi í hans kjördæmi. Jeg lít öðruvísi á þetta mál, bæði þar og annarsstaðar, og ber meira traust til sveitamanna en svo, að jeg haldi, að þeir geti ekki verið sýslumannslausir innan kjördæmisins. Jeg get ekki skilið, hvers er sjerstaklega að sakna, þó að sýslumaðurinn búi einhversstaðar fjær í hjeraðinu eða stækkuðu lögsagnarumdæmi, en gegni sínum skyldum þar eftir sem áður. Einnig held jeg, að það sje ekki svo mikill mis-

munur á hæfileikum og þekkingu sýslumanna og annara leikmanna, að þeir ættu ekki að geta gegnt sómasamlega þeim störfum sýslumanna, sem til er ætlast í sambandi við þetta mál.

Mjer finst það tiltakanlega mikið vantraust á bændum og ómaklegt, að láta eins og menn sjeu að missa af verndarhendi guðs almáttugs með því að sjá af sýslumanninum úr hjeraðinu. Það er misskilningur — vægast sagt — á menningarástandi þjóðarinnar, að svo mikils missi við með þessu.

Með því að strika yfir nokkur stærstu orðin í ræðu hæstv. forsrh. (SE), svo sem um þjóðargleði og framtíðarsigur, þá tel jeg alveg sjálfsagt, að hv. deild fallist á ummæli hans í öllum aðalatriðum, og þar með á frv. sjálft, lítið eða ekkert breytt.

Jeg hafði hugsað mjer að gera brtt. við 1. og 2. gr. frv. til 3. umr., ef frv. yrði nú samþykt, sem ekki er ólíklegt. En jeg er farinn að sjá, að það er ef til vill ekki þess vert. Helsta breytingin væri þá fólgin í því, að sýslumaður Snæfellsnes-, Hnappadals- og Mýrasýslna sæti í Borgarnesi en ekki í Stykkishólmi. Það er ekki vegna þess, að jeg sjái eftir því, að enginn sýslumaður ætti að vera í mínu kjördæmi, heldur af því, að það yrði talsvert hentugra vegna þess, að það yrði miklu nær miðjunni í verkahring hans. Annars veit jeg ekki, hvort það er þess vert, að koma með þessar brtt. til 3. umr., ef það yrði til þess að tefja málið.

Hv. þm. Dala. (BJ) var að tala um, að ekki væri hugsanlegt að fá eins áreiðanlega og duglega innheimtumenn jafnódýrt og sýslumenn. En þetta nær engri átt, því að ódýrari menn og þó áreiðanlegir fást á hverju strái. Mjer er kunnugt um, að það eru margir leikmenn og bændur, fleiri en hreppstjórar — sem vitanlega eru allir mestu sæmdarmenn, það jeg veit til, og það er ekki svo óvíða á landinu — sem eru eins áreiðanlegir í þessu efni og sýslumenn. Hv. þm. (BJ) sagði, að hjer ætti að ginna menn til að vinna þessi störf kauplaust; þetta nær heldur engri átt. Jeg hefi sagt það og sannað um fjöldamarga menn í Mýrasýslu, Borgarfjarðar-, Rangárvalla- og Árnessýslum og víðar, að þeir hafa haft á hendi í mörg ár eins mikla eða meiri innheimtu en um er að gera hjá flestum sýslumönnum landsins, innheimtu og peningaveltu, sem skift hefir mörgum tugum þúsunda í hverjum hreppi, og enginn bagi af hlotist, en mennirnir litla eða enga borgun þegið fyrir, og á jeg hjer við deildarstjórana í samvinnufjelögunum. Jeg hefi ekki sagt þetta alt til þess að kasta rýrð á heiðarleik eða dugnað sýslumanna, nje vegna þess, að þetta sje neitt aðalatriði, en það er óþarfi og ástæðulaust að halda því fram, að sýslumenn sjeu ómissandi vegna þessara starfa.

Hitt er annað mál, og síst til mótmæla stefnu þessa frv., er hv. þm. Dala. (BJ) mintist á, og jeg get gjarnan fallist á, að landinu yrði skift í enn þá færri lögsagnarumdæmi, því að dómsmálin eru víðast hvar ekki það yfirgripsmikil, að þau ættu að vera því til fyrirstöðu.

Lárus Helgason: Jeg skal ekki segja margt. Það er ekki nauðsyn að bæta miklu við. Umræðurnar hafa ekki að neinu leyti breytt afstöðu minni í þessu máli. Jeg hefi frá byrjun verið fylgjandi frv. í aðalatriðunum. Jeg hafði það með á þingmálafundunum í vetur og varð

hreint ekki var við óánægju með það. Þvert á móti. Menn til sveita fara nærri um það, að ef á að spara eitthvað fje við embættismannahaldið, þá hljóti embættismennirnir að verða strjálli við það. Jeg get með góðri samvisku greitt atkvæði mitt með þessu frv. og það mun jeg gera. Það hefir mikið verið talað hjer um þörfina fyrir sýslumenn, að hún væri mikil, vegna hinna þýðingarmiklu starfa, sem þeir hefðu á hendi. En jafnframt hefir verið sýnt fram á, að ýms embættisstörf þeirra mætti fela öðrum að gera fyrir minni borgun. Jeg veit til dæmis um það í Skaftafellssýslu, að þar hefir heil árin enginn lögfræðingur verið í sýslunni. Störfum hans gegndi þá annar maður í sambandi við fleiri störf. Og um nokkur ár hefir skrifari sýslumannsins annast um vandasömustu reikningana, t. d. tollreikninga; það gekk alt vel hjá honum. Mjer er fullkunnugt um það, að þegar til stjórnarráðsins kom, var lokið lofsorði á reikninga hans. Þetta get jeg sannað, ef krafist er. Jeg tek þetta sem dæmi upp á, að öllum störfum sýslumanna er ekki þannig háttað, að lögfræðiþekkingu þurfi til að inna þau af hendi. Jeg lofaði að vera stuttorður, enda ætla jeg aðeins að taka fram, að þótt frv. sje ekki gallalaust, þá getur það lagast í meðferðinni. Finn jeg það helst að, að það er gengið of skamt, að mínu áliti; mætti fella niður ýms fleiri embætti, sjerstaklega þau nýrri, t. d. embætti við yfirullarmat, kjötmat og ýmislegt fleira, sem hjer er óþarft að telja upp.

Bjarni Jónsson: Jeg treysti mjer ekki til að mæla betur á móti þessu frv. en hinir tveir hv. þm. hafa gert, er síðastir töluðu. Annar þeirra hefir sagt, að skrifari sýslumanns eins hafi annast um öll vandasömustu störfin, eins og t. d. tollreikningana. Það er nú gott og blessað. En með þessu finst mjer hv. þm. vera að ráðast á sýslumann þann, sem hlut átti að máli, meira en góðu hófi gegndi. (**LH:** Orð mín rangfærð!). Það væri nógu fróðlegt að vita, hver þessi sýslumaður hafi verið, sem stóð svo prýðilega í stöðu sinni, að hann kom ekki nærri vandasömustu störfunum. Það er rjett, að hv. þm. láti okkur heyra nafn hans. (**LH:** Það liggur ekki á). Jú, þegar ráðist er á einstaka menn, þá er sú krafa sjálfsögð, að fá að heyra nöfn þeirra, svo að hægt sje að rannsaka, hvað hæft sje í ásökunum.

Annars eru þessir hv. þm. farnir að fika sig upp á skaftið. Þeir vilja nú helst, að stjórnin taki frv. aftur og leggi fyrir næsta þing annað frv. miklu yfirgripsmeira, þannig, að skorin yrðu niður embætti fiskimatsmanna og ullarmatsmanna og þess háttar drasl. Allan þennan sparnað vildi jeg helst kjósa, ef mjer þætti fært að fara út á þær götur. En jeg hefi ekki sömu trú og þessir hv. þm., að nóg sje af hæfum og duglegum mönnum til þess að gegna störfum sýslumanna fyrir minna kaup. Jeg hygg, að sýslumenn sjeu færari til slíks heldur en bæði þessir hv. þm. og hinir ágætu menn, sem þeir hafa í huga, en kinoka sjer við að nefna. Jeg trúi naumast þessari sögu um skrifarann í Skaftafellssýslu, að hann hafi annast reikningana eina, án aðstoðar sýslumanns. En hvað sem því líður, eru sýslumenn þó alt af færari til sinna starfa. Og þetta segi jeg, án þess að vilja á nokkurn hátt gera lítið úr menningu landsmanna. Þó að jeg sje enginn sýslumannavörður, þá vil jeg ekki, að alt

of lítið sje úr þeim gert og þeirra lærdómi. Annars legg jeg mest upp úr vilja landsmanna sjálfra, og jeg er fullviss um, að mikill meiri hluti þeirra er á móti þessu frv.

Lárus Helgason: Jeg hafði haldið, að hv. þm. Dala. (BJ) skildi vel íslensku, en nú verð jeg að efast um það. Hann hjelt, að jeg og fleiri værum að mæla gegn frv., en jeg skil ekki, hvernig hann hefir getað dregið þá ályktun. Hann vildi vita nafn þessa sýslumanns, sem jeg mintist á. En jeg verð að segja honum, með fullri virðingu, að honum komi í raun og veru ekki við, hver það var. Hins vegar sje jeg ekki, hvaða vansi það ætti að vera fyrir ungan sýslumann, sem hefir enga verklega reynslu, að láta gamlan og æfðan skrifara vinna fyrir sig. Jeg skal þó taka fram, til að byggja fyrir allan misskilning, að þessi sýslumaður var ekki núverandi sýslumaður Skaftfellinga.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekki lengja umræður um þetta mál mikið. Jeg leyfi mjer að þakka hv. þm. Mýra. (PÞ) og hv. þm. V.-Sk. (LH) fyrir hinn góða stuðning, sem þeir hafa veitt málinu. Það er langt frá því, að þessir hv. þm. hafi mælt á móti frv., eins og hv. þm. Dala. (BJ) fleygði fram, heldur mæltu þeir eindregið með því, eins og þeirra var von og vísa. Hv. þm. Dala. (BJ) virtist telja frv. ýfingar við landsmenn, en það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ef það væri lagt fyrir kjósendur í dag, mundi sá dómur hv. þm. ekki standa á morgun. Hann sagði, að með því að bæta þessum störfum á hreppstjórana þyrftu þeir að fá aukin laun, en svo er ekki. Hið aukna erfiði, sem á hreppstjórana kemur, er sama og ekki neitt, því þeir sameina manntalsþingin við hin árlegu þing, sem þeir halda nú. Og eins og sakir standa nú, geta sýslumenn falið þeim innheimtu manntalsbókargjaldanna að þinginu loknu, enda gera margir þeirra það.

Jeg vissi, hvert hv. þm. Dala. (BJ) vildi stefna, þegar talið barst að sýslumanninum í Skaftafellssýslu. En hv. þm. (BJ) má vera þess fullviss, að við mig var ekki átt, því þó jeg notaði aðstoð skrifara míns, þá gekk jeg sjálfur frá öllum mínum reikningum, og var varla nokkurn tíma nokkuð við þá athugað, enda gæti háttv. þm. fengið upplýsingar um það í stjórnarráðinu, og mundu þær síst vera mjer í óhag. Annars tel jeg ekki vert að ræða meira um þetta mál, og er best, að atkvæði þingmanna sjeu látin skera úr sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg sagði fyrir hönd minni hlutans, að við afhentum okkar tillögu stjórninni til fósturs, en ljetum okkur svo afdrifin litlu skifta. Mjer finst aðallega tvö atriði af því, sem fram hefir komið í umr., ekki vera rökrjett, og því ástæða til að leiðrjetta þau.

Annað atriðið leiðrjetti jeg fyrir hönd meiri hlutans, þar sem hv. þm. A.-Sk. (ÞJ) telur sparnaðinn við þessa nýju embættaskipun vera 50 þús. kr., að frádregnum 10 þús. En það nær engri átt. Hann nálgast ekki þessa upphæð. Hjá stjórninni er að minsta kosti ofreiknað um 10 þús. í mismun launa nú og árið 1921. Auk þess getur ótalmargt annað komið til útgjalda, í stað þess, sem niður fellur. Að vísu hefir það ekki enn verið nákvæmlega reiknað saman, en þar fyrir má hitt ekki standa ómótmælt.

Hitt atriðið var það, sem hv. 1. þm.

Rang. (GunnS) mintist á, um yfirsóknina yfir Skaftafells- og Rangárvallasýslur, að hún væri alt of mikil. Það er satt, að hún verður mikil, og við minnihlutamenn í nefndinni sjáum vel annmarkana á þesari sameiningu, en þó verður að geta þess, að ef sýslumannssetrið verður í Vík í Mýrdal, þá verður ekki lengri leið frá sýslumanni út í fjarlægustu hluta hjeraðsins en nú er í Skaftafellssýslum, því að öll Rangárvallasýsla á skemra til Víkur en austustu hreppar Austur-Skaftafellssýslu.

Bjarni Jónsson: Mín meining var sú, að fá að vita, hvort þeir hv. þm. Mýra. (PÞ) og hv. þm. V.-Sk. (LH) væru að senda hæstv. forsrh. (SE) hnútur, því hann hefir einmitt verið sýslumaður þessara beggja hv. þm. Ætlaði jeg þá að verja hann og var honum því óþarft að hlaupa upp út af mínum ummælum. Annars endurtek jeg það, að jeg hefi ekki betri mótmæli gegn þessu frv. en einmitt meðmæli fyrnefndra tveggja hv. þm. (PÞ og LH).

Forsætisráðherra (SE): Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skal jeg taka það fram, að reynslan hefir sýnt, hvernig skrifstofur hafa blásið upp, þegar embættum er skift. T. d. hjer í Reykjavík eru skrifstofur þeirra bæjarfógeta og lögreglustjóra, hvors um sig, orðnar stærri en bæjarfógetaskrifstofan var, þegar embættið var óskift. Það er einmitt í þessu efni, sem sparnaðurinn að frv. þessu verður ekki minstur, er tímar líða fram.

ATKVGR.

Brtt. 86, 1 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓP, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, GunnS, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ.

nei: PO, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, HK, IngB, JakM, JB, LH, MK, MP, ÞorlJ.

EE greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

1. gr. feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: IngB, JB, LH, MK, MP, PO, PÞ, SvÓ, ÞorstJ, HK, ÞorlJ.

nei: JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, SSt, StSt, ÞorlG, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 86, 2 tekin aftur.

2. gr. feld með 16 : 7 atkv.

Brtt. 86, 3 samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JB, JS, JÞ, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ, HK, IngB.

nei: JakM, LH, MG, MJ, MK, PÞ, ÞorlG, BJ, GunnS, ÞorlJ.

EE greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 8 atkv.

Brtt. 86, 4 (4. gr. falli burt) samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, GunnS, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, SSt, StSt.

nei: SvÓ, ÞorstJ, HK, IngB, JB, LH, MK, PO, PÞ, ÞorlJ..

EE og JakM greiddu ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 86, 5 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EÞ, GunnS, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MK, ÓP, SSt, StSt, ÞórJ.
nei: BJ, HK, IngB, JakM, JB, LH, MP, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞorlJ.
EE greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

5. gr. (verður 4. gr.) feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, HK, IngB, JB, LH, MP, PO, PÞ, ÞorlJ.
nei: SSt, StSt, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MK, ÓP.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 86, 6 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, SSt, StSt, ÞorlG, ÞórJ, BH, EÞ.
nei: HK, IngB, JakM, JB, LH, MK, MP, PO, PÞ, SvÓ, ÞorstJ, BJ, ÞorlJ.
EE greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

6. gr. (verður 5. gr.) feld með 14 : 10 atkv.

Brtt. 86, 7 (ný 7. gr., verður 6. gr.) feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, JAJ, JB, JS, JÞ, MK, MP, ÓP, PO, StSt, ÞorstJ.
nei: EÞ, GunnS, HK, IngB, JakM, LH, MG, MJ, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞórJ, BJ, ÞorlJ.
EE greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JAJ, JB, JS, JÞ, MK, MP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorstJ, BH.
nei: GunnS, JakM, LH, MG, MJ, ÓP, SSt, ÞorlG, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 86, 8 samþ. með 15 : 7 atkv.
— 86, 9 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, MK, MP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, HK, IngB, JAJ, JB.
nei: LH, MG, MJ, ÓP, SSt, ÞorlG, BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

2. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Svo sem kunnugt er, var í núgildandi tekjuskattslögum gert ráð fyrir því, að þau yrðu endurskoðuð nú á þessu ári, og því er þetta frv. fram komið nú. Ef til vill virðist sumum sem nægilegt hefði verið að leggja aðeins fram lögin sjálf á ný, en rjettara virðist þó, eins og gert hefir verið, að taka tillit til þeirra galla, sem mest hefir orðið vart í framkvæmdinni, og þess vegna er nú farið fram á ýmsar breytingar. Þó hefir það vakað fyrir stjórninni, að fara ekki fram á nema hinar nauðsynlegustu breytingar, og mun jeg gera þeirra grein í einstökum atriðum við 2. umr. Að lokum leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að málinu verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

3. Fasteignaskattur.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt (stjfrv., A. 7).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 21. og 23. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þegar núgildandi lög voru sett um fasteignaskatt, var það álitamál, hvort skattur af húsum skyldi ákveðinn lægri en af jörðum og öðrum fasteignum. Ástæðurnar til, að skatturinn var ákveðinn svo sem nú er, voru aðallega tvær. Önnur ástæðan sú, að hús lægju fremur undir rýrnun og gengi því fyr úr sjer en aðrar fasteignir; hin ástæðan var, að með fasteignaskattinum lentu um stundarsakir hærri útgjöld en áður á húsunum, og mætti því eigi íþyngja þeim um of; var því svo kveðið á um skattinn, að hann skyldi eigi hækka of snögglega. Þetta var þannig aðeins ástæða um stundarsakir. Jeg tek það fram í þessu sambandi, að vegna þess, hve frv. þetta er seint á ferðinni, getur það ekki komið til mála, að það verði látið gilda um þetta yfirstandandi ár. Það vakti fyrir stjórninni, að fá tekið til nýrrar yfirvegunar afstöðu húsa til annara fasteigna, að því er til skattsálagningar kemur, sjerstaklega að því, er snertir hús í bæjunum á móts við fasteignir til sveita, og að það verði skýrt vitað, hvernig lagt yrði á þau til lands- og sveitarþarfa. Þar sem nú liggur hjer fyrir þinginu frv. um bæjargjöld í Rvík., vil jeg fara fram á, að þessu frv. verði einnig vísað til nefndar þeirrar, er það mál hefir til meðferðar.

Jakob Möller: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að frv. þessu verði vísað til

fjárhagsnefndar, þar eð þetta mál hefir áður verið fyrir þeirri nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EÞ, EE, GunnS, IngB, JB, LH, MG, MK, BSv.

nei: PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, HK, JakM, JAJ, JÞ, MJ, MP.

Fimm þm. (PÞ, ÞorlJ, BJ, JS, ÓP) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

4. Sveitarstjórnarlög.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fosrsætisráðherra (SE): Jeg hefi þegar talað um þetta frv. í sambandi við síðasta mál*. Það er eðlileg afleiðing þeirra breytinga, sem þar er farið fram á, og æskilegast, að því yrði vísað til sömu nefndar.

---

* Þ. e. frv. til l. um nýja embættaskipun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndaráliti allshn. um málið, á þskj. 100, var útbýtt 12. mars, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

5. Biskupsembættið.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um afnám biskupsembættisins (stjfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Á þinginu 1881 kom fram frv. um afnám biskupsembættisins, en það frv. kom aldrei til umræðu. Á þinginu 1891 kom aftur fram frv. um að þetta embætti skyldi lagt niður, en var felt í neðri deild með sáralitlum atkvæðamun. Á Alþingi 1903 var enn borið fram frv. um, að biskupsembættið skyldi sameina forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Það frv. var samþykt í efri deild, en afgreitt með rökst. dagskrá í neðri

deild. Loks var samþ. á þinginu 1905 þáltill. um, að stjórnin veitti eigi biskupsembættið, þó það losnaði, fyr en ræddar hefðu verið till. milliþinganefndar í kirkjumálum.

Eins og sjá má af þessu, er þetta frv. enginn nýr gestur hjer á Alþingi, heldur hafa hvað eftir annað verið að koma hjer fram raddir um, að biskupsembættið, eins og það er nú, sje með öllu óþarft. Jeg gæti að mestu látið nægja að vísa til aths. við frv., en skal þó í örfáum orðum minnast á einstakar greinar biskupsstarfseminnar.

Biskup visiterar landið við og við. Lítur hann á þeim ferðum sínum eftir munum kirkjunnar og svo hinu, hvernig prestar ræki störf sín. Fæ jeg ekki betur sjeð en hægt væri að fela prófóstum landsins þetta hvorttveggja, kirkjunni að skaðlausu. Þá vígir biskup prestaefni landsins. Þennan starfa gætu vígslubiskupar leyst jafn-vel af hendi. Þá á biskup forsæti á synodus. Það mætti fela vígslubiskupnum í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna. Fermingarleyfi geta prófastar eins vel veitt eins og biskup, og sömuleiðis dugar, að þeir feli stjórnarráðinu auglýsingu lausra prestakalla.

Af þessu öllu er auðsætt, að það er hægt að leggja niður biskupsembættið og skifta störfum biskupa á milli stjórnarráðsins, prófasta og vígslubiskupa. Að vísu veit jeg, að ýmsum kann að þykja þetta embætti svo gamalt og sögulegt, að ekki sje rjett, sökum þeirra minninga, sem við það sjeu bundnar, að leggja það niður. En jeg lít svo á, að þótt eitthvað sje eldra en alt, sem gamalt er, þá sje rjett að leggja það niður, ef kröfur tímans krefjast þess. Auk þess er því svo varið hjer, að hið veraldlega vald biskupsins er nú orðið tómur skuggi. Stjórnarráðið hefir í raun rjettri aðalvald kirkjumálanna í höndum sjer. Í öllum stærri atriðum hefir biskupinn aðeins ráðgefandi vald. Jeg fæ því ekki sjeð, að neitt sjerstakt sje við það að athuga, þótt þetta litla veraldarvald, sem eftir er í höndum biskups, sje afnumið með öllu. Það veraldarvald, sem biskup fer með, gerir embætti hans í engu veglegra en annars væri. Með þessu er og biskupsembættinu alls ekki útrýmt úr landinu. Við höfum nú tvo vígslubiskupa, sem auðvitað hjeldu áfram eins og frv. gerir ráð fyrir. Mætti, ef mönnum sýndist svo, kalla þá biskupa. Hjeldi biskupsembættið með því móti áfram að vera til, en störf þess væru þá bara kirkjulegs eðlis.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar að sinni, en leyfi mjer að leggja til, að málinu, að umr. lokinni, verði vísað til allshn.

Magnús Jónsson: Á þinginu í fyrra komu fram ýmsar till. um að leggja niður hin og þessi embætti. Jeg var ekki með því þá, að narta svo í eitt og eitt embætti af handahófi og rífa þau út úr heildinni, án þess að nokkurt heildaryfirlit væri tekið. Eins og menn muna, lofaði hæstv. núverandi stjórn að taka alt embættabákn landsins til rækilegrar endurskoðunar og gera síðan till. um það, hver embætti fella mætti niður. En svo þegar nú hæstv. stjórn kemur fram með þessar sparnaðartillögur sínar, þá er það ekkert annað en sama nartið og áður, og þó síst betra. En ef nauðsyn krefur, að nartað sje í embættakerfi landsins, þá er fjarri því, að á sama standi, hvar er nartað. Það verð-

ur líka að gera sjer ljóst, hvert markmiðið er með nartinu. Eins og nú stendur á, er það vegna fjárhagsþrenginga vorra, sem verið er að reyna að fækka embættum. Jeg veit ekki til, að neinar raddir kæmu fram um það, að embættin væru of mörg meðan hagur ríkisins var rýmri, heldur var þá jafnan fjölgað. Það er aðeins sú yfirstandandi neyð, sem knýr menn til þessara skurðartilrauna.

Það, sem hæstv. stjórn hefði því aðallega átt að sælast til, var það, að beita hnífnum á þann hátt, að af leiddi sparnað samstundis eða á næstu árum. Hin aðalreglan hefði átt að vera sú, að skera heldur niður nýstofnuð embætti en þau, sem eru orðin gömul og gróin með þjóðinni, og mjög erfitt að sjá fyrir, hve mikill skaði væri að missa. Hvorugri reglunni hefir hæstv. stjórn fylgt hjer. Að því er snertir fyrra atriðið, þá er biskup vor enn á besta skeiði og vonandi að hans njóti við enn þá svo skifti tugum ára, nema hæstv. stjórn ætli að grípa til einhverra nýrra ráða, sem jeg kem að síðar. Hvað síðara atriðið áhrærir, þá er hjer um að ræða elsta, virðingarmesta og merkilegasta embættið í sögu þjóðar vorrar, sem í hafa setið nýtustu synir hennar.

Jeg þykist vita, að hæstv. forsrh. (SE) muni ekki þykja tilfinningatal eiga við í þessu efni. Og jeg skal játa, að ýmislegt gamalt gæti verið til, sem kröfur tímans heimtuðu, að afnumið væri. Ef enn þá væru t. d. í gildi hjer á landi lögin um útburð barna, þá skyldi jeg aldrei amast við, að þau væru úr gildi numin, þó gömul væru. **(Forsrh. SE:** Það gleður mig virkilega að heyra þá yfirlýsingu háttv. þm.). En jeg kannast alls ekki við, að neinar kröfur tímans heimti, að biskupsembættið sje afnumið. Vil jeg leyfa mjer að benda á, að frændþjóðir vorar á Norðurlöndum virðast ekki hafa orðið neitt varar við þær kröfur tímans í þessu efni, sem hæstv. forsrh. var að tala um áðan. Einmitt um sama leyti sem við erum að ráðgera að koma fyrir þessum eina biskupi okkar, fer hin mikla biskupsvígsla fram hjá Dönum. Þeir ætla nú að fjölga biskupum sínum um tvo. Og Norðmenn eru nú sem ákafast að ræða það með sjer, hvort ekki muni rjett að endurreisa gamla erkibiskupsstólinn í Þrándheimi og stofna biskupsstól í Stafangri. Jeg býst því við, að ráðlegra væri að fara eitthvað annað til að leita að kröfum tímans en til biskupsstólsnis; vildi jeg þá t. d. benda á sum ákvæði hegningarlaganna, sem enn eru í gildi. **(Forsrh. SE:** Jeg hefi aldrei líkt biskupi landsins við hegningu). Annars á hæstv. forsrh. ekki að ráða þessu einn til lykta. Það er þjóðin og fulltrúar hennar, sem á að skera úr í því máli. Og jeg geri fastlega ráð fyrir, að hún muni ekki fallast á annað eins glapræði og hjer er um að ræða. Að minsta kosti vil jeg segja, ef þjóðin vill á þetta frv. fallast, þá hefir hún glatað tvennu, sem henni er dýrmætt. Annað er virðing hennar fyrir því, sem henni á að vera heilagt sakir þess, hve lengi það hefir fylgt henni trúlega og verið henni til góðs, en hitt er skilningur á gildi hinna andlegu mála. Þau verða að vísu ekki talin nje metin í krónutali, en hafa gildi sitt engu að síður, gildi, sem jeg vona, að enginn háttv. þm. lítilsvirði. Og jeg vil segja, að ef þjóðin glatar þessu tvennu, þá hefi jeg litla von

um að hún lifi lengi sem sjerstök menningarþjóð, þrátt fyrir útflutning fisks og smjörs.

Jeg hafði annars ekki hugsað mjer að teygja umræður um þetta mál við þessa umr. Þó vildi jeg láta þessi orð fylgja frv. í gröfina, ef svo færi, að það yrði látið sofna fyrir fult og alt nú þegar í stað. Þá meðferð tel jeg maklegasta á slíku frv. sem þessu. Jeg skal játa, að oftast tel jeg það hálfgert grimdarverk að fella mál frá 2. umr. En til eru þó mál, sem eru svo einföld í fjarstæðu sinni, að engin þörf er að upplýsa þau frekar í nefnd.

Við höfum nú hjer fyrir okkur aths. við frv. og ræðu hæstv. forsrh. Og jeg skal nú leyfa mjer að fara lítið eitt út í þau einstöku atriði og líta á ástæðurnar fyrir frv.

Jeg vil þá skifta þeim í þrjá flokka. Ljettvægar ástæður, villandi ástæður og rangar ástæður. Til 1. flokksins tel jeg það, er það er fært sem ástæða fyrir frv., að ekki hafi verið kyrt um biskupsembættið í síðustu 40 ár. Jeg efast um, að hæstv. forsrh. vilji taka afleiðingunum af þessari röksemdafærslu. Með því móti mætti öllu finna stað. Allur galdurinn væri að byrja að tönlast á því nokkrum árum áður en því væri ætlað fram að ganga. Að slík mál koma fram á þinginu, þarf líka alls ekki að stafa af því, að nokkur þjóðarvilji standi þar að baki, heldur kunna þau að vera borin fram af ertni við þáverandi stjórn eða öðrum svipuðum ástæðum.

Þá taldi hæstv. forsrh. upp ástæður úr æfagömlu erindisbrjefi, sem varð til skömmu fyrir miðja 18. öld. Hann taldi þar upp störf biskups, hvert á fætur öðru, en honum varð sú skyssa, sem maður skyldi síst trúa að kæmi fyrir kirkjumálaráðherrann, að gleyma einu aðalstarfi biskupsins. En það er, að biskup er fyrst og fremst andlegur leiðtogi. (**Forsrh. SE:** Í ástæðunum fyrir frv. er drepið á þetta, þar sem talað er um að biskup eigi að sjá um, að prestar ræki vel störf sín og kenni rjetta lærdóma þjóðkirkjunnar). Hæstv. stjórn hefir orðað greinina undarlega, ef hún hefir með þeim orðum átt við það, sem jeg kalla andlega forustu. Ef vjer lítum yfir biskuparöðina, þá eigum við máske hægra með að átta okkur á því, í hverju starf biskupanna hefir verið fólgið. Nefnum í lúterska siðnum menn eins og Guðbrand, Brynjólf, Vídalín, Jón Arason, Pjetur biskup og fleiri. Hvað gerðu þessir menn? Hæstv, forsrh. (SE) myndi ef til vill svara: Vísiteruðu við og við, litu á embættisbækur, vígðu presta, sátu synódus, auglýstu prestaköll og geymdu nokkra sjóði.

Jeg verð að segja það, að það stappar nærri hneykslanlegu skilningsleysi, er hæstv. forsrh. (SE) talar um, að starfsemi þess manns, sem situr í sæti þessara manna, sje aðallega fólgin í skrifstofuvinnu fyrir stjórnarráðið. Að minsta kosti vildi jeg ekki fela slíkri stjórn alla umsjón kirkjumálanna. Maður skyldi þó ætla, að ef nauðsynlegt er að hafa mann með biskupslaunum til að líta eftir að salan í dálítilli búðarholu fari fram eins og vera ber, þá riði ekki síður á að hafa einhvern til að líta eftir andlegum málum þjóðarinnar. Hæstv. forsrh. (SE) kvað vígslubiskupum það hægðarleik að taka að sjer einn hluta af biskupsstarfinu. Þetta eru bara tóm orð. Því hvernig ætti oft að fara að því að ná í þessa menn utan af landi, þegar á lægi. Ef ekki á að borga þeim sjerstaklega fyrir þennan starfa

sinn, yrðu þeir eins og aðrir prestar að búa og þá um leið helga sig búskapnum að hálfu leyti. Nei, jeg endurtek það, að annað eins og þetta getur ekki skoðast nema tóm orð. Orð, sem er ætlað að breiða yfir aðra eins óhæfu og þá, að hafa biskupslausa þjóðkirkju. Það hefir stundum verið minst á það í þessum sal, að hin og þessi lög gætu gert oss að athlægi erlendis. Slík lög sem þessi myndu áreiðanlega gera það. Jeg veit ekki til, að evangelisk lútersk þjóðkirkja án biskups sje eða hafi nokkurntíma verið til í veröldinni. Auk þess býst jeg við, að þetta myndi stappa nærri stjórnarskrárbroti. 58. gr. hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Jeg verð að kalla það heldur einkennilega vernd við kirkjuna að vilja taka höfuðið af henni. Og sú vernd kemur úr hörðustu átt, frá sjálfum formanni stjórnarinnar, honum, sem er ætlað, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, að vaka yfir kirkjunni í þessum efnum. Kemur hjer berlega fram, sem sagt var nýlega á fundi einum hjer í bæ, að þar skal vera ein hjörð, en enginn hirðir.

Aðaltilgangur þessa frv. á að vera sparnaður, en sá reikningur er einkennilega settur upp, bæði rangt og villandi. Í fyrsta lagi eru biskupslaunin talin 9500 kr., og átti jeg við þetta, er jeg sagði, að stjórnin hefði jafnvel gefið vilyrði um að losa okkur við núverandi biskup innan skamms, eða áður en dýrtíðaruppbótin lækkar að mun, því að án uppbótar eru hámarkslaun biskups 7000 kr. Þar næst er skrifstofukostnaður talinn 3500, eða eins hár og hann hefir orðið hæstur. (**Forsrh. SE:** Þetta stafar af vangá; hefði átt að telja liðinn 2000 kr.). Þarna lækkar upphæðin, sem spara á, um 1500 kr. Loks er talinn visitasíukostnaður 1200 kr. En þeim kostnaði má allra síst sleppa. Að vísu er gert ráð fyrir, að visitasíur prófasta komi í stað visitasíuferða biskups, en þeir, sem halda því fram, sýna einungis, að þeir bera ekki skynbragð á málið. Þeir hanga í erindisbrjefi biskupa frá 1746, en skilja ekki aðaltilgang og aðalgagn visitasíanna. Á ferðum þessum kynnist biskup fjölda manna og málefna um alt land, og er einmitt nauðsynlegt kirkjumálastjórninni að hafa slíkan mann sjer til aðstoðar. Það er álitið óhjákvæmilegt að hafa vegamálastjóra, vitamálastjóra, fræðslumálastjóra o. s. frv., sem víða hafa farið og eru víða kunnugir um landið, til leiðbeiningar stjórninni. Myndi kirkjustjórnin fremur geta komist af án þess? Núverandi biskup hefir sagt mjer — í öðru sambandi og fyrir löngu — að hann þættist ekki vera nema að hálfu leyti biskup yfir þeim hjeruðum, er hann hefði ekki vísiterað.

Jeg býst við, að sparnaðurinn verði miklum mun minni en látið hefir verið í veðri vaka, því dæmið er rangt sett upp. En auk þess kemur nýr kostnaður, sem vega mun á móti sparnaðinum. Próföstum þyrfti að borga sjerstaklega fyrir þau störf, sem á þá væri bætt, alveg eins og þeim er nú greidd þóknun fyrir aukastörf sín. Vígslubiskupum þyrfti áreiðanlega að greiða fyrir störf þau, sem á þá væri lögð. Vígslubiskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna gæti setið hvar sem væri í biskupsdæminu og þyrfti ef til vill að greiða

honum háan ferðakostnað, þegar hann fer til Reykjavíkur árlega til þess að eiga forsæti á synodus og vígja presta. Loks myndu störf stjórnarráðsins aukast að mun. Nú situr að völdum svo sparsöm stjórn, að hún hefir vitanlega enga óþarfa menn í stjórnarráðinu; þar hafa allir nóg að starfa. Þegar þetta bætist við, verður sýnilega að fjölga starfsmönnum, og flyst þá skrifstofukostnaður biskups yfir í stjórnarráðið, svo að hann sparast alls ekki.

Fyrir þennan hraksmánarlega litla sparnað er nú farið fram á það, sem stappar nærri stjórnarskrárbroti. Samþykt þessa frv. myndi verða oss til háðungar og stórskaða, og kysi jeg því helst, að það kæmi ekki oftar fram, heldur væri drepið strax, ef hæstv. stjórn vill ekki taka það aftur.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) byrjaði hina snjöllu hugvekju sína með því, sem jafnan mætir öllum sparnaðartilraunum, að hjer sje um svo lítilfjörlegan sparnað að ræða, að ekkert vinnist við hann. Þessar mótbárur hafa heyrst áður. Hjer er þó farið fram á að leggja niður 9 hálaunuð embætti, en það er ekki talið neitt; þjóðina munar það engu. Svo mörg voru þau orð.

Háttv. þm. (MJ) sagði, að aðalástæðan til sparnaðar væri sú, að bjarga þjóðinni úr því öngþveiti og þeirri fjárhagskreppu, er hún væri nú komin í. Það er auðvitað, að afnám þessara embætta myndi lítið bæta úr vandræðum í bráðina; gengi krónunnar myndi t. d. lítið hækka í svipinn af þeirri ástæðu. En hjer er að ræða um enn mikilvægari sparnað: að sníða þjóðinni framtíðarstakk, sem væri henni hentari og hollari en sá embættastakkur, sem nú er hún í.

Þá mælti hv. þm. (MJ) merkileg orð: að eðlilegast væri að snúa sparnaðinum að þeim embættum, sem nýlega væru sett á stofn. Það lýsir harla miklu vantrausti á Alþingi, ef helst mætti spara og auðveldlegast mætti komast af án þeirra embætta og stofnana, sem það hefir nýlega sett á fót. Eftir þeirri kenningu lægi þá nær að skera niður háskólann. Miklu meiri líkur eru til þess, að ástæða sje til að breyta því, sem gamalt er orðið og úrelt, heldur en því, sem fyrir skömmu er komið á.

Eftir þessar almennu athugasemdir vjek hv. þm. (MJ) að frv. Kvað hann hjer vera að ræða um elsta og virðingarmesta embætti þjóðarinnar, og skildist mjer öll röksemdafærsla hans fólgin í þessu eina atriði. Jeg tók það fram sjálfur, að þetta embætti ætti sjer mikla og merkilega sögu. En sú saga er gömul. Ef unt er að koma embættum fyrir á annan og haganlegri hátt, verður það sögulega að sjálfsögðu að víkja.

Það er og rangt, að eftir þetta höfum vjer engan biskup. Nú eru 3 biskupsembætti á landi hjer, en einungis farið fram á að afnema eitt þeirra. Biskupsembætti verða því til eftir sem áður, en aðeins með kirkjulegu valdi.

Þó að einhver embætti eigi sína sögu, má ekki af þeirri ástæðu búa til einskonar forngripasafn embætta. Embættin verða að eiga rót í nútímanum, þau verða að hlýða kröfum hans, en ekki fortíðarinnar Embætti það, sem hjer ræðir um, hafði fyr á tímum afarmikið vald, andlegt og veraldlegt, og stafar ljómi sá frá þeim tímum, sem enn er yfir embættinu. Nú er lítið sem ekkert eftir af veraldlegu valdi biskupsembætt-

isins og af því valdi stafar nú enginn ljómi. Biskup er nú í raun og veru ekki annað en skrifstofumaður, sem sækir alt til stjórnarráðsins og á svo að leggja alt undir samþykki þess. Hinni íslensku kirkju er því engin minkun eða vansi, þó að þessar litlu leifar veraldlegs valds sje tekið af biskupi. Jeg sje t. d. ekki, að það sje nein upphefð fyrir biskup, þó að hann fái að skifta sjer af prestsmötum og viðlíka málum. En þegar þetta er tekið frá, verða eftir biskupar, er hafa andlegt vald og forustu. Til þessa myndu jafnan veljast hinir bestu menn. Núverandi vígslubiskupar eru ljóst dæmi þess, að prestar kappkosta að kjósa mestu eg bestu andans menn kirkjunnar í þessi embætti. Jeg hygg, að íslenska kirkjan þyrfti ekki að bera kinnroða fyrir forustu annars eins manns og vígslubiskupsins í Skálholtsstifti hinu forna. Og sama má segja um vígslubiskupinn norðanlands.

Háttv. þm. (MJ) gat þess, að í öðrum löndum væri verið að fjölga biskupum. Þetta getur vel verið rjett. En jeg sje enga ástæðu fyrir oss að feta í þau fótspor. Ástæðurnar fyrir því að leggja til, að þetta embætti sje afnumið, eru hinar sömu sem liggja fyrir öðrum sparnaðartillögum stjórnarinnar: að sníða í burt þau embætti, sem ekki eru nauðsynleg. Háttv. þm. (MJ) tókst ekki að sanna, að þetta embætti væri nauðsynlegt. Hann gerði enga tilraun til þess. Aðalrök hans voru þau, að þetta kæmi of mjög við tilfinningar þjóðarinnar.

Þá vjek háttv. þm. (MJ) að ástæðum stjórnarinnar fyrir frv. Taldi hann þær sumpart ljettvægar, sumpart villandi og sumpart beinlínis rangar.

Í upphafi gerir stjórnin grein fyrir sögu þessa máls á undanfarandi þingum. Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. (MJ), ef hann ætlar, að þetta sje tilfært sem röksemdir fyrir frv. Hjer er að ræða um sögulegt yfirlit, og geri jeg ráð fyrir, að hv. þm., sem er sögufróður maður, muni ekki ámæla stjórninni fyrir það. (MJ: Það er sett fram sem röksemd). Hv. þm. (MJ) gat þess og, að margvíslegar hvatir muni hafa stýrt þeim mönnum, er áður fyr hafa lagt þessu máli liðsyrði. En hjer eiga svo margir merkir menn hlut að máli, að rangt er að gera þeim getsakir.

Hv. þm. (MJ) hneykslaðist mjög á því, að hjer eru talin upp lögmæt störf biskupa samkvæmt konungsbrjefi 1. júlí 1746. Jeg tók fram, að mikið af því er felt úr gildi, en í frv. eru þau atriði tilgreind, sem enn gilda. En hvernig er auðið að lýsa fyrir löggjöfum þjóðarinnar embættisstörfum biskupa, nema með því að taka fram, hver þau sjeu lögum samkvæmt. Jeg skil því ekki, hvað hefir hneykslað hv. þm. (MJ) í þessu efni, enda tók hann sjálfur fram, hve nauðsynleg væru ýms störf biskupa, svo sem vísitasíuferðir þeirra. Þar sem hv. þm. (MJ) talar um, að hvergi sje minst á andlega forustu biskups, er það ekki rjett; það er tekið fram í athugasemdum við frv., 2. lið, að biskup eigi að sjá um, að prestar kenni rjetta lærdóma þjóðkirkjunnar. Að meiri misbrestur yrði á þeirri umsjón, þó að vígslubiskupar önnuðust hana, eða þótt biskupsembættið misti það litla, sem eftir er af veraldlegu valdi, get jeg ekki skilið. Mjer kom og mjög á óvart, er hv. þm. taldi þetta lítilvægt atriði, er aðstoðarmaður gæti litið eftir. Menn myndu fremur ætla, að það væri eitt aðalstarf biskupa.

Að minnast á stjórnarskrárbrot í þessu sambandi, tel jeg hlægilegt og eigi svaravert, einkum þegar biskupar verða eftir sem áður í landi hjer.

Það er og ekki nægilegt til þess að sýna fram á, að ekki megi leggja biskupsembættið niður, þegar menn líta yfir biskuparaðirnar og benda á þá merku og þjóðnýtu menn, sem gegnt hafa þessu embætti. Það hefir engin áhrif á embættið nú. Núverandi biskup er t. d. annálaður lærdómsmaður og dugnaðar, en það hefði hann jafnt orðið, þó að hann hefði aldrei sest á biskupsstól.

Það er oft mjög gott að sýna því ræktarsemi, sem gamalt er, en það á ekki við alt af þeirri ástæðu einni, að það sje gamalt. Eitt hið elsta í heiminum, sem vjer höfum sagnir af, er syndin. Ef auðið væri að útrýma henni, býst jeg við að hv. þm. (MJ) yrði mjer sammála um, að best væri að gera það sem allra fyrst.

Þegar ákveða á, hvaða embætti eiga við nú á tímum, verður að skoða það í sambandi við nútíðina, en ekki löngu liðna tíma. Vitanlega er enginn ljóður yfir biskupsembættinu nú orðið, eða gæti verið jafnmikill eftir þessa breytingu, ef nokkur er. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (MJ) sje mjer samdóma um, að sá skuggi veraldlegs valds, sem nú er eftir, sje engin prýði á embættinu, heldur hið andlega vald þess. En sú forusta getur alveg eins verið hjá vígslubiskupum.

Hv. þm. (MJ) gerði rjettilega þá athugasemd, að skrifstofukostnaður biskups væri talinn of hár; það hefir orðið af vangá, og verður sparnaðurinn því 1500 kr. minni en talið er. En það er ekki til neins að halda því fram, að enginn sparnaður verði að þessu, þó að greiða þurfi vígslubiskupum ferðakostnað.

Slík nýmæli sem þessi eiga jafnan erfitt uppdráttar og sæta mótspyrnu. En því verður á engan hátt neitað, að hjer sje um sparnað að ræða, og því síður haldið fram, að þetta verði til tjóns og skaða fyrir þjóðina.

Sigurður Stefánsson: Frv. þetta er í raun og veru ekki nema áframhald á sparnaðartilraunum þingsins í fyrra. Þá komu raddir fram um það að fækka embættum og draga úr ýmsum kostnaði ríkissjóðsins, en þær raddir fengu ekki áheyrn hjá hæstv. stjórn, þótt hún, er hún tók við völdum, hefði haft sparnað á öllum sviðum hæst á prógrammi sínu og jafnframt lofað því að grafa sig gegnum alt embættakerfi landsins og fjárhag þess, til þess að finna hagkvæmari sparnaðarleiðir en sparnaðarnefndin á þinginu í fyrra fann. Frá stjórnarinnar hálfu mátti því búast við áhrifameiri sparnaðartillögum á þessu þingi en sparnaðarnefndin á þinginu í fyrra gat í þingönnunum komið með. En hvað er svo um öll hin mörgu sparnaðarfrumvörp á þessu þingi? Í mínum augum eru þau flestöll svo illa undirbúin og vanhugsuð, að furðu gegnir. Eitt af þessum frumvörpum er frv. það, sem hjer liggur fyrir, og sem 4. þm. Reykv. (MJ) hefir tekið svo rækilega til bænar, að þar stendur ekki steinn yfir steini.

Sparnaðartillögur stjórnarinnar eru ólíkar tillögum sparnaðarnefndar síðasta þings að því leyti, að þær spara ekkert um langan tíma. Tillögurnar á þingi í fyrra fóru fram á hraðan sparnað, en þessi sparnaður, sem stjórnin hugsar sjer, bætir ekkert úr yfirstandandi fjár-

hagsböli. Hjer dugar ekkert kák í lækningatilraunum á fjárhagsböli þjóðarinnar. En þessar sparnaðartilraunir stjórnarinnar eru ómyndarkák, þær koma að engu gagni, fyr en þá eftir 10—20 ár, í fyrsta lagi, vegna þess, að í flestöllum þeim embættum, sem stjórnin vill leggja niður, sitja nú ungir menn, sem ekkert er hægt að hreyfa við. Stjórninni fer hjer líkt og lækni, sem gefur sjúklingi meðal, en segir honum jafnframt, að hann skuli ekki búast við neinum bata af því fyr en eftir 10—20 ár. Það hefði jafnvel ekki farið ver á því fyrir stjórninni að koma ekki með neinar sparnaðartillögur en bjóða þinginu upp á sumar þessar svo kölluðu sparnaðartillögur sínar, eins og t. d. þetta frumvarp.

Jeg skal játa, að sem presti hinnar íslensku þjóðkirkju í 40 ár er mjer þetta frv. tilfinningamál. En hitt má þó meira fyrir mjer, ef jeg gæti sjeð, að embættið mætti að skaðlausu missast, mundi jeg fylgja því. Jeg játa, að losa má biskup að skaðlitlu við ýms veraldleg störf. En að leggja biskupsembættið gersamlega niður, tel jeg óhæfu í kristinni þjóðkirkju, sem ríkið á að vernda og styðja, og þeir fulltrúar, sem samþykkja slíkt, vita ekki, hvað þeir eru að gera. Engin skynsamlega ástæða er til að svifta þjóðkirkjuna hinu andlega forræði; til þess liggur of mikið andlegt verðmæti að baki biskupsembættinu. Embættið er sagt óþarft; en jeg get nefnt ýms önnur miklu óþarfari störf og ný embætti, sem meiri sparnaður væri í að leggja niður. **(Forsrh. SE:** Hvaða embætti eru það?). Biskup þýðir umsjónarmaður, en mörg hin nýrri störf eru einnig umsjónarmannastörf, sem stjórnin hefir hrúgað upp að þarflausu og kosta þjóðina miklu meira fje, og öll óþörf. **(Forsrh. SE:** Jeg skil það ekki). Jeg vona, að hæstv. forsrh. skiljist það síðar.

Hverjir hafa átt mestan þátt í að draga úr biskupsvaldinu? Ekki íslenska þjóðin. Það gerði erlenda valdið, sem saug merg og bein úr þjóðinni, eða löggjafarvald hennar, fyr og síðar. Það hefir gengið best fram í því að rýra vald biskups og reif algerlega niður veraldlegt vald hans. Hjer er stjórn hins íslenska fullvalda ríkis að ganga inn á þessa braut erlenda valdsins.

Áður var að vísu stundum eigi farið með þetta vald eins og skyldi. En biskupsvaldið hefir lengst af verið þyrnir í augum erlendra kúgara, vegna þess, að það var þjóðlegt. Íslenska stjórnin tekur nú þetta til fyrirmyndar að feta trúlega í fótspor þeirra, og verði henni það að góðu.

Það verður því ekki sagt hið sama um uppruna biskupsembættisins og annara gamalla embætta á Íslandi. Þau eru flest stofnuð í fyrstu af erlendu valdi. Það er runnið undan hjartarótum þjóðarinnar sjálfrar á gullöld þjóðar vorrar. Því var ekki á sínum tíma hrófað upp af lausagopaskap eða labbakútum, heldur stofnað af stórvitrum, þjóðræknum, íslenskum höfðingjum, sem báru hag kristninnar í landinu fyrir brjósti sjer. Að vísu var það í fyrstu ekki stofnað til þess að fá kirkjunni veraldlegt vald í hendur, heldur af nauðsyn kristninnar á andlegri forstöðu.

Frá því biskupsembættið var stofnað, 1056, höfum við verið svo heppnir, að margir biskupanna hafa verið stólpar kristindómsins, og sje jeg ekki að íslenska kirkjan sje í nokkru færari um það nú að missa þessa forustumenn

en fyr á öldum. Íslenska þjóðin hefir haft ómetanlegt gagn af biskupsembættinu; bestu menn þjóðarinnar hafa alloftast stutt það af alefli, þótt veraldlegt vald biskupsins hafi jafnan verið þyrnir í augum erlenda valdsins. Hin íslenska klerkastjett hefir ávalt verið frjálslyndari og víðsýnni en andlegrar stjettar menn hjá öðrum þjóðum og borið menningu þjóðarinnar á herðum sjer, og hefir hinn andlegi þroski hinna mörgu ágætismanna, sem setið hafa á biskupsstóli, ekki átt hvað minstan þátt í því.

Jeg vil ekki niðra kristindómsástandinu í landinu nú, en fullyrði, að engu minni nauðsyn sje á andlegum forustumanni kirkjunnar nú en áður. Og jeg neita því, að kristindómurinn sje nú orðinn „inutile pondus terrae", eða úrelt þing, og biskupsembættið þar af leiðandi óþarft.

Jeg veit, að þeir menn, sem telja hina upplýstu kynslóð nútímans vaxna frá kristindóminum, telja þetta embætti óþarft. En þó hefir engin rödd komið frá þjóðinni um afnám þess, það er öðru nær en að þjóðarviljinn hafi lýst sjer í því að vilja rýra vald biskups, auk heldur afnema hann. Þó að máttlausar raddir hafi komið fram um það á þingi, hafa þær ekkert bakhjarl haft hjá þjóðinni.

Hæstv. forsrh. (SE) segir það ekki vera tilætlun stjórnarinnar að leggja niður eða rýra andlegt vald biskupsins. Er ekki frumvarp hennar þó um afnám biskupsembættisins? Eða hvernig les stjórnin sitt eigið frumvarp Öðru vísi en nokkur heilvita maður getur lesið það. (**Forsrh. SE:** Andlegu forstöðuna, forsæti synodus o. fl. hefir vígslubiskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi). Ef vígslubiskupar eiga að taka við andlegri forustu íslensku þjóðkirkjunnar, verður verkahringur þeirra allur annar en nú er og miklu umfangsmeiri og víðtækari. En hvað verður þá um sparnaðinn hjá hæstv. stjórn? Hann verður tóm orð, eins og háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) tók fram, nema þeir nýju biskupar eigi að vinna launalaust.

Veraldlegt vald biskups er lítið, það játa jeg, en andlegt vald hans, yfirsýn og eftirlit, er ákaflega þýðingarmikið, og verður ekki varpað fyrir borð, nema til stórtjóns fyrir kirkjuna.

Sparnaðartal stjórnarinnar er því ryk eitt, sem þyrlað er í augu almennings, til að gera frumvarpið girnilegra. Það lítur út fyrir, að stjórnin hafi farið líka leið við samning þess og þingmenn, er þeir gripu til þess, sem næst liggur við samning nýrra lagafrumvarpa, að skrifa þau upp úr gömlum Alþingistíðindum, án umhugsunar eða undirbúnings.

Þetta frumvarp er hreinasta árás á þjóðkirkjuna. Jeg tel það sama og að kasta þjóðkirkjunni út á gaddinn að fleygja henni í arma landsstjórnarinnar. Að minsta kosti býst jeg varla við, að hún myndi sæta góðum örlögum undir verndarvæng þeirrar stjórnar, sem ber álíka hlýjan hug til kirkjunnar og þessi hæstv. stjórn, sem sýnir biskupsembættinu banatilræði. Jeg tel það varla munu verða til eflingar heilbrigðu kristindómslífi í landinu, að málum kirkjunnar sje algerlega varpað í hendur stjórnarinnar, sem annaðhvort getur verið áhugalaus um öll kirkju- og kristindómsmál eða jafnvel beint fjandsamleg í kirkjunnar gerð. Hitt er ólíkt, að hafa þau mál í höndum þess manns, sem hefir helgað líf sitt því að vera sífelt á verði fyrir kirkjuna og styðja og verndа kristindóminn í landinu.

Þótt þau lög og fyrirmæli, sem fjalla um starfsemi biskups, sjeu fáorð, þá er þar býsna margt, sem liggur bak við sum störf biskupsins, t. d. visitasíustörfin, sem eru afarþýðingarmikil. Það verður ekki tölum talið, sem biskupar þessa lands hafa gert kristindómslífi þjóðarinnar til eflingar á þeim ferðum; öll þau vandkvæði milli presta og safnaða, sem þeir hafa leyst og sem ella hefðu haft hinar skaðvænlegustu afleiðingar fyrir kristindómslífið. Jeg tel það mjög illa farið, ef allri tryggingu er kipt burtu fyrir því, að kirkjan í framtíðinni fái unnið sitt þýðingarmikla verk í andlegum efnum, eins og hún hefir gert til þessa.

Þá tel jeg þetta frv. óverjandi árás á helgustu minningar þessarar þjóðar. Óverjandi líka sökum þess, að ekkert verður sparað við afnám þessa embættis. Það væri sök sjer, ef hæstv. stjórn hefði komið fram með frv. um aðskilnað ríkis og kirkju. Þar gat þó verið um sparnað að ræða fyrir ríkissjóðinn; þá var biskupsembættið fallið burt af sjálfu sjer sem ríkisembætti. Fyrir slíkt frv. myndi jeg ekki áfellast hæstv. stjórn svo mjög, þótt jeg hins vegar væri því andvígur. En hitt er óverjandi, á meðan kirkjan á annað borð er á vegum ríkisins, að ætla sjer að rýja hana svo og svifta hana öllu sjálfstæði. Jeg verð jafnvel að hallast að því, að skárra væri fyrir kirkjuna að ganga algerlega úr sambandi við ríkið en að vera undir vernd þess að nafninu til, en þola þó þá niðurlægingu að vera forstöðulaus í fjötrum ríkisins.

Jeg lít svo á, að í þessu frv. komi fram stakt ræktarleysi hæstv. stjórnar við kirkju og kristindóm. Einnig ber aðferð hæstv. stjórnar vitni um dæmafátt virðingarleysi fyrir íslenskum prestum og söfnuðum. Ekki virðist henni hafa svo mikið sem dottið í hug að leita álits prestastjettarinnar, guðfræðisdeildar háskólans eða safnaðanna úti um landið áður en hún samdi frv. En hvar er sjálfsagt að skjóta löggjafaratriðum undir úrskurð og vilja presta og safnaða, ef ekki í slíku máli sem þessu? Það hefði þó verið hægðarleikur að skjóta málinu undir úrskurð hjeraðsfundanna, þar sem bæði prestar og safnaðafulltrúar áttu kost á að ræða það. En því var ekki að heilsa hjer, að þeim væri sýnd slík virðing. Hæstv. stjórn hefir bara hugsað sjer að slengja frv. svona inn á þingið og sjá hverju fram færi. Samkvæmt sparnaðarskrafi hennar í fyrra mætti búast við, að hún gerði öll þessi sparnaðarfrumvörp að „kabinett"-spursmáli. En mjer þykir nú reyndar eins líklegt, að hún láti sjer lynda, þótt þau verði öll feld. Það er eftir annari ráðabreytni hennar. (**Forsrh. SE:** Er nú háttv. þm. farið að langa enn á ný til að komast að?). Jeg er viss um, að ef þetta mál hefði verið lagt undir hjeraðsfundi landsins, þá hefði ekki eitt einasta atkvæði orðið með því að afnema biskupsembættið. Svo rótgróið er það orðið með þjóðinni. Og svo ant mun hinni andlegu stjett hjer á landi enn þá um virðingu sína, að hún vilji ekki láta taka af sjer höfuðið og lofa valdstjórninni að leika sjer með höfuðlausa þjóðkirkju. Jeg segi höfuðlausa, því ekki er unt að sjá á þessu frv., að það sje meiningin að endurreisa biskupsembættið í neinni nýrri mynd. Enda væri þá ekki um neinn sparnað að ræða, en af sparnaðarástæðum mun þó frv. fyrst og fremst eiga að vera komið fram.

Jeg skal svo verða við þeim tilmæl-

um hæstv. stjórnar, að gefa henni skýringu á orðum mínum um umsjónarmannastörfin nýju. Það sem jeg átti þá við, var þetta, að það væri heldur undarlegt, að á sama tíma og hæstv. stjórn vill, sökum sparnaðar, afnema þennan eina umsjónarmann kirkjunnar, er hún að nauðsynjalausu að hrúga saman legíó af umsjónarmönnum í búðarholum og vínkjöllurum, sem kosta ríkissjóð mörg biskupslaun. Þar hefir hún efni á að ausa út, ekki tugum, heldur jafnvel hundruðum þúsunda úr ríkissjóði. Það virðist, samkvæmt skoðun hæstv. stjórnar, nauðsynlegt að hafa fjölda umsjónarmanna með kútum og kirnum, ámum og uxahöfðum hinna svo kölluðu spönsku vína, en á hinu finst henni ríða minna, að hafa hjer andlegan umsjónarmann íslensku þjóðkirkjunnar. Að vísu var sú undanþága frá aðflutningsbanninu, sem þingið samþykti í fyrra, ekki beint gerð í gróðaskyni, en hins vegar var þó ekkert á móti því, að gera ríkinu mat úr sölu vínanna, og það var að sjálfsögðu aldrei tilætlun þingsins, að sala spönsku vínanna yrði gerð að fjeþúfu fyrir vildarmenn stjórnarinnar. Heyrt hefi jeg, að ríkefldur karlmaður sje hafður til þess bara að líma miða á flöskur og fái 2 kr. og 40 aura um klukkutímann fyrir. Sagt er líka, að einn umsjónarmaðurinn, sem af sumum er kallaður „yfirsmakkarinn“, fái á 7. þúsund krónur í kaup fyrir að smakka á vínunum áður en þau eru seld.

Hjer við bætist svo enn, að þetta frv. gengur í berhögg við flest það, sem Alþingi hefir hingað til gert í kirkju- og kristindómsmálum síðan það fjekk löggjafarvald. Því það verður ekki annað sagt en að Alþingi hafi verið fremur hlynt kirkjumálunum og látið sjer ant um veg kirkjunnar. Einn vott þess tel jeg lögin, sem samþykt voru 1921 um biskupskosningu. Í þeim er ákveðið, að klerkar landsins skuli ráða miklu um, hver kjörinn er til biskups. En hjer er óneitanlega um spor að ræða í áttina til að auka veg og sjálfstæði kirkjunnar. Ýmislegt má og benda á í safnaðarlöggjöfinni, sem horfir í sömu átt.

Mjer þykir það næsta undarleg skoðun hjá hæstv. stjórn að ætla, að andlegum málum kirkjunnar sje betur borgið, þótt þeim sje af handahófi kastað í vígslubiskupana.

Öðru máli væri að gegna, ef stjórnin vildi stofna tvo biskupsstóla hjer á landi með sama valdi og biskupinn nú hefir, t. d. í Skálholti og á Hólum. Það minti á hinn fyrra veg og vald þessa elsta embættis íslenska ríkisins, er biskuparnir voru bæði andlegir og veraldlegir leiðtogar prestastjettarinnar.

En að vilja afnema þennan eina biskup, sem við höfum, nær ekki nokkurri átt. Þótt jeg hefði aldrei í hempu komið, myndi jeg aldrei hafa ljeð atkvæði mitt til slíks fyrirtækis. Og að síðustu vil jeg skora á hæstv. forsrh. (SE), að upplýsa það, hvar í veröldinni hann getur bent á þjóðkirkju án biskups, og hvar hann veit þess dæmi, annarsstaðar en hjer, að stjórnir ríkjanna sjeu að seilast eftir þeim andlegu yfirráðum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þar sem þetta mál, sem hjer er um að ræða, heyrir ekki undir mig, þá skal jeg ekki þreyta háttv. deild með mörgum orðum, eftir þá löngu ræðu, sem háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) var nú að ljúka við, og sem sumum háttv. deildarmönnum mun sjálfsagt hafa þótt helst til orðmörg.

Jeg verð að byrja með því að lýsa yfir því, að mjer finst hálf-undarlegt, hvernig háttv. deildarmenn hafa tekið þessum sparnaðarfrv., sem stjórnin hefir nú komið fram með. Í gærdag, þegar skarða skyldi sýslumenn landsins, þá stóðu hv. þm. upp, hver á fætur öðrum, og sögðu: Nei, ekki þessa, heldur Reykjavíkurembættismennina! Og í dag, þegar ræða er um einn embættismanninn hjer í Reykjavík, gella menn enn við og segja: Nei, ekki þennan, heldur hina! Hvar eru þessir hinir, sem á að láta hverfa úr sögunni? Mundi ekki ávalt einhver stíga fram og gerast talsmaður þess embættis, sem afnema ætti og segja: Alt annað heldur, aðeins ekki þetta!

Jeg verð að segja það, að ef háttv. deild ætlar sjer að halda uppteknum hætti í þessu efni, þá er eins rjett að hætta strax öllu sparnaðarhjali.

Það hafa nú tveir háttv. þm. haldið því fram, hver á fætur öðrum, að ekki væri um neinn sparnað að ræða með þessum frv. stjórnarinnar, þar sem ekkert væri með þeim sparað í bili.

Hv. síðasti ræðumaður kom víða við, dvaldi lengi við biskupsljómann, en lagðist síðast við kútinn, og skal jeg ekki fylgja honum alla þá leið.

Það var þó sjerstaklega hv. þm. N.-Ísf. (SSt), og að nokkru leyti háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem knúðu mig til að standa upp, þótt þetta mál snerti mig ekki beinlínis. Þeir vildu halda því fram, að sparnaðurinn af þessu frumvarpi kæmi ekki fram fyrri en eftir nokkur ár, eins og þetta væri eins dæmi um sparnaðarfrv. stjórnarinnar. Þeir vita þó, að það getur ekki komið til mála að kasta mönnum, sem sitja í embættum, út á gaddinn. Embættismenn, sem verða að víkja úr embætti af því, að það er lagt niður, eiga að lögum heimtingu á biðlaunum, þangað til þeir komast í annað embætti, eða þá eftirlaunum, meðan þeir lifa; svona er það altaf og svona var gert ráð fyrir í tillögum sparnaðarnefndar á síðasta þingi. Það er því gersamlega rangt hjá háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), að ætlast hafi verið til á þinginu í fyrra, að kasta embættismönnum út á gaddinn; slíkt kom ekki til mála. Grískudósentinn, sem þá var aðallega talað um, átti jafnvel að halda fullum launum.

Það er annars undarlegt, hvernig tekið hefir verið í þessi frv. stjórnarinnar, þegar fyrsta frumvarpið, um fækkun sýslumanna, kom til umræðu, þá var viðkvæðið: Nei, það á ekki að byrja á sveitaembættunum, þið eigið að brytja niður óþörfu embættin í Reykjavík. En svo, þegar kemur að þeim, þá hljómar alstaðar: Nei, það má ekki leggja niður þetta embætti. Einhversstaðar og einhverntíma verður þó að byrja, ef mönnum er í raun og veru ant um sparnað og alt tal um hann er annað en tóm orð.

Alt skraf háttv. þm. (SSt) um, að engar raddir hafi heyrst fyr um afnám biskupsembættisins, er ástæðulaust, og verður því hvorki sagt nje sannað, að þær hafi eigi þjóðarviljann að baki sjer. Því að fyrir 40 árum kom inn á Alþingi tillaga um afnám biskupsembættisins, en var þá feld hjer í deildinni með 10:9 atkv., eða eins atkv. meiri hluta. Og sat þó á þeim árum skörungur mikill í biskupsembætti, að sögn hv. 4. þm. Reykv. (MJ).

Það var annars eitt atriði sjerstaklega í ræðu háttv. þm. (SSt), sem jeg verð að fara dálítið inn á og mótmæla. Hann

sagði, að stjórnin væri að feta í fótspor erlends valds í því að níða niður vald biskups, og að biskupsembættið væri og hefði ætíð verið þjóðlegasta embætti landsins. Jeg verð að mótmæla þessu hvorutveggju. Það er ekki sögulega rjett. Útlenda valdið reyndi til að leggja alt undir sig, sem innlent var, það lagðist engu síður á verslega valdið, og biskuparnir sumir hjálpuðu þar dyggilega. Þá mótmæli jeg því einnig, að biskupavaldið hafi ætíð komið fram sem þjóðlegasta innlenda valdið, og biskupsembættið þjóðlegasta embættið hjer á landi. Var það kannske þjóðlegt á dögum þeirra biskupa, sem ekki hugsuðu um annað en að kúga og fjefletta almenning? Jeg vil spyrja hv. þm. N.-Ísf. (SSt) hvort mikill helgiljómi standi af Jóni Gerrekssyni og Ólafi Rögnvaldssyni, og hvort margar helgar endurminningar sjeu bundnar við nöfn þeirra? (**SSt:** Hverjir sendu þá?) Það gerði útlenda valdið. Þeir voru verkfæri þess. En jeg skil vel, að hv. þm. N.-Ísf. (SSt) þyki sárt, ef biskupsembættið verður lagt niður, af því að hann hefir verið þjónandi prestur full 40 ár, og vorkenni honum því, að honum falli þetta þungt.

Háttvirtir ræðumenn (SSt og MJ) hafa gert mikið úr andlegu forræði biskups, og það er satt, h a n n á a ð h a f a þ a ð. En jeg segi ekki meira.

Það má koma því fyrir með konungsúrskurði, hvernig embættinu skuli skift, og má vel vera, að meira beri að leggja til vígslubiskupanna en gert er ráð fyrir í frv. Vil jeg svo ekki orðlengja þetta meira, en vænti þess, að þingmenn ræði málið með rökum, en eigi með tilfinningahjali.

Forsætisráðherra (SE): Þó að ræða háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) væri löng, get jeg svarað henni í fáum orðum. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir svarað honum að því er snertir sparnaðartillögurnar á síðasta þingi. Það var sýnt fram á það þá, að þegar tekið er tillit til eftirlauna þeirra, sem hv. þm. N.-Ísf. (SSt) ætlaði griskudósentinum, og til kenslu þeirrar, sem á annan hátt hefði orðið að útvega háskólanum, þá hefði orðið, fjárhagslega sjeð, tap á því að leggja embættið niður. Háttv. þm. (SSt) vantar alt fjárhagslegt yfirlit, ef hann hyggur að hækka megi gengi íslenskrar krónu nú með því, sem beinlínis sparast við niðurlagningu embætta. Það er hjegómi að halda slíkt.

Á hinn bóginn er það líka mjög mikill misskilningur, ef Alþingi gerir nú ráðstafanir til að sníða íslensku þjóðinni fjárhagslegan stakk við hennar hæfi fyrir framtíðina, að álíta, að það hafi ekki gildi nú. Það væri öðru nær. Ef útlendir fjármálamenn sæju merki þess, hefði það mjög svo mikla þýðingu um að auka álit vort út á við.

En sannleikurinn er sá, að háttv. þm. (SSt) hefir á sjer yfirskin sparseminnar, en afneitar hennar krafti. Þegar stjórnin hefir komið fram með frumvörp til sparnaðar, flýr hann undan sparnaðinum og vill ekkert af honum vita.

Og undirbúningnum er ekki hægt að kenna hjer um, því jeg hygg, að hver, sem les sýslumannafrumvörpin, verði að játa, að þau sjeu mjög vel undirbúin.

Háttv. þm. (SSt) var mjög langorður og var stundum mjög örðugt að finna rauða þráðinn í ræðunni, en hann þurfti alls ekki að hafa fyrir því að slá alt of mikið á strenginn um hina fornu frægð

biskupanna, því jeg mintist sjálfur á hana og viðurkendi hana í alla staði.

Jeg verð að játa, að mjer varð flökurt, þegar háttv. þm. (SSt) var að tala um, að stjórnin fetaði í fótspor erlenda valdsins. Háttv. þm. ætti sem minst að ræða um sjálfstæðismál þjóðarinnar, og ef hann hefði ráðið, væru þau ekki nú í því horfi, sem þau eru. Hann hefir brugðist stundum svo illa, þegar mest lá á í þeim málum, svo sem í fánamálinu, og í seinni tíð vill hann eiginlega kenna sjálfstæði þjóðarinnar um öll mistök, sem verða.

Í tilefni af ræðu hv. þm. (SSt) vil jeg spyrja, hvort hann trúi því sjálfur, að hann geti fengið nokkra með sjer til þess að auka veraldlegt vald biskups. Þjóðin er vissulega mótfallin því.

Vígslubiskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi á að vera andlegur forstöðumaður kirkjunnar og stjórna synodus, samkv. fyrirliggjandi frv. Það eru ekki launin, sem skapa köllunina, hún kemur og verður að koma innan frá, og biskup, án köllunar, er enginn biskup.

Engum mundi blæða í augum, þó manni eins og núverandi vígslubiskupi í Skálholtsbiskupsdæmi væri fengið í hendur forræði kirkjunnar. Það er margbúið að sanna, að veraldlega valdið eykur ekki veg embættisins.

Háttv. þm. (SSt) hefir áður verið fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. Hvar er biskupsembættið þá komið? (SSt: Það er ekki víst, að það hyrfi). Það á ekki að hverfa eftir þessu frv. En ríkið launar hann ekki sjerstaklega.

Þá vjek háttv. þm. að öðru atriði, sem sje, að stjórnin hafi stofnað ýms ný og óþörf embætti, þar á meðal t. d. í sambandi við vínsölu ríkisins. Jeg neita því, að stjórnin hafi stofnað þar til embætta. Þingið samþykti lög um lyfjasölustjórann, og honum hefir verið falin forstaða vínverslunarinnar. Hann er nú raunar aðeins ráðinn til 3 ára, og 1 ár af þeim tíma er nú liðið, en engir aðrir í vínversluninni hjer í Reykjavík hafa fengið neinn samning, og má því segja þeim upp hvenær sem er.

Það er undarlegt að heyra háttv. þm. (SSt) tala þannig, að ríkið hafi tapað á versluninni. Má þó benda á, að það hefir grætt á fjórða hundrað þús. krónur á tollinum einum. Vínsalan hefir fáa menn í þjónustu sinni; 4 menn á skrifstofunni og 4 á „lager". Mótmæli jeg því sem hreinum ósannindum, að stjórnin hafi stofnað ný eða óþörf embætti. Það er aðeins sprottið af tilhneigingu hv. þm. (SSt) til að gera hvell; annars mundi hann ekki tala með svo miklu orðagjálfri um þessi efni, og lítilsvirða sparnaðarfrumvörp stjórnarinnar, ef honum stæði eigi á sama um allan sparnað. Menn eru orðnir svo vanir stóryrðum af hálfu hv. þm. (SSt), að menn kippa sjer ekki upp við þau. Því hitt er alkunna, að hann brestur alt vit á fjármálum og skortir skilning á lögmálum sparnaðarins. (SSt: Hvað verður sparnaðurinn mikill?). Jeg geri ráð fyrir að þm. hafi lesið frumvörpin, og þar fær hann svarið.

Magnús Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að svara hæstv. forsrh. nokkrum orðum, en sleppi því að mestu, þó helst þessari nýju ástæðu, sem kom fram hjá honum síðast, er hann álítur, að gengi íslenskrar krónu muni hækka, ef þau embætti, sem stjórnin hefir lagt til að fella niður, og þar á meðal biskupsembættið, verði lögð niður. (**Forsrh. SE:**

Útúrsnúningur hjá guðsmanninum). Nei. **(Forsrh. SE:** Þetta hafa þeir til, kirkjunnar menn!). Já, það, að skilja og heyra rjett. **(Forsrh. SE:** Skal verða svarað).

Hæstv. forsrh. (SE) mintist á háskólann, sem væri nýstofnaður, og hvort ætti þá að höggva skarð í hann, og skal það játað, að slíkt væri miklu nær heldur en að afnema biskupsembættið á meðan þjóðkirkjan stendur.

Það hefir verið sagt, að kröfur nútímans heimtuðu ekki neitt biskupsembætti. En hvaða kröfur voru það áður, sem ekki eru nú, sem heimtuðu þetta? Jeg sje í rauninni ekki eftir veraldlegu valdi biskupanna, þó það hafi reyndar oftast verið biskupsvaldið, sem best og mest stóð á móti yfirgangi erlenda valdsins hjer, því það er aðallega andlega valdið, sem biskupinn hefir og á að hafa. **(Forsrh. SE:** Er það vald til þess að hafa eftirlit með andatrúnni?). Það er heldur ekki rjett, að biskupinn sje nú að eins skrifstofumaður, og það er vissulega mikill misskilningur á tilgangi og eðli embættisins, ef menn halda, að meginstarf þess sje í því fólgið að fletta embættisbókum eða hlusta eftir því, hvort einhversstaðar sje ef til vill eitthvað sagt, sem einhver kallaði villukenningu. Hins vegar er það vitanlegt, að einhver skrifstofustörf þarf biskupinn óhjákvæmilega að hafa sjálfur hjá sjer, og sömuleiðis þarf stjórnarráðið altaf að hafa einhvern sjerfróðan ráðunaut um kirkjumál líka, þó biskupsembættið yrði afnumið, svo að sparnaðurinn eða breytingin til bóta yrði sáralítil, hvort sem litið er á skrifstofuhlið málsins, eins og hæstv. forsrh. (SE) gerði, eða hina. Og þær leiðbeiningar og upplýsingar, sem stjórnin óhjákvæmilega þarf að fá um kirkjumál, getur hún alls ekki fengið eins vel nje eins fljótt, ef dreifa á söfnun þeirra á alla prófasta landsins. Með því móti kemur þetta að miklu minna liði fyrir miðstöð kirkjumálastjórnarinnar en með því skipulagi, sem nú er, að þessu sje öllu safnað saman í hendur biskupsins, sem þar að auki er því öllu persónulega kunnugur af yfirreiðum sínum. En vísitasíurnar, sem stjórnin ætlar að ónýta, má einmitt allra síst leggja niður.

Hæstv. forsrh. (SE) hefir allmikið talað um rjetta lærdóma og eins og verið að dylgja um það, að eitthvað meira en lítið mundi þar vera að þjóðkirkjunni og biskupsvaldinu nú. Er það hvorutveggja, að hjer er ekki rjettur staður fyrir slíkar umræður, og svo það, eins og jeg hefi áður bent á, alls ekkert aðalatriði í meðferð biskupsembættisins, að biskup sitji stöðugt með einhverjar „confessiones“ fyrir framan sig og beri þær saman við alt og alla, þó ef til vill megi teygja einhvern slíkan skilning út úr afgömlum erindisbrjefum. Nei, það er miklu meira um hitt vert, að prestar geti talað við biskupinn alment um áhugamál sín í kirkju og kristindómi, miklu meira komið undir slíkri andlegri forustu og leiðbeiningum heldur en því, sem hæstv. ráðherra (SE) er altaf að dylgja um.

Þá talaði hæstv. ráðherra (SE) mikið um það, að allur ljómi væri horfinn af biskupsembættinu. Ja — yfir hvaða embættum er eiginlega þessi „gloría“, sem hann er að tala um Eða hvar er t. d. ljóminn af ráðherrunum? Sannleikurinn er sá, að hugsunarháttur manna alment hefir breytst nokkuð í þessu sambandi, þannig, að menn líta

nú yfirleitt nokkuð öðrum augum á embættismenn og embætti en áður. Með því er þó ekki sagt, að virðingin fyrir þeim í sjálfu sjer fari þverrandi. Um biskupsembættið má að minsta kosti segja það, að af vísitasíuferðunum er það nokkurn veginn augljóst, að ekkert embætti mun hjer njóta meiri virðingar en það.

Um undirbúning málsins hefi jeg ekki sagt annað en það, að mjer þætti óviðkunnanlegt, að málið skyldi ekki hafa verið borið undir biskup sjálfan til umsagnar; hann ætti þó að vera þessum hnútum kunnugastur.

Annars er það ánægjuleg stefnubreyting, sem virðist vera komin fram hjá hæstv. stjórn nú við umræðurnar, sem sje sú, að hún ætlist til þess í raun og veru að fjölga biskupsembættunum og hafa þau tvö, enda væri ekki nema gott, að hinir fornu biskupsstólar yrðu báðir endurreistir. En þó stjórnin meini þetta ef til vill ekki mjög alvarlega nú, má þó áreiðanlega gera ráð fyrir því, að með tímanum yrði sú niðurstaðan, ef þetta eina biskupsembætti yrði afnumið nú, að upp mundu rísa önnur tvö í staðinn. Og þessi embætti yrðu ekki eins og vígslubiskupsembættin nú, heldur fullkomin biskupsembætti. Í þessu sambandi vil jeg nota tækifærið til þess að leiðrjetta misskilning hæstv. forsrh. (SE) á ummælum mínum um þessi embætti og mismun þeirra. Eins og jeg tók reyndar fram áður, er munur þeirra einkum fólginn í því, að vígslubiskupsembættunum fylgir engin andleg forusta, og er ekki til þess ætlast. Með því er auðvitað ekki sagt, eins og hæstv. ráðh. (SE) þóttist halda, að verið sje að gera lítið úr vígslubiskupsembættunum, og þaðan af síður, að jeg hafi verið að vantreysta eða varpa rýrð á mennina, sem skipa þau. Það er öðru nær, og það, sem hæstv. ráðh. (SE) sagði um Valdimar Briem í þessu sambandi, er auðvitað alt saman rjett. En það kemur málinu bara ekkert við.

Loks skal jeg svo enn þá einu sinni minnast nokkrum orðum á sparnaðinn, sem af þessu á að verða. Ef það er nú rjett, sem stjórnin heldur nú fram, að vígslubiskuparnir eigi, sem andlegir forustumenn kirkjunnar, að koma alveg í stað biskupsins nú, er það bersýnilegt, að annaðhvort þurfa þeir að sitja á einhverjum slíkum stöðum, þar sem er menningarleg miðstöð, bæði innanlands og fyrir aðstreymi þeirra erlendu áhrifa, sem þeim eru nauðsynleg til þess að geta fylgst með í málum kirkjunnar, eða þá að þeir þurfa, ef þetta er ekki álitið nauðsynlegt, að fá allmikinn ferðakostnað til ýmsra slíkra ferðalaga um umdæmi sitt, ef þeir sitja ekki í nánd við einhverja slíka miðstöð, en eiga heima einhversstaðar út úr. En þá getur nú sparnaðurinn farið að minka, ef þannig á að greiða tveimur biskupum ýms slík aukagjöld árlega, eins og óumflýjanlegt verður.

Að endingu vil jeg minnast dálítið á ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Hann vitnaði mikið í sögu þessa máls hjer á þingi og þær raddir, sem áður hefðu komið hjer fram og æskt afnáms biskupsembættisins. En saga þessa máls á þingi sýnir einmitt ekki síður, hvernig þingið hefir hrundið af sjer þessum fáu og lágrödduðu óskum, og er því í raun og veru sönnun í þveröfuga átt við það, sem hæstv. ráðherra (KlJ) vildi vera láta. Alveg eins er með biskupana, sem hann nefndi. Það sannar ekkert um gildi biskuparaðanna, eða áhrif embættisins

yfirleitt, þó hægt sje að benda á Jón Gerreksson eða Ólaf Rögnvaldsson, sem misbeitt hafi valdi sínu.

Sami hæstv. ráðh. (KIJ) var einnig að dylgja eitthvað með það, að andlega forustan, sem talað hefir verið um, væri eitthvað lítils virði hjá núverandi biskupi. Hann gerði ekki nánari grein fyrir þessu, enda getur alt af verið, eins og eðlilegt er, skoðanamunur um slík mál, en sennilega má þó skrifa þessi orð á sama reikninginn og ummæli blaðs eins hjer í bænum, sem hæstv. ráðherra er nákomið, og nú á síðkastið hefir verið að slást dálítið upp á biskupinn. En að vera með slíkar dylgjur úr ráðherrastóli álít jeg allsendis ósæmilegt. Þaðan ætti að mega vænta hreinna orða, með eða móti, en ekki neins, sem gefið er í skyn, án þess að vilja standa við það.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekki lengja umr. En jeg get ekki neitað því, að mjer virtist hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fara nokkuð veraldlega með sum orð mín. Aðeins nokkur atriði skal jeg nefna. Þar sem hann talaði um það, að stjórnarráðinu væri nauðsyn á kirkjulegum ráðunaut, skal jeg minna hann á það, að svipuð embætti og biskupsembættið, og þó þýðingarmeiri, hafa fyrir nokkru verið afnumin hjer, þar sem voru amtmannsembættin. Og það hefir ekki á því borið, að það yrði að neinu meini, þó sýslumennirnir standi nú beint undir stjórnarráðinu, að sínu leyti eins og prófastarnir mundu gera, ef biskupsembættið væri lagt niður. Annað atriði vildi jeg einnig leiðrjetta, það, sem sje, að vígslubiskuparnir gætu ekki eins verið andlegir forustumenn, þó þeir ættu heima í sveit. Skyldi nú sálin ekki lengur hafa nein skilyrði til að stækka annarsstaðar en í höfuðstaðnum? Þriðja atriðið, sem hann talaði um og jeg vil víkja stuttlega að, er um eftirlitið með kenningum, sem hann vildi gera lítið úr. En það er ekki til neins að neita því, að þetta er all-mikilsvert atriði, sjeð með augum þjóðkirkjunnar, einkum þegar ýmsar háværar raddir fullyrða það eins og nú er, að uppi sjeu ýmsar kenningar innan kirkjunnar, sem ekki eigi þar heima. En ætli þessar kenningar verði sterkari, þó vígslubiskupinn yrði oddviti kirkjunnar? Og hvað gerir sjálfur biskupinn við þessar kenningar?

Yfirleitt virðist mjer, þegar jeg lít í huganum yfir röksemdir hv. andmælenda frv., að þær sjeu mjög veigalitlar. Þegar jeg leita að kjarnanum í þeim, þá finn jeg engan kjarna. Þeir geta ekki og hafa ekki reynt að mótmæla því, að sá litli skuggi, sem eftir er af veraldlegu valdi biskupanna, mætti hverfa, og þeir geta ekki neitað því, að þau eru þrjú biskupsembættin í landinu og aðeins eitt þeirra á að afnema, en halda hinum tveimur. Öll rök hníga því á sveif stjórnarinnar, en engin á móti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, GunnS, HK, IngB, JakM, JAJ, JB, JS, LH, MG, MK, BSv.

nei: MP, SSt, BJ, EÞ, JÞ, MJ.

Þrír þm. (EE, ÓP, PÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allsherjarnefndar með 14 : 2 atkv.

Nefndaráliti meiri hl. allshn. um málið, á þskj. 206, var útbýtt 24. mars og nál. minni hl. á þskj. 302, 9. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt

6. Landlæknisembættið.

Á. 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs (stjfrv., A. 16).

Á 5. og 6. fundi í Nd., dagana 24. og 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þótt frv. þetta sje framborið til sparnaðar, þá er þó tilgangurinn framar öllu sá, að koma með því betra skipulagi á heilbrigðismál landsins. Skal jeg strax játa það, að vera má að áætlanirnar um sparnaðinn sjeu nokkru hærri en búast má við að raun verði á; er t. d. ekkert talað um, hvernig fara skuli með kenslu þá, sem landlæknir hefir við yfirsetukvennaskólann, en svo sýnist, sem skylda megi prófessorana til að taka það að sjer án sjerstakrar borgunar.

En jeg vil strax snúa mjer að kjarna málsins, og hann er sá, að ef sóttir eða aðra slíka vágesti ber að höndum, þá er tryggingin meiri fyrir viturlegum athöfnum, ef stjórn þeirra mála er í höndum fleiri manna en eins. Má minna á, að mjög orkaði tvímælis, hvort heppilegar hefðu verið ráðstafanir landlæknis, síðast, er innflúensan geisaði.

Stjórnin verður algerlega að fara eftir ráðum landlæknis, en öruggara ætti að vera að hafa leiðbeiningar tveggja háskólaprófessora og hjeraðslæknis við að styðjast, heldur en tillögur eins manns, sem oft og einatt kann að vera valinn í starfann af öðrum ástæðum en þeim, hve góður læknir hann er. Jeg get ímyndað mjer, að það verði margt, sem stjórnin skýtur til ráðsins, og vel má vera, að það verði unt fyrir prófessorinn, sem er formaður, að gegna fullum kenslustörfum. En þess má þó geta, að allmiklu hefir verið ljett af landlækni nú upp á síðkastið. Eftirlit með apótekum er t. d. nú hjá sjerstökum manni. Heilbrigðisskýrslur þarf hann nú að gera, en mikið starf getur það varla verið, því nýlega samdi prófessor Guðm. Hannesson heilbrigðisskýrslur fyrir 10 ár; hafði hann þó kenslustörf sín öll með landlæknisembættinu og var auk þess ekki landlæknir lengur en 13 mánuði.

Skal jeg svo ekki mæla meira með frv. að sinni, en óska, að því verði vísað til allshn. að loknum umræðum.

Magnús Guðmundsson: Jeg sje það, að í athugasemdum við frv. er ekki gert ráð fyrir, að embættið verði lagt niður fyr en það losnar næst, en í frv. sjálfu er sagt, að það skuli þegar lagt niður. Er því hjer um mótsögn að ræða, sem ráða verður bót á, því ella yrði annaðhvort að brjóta 1. gr. eða fara í bága við athugasemdirnar.

Er og sami ágallinn á um ýms önnur frv., og er því full ástæða til að vekja

eftirtekt á þessari ónákvæmni. Er ekki trygt, nema tekið sje fram í frv. sjálfu, að embættið skuli ekki lagt niður fyr en hlutaðeigandi fer úr því, nema ef ætlunin er sú, að maðurinn fari strax úr embættinu með eftirlaunum. Er sú leið heimil og lögmæt.

Forsætisráðherra (SE): Ef þörf þykir, má gera breytingartillögu við texta frv., svo glögt sjáist, að hlutaðeigandi skuli sitja í embættinu meðan við nýtur.

Magnús Pjetursson: Hjer er komið fram eitt frv., sem auglýsir sig sem sparnaðarfrumvarp, en raunar tók nú hæstv. forsrh. það aftur, sem slíkt, í byrjun ræðu sinnar.

Er satt að segja ekki bætandi á áhyggjur stjórnarinnar út af meðferðinni á óskabörnum hennar. En þótt fyrri krógarnir sjeu all-óefnilegir, þá kastar fyrst tólfunum við fæðing þessa, og það svo, að ekki dugar að láta slíkt mótmælalaust. Sem kunnugt er, er ekki lengra síðan en 1919, að frv. var borið fram í þá átt, að breyta yfirstjórn heilbrigðismálanna og láta hana í hendur heilbrigðisráðs, en frv. það var felt, og mætti ætla, að ekki hefðu orðið miklar breytingar síðan, sem gerðu breytingar nauðsynlegri nú en þá var.

En ástæða er til að bera þetta frv. saman við frv. frá 1919, svo að munurinn sjáist.

Frv. 1919 var borið fram eftir tillögu landlæknis og læknadeildar háskólans. Hafði læknadeildin kosið þriggja manna nefnd til að athuga málið og auk þess rætt það vandlega á fundum sínum; síðan ljet hún stjórninni í tje tillögur sínar og fylgdi hún þeim í öllu.

Aðalástæðan til breytingarinnar var sú, að frv. taldi það ofætlun einum manni að hafa embættið á hendi. Vil jeg, svo hv. deildarmenn sjái, að hjer er rjett með farið, lesa upp kafla úr till. læknadeildarinnar:

> „Deildin leggur til, að stjórn heilbrigðismála sje breytt þannig, að í stað landlæknis komi 3 manna heilbrigðisráð, með 2 varamönnum. Formaður þess sje fastur embættismaður, sem ekki gegnir öðrum opinberum störfum eða lækningum, enda sje svo launaður, að hann neyðist ekki til þess. Konungur skipi formann, en stjórnarráðið hina 4, að fengnum tillögum frá læknadeild háskólans."

Er hjer skýlaust tekið fram, að embættið sje ofvaxið einum manni, og að ekki geti komið til mála, að maðurinn gegni öðrum störfum, heldur þurfi hann að helga því starfi alla krafta sína. En frv. þetta var ekki samþykt. Hafði læknafundur lagst í móti því, og talið, að embættið væri ekki ofraun einum manni, ef engin önnur störf hefði, en það var ótvírætt álit læknafundarins, og læknadeildar háskólans, að landlæknisembættið væri ekki til þess að hafa það í hjáverkum.

En nú þýtur nokkuð á aðra leið í skjánum í frv. þessu. Ef lesnar eru ástæður frv. með athygli, þá sjest, að landlæknisembættið er talið óþarft, og engin vandkvæði þykja á því að skifta störfum landlæknis niður á hina og þessa. Mætti undarlegt vera, ef sömu aðiljar stæðu bak við þetta frv. sem hið fyrra, og mun svo ekki vera, að hæstv. forsrh. (SE) þó undanteknum, sem líka var í stjórn 1919, og nú má teljast aðalflutningsmaður frv. Er einkennilegt, að skoðanir hans skuli nú vera þveröfugar

við það, sem þær þá voru, og hlýtur eitthvað nýtt að hafa komið fyrir, sem breytt hefir skoðun hans. Því varla get jeg trúað hviksögum þeim, sem um bæinn hafa gengið, um það, að frv. hafi ekki fæðst í stjórnarráðinu, heldur í einhverri útungunarstofnun stjórnarfrv. utan stjórnarráðsins.

En þá vildi jeg leyfa mjer að víkja lítið eitt nánar að frv., þó jeg hirði ekki að gera það nákvæmlega nú. Má fyrst geta þess, að mjög ónákvæmlega eru talin upp störf landlæknis í frv. Er það líklega af gáleysi, en ekki öðru verra. Er t. d. ekkert getið um öll þau störf, sem landlæknir verður að hafa við framkvæmd berklavarnalaganna nýju.

En aðalatriðið er þó það, að alveg er gengið fram hjá því, að landlæknir á að vera og hefir æ verið forustumaður heilbrigðismálanna, en ekki eingöngu skrifstofumaður. Hafa nú verið 8 landlæknar hjer, og allir verið hinir nýtustu menn og átt frumkvæðið að flestu því, sem til bóta hefir verið í heilbrigðislöggjöf landsins; á þetta ekki hvað síst við um þann mann, sem nú skipar þetta sæti. Má óhætt segja, að hann hefir verið þeirra atkvæðamestur um þá hluti alla, enda má svo segja, að hann hafi um 20 ára skeið átt frumkvæðið að öllum breytingum og endurbótum á heilbrigðislöggjöf þjóðarinnar, og nærfelt öll sú löggjöf sje hans verk. Er auðsætt, að ef heilbrigðisráð yrði stofnað, þá mundi það aðeins verða vikapiltur stjórnarráðsins en engin frumkvæði mundi það eiga að heilbrigðislöggjöfinni eða endurbótum á því sviði.

Jeg þarf ekki að tala mikið um sparnaðinn í sambandi við þetta mál. Hæstv. forsrh. (SE) gerði ekki mikið úr honum; enda hlýtur þetta að verða dýrara en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Jeg gæti skilið það, ef hæstv. forsrh. vildi taka upp, eða beina til væntanlegrar nefndar að taka upp frumvarpið frá 1919. En ef hún gerði það, hlyti það að vera af því, að starfið væri svo umfangsmikið, að ekki yrði komist hjá að skifta því.

Heilbrigðisráðið gæti ekki komist af án þess daglega að hafa læknisfróðan ráðunaut. Jeg hefi kynst því, sjerstaklega nú, síðan jeg fluttist til Reykjavíkur, að stjórnarráðið getur ekki komið þar í stað landlæknis eða sjerfræðinga, og verður því að hafa læknisfróðan mann til aðstoðar. Enda verður ekki hjá því komist, að stofna slíkt embætti, og hefir heyrst, að slíkt hafi þegar komið til orða. Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. (SE) talaði um, að skifta ábyrgðinni, sem á landlækni hvílir, milli fleiri manna, þá er jeg algerlega mótfallinn því. Jeg minnist þess, að á þingi 1919 talaði einn þingmaður á móti heilbrigðisráðinu, einmitt vegna þess, að það dreifði ábyrgðinni, og get jeg skrifað undir hvert orð af því, sem þar var sagt, og vísa til þess.

Það er rjett fram tekið hjá hæstv. forsrh. (SE), að ljett hefir verið störfum á landlækni síðustu árin, tekin burtu störf, sem eigi komu landlæknisembættinu beint við, og þetta á og verður að gerast. En þetta frumv. stjórnarinnar fer í bága við allar stefnur og skoðanir, fram komnar í þessu máli á síðustu árum. Sje þess þörf, vegna sparnaðarins, að búa svo um heilbrigðisráðið og skipa þannig heilbrigðismálunum, að engar framkvæmdir verði mögulegar, þá er það dauðadómur á öllum framförum í þeim efnum.

Jeg vil spyrja stjórnina, hvort kraft-

ar sjeu í stjórnarráðinu til þess að taka við skrifstofustörfum landlæknis. Ef á að leggja undir stjórnarráðið slík störf, án þess að bæta við mönnum með sjerþekkingu, þá vil jeg benda á, að tekin sjeu heldur þau embætti, sem ekki þarf mikla sjerþekkingu til að inna af hendi. Mætti þar nefna t. d. póstmeistara- og landssímastjóraembættin. Væri að líkindum ekki síður ástæða til að leggja þetta undir stjórnarráðið, úr því starfsmenn stjórnarráðsins hafa svo lítið að gera, að þeir geta bætt við sig að ósekju heilum skrifstofum.

Vænti jeg þess nú, eftir orðum hæstv. forsrh. (SE), að hann taki þetta frumvarp aftur, eða fari þess á leit við nefndina, að breyta því í það horf, sem það var í 1919. En reyni ekki til að höggva nein skörð í framtíðarhugsjónir heilbrigðisfrömuða þjóðarinnar.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. þm. Str. (MP) byrjaði á að tala um óskabörn stjórnarinnar, en svo nefndi hann embætta-fækkunarfrumvörp stjórnarinnar. Þau eru nú sum komin til nefndar, þrátt fyrir mótmæli tveggja prestvígðra manna hjer í deildinni, er reyndust með öllu gagnslaus.

Hjer er nú komið með nýtt frv. um nýtt embætti, sem niður á að leggjast. Þá stendur upp þeirrar stjettar maður, sem frv. þetta fjallar um, sem lífvörður hennar, til andmæla frumvarpinu; og svona mun taka við hvað af öðru, hver stjett, sem í hlut á.

Háttv. þm. (MP) bar mjer á brýn, að jeg, sem meðlimur í stjórn Jóns Magnússonar, bar fram annað frv. um þetta mál 1919. Þungamiðjan í því frv. var hin sama og í þessu, sem fyrir liggur, þ. e. stofnun heilbrigðisráðs. Háttv. þm. (MP) er svo mikill stjórnmálamaður, að hann veit, að ráðherrar í sömu stjórn gera ekki ágreining sín á milli út af atriðum í rökstuðningi mála hvor hjá öðrum. Annars hafa háttv. deildarmenn heyrt, hve mikil vinna fylgir landlæknisembættinu, samkvæmt hinni átakanlegu lýsingu háttv. þm. (MP) á því.

En jeg bið þá að taka eftir því, að stjórn Jóns Magnússonar setti til að gegna embættinu, ca. 12 mánaða tíma, prófessor einn við háskólann, sem auk þess bjó þó til 10 ára heilbrigðisskýrslur og leiðrjetti ýmsar misfellur í embættisrekstrinum. Þó að prof. Guðm. Hannesson sje viðurkendur starfsmaður, þá bendir þetta á, að störfin eru ekki eins afsalega mikli og háttv. þm. (MP) heldur fram, og mætti færa fleira fram því til sönnunar. Annars má nefna annað embætti, sem sje hjeraðslæknisembættið í Rvík, sem er vandasamt og eitt hið erfiðasta hjer á landi. Hjeraðslæknirinn, sem nú gegnir því, er vitanlega duglegur og vel lærður; hefir hann gegnt umsvifamiklum störfum við háskólann, enda þótt hann hafi afarmikinn „praxis“. Er þá ekki hugsanlegt, að sá maður, sem forstöðu heilbrigðisráðs hefði á hendi, gæti og gegnt störfum við háskólann; sannar og Guðm. Hannesson það, sem auk sinna embætta bætti úr syndum margra ára, er hann samdi heilbrigðisskýrslurnar.

Háttv. þm. (MP) sagði, af litilli vinsemd til mín, að frumvarpi þessu væri klakið út á frumvarpa-útungarstofnun stjórnarinnar úti í bæ. En hann veit vel, að jeg hefi sjálfur samið það, og skal jeg gefa honum þær upplýsingar, að sá eini maður, sem hefir unnið að því með mjer, er Guðm. Eggerz, fyrv. sýslumað-

ur. Hefir sú vinna hans ekki kostað landið einn eyri, er hann auk þess gegnir öðrum störfum í stjórnarráðinu. Áður hefir það, eins og kunnugt er, viðgengist, að sjervinna við samningu frumvarpa hefir verið sótt út í bæ. Jeg veit, að háttv. þm. hefir nú ekki trúað þessum ummælum sínum, en hefir haldið, að það mundi hljóma vel í þingsalnum. Hann um það.

Það má lengi deila um, hvort betra sje að leggja mikilsverð þjóðfjelagsstörf á herðar eins eða fleiri manna. Þó er nú svo, að mest áríðandi málin eru vanalega lögð í fleiri manna hendur; má í því sambandi nefna, að hinir æðstu dómstólar, sem eiga að gera út um deilumál manna, eru vanalega skipaðir fleirum mönnum en einum.

Það má vel vera, að þörf sje á að laga ýmislegt í þessu frv., en aðalatriðið, sem fyrir stjórninni vakir, er að skapa með því meiri tryggingu í heilbrigðismálum. Þetta er þungamiðjan. Sparnaðurinn er hjer aukaatriði, og þó getur enginn neitað því, að sparnaður yrði að frv., ef prófessor við háskólann gæti haft formenskuna í þessu ráði sem aukastarf, sem jeg nú reyndar hygg. Undir öllum kringumstæðum mætti krefjast þess af formanninum, að hann hefði á hendi kenslu við háskólann, og yrði þá alt af í þessu einhver sparnaður. Sannleikurinn er sá, að störfin í þessu embætti eru ekki mikil, og líklega o f l í t i l f y r i r e i n n m a n n, en ábyrgðin er mikil og líklega of mikil fyrir einn mann.

Varla skil jeg í, hvernig hv. þm. (MP) getur haldið því fram, að niðurlagning embættisins mundi verða heilbrigðismálunum til niðurdreps. Núverandi landlæknir hefir að vísu verið mikill framkvæmdamaður um heilbrigðismál. Það sannar lítið, því að í embættið gætu líka komið liðljettingar. Nú eru ýmsar bætur á heilbrigðismálum á ferðinni, sem ekki koma frá landlækni, og svo mun verða í framtíðinni, því áhugi læknastjettarinnar á þessum málum er nú að verða meira vakandi en nokkru sinni áður.

Jeg vona, að háttv. deild athugi sjerstaklega, að aðalatriðið er tryggari forsjá heilbrigðismálanna en verið hefir, og vænti, að hún samþykki frv. til 2. umr. og vísi því til allsherjarnefndar.

Magnús Pjetursson: Það var ekkert nýtt í ræðu hæstv. forsrh. (SE), sem jeg þarf að svara. Þó var það eitt atriði, er jeg vil taka til athugunar, þar sem hann blandar málum og telur mig í flokki þeirra, sem berjast á móti sparnaði. Mjer þykir dálítið skrítið, er hæstv. forsrh. sagði, að sá sparnaður, sem þetta frv. hefir í för með sjer, verði sem svarar árslaunum landlæknis. **(Forsrh. SE:** Jeg sagði það ekki, heldur að sparnaðurinn gæti orðið minni en ætlast væri til). Jæja, látum það gott heita, úr því að forsrh. gengur nú frá því. Þá sagði hann, að þungamiðjan væri hin sama í þessu frv. og í frv. frá 1919. En þetta er fjarri öllum sanni. Því það frv. fór fram á mjög svipað fyrirkomulag og nú er. Þar átti að vera f a s t u r e m b æ t t i s m a ð u r, sem engin önnur störf hefði á hendi, enda var það kallað grímuklætt landlæknisembætti.

Hæstv. forsrh. (SE) vildi sanna, að starf landlæknisembættisins væri ekki eins mikið og jeg taldi, og ræddi mikið um afrek Guðm. Hannessonar í því embætti, og var leitt að heyra úr þeirri átt, hve mikla áherslu hann lagði á endurbótastarfsemi hans á fyrri embættis-

færslu landlæknis, og taldi bætt fyrir gamlar syndir. **(Forsrh. SE:** Er það þá ósatt?). Já, jeg tel það ekki vel sæmandi af hæstv. forsrh. (SE) að bera landlækni á brýn gamlar syndir, en hitt er aftur á móti víst, að Guðm. Hannesson vann mikið verk og gott, við samning 10 ára skýrslnanna. Samt sem áður er það engin sönnun fyrir því, að litið sje að starfa í landlæknisembættinu, því ekki þykir mjer líklegt, að mikið hafi þá jafnframt verið um önnur störf, og síst þá annað en dagleg störf, en ekkert af hinum meiri eða alvarlegri störfum. Enda mun þetta satt vera.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að fleira mætti nefna því til sönnunar, að ekki væri mikið að gera í landlæknisembættinu, og var þar með hálfgerðar dylgjur. Jeg býst við, að hann hafi þar viljað láta skilja, að núverandi landlæknir starfaði lítið í sínu embætti. Um leið og jeg auðvitað mótmæli þessu, þá vil jeg benda á, hversu hjákátleg skoðun það er, að þó einhvern tíma væri miður starfandi maður í einu embætti, þá ætti þess vegna að rjúka í að leggja embættið niður. Í samræmi við það ætti að hætta við að hafa stjórn í landinu, ef einhver stjórn eða einhverjir ráðherrar reyndust ó-starfhæfir, eins og stundum þykir koma fyrir.

Hæstv. forsrh. (SE) vildi halda því fram, að ekki hvíldu á landlæknisembættinu eins mikil störf og jeg ljet í veðri vaka. En þetta er ekki skoðun mín eins, heldur álit læknadeildar háskólans og Læknafjelagsins, og verður ekki hjá því komist að taka mark á því, sem öll læknastjett landsins segir einróma.

Þá var hæstv, forsrh. (SE) að minnast á, að tryggilegar væri um hnútana búið, ef fleiri menn en einn bæru ábyrgð á heilbrigðisstjórn landsins, og mun hann þar hafa aðallega átt við sóttvarnirnar. Jeg get frætt hann á því, að um þetta eru skoðanir manna víða skiftar. Með ýmsum þjóðum er nú verið að hverfa frá því, að fjölmenn ráð eða nefndir stýri þeim málum, en hitt tekið upp, að fela einstökum mönnum yfirstjórn þeirra. Víða eru slík ráð einungis ráðgefandi, en bera enga ábyrgð. Það var einnig aðeins nokkurs konar ráðgefandi ráð eða nefnd, sem allsherjarnefnd lagði til að stofnað væri hjer á þinginu 1919, sem sje sóttvarnarráðið.

Mjer skildist á ræðu hæstv. forsrh. (SE), að hann teldi nú fyrirkomulagsatriðið, en ekki sparnaðinn, þungamiðju frv., sem sje, að taka einn af prófessorum læknadeildarinnar eða einhvern annan og gera hann að landlæki, auðvitað undir öðru nafni. En þá er hann kominn aftur inn í hið dauðadæmda frv. frá 1919.

Annars man jeg ekki eftir fleiru í ræðu hæstv. forsrh. (SE), er jeg þurfi að svara; virðist mjer ráð stjórnarinnar mjög á reiki, því að eftir ræðum hæstv. forsrh. (SE) stendur nú ekki steinn yfir steini af hinum upphaflegu fyrirætlunum hennar í þessu máli. Og breyti hv. allshn. þessu frv. samkvæmt tillögum hæstv. forsrh. (SE), geri jeg ráð fyrir, að það verði tæplega þekkjanlegt, er það kemur aftur hingað í deildina.

Forsætisráðherra (SE): Mjer þóttu niðurlagsorð hv. þm. Str. (MP) nokkuð einkennileg. Jeg hefi alls ekki stungið upp á því, að hv. allshn. geri breytingar við frv.

Það hljóta allir að sjá, að með þessu frv. er heilbrigðisráði falið að fara með

yfirstjórn heilbrigðismálanna, eins og stendur berum orðum í athugasemdum við frv.:

„— — — en hins vegar sum þeirra þess eðlis og svo umfangsmikil, að varla er forsvaranlegt að leggja þau á herðar eins manns. Er hjer sjerstaklega átt við þær ráðstafanir, sem þarf að gera, þegar hættulegar og næmar sóttir ganga um landið, eða þegar verja þarf þjóðina fyrir pestum, er geta borist til landsins frá útlöndum. Í þessum tilfellum er tryggilegra, að ráðin sjeu í höndum fleiri manna. — —“

Þetta er þungamiðja frumvarpsins, og um leið er reynt að þrengja kerfið, gera það umfangsminna og ódýrara. Það er sama tilætlunin sem þegar frv. var samið. En eftir upplýsingum og vitneskju, er jeg hefi fengið síðar, gæti jeg hugsað, að störfin sjeu meiri en jeg ætlaði í upphafi; því sló jeg þann varnagla í ræðu minni, að kostnaður við hina nýju skipan gæti orðið meiri en gert var ráð fyrir, svo að hjer yrði jafnvel lítill sparnaður. En hjer er um enga stefnubreytingu að ræða, þó að hv. þm. Str. (MP) vildi láta svo heita. Og það er einnig rjett, að í þessu frv. er sami kjarninn sem í frv. því, er stjórn Jóns Magnússonar bar fram á þingi 1919.

Jeg gat þess, að Guðmundur prófessor Hannesson hefði, á þeim stutta tíma, er hann gegndi landlæknisembættinu, samið og gefið út heilbrigðisskýrslur fyrir 10 ár, og bætt með því fyrir syndir annara. Hvort það voru syndir núverandi landlæknis, eða hjeraðslækna, að þeir hafi vanrækt skýrslugerðir, gat jeg ekki um, enda hefi jeg ekki rannsakað það mál.

Háttv. þm. Str. (MP) þurfti á því að halda að vera „prokurator“, er hann sagði, að lítið hafi verið að gera og fátt komið fyrir á þeim tíma, sem Guðmundur prófessor gegndi landlæknisembætti. Hvaða ástæður geta legið til þess, að þá hafi verið minna að starfa en endranær? Það mun ekki vera rjett, en það hefir komið sjer illa fyrir hv. þm. (MP), að einn af læknaprófessorunum gat gegnt embættinu með öðrum störfum sínum og auk þess unnið úr 10 ára skýrslum. Það bendir ótvírætt á, að starfið sje hvergi nærri eins mikið og hv. þm. segir. En um hitt erum við samdóma, að starfið sje afarábyrgðarmikið, og það er aðallega af þeirri ástæðu, sem jeg vil fela það sjerstöku heilbrigðisráði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 6 atkv. og til allsherjarnefndar með 14 : 1 atkv.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 110).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

7. Manntalsþing.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um manntalsþing (stjfrv., A. 20).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi minst á þetta frv. áður. Manntalsþingastörfin, nema dómstörfin, sem lítil eru nú, má, ef nýja sýslusamsteypan kemst á, og þar með afnám manntalsþinganna, leggja undir hreppstjórana, bæði gjaldheimtu og þinglesningar. Jeg vænti þess, að frv. verði vísað til sömu nefndar og hinum næstu á undan, frv. um nýja embættaskipun og breytingu á sveitarstjórnarlögum, þar sem þau fylgjast öll að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti allsh. um málið, á þskj. 99, var útbýtt 12. mars, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Verðtollur.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um verðtoll á nokkrum vörutegundum (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er eins um þetta frv og um hin fyrri, sem jeg hefi minst á, að óþarft er að fara hjer mörgum orðum um það. Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til aths. við það.

Eins og menn vita, eru ýmsar vörutegundir þannig, að mjög erfitt er að tolla þær eftir þunga eingöngu. Má þar t. d. nefna silkivefnað og aðrar vörur, sem hafa mjög lítinn þunga móts við verðmæti. Illa viðeigandi er hins vegar oft og einatt að tolla vörur eftir verði eingöngu. Heppilegasta leiðin er því að nota báðar aðferðirnar jafnhliða, að minsta kosti á þeim vörum, sem í frv. ræðir um. Flokkunin er hjer tekin í heild, en þó gæti vel komið til mála að taka ýmsar vörur út úr flokkunum, til sjerstakrar meðferðar.

Jeg skal svo leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til fjhn.

Magnús Guðmundsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer virðist undarlegt að ætla sjer að hafa tvennskonar aðflutningsgjald á sömu vöru. Jeg býst auk þess við, að það, að bæta verðtolli ofan á þungatollinn á sumum vörutegundum, myndi hafa talsverðan aukinn kostnað í för með sjer. Myndi það að minsta kosti kosta nýjan tollþjón hjer í Reykjavík og aukið umstang bæði hjer og annarsstaðar. Hinu væri jeg hlyntari, að vörutollurinn yrði hækkaður á þessum vörum, en verðtollinum þá slept. Býst jeg og við að hæstv. fjmrh. (MJ) geti ekki verið það neitt kappsmál, hvor leiðin er farin, því að fyrir honum hlýtur það að vera aðalatriðið, að fá tekjurnar í ríkissjóðinn.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Eins og jeg tók fram áðan, er sumum vörutegundum þannig farið, að hvorug aðferðin er einhlít. Svo er t. d. um vörur þær, er

heyra undir 3. flokk. Býst jeg við, að ómögulegt verði að tolla slíkar vörur á viðunandi hátt öðru vísi en þessi leið sje farin, að minsta kosti yrði þá að gera miklu nákvæmari flokkun á vörunum til notkunar við þungatoll. Við slíku er varla að búast, og þess vegna tel jeg verðtollsleiðina miklu rjettmætari og aðgengilegri.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar, en vil aðeins taka það fram í sambandi við þetta mál, að Framsóknarflokkurinn hefir í hyggju að bera fram brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir, um verndartolla á ýmsum vörum, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, en nú er varið miklu fje til að kaupa utanlands, svo sem er niðursoðið kjöt og fiskur, mjólk o. fl. En af því jeg hefi heyrt, að einhverjir aðrir háttv. deildarmenn sjeu að athuga svipaðar tillögur, vildi jeg skjóta því fram, hvort ekki væri heppilegast að hafa samvinnu um þessi efni, að minsta kosti að þeir kæmu með tillögur sínar sem brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil aðeins benda á það, í sambandi við síðustu ummæli hæstv. fjrh. (MagnJ), að þessi verðtollsleið hefir þegar verið reynd áður, eða það, að hafa bæði verðtoll og vörutoll samhliða. Þá gafst þetta illa og þótti erfið innheimtan, svo að lögreglustjórar kvörtuðu, þó minst væri um það hjer í Reykjavík, þar sem lögreglustjórinn getur svo að segja talað við alla gjaldendur heima hjá sjer. Og samt áleit hann, að hann þyrfti að fjölga mönnum á skrifstofu sinni, ef þessu fyrirkomulagi yrði haldið áfram. Þetta sýnir því, að það er ekki nægileg ástæða fyrir þessu frv., að ætla aðeins að reyna leiðina, því hún hefir þegar verið reynd og verið frá henni horfið aftur.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það sannar ekkert í þessu tilliti. Því tilraunin var miklu almennari og óákveðnari þá en nú er gert ráð fyrir.

Magnús Kristjánsson: Það er óþarft að ræða þetta mál mikið nú, við fyrstu umr. En mjer skilst svo sem sumir líti þannig á þetta frv., að það sje fram komið eingöngu til að afla tekna. En þetta virðist mjer rangur skilningur, og það svo, að jeg gæti ekki fylgt frv., ef ekki ætti að felast í því neitt annað en hækkun tollsins. Jeg lít svo á, að með þessu frv. sje fyrst og fremst um að ræða ráðstöfun til þess að koma í veg fyrir innflutning á óþörfum vörutegundum. Því út frá þessum skilningi einum er frv. rjettlátt, en hækkun tolla hins vegar órjettlát út af fyrir sig. En til þess að unt verði að draga úr innflutninginum á þennan hátt, þarf tollurinn að vera afarhár. Og þetta er það, sem jeg vona, að háttv. væntanleg nefnd athuga vandlega, — og gæti þess að gera frv. svo úr garði, að það fullnægi þeim tilgangi sínum að verka sem innflutningshaft á ónauðsynlegum varningi fyrst og fremst, en ekki einungis sem tekjuauki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, JÞ, GunnS, IngB, JakM, JAJ, JB, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MK, MP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BSv.

Sex þm. (BJ, EE, HK, ÓP, SSt, ÞorlG.) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

9. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um vatnsorkusjerleyfi (stjfrv., A. 14).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 343).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem stendur í nál. á þskj. 343, um sögu þessa máls, en hins vegar hefir nefndin komið fram með nokkrar brtt.

Hvað viðvíkur stefnu þessa frv., þá er hún að mestu leyti hin sama sem í vatnalagafrv., og hv. 4. landsk. (JM) talaði þá um, er það var til umr. Nefndin hefir gert dálitið í þá átt, að samræma þetta frv. betur en áður vatnalögunum, og hefir þar af leiðandi komið fram með nokkrar brtt., að efni til. Það er þá 1. brtt. a, við 2. gr. frv., þar sem tekið er fram, að eigi megi án leyfis ríkisstjórnarinnar virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða), ef um meiri orkunýting er að ræða en 500 eðlishestöfl. Hefir nefndin bætt inn í á eftir „fallvatn“ „(foss eða hávaða) eða hluta úr þeim“, og er það gert til þess að samræma frv. vatnalögunum. 2. málsgrein 2. gr. frv. þótti nefndinni óþörf, og leggur því til, að hún falli burt. Brtt. 1, c er rýmkun á ákvæðum 2. greinar.

Nefndin hefir bætt nýjum lið við 4. gr., er verður 18. liður gr., um það, að ríkisstjórninni sje heimilt að veita umsækjanda undanþágu frá ákvæðum greinarinnar, ef þau mundu baka honum tiltölulega mikinn kostnað eða fyrirhöfn, ef hestöfl þau, sem leyft er að virkja, fara eigi fram úr 500. Áleit nefndin það og hart að gengið, að þeir, sem virkja minna en 500 hestöfl, þyrftu að ganga undir öll ákvæði greinarinnar.

Þá kem jeg að 6. brtt. nefndarinnar við 12. gr. frv. Er hún líka rýmkun í þá átt, að eigi sje gengið eins strangt eftir gjaldi af sjerleyfum og í frv. Er í frv. gert ráð fyrir 50 aura minsta gjaldi af hverju hestafli, en nefndin leggur til, að því verði slept af hestöflum, er nema eigi meiru en 200 eðlishestöflum, en að ríkisstjórnin megi setja árgjaldið lægra af hestöflum milli 200 og 500.

Aðalbrtt. nefndarinnar er við 11. gr.

frv., um, að í staðinn fyrir 65 komi 75. Hefir hún þannig lengt sjerleyfistímann um 10 ár. Um þennan sjerleyfistíma hefir verið töluvert deilt, og í fossanefndinni voru menn á mismunandi skoðun. Ákvæði stjfrv. eru tekin eftir minni hl. fossanefndarinnar. Nefndin telur eigi rjett að leggja of miklar hömlur á þá, sem virkja vilja fallvötn, þó að nefndin hins vegar álíti eigi, að miklar horfur sjeu á því, að hafist verði handa á virkjun fossa í stærri stíl nú sem stendur. Enda mun ríkinu eigi stafa mikil hætta af því að veita sjerleyfið til svo langs tíma, því það getur dregið til sín virkjunina eftir ákveðinn tíma (40 ár), og virkið fellur endurgjaldslaust til ríkisins að sjerleyfistímanum loknum.

Hinar brtt. nefndarinnar eru flestar orðabreytingar og þarf jeg eigi að skýra þær. Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til 3. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Eins og mörgum hv. þm. er kunnugt, hefi jeg undanfarin ár haft mjög mikinn áhuga á þessu máli, og því, að slíkt frv. gæti orðið að lögum í sæmilegum búningi. Jeg hefi því verið talsvert riðinn við slíka lagasetningu sem þessa, og vildi jeg af þeim ástæðum leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið.

Þegar frv. þetta var í undirbúningi fyrir þingið 1921, þá átti jeg tal um það við þáverandi atvinnumálaráðherra, og fjekk jeg að gera mínar athugasemdir við það, og voru flestar þeirra teknar til greina. En nú hefir hv. allshn. þessarar deildar gengið enn þá lengra í þessu efni. Eru það sjerstaklega tvö mikilsverð atriði, sem jeg benti á, sem hv. nefnd hefir tekið til greina, og er jeg henni þakklátur fyrir það. Held jeg, að frv. sje nú í aðalatriðunum — nema þá einu — vel við unandi, frá mínu sjónarmiði. En þó er nú svo, því miður, að málinu er nú svo farið, að það er eigi eins nauðsynlegt sem það var áður. Þó verður máske eigi langt að bíða, að til framkvæmda komi í þessu efni. En ef frv. þetta verður eigi afgreitt á þessu þingi, þá verður það eigi þessari hv. deild að kenna, því hún hefir gert alt til þess að greiða götu þess, en það yrði þá hv. Nd. að kenna, enda þótt hún hafi haft mál þetta til meðferðar árum saman.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. hv. nefndar.

Það er þá fyrst. brtt. við 11. gr. frv., að í staðinn fyrir 65 komi 75. Um þetta hefir verið mikill ágreiningur undanfarið. Þeir, sem hugsuðu til virkjunar, fóru fram á það, að sjerleyfistíminn yrði sem lengstur, enda er það þýðingarlaust að hafa tímann svo stuttan, að eigi borgi sig fyrir fjelög þau, sem virkja vilja, að hefjast handa. Upprunalega var tíminn ákveðinn 55 ár, svo 65 ár, en nú 75 ár. Það hefir verið farið fram á 90 ár, en það tel jeg of hátt. En 75 ár tel jeg alveg nauðsynlegan tíma.

Þá er það brtt. við 12. gr., að í staðinn fyrir 25 ár komi 35 ár. Álít jeg mjög hæpið, að þeir menn, sem til virkjunar hugsa, sjeu ánægðir með þennan tíma, en auðvitað er mikil bót að till. nefndarinnar. Býst jeg þó við, að hættulaust sje að láta þennan tíma standa, því jeg býst eigi við, að nein landsstjórn verði svo harðdræg að nota heimildina til að hækka árgjaldið mjög mikið og íþyngja með því atvinnurekendunum svo að þeir neyddust til að hætta rekstrinum eða reka virkjunina með árlegu tapi. Jeg

fyrir mitt leyti óttast eigi, þó að ákvæði þetta verði sett í frv., en á hinn bóginn býst jeg við, að raddir muni koma fram um það síðarmeir, að þetta sje viðsjárvert.

Þá brtt. nefndarinnar við 12. gr., að eigi skuli greiða neitt gjald af virkjun, er nemur minna en 200 hestöflum, tel jeg mjög góða, og eins það, að gefa landstjórninni heimild til að lækka gjöldin á virkjun milli 200—500 hestafla, eða fella þau burt eftir atvikum. Um aðrar brtt. nefndarinnar er í rauninni lítið að segja. Hefði jeg þó hugsað mjer ástæðu til að gera þá breytingu á 7. gr., að hækka hestaflatöluna úr 25 þús. upp í 40—50 þús., þannig, að þá fyrst þyrfti samþykki Alþingis. Var jeg að hugsa um það, er frv. var á döfinni í vetur, að koma með brtt. í þá átt, en jeg hætti við það, eins og getið er um í greinargerð frv., og jeg hefi eigi haft tækifæri til að bera mig saman við háttv. nefnd um það efni. En jeg leyfi mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vilji eigi taka þetta atriði til athugunar undir 3. umr. málsins. Og enn fremur hafði jeg hugsað mjer þá breytingu við 5. gr., að skjóta inn í á eftir orðunum: „Ef hjeraðsstjórn", í síðustu málsgrein, „vill", þannig að málsgreinin verði: Ef hjeraðsstjórn vill og getur o. s. frv. Jeg hefi svo eigi fleira um þetta að segja að sinni, en jeg vona, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar og málinu vísað til 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg ætla mjer eigi að lengja umr. um þetta mál nú. En jeg mun við 3. umr. minnast á einstaka atriði, sem jeg álít viðsjárverð og farið hafa miður en skyldi. Það er meðal annars það, að sá liður hefir verið feldur niður, sem tekinn var frá því frv., sem lagt var til grundvallar fyrir þessu frv., um það, að ef um stærri virkjun væri að ræða, þá skyldi um það leita samþykkis tveggja þinga með kosningu á milli. Tel jeg mjög óheppilegt að minka svo skynsamlegt íhald, því íhald getur verið bæði skynsamlegt og óskynsamlegt, og er eigi nema sjálfsagt og rjett, að hið skynsamlega íhald fái að njóta sín engu síður en hin tegundin, sem meira ber á hjer í þessari hv. deild. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er mjög óheppilegt að hindra þjóðina í því að láta uppi álit sitt um jafnstórvægilegar breytingar sem þær, ef upp kæmi iðnaðarfyrirtæki, sem notuðu meira en 50 þús. hestöfl. Yrði það slík röskun á jafnvægi atvinnuveganna, að eigi er nema eðlilegt og sjálfsagt, að þjóðin láti uppi álit sitt um það. Skal jeg svo eigi fjölyrða um þetta að sinni, en geymi athugasemdir mínar til 3. umr.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Nefndin tók þetta atriði til athugunar. Hæstv. stjórn hefir eigi tekið það upp í sitt frv., og nefndin vildi eigi taka það upp. Henni fanst sjerleyfisskilyrðin svo ströng, að með þeim væri virkjuninni gert alt of erfitt fyrir, sjerstaklega þegar á það er litið, að eigi eru miklar horfur á, að hafist verði handa í þessu efni bráðlega, þar sem nú er fundin ný aðferð, sem útheimtir miklu minni orku.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 1, a, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 343, 1, b, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 343, 1, c. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 2 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 3 samþ. með 8 : 1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 4 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 5 samþ. með 8 : 1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 6, a. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 343, 6, b. samþ. með 8 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 7, a.—b. samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt., samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 8, a.—b. samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt.343, 9 samþ. með 8 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 10 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 11 samþ. án atkvgr.
21. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 343, 12 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 13 samþ. án atkvgr.
28. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 14 samþ. án atkvgr.
30. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
31.—34. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 343, 14 samþ. án atkvgr.
35. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
36.—37. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 343, 16 samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391, 395).

Afbrigði um brtt. 395, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi litlu við að bæta það, sem tekið var fram við 2. umr. Nefndin hefir athugað þær tvær breytingar, sem hæstv. atvrh. (KlJ) taldi æskilegar við 2. umr. Getur hún ekki fallist á þær. Myndi sjerstaklega breytingin á 7. gr. getað orðið deiluatriði, en þau vill nefndin forðast. En nú hafa komið fram brtt. á þskj. 395 frá hv. 5. landsk. þm. (JJ). Nefndin hefir að vísu ekki haft tíma til þess að athuga þær, en jeg tel víst, að hún geti ekki fallist á þær að efni til. Sjerstaklega er ákvæðið um tveggja þinga leyfi með kosningum á milli of miklar hömlur, enda lítil trygging í þessu ákvæði. Annars er brtt. við 11. gr. líklega ekki rjett orðuð, þar sem stendur „sextíu og fimm“ í stað „sjötíu og fimm.“

Jónas Jónsson: Jeg hefi borið fram tvær brtt., sem jeg þó býst ekki við að verði samþyktar, eftir þeim straumum, sem virðast ráða framgangi málsins hjer í deildinni.

Mjer fanst rjett að láta það sjást, að allir þm. væru ekki ánægðir með frv., eins og það nú er. Annars mun sama, hvernig frv. þessu reiðir af hjer í deildinni. Það kemst áreiðanlega ekki í gegn um hv. Nd., þó að það verði samþykt hjer. Þar hefir ekki fengist kallaður saman fundur í fossanefndinni, til þess að ræða vatnalögin. Og ekki yrði jeg hryggur yfir því, þó að engin sjerleyfislög gengju fram á þessu þingi. Miklu fremur væri rjett að hamla ekki á móti vatnalögunum sjálfum, þó að frv. það, sem hjer hefir verið samþykt, hafi raunar ekki batnað við meðferð fyrverandi stjórnar. Þetta frv. skapar litla tryggingu, og ef útlendingar kæmu og vildu virkja fossa, býst jeg við, að hrapað yrði að þeim málum með rasanda ráði. Það er rjett hjá hv. frsm. allshn. (GGuðf), að brtt. mín við 11. gr. er ekki rjett orðuð eins og frv. er nú. Jeg fór eftir upphaflega frv. Annars býst jeg við, að sama sje, hvort talað er um 55 eða 65 ár í þessu sambandi. Nú eru ekki, að því er kunnugt er, nein fjelög, sem hugsa til virkjunar. Þau, sem fyrir nokkrum árum síðan fóru fram á leyfi til virkjunar, reyndust ekki annað en loftið eitt. Er meira en lítið óviðurkvæmilegt að miða við kröfur þessara fjelaga, sem um mörg ár hafa leikið sjer með fossa vora í engri alvöru.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg er sammála hv. 5. landsk. þm. (JJ) í því, að engin líkindi sjeu fyrir því, að frv. þetta nái að komast gegnum hv. Nd. á þessu þingi. Þrátt fyrir það, tel jeg samt heppilegast, að þessi háttv. deild gangi frá frv. sem best hún má, og verður þá hægt að leggja það fyrir hv. Nd. á næsta þingi. Eins og nú er, er frv. vel úr garði gert, en brtt. hv. 5 landsk. þm. (JJ) skemma það, að mínu áliti. Reyndar býst jeg ekki, fremur en hann, við því, að þær verði samþyktar, og teldi jeg sjerstaklega ver farið, ef svo yrði um síðari part 1. liðs og 2. lið. Að miða sjerleyfið við 55 ár, væri stórkostleg afturför frá því, sem bæði milliþinganefnd og vatnanefnd Ed. hafa lagt til. Það kann vel að vera, að erfitt sje fyrir fjelög, sem hafa viljað fá sjerleyfi til virkjunar, að taka þau nú; en engu að síður eru ummæli hv. 5. landsk. þm. (JJ) um þessi fjelög engan veginn rjettmæt. Ef vatnalöggjöf vor hefði verið tilbúin 1919, þá má telja alveg víst, að þegar væru orðnar talsverðar framkvæmdir á virkjun fossa vorra.

Þá er og víst, að við samningu sjerleyfislaganna verður að taka tillit til hinna erlendu fjelaga, og þau hafa látið uppi það álit, að ekki væri tiltækilegt að ákveða tímabilið skemmra en 65—75 ár, og væri það meira að segja full stutt.

Þá er ákvæðið um samþykki Alþingis, og sjerstaklega tveggja þinga, alveg óaðgengilegt. Eru altaf mikil vandkvæði á að hleypa slíku málum fyrir þingið, og hefir verið sýnt fram á það með rökum áður fyr. Verð jeg því að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá 2. umr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skýt því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki, ef hv. flm. brtt. (JJ) hefir ekkert við það að athuga, bera upp 1. lið brtt. í tvennu lagi, hvora málsgrein fyrir sig.

Jón Magnússon: Jeg tek undir með hæstv. atvrh. (KlJ), að það er ekki rjett, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði um erlendu fjelögin, sem sótt höfðu um leyfi til virkjunar. Mjer er kunnugt um, að um tíma a. m. k. höfðu þau fje til taks, ef samningar hefðu tekist við ríkisvaldið. Er ekki að marka, þó að fje sje ekki nú fyrir hendi. Eru þess ekki einsdæmi, að fje hafi á síðustu árum horfið sem mjöll fyrir sólu.

ATKVGR.

Brtt. 395, 1, fyrri málsl., feld með 7 : 4 atkv.

Brtt. 395, 1, síðari málsl., feld með 8 : 1 atkv.

Brtt. 395, 2, feld með 9 : 1 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 391).

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 2 atkv. og til vatnamálanefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t.

10. Vaxtakjör.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um vaxtakjör landbúnaðarins (þmfrv., A. 169).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Jeg býst við að frv. þetta þyki að ýmsu leyti nýlunda, og vel má vera, að það mæti nokkrum mótmælum. En þó svo kunni að vera, þá er það eigi óeðlilegt, að frv. sem þetta komi fram. Þau atvik hafa nú undanfarið gerst með þjóð vorri og eru að gerast enn, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess að forða frá falli þeirri atvinnugrein, sem verið hefir mergur þessarar þjóðar frá fyrstu tíð. Það er á allra vitorði, að peningastofnanir landsins, sjerstaklega þó önnur þeirra, sem sje Íslandsbanki, hefir á síðustu tímum tapað stórfje. Veit jeg eigi, hve miklu það tap nemur, en það veit jeg, að tap það á mikinn þátt í því, að nauðsynlegum framkvæmdum þjóðarinnar hefir verið siglt í strand. Það hefir verið reynt að vinna upp skakkaföllin, að draga úr tjóninu, með óhæfilega háum vöxtum af útlánum, en þeir vextir hafa mjög lamað framkvæmdalíf þjóðarinnar, og þá sjerstaklega komið hart niður á þeim framkvæmdum, sem meira eru til frambúðar en fljótra uppgripa, svo sem landbúnaðinum. En hjer er líka annað meira og verra í efni. Í kjölfar fjármálaóhappanna hefir siglt verðfall á íslensku krónunni, og sá skattur, er gengismunurinn hefir skapað, nemur mörgum

miljónum króna árlega. Hann heldur uppi dýrtíðinni í landinu og drepur niður framkvæmdaþróttinn; og þennan skatt verður öll þjóðin að gjalda, eins sá hluti hennar, sem enga sök ber á ástandinu.

Jeg ætla mjer eigi að fara að metast um það, hverjir eigi sök á þessu; þeir eru vafalaust margir. En því vil jeg halda fram, að landbúnaðurinn eigi þar litla eða enga skuld að gjalda. Þegar lánsstofnun ákveður vexti af útlánum sínum, þá athugar hún, hvaða vexti hún verður sjálf að greiða af fje því, sem hún hefir til veltu, og gætir þess að auki að hafa nóg til þess að greiða allan kostnað af rekstri stofnunarinnar. Enn fremur verður hún að taka tillit til mikilla áhættulána, og ákveða vextina því hærri. Er það eigi nema eðlilegt. En hitt er óeðlilegt, að þau lán, sem trygg eru, beri skatt fyrir ótryggu lánin, og því er nauðsynlegt að flokka lánin í sundur. Reynslan hefir sýnt, að landbúnaður og jarðrækt eru svo tryggar atvinnugreinir, að lán til þeirra eru eigi hættuleg. Er því eigi síður ábatavænlegt fyrir bankana að lána fje til þeirra, þó að vextirnir sjeu lægri en á áhættulánum. Það er eigi ætlun vor flm. að íþyngja með frv. þessu öðrum atvinnugreinum, heldur aðeins að færa vaxtakjörin til meira rjettlætis. Vil jeg í þessu sambandi minna á það, að það eru tekin hærri iðgjöld af timburhúsum en steinhúsum, sem brunatrygð eru, hærri iðgjöld af skipum, er sigla um hættusvæði, en hinum, og að hærra flutningsgjald er tekið á skipum, er sigla til slæmra hafna. Er það eigi nema sanngjarnt, enda neitar því enginn. Hvers vegna ætti þá ekki að skipa vaxtakjörunum á sama hátt Verið getur, að þau mótmæli komi fram, að hjer sje verið að veita einni atvinnugrein styrk á kostnað fjöldans. En slík mótmæli eru hin mesta skammsýni. Frændur vorir, Norðmenn, leggja árlega stórfje til búnaðarframkvæmda og jarðræktar, og líta svo á, að engu fje frá ríkinu sje eins vel varið. Þeir segja: Þetta er ekki styrkur til neinna manna eða stjetta. Þetta fje er lagt í sjóð, sem síðari kynslóðir taka við í byggilegra og frjósamara landi. Því betur sem landið er ræktað, því meira sem lagt er til hliðar fyrir framtíðina í bættum lífsskilyrðum, því sjálfstæðari og þroskaðri verður þjóðin.

Sannarlega ættum við að líta svipað á þetta, hjer heima í okkar lítt ræktaða landi.

Jeg skal svo eigi fjölyrða um þetta mál, en jeg vona, að hv. deild taki því vel. Legg jeg til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 44. og 46. fundi í Ed., dagana 20. og 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 169, n. 363 og 364, 404).

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Þessu litla frv. fylgir eftir atvikum allítarleg greinargerð á þskj. 169. Skal jeg því ekki þreyta háttv. deildarmenn á því að skýra frá innihaldi þess, því jeg

veit, að þeir hafa kynt sjer það sjálfir.

Fjhn. hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Leggur meiri hlutinn til að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum. Því að hann lítur svo á, eins og segir í greinargerðinni fyrir frv., að bankarnir geti vel lánað með lægri vöxtum gegn tryggu veði út á jarðir í sveit og aðrar fasteignir, til þess jafnframt að auka verðmæti aðalfasteigna landsins, sem eru jarðirnar, auk þess, sem þessi atvinnuvegur, landbúnaðurinn, er lífsnauðsynlegur fyrir þjóðina. Því jeg veit ekki hvar við stæðum, ef við hefðum aðeins fiskiveiðarnar og engan landbúnað. Vitanlega gefur hann engan uppgripaarð, en ef hann er forsjálega rekinn, þá er hann vís og farsæll atvinnuvegur.

Brtt. á þskj. 404 á að laga þann agnúa, sem virtist vera á frv. Fyrst og fremst að bæta inn í orðunum „gegn veði í fasteign" og í öðru lagi, að vextirnir skuli alt af vera ákveðinni % lægri en aðrir vextir, til þess að sleppa brotinu, sem ákveðið var í frv., sem virtist vera óþægilegt.

Þá skal jeg snúa mjer að nál. háttv. minni hl., og skal jeg reyna að vera ekki langorður, þó að háttv. minni hl. sje það.

Háttv. minni hluti byggir fyrstu mótbáru sína á því, að til þess sje ætlast, að lán til landbúnaðarins sjeu alt af veitt með lægri vöxtum, án tillits til tryggingarinnar. Þetta var alls ekki meining flm., og fyrir því hafa þeir lagfært þetta með brtt. á þskj. 404.

Á vaxtamismuninn hefi jeg minst áður, að heppilegra myndi verða að hafa vextina ákveðinni % lægri, til þess að þurfa ekki að hafa brotið.

Þá fer háttv. minni hl. að tala um Íslandsbanka. Á hann hefir nú verið minst hjer, bæði í gær og á laugardaginn, og skal jeg ekki fara að blanda mjer inn í þær umræður nú. En jeg verð að taka það fram, að jeg tel það ekki koma neitt í bága við þann rjett, sem hluthöfum bankans er veittur með lögum hans og reglugerðum, þó hann veitti eitthvað af slíkum lánum. Því jeg veit ekki betur en í lögum hans standi, að starfssvið hans eigi að vera að efla atvinnuvegi landsins. Og er þau lög voru sett, lifðu um ⅔ landsmanna á landbúnaði, og þó að fiskiveiðar væru þá töluvert stundaðar, var þó aðalatvinnuvegurinn jarðrækt.

Annars mun jeg ekki fara að lesa kafla upp úr lögum bankans og reglugerðum, eins og nú er farið að tíðkast hjer, því menn eru vanir að segja það svart, sem er hvítt, og hvítt, sem er svart. En hins vegar verð jeg þó að telja það alveg rangt hjá hv. minni hl., að ákvæði þessa frv. geti ekki einnig náð til Íslandsbanka.

Þá er næsta viðbára háttv. minni hl., að örðugt mundi verða að sjá um, að þessum lánum yrði varið til þess, sem þau voru tekin til. Þetta hlýtur eflaust að vera skrifað í fljótræði, því annars væri það ekki skiljanlegt. Því að það er flestum kunnugt, að hjer eru tveir sjóðir, sem ekki má veita fje úr, nema í vissum tilgangi, en það eru Fiskiveiðasjóðurinn og Ræktunarsjóðurinn, og hefir ekki heyrst, að þeir væru misnotaðir. Menn, sem fá vilja lán úr þeim sjóðum, lýsa einungis yfir, í hvaða tilgangi þeir fái lánið, og hefir aldrei heyrst, að slík lán væru ekki notuð á rjettan hátt. Hvers vegna skyldi þá ekki mega nota alveg sömu aðferð hjer?

Þó að maður, sem fengi svona lán, væri svo efnum búinn, að hann gæti

keypt hlutabrjef í útgerðarfjelagi, sje jeg ekki, að slíkt kæmi neitt í bága við lántöku hans, ef hann einungis notaði lán sitt til jarðræktar.

Þá segir hv. minni hl., að enga skipun sje hægt að gera um það, hve mikið bankarnir eigi að lána í þessu skyni. Það er alveg satt. Það er engin skipun gerð um það. Því það færi vitanlega eftir vilja og getu bankanna. Ætti það því út af fyrir sig ekki að gera frv. óhæft til að ganga fram.

Jeg mun ekki fara út í þau atriði nál. hv. minni hl., þar sem talað er um bankavaxtabrjefin, og að þau hafi verið óseljanleg nema með miklum afföllum, því jeg veit, að það stafaði af öðrum ástæðum en taldar eru í nál. hv. minni hl., að þau fjellu í verði sem raun varð á. Og hitt veit jeg, að veðdeildin veitti lán þessi umræddu ár ekki minna en áður.

Annars býst jeg við að fá tækifæri til að skýra þetta betur áður en umræðunni er lokið. En jeg held, að það sje ekki rjett, að hjer hafi orðið nein breyting, nema eftir eðlilegum ástæðum.

Þá er það sagt í nál. minni hl.,að upp úr þessu hafi það ráð verið tekið, að stofna Ríkisveðbankann, en það hafi verið tilgangslaust, af því að ekkert fje var fyrir hendi. Þetta er ekki alls kostar rjett, því að banka þennan á að stofna af þrennum sjóðum: Viðlagasjóði, Ræktunarsjóði og Kirkjujarðasjóði. Hefir það því ekki hindrað stofnun hans, að fje var ekki fyrir hendi, heldur hitt, að ekki er búið að útvega markað fyrir brjef hans, sem stafar af hinum óeðlilega háu vöxtum.

Þá hefir verið minst á, að Landsbankinn ætti í sjóði 4 milj. kr., en þar hefir verið ruglað saman sjóði hans og því, sem hann á hjá Íslandsbanka. Og jeg veit ekki, hvort þeir menn gera Íslandsbanka nokkurn sjerstakan greiða, sem altaf eru að halda því á lofti, að hann hafi fengið þetta lán hjá Landsbankanum. Því jeg skoða þetta sem augnabliksráðstöfun, og hefði hún ekki verið gerð, hefðu seðlar Íslandsbanka runnið inn í Landsbankann, og þá um leið vaxið skuldin við útlönd.

Þá er það ekki rjett, sem stendur í niðurlagi nál., að Landsbankinn hefði meiri arð af fje sínu með því að lána það út en hafa það hjá Íslandsbanka. Því menn ganga hjer ekki með fulla vasana af seðlum, og einungis takmörkuð seðlafúlga getur hjer verið í umferð. Það, sem fram yfir það er, er lagt inn í bankana. Og nú eru í umferð 8 miljónir í seðlum. (**BK:** Ekki nema 7 milj.). Víst, 8 milj., með Landsbankaseðlunum, og hefir reynslan sýnt, að það er nóg. Það, sem fram yfir það væri, myndi þegar koma inn í bankana aftur, og ef þeir lenda hjá Landsbankanum, þá yrði hann að láta þá til Íslandsbanka, þó ekki væri til annars en þess, að hafa þó einhverja vexti af þeim.

Tel jeg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál. En jeg vona, að frv. verði samþykt með brtt. á þskj. 404.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Eins og sjest af nál. minni hl., á þskj. 364, hefir hann ekki getað fallist á frv. þetta. Orsökin til þess er, að til eru stofnanir, sem Alþingi hefir búið til í því skyni að greiða fyrir lánum landbúnaðarins, sem sje:

Ríkisveðbankinn,
veðdeildin og
Ræktunarsjóðurinn.

Því er greinilega lýst í nál., hversu vel er auðið að nota veðdeildina í þessu skyni, og lánar hún með lægri vöxtum en ⅙ af forvöxtum bankans, ef farið er að eins og bent er á í nál., og er það eina tiltækilega lausnin á málinu í bráðina. Það er og miklu hagkvæmara fyrir Landsbankann að láta veðdeildina lána út á fasteignir og kaupa veðdeildarbrjefin með litlum afföllum af lántakendum en að lána sjálfur út á fasteignirnar, með lágum vöxtum, eins og frv. ætlast til. Og engin lög þarf að setja um, að Landsbankinn láni út á fasteignir með lægri vöxtum; reglugerð bankans heimilar það og setur engin skilyrði fyrir því, hvaða vexti skuli setja á. Um þetta þarf engin lög, og það, sem hin rökstudda dagskrá ætlast til, er nægilegt. En að það sje hagkvæmara að láta veðdeildina lána út á fasteignir, en ekki Landsbankann sjálfan, liggur í því, að veðdeildarbrjefin getur hann selt, og svo geta þau líka dregist inn, og þá fær bankinn peninga sína aftur. Síðan getur hann notað það af veðdeildarbrjefunum, sem hann getur ekki komið fljótlega í peninga, sem veð fyrir láni. En skuldabrjef einstaklinga getur hann ekki notað á þennan hátt. Það er því augljóst, að þetta er eina leiðin, sem fær er, til þess að bæta úr fjárkreppu þeirri, sem frv. hygst að bæta úr. Og vilji menn bæta úr lánsþörf landbúnaðarins sjerstaklega, þá má það ske með því móti að breyta lögunum um ríkisveðbanka í þá átt, að hann verði einungis banki fyrir landbúnaðinn — og verulegra breytinga þurfa þau lög við áður en þau eru notuð — og væri þá nægilegt að leggja fram sem tryggingarfje Ræktunarsjóðinn, til að byrja með. En þá yrði að leggja honum til rekstrarfje, alt að 2 miljónum króna. En enginn getur búist við því, að sá banki gæti lánað með lægri vöxtum en veðdeildin getur gert, nema honum sje beint gefið rekstrarfjeð.

Þá er ein leið, sem jeg benti greinilega á við umræðurnar um Ríkisveðbankann 1921, en hún er, að stofna lánsfjelag (Kreditforening) fyrir landbúnaðinn á sama hátt og Danir og aðrar þjóðir hafa gert. Það er langbesta leiðin, ef tiltök eiga að vera til þess að koma verðbrjefum fjelagsins á útlendan markað. (SJ: Sem þau eiginlega ekki geta komist samt sem áður). Jeg óska, að menn sjeu ekki að áreita mig, og jeg vona, að það sje jeg, sem hefi orðið. (SJ: Má ekki gefa skýringu?). Jeg kem með mínar skýringar fyrst, háttv. þm. getur gefið sínar á eftir.

Þegar Claessen bankastjóri kom úr utanför sinni í desember síðastliðnum, skýrði hann Morgunblaðinu 6. janúar frá, að hann hefði verið að kynna sjer, hvernig best væri að koma fyrir landbúnaðarlánum hjer á landi. Eru þessi orð höfð þar eftir Claessen, er hann var að lýsa rekstrarlántöku sinni. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að hafa þau orðrjett yfir:

„Þessi lán (þ. e. rekstrarlán þau, sem tókst að útvega) ættu að geta trygt nægilegt rekstrarfje verslunar- og framleiðslufyrirtækja landsmanna, sem nú verða að vera rekin þannig, að þau geti endurgreitt rekstrarlánsfjeð árlega. En þau bæta ekki úr þeirri brýnu þörf, sem á því er, að útvega landsmönnum löng

fasteignalán. Til þess þarf að vera mögulegt að selja utanlands veðdeildarbrjef okkar. En jeg hefi við nokkra athugun á því máli og rannsókn meðal erlendra fjármálamanna komist að þeirri niðurstöðu, að vænlegasta ráðið fyrir okkur sje að snúa okkur að stofnun lánsfjelaga (Kredit-foreninger) eftir danskri fyrirmynd. Danir hafa ágætan markað fyrir slík verðbrjef.“

Þetta kemur alveg heim við það, sem jeg hjelt fram á þinginu 1921, þó að menn gætu þá ekki notfært sjer þá bendingu. En vitanlega tekur það nokkurn tíma að koma því fyrirkomulagi á, og þess vegna verður að nota veðdeildina fyrst um sinn til landbúnaðarlána. Slíkt lánsfjelag mundi lítils stuðnings þurfa við frá hálfu ríkissjóðs. Eins mætti búast við, að brjef slíks lánsfjelags seldust mikið innanlands, og mest allra verðbrjefa, en það liggur í því, að hver jarðeigandi í landinu mundi sjá sinn eigin hag í því að koma verðbrjefum þessum út. Stofnunin hefði því alla jarðeigendur sem sjálfkjörna „agenta“ eða umboðsmenn til að selja brjefin.

Á þessari hugsun er dagskráin bygð, sem minni hl. ber fram, og væntir minni hl., að hv. þingdeildarmenn samþykki hana, og einmitt þeir, sem bera sjerstaka umhyggju fyrir landbúnaðinum. Eins og hv. deildarmenn sjá, er þetta stuttorðaður kjarni málsins, og auðvitað dettur mjer ekki í hug að fara að deila um þetta mál, eða að fara að svara aukaatriðum, sem ekki geta raskað grundvelli þeim, er dagskráin byggist á. Jeg sje að vísu, að komin er fram brtt. við frv. þetta, og er hún til lögunar á því, en hún gerir samt engan verulegan mun. Frv. er eftir sem áður hvorki heilt nje hálft. Það er í mínum augum ekki annað en mjög óhönduglega orðuð fyrsta grein í miklu lengra frv. um þessi efni. Þar liggur engin þekking að baki, hvorki á bankamálum nje öðrum fjármálum, en því var heldur ekki við að búast.

Þá skal jeg víkja með örfáum orðum að athugasemdum hv. frsm. meiri hl. (KE). Jeg skal taka það fram, að jeg er honum sammála, hvað snertir nauðsynina á að styrkja landbúnaðinn, en einmitt það gerir enginn í deildinni betur en við, minni hl. Jeg vildi ekki ræða mikið um afstöðu Íslandsbanka, en tel þó helst, að frv. gæti átt við hann, þrátt fyrir minni hl. álitið. En jeg mun láta lögfræðingana þrátta um það atriði, því að sjálfur er jeg enginn lögfræðingur. Hv. frsm. meiri hl. (KE) vildi ekki viðurkenna það, sem stendur í nál. okkar um, að það væri erfitt fyrir bankann að vita með vissu, til hvers lánsfjenu væri varið. Það er vitanlega hægara, þegar um sjerstæðar stofnanir er að ræða, Fiskiveiðasjóð eða Ræktunarsjóð, þangað leita ekki aðrir en þeir, sem rjett eiga á að fá lán úr slíkum sjóðum. En þar sem Landsbankinn verslar með alt og hefir á hendi alla venjulega bankastarfsemi, þá veitir hann líka allskonar lán, eins og tekið er fram í nál., þvert á móti því, sem hinir sjóðirnir gera. Hv. frsm. meiri hl. (KE) sagði, að það væri eðlilegt, að brjefin hefðu árlega fallið. Af eðlilegri ástæðu fjellu þau ekki á árunum 1900—1918, því að þau höfðu innlendan „kurs“. Það hefir reynst vel, svo að engin einstök stjett hefir haft ástæðu til að kvarta.

Það er alveg ný upplýsing, sem hv. frsm. (KE) gaf, að ofmikið væri í um-

ferð af seðlum; jeg veit ekki, hvort það muni vera rjett, en jeg trúi því tæplega. Nú, en ef svo er, þá verður að grípa til nýrra ráðstafana og takmarka seðlaútgáfuna betur. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fara nánara út í það, sem hv. frsm. (KE) sagði í ræðu sinni.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þegar frv. þetta kom fyrst fram, fundust mjer aðallega tveir annmarkar vera á því, annar sá, að miða vaxtalækkun eingöngu við hag landbúnaðarins, en hinn sá, að vaxtalækkunin skyldi reiknast út sem viss hluti af hærri vöxtunum, því það er óeðlilegur og erfiður vaxtareikningur. Jeg fann ekki ástæðu til að undanskilja sjávarútveginn, einkum bátaútveginn, og bægja honum frá þessum góðu vaxtakjörum, ef þau fengjust. Meiri hluti nefndarinnar hefir nú reynt til að lagfæra hvorttveggja þetta með brtt. á þgsk. 363, því sje felt burt orðið ‚landbúnaðarins', þá verður það að skiljast svo, að það eigi ekki einungis við landbúnaðinn eða atvinnurekendur í sveit, heldur líka við þá, sem reka sjávarútveg, einkum í minni stíl. Hv. frsm. minni hl. (BK) tók fram, að engin lög þyrfti að setja um að Landsbankinn lánaði út á fasteignir með lægri vöxtum en vanalega gerist, því að það væri heimilað í Landsbankalögunum, en tók þó fram um leið, að vöxtum hljóti bankastjórnin að ráða. Það getur verið, að heimildin sje til í bankalögunum, en hún er þá áreiðanlega ekki notuð, og mundi þá sjerstök heimild, sem felst í þessu lagafrv., vafalaust ýta við bankastjórunum.

Annars var veðdeildin aðallega stofnuð til þess að styrkja landbúnaðinn, og veðdeildarlánin hafa gefist vel og eru vel þokkuð. Úr því að jeg mintist á veðdeildina, vil jeg leiðrjetta lítilsháttar misskilning hjá hv. frsm. minni hl. (BK), þar sem hann sagði, að próf. Eiríkur Briem hafi átt hugmyndina að henni, en það var ekki hann, heldur Páll sálugi amtmaður Briem. Álits amtmanna var leitað í þessum efnum, og sendi Páll þá rökstuddar tillögur, er svo voru samþyktar á Alþingi, að efni til víst að mestu óbreyttar. Jeg vildi aðeins geta þessa, en það gerir auðvitað hvorki til nje frá.

Að því er Íslandsbanka snertir, þá verð jeg að vera minni hl. sammála um, að þingið hafi enga heimild til að skipa fyrir um vexti þess banka, og meira að segja vafasamt, hvort bankaráðið sjálft hafi slíkan rjett. Því jeg veit ekki betur en sumir bankaráðsmennirnir hafi talið sig bresta heimild til að fyrirskipa nokkuð um þetta efni. Það mun því vera rjett hjá minni hlutanum, að þetta nái ekki til Íslandsbanka. En þar sem því er bætt við í nál. minni hlutans, að úr því frv. þetta nái ekki til Íslandsbanka, þá sje þar með meginstoðinni kipt undan tilgangi frv., þá get jeg á engan hátt verið því sammála. Íslandsbanki hefir aldrei verið stoð landbúnaðarins á Íslandi. Hann fekk hjer á árunum leyfi til þess að gefa út eina miljón af bankavaxtabrjefum með því skilyrði, að mig minnir, að henni yrði varið til lána í þarfir landbúnaðarins. Og nú mun ekki vera meira en svo sem 7—8 hundruð þúsund krónur í útlánum til landbúnaðarins. Þá er sagt í nál. minni hl., að veðdeildarbrjef Landsbankans hafi reynst óseljanleg í útlöndum, nema lítið eitt af I. flokki. Það er sjálfsagt rjett. Jeg veit ekki hvort gerðar hafa verið alvarlegar tilraunir af Landbankans hálfu í þá átt næstu ár-

in fyrir stríðið, en nú er það ómögulegt. En jeg man eftir, að einhverntíma á árunum 1906—7 fór Schou bankastjóri Íslandsbanka til Danmerkur og seldi þá talvert af bankavaxtabrjefum Landsbankans, einkum sparisjóðum, sem notuðu brjefin sem tryggingarfje. Þá er þess getið í nál. minni hl. að Landsbankinn eigi nú í sjóði með innieign sinni í Íslandsbanka rúmar 4 miljónir króna, og sje það nóg til að halda veðdeildinni starfandi eins og áður. Svo er borin saman sparisjóðseign og veðdeildarbrjefaeign á árunum 1914— 1921. En það er ekki nóg. Samanburðurinn verður ekki nákvæmur, nema það sjáist líka, hve mikil veðdeildarlán hafi verið veitt þessi ár. Jeg hefi leitað upplýsinga um það hjá forstjórum Landsbankans, og er skýrsla sú svohljóðandi:

1914	veitt	399,700,00
1915	—	134,100,00
1916	—	157,800,00
1917	—	595,000,00
1918	—	417,400,00
1919	—	357,800,00
1920	—	517,500,00
1921	—	279,400,00
1922	—	317,300,00

Þetta eru ekki litlar upphæðir, og sýna, að þessi árin hefir verið lánað mikið á þennan hátt.

Jeg vil taka það fram að endingu, að þótt jeg áliti, að frv. þetta komi ekki fullkomlega að gagni, þá geti þó orðið talsverð not að því, og ekki beri að fella það alveg. En þessi rökstudda dagskrá minni hlutans kemur ekki að fullkomnum notum. Það er ekki von, að stjórn Landsbankans tæki því vel, að ríkisstjórnin færi að fyrirskipa henni að kaupa veðdeildarbrjefin yfir „pari“. Ef afföllin eru meiri en 6%, er ekki von að Landsbankastjórnin vilji hlýða slíkum fyrirskipunum. Ef deildinni er alvara með að gera eitthvað, sem hefir áhrif á landbúnaðinn, þá hefði dagskráin átt að vera öðru vísi, t. a. m. á þá leið að skora á Landsbankann að veita fyrirhuguðum ríkisveðbanka hæfilegt rekstrarlán. Þessi banki á að vera eingöngu landbúnaðarbanki. Hann er ekki kominn á stofn enn, vantar rekstrarfje. Ef deildin er sannfærð um, að þetta litla frv. geri ekki gagn, þá hefði hún átt að skora á stjórnina að veita þessum fyrirhugaða ríkisveðbanka lán með sæmilegum kjörum. Íslandsbanka hefir verið lánað töluvert fje, og ætti því ekki síður að lána þessum banka og styrkja með því landbúnaðinn. Jeg skýt þessu til nefndarinnar, ef frv. nær ekki fram að ganga, að þá verði dagskránni breytt.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að taka hjer fram fáein atriði. Jeg held, að hjer hafi verið töluð orð, sem hvorki eru bygð á þekkingu á frv. því, sem fyrir liggur, nje vaxtakjörum landbúnaðarins erlendis. Þetta frv. er borið fram vegna þess, að öllum hlýtur að vera ljóst, að vaxtahæðin í Íslandsbanka er miðuð við tap það, er stofnunin hefir beðið við það að hjálpa sjávarútveginum og kaupmönnum. Það er líka viðurkent frá alda öðli af öllum þeim, sem vit hafa á, að vextirnir fara eftir áhættunni. Því meiri áhætta, því meiri vextir, því minni áhætta, því lægri vextir. Hjer er um það að ræða, hvort meginstefna þessa frv. sje röng, en hún er sú, að minni áhætta sje að lána til atvinnurekstrar í sveitum en til sjávar. Það er hægt að sanna þessa skoðun með tilvitnun í ástandið sem nú er, og í raun og veru var hún

sönnuð í umræðunum um Íslandsbanka, þar sem talað var um, að vextir þar væru hærri vegna taps á útgerðinni. Það má ekki blanda veðbanka saman við þetta mál. Veðbankinn bætir ekki nema að nokkru leyti úr lánsþörf sveitanna. Það er óhugsandi, að veðbanki verði notaður til að greiða verslunarskuldir eða hjálpa við verslun sveitamanna. Veðbankinn hjálpar viðvíkjandi fasteignum í sveitum og kaupstöðum, en ekki öðru, og því verða hinir bankarnir að taka lán til atvinnurekstrar. Hæstv. atvrh. (KlJ) skildi þetta vel, er hann vildi láta lægri vaxtakjörin ná til smábátaútvegsins, af því hann væri hættulítill fyrir lánveitanda. Nokkur hluti af veðfje bankanna, c. 10—15%, stendur í lánum hjá sveitamönnum, og vextir þessara manna miðast við hið óskaplega ástand, sem er í kaupstöðunum. En það þolir bændastjett landsins ekki. Meðferð þessa frv. sker úr því, hverjir skilja það, að vextirnir eiga að fara eftir áhættunni. Það er óhugsandi, að það verði til lengdar hægt að kúga bændur til að greiða jafnháa vexti eins og þá, sem fá fje lánað í einskonar fjárhættuspil. Það er ranglæti, sem bygt er á hlutdrægni eða vanþekkingu.

Þá hefir verið „kritiserað" hjer fyrirkomulag hins fyrirhugaða veðbanka, og sagt, að hjer ætti betur við „kreditforeningssystemið". En sá, sem undirbjó veðbankalögin, hafði betur vit á því máli en nokkur maður hjer í deildinni, og dómur hans var bygður á nákvæmri rannsókn. Og til skýringar hv. 2. þm. G.-K. (BK), sem talaði af litilli þekkingu um þetta mál, skal jeg geta þess, að það er eitt, sem gerir það ómögulegt að útfæra „kreditforeningssystemið" hjer, en það er, hvað landið er stórt og fólkið dreift. Í Danmörku eru 12 „Kreditforeninger". Hvers vegna eru þær 12 í þessu litla landi? Af því, að lánsfjelagshugmyndin gerir ráð fyrir því, að fjelögin nái að eins yfir lítil svæði, til þess að hver þekki annan. Þess vegna hafa Danir sjerstök fjelög fyrir stærri bændur og sjerstök fjelög fyrir húsmenn og enn önnur fyrir kaupstaðina. Ef ætti að innfæra þetta fyrirkomulag hjer, þá yrði að hafa sjerstakt fjelag fyrir hverja sýslu. En þá yrði ekki mikill markaður fyrir brjefin; samkepnin yrði mikil innanlands og ómögulegt að selja þau á erlendum markaði. Alt þetta vissi sá, sem undirbjó veðbankann, miklu betur en hv. 2. þm. G.-K. (BK).

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það eru aðeins fáein orð. Jeg hefi fátt að segja viðvíkjandi hæstv. atvrh. (KlJ). Það er sjálfsagt rjett hjá honum, að það hafi verið Páll Briem, sem samdi veðdeildarlög 1. veðdeildarflokksins. En mjer er kunnugt um, að prófessor Eiríkur Briem hjelt mikið upp á þessi lög. Þá vildi hann ekki fallast á, að meginstoðinni væri kipt undan þessu frv., er það næði ekki til Íslandsbanka, því að Íslandsbanki hefði svo lítið lánað til landbúnaðarins. Minni hlutinn meinti það nú ekki, heldur hitt, að úr því að frv. getur ekki náð til Íslandsbanka, en innifelur þó í sjer ákvæði um hann, þá getur það ekki gengið fram, því þá er það ekki löglegt. Þá gat hann þess, að hann vissi ekki hvort hefði verið reynt mikið fyrir stríð að selja veðdeildarbrjefin. Jú, það var reynt, en það, sem stóð á, var það, að ekki var hægt að selja nógu stóra slumpa í einu. Veðdeildarlögin eru þannig úr garði gerð, að ekki er hægt að selja brjefin fyr en

búið er að lána út á þau og veð komið á móti.

Eins og jeg hefi sýnt fram á, þá er engin trygging fyrir því, að vextir verði lægri í þessum veðbanka. Það legst nýr kostnaður á, fleiri bankastjórar. Í Landsbankanum gátum við 2 bankastjórarnir komið af öllum störfum.

En jeg get vel verið með því, að málið verði tekið af dagskrá, umræðu frestað, og vísað aftur til nefndar, til nýrrar athugunar, í sambandi við brtt. hæstv. atvrh. (KlJ). Jeg vil gera alt, sem hægt er að gera fyrir landbúnaðinn. En vextirnir geta ekki orðið lægri, nema honum sje gefið rekstrarfje.

Þá kem jeg að hv. 5. landsk. þm. (JJ). Hann sagði, að vextirnir hlytu að fara eftir áhættunni. En hvernig stendur þá á því, að hv. þm. (JJ) hefir ekki sett það í frv. Hann talar þar ekkert um tryggingarnar. (**JJ:** Það er nóg, að hún er betri!). Það hefði átt að standa í frv. Jeg er samþykkur því, að það sje hættuminna að lána út á jarðir en út á nöfn manna. En það eru erfiðleikarnir að fá svo ódýra peninga.

Jeg skyldi ekki hv. 5. landsk. þm. (JJ), þegar hann var að tala um veðdeildina. Að það væri ekki hægt að borga með þeim lánum verslunarskuldir. Jeg skil það, að honum falli þetta illa, en það er alls ekki tilætlunin, heldur á að verja þessum lánum til ræktunar. Þá sagði sami háttv. þm., að sá, sem undirbjó lögin um ríkisveðbankann, hefði verið vitrari en jeg. Það má vel vera. En hann hefir þó aðeins fræðilega þekkingu, en ekki reynsluþekkingu eins og jeg. Þá var hv. þm. (JJ) á móti því að koma hjer á stofn „Kreditforeninger“. Hann sagði, að það gæti gengið í Danmörku, þar sem svo þjettbýlt væri, að menn þektu hver annars hag. Þetta eru eftirtektarverð ummæli frá hans vörum. Hann hefir þó ekki haldið þessu fram í viðskiftamálunum. Þar hefir allsherjarsamábyrgð verið tekin góð og gild.

Háttv. þm. (JJ) spurði, hvað bændur í Skagafirði þektu til hags bænda í Skaftafellssýslum. En jeg spyr: Hvað þekkja menn á Langanesi til í Skaftafellssýslum, þegar um samábyrgð kaupfjelaganna er að ræða? En þar vill hann þó hafa samábyrgð. Hann talaði um, að hver sýsla ætti að vera í samábyrgð, og hver með sín verðbrjef. Þetta er sama og jeg vil með kaupfjelögin. En þetta er þó heilaspuni hjá háttv. þm. Það má eins stofna til einnar „Kreditforening“ fyrir alt landið. Áhættan er svo lítil, vegna hins opinbera mats á jörðunum. Það hefir þegar verið mynduð slík „Kreditforening“, eða í þá átt, hjer á landi, þar sem stofnun 4. veðdeildar er. Þar standa veðin öll í samábyrgð fyrir 10% af öllum lánunum. Þar er því skapaður vísir fyrir lánsfjelög. Þar næst er varasjóður til tryggingar, og loks ríkissjóður að baki. Það vantar því ekki nema herslumuninn til þess, að 4. veðdeild sje „Kreditforening“, aðeins, að sameiginlega ábyrgðin væri 20% í stað 10%. Háttv. þm. (JJ) segir þetta, af því hann þekkir það ekki. Það sjest, þegar á reynir. En þeir tímar geta komið, að hann skilji þetta betur. Og því lengur sem hann situr á þingi, því meira styttast hornin á honum.

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Jeg skal ekki blanda mjer inn í deilur háttv. 5. landsk. (JJ) og háttv. 2. þm. G.-K. (BK), enda hefi jeg ekki heyrt allar ræður þeirra í þessu máli. Það er

öllum ljóst, að hjer er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

Það hefir ekki verið tekið fram af þeim, sem vilja stofna „Kreditforeninger", með seljanlegum verðbrjefum, hvar ætti að fá markað fyrir þau. Jeg man eftir áliti manna, og þá einkum hv. þm. G.-K. (BK), þegar 4. fl. veðdeildarinnar var stofnaður, að hægt myndi að selja brjefin, og þá einkum bent á ákveðinn stað, Þýskaland, til þess. Að það ekki tókst, var ekki háttv. þm. (BK) að kenna, nje tryggingu brjefanna, heldur var beint spilt fyrir sölu þeirra, með andblæstri, sem var hafinn. Þarf ekki langt að leita að upphafsmanni þess, og ekki út fyrir þennan sal. En það kemur væntanlega fram, þó síðar verði, hvort það hefir verið holt verk fyrir þann, sem það gerði.

En ekki meira um þetta. Brjefin reyndust óseljanleg, nema innanlands, og eitthvað 10—20% undir nafnverði. Þetta eru erfið kjör fyrir seintækan atvinnurekstur. Alt annað fyrir verslanir, sem velta sömu upphæð 6—8 sinnum á ári. Þær þola hærri vexti. Útgerðin þolir það líka betur, því hún getur venjulega verið án lána hluta úr árinu.

Jeg hefði ekki staðið upp til að svara hv. 2. þm. G.-K. (BK), hefði hann ekki haldið því svo fast fram, að engin lög þyrfti til þessa, því hjer væri aðeins um Landsbankann að ræða. Nei, Íslandsbanka má auðvitað ekki nefna. Hann er of heilagur til þess. Þrátt fyrir það, þó landið hafi lánað honum 17. milj. kr. og þjóðin annað eins. En hann er svo heilagur, að það má ekki einu sinni gefa bending. **(BK:** Lög eru engin bending). Jeg hefi skýrt frv. áður í fyrri ræðu minni. Hjer er aðeins verið að ákveða lánskjörin. Annars gengur svona útúrsnúningur ekki í háttv. þm., og naumast í áheyrendurna.

Þeir, sem lesa frv., sjá, að hjer er aðeins verið að tala um vexti, en ekki hverjum bankinn eigi að lána. Ætlast má til, að stjórnin láti bankann vita vilja þingsins í þessu efni.

Svo má brýna deigt járn að bíti um síðir. Það var talað svo hjer í deildinni í gær sem sumir menn álitu, að Íslandsbanki ætti að halda öllum sínum rjettindum, án þess að hafa neinar skyldur. Það á að styðja bankann á allan mögulegan hátt, en svo má hann ekki taka á móti þeim skilyrðum, sem lánveitandi setur honum. Það er jafnvel talið hneyksli af sumum, að bankinn var látinn setja veð fyrir enska láninu. **(BK:** Þetta kemur ekki við þessum umræðum). Það var dregið inn í þær af hv. þm. (BK).

Annars er það, eins og jeg hefi áður lýst, að þó Landsbankinn láni Íslandsbanka í bili, þá koma seðlarnir aftur inn og nýjar skuldir safnast, þar til afurðirnar eru seldar. En seðlar, sem tollað geta í vasa almennings hjer á landi, hafa engin áhrif. Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) hefir áður haldið þessu sama fram og jeg nú, að ekki sje holt að gefa út meiri seðla en þörfin heimtar. Nú eru 8 milj. af seðlum í umferð. **(BK:** Ekki nema 7). Jú, 8. Íslandsbanki hefir 7 og Landsbankinn 1. **(BK:** Já, já!).

Ýmsar greiðslur til verkafólks og fleira koma inn aftur eftir stuttan tíma. Þetta getur hleypt seðlaþörfinni upp í bili, og verka þá sem ávísanir, enda eru í eðli sínu ekkert annað en ávísanir.

Með skírskotun til þess, er jeg hefi áður sagt, vil jeg mótmæla því, að ekki megi láta Íslandsbanka hlýða þessu

ákvæði um vexti eins og Landsbankann.

Jónas Jónsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) fjell frá því að deila um aðalefnið í frv., og játaði eiginlega með því okkar málstað, að vextirnir ættu að miðast við áhættuna. Því er játað, að lán til sveita sjeu jafnaðarlega tryggari en lán til sjávar, og er því gengið inn á aðalatriði frv.

Bankarnir gera sjer auðvitað sem best far um að vita, til hvers eigi að nota lánin. Þetta gerði hv. þm. (BK) líka, þegar hann var bankastjóri, og er það lofsvert. Aðalatriðið er, að sveitalánin eru áhættuminni, til hvers sem þau eru notuð, heldur en víxlar og sjálfskuldarábyrgðir til útgerðar og kaupsýslu í kauptúnum. Eins og líka hv. þm. (BK) tók fram, þá hefir þingið húsbóndavald yfir bönkunum og getur látið þá fara að vilja sínum í þessu efni.

Nú stendur svo á, að ýmsar sýslur, eins og t. d. Borgarfjörðurinn og Árnes- og Rangárvallasýslur, sem gert hafa einna mest, hafa gert miklar umbætur á húsum, girðingum og fleiru, og standa að nokkru í skuldum vegna þessara umbóta. Er þá rjett að láta þessa menn, sem standa alment full skil á skuldum sínum, — er rjett að láta þá menn borga tap-„premíuna“ fyrir útgerðina. Nei, og aftur nei. Og þótt frv. þetta verði drepið hjer í dag, þá koma þau þing síðar, sem sinna fullum rjettlætiskröfum í þessu máli.

Þá kem jeg að því, sem var sögulegt að heyra, að eftir umr. í gær, þá eru hluthafar Íslandsbanka svo dryldnir, að þó bankinn hafi fengið hverja stórhjálpina á fætur annari, þá má þingið ekki einu sinni hafa íhlutunarrjett um vexti bankans. Eða eru þeir þeir fáfræðingar, að neita svona sjálfsagðri kröfu, en ætlast þó til, að bankanum sje hjálpað af þinginu?

Fyrir bankann ætti þetta ekki að verða neinn skaði, því þó vextirnir sjeu minni, þá er áhættan líka minni.

Jeg skal aðeins árjetta það, sem hv. þm. Vestm. (KE) sagði um þetta efni. Það ætti að vera hægt að knýja Íslandsbanka til að verða við svona kröfum, með þeim tveim mönnum, er stjórnin skipar, ef hún hagar sjer eftir rjettum reglum í því efni. Það er lafhægt fyrir stjórnina að knýja bankann til að beygja sig í þessu efni. Ef þingmenn eru húsbændur Landsbankans, þá erum við það líka yfir Íslandsbanka, þar sem við erum fulltrúar þeirrar þjóðar, er hefir lánað honum nálega alt sitt fje.

Eins og búast mátti við, hafði háttv. frsm. minni hl. (BK) ekki ljósa hugmynd um lánsfjelögin í Danmörku. Eru þau bygð á þeim grundvelli, sem þau verða ekki framkvæmd á hjer. Þau ná yfir lítið svæði, svo að fjelagar geti sjálfir kosið virðingarmenn sína, og þekkja þeir til á öllu fjelagssvæðinu. Þetta er alt saman nýr fróðleikur fyrir háttv. frsm. (BK). Jeg er glaður að geta þannig aukið þekkingu hans, og vona jeg að það beri góðan ávöxt. Það er misskilningur hjá hv. þm. (BK), er hann blandar saman ríkisfyrirtækjum og samvinnufyrirtækjum, sem ekki eru lögboðin. Það er jafnmikil fjarstæða að blanda saman „Kreditforeningunum“ dönsku og veðdeildinni, sem er ríkisfyrirtæki, eins og að bera saman landsverslunina og Sambandið. Þess vegna var allur sá vaðall, sem hv. frsm. (BK) kom fram með, viðvíkjandi fyrirkomulagi samvinnufjelaganna dönsku og ís-

lensku hliðstæðunni, hrein og bein vitleysa.

Úr því að hann fór að minnast á samábyrgðina hjá Sambandinu, skal jeg taka það fram, að það er óþarfi fyrir hann að leiða það atriði inn í umræðurnar hjer í deildinni, þar sem hann mun á sínum tíma fá tækifæri til þess að fara ítarlega út í það frammi fyrir dómstólunum og standa þar reikningsskap gerða sinna út af hinni lengstu stefnu, sem nokkru sinni hefir gerð verið hjer á landi, og þar sem farið er fram á þá hæstu skaðabót, sem þekst hefir.

Háttv. þm. (BK) var þó ekki betur að sjer en fyrri daginn, er hann minntist á þetta, því að hann sagði, að jeg hefði komið samábyrgðinni á hjer á landi. Þótt honum kynni að þykja jeg vera voldugur nú, þá er það oflof að segja, að jeg, sem var þá barn að aldri, þegar norðlensku fjelögin komu á þessu skipulagi, hafi komið samábyrgðarfyrirkomulaginu á. Annars tel jeg rjettast af hv. þm. (BK) að fara ekki langt út í þessa sálma, því að, sem sagt, fær hann síðar tækifæri til að tala miklu ítarlegar um þau málefni.

Jón Magnússon: Jeg skal segja fáein orð, til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í deilur manna hjer, en hvað snertir hina lagalegu hlið málsins, þá get jeg ekki verið þar allskostar samdóma hæstv. atvrh. (KlJ). Hann hafði sagt, að frv. mundi ekki geta náð til Íslandsbanka, þar sem hann væri hlutafjelagseign. Jeg er helst þeirrar skoðunar, að ef frv. yrði að lögum, þá mundi það einnig geta náð til þess banka. Hvað sem því líður, er það atriði út af fyrir sig þýðingarlítið, því að Íslandsbanki mun hafa lánað tiltölulega mjög lítið til landbúnaðarins, og stafar það af því, að Landsbankinn hefir frekar verið landbúnaðarbanki, en Íslandsbanki sjávarútvegsbanki. Jeg er að mestu leyti samdóma því, sem frv. byggist á, að bankarnir eigi að taka tillit til áhættunnar og hafa vextina lægri, þar er áhættan er minni. En það á ekki að fara eftir stjettum, eða skipa fyrir um þetta efni á þennan hátt, er frv. gerir. Þarna er því farið illa með rjetta reglu. Annað finst mjer nokkuð undarlegt, og það er, að hvorki hv. nefnd nje hæstv. atvrh. (KlJ) hefir átt tal um þetta mál við bankastjórnina, ekki einu sinni við Landsbankastjórnina. Jeg hefi talað við einn bankastjórann í Landsbankanum, og hann tjáði mjer, að af þingsins hálfu hefði ekki verið minst einu orði á málið við bankastjórnina, nje af hálfu stjórnarinnar. Ef þingið vildi taka upp einhverja skynsamlegri reglu en tíðkast hefir við fyrirkomulag bankans, þá ætti það að ráðfæra sig við bankastjórnina. Jeg verð að segja, að jeg er ekki rjett vel ánægður með till., þar sem á að binda þjóðbankann þannig að lögum, án þess að ráðgast um það við bankastjórnina. Þó greiði jeg dagskránni atkvæði, vegna þess, að þá er hægt fyrir stjórnina að koma einhverju skynsamlegu til leiðar í þessum efnum.

Jeg er þeirrar skoðunar, að þetta, sem hjer er á ferðinni, eigi ekki að vera beint löggjafaratriði, en að það geti verið gott að ráðgast við bankastjórnirnar um það, hvað gera megi til þess að koma því í framkvæmd, sem að nokkru leyti liggur til grundvallar frv. og rjett gæti verið.

Frsm. minni. hl. (Björn Kristjánsson): Það er sáralítið, sem jeg vildi segja. Jeg skýrði skorinort frá skoðun minni á þessu máli, og finst því algerður óþarfi að vera að tala um, að mörg atriði í ræðu minni hafi verið óljós. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að mjer væri ekki ljóst fyrirkomulag „Kreditforeninganna" dönsku, en það eru mörg ár síðan jeg kynti mjer það fyrirkomulag og las lög viðvíkjandi þessum lánsfjelögum. Jeg hefi oft átt kost á að kynna mjer þau nákvæmlega, svo það er alveg út í bláinn sagt hjá hv. 5. landsk þm. (JJ), að jeg hefði óljósa hugmynd um þeirra fyrirkomulag og starf.

Það kemur lítið þessu máli við, þótt hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafi komið því af stað, að mjer yrði stefnt og af mjer krafist 500 þús. kr. í skaðabætur. Jeg finn enga ástæðu til að svara því einu orði. En út af því langaði mig til að spyrja, hvort ekki sje rjett, að rjettarstefnan sje birt, svo að jeg fái að vita, hvað á mig er borið, og geti fengið tíma til að verja hendur mínar. Hún er nú búin að liggja niðri í fullar þrjár vikur eða mánuð, svo að menn hafa ástæðu til að halda, að hún eigi aðeins að vera flagg við kosningarnar, en að málshefjendur sjeu ekki vissari í sinni sök en svo, að þeir þori ekki að eiga á hættu að láta dóminn falla, fyr en kosningar eru um garð gengnar. Það er bara þetta, sem jeg gjarnan vildi vita, hvort málshöfðun þessi á aðeins að vera kosningaflagg eða alvara.

Guðmundur Ólafsson: Það er út af nokkrum orðum háttv. 4. landsk. þm. (JM), sem jeg ætla að segja fáein orð. Háttv. þm. var sammála okkur flm. um, að frv. næði líka til Íslandsbanka. (BK: Ekki ákveðið). Jú, svo skildist mjer að minsta kosti. Hins vegar get jeg fallist á, að frv. nái síður til hans, þar sem hann er aðallega sjávarútvegsbanki. Jeg álít rjettara, eins og þessi háttv. þm. (JM) tók fram, að málið yrði borið undir bankastjórnirnar til þess að fá að heyra álit þeirra. Jeg get ekki skilið í öðru, en að þeir þm., sem hafa sömu skoðun og hv. 4. landsk. þm. (JM), geti vel greitt frv. atkvæði við þessa umr., því að í millitíð getur nefndin ráðfært sig við bankastjórana út af málinu, og svo getur álit þeirra komið til greina við 3. umr.

Jón Magnússon: Jeg tel rjett að tala við bankastjórana þegar, og áður en frv. kemst lengra. Mætti þá taka það nú út af dagskrá. Ef ekki, greiði jeg dagskránni mitt atkvæði.

Guðmundur Ólafsson: Jeg heyrði ekki, að hv. 4. landsk. þm. (JM) kæmi með rök á móti því, að frv. fengi að ganga til 3. umr. Jeg sje ekki, að neitt sje því til fyrirstöðu að greiða atkv. á móti frv. við 3. umr., þó að því hafi verið leyft að ganga svo langt.

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Stutt athugasemd. Jeg tek það aðeins fram, að það, sem jeg hefi sagt um afstöðu Íslandsbanka til frv., var, að jeg mótmælti þeim ummælum hæstv. atvrh. (KlJ), að frv. næði ekki til þess banka. Ef mjer skilst rjett, þá hefir hv. 4. landsk. (JM) sama skilning á þessu atriði og jeg. Meira þarf jeg ekki að bæta við.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 364, frá

minni hl. fjhn., feld með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK.
nei: GÓ, HSn, JJ, KE, SJ, EÁ, HSt.
Tveir þm. (GGuðf, SE) fjarstaddir.

Brtt. 404, 1. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 404, 2. samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 363 (við fyrirsögn) samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv. með fyrirsögninni:
Frumvarp til laga um vaxtakjör.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 443, 463).

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Meiri hluti fjhn. hefir leyft sjer að koma fram með brtt. við fyrri gr. frv. þessa, um það, að fastbinda það ekki, eins og frv. gerir ráð fyrir, með lægri vaxtakjörin til þessara lána. Auk þess bætist við greinina nýr málsliður um það, að sömu kjara skuli sveitar- og bæjarfjelög njóta. Meiri hl. hefir átt tal við stjórn Landsbankans um þetta, og hún hefir tjáð honum, að þetta hafi ávalt verið tekið til greina í þeim banka, er um fasteignalán er að ræða, hvort sem það hefir verið víxillán eða önnur lán. Ef t. d. víxillinn hefir verið trygður með fasteignarveði, þá hefir ekkert framlengingargjald verið tekið af honum. Við fengum ennfremur að vita, að bankinn tekur 6% í vexti, ½% lægri en Íslandsbanki. En innlánsvextir á innlánsskírteini eru 5%. Munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum er því svo lítill, að meira virðist tæplega heimtandi af bankanum í þessu efni. Með brtt. þykist meiri hl. hafa bætt úr þessu gagnvart Landsbankanum. Ákvæði frv. koma ekki til greina gagnvart honum, því að þeim er þegar fylgt. Jeg vil leyfa mjer að mæla með því, að frv. verði samþykt með þessari brtt.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Þetta frv. liggur nú fyrir í þeirri mynd, sem hv. deild skildi við það síðast, og í þessari mynd virðist nú eiga að samþykkja það, til hagsmuna fyrir jarðeigendur.

Þó hv. deild feldi dagskrá minni hluta fjhn. við síðustu umræðu, þá var hún þó eina hugsanlega lausnin á málinu, bæði fyrir bankann sjálfan og lántakendur. Eins og jeg bjóst við og tók fram síðast, mun bankinn verða ófúsari á að veita bankalán með 1% undir venjulegum vöxtum en að veita veðdeildarlán og kaupa brjefin á 94%.

Eins og jeg benti á, gat hann búist við að fá það fje nokkuð bráðlega aftur við sölu brjefanna og inndrátt þeirra. Og í öllu falli gat hann notað veðdeildarbrjefin sem tryggingu erlendis, ef hann þurfi á láni að halda. Láni hann nú beint úr bankanum, fær hann ekki peningana aftur fyr en jafnótt og hann fær lánin greidd. Og hann getur ekki notað slík skuldabrjef sem veð erlendis. Honum er því í öllu tilliti óhagur að

því að veita slík lán í stað þess að veita veðdeildarlán, sem minni hl. lagði til. Og hvernig verða svo lántakendurnir settir eftir þessu frv.? Í fyrsta lagi er það, að þeir taka lán í bankanum, ef þeir annars fá þau, með fult eins háum vöxtum og veðdeildarlán. Í öðru lagi fá þeir lánin í hæsta lagi til 10 ára í aðalbankanum og í útibúunum til 1 árs, samkvæmt reglugerð bankans, í staðinn fyrir 25—35 ár, ef veðið er húsveð, og til 40 ára, ef veðið er jarðarveð. Og í þriðja lagi hafa lántakendur minni von um að geta fengið nokkur verulega lán úr bankanum, af því að honum er það meiri óhagur. Jeg þarf ekki að endurtaka, að ef frumvarp þetta verður að lögum, þá höfum við tvenn lög um sama efni. Því að þessi skipun, um að lána með lægri vöxtum út á fasteign, er þýðingarlaus, þegar ekki er tiltekin minsta upphæð, sem bankinn á að lána á ári. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að nokkur hv. þm. haldi því fram í alvöru, að bankastjórn Landsbankans hafi ekki vald til þess að ákveða útlánsvexti bankans. Það vald er henni veitt í 8. gr. reglugerðar bankans frá 18. okt. 1911, enda hefir bankastjórnin altaf haft það vald, meira að segja útibússtjórar, sem stundum hafa t. d. tekið hærri vexti en Landsbankinn.

Það er reyndar aukaatriði að geta þess, að tekið er fram í frv., að lántakandi njóti þessara lægri vaxta, ef hann aðeins setur fasteignarveð, án tillits til þess, hvort lánið er veitt með 1. eða 2. veðrjetti. En samkvæmt reglugerð bankans, 11. gr., má hann lána út á 2. veðrjett, ef sjerstakar ástæður mæla með. Sá maður, sem fær lán út á 2. veðrjett, á heimting á að fá lágu vextina samkvæmt frv. Mjer hefir þótt rjett að gefa þessa stuttu skýringu, til þess að gera skyldu mína, en mjer er vitanlega sama, hvort þetta frv. verður samþykt eða ekki.

En auðvitað verður það þýðingarlaust, sem við er að búast. Meiri hluti nefndarinnar á hjer brtt. á þskj. 463, og kemur með hana eftir að hann hefir borið sig saman við bankastjórn Landsbankans. Fyrri breytingin, að á undan 1% komi „alt að“ sýnir, að það er rjett, sem jeg hefi haldið fram, að bankastjórninni muni vera óljúft að veita fasteignalán úr bankanum sjálfum, og breytingin gerir frv. að enn meira pappírsgagni. Viðbótartillagan er og þýðingarlítil, því að fæst bæjar- og sveitarfjelög munu nú hafa nokkrar fasteignir að veðsetja; þau eru búin að veðsetja þær allar; svo þetta gerir hvorki til nje frá. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Jeg skal ekki fara út í einstök atriði í ræðu hv. frsm. minni hl. (BK). Skal þó lítillega minnast á tvö atriði.

Hv. frsm. minni hl. (BK) sagði, að Landsbankinn myndi ófúsari á að lána eftir því, sem frv. þetta fer fram á, heldur en að lána gegnum veðdeildina og kaupa bankavaxtabrjefin. Við þrír, sem erum í meiri hl. í nefndinni og áttum tal við bankastjórnina, höfum alls ekki orðið varir við þetta. Enda, ef að kjörunum er gætt, þá verða vextirnir af veðdeildarlánunum, ef bankavaxtabrjefin eru keypt með 94% af nafnverði, fyrir neðan 6% í vöxtum. Ef brjefin eru reiknuð á 85%, þá svarar það til þess, að af þeim sjeu borgaðir nær 6%, eða nákvæmlega 5⅝% í vexti pr. a.

Eins og jeg tók fram áður, þá kom

það fram í viðtali, er við áttum við bankastjóra Landsbankans, að þó frv. þetta verði að lögum, þá myndu þau ekki snerta hann, þar sem hann hefir áður fylgt þeirri reglu að lána gegn lægri vöxtum út á fasteignaveð.

Þá sagði hv. frsm. minni hl. (BK), að bankanum væri betra að kaupa bankavaxtabrjef. Ef útlánsvextir lækka, þá get jeg skilið það, annars ekki, ef sæmilegt verð er gefið fyrir brjefin.

ATKVGR.

Brtt. 463, a samþ. með 8 : 3 atkv.

— 463, b samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3 umr. í Ed. (A. 478).

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

11. Mannanöfn.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um nöfn (þmfrv., A. 107).

Á 20., 33., 41. og 42. fundi í Nd., dagana 14. mars og 4., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Sagan sýnir það hverjum heilskygnum manni, að engin þjóð hefir verið nokkru nýt, sú er eigi sýndi fortíð sinni og forfeðrum ræktarsemi, sú er eigi sýndi fulla trygð við tungu og siði sjálfrar sín, sú er eigi varði þjóðerni sitt með oddi og egg. Tvær öndvegisþjóðir má nefna til dæmis úr fornum sið, þær er oft hafa verið nefndar saman og nú síðast í mjög merkilegri grein eftir Neckel háskólakennara í Berlinni, er hann birti í riti Íslandsvinanna. Þessar tvær þjóðir eru Hellenar og hinir fornu Íslendingar.

Jeg veit, að öllum þingheimi er það ljóst, að andleg afrek hinna fornu Hellena rísa sem bjartur eldstólpi upp úr rökkri samtíðarinnar, og að við þann eld hafa verið kveikt öll þekkingarblys allra alda, þeirra er síðan eru liðnar, og að svo er enn. En hitt er mönnum síður kunnugt, að í engri annari tungu er svo lítið um aðfengin orð sem í fornhellenskri tungu. Og flestir vita, að þeir skiftu íbúum jarðarinnar í tvent, í

Hellena (þ. e. þá, er mæla á hellenska tungu) og Óhellena (ὁι βαρβαροι eða ὁι βαρβαρόφωνοι = þeir sem tala ómál, þ. e. ekki grísku). Ást og virðing á öllu þjóðlegu var einkenni þessarar höfuðmentaþjóðar, svo og trygð við tungu og siði forfeðranna. Sömu stoðir renna undir herfrægð þeirra, því að frægastir urðu þeir fyrir landvörn sína. Hinn bjarti eldstólpi þeirra Hellenanna, er jeg nefndi fyr, kviknaði af hinum helga arineldi, sem Hestia varðveitti bæði á arni þeirra og í hug þeirra.

Jeg þykist og vita, að hv. þm. sje það eigi síður kunnugt en mjer, að andleg afrek hinna fornu Íslendinga eru og hafa öldum saman verið gullnáma allra Norðurlanda og geirmenskra þjóða, hafa verið lýsigull, er sló birtu yfir fortíð þessara þjóða, hafa verið það lýsigull og eru enn, sem leiða mun í ljós margt það um ágæti þeirra sjálfra og menning vora og frændþjóða vorra, er nú dylst. Enda er oss sjálfum og háskóla vorum ætlað þetta ljós til þess að vinna við það gullnámu þá, er jeg nefndi.

Og úr því jeg nefndi ræktarsemi Hellena við móðurmál sitt, þá er og rjett að nefna einnig samstætt dæmi frá forfeðrum vorum. Þeir hleyptu að vísu fleiri erlendum orðum inn í tunguna en Hellenar, en þó unnu þeir eigi að síður meira þrekvirki um varðveislu hennar. Hinn alt sigrandi kristindómur fór þá um öll lönd með bagal og mítur og latneska tungu sem eldur í sinu. En Íslendingar tóku að vísu trúna og bagal og mítur, en þeir ljetu eigi svo mjög undan þessu mikla heimsveldi, að þeir ljetu latneska tungu sitja í fyrirrúmi fyrir sinni eigin tungu. Hitt var heldur, að þeir mótuðu og festu gullaldarmál vort á sama tíma sem aðrar þjóðir, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, leiddu latneskuna til hásætis og afræktu sína eigin tungu og týndu henni síðan.

Einn hluti tungunnar eru eiginnöfnin. Meðferð beggja þessara fyrnefndu öndvegisþjóða var hin sama. Hver maður hjet sínu nafni og var kendur við föður sinn og kölluðust karlmenn synir feðra sinna en konur dætur þeirra. Og þennan sið höfðu báðar þjóðir haft með sjer úr landi, þaðan er allir Herjar bjuggu, áður en þjóðagreining og þjóðaflutningur hófst. En það hefir sennilega eigi verið síðar en þrem þúsundum ára fyrir Krists fæðing. Hjá oss er því síður þessi meira en fimm þúsund ára gamall, og ætti því að þurfa meira en litlar orsakir til breytingar.

Mjer er sem jeg heyri menn koma fram með þá mótbáru, að það sje eigi mikils virði um nöfnin. En hjer er þó alt annað í efni. Nöfn, þ. e. nafnorð, eru sá þáttur tungunnar, sem er einna langminnugastur á sögu þjóðarinnar. Má þar minna á orðið brullaup (brúðhlaup), er sýnir, að í fyrndinni var það síður að nema konur á brott í alvöru, en síðar í leik, er var þá leifar af hinu eldra. Síðar kemur upp sá siður, að mey skal mundi kaupa, og er orðið brúðkaup lifandi vottur þess. Mætti telja slík nöfn í hundruðum. En eiginnöfnin eru þó einna merkilegust að þessu leyti. Sýna þau á margvíslegan hátt ævikjör og hugsunarhátt þjóðarinnar örófi vetra áður væri saga rituð. Allur sá aragrúi af nöfnum, sem dregin eru af nafni Þórs, sýnir ljóslega, hversu mikil helgi hefir verið á guði afls og eldinga. Auðvitað má sjá þetta á fleiri hlutum, svo sem því, að sumar byrjar á Þórsdag,

en ljósast verður mönnum þó hugarfar þjóðarinnar, er foreldrar kunna eigi að velja börnum sínum heillavænlegra nafn en að kenna þau til Þórs. — Þá sýna og nöfnin, að forfeður vorir hafa verið menn gunnreifir, svo sem Sigfús, Gunnrún (Guðrún), Vigfús, Brandr. Og enn sýna þau, að þeir bjuggu í köldum löndum, þar sem birnir voru og úlfar, svo sem Jökull, Bersi, Úlfr, Bera. Mætti lengi telja slík dæmi, en hjer er þó eigi staður nje stund til þess. Jeg hefi nefnt þessi dæmi til þess að vekja þá menn til umhugsunar um málið, sem hafa, ef til vill, eigi gert sjer það ljóst áður. Geta hv. þm. ef til vill gert sjer nokkru ljósara en ella, hvað orðið væri úr þeirri hlekkjafesti frá kyni til kyns, sem gerð er úr endurminningum tungunnar, ef hinn nýi nafnasiður hefði verið kominn á á landnámsöld. Hefði Þórvarður Þórarinsson verið kallaður Th. Önfer og Þórgerður Egilsdóttir verið nefnd Th. Brundebjalvesen, eða Ingólfr Arnarson kallaður I. Sunnfer, eða Ólafr feilan nefnst O. Breiðfer eða O. Hvammon eða þá O. Thorstensen, eða hefði bræður Unnar djúpúðgu verið menn eignarfallsins og heitið Flatnefs. Þá hefðu landar vorir eigi þurft að fyrirverða sig fyrir nöfn sín. Þá bæri þeir að líkindum Kleppskinnunöfn, sumir með endingunni **-an**, t. d. Þvaran Kveran, Skeifan, Skemman, Skaran, sumir með endingunni **-on**, t. d. Skolpon, Gvendarbrunnon, Þvælon, Útverkon, sumir á **-fer**, t. d. Hrútfer, Önfer, Breiðfer, Faxfer, Flófer og Lucifer. Enn aðrir mundu heita jurtanöfnum, t. d. Skollafingur, Geitnaskóf, Lokasjóður, Pjetursbudda. „Þó mundum vjer forgöngumenn nýja tímans," sagði einn af forkólfum hinnar nýju nafnamenningar, „velja oss veglegri heiti en þessi, sem að vísu eru nógu góð handa almenningi. Og vist veit jeg, hvað oss mundi best sama, en það er að vera menn eignarfallsins." Hefði nú sá maður verið uppi fyr á öldum, þá er sennilegt að vjer hefðum nú nöfn sem: Snerils, Húns, Svæfils, Kodda, Potts, Skotts, Dalls, Kjaralds, Faralds, Erils, Jálks, Skálks, Álku o. s. frv.

En staðanöfn eru eigi síður langminnug en mannanöfn. Renni menn aðeins huganum til bæjarnafnanna í Holti. Á þeim má gerla sjá, hvar skógur var, þá er land bygðist, og hvar ryðja þurfti mörkina áður reistur yrði bærinn. Örnefni sem Holtin sýnir, að allar hæðirnar þar voru skógi vaxnar (á latnesku saltus). Og við hvert bæjarnafn og hvert örnefni eru bundnar einhverjar minningar, og má að jafnaði sjá á nafninu, hverjar þær eru, t. d. Svalbarði, Veðramót, Akr, Akreyjar, Akranes, Gerði, Mannabani, Berufjörður, Svínavatn og ótalmörg fleiri.

Allar þessar minningar geta menn skafið út, ef þeir breyta nöfnunum. Og ekki fríkkar, ef þeir bæta gráu ofan á svart og klína helgum heitum á ómerkilega staði. Skessur kváðust á:

Systir, ljáðu mér pott.
Hvað vilt þú með hann?
Sjóða í honum mann.
Hver er hann?
Gissur á Botnum,
Gissur á Lækjarbotnum.

Nú verður að yrkja þessa vísu upp fyrir skessukindina og geta þess, að Gissur búi nú að Lögbergi!! Jeg læt þetta dæmi nægja, því að öllum munu kunn mörg dæmi slíkra skemdarverka.

Þá er annað höfuðatriði, sem gerir viðhald rjettra nafna mikils vert fyrir

viðhald tungunnar. Þau eru allra orða geymnust á beygingar og rjettar orðmyndir, en í þeirra stað koma í hinum nýja nafnasið óbeyjanleg orð. Það verður endirinn á þessari ættarnafna og gæsarlappa öld, að beygingar hverfa úr málinu, enda er góð byrjun þegar gerð: Herra Skramban á frú, sem heitir einnig Skramban, en ekki Skrambana, svo sem búast mætti við eftir lögum og eðli tungunnar. Í gæsarlappahríðinni er það algengt, að menn eigi hluti í „h.f. Kári", ekki í Kára, menn koma „með e.s. Gullfoss," en ekki á Gullfossi o. s. frv. En nái snikjumenningin beygingunum úr tungu vorri, þá er slitið sambandið milli vor og fortiðarinnar, þá er íslenskan orðin ill danska. En hún kve vera auðlærð.

Þriðja höfuðatriði þess mikla hlutverks, sem eiginnöfn hafa unnið í þjónustu íslensks þjóðernis og munu vinna, ef þeim er ekki brjálað, skal nú talið: Nafnasiður vor er skuggsjá hins mikla einstaklingsfrelsis og einstaklingssjálfstæðis, sem einkennir þjóðabálk vorn, og skuggsjá þeirrar virðingar, sem vjer og forfeður vorir hafa jafnan borið fyrir konum og rjetti þeirra, svo sem hinn rómverski nafnasiður var skuggsjá þess ófrelsis, er konur áttu þar við að búa.

Svo sem jeg sagði fyr, var nafnasiður Hellena nákvæmlega hinn sami sem vor, og svo gersamlega eins var hann, að þar tíðkuðust og auknefni sem hjá oss. En siður Rómverja var allur annar, þótt þeir væri af sama stofni runnir. Þar hjetu menn þrem nöfnum: fornafni (prænomen), ættarnafni (nomen gentilicium) og viðnafni (cognomen) og stundum auknefni (agnomen) hinu fjórða. Dæmi: Marcus Tullius Cicero, Publius Cornelius Scipio Africanus. Um kvennaheiti var nú sá siður, að dætur hjetu ættarnafni föður síns, meðan þær sátu í föðurgarði, og var þá greint svo á milli margra dætra, að þær voru kallaðar eldri og yngri eða 1., 2., 3. o. s. frv. Til að mynda hjet dóttir Ciceros Tullia, og hefði hann átt þrjár dætur, þá hefði þær heitið 1., 2. og 3. Tullia. En er heimasætan var manni gefin, þá skifti hún aðeins um ætt og hjet þá ættarnafni mannsins síns. Ef Tullia hefði átt mann, er hjet Publius Cornelius Scipio, þá hefði hún upp frá því heitið Cornelia. Þetta var eðlilegt þar, fyrir þá sök, að þar átti fyrst faðirinn og síðar maðurinn vald á lífi kvenmannsins, og því lýsir nafnasiðurinn með þeim hætti, að hún er aldrei sjálfstæður maður, heldur eignarhlutur, fyrst þessarar ættarinnar og síðan hinnar. Þetta verður enn þá ljósara, þegar borinn er saman við þær nafnasiður leysingja. Þeir tóku fornafn og ættarnafn húsbónda þess, er gaf þeim frelsi, en að viðnafni höfðu þeir hið gamla þrælsheiti sitt. T. d. Lucius Cornelius Chrysogonus leysingi Sullu, en það er sama sem að heita: Chrysogonus, fyrrum þræll hjá Lucius Cornelius Sullu. En eftir rómverskri löggjöf voru þrælar „res", þ. e. hlutur, sem húsbóndinn hafði jafnt vald yfir sem vjer yfir fjenaði vorum.

Telja menn það sæmandi íslenskum konum að taka upp nafnasið, sem svo er upp kominn og hvílir á slíkum endurminningum? Og telja menn það sama frjálsum mönnum að taka upp þann nafnasið, er á þann uppruna, sem nú mun sagt verða?

Rómverjar lögðu undir sig alla Gallíu, Spán og nokkurn hluta Þýskalands og settu nýlendur víðs vegar um þessi lönd

og fleiri, sem jeg hirði eigi að nefna. Nú voru undirkararnir ríkari og betur settir um flest en landsmenn sjálfir, og leysingjar þeirra slíkt hið sama. Urðu því nokkrir til þess fyrstir í hverju landi að smeygja sjer inn í valdhafaflokkinn með því að taka sjer nöfn, er sambærileg væri þeirra nöfnum. Þetta smá-ágerðist svo eftir því, sem stundir liðu, og eftir margar aldir var nafnasiður þessi orðinn algengur um flest lönd álfunnar, nema Norðurlönd. En svo fór þó að lokum, að þessi ófagri skuggi gamals þrældóms skreið einnig yfir þau, og var þá að lokum engin þjóð eftir nema hinn tryggi útvörður norræns þjóðernis, tungu og siða, Ísland.

Vjer höfum verið trúir verðir þessara dýru hluta alt frá því, er Ísland bygðist. Þó hefir á orðið fyrir oss á margvíslegan hátt um vernd tungunnar, og var svo langt komið, að embættismenn vorir rituðu mjög skælt mál og úr lagi fært. En öll alþýða manna var geymnari á þann fjársjóð en lærðu mennirnir.

Þess vegna geymdist tungan og fjekk viðreisn sína fyrir forgöngu ágætismanna á fyrra hluta nítjándu aldar. Þó var ein meinsemd þá, er fjekk jafnvel vöxt og viðgang á sama tíma sem menn unnu að því að reisa tunguna við. Þetta var sú meinsemd, sem ættarnafnasýkillinn veldur. Jafnvel Jón Sigurðsson skrifaði sig um tíma „Sivertsen“, en hann hætti því fljótt. Þó smáfjölgaði „sen“-um, og var þó við hóf. Þetta var svipað vægri „influensu“ eða landfarsótt, sem berst hingað stundum frá Norðurlöndum. En er nítjánda öldin leið, einaði sóttin, er nýir sýklar bárust úr Vesturheimi, svo sem fór um landfarsóttina miklu, er gerðist að drepsótt. Austrænn og vestrænn uppskafningsháttur gerðu nú fjelag sín á milli og urðu þá nafnalögin ávöxtur af því sambandi. Hefir sá ávöxtur haft Draupniseðli, því að fyrst draup af honum Kleppskinna og síðan öll sú nafnaprýði, er við hefir bætst á síðustu árum.

Enginn efi er á því, að rjett er það, sem sagt var hjer að framan um þá spilling tungunnar af nafnafargani síðustu ára, og væri ekki minsta vit í því að láta slíkt afskiftalaust. Breytingar á bæjanöfnum og örnefnum þurfa eigi nauðsynlega að verða til málspillingar, nema þau sjeu rangt mynduð og smekklaus, nýju nöfnin, sem oft vill verða. En bæði er slíkt nafnahringl, og eigi síður útskit fornhelgra heita, sjúkdómseinkenni á þjóðerniskend vorri, og sá sjúkdómur dregur þjóðina til dauða, sje eigi við gert nú þegar. Trygðarleysi, ræktarleysi, skilningsleysi og vanþakklæti, samfara undirlægjuskap og uppskafningshætti, verður þessari þjóð tortíming, ef við gerum eigi við þegar. Mjer er það ljóst, að það mega heita óyndisúrræði að vernda þjóðerni með lögum fyrir sjálfri þjóðinni, en þó er nú sjálfsagt að reyna þann veg, í þeirri von, að komandi kynslóðir verði betri en þessir menn, er nú kallast: Eiríks-s(u) Arnar, Gormar, Fanndal, Lokasjóður, Skollafótur, Tungal, frk. Útverkon, frk. Reykjavík, Tunglon og Sólon, frú Utan og Útsunnan, herra Ofan og frk. Neðan o. s. frv.

Verður mikið til þess að vinna, að þær kynslóðir fái óskemt í sínar hendur mótað og ómótað gull fortíðarinnar, og þá einkum hinn dýrasta gimstein, sem vjer eigum, tunguna. Geymni vor á tunguna hefir gert þjóð vora mikils metna meðal þjóðanna, hefir gert oss

að sjálfstæðri og frjálsri þjóð. Og þau gæði munu endast oss alla þá stund, sem vjer göngum í spor feðra vorra um ræktarsemi og trygð við tungu vora og þjóðerni. Nú er þess gætanda, að vjer verðum að gjalda miklu meiri varhuga við erlendum áhrifum en fyr, því að samgöngur hafa vaxið svo mjög sem allir vita, en hafið hefir reynst oss hin mesta verndarvættur á umliðnum öldum.

Jeg hefi heyrt það á ýmsum mönnum, að þeim þykir þetta allmikið harðræði, að banna mönnum að nefnast sem þeir vilja. Vil jeg í því sambandi benda á tvent. Fyrst er það alkunna, að lengi hefir verið í lögum hjer og er enn, að prestar mega neita að skíra ónefnum, og hefði nafnalögin frá 1913 aldrei komið út, þá hefði klerkastjettin getað kæft þennan ófögnuð allan í fæðingunni, en þeir fá við ekkert ráðið, ef ósóminn hefir lagavernd.

Í öðru lagi vil jeg geta þess, að helst má snúa þessu brigsli um harðneskju við. Örfáir menn vilja leyfa sjer að breyta siðum heillar þjóðar, 2% ætla að knjesetja 98%. Hafa menn heyrt slíkrar bíræfni getið? Hafa menn gert sjer ljóst, hvílík ósvífni felst í þessu?

Myndi eigi kominn timi til þess, að níutíu og átta menn sýndi þessum tveim í tvo heimana?

Enginn skyldi halda, að jeg sje hinn fyrsti eða hinn eini maður, sem vill setja lög um þetta efni. Mun jeg því til sönnunar lesa nokkur atriði úr þingtíðindum 1881, ef hæstv. forseti leyfir:

Þskj. 263 í þingtíðindum þess árs, á bls. 609, er frumvarp til laga um nöfn manna. Þar stendur í 1. gr.:

„Í hvert sinn, sem kveðja skal mann til embættissýslanar, þingstarfa eða annars starfs, snertandi málefni almennings, skal nefna, auk nafns þess, er hann er skírður með, nafn föður hans eða móður. Sömuleiðis á í hvert sinn, er yfirvald eða prestur nefnir mann í rjetti eða frá prjedikunarstóli, að skýra frá því, hvers son eða dóttir hlutaðeigandi sje.“

Í 2. gr. segir svo:

„Ekki má skíra neitt meybarn karlmannsnafni og ekki má nefna eða skrifa neinn mann, sem hefir fast heimili á Íslandi, son annars manns en föður síns eða móður.“

Þá hljóðar 3. gr. svo:

„Eftirleiðis má ekki skíra neinn mann ættarnafni, nema konunglegt leyfi sje til þess. Ekkert ættarnafn má enda á „son“. Fyrir ættarnafnsleyfi skal borga 500 krónur, sem renna í landssjóð. — Hver sá, sem skrifar sig ættarnafni, skal þar að auki greiða árlegan nafnbótarskatt, 10 krónur fyrir hvert atkvæði, sem í nafninu er.“

Flutningsmenn voru þeir Jón Jónsson (landritari) og Jón Ólafsson, sem var þá í fylsta þroska og í blóma lífsins. Við 1. gr. gera þeir meðal annars þessa athugasemd:

„Í þingskapaþætti 25. kap. þess handrits hinnar fornu lögbókar Íslendinga, sem konungsbók nefnist, stendur meðal annars: „oc er goþinn skyldr at segja ryþiandanum, hvern hann nefnði í dóm, ef hann spyr, oc nefna dómandann oc svá foþur hans eða moþur, ef þau vorv íslendzk.“

Í athugasemdum við 2. gr. segja þeir svo:

„Að láta skíra meybörn karlmannsnöfnum, sjer í lagi nöfnum, er enda á son, virðist ótilhlýðilegt hjer á landi, þótt slíkt viðgangist í öðrum löndum. Það virðist ekki verra fyrir útlendinga, er setjast hjer að fyrir fult og alt, að þurfa að breyta nöfnum sínum, að svo miklu leyti sem þau koma í bága við þessi lög, en það er fyrir Íslendinga að breyta nöfnum sínum, þegar þeir setjast að í útlöndum."

Og loks segja þeir í athugasemdum sínum við 3. gr.

„Ættarnöfn virðast hjer á landi eigi aðeins óþörf, heldur jafnvel skaðleg, þar sem þau geta komið til leiðar misskilningi og rjettaróvissu."

Má sjá á þessari athugasemd þeirra, að þeir hafa eigi verið á sömu skoðun sem maðurinn, er ljet svo um mælt: „Enginn gengur heilt ár í sömu skyrtunni, og er hún þó minna brúkuð en nafnið."

Þessir menn fóru að vísu skemra en jeg í tillögum sínum, en þess ber að gæta, að ónefnasýkillinn var þá ekki svo ægilegur sem nú er orðið. Og sammála mjer hafa þeir verið um það, að vel mætti skipa slíku með lögum og að slíkt sje ekki neitt harðræði. En oss verður ekki eins dæmi í þessu, sem nú verður sagt.

Dæmi eru og til frá öðrum þjóðum, að þær hafi sett lög um nöfn, sumar til hins verra og sumar til hins betra. „Socialdemokraten" norski, 5. febr. 1923, segir frá því, að lögþingið norska hafi nú sett lög til þess að laga nöfn manna þar í landi. Sögðu þingmenn, að eigi væri vanþörf á slíkum lögum, því að þar væri nöfn slík sem Appelsína, Rúsína, Polka, Mazurka — og einn kvenmann þektu þeir, er hjet Closetta. Eftir því mættum vjer og eiga von á ættarnöfnum sem Closettan, Aborton, Toiletton o. s. frv. Sá aðall yrði vafalaust meiri háttar en hinn forni landnámsaðall, sem ber hin fornu íslensku nöfn, að minsta kosti bæri þá nöfnin vott um það, hversu bjartur sjálfstæðislogi brynni þar hið innra.

Nú afhendi jeg fulltrúum þjóðarinnar þetta mál, og er vel, að kjósendur hafa nú bráðlega tækifæri til þess að sýna þeim, hvern veg undirtektir þeirra mælast fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 107).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg veit, að háttv. þm. muni hafa sjeð niðurlagið á þessari stuttu greinargerð minni fyrir frv., sem gerir grein fyrir því á þann veg, að það sje einskonar fyrirspurn til Alþingis, hvort það viti nokkurn annan skyldari til að vernda dýrustu eign þessarar þjóðar en sjálft sig. Jeg get ekki annað nú en staðið upp, til þess í sambandi við þetta niðurlag greinargerðarinnar að þakka háttv. þdm. fyrir góðar undirtektir við frv. Vonast jeg til þess, að framhald verði á því, svo að það ásannist nú, eins og svo oft áður, að háttv. þm. kenna nú, þegar kemur að hjörtum þeirra, eins og valurinn. Þótt sundurleitar skoðanir og flokkarígur vefji oft málin þoku og villi mönn-

um sýn, þá hefir Alþingi þó oftast borið gæfu til að þyrla burt þokunni, er um þýðingarmikil þjóðernismál var að ræða.

Jón Þorláksson: Mjer finst rjett, að þessu máli verði sýndur sá sómi að vísa því til háttv. mentamálanefndar, og leyfi jeg mjer hjer með að gera það að tillögu minni.

Jakob Möller: Jeg greiði atkv. á móti þessu frv., af þeirri sök, að jeg álít það ganga svo nærri persónulegum rjetti manna, að með öllu sje óverjandi. Jeg tel það hart, ef menn hyggjast með lögum að banna mönnum, sem borið hafa ættarnafn áratugum saman, ættarnafn, sem hefir gengið að erfðum lið fram af lið, að banna þeim, eða rjettara sagt að neyða þá fyrir hönd barna sinna og ættar að leggja það niður. Háttv. flm. (BJ) ætti þó að vera það kunnugt, að gömul ættarnöfn eru mörgum mönnum sem helgur dómur og þeim mjög kær. Getur hann þá varla í alvöru borið mönnum á brýn skort á þjóðernisrækt, þótt þeir sjeu ófúsir að fleygja burt þessum sameiginlega kjörgrip ættar sinnar. Mun hann ekki með slíkum gífuryrðum fá mig til að greiða þessu frv. atkv. mitt, og vænti jeg að svo fari um fleiri.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend upp í þetta sinn af því að jeg er hlyntur þessu frv. og vil leggja því liðsyrði, þótt ekki geti jeg felt mig við það óbreytt. Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir stungið upp á því, að frv. verði vísað til mentmn. Jeg tel líka sjálfsagt að vísa því til nefndar, þó ef til vill af nokkuð öðrum ástæðum en hann. En mjer hefir dottið í hug, að rjettara myndi, ef til vill, að láta það fremur ganga til allshn. heldur en mentmn., sem jeg hefi nokkra ástæðu til að ætla, að sje því síður hlynt.

Það eru ýmsar gr. frv. svo lagaðar, að mjer finst ekki rjett að lögfesta þær eins og þær eru. Væri rjettara að láta nefnd athuga þær og koma fram með brtt. við frv. T. d. skal jeg taka 4. gr. frv. Jeg veit ekki til þess, að í lögum sje neinn stafur um viðurnefni og nafnfesti þá, sem þar ræðir um, og mætti því vel svo fara, ef ekki er ákveðið neitt nánar um þetta, að það yrði misbrúkað. Þá getur mjög orkað tvímælis, hvort rjett sje að lögfesta 8. gr., svo mjög, sem hún virðist ganga nærri rjetti þeirra manna hjer á landi, sem ekki eru íslenskir þegnar, en njóta þó sama rjettar og innlendir menn, svo og einnig þeirra erlendu manna, sem hafa vilja hjer landsvist um lengri eða skemri tíma. Sama máli er að gegna um 10. gr. frv. Þar virðist mjer tekið of djúpt í árinni um sektarákvæðin fyrir að nota fornhelg heiti, svo sem ásanöfn. Væri rjettara að hefla gr. lítið eitt, og myndi hún koma að fullu gagni, þótt sektarákvæðin væru lægri.

Jeg endurtek það svo, að það er sökum þess, að mjer er ant um þetta mál, að jeg styð það á þennan veg. Jeg tel sigurvænlegustu leiðina fyrir það að láta það ganga til nefndar, en mjer er í rauninni ekkert kappsmál, hver nefndin það verður, sem um það fjallar, þótt jeg telji allshn. standa næst að fara með það.

Bjarni Jónsson: Menn eru stundum bjartsýnni en ástæða er til, og svo hefir mjer farið að þessu sinni. Það er þó eigi svo, að jeg hafi vænst annars af háttv. sessunaut mínum (JakM) en

hann yrði á móti frv. Hann er einn þeirra fáu manna hjer á landi, sem bera gamalt nafn, og jeg get vel skilið, þótt þeir menn, sem svo stendur á um, hafi tekið ástfóstri við ættarnafn sitt og vilji leggja rækt við það og láta börn sín gera hið sama. Hitt kalla jeg þó ekki minni rækt, að kalla sig son föður síns. Því mest á ræktin að vera við föðurinn, þá við afann og svo koll af kolli, að hún fer minkandi eftir því, sem lengra dregur. Þannig er þessu farið um hinn forna nafnasið vorn. Þó dettur mjer ekki í hug að lá háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) og þeim, sem eins er ástatt um, þótt þeir vilji halda nafni ættar sinnar. Og ekki er það til hans mælt, er jeg hefi talið það vott megns þjóðræktarleysis að vilja kasta þannig burt siðum og venjum forfeðranna. Öðru máli er að gegna um þá menn, sem taka upp ný nöfn, strax og þeir komast á legg, og strika út nöfn feðra sinna. Menn, sem taka upp heiti grasa og bergtegunda og önnur fáránleg nöfn og þykir þetta hin mesta prýði af því, að þeir kenna þar erlends keims. En það er svo um flest slík mál, að það er ekki unt að koma þeim fram, án þess að einhverjir fái ómaklega að kenna til. Var það einmitt með tilliti til þeirra manna, sem bera gömul ættarnöfn, að jeg samdi 3. gr., en ekki hinna, sem frá fæðingu hafa borið nafn föður síns, en fleygt því síðan, til þess að geta tekið upp erlendan sið. Það verður ekki komist hjá því, þótt einhverjum falli miður. Vil jeg og ekki deila við hv. sessunaut minn (JakM) um þetta. Lít jeg svo á, að hann og aðrir, sem eins stendur á um, verði að meta hjer meira hag þjóðarinnar og beygja sig, til þess að þessi siður festist ekki í landinu. Orð hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) lýstu ekki neinum illum hug á frv., og var það sem vænta mátti, þar sem hann er þó enn sonur föður síns. En jeg lít svo á sem það sje heldur misskilin hjálpfýsi við málið að vilja vísa því til hv. mentmn., því svo virðist, sem málum gerist heldur svefnhöfugt í höndum hennar. Á öndverðu þingi kom jeg fram með frv. um mentaskólann, sem mörgum háttv. þm. kemur saman um, að gæti leitt til hins mesta sparnaðar, ef það næði fram að ganga. Myndi það meðal annars leiða til þess, að spöruð yrðu laun 12 kennara við skólann. En þrátt fyrir sparnaðarhug þingsins, sem nú nýlega lýsti sjer í frv. til laga um að sálga einum ævagömlum síldarmatsmanni, hefir hv. mentmn. ekki þótt liggja mjög á að afgreiða þetta frv., því hún er ekki búin enn að skila því frá sjer. Býst jeg við, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafi ekki gætt þess, hve seint öll mál ganga í hv. mentmn., og veit jeg því, að hann mun taka till. sína aftur, er jeg hefi bent honum á þetta.

Þá sný jeg mjer að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem er, eins og menn vita, einn af stjórnmálaspekingum þessarar háttv. deildar.

Hann vildi telja mönnum trú um, að honum væri ant um málið, og hneigðist því að því að vísa því til nefndar. En jeg leyfi mjer að draga það í efa, að þetta stafi af einskærri umhyggju fyrir þessu frv., heldur því, að hann vilji umsnúa því og koma fram einhverju, sem honum líkar. Annars er svo langt síðan þetta mál kom fyrst fram, að bæði þessi hv. þm. (SvÓ) og aðrir hefðu haft nægan tíma til að koma

fram með brtt. við það. Myndi hann og sjálfsagt hafa gert þetta, ef honum væri svo ant um málið sem hann lætur. Hann kvartaði undan 4. gr. frv. Kvað hann viðurnefni þar eiga að staðfestast með nafnfesti að fornum sið, en kvartaði svo jafnframt undan því, að alveg vantaði ákvæði um það, hvernig með þá nafnfesti skuli farið, því hvergi sje neitt að finna um það í núgildandi lögum. Þetta sætir undrun um svo mikinn lagasmið, að hann skuli ekki skilja það, að greinin sjálf kveður á um þetta, og það með orðunum, sem hann hafði sjálfur yfir. Um nafnfestina skal fara að fornum sið. Háttv. þm. (SvÓ) á að gefa digra gullhringa í nafnfesti, en ekki hitt og þetta rusl af hvalveiðastöðinni í Mjóafirði. Getur hv. þm. annars hlotið nægar leiðbeiningar í þessu efni, ef hann sest niður við að lesa hin gömlu gullaldarrit vor.

Þá gerði hv. þm. (SvÓ) nokkrar athugasemdir við 8. gr. frv. Vildi hann láta gera útlendingum hærra undir höfði en landsins þegnum. Hann getur fallist á, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og aðrir landsmenn, sem eins stendur á um, beygi sig undir þennan þjóðarsið vorn. En ef Kínverji kemur og vill setjast hjer að, þá má aldrei ætlast til að hann hagi nafni sínu eftir íslenskum sið. Það þarf endilega að fara betur með hann. Dálitið undarleg umhyggjusemi. Eins og það megi ekki koma við þessa náunga, af því að þeir eru fæddir í öðru landi. Hv. þm. (SvÓ) ætti að setja sjálfan sig í nefnd til að laga sjálfan sig, svo að hann geti starfað að löggjöfinni af dálítið meira viti.

Þá vill hv. þm. (SvÓ) laga sektarákvæði 10. gr. og hefla greinina. Er auðsætt af orðum hans, að hann vill hafa sektarákvæðin á þann hátt, að þau ginni menn til að brjóta lögin. Jeg vil aftur á móti hafa sektarákvæðin svo, að þau aftri mönnum algerlega frá að brjóta þau. Háttv. þm. (SvÓ) vill með sektarákvæðum laganna segja við menn: Þú mátt nú eiginlega ekki gera þetta, góðurinn minn, nema þú borgir peninga fyrir. Því er um að gera að hafa sektirnar ekki hærri en svo, að þær fæli menn ekki frá að brjóta lögin. Með öðrum orðum, hv. þm. (SvÓ) hefir hugsað sem svo, að ekki væri úr vegi að græða nokkrar krónur í ríkissjóðinn á lögunum. Skal jeg játa, að slíkt getur verið mjög eðlilegt af þeim, sem er ant um málið á sama hátt og honum. Annas er flest á sömu bókina lært hjá þessum hv. þm. (SvÓ). Það er sá sami maður, sem jeg boðaði á fund í gærdag í vatnamálanefndinni. Gat hann þá ekki komið sökum anna. En þó hefir hann haft tíma til að kljúfa nefndina og unga út nál. Þetta mun sjálfsagt vera af því, að þar er mál, sem honum er ant um. (SvÓ: Nú eru nöfnin að gleymast). Nei, en jeg vildi aðeins benda á það, hversu umönnun þessa hv. þm. (SvÓ) kemur fram á margvíslegan hátt, ef svo er sem hann segir um hana. Og jeg vildi segja honum það, að hvað sem öðru líður, þá mun hann hvorki telja mjer nje öðrum trú um, að honum sje mjög ant um þetta mál, úr því hann gaf sjer ekki tíma til að koma fram með brtt. um það, sem honum finst breyta þurfa. Það fer hjer eins og oftar, að hann þorir ekki að halda því fram, sem hans betri vitund vildi vera láta, og tekur svo það ráð að vefja málið og reyna að draga það á langinn,

Magnús Pjetursson: Jeg vildi leyfa mjer að gefa þá skýringu, að frv. um lærða skólann kom fyrst til mentmn. 27. mars. Var hún um þær mundir orðin svo hlaðin störfum, að ekki var nein von til að það yrði afgreitt fyrst um sinn. Annars get jeg glatt hv. þm. Dala. (BJ) með því, að nefndin hefir nú klofnað um þetta mál, og mun sá hluti hennar, sem honum er sammála, leggja fram álit sitt nú næstu daga.

Eiríkur Einarsson: Mjer þykir leiðinlegt, að jafngott mál og lagfæring á nafnalöggjöfinni skuli vera rætt hjer í hv. deild af svo miklu kappi og jafnvel svo einhliða, að við óefni er búið. Finst mjer annars vegar hv. flm. (BJ) fara nokuð geist í sakirnar, og á hinn bóginn aðrir óþarflega kvikusárir, er rætt er um takmarkanir á ættarnafnafarganinu. Jeg skil vel afstöðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og er honum samdóma um það, að gerræði sje að svifta börn gömlum ættarnöfnum feðra sinna. Við sum þeirra er eigi aðeins bundin ættartrygð, heldur og þjóðartrygð. Eru mörg þessi gömlu ættarnöfn orðin svo samgróin málinu, að lítið mun saka, þótt þau haldist áfram. Hins vegar tel jeg frv. mjög þarft, að því leyti, er það kemur í veg fyrir þetta nýja ættarnafnafargan, sem er nú að leggjast á þjóðina. Eru mörg þau nöfn eigi merkilegri en svo, að lítill skaði er í, þótt sjeu lögð niður. Vilji nú samt einhver fyrir hvern mun halda þessu nýja nafni handa ætt sinni, finst mjer, að komið gæti til greina að gerbanna ekki hin nýju ættarnöfn, en afla þá ríkissjóði álitlegs tekjuliðs, sem tolls af svo óþörfum varningi. Í þannig löguðum háum viðurlögum væri og góð vernd fólgin.

Þá finst mjer sektarákvæðin nokkuð há og koma ekki allskostar rjett niður. Álít jeg mentun manna ekki á svo háu stigi alment, að hægt sje að ætlast til að foreldrum geti ekki skotist í þessu efni. Finst mjer, að rjett væri að leggja aðaláhersluna á, að prestarnir sjái um að lögunum sje hlýtt, og skiri aðeins skammlausum nöfnum, og megi þá taka ráðin af mjög smekklausum foreldrum. Þeir eiga að hafa nægilega mentun til þess, að hægt sje að gera þessa kröfu til þeirra.

Eins er um bæjanöfnin. Jeg tel viðsjárvert að breyta gömlum heitum; af því hlýst aðeins ruglingur og smekkleysur einar. Er því sist úr vegi að herða þar ákvæðin.

Jeg er því annars hlyntur, að málið gangi til 3. umr., og vil jeg taka höndum saman við þá hv. þm., sem vilja milda frv., líkt og jeg hefi drepið á, og koma með brtt. Hins vegar er jeg hræddur um, að það kynni að daga uppi, ef því væri vísað til nefndar, og tel því best að afgreiða það nefndarlaust. Yrði því á hinn bóginn vísað til nefndar, tel jeg eðlilegast að mentmn. fjalli um það.

Jón Þorláksson: Jeg leit svo á, er þessu máli var með öllum greiddum atkvæðum vísað til 2. umr., að það væri gert í virðingarskyni við hv. flm. (BJ) og þakkarskyni fyrir þá snjöllu ræðu, sem hann flutti. Hitt efast jeg um, að nokkrum hv. þm. hafi komið til hugar, að það næði fram að ganga svona, eins og það er nú Og jeg skal nú játa, að jeg gerði það að till. minni, að því yrði vísað til hv. mentmn., einungis í því skyni, að það fengi að sofna á viðeigandi hátt. Nú hefir háttv. flm. (BJ) ekki viljað þiggja þessa sæmd, og

er þá ekki annað fyrir en að taka upp umr. um málið.

Jeg lít þá svo á, að þetta frv. sje ein fjarstæða frá upphafi til enda, af því, að það gengur alt of nærri persónulegum rjettindum manna og setur ákvæði um það, sem einstaklingurinn á sjálfur að ráða yfir eða foreldrar fyrir börn sín. Háttv. flm. (BJ) er ekki svo skyni skroppinn, að hann viti ekki, að menning einnar þjóðar er hvorki meiri nje minni, þó að hún fái að sýna sig eins og hún er, t. d. eins og hún kemur í ljós í meðferð nafna. Menningin er í eðli sínu hin sama, þó að hún komi þannig fram. Frv., sem menningarmeðal, nær ekki tilgangi sínum. Ef menningin kemur fram í slæmri óvenju eða tísku, þá verður að berjast á móti henni og breyta henni með öðru en þvingunarmeðulum. Eins og t. d. að hjer er farið fram á að banna mönnum að gefa börnum sínum fleira en eitt nafn..

Þetta er nú það, sem segja má um frv. alment, sem snertir fyrst og fremst það menningarlega, og í öðru lagi skerðing á persónufrelsi manna og gömlum siðum.

Þá kemur fram í 3. gr. frv. ákvæði, sem særir velsæmistilfinningu manna. Það særir tilfinningu allra óspiltra manna að banna mönnum með lögum að bera þau nöfn, sem börn hafa hlotið í heilagri skírn.

Jeg læt ekki fleiri orð falla um frv. að sinni; en vilji hv. flm. (BJ) ekki þiggja, að því verði vísað til mentmn., sem er sæmileg meðferð, þá get jeg með atkv. mínu stuðlað að því, að það verði felt nú þegar.

Bjarni Jónsson: Jeg get verið þakklátur háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir það, að hann segir hreint og beint sína skoðun og stendur við hana opinberlega. Mjer þykir því vænt um mótmæli hans, þó að skoðun hans sje þröng og jeg sje gersamlega ósamþykkur öllum ástæðum hans. Mjer geðjast betur að hreinni og beinni mótstöðu hans heldur en þegar menn sitja með hæverskusvip og vilja svæfa málin í nefndum. Mjer þykir verra, að farið sje í krókaleiðum, lævíslega aftan að mjer og frv. mínum, til þess að svæfa þau í nefndum; og heldur vil jeg láta fella þau en að svo verði með þau farið.

Ekki má skilja þetta svo, að jeg haldi því fram, að það sje sama sem að drepa frv. að setja það í nefnd. Jeg hefi ekkert á móti því að senda það til mentmn., ef hún vill afgreiða það fljótt og er fús á að taka það til meðferðar. Mjer er ekkert kappsmál, að frv. gangi fram óbreytt, en það er aðalstefnan, sem jeg legg áherslu á; og jeg vil ekki að þm. geti losað sig við að greiða atkv. um hana.

Skal jeg svo hverfa að rökfærslu háttv. 3. þm. Reykv. Hann taldi frv. þetta vera brot á almennum mannrjettindum. En ætli hann, og margir aðrir, fremji ekki stundum margskonar brot á þeim? Er ekki t. d. ákveðið með lögum, að mönnum skuli skylt að læra hitt og annað Í öðrum löndum hafa oft verið sett lög um þessi efni; og stundum til afvegaleiðslu. Eins og t. d., þegar þjóðverjar þröngvuðu ættarnöfnum upp á Gyðinga.

Hjer er það rjettara og eðlilegra að koma fram og viðhalda hinum fornu, germönsku nöfnum. En þá verður ekki hægt að komast hjá því að ganga hart að öðrum hvorum, frumnöfnum eða ættarnöfnum. Þetta hefir komið í ljós

erlendis, en þar urðu ættarnöfnin ofan á; og það hefir sýnt sig að vera til ófarnaðar þjóðerninu.

Í frv. þessu eru ekki reistar frekari skorður en nauðsynlegar eru gegn því, að brotinn verði mörg þúsund ára gamall siður með því að apa eftir útlendri nafnatísku. Lítum á lögreglusamþykt bæjarfjelaga; þar er sett margskonar skerðing á almennum mannrjettindum, meiri og óþarfari en í þessu frv.; og þannig má telja margt fleira. Í Jónsbók er mönnum bannað að ganga í litklæðum. Þetta tel jeg verra; enda að líkindum frá útlöndum komið, að bannaður var slíkur þjóðarsiður.

Það hefir verið í lögum, að prestar mættu neita að skíra börn afkáralegum nöfnum, þó að því hafi verið slælega framfylgt og prestarnir hafi ekki gegnt skyldu sinni í þeim efnum. Og víða er í lögum samskonar eða meiri skerðing á rjettindum manna en hjer er ráð fyrir gert.

Hann hjelt, háttv. þm. (JÞ), að jeg væri ekki svo skyni skroppinn að halda, að menningin væri neitt verri eða ósannari, þó að hún fengi að sýna sig eins og hún er. Jeg hefi ekki fengið neinn mælikvarða á mína skynsemi, og veit ekki hvort hún er mikil eða lítil nema í samanburði við skynsemi annara þm., t. d. hans sjálfs (JÞ). Jeg er þó ekki skyni skroppnari um menninguna en svo, að jeg veit að venjur gefa fordæmi.

Nú hefir menningin aflagast í þessu efni. Við langdvöl mentamanna landsins erlendis á fyrri árum, hjá þjóð, sem búin var að týna sinni fornu venju, spratt upp þessi nafnaósiður; menn smituðust þar, og fanst það vera smekklegra t. d. að hnýta útlendum endingum aftan við nöfn sín og föðurnöfn. Svo leið og beið til ársins 1913, og þá voru sett lög til verndar þessari menningarstefnu. Svona er það, þegar tískuöfgar menningarinnar ná yfirtökum og menn eru að sýnast, þá fer alt versnandi. Svo styrktust þær við það, að háttv. þm. þurftu að gera það fyrir kjósendur að halda fram ættarnöfnum. En þetta á ekki við háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), þó að á milli okkar sje mikill meiningarmunur.

Þetta frv. er menningarrjetting; og jeg er ekki svo skyni skroppinn, að jeg álíti það sje sama, hvernig menningin sýnir sig. Alt uppeldi á að kenna mönnum sitt eigið og miða við venjur, sem menn halda góðar og gildar. Svo að einstaklingarnir sjeu ekki eins og fokstrá, sem tilviljunin ein ræður um, hvort og á hvern hátt þeir festa rætur. Alt uppeldi er meira og minna þvingun, og mest er undir því komið, hvort það stefnir í rjetta eða ranga átt. Áður hefir komið fram nafnastefna í ranga átt; en þessi stefna horfir í rjetta átt.

Þegar háttv. þm. (JÞ) talaði um helgi skírnarinnar í þessu sambandi, gat jeg ekki varist brosi. Þetta gæti þá ekki snert aðra en börn innan 10 ára aldurs; og þó að ákvæðin væru einnig látin ná til þeirra, þá breytir það ekki aðalstefnu frv. Jeg sje ekki að það skaði neinn, þvert á móti mundi það leiða til góðs, að um nöfn barna, sem skírð verða hjer á eftir, verði farið eftir þessum lögum, ef þau ná samþykki.

Hins vegar er það broslegt að halda, að þetta særi skírnarhelgi á nöfnum manna, einstaklinga þeirrar kynslóðar, sem er að laumast upp í stjórnarráð, til þess að fleygja sínum skírnarheitum og taka upp ónefni.

Jeg get ekki fallist á neina af röksemd-

um háttv. þm. (JÞ), nema ef það væri um ákvæðin í 3. gr. Það felst jeg á, að þau eigi aðeins við óskírð börn. Annars gæti jeg búist við að menn færu, ef til vill, að skíra ófædd börn; en prestarnir mundu nú sennilega vilja fara varlega í það, sökum óvissunnar um kynferði o. s. frv.!

Annars er það siðurinn nú á dögum, að ættarnafnið festist við barnið í skírninni.

Til þess að greiða fyrir gangi málsins í þinginu, skal jeg ekki standa í vegi fyrir því, að það fari til mentmn. En um leið vil jeg skora á nefndina að koma fljótt fram með það aftur til 3. umr., til falls eða sigurs hjer í deildinni.

Hákon Kristófersson: Jeg leit svo á þetta mál sem það bæri góðan ræktarvott háttv. flm. til lands og þjóðar, sem hann er alkunnur að; þess vegna býst jeg við að verða með því, en ekki af því, að jeg vilji sýna honum neina sjerstaka auðsveipni eða fylgisemi yfirleitt. Jeg er málinu heldur hlyntur, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en lít þannig á, að það sje ekki svo flókið, að ganga þurfi til nefndar að þessu sinni. Ýms smáatriði mætti laga með brtt., án nefndar íhlutunar.

Ákvæði 6. gr., að menn sjeu skyldir til að rita nafn sitt án skammstöfunar, tel jeg óþarfa. Jeg skammstafa oft mitt nafn og mundi því gleyma hinu, enda engin misþyrming á móðurmálinu, þó menn skrifi upphafstafi í nafni sínu á undan föðurnafni. Hins vegar álít jeg að lögin eigi ekki að gilda aftur fyrir sig. Heldur að menn, sem nú heita fleiri nöfnum, megi halda þeim.

Um skírnina er það að segja, að jeg þekki ekki þann sið, að menn sjeu skírðir ættarnöfnum, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) benti til að oft ætti sjer stað. Þá smáónákvæmni, sem er í frv., tel jeg, eins og jeg hefi þegar bent á, að megi laga með brtt., eða þá, ef þörf þykir, að vísa því til nefndar að lokinni 2. umr.

Þó að jeg ætli ekki beinlínis að taka svari hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), vegna ummæla hv. flm. (BJ) um hann í sambandi við mál, sem ekki er á dagskrá nú, þá vona jeg, að hæstv forseti afsaki, þó að jeg fari líka út fyrir dagskrána. Jeg átti líka nokkurn hluta af þessum slettum, frá hv. þm. Dala. (BJ). Þegar hann, sem formaður vatnamálanefndar, sá sjer ekki fært að halda fundi í nefndinni, varð það að ráði hjá okkur, sem erum í meiri hl. þessarar nefndar, að koma fram með nefndarálit í málinu, án þess að bera það undir minni hl.. (**BJ:** Hafði jeg ekki sagt þm., að jeg mundi boða nefndarfund?). Jú, að vísu, en á því varð sífeldur dráttur og því ekki að vita nær það yrði. Nú fyrir 2 dögum ljet jeg formann nefndarinnar líka vita, að við myndum koma fram með meiri hl. álit og krefjast þess, að málið væri tekið á dagskrá. Það er því ekki hægt að bregða mjer um neina óbilgirni í þessu máli. Þar eð sá maður, sem jeg var með að kjósa fyrir formann nefndarinnar, hafði að mínu áliti mjög svo vanrækt skyldu sína, taldi jeg mjer skylt að gera mitt til að bæta úr því, á þann hátt, sem orðið er, þrátt fyrir það, að jeg væri ófús til þess að sumu leyti. (**BJ:** Þingmaðurinn er sýnilega ókunnugur þingvenjum). Þessi ummæli mín eru ekki brot á þingsköpum; en segjum nú að svo væri, og að jeg hafi ekki vit á því, og að þetta fari í

bága við þingvenju, þá er samt rjettlætingarvert, ef menn gera það óviljandi. Hitt er verra, ef menn gera það af ásettu ráði, og á jeg þar við hv. formann vatnamálan.,sem ekkert gerir í nefndinni og ekki hefir boðað til funda.

Hins vegar er jeg sammála hv. flm. (BJ) um þetta frv., eins og jeg hefi tekið fram. Hann hefir líka lýst yfir, að hann gæti verið með væntanlegri brtt. frá mjer eða öðrum. Við erum líka sammála um að láta málið ekki fara til nefndar að þessu sinni. Ef háttv. deild er algerlega á móti málinu, sem jeg býst ekki við, teldi jeg aftur á móti rjettast að fella það strax.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. þm. Str. (MP) hefir þegar svarað ádeilu háttv. flm. (BJ) á mentmn., fyrir það, að hafa ekki afgreitt mentaskólamálið. Aðalorsökin var sú, að nefndin gat ekki haldið fundi um tíma sökum anna hv. þm. Str. (MP) í fjvn. En annars hljómar þessi árás af munni hv. þm. (BJ) nokkuð kynlega, þar sem það er kunnugt, að hann er form. í nefnd, sem aldrei hefir verið boðað til fundar í, fyr en ef það hefir verið í gær.

Annars lít jeg svo á, að ekki komi til mála að samþykja frv. eins og þetta er, og rjettast með það farið að taka það út af dagskrá strax og lagfæra það undir 3. umr. Hvort það fer í mentamálanefnd eða ekki, er mjer sama um. En verði það, get jeg lýst yfir því, að sú nefnd mun ekki geta afgreitt það næstu daga, sökum mentaskólafrv. hv. þm. Dala. (BJ), sem, því miður, er þannig úr garði gert, að það tekur langan tíma upp fyrir henni.

ATKVGR.

Till. um að fresta umr. og vísa málinu til mentamálanefndar feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, ÞórJ, BH, IngB, JAJ, JÞ, MG, MK, SvÓ, ÞorlJ.
nei: BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, LH, MJ, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, BSv.
Tveir þm. (JS, ÓP) fjarstaddir.

1. gr. frv. samþ. með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, LH, MK, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, BSv.
nei: JAJ, JÞ, MG, MJ, ÞorstJ, IngB, JakM.
Tveir þm. (JS, ÓP) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 15 : 5 atkv.
5.—12. gr. samþ. með 16 : 5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 5 atkv. og til mentamálanefndar með 16 : 6 atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 107, n. 501).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg ætla ekki að halda fyrirlestur um frv.

þetta. Læt jeg mjer nægja að vísa til nál.

Bjarni Jónsson: Jeg þakka hv. nefnd meðferð málsins. Hefir hún tekið til greina það, sem fyrir mjer var aðalatriðið, og er jeg ánægður með brtt. hennar.

Jakob Möller: Jeg er á sömu skoðun um frv. þetta og jeg var síðast, þrátt fyrir það, að brtt. nefndarinnar eru til nokkurra bóta. Álít jeg, að hjer sje gengið alt of nærri persónulegum rjetti manna. Menn eru hjer sviftir eign, sem þeim er dýrmætari en venjuleg fjárrjettindi eða eign. Álít jeg þetta ósæmilegt og þinginu ósamboðið.

ATKVGR.

Brtt. 501, 1 samþ. með 18 : 3 atkv.
— 501, 2 samþ. með 17 : 4 atkv.
— 501, 3 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 501, 4 samþ. með 17 : 2 atkv.
— 501, 5 samþ. með 18 : 1 atkv.
— 501, 6 samþ. með 16 : 2 atkv.
— 501, 7 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 501, 8 samþ. með 17 : 1 atkv.
— 501, 9 (við fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um mannanöfn

samþ. með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JB, LH, MG, MK, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, BSv.

nei: JakM, JAJ, JÞ, MJ, ÓP.

Tveir þm. (JS, ÞorlG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 563).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Guðmundur Ólafsson: Jeg legg til, að frv. gangi nefndarlaust, því að það mun vera mjög einfalt mál, í orðsins fylsta skilningi.

Karl Einarsson: Jeg legg til, að málinu verði vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 3 atkv. og til mentamálanefndar með 9 : 2 atkv.

Nefndaráliti minni hl. mentmn. um málið, á þskj. 618, var útbýtt 11. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

12. Hlutfallskosningar.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 3. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á löggjöfinni um hlutfallskosningar (þmfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg skal lofa hinni háttv. deild því að tefja hana eigi lengi. Það, sem þetta frv. ræðir um, mun eigi verða talið til stórmálanna, er fyrir þessu þingi liggja.

Flestir, er hafa verið við upptalningu atkvæða eftir hlutfallskosningar — og háttv. þingmenn hafa meðal annars heyrt slíkan upplestur hjer inni — hafa sjálfsagt veitt því eftirtekt, hversu óheppilegt það er að merkja listana með fyrstu bókstöfum í stafrófinu sökum hljóðlíkinga, sjerstaklega stafanna B — C — D og E. Þegar einhver af þessum stöfum er kallaður upp, er mönnum oft ómögulegt að heyra, hver þeirra það er. Menn eru því sífelt að hvá, og enda þótt leiðrjett sje, vita menn eigi með vissu, hvort verið er að leiðrjetta, eða kalla upp nýtt atkvæði.

Úr þessum galla er auðsætt að bæta, með því að nefna listana með tölustöfum. Hvort heldur kallað er upp: einn, tveir, þrír, eða fyrsti, annar, þriðji o. s. frv., þá er engin hætta á, að áheyrendur ruglist á því.

A, B, C, o. s. frv. er að vísu handhæg nöfn á listum, en það er ekki sá kostur, að taki að vera að halda í bókstafina þess vegna, enda verða tölustafirnir sjálfsagt munntamir strax við venjuna.

Jeg orðlengi þetta ekki meir, en óska, að hv. deild vísi frv. til 2. umr. og síðan í nefnd, og þá sjálfsagt allsherjarnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefnar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

13. Bindindissjóður.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um stofnun sjóðs til eflingar bindindisstarfsemi í landinu (þmfrv., A. 56).

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þegar þingið í fyrra gekk undir þá nauðungarkosti að samþykkja undanþágu frá lögum um aðflutningsbann á áfengi, þá mun það hafa verið ástæðan hjá flestum, og mig langar til að segja hjá öllum þeim hv. þm., sem þá breytingu samþyktu, að það væri gert vegna svo brýnnar þarfar landsins og þjóðarinnar, að einskis annars væri kostur. Að öðrum kosti hefði slíku tilræði við bannlögsjónina verið vísað frá þinginu með þegjandi fyrirlitningu, af miklum meiri hluta þingmanna.

Jafnframt mun það og hafa verið ríkt í huga margra, að í þessu máli yrði það að koma sem skýrast fram, að þetta væri gert sakir lífsnauðsynja atvinnuveganna, en ekki fyrir þær sakir, að

bannmenn væri nú farið að muna í þær krónur, sem ná mætti inn í ríkissjóðinn með því að hleypa víninu inn í landið.

Bannmenn hafa verið og eru bannmenn af þeirri ástæðu, að þeir hafa sjeð og skilið, að það er illa og heimskulega fengið fje, sem með þeim hætti er tekið í ríkissjóð, ef það er gert af þeim ástæðum einum. Bannmönnum hefir ekki skilist og skilst aldrei, að þeir, sem borga toll í ríkissjóð fyrir að fá vín, gætu ekki borgað þær krónur eins vel, án þess að kosta upp á vínið, og án þess að vera miður starfhæfir vegna áhrifa þess. En á þinginu í fyrra var lítið ráðrúm til þess að gera nokkrar frekari ráðstafanir í þessu skyni, því áliðið var þingtímans, þegar þessu máli var lokið, enda þá máske hjá sumum einhver vonarskíma, að úr þessu kynni að rætast eitthvað á þeim árstíma, sem framundan var og frestur var gefinn um fullnaðarúrslit. Einhverjir gátu hafa gert sjer vonir um, að vinir vorir og samherjar í hinum voldugu löndum mundu geta greitt eitthvað vörnina, sem okkur var búin. Eða að annað skipaðist svo á árinu, að við þyrftum ekki undir ókjörin að ganga, og þá ekki heldur að gera neinar ráðstafanir þessu viðvíkjandi. En nú er útlitið, því miður, ekki bjart í þessu efni. Annað mun og hafa verið allríkt í huga þeirra, sem bannstefnunni voru hlyntir, þó að þeir yrðu að leika hana svo hart, og það er, að eftir því sem unt væri, skyldu þeir reyna að bæta henni það upp, sem nú væri frá henni tekið. Að vísu hljóta bannmenn að halda því fram, að bannið verði ekki bætt upp nema með ítrekuðu banni, annars hefðu þeir ekki stefnt að því, svo fast sem þeir gerðu. En svo fast mega menn aldrei blína á einn og sama staðinn, að þeir stari sig blinda á alt annað. Og það er ljelegur háseti, sem leggur árar með öllu í bát, ef hann hrekur frá þeim stöðvum, sem hann helst vildi ná, og lætur reka aðgerðarlaust beint í brimgarð og boðaföll, án þess að hafast að. Nei, ef ekki það besta, þá það næstbesta; svo verður hver þrautseigur bardagamaður að hugsa. Og svo mun og vera um flesta bann- og bindindisvini á landinu.

Enda þótt það kunni að fljúga í huga einhvers, að úr því, sem komið er, sje best að henda öllu frá sjer, þá má ekki fallast á slíkt fljótræði og óvit, og sannir vinir þessarar hugsjónar g e t a þ a ð e k k i. Þeir g e t a ekki hent hugsjóninni sjálfri frá sjer fyrir það, að eitt vopnið til varnar henni hefir verið slegið úr höndum þeim.

Nei, nú er að gera við því sem er, nú er að hefjast handa á því stigi, sem málið er. Það er málinu vissulega gagnlegra en að standa auðum höndum og æpa: hefði, hefði!, sem hjeðan af stoðar ekki baun.

En hvernig getum við nú sameinað þetta tvent: annars vegar að sýna, að við höfum ekki afnumið bannlögin til þess að taka fje fyrir sæmd okkar, og hins vegar að styðja þann málstað, sem hjer hefir orðið svo harkalega fyrir rás viðburðanna?

Það er þetta tvent, sem við, hv. þm. Borgf. (PO) og jeg, höfum viljað sameina með þessu frv., sem nú liggur fyrir. Með því að verja ágóðanum af vínverslun ríkisins og sömuleiðis því, sem aðrir greiða fyrir að fá að versla með vín, til þess málefnis, er því lýst skýrt og skorinort yfir, að ef ríkissjóður þarf á fje að halda til almennra þarfa, þá

vilji hann miklu heldur fara aðrar leiðir til þess að afla sjer tekna þeirra, sem hann þarf. Og að því megi af þeim ástæðum, hvenær sem er, setja bannlögin í samt lag aftur. Og á hinn bóginn fæst með þessu allmikið fje til þess að starfa að því málefni, sem nú stendur höllum fæti, vegna þessara tilneyddu ráðstafana. Skal jeg fyrst líta ofurlítið á það, sem jeg nú nefndi fyr. Eins og alkunnugt er, hefir það jafnan verið einn örðugasti hjallinn fyrir bannið í hverju landi, að það hefir verið talið erfitt að bæta ríkissjóðnum upp það tap, sem hann verður fyrir við að missa tekjur sínar af víninu. Hjer á landi var það líkan jafnan ein sterkasta röksemdin á móti banninu áður en það komst á. Og það má eiga það víst, að verði ríkissjóður látinn fá stórgróða af áfengisversluninni, þá myndast þar þungur straumur gegn því að setja bannið á aftur fyrir fult og alt, þegar sá tími rennur upp, að það er gerlegt vegna sambanda vorra úti um heim. En sje á hinn bóginn gróða af vínversluninni varið einmitt í þágu þessa málefnis, þá er engin hætta á að það verði þröskuldur í vegi bannsins, því að bannmenn munu jafnan skilja, að það er málefninu gróði að losna við þær tekjur, sem af vínverslun og vínnautn leiða.

En þá kynni nú einhver að segja: Því á þá ekki að leggja allan ágóða af vininnflutningnum, einnig vintollinn, í þennan sjóð, sem á að starfa fyrir bindindis- og bannmálefnin? Já, því ekki? Jeg vil ekki segja, að það mundi vera svo fjarri vilja okkar flm. frv. En við erum ekki einráðir um þetta mál. Við vitum mæta vel, að hjer, sem annarsstaðar, er vænlegast til sigurs að lenda hvorki í Skyllu nje Karybdis, lenda í hvorugum öfgunum, því að þá er alt tapað.

Jeg sje, að útbýtt hefir verið hjer í háttv. deild frv. frá hv. 5. landsk. þm. (JJ) um svipað efni og þetta frv. okkar, og þar er það sama uppi á teningnum. Hann treystir sjer ekki að leggja til, að varið verði nema litlum hluta fjárins til bindindismálsins, þó að hann vilji festa alt fjeð, bæði tolla og annan ágóða af vininnflutningnum. Við förum þessa leið af því, að hún sýnist svo sanngjörn, og skal nú sýna fram á það.

Meðan bannið stóð með fullum krafti hafði ríkissjóður talsvert miklar tolltekjur af innfluttum vínum. Að sjálfsögðu aukast þær tolltekjur eitthvað við það, að undanþágan er veitt, en þó má hafa það í hendi sjer, og þingið getur jafnan ráðið því máli eftir vild sinni. Hjer er því um tekjulið að ræða, sem kominn er frá bannlagatímanum, tekjulið, sem kemur inn í áætlun og reikninga ríkissjóðs, svo að ef ætti að kippa honum burt, þá væri það alveg sama sem að fara fram á jafnháa fjárveiting og þessu nemur, og það vorum við flm. hræddir um að eigi yrði litið hýru auga á þessum tímum, og að sumu leyti ekki að orsakalausu, þegar verið er að leita með logandi ljósi að einhverjum liðum, sem hægt væri að spara á. En svo er það annar liður, og hann er nýr. Hann er ekki kominn inn í neina fjárhagsáætlun, og því síður orðinn að neinum máttarvið í fjárhagsbyggingunni. Og það er ágóðinn af vínversluninni. Að vísu mun nú svo til ætlast á pappírnum, að hann sje enginn, af því að vínversluninni hefir ekki verið kipt út úr lyfjaversluninni. En samt er nú sagt, að ágóði hafi orðið af vínversluninni, enda sýnist lítil ástæða vera til þess að

halda því fyrirkomulagi, að þótt ekki megi græða á lyfjaverslun, þá megi ekki græða á ólyfjan. Það ætti ekki að vera jafnnauðsynlegt hvorttveggja fyrir fólkið.

Hvað mikið af tekjunum af vininnflutningnum sje tollur, og hvað mikið ágóði, er auðvitað á valdi þingsins. Því að það er í raun og veru ekki annað en nöfn. Og yrði þetta frv. að lögum, væri sjálfsagt að ákveða það eða áætla. Að minni skoðun ætti tollinum að vera hagað svo, að ríkissjóður hefði nokkurn veginn þær tekjur, sem hann hefir haft af vininnflutningnum, svo að það þyrfti ekki að valda neinum ruglingi. En hitt ætti að takast sem ágóði af versluninni, og renna í sjóðinn. Væri þá alveg trygt, að tekjur ríkissjóðs af vínsölu yrðu ekki þrándur í götu bannsins, og fært væri að endurreisa það aftur.

Þá kemur hitt atriðið, um sjálfan sjóðinn og hvernig honum skuli varið. Eftir því, sem mjer hefir verið sagt, er þetta ekkert einsdæmi hjer, þótt svona væri að farið, því bæði Finnar og Svíar hafa varið vínágóða sínum í þágu bindindis og banns, og orðið að stórmiklu liði. Mjer var þetta að vísu eigi kunnugt, þegar frv. varð til, en hefir verið sagt það síðar, og spillir það eigi að hafa góð fordæmi fyrir sjer, enda þótt jeg hefði verið því jafnfylgjandi án þess.

Sjóðnum á, eftir frv., að verja „til eflingar bindindisstarfsemi í landinu, og verndar áfengislöggjöf landsins.“ Við flm. hugsum okkur, að þetta sje tekið í víðtækustu merkingu orðanna.

Efling bindindisstarfsemi er eigi einungis það að fara um og stofna bindindisfjelög og stúkur, heldur hverskonar fræðsla um áhrif vins og afleiðingar, og alt, sem getur stuðlað að því, að menn gæti sín fyrir því að falla fyrir áfengishættunni. Ætti öllum að vera það vel ljóst, hvort sem þeir eru bannmenn eða ekki, að slík fræðsla er þörf og nauðsynleg, og að það miðar til þjóðþrifa að hvetja menn til varfærni og bindindisstarfsemi.

Hitt ákvæði frv., um vernd á áfengislöggjöf landsins, er þó enn þá miklu yfirgripsmeira. Með því er alls ekki eingöngu átt við beina löggæslu, enda þótt hún sje nauðsynleg, og hún töluvert öruggari og fastari en verið hefir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve framkvæmd bannlaganna hefir verið ábótavant, þó að bannlögin hafi raunar ekki verið nándarnærri eins mikil undantekning í því efni eins og oft hefir verið látið klingja. En þó má eiga víst, að í skjóli ljettu vínanna verði hin sterkari vín, sem eru bönnuð, enn áleitnari og erfiðari viðfangs en áður. Sömuleiðis þarf og að hafa gætur á öðrum lögum og ákvæðum um sölu og veitingar á vínum í landinu, að eftir þeim sje farið, því pappírslögin eru svo gróflega gagnslítil ein, ef ekki stendur vald á bak við. En þetta, þessi löggæsla öll, er alls ekki það eina, sem átt er við með vernd áfengislöggjafarinnar. Undir þann lið heyrir einnig það, að losna úr því öngþveiti, sem við erum nýkomnir í, að mega ekki haga okkar eigin lögum í þessu efni eins og við viljum. Af fje þessa sjóðs er ætlast til, að kosta megi viðtæka starfsemi og ötula í þá átt að losa oss undan valdi þeirra, er nú hafa náð oss í kreppu. En það verður að gerast bæði með því að vinna sem ósleitilegast að því að gera okkur óháðari spanska fiskimarkaðinum, og einnig með því að stuðla að alþjóðasamvinnu gegn kúg-

un vínþjóðanna á þeim, sem losna vilja við vínið.

Jeg býst við, að öllum hljóti að koma saman um, að þetta sje ekki einungis bannmanna málstaður, heldur allra góðra manna málstaður. Það hlýtur hverjum manni að renna blóðið til skyldunnar, þegar erlend þjóð notar bolmagn sitt svo illa og hrapallega gegn oss eins og Spánverjar hafa nú gert, og undan því hljóta allir að vilja losna. Og þá ætti og öllum að koma saman um, að fleiri markaða þurfi að leita fyrir fiskframleiðsluna. Það er eigi í þeim tilgangi gert að segja skilið við spanska markaðinn, því að ef við ættum aðra markaði, sem gerðu oss mögulegt að hafna þeim spanska, án þess að fara á höfuðið, þá kæmi aldrei til þess. Þá væri afleiðingin eðlilega sú ein, að Spánverjar hefðu mist tök sín aftur.

Okkur fanst rjett og sjálfsagt, að Stórstúkan hefði tillögurjett um það, hvernig sjóði þessum verður varið. Því hún er öllum þessum málum kunnugust og hefir best vit á, hvað bindindismálinu er fyrir bestu. Hún kemur og fram sem æðsti fulltrúi þeirra, er lagt hafa fram mesta vinnuna við þetta mál.

Jeg vonast nú til, að jeg þurfi ekki að fara mikið fleiri orðum um þetta. Alþingi hefir oft sýnt það, að það hefir viljað meta starfsemi bindindismanna. Jeg vil að minsta kosti gera það, þótt jeg sje ekki sjálfur í þeim fjelagsskap, sem mest hefir starfað að þessu máli, og svo mun um fleiri vera. Og ekki ætti þessu þingi, sem hefir orðið að ganga svo mikið á aðra braut í bannmálinu en það hefði viljað, að vera vanhugað um þennan málstað, að efla hann og styðja. Mætti í því sambandi á það minna, þó að jeg vilji engan veginn vera að dásama slíkt, að bannið hefir hjer orðið landinu stórfeld gróðalind, því án þess hefðum við aldrei náð bestu kjarasamningi við Spán um fiskinn. Jeg dreg þetta eigi fram af því, að jeg álíti, að svo hafi í raun rjettri átt að vera, eða hefði viljað gera bannið að verslunarvöru, heldur aðeins til þess að minna á, að þjóðin ætti ekki að sjá eftir nokkrum skildingum til þess að vinna að þessu málefni, sem hefir, fyrir utan alt annað, skilað landinu beinlínis eins miklu fje eða meira með þessu einu móti.

Vil jeg svo biðja hv. deild að greiða götu þessa máls til 2. umr., og geri það að tillögu minni, að það verði fengið hæstv. allshn. til meðferðar, því þar hlýtur það að eiga heima.

Jón Baldvinsson: Jeg sje, að hv. þm. eru farnir að renna hýru auga til ágóða þess, sem væntanlegur er af sölu spönsku vínanna. Eru nú þegar komin fram tvö frv., sitt í hvorri deild, sem fjalla um ráðstöfun á fje þessu. Jeg er sammála hv. flm. frv. hjer í deildinni (MJ), að haganlegast sje að verja fjenu á einhvern þann hátt, sem hvorki ríkissjóði nje einstaklingum yrði tilfinnanlegt, þótt tekjustofninn fjelli burtu. En jeg tel vafa á því, að þeim tilgangi verði náð með þessu frv.

Flestir þeir, sem barist hafa fyrir bindindisstarfsemi hjer á landi, hafa eigi gert það í atvinnuskyni, heldur hafa það verið áhugamenn, sem í alveg óeigingjörnum tilgangi hafa barist fyrir góðri hugsjón, og gleðin yfir því að hafa sjeð árangur af starfsemi sinni, hafa alt af verið einu launin.

Eftir minni skoðun gæti frv. gert breytingu á þessu fyrirkomulagi, og það

á þann hátt, að til ógagns gæti orðið allri bindindisstarfsemi. Ef gert er ráð fyrir hálfrar miljón króna tekjum af vínsölu, þá mætti kosta af því 100 reglubóða með 5000 króna launum hvern, og gæti þá farið svo, að í þær stöður veldust menn, sem gengjust fyrir hinu launaða starfi, aðeins vegna peninganna, sem þeir fengju í aðra hönd, en ekki af áhuga fyrir bindindis- eða bannhugsjóninni. Eins mætti búast við, að þeim, sem komnir væru á þetta fasta eldi, yrði óljúft að missa af því aftur og að starfsemi þeirra í þágu reglunnar færi þá eftir því, þ. e. sumir þessara manna — heiðarlegar undantekningar yrðu að sjálfsögðu — gætu orðið þrándur í götu þess, að bannið kæmist á aftur. Eins mætti misnota fjeð á pólitiskan hátt, því að sjálfsagt mætti stofna laglegan kosningasjóð af því, ef ríkisstjórnin og bindindisforkólfarnir yrðu sammála um það. Frv. þetta fer því í öfuga átt við það, sem fyrir hv. flm. þess vakir.

Mitt álit er það, að heppilegast væri að verja fjenu árlega í einhverjar þarfar, verklegar framkvæmdir, sem ekki tækju það langan tíma, að fella mætti burt þennan tekjustofn, án þess að nokkur, hvorki ríkissjóður nje einstaklingar, væru orðnir svo samgrónir fjenu, að brottfallið snerti hagsmuni þeirra verulega. Og jeg álít, að ekki beri að setja ótal vígi í kringum lögin, svo sem frv. gengur út á.

Ef þing og stjórn vill á annað borð styrkja bindindisstarfsemina, þá væri miklu hagfeldara að lögbjóða í skólum fræðslu um skaðsemi áfengra drykkja. Yrði það ríkinu kostnaðarlítið.

Að endingu læt jeg þá ósk mína í ljós, að hv. deild samþykki ekkert frv., sem gengur út á það að festa fjeð við atvinnuvegi, stofnanir eða annað, sem síðar gæti staðið í vegi fyrir því, að aðflutningsbannið komist á aftur.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg varð fyrir vonbrigðum, þegar jeg heyrði hvernig háttv. síðasti ræðumaður snerist við frv., sökum þess, að jeg gekk að því sem vísu, að hann yrði einhver mesti máttarstólpi þess í deildinni. Þá kom mjer það eigi síður á óvart, að heyra hann lýsa öðru eins vantrausti á bannmönnum og fram kom í ræðu hans.

Þessi hv. ræðumaður (JB) hjelt því fram, að verja bæri fjenu til einhverra þeirra fyrirtækja, sem eigi væru svo bundin við einstaklinga eða stofnanir, að sjerstök eftirsjón yrði að, þótt tekjustofninn fjelli burt. En þetta er alveg óframkvæmanlegt. Það er nú einu sinni eðli peninga, að þegar þeim er varið til einhvers, koma alt af upp einhverjar stofnanir eða einhver atvinna, sem ekki er hægt að fella burt, án þess að það komi við hagsmuni einhverra einstaklinga. Þá er spurningin aðeins þessi, hverjum sje best trúandi til þess að afsala sjer fúslega þessu fje í þágu bannsins, þegar til þess kæmi að koma því á aftur. Og við flm. sjáum enga líklegri til þess en sjálfa frumkvöðla bannsins og mestu forvígismenn þess. Væri fjarstæða að ætla nokkrar aðra leið tryggari í þessu efni.

Háttv. ræðumaður (JB) mintist á það, að innan reglunnar væru mestmegnis áhugamenn, sem störfuðu án nokkurra launa. Þetta er ekki nema hálfsagður sannleikur, því að jafnan þarf fje til þess, að hægt sje að starfa að bindindisstarfseminni, ef að verulegu gagni á að verða. Reglubóða þarf

t. d. að kosta, og fleira þess háttar. Það, sem mest hefir háð starfseminni undanfarið, er einmitt fjeleysið.

Jeg trúi því vart, að það hafi verið alvara hjá hv. ræðumanni (JB) að hann áliti geta komið til mála, að þeir, sem reglan kostaði til að vinna að bindindisstarfsemi, myndu vinna á móti því að bannið kæmist á aftur að fullu — þetta með 100 regluboða hygg jeg, að hafi aðeins verið ýktur dráttur í myndinni —. Sóma síns vegna gætu þessir menn ekki lagst á móti banninu, aðeins vegna þess, að þeir vilji ekki missa af launum. (JB: Þá geta þeir borið saltfisksmarkaðinum við). Að svo komnu vil jeg ekki gera þeim upp þær hvatir.

Háttv. ræðumaður (JB) vildi verja fjenu í einhver einstök fyrirtæki, sem svo væru búin, og fjeð því eigi lengur bundið En slíkt er ekki hægt að framkvæma í raun og veru. Þótt fjenu yrði t. d. fyrst varið til þess að byggja spítala, þá myndi þykja þörf að verja fje næsta árs til þess að byggja stúdentagarð, svo mentaskóla, háskóla o. s. frv. Það verða engin takmörk nú á næstunni fyrir því, sem vjer þurfum að láta byggja og framkvæma, og ef ætti að fella fjeð burtu, þá yrði ávalt einhver flokkur manna, sem myndi verða eftirsjón í því, enda þótt þetta fyrirkomulag yrði haft. Þar sem það er nú sýnt, að ávalt myndu hagsmunir einhverra skerðast við brottfall þessara tekna, þá veit jeg enga, sem verða myndu fórnfúsari í þessu máli en einmitt bannmenn, og yrði því langheppilegast að fela þeim meðferð fjárins, og vona jeg, að hv. þm. sjái, að þetta er banninu fyrir bestu og þá jafnframt þjóðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 118 og 127).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

14. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [Bæjarstjórn á Siglufirði] (þmfrv., A. 57).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðar og flutt samkvæmt tilmælum hennar.

Ástæðurnar fyrir frv. eru teknar að mestu leyti fram í greinargerðinni fyrir því, og sje jeg þess vegna ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það að sinni. Jeg skal þó aðeins drepa á þær helstu þeirra, í örfáum orðum.

Eins og sjá má af frv., fer það fram á, að heimilt verði að leggja útsvar á

þá menn á Siglufirði, sem reka þar arðsöm fyrirtæki, þótt ekki sje um lengri tíma en 4 vikur samfleytt. Í núgildandi bæjarstjórnarlögum er tímatakmarkið á dvöl aðkomandi manna til útsvarsskyldu sett 8 vikur. Þetta hefir orðið til þess, að menn, sem stundað hafa þar atvinnurekstur, svo sem verslun eða útgerð, í lítið eitt skemri tíma, hafa farið þaðan með allverulegan gróða, án þess að bæjarfjelaginu hafi að nokkru skinið gott af því. Þetta kemur sjer því ver, sem hjer er um ungt bæjarfjelag að ræða, sem á erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Þar þarf mikið að leggja í kostnað, sem stafar að miklu leyti af aðstreymi fólksins úr öðrum hjeruðum, sumarmánuðina, og skal jeg sem dæmi þess nefna, að nú er í ráði að reisa þar sjúkraskýli, sem verður að vera talsvert stærra en ella, sökum þessa mikla fjölda aðkomumanna; sömuleiðis verður bærinn að kosta dýra lögreglu þessa vegna, og svo mætti fleira telja. Því er ekki nema eðlilegt, þótt þessir menn leggi nokkuð af mörkum til bæjarfjelagsins, sem veitir þeim bæði þessi og önnur hlunnindi.

Annað meginatriði frv. lýtur að því að koma í veg fyrir að útlendingar eða aðrir, sem eiga mjög verðmætar eignir við höfnina eða í nánd við hana, selji þær erlendum mönnum án þess að bæjarfjelaginu eða innlendum mönnum gefist kostur á að kaupa þær fyrir sama verð og útlendingum eru þær seldar. Þess eru dæmi, að slíkar eignir hafa verið seldar útlendum mönnum án þess bæjarstjórnin hafi nokkuð vitað fyr en kaupin voru gengin um garð. Frv. gerir þær breytingar á þessu, að eftirleiðis skuli þessum mönnum skylt að láta bæjarfjelagið eða innlenda menn sitja fyrir kaupunum. Með þessu er það trygt, eins og hægt er, að slíkar eignir verði eign innlendra manna eða bæjarins, og er þess full nauðsyn, en ekki sjáanlegt, að þessu geti verið neitt til fyrirstöðu, þar sem ekki er ætlast til, að bærinn sitji fyrir kaupum, nema því að eins, að hann borgi með sama verði og aðrir bjóða eða ætla að greiða.

Þá er enn fremur ákvæði, sem lýtur að því, að heilbrigðisnefnd bæjarins sje veitt nauðsynleg aðstaða til þess, að fyrirmælum hennar verði hlýtt. Landi er þannig hagað, að á eyrinni eru smátjarnir og síki, sem valda óheilnæmi á sumrum og eru til hins mesta óþrifnaðar. Heilbrigðisnefndin hefir þráfaldlega mælt svo fyrir, við lóðareigendur, að þeir fylli eða þurki upp þessar tjarnir og síki, en því ekki verið framfylgt. En þessi vanræksla er þeim mun tilfinnanlegri, sem bein ákvæði eru um þetta í lögreglusamþykt bæjarins og nefndin því framkvæmir sínar fyrirskipanir í fullu samræmi við hana. Það er því fylsta ástæða til að trygt verði, að heilbrigðisnefndin geti sjeð um, að fyrirmælum hennar verði fylgt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en geri það að till. minni, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

Hákon Kristófersson: Jeg stend ekki upp til að mótmæla þessu frv. sjerstaklega, heldur til að andæfa þeirri viðleitni, sem er að mjaka sjer inn í löggjöf vora á þessu sviði; þeirri viðleitni, að sjálfsagt sje að taka aukaútsvar af hverjum manni, þar sem hann rekur einhverja atvinnu, og það þótt um mjög skamman tíma sje að ræða. Jeg verð að líta svo á, að gæta verði meðalhófs

jafnt á þessu sviði sem öðrum, því bæði getur það verið mjög vafningasamt að hafa hendur í hári manna, sem í raun-inni bara koma og fara, enda getur og slík álagning komið ranglátlega niður, ef strangt er farið í sakirnar.

Háttv. flm. (StSt) fórust svo orð sem atvinnurekendur á Siglufirði fyndu þar jafnan fyrir gull og græna skóga. Jeg vildi þá gjarnan mega spyrja hv. þm. (StSt), hve þeir muni vera margir, sem einungis hafa sótt tap og eignamissi til Siglufjarðar. Þess ber og að gæta, að þótt margur, sem atvinnu rekur á Siglufirði um sumartímann, sleppi við að greiða þar aukaútsvar eftir núgildandi lögum, þá græðir bæjarfjelagið á veru þeirra engu að síður, þar sem eru hin margvíslegu viðskifti, sem þeir eiga við það. Enda munu þeir verða að borga fullu verði alt það, sem þeir, nauðsynja sinna vegna, verða að fá hjá bæjarbúum. Vera mörghundruð aðkomumanna á Siglufirði hlýtur að auka verslun bæjarins að miklum mun, og er það þá sú verslunaraukning, meðal margs annars, er gerir gjaldþol bæjarbúa mun betra, og má því segja, að sömu menn greiði þar útsvör, þó óbeinlínis sje.

Jeg held yfirleitt, að nú sje svo langt komið í þessu efni, að rjett sje að segja nú: hingað, en ekki lengra. Það ætti og að koma að mestu í sama stað niður, hvort útsvarið er tekið í þessum staðnum eða hinum. Aðalatriðið er, að það komi einhversstaðar í þarfir landsins og sveitarfjelaganna.

Að því er snertir hin tvö atriðin, sem háttv. flm. tók fram í ræðu sinni, þá er alt öðru máli að gegna um þau. Þar er jeg fyllilega samþ. háttv. flm., en í þessu vil jeg bara ekki að farið sje feti lengra en núgildandi lög mæla fyrir. Því setjum nú svo, að ástæða gæti verið til frábrigða í þessum eina stað. En myndu þá ekki aðrir bæir og sveitarfjelög koma í kjölfarið og krefjast sama rjettar, og vitanlega hafa sama rjett til sinna óska og Siglufjörður.

Þar sem jeg annars hefi oft áður tekið fram skoðun mína í þessu efni, tel jeg ekki ástæðu til að fara lengra út í það að sinni, en vænti þess, að háttv. deild athugi vel málið áður en hún gengur lengra inn á þessa braut en komið er.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það kann að virðast hálfóviðfeldið að fara nú að breyta bæjarstjórnarlögum, sem eru ekki eldri en 3 ára. Þau ættu að vera svo vel undir búin, að slíks væri ekki þörf eftir svo stuttan tíma. Hins vegar skal jeg þó játa, að það stendur nokkuð sjerstaklega á með Siglufjörð í þessu tilliti. Eins og mönnum er kunnugt, þá eru síldarveiðarnar þar aðeins reknar um 2 mánaða tíma. Það geta því margir af þeim, sem þar reka arðsama atvinnu, sloppið með fallegan feng frá borði, án þess að greiða neitt til bæjarfjelagsins. Um hitt verður ekki deilt, hve nauðsynlegt það er þessu unga bæjarfjelagi að fá tekjur af þessum mönnum. Jeg get þó verið sammála háttv. þm. Barð. (HK) um það, að ekki sje rjett yfirleitt að lækka þetta tímatakmark frekar en orðið er. Það hefir nú verið að smálækka síðustu árin, og er nú svo lágt, að varhugavert gæti verið að fara lengra. En, eins og jeg tók fram áðan, það stendur alveg sjerstaklega á um Siglufjörð, hvað þetta atriði snertir, og get jeg því vel fallist á, að lög þessa bæjarfjelags verði

frábrugðin öðrum í þessu efni. Það er að vísu óviðfeldið, en það verður svo að vera.

Að því er snertir 2. atriði þessa máls, þá tel jeg það varlegra að athuga það í sambandi við stjórnarskrána áður en það yrði samþykt. Því ekki er allskostar víst, nema það kunni að fara í bága við ákvæði hennar.

Að því er snertir 3. atriðið, þá skal jeg geta þess, að mig furðaði á, er jeg kom síðast til Siglufjarðar, að ekki skuli fyrir löngu vera búið að fylla upp foræði þau, sem eru þar á eyrinni. Er það til vansa fyrir bæjarfjelagið að hafa þetta svo, og getur auk þess valdið hinni mestu óhollustu.

Verð jeg yfirleitt að styrkja þetta mál, og legg það til, að því verði vísað til nefndar til frekari athugunar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Að því er snertir ræðu háttv. þm. Barð. (HK) þá skal jeg aðeins taka það fram, að hjer er ekki um neitt spánýtt að ræða, því í okkar sveitarstjórnarlögum hefir ákvæðið um 4 vikna dvöl til útsvarsskyldu staðið um langa tíð og verður það sjálfsagt framvegis. Það verður því ekki sjeð, að neitt hættulegt spor sje stigið, þótt ákvæðið sje gert lítið eitt víðtækara að því er snertir þennan kaupstað, sem óneitanlega stendur svo öldungis sjerstaklega á með.

Jeg vil svo tjá hæstv. atvrh. (KlJ) þakkir fyrir góðar undirtektir hans í málinu, en bending hans um það, að frv. máske gangi of nærri rjettindum manna samkvæmt stjórnarskránni, hygg jeg ekki sje að óttast. Tel jeg svo enga ástæðu til að lengja umr. frekar, en vil fela nefndinni að athuga bæði þetta ákvæði og svo annað, eftir því sem þörf krefur.

Hákon Kristófersson: Jeg vil ekki lengja umr. frekar, en aðeins taka það fram, að jeg hefi ekki sannfærst af ræðum þeirra háttv. flm. (StSt) og hæstv. atvrh. (KlJ) um nauðsyn þess að stytta þetta tímatakmark. Eins og jeg tók fram áðan, þá gæti svo farið, að þótt með rökum mætti verja þetta, þá kæmu fleiri bæjarfjelög á eftir, og tel jeg það síður en svo heppilegt. Það er þetta atriði, sem jeg vænti að háttv. deild athugi vel áður en gengið verður til atkv. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 15 shlj atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 57, n. 322).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Það er nú orðið áliðið tímans, svo að jeg skal vera mjög stuttorður. Allshn. hefir gert breytingar á frv. Leggur hún til að 2. til 6. gr. falli alveg burt, en að 1. gr. frv. orðist svo, að í stað 8 vikna í niðurlagi 2. málsgr. 19. gr. komi 4 vikur. Þykir rjett, að Siglfirðingar fái að leggja útsvar á menn, sem leita þangað um síldveiðitímann og reka verslun eða

aðra atvinnu, enda þótt þeir dveljist þar ekki lengur en einn mánuð.

En þar sem er sagt nú, að þetta ákvæði sje nú í lögum, þá er 1. gr. brtt. í nál. óþörf, og get jeg því tekið hana aftur.

Jón Þorláksson: Ef 1. brtt. nefndarinnar er tekin aftur, þá leyfi jeg mjer að taka hana upp.

Það er nú orðið svo framorðið, að menn eiga orðið erfitt með að átta sig á flóknum málum, en mjer skilst svo, að ekki komi til mála að þessi brtt. megi falla burt.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg bjóst nú ekki við að umr. færu að spinnast út af þessu; en jeg hefi sjeð, við nánari athugun, að það er misskilningur að 4 vikna ákvæði sje í lögum nú, og hætti jeg því við að taka till. nefndarinnar aftur.

Stefán Stefánsson: Jeg ætla aðeins að taka það fram, að eftir atvikum hlýt jeg að sætta mig við þessar breytingar háttv. allshn. á frv. En jeg geri þetta í fullu trausti þess, að þegar bæjarstjórnarlög kaupstaðanna verða tekin til endurskoðunar, þá verði tekið tillit hinnar sjerstöku afstöðu Siglufjarðar, gagnvart ýmsum þeim málum, er þann kaupstað varða.

ATKVGR.

Brtt. 322, I (ný 1. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.

Brtt. 322, II (2.—6. gr. falli burt) samþ. með 18 : 1 atkv.

Brtt. 322, III (ný 7. gr., verði 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 483).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 483).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Nefndaráliti allshn. um málið, á þskj. 611, var útbýtt 11. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

15. Friðun Þingvalla.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um friðun Þingvalla (þmfrv., A. 166).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21, mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) og jeg höfum tekið að okkur að flytja þetta frv. Það er einskonar áframhald á eldri aðgerðum þingsins í þessu máli. Það var ekki fyr en 1919, að þingið byrjaði að skifta sjer af verndun Þingvalla. Síðan hefir umsjón verið höfð með Þingvöllum á hverju sumri, og ýmislegt annað, þótt smátt hafi verið, hefir verið gert til að undirbúa friðun þessa staðar. Aðalástæðan fyrir því, að frv. kemur nú fram, er sú, að 1000 ára hátíð Alþingis er 1930 og fer því óðum að nálgast. Það er óhugsandi annað en að þjóðin búi Þingvelli sæmilega undir atburð þann, sem að líkindum verður haldin hátíðlegur eftir föngum. Í hugum Íslendinga eru Þingvellir helgistaður og hljóta að vera það, meðan vjer höldum máli voru og meðvitundin um sögu vora er vakandi. Að hverjum helgistað þarf að hlúa, ef hann á að geta haldið helginni. En nú er það svo, að á síðari árum er vafasamt hvert stefnir með ásigkomulag Þingvalla.

Fyrir rás viðburðanna hafa þeir orðið að skemtistað og sumardvalastað Reykvíkinga. Það er ánægjulegt fyrir Reykvíkinga að eiga kost á að dvelja um tíma á fallegum stað eftir langa veru í þessum litla og fátæka bæ. En það er óhugsandi að láta það fara saman, að fjöldi manna dvelji þar eftirlitslaust og að staðurinn verði jafnframt varðveittur í sinni fornu mynd. Án eftirlits yrðu Þingvellir einskonar viðbót við Siglufjörð, að úthverfi Reykjavíkur, einskonar Klondyke-hjerað. Það er áreiðanlega ekki vilji þjóðarinnar, og það er óhjákvæmilegt að friða staðinn sem fyrst. Það hafa þegar orðið þar ýmsar skemdir, auðvitað óviljaverk, en það má ekki viðgangast lengur. Sagnfræðingar vorir eru eðlilega óánægðir með ýmislegt, sem búið er að gera til að breyta á Þingvöllum, t. d., að vegurinn skuli vera lagður eftir Almannagjá. Brú er bygð yfir ána við neðri fossinn og gestaskáli hefir verið reistur þar, sem þinghelgi var mest. Þetta eru skemdir, sem þyrftu að lagast sem fyrst. Þó ekki verði horfið að því ráði að breyta veginum eða brjóta steinbogann, þá verður sennilega áður langt um líður þjóðvegurinn fluttur, þannig, að umferðin verði meðfram vatninu og yfir brú við árósana.

Ein skemdin enn er hugsanleg á staðnum, og það er, að fossinn verði virkjaður. Þetta getur komið fyrir, ef þjóðin lætur sjer fátt um finnast fegurð og helgi Þingvalla. Og jeg vona, að menn sjeu mjer sammála um, að slíkt væru spjöll á helgi staðarins.

Það hafa margar stoðir runnið undir þá hugmynd að friða Þingvelli. Sú kenning hefir komið fram, að Þingvellir ættu að vera þjóðgarður Íslendinga. Það getur vel samrýmst, þó að fjöldi manna komi þar sjer til skemtunar, ef þeir læra að fara vel með staðinn og bera virðingu fyrir honum. En eins og nú er, virðist þetta ekki fara vel saman.

Hvernig á þá að gera við því? Jeg held, að flestir, sem um þetta hafa hugsað, sjeu sammála um, að friða þurfi alt skóglendið milli Almannagjár og Hrafnagjár, frá Ármannsfelli og Meyjarsæti og alt að vatninu. Láta þar engan búskap vera, sljetta vellina og flytja Valhöll burtu, en reisa í þess stað stórt og myndarlegt gistihús á einhverjum stað, þar sem það spillir ekki þinghelginni. En þó skiftir það mestu, að þau spjöll, sem þegar eru orðin og fyrirsjáanleg eru, verði bætt og hindruð. Og þetta verður að gerast nú þegar, því 1000 ára hátíð Alþingis fer í hönd og verður þá staðurinn að vera í sæmilegu standi.

Frv. gerir ráð fyrir, að byrjað verði á þann hátt, að það þurfi ekkert að kosta ríkissjóð, heldur fáist fje með því að láta þá gesti, sem til Þingvalla koma, greiða ákveðið gjald. Fyrir það fje, sem fæst, verður svo að girða hraunið, efla skógræktina og ef til vill verja einhverju í skaðabætur til Skógarkots, til þess að búskap verði þar hætt. Gjaldið er ekki hátt og ekki tilfinnanlegt. Það hverfur alveg móts við alt það fje, sem eytt er í Þingvallaferðir.

Formaður fyrir bifreiðastöð hjer í bænum hefir sagt mjer, að á einu sumri hafi verið eytt milli 120—150 þús. kr. í bifreiðar til Þingvalla, og þá kostuðu sæti fram og aftur 40—50 kr., og verður þá ekki mikið, þó gestum sje gert að greiða 1 kr. á dag fyrir að vera þar. Þeir, sem yrðu um lengri tíma, þyrftu ekki að greiða svo mikið.

Þá er lagt til í frv., að þriggja manna nefnd verði skipuð til þess að hafa yfirumsjón með staðnum til 1930. Þar eru sjálfsagðir fornmenjavörður, höfundur alþingissögunnar og sá, sem nú hefir umsjón staðarins. Enn fremur formaður Búnaðarfjelagsins, sem er einhver mesti skógræktarmaður, sem við eigum.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, það, hvernig erlendir fræðimenn líta á Þingvelli, og ættum við helst ekki að vera eftirbátar þeirra um skilning á sögustöðunum. Professor Paasche, sem var hjer á ferð í sumar leið, hafði orð á því, að Norðmenn mundu sjálfsagt heiðra þúsund ára afmæli Alþingis með einhverri heiðursgjöf. Honum datt í hug, að þeir ljetu reisa stafakirkju á Þingvelli. Þetta sýnir, hve slíkir menn eru fúsir til að heiðra Þingvelli, og fegurri gjöf gætum við varla fengið en eina af þessum listabyggingum, sem voru svo algengar í Noregi, þegar Alþingi stóð í blóma. En úr því að útlendingar hugsa svo mikið um Þingvelli, þá má ekki minna vera en að við sjeum sjálfir fúsir til að láta eitthvað af mörkum til þess að staðurinn haldi áfram að samsvara þeim minningum, sem við hann eru tengdar.

Jeg hefi ekki hugsað um það, í hvaða nefnd málið á að fara, en vona, að hæstv. forseti geri till. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 410 og 411).

Frsm. minni hl. (Guðmundur Guðfinnsson): Eins og sjá má á nál., hefir nefndin ekki getað orðið samferða um þetta mál, og því klofnað. Aðalatriðið, sem nefndin klofnaði á, var, hvort rjett

væri að taka gjald af gestum þeim, er heimsæktu Þingvöll, til þess að bæta staðinn. Meðnefndarmenn mínir gátu ekki fallist á það.

Annars vísa jeg til nál. um þetta, en skal jafnframt taka það fram, að brtt. þær, er því fylgja, eru bygðar á áliti fornmenjavarðar.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Út af orðum háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf) skal jeg taka það fram, að það var annað atriði, sem greindi meira á um í nefndinni en gjaldið, þó jeg vitanlega væri á móti því. En jeg taldi heppilegra, að mál þetta væri tekið upp af stjórninni, og jafnframt taldi jeg það ekki skaða, þó að það biði næsta þings, og sömu skoðunar er hæstv. forsrh. (SE), sem nefndin hefir talað við um þetta, og þó er málinu hlyntur.

Þá er eitt atriði, sem rjett virðist að athuga í þessu máli, og það er, hvort ekki muni þurfa að greiða sveitarfjelaginu fje, ef búskapur á tiltölulega mörgum jörðum verður takmarkaður eða jafnvel lagður niður. Því að það hefir verið venja, ef t. d. jarðir hafa verið lagðar undir kaupstaði, að greiða hlutaðeigandi sveitarfjelagi fyrir þann tekjumissi, er það hefir orðið fyrir við að missa jarðirnar.

Þá hefir og komið til orða að setja almennan skóla á stofn á Þingvöllum, og í tilefni af því hefir nefnd í Stúdentafjelaginu lagt til, að þetta mál verði látið bíða næsta þings, og hið sama hefir fornmenjavörður gert áður, því að við það tapast ekkert annað en fje það, sem inn kynni að koma í sumar af inngöngueyri.

Hvort friða þurfi svo stórt svæði sem gert er ráð fyrir í frv., tel jeg efasamt, og jafnframt, hvort taka eigi upp þinghelgi á því öllu, því að hin forna þinghelgi mun ekki hafa náð nema frá vatninu upp að Almannagjá og Flosagjá. En ekki um efri vellina.

Þá er enn eitt, sem greinir á um, sem sje, hvort eigi að leyfa mönnum að búa á þessu svæði.

Minni sögulegu tilfinningu er þannig varið, að mjer finst vel við eiga að byggja á þessu svæði, eins og Björn Þórðarson hæstarjettarritari talar um í ritgerð sinni. Því að áður voru þarna búðir. Og þar var verslað, keypt og selt og margt fleira gert. Ekki finst mjer því nauðsynlegt, að Valhöll verði flutt í burtu þaðan, sem hún er nú. Mjer finst beint eðlilegt, að gistihúsið þurfi að vera þarna.

Skóginn tel jeg sjálfsagt að friða, og jeg er ekkert á móti því, að ríkissjóður leggi fram fje til þess. Annars vilja vitanlega allir, að Þingvellir líti sem best út.

En mjer finst svo margt vera í þessu máli, sem þurfi vel að athuga, en þó sjerstaklega, hve marga menn þurfi að taka þarna upp af jörðum sínum. Og nú, þegar brauðið er óveitt, er vitanlega sjálfsagt að veita það ekki nema með þeim skilyrðum, að ekkert verði því til hindrunar, sem gera á, þó að það verði veitt. Jeg skal taka það fram, að háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) er mjer ekki samdóma að öllu leyti, en hann telur þó saklaust, að málið biði til næsta þings. Einnig erum við báðir samdóma um, að ekki sje rjett að taka þetta umrædda gjald. Auðvitað er inngangseyrir einatt greiddur, t. d. í dýragarða.

Jeg vil því undirstrika það, að jeg

tel það sjálfsagt, að ef farið verður að heimta gjald af gestum þeim, er heimsækja Þingvöll, þá verði ríkið að sjá fyrir sæmilegri aðbúð gesta þar.

Annars geri jeg það ekki að neinu kappsmáli, hvort mál þetta verður afgreitt nú, eða látið bíða næsta þings.

Forsætisráðherra (SE): Mjer þykir leitt að þurfa að tefja þetta mál, en samt vil jeg biðja hæstv. forseta að taka það út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til f r h. 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til f r h. 2. u m r. (A. 166, n. 410 og 411, 504).

Frsm. minni hl. (Guðmundur Guðfinnsson): Þetta mál hefir nú verið hjer lengi á ferðinni og tekið ýmsum breytingum. Síðustu brtt. eru á þgskj. 504. Jeg hefi borið þær fram, en átti áður brtt. á þgskj. 410, en tek þær hjer með aftur. Þetta er gert í samráði við sögunefndina svo kölluðu og landsstjórnina. Aðaláhugamál mitt í þessu efni er að friða Þingvelli og undirbúa væntanlega hátíð þar 1930. Það er eitt atriði í þessu, sem hefir valdið deilum, en það er að taka gjald af gestum, sem þar koma. En nú er það sett á vald stjórnarinnar, og vænti jeg, að hún geri hið besta í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 410 tekin aftur.

Brtt. 504, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 8 : 4 atkv.

Brtt. 504, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 8 : 3 atkv.

Brtt. 504, 3 (ný 3. gr.) samþ. með 8 : 3 atkv.

7. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 8 : 3 atkv.

Brtt. 504. 4 (fyrirsögn) samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 3 atkv. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um friðun Þingvalla og Þingvallaskógar.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 552).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg ætla ekki að tala langt mál. Vil aðeins beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. (SE), að reka ekki prestinn burtu frá Þingvöllum, nema brýn nauðsyn krefji, þótt frv. þetta nái samþykki Alþingis. Jeg skil ekki, að það sje á neinn hátt nauðsynlegt eða æskilegt, þótt jeg hafi vitanlega orðið þess var, að sumir vilji það helst.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi rætt þetta mál við sögunefndina, og hún hefir eindregið lagt það til, að prestssetrið verði lagt niður á Þingvöllum. Og jeg get ekki annað en tekið mikið tillit til tillagna hennar. En hins vegar veit jeg, að útvega þarf prestinum stað til þess

að vera á, og jafnvel að veita honum lán til byggingar.

Annars skal jeg geta þess, að þeir sjerfræðingar, sem jeg hefi talað við um þetta mál, leggja mjög eindregið til að prestssetrið verði lagt niður á Þingvöllum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 552).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

16. Áfengissjóður.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um áfengissjóð (þmfrv., A. 175).

Á 23. og 25. fundi í Ed., dagana 22. og 23. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er einskonar viðbót við annað frv., sem lagt hefir verið fyrir fjhn., og er um meðferð á því fje, sem landinu áskotnast fyrir áfengi Jeg hefi því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv.; það skýrir sig sjálft. Í því er gert ráð fyrir, að nokkrum hluta af því fje, sem landið fær fyrir áfengissölu, sje varið til þess að berjast á móti áfengisbölinu. Þeir, sem samþykkja það, að eitthvað sje gert til þess að hindra útbreiðslu drykkjuskapar hjer á landi, munu geta hallast að því, að frv. fái grandgæfilega rannsókn. Ef frv. um meðferð þess fjár, er landinu áskotnast fyrir áfengi, nær ekki fram að ganga, þá er þetta frv. sjálffallið. Álít jeg því rjettast, að frv. sje látið bíða eftir hinu, og legg jeg til, að því sje vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

17. Póstmeistara- og stöðvarstjóraembætti á Akureyri.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 26. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um sameiningu ritsímastjóra- og póstmeistarastarfanna á Akureyri (þmfrv., A. 214).

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Einar Árnason): Greinargerðin fyrir þessu frv. er svo ítarleg, að mjer finst engin ástæða til að bæta neinu við hana, eins og stendur. Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg ætla ekki að segja mikið um þetta frv. við 1. umr., en skal aðeins geta þess, að það fer í sömu átt og óskir manna í fyrra. Það mun að vísu ekki hafa komið fram í þingsályktunarformi, en margar raddir heyrðust um það, að sameina póst- og símaafgreiðslu sem víðast, þar sem því væri hægt við að koma. Út af þessu skrifaði jeg aðalpóstmeistara og landsímastjóra þann 24. maí í fyrra og bað þá um upplýsingar um, hvernig þeir litu á málið og hvort þetta væri eigi víða gerlegt. Svar landsímastjóra var á þá leið, að hann mælti eindregið með að koma þessu í framkvæmd, og getur hann þess, að þar sem sameinuð hafi verið póst- og símaafgreiðsla, eins og t. d. í Stykkishólmi, þar hafi það gefist vel. Frá landsímans sjónarmiði væri ekkert að athuga við þetta. Að vísu er það ekki eins mikill sparnaður og sumir kunna að gera sjer í hugarlund. En þótt starfsmennirnir hafi þannig meira að inna af hendi, þá verða þeir betur launaðir og verða því ánægðari með kjör sín. Sendi landsímastjóri mjer lista yfir símastöðvar þær, þar sem sameining þessara sýslana gæti komið til mála. Legg jeg til, að í hvert skifti sem slíkar sýslanir losna á þeim stöðum, þá sje reynt að koma sameining á. Aðalpóstmeistari var ekki eins meðmæltur þessu og landsímastjóri, en hyggur þó, að það geti látið sig gera. Þótt póstafgreiðslumenn geti tekið að sjer símaafgreiðslu, þá sje ekki eins auðvelt fyrir stöðvarstjóra að taka að sjer póstafgreiðslu. Annars afhendi jeg skjöl þessi til leiðbeiningar þeirri nefnd, sem málinu verður væntanlega vísað til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Nefndaráliti allshn. um málið, á þskj. 341, var útbýtt 13. apríl, en nefndin flutti nýtt frv. um sama efni, á þskj. 342. — Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

18. Húsnæði í Reykjavík.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 12. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík (þmfrv., A. 326).

Á 40. fundi í Ed., laugardaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 326).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg hefi ekki ástæðu til að segja annað um þetta mál en það, að ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ekki notað sjer heimildina fyrir 1. júlí, þá er rjett að hún tapi henni. Fari svo, þá má altaf taka málið upp á næsta þingi.

Jónas Jónsson: Jeg lít svo á, að þetta mál eigi fram að ganga, svo þetta litla, sem húsaleigulögin bæta ástandið, sje líka felt í burtu. En þetta á fram að ganga í samræmi við danska málsháttinn: „jo galere, jo bedre."

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK, GGuðf, HSt.
nei: JJ, KE, SJ, EÁ, GÓ.
Einn þm. (SE) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 326).

Frsm. (Jón Magnússon): Nefndinni þótti rjett að láta bæjarstjórnina vita, að hún gæti ekki haldið öllu lengur heimild þeirri, er henni var veitt með lögum nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, nema hún notaði hana bráðlega. En hin eldri húsaleigulög skulu þó standa til 1. júlí 1924, eða sama sem gilda til 1. október s. á. Nefndinni fanst eitthvað verða að gera í þessu máli, og fanst því rjett að fara þessa leið, að taka heimildina af bæjastjórninni, ef hún notaði hana ekki innan þessa tíma.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK, GGuðf, HSt.
nei: GÓ, JJ, KE, SE, EÁ.
Einn þm. (SJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. út-

býtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 326).

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt

---

19. Legkaup í Reykjavík.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (þmfrv., A. 393).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Einar Árnason): Við 2. umr. fjáraukalaganna fyrir 1921 hjer í þessari háttv. deild, upplýstist það, að kirkjugarðurinn hjer í Reykjavík væri allþungur baggi á ríkissjóði, og kom þá fram, að á síðastliðnum árum hefði hann kostað ríkissjóð 30—40 þús. kr. Enn fremur kom það fram, að á næstu árum myndi ríkissjóður verða að greiða til hans enn þá meira fje en hann væri þegar búinn. Fjárveitinganefndinni fanst því nauðsyn til bera að reyna að ljetta þessum bagga af ríkissjóði, og þá helst með því að hækka legkaupið.

Lög, sem ákveða legkaupið, eru frá 1915, og er þar ákveðið, að legkaup fyrir börn yngri en 2 ára skuli vera 2 kr., en 4 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Og vilji maður helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. En vilji maður helga sjer grafreit meðan kirkjugarðurinn stendur, þá skuli greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.

Þessar upphæðir hefir nefndin hækkað rúmlega til helminga. Auk þess bætt við nýju ákvæði um legkaup fyrir múruð grafhýsi.

Í núgildandi lögum er ákveðið, að legkaupið renni til Reykjavíkurdómkirkju, en nefndinni fanst rjettara, að það rynni til ríkissjóðs, úr því hann á að kosta viðhald garðsins.

Nefndin getur ekki sagt um, hvort þessi hækkun á gjöldunum muni duga fyrir uppfyllingunni á garðinum. En þar sem þetta gjald verður 10—12 kr. á hvern legstað, má búast við að það hrökkvi langt og kostnaðurinn við uppfyllinguna verði því ekki tilfinnanlegur fyrir ríkissjóð.

Þar sem mál þetta er komið frá nefnd, virðist ekki þörf að vísa því til nefndar. Vænti jeg því, að það fái að ganga til 2. umr. nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 393, 444).

Frsm. (Einar Árnason): Við nánari athugun á 1. gr. frv., sýnist nefndinni rjett að breyta máli á tveimur síðustu málsliðum greinarinnar, til þess að það geti ekki valdið neinum misskilningi. Hefir nefndin því borið fram brtt. á þskj. 444, sem skýrir þetta. Vænti jeg því, að málið á 1. gr. verði svo greinilegt og ljóst, að það geti ekki valdið misskilningi, ef brtt. verður samþykt.

ATKVGR.
Brtt. 444 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 452).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 452).

Á 53. og 55. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Magnús Kristjánsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

20. Almennur ellistyrkur.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var útbýtt:

Frumvapi til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (þmfrv., A. 409).

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg vildi aðeins mælast til, að mál þetta fengi að ganga áfram til 2. umr., og er engin ástæða til að fjölyrða um það að svo komnu, þar sem í greinargerðinni er skýrt frá, af hverju það hefir komið fram. Það er bygt á útreikningum dr.

Ólafs Daníelssonar. Jeg skal geta þess, að komið hefir til orða í nefndinni, hvort óhugsandi væri að taka bjargráðasjóðinn og leggja við ellistyrktarsjóðinn. Jeg hefi talað um það við ýmsa hv. þm., og framar vonum mínum hefir því verið vel tekið. Það er efasamt, hvort bjargráðastyrkur komi að tilætluðum notum sem slíkur, en á hinn bóginn væri tilgangurinn með honum ekki borinn fyrir borð, ef hann væri lagður við ellistyrktarsjóðinn, því ellistyrkur er líka bjargráð. Annars er rjett, að þetta sje síðar athugað; jeg vildi aðeins minnast á það, af því að það hafði komið til tals. Jeg vona að deildin leyfi málinu að svo komnu að ganga til 2. umr. Þá geri jeg líka ráð fyrir, að sá maður í nefndinni, háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf), sem sjerstaklega er styrknum fylgjandi, skýri málið betur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11. shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg þarf ekki að orðlengja um frv. þetta og get aðeins vísað í greinargerðina fyrir því, þar sem alt er tekið fram, er máli skiftir. Jeg hefði kosið að kynna mjer nánar fjárhag og eignir ellistyrktarsjóðanna, eins og nú er, en ekki tekist, sakir tímaskorts, og ekki getað fengið þær upplýsingar, er jeg þurfti. Það lítur svo út sem próf. Eiríkur Briem hafi kynt sjer þetta mjög nákvæmlega, en sá galli er á, að menn eiga erfitt með að sjá, hversu mikið gagn yrði að þessari hækkun nú sem stendur, þar sem jeg get ekki lagt fram skilríki fyrir styrkveitingum úr sjóðnum nú. Jeg þekki til í einum hreppi, þar sem ellistyrkur nemur nú einu ómagaframfæri, en eftir útreikningum prófessorsins mundi það að 40 árum liðnum svara framfæri 3 ómaga. Jeg hefði haft tilhneigingu til að ganga lengra og hækka gjaldið meira, en vildi þó ekki gera það. Hvort sem sjóðurinn væri aukinn með hærri gjöldum eða gripið til annara úrræða til þess að auka hann, þá tel jeg það ekki illa farið. Vona jeg svo, þar sem allir sjá, hversu gætilega er af stað farið, að deildin samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 409).

Einar Árnason: Jeg vildi aðeins gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg neita því ekki, að frv. kunni að vera gott að sumu leyti, en á hitt ber líka að líta, að það eru takmörk fyrir því, hve lengi má hlaða á útgjaldabyrði manna. Flestum þykir hún orðin fullþung, og jeg tel ekki á hana bætandi. Jeg mun því greiða atkv. á móti frv.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Það er vitanlega rjett hjá hv. 2. þm.

Eyf. (EÁ), að bætt er við útgjöldin með frv. En á hinn bóginn er ljett á þeim, því fátækrastyrkur yrði minni, ef frv. kæmi til framkvæmda. Frv. er því ekki eins hættulegt og hv. þm. (EÁ) vildi gera það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 409).

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

21. Kosningalög fyrir Reykjavík.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:
Frumvarpi til kosningalaga fyrir Reykjavík (þmfrv., A 95).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jakob Möller): Um frv. þetta er eigi annað að segja en stendur í greinargerðinni, og vona jeg að háttv. þm. hafi nú þegar kynt sjer það. Í því eru þó tvö nýmæli, er jeg vil sjerstaklega benda háttv. þm. á. Annað nýmælið er það, að ýmsum mönnum, er af sjerstökum orsökum hafa orðið að njóta sveitarstyrks, er nú veittur rjettur til bæjarstjórnarkosningar hjer og annara kosninga í þarfir bæjarins. Í öðru lagi er fjarstöddum kjósendum á kjördegi nú veittur kostur á að kjósa á sama hátt og gildir um alþingiskosningar.
Jeg vona, að nefnd sú, er frv. þetta gengur til, athugi, hvort ákvæði frv. um að nota gildandi kjörskrá til alþingis, ásamt viðaukakjörskrá, yfir aðra, er rjett hafa til bæjarkosninga, en ekki eru alþingiskjósendur, muni eigi geta komið að fullum notum. Fer jeg svo eigi frekar út í einstök atriði, en óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

22. Vínsala og veitingar.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um sölu og veitingar vína (þmfrv., A. 58).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Jónsson): Þó að hjer sje um langan lagabálk að ræða, hygg jeg, að ekki sje ástæða til að þreyta háttv. deild á langri ræðu, og þrátt fyrir það, að frv. þessu fylgi ekki löng greinargerð, vænti jeg, að háttv. þm. hafi getað áttað sig á því, hvað hjer er á ferðinni. Það er nefnilega gamall kunningi, sem hefir verið í útlegð í alllangan tíma og er að koma heim aftur. Það eru sem sje lögin frá 11. nóv. 1899, er fjellu úr gildi með bannlögunum, og voru því óþörf. En þar sem nú, því miður, hefir orðið að veita undanþágu frá bannlögunum, getur það verið álitamál, hvort sömu reglur um veitingar vína ættu eigi að gilda áfram. Þó er hjer sjerstaklega ástatt nú, er aðeins vín með 21% áfengis, og þar undir, eru heimil til innflutnings, og svo er í öðru lagi einkasala ríkisins á vínunum. Jeg ætla mjer ekki að hefja langar umræður um þetta, en bið háttv. þm. að greina vel á milli aðal- og aukaatriða í þessu máli. Það eru ýms aukaatriði, er jeg skal játa að standa til bóta í frv. þessu og jeg vænti, að háttv. þm. þá taki til athugunar, ef með þarf.

En svo eru tvö a ð a l a t r i ð i í þessu máli, sem jeg mælist til, að háttv. þm. athugi vel og jeg legg mikla áherslu á. Hið fyrra er, að ríkið fari e k k i með smásölu vínanna, eins og stjórnin ætlast til með reglugerðinni frá 18. júlí 1922. Það fyrirkomulag verður alt of þunglamalegt bákn í meðferðinni og sýnilega ljettara fyrir ríkið að fela einstökum mönnum rekstur smásölunnar. Fullmikið hefir verið gert af hálfu stjórnarinnar í því að ota fram vínunum, en það er gagnstætt reglugerðinni frá 1922, og takmarkanir þær á vínsölunni, sem þar eru heimilaðar, hafa reynst pappírsákvæði ein. Það er rjettara að hafa aðeins fáa menn við vínverslun ríkisins, en fela smásöluna heldur einstökum mönnum, er greiði ákveðið gjald í ríkissjóð fyrir söluleyfið.

Annað aðalatriðið er það, að ekki sje þröngvað vínsölu eða vínveitingum upp á sjerstök hjeruð eða bæi, og tilgangurinn með þessu frv. er sá, að sjálfsákvörðunarrjettur sveita og bæjarstjórna fái að njóta sín eins og áður var. Þetta er vitaskuld aðaltilgangur frv., og það fram komið beinlínis vegna hans.

Skal jeg nú ekki þreyta háttv. deild meira að sinni, en þó er eitt atriði enn, er jeg þarf að drepa á. Jeg fæ ekki sjeð, þó að frv. þetta verði að lögum, að það rekist á neinn hátt á samninga vora við Spánarstjórn eða geti staðið markaði vorum á Spáni fyrir þrifum. Þessi undanþága frá bannlögunum var veitt vegna samninga vorra við Spán, og það er sjálfsagt að halda gerða samninga, eins og hverjum manni er vitanlegt, en það er líka sjálfsagt að halda hinum aðilj-

anum að því að efna samninginn til fulls. Og af Spánverja hálfu var einskis krafist nema þess, að innanlands ráðstafanir gerðu ekki undanþáguna að engu. En það verður á engan hátt sagt, að þetta frv., þótt það verði að lögum, geri undanþágu þá, er vjer veittum Spánverjum, að engu. Það er og vitanlegt, að það var ekki aðalatriðið, að hjer yrði flutt inn mikið af spönskum vínum, þegar undanþágan var veitt — enda líklega minst af því víni frá Spáni, er hingað hefir flust — heldur hitt, að Spánarstjórn fengi viðurkenning á sínum grundvallarreglum og innflutningur vínanna yrði leyfður.

Fjölyrði jeg þetta ekki meir, en vænti þess, að frv. þetta fái góðar undirtektir hjer í deildinni, og geri það að tillögu minni, að því verði vísað til allshn. um leið og það verður samþykt til 2. umr.

Jón Baldvinsson: Það eru sumir menn þeirrar skoðunar, að gömlu lögin um sölu og veitingar vína innanlands sjeu enn í gildi. En jeg skal þó ekki mæla á móti því, að einstök atriði gömlu laganna verði tekin upp aftur. En þó eru ýmisleg ákvæði í þessu frv. athugaverð og sem jeg get ekki fallist á, svo sem að leyfa vínsölu á skipum o. fl., en sem jeg ætla þó ekki að gera að umræðuefni nú. Það er eitt atriði í greinargerð frv., sem kom mjer til að taka til máls, þar sem það er sagt, að dýrara verði að ríkið hafi smásöluna á hendi heldur en hún verði í höndum einstaklinga o. s. frv. Það er stöðugt verið að stagast á því, að ríkissalan sje dýrari í rekstri en rekstur einstaklinga, og vil jeg ekki láta þessu ómótmælt. Jeg vonast til að þetta, sem hv. flm. frv. (MJ) talaði um, að ríkistrekstur sje ávalt þunglamalegt bákn, eigi ekki við flm. (MJ), en hann er sjálfur lifandi ríkisfyrirtæki, sem embættismaður ríkisins. Vitanlega má ýmislegt finna að rekstri ríkisfyrirtækja, einkum í byrjun. En jeg spyr: Eru ekki misfellur í rekstri fyrirtækja einstakra manna. Jeg fullyrði, að miklu meiri misfellur eigi sjer stað þar heldur en hjá opinberum fyrirtækjum, og þau mundu áreiðanlega græða á þeim samanburði. Það var algerður óþarfi af hv. flm. (MJ) að koma fram með þessar aðfinslur í greinargerð þessa frv. og í ræðu sinni, og jeg vil ekki láta því ómótmælt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

23. Vörutollur (frv. JS og PO).

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þmfrv., A. 39).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Enda þótt frv. þetta ræði um toll, þá er það þó eigi í eðli sínu tekjuaukafrumvarp. Það er

eigi fram komið til þess að afla landsjóði beinna tekna. Þeir tollar, er hjer ræðir um, eru verndunartollar. Tilgangur frv. er í fám orðum sá, að vernda nokkrar greinar íslenskrar framleiðslu, og þá einkanlega þær greinar, sem eru mikilsverðastar eða eru á byrjunarstigi.

Fyrst er þá að athuga, hvort nokkur þörf sje á slíkri vernd.

Áður en heimsstyrjöldin skall á, var sú skoðun algeng, bæði hjer á landi og annarsstaðar, að þá væri fjárhag hvers lands borgið, ef innfluttar vörur næmu eigi meira verði en útfluttar. Um það, hvernig gengi til með skifti innanlands, skifti eigi miklu máli, ef verslunarjöfnuður væri við önnur ríki.

Styrjöldin mikla sýndi mönnum aftur á móti fram á sannleikann í máltækinu „holt er heima hvað.“ Þær þjóðir eru nú best staddar, er best hafa getað fullnægt eigin þörfum. Erlendar þjóðir hafa látið sjer reynslu þá, er stríðið færði þeim, sjer að kenningu verða. Til dæmis hafa frændur vorir Norðmenn komið á hjá sjer svipuðum tollögum og hjer er um að ræða.

Eigi er svo, að reynslan hafi ekkert kent oss nú á þessum erfiðu tímum. En vjer höfum ekkert aðhafst enn þá, þrátt fyrir gjaldeyrisvandræðin, sem valda svo miklum erfiðleikum með innflutning erlendrar vöru.

Enginn neitar því, að nauðsyn sje á því að hefjast handa nú, vinna að aukinni ræktun landsins og reyna að gera framleiðsluna fjölbreyttari og verðmætari. Hvorttveggja er dauðadæmt, ef erlendar þjóðir bola okkur burt á okkar eigin innlenda markaði. Til dæmis skal jeg geta þess, að íslenskum bændum er ókleift að framleiða kjöt fyrir sama verð og Ástralíu- og Argentínubúum eða fyrir það verð, er það seldist í fyrra á enskum markaði. Það er líka erfitt fyrir okkur að keppa við þjóðir, sem hafa enn lægra gengi; má þar til nefna samkepni okkar við Frakka um gráðaostinn.

Ef aukin ræktun og fjölbreyttari á að verða annað en fálm út í loftið, þá verður að vernda hana. Ýmsar erlendar þjóðir eru nú aftur farnar að grípa til verndunar framleiðslu sinnar á þennan hátt. Jafnvel Englendingar, þar sem fríverslunin hefir lengst og mest drotnað, eru nú að hverfa að þessu ráði.

Nú, þegar aðrar þjóðir eru farnar að gera oss erfitt fyrir, með því að leggja innflutningstoll á afurðir vorar, svo sem kjöt, ull o. s. frv., þá verðum vjer að grípa til ráða þeirra, er næst liggja: leggja innflutningstoll á þær vörur, er vjer megum helst án vera og framleiða má í landinu sjálfu. Það getur orðið oss stórhættulegt að hafa dyrnar upp á gátt, þegar aðrar þjóðir loka þeim fyrir oss, að minsta kosti í hálfa gátt.

Jeg ætla mjer eigi að ræða um einstaka liði frv.

Vörur þær, er hjer ræðir um, er, eins og jeg hefi þegar tekið fram, hægt að framleiða allar hjer á landi og gæti því tollurinn gert tvent: fleytt framleiðslugreinum þeim, er nú eru í byrjun, yfir erfiðustu árin, og jafnframt verið landsmönnum hvöt til þess að framleiða sjálfir það, sem erfitt er að ná annarsstaðar. En gæta verður þess að verka alla vöru sem best, og eigi síður en útlendingar gera, ef unt er; markmiðið á að vera, að innlend framleiðsla fullnægi sem flestum þörfum okkar.

Álitamál er það, hvort eigi bæri að

taka fleiri vörutegundir, svo sem jarðepli, með í frv. Í tillögum, sem Búnaðarfjelag Íslands sendi stjórnarráðinu, er gert ráð fyrir að jarðepli verði tekin með. Það er nú vitanlegt, að landið getur farmleitt næg jarðepli til neyslu innanlands, og eigi vansalaust meðan svo er eigi. En eins og stendur, mun framleiðslan eigi vera næg til verslunar innanlands, en jarðepli ein af helstu nauðsynjavörum. Þótti oss því eigi rjett að tolla þau að þessu sinni.

Sumum kann ef til vill að þykja tollurinn of lágur. Við flm. höfum í flestum liðum verið fyrir neðan það, er Búnaðarfjelagið lagði til, álitum heppilegra að fara hægt á stað og láta reynsluna skera úr. Hægt að hækka eða lækka síðar, ef ástæða verður til.

Að endingu vil jeg taka það fram, að þó að við höfum felt þetta inn í vörutollslögin, er það eigi gert í því skyni að villa mönnum sýn, heldur af því, að oss þótti það heppilegra.

Fleira mætti um þetta segja, en þetta læt jeg nægja í bráðina. Ef til vill verður ástæða til að minnast frekar á það síðar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er sammála háttv. flm. þessa frv. um það, að nauðsyn sje á því að hefta innflutning óþarfrar vöru. Við frv. þetta get jeg þó eigi felt mig að öllu leyti; finst mjer það ganga of langt í sumu, en of skamt í öðru. Með svona lágum tolli er eigi hægt að hefta innflutning á dýrri vöru, svo sem t. d. niðursoðnum fiski og kjöti. Aftur á móti er tollur á niðursoðinni mjólk óhæfilegur, því dósamjólk er nú mikið notuð í kaupstöðum, sökum þess, að íslensk mjólk er ófáanleg. Tel jeg því rjett að sleppa niðursoðinni mjólk, uns farið er að sjóða niður mjólk í landinu sjálfu, er nægt gæti til neyslu innanlands, en þess mun langt að bíða.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki látið frv. þetta fara mótmælalaust til 2. umr. Auðvitað er það gott og blessað að geta framleitt í landinu það, sem við þurfum að nota.

En að fara nú að koma á verndartolli, mundi áreiðanlega verða til bölvunar fyrir landbúnaðinn, sem flm. bera fyrir brjóstinu og ætla sjer að vernda með þessu frv. Miklar breytingar hafa orðið til hins verra, síðan stríðið skall á. Sjerstaklega hefir vöruvöndun minkað. Nú er t. d. varla hægt að fá sæmilega gott íslenskt smjör, síðan rjómabúin lögðust niður. Sumar vörutegundir fullnægja eigi nálægt því eftirspurninni, t. d. mjólkin. Sá skattur er því alveg ófær. Háttv. frsm. (JS) gat þess, að tollurinn væri of lágur; mjer finst hann of hár. Mjer hefir reiknast svo til, að hann verði 5 aurar á hverja mjólkurdós, og dregur það sig saman fyrir þá, sem mikið þurfa að kaupa af þeirri vöru.

Vitanlega ætti landið að geta fullnægt mjólkurþörfinni, en það gerir það eigi enn, og því of snemt að tolla mjólkina.

Bjarni Jónsson: Háttv. síðasti ræðumaður hjelt því fram, að frv. þetta myndi spilla fyrir vöruvöndun í landinu og að Íslendingar vönduðu nú eigi vöru sína svo sem áður hafa þeir gert. Er þetta munnfleipur eitt og skrök, og alt gripið úr lausu lofti. Vöruvöndun hefir sífelt farið vaxandi í landinu, og er nú vart það kot til, að eigi framleiði betra smjör en hið danska herragarðssmjör, sem hjer hefir svo mjög verið rómað.

Annars er það einkennilegt, hversu sumir menn hafa tamið sjer þá hugsun, að ekkert megi það vera hjer, sem útlendingum leyfist eigi að gina yfir, og að alt skuli vera hjer opið fyrir öllum. Þetta kemur þeim einkennilega fyrir sjónir, er ferðast hafa utanlands, t. d. í Noregi. Hvar sem maður ferðast þar, rekur maður sig alstaðar á auglýsinguna: „Köb norske varer". Hjer sjest slíkt hvergi, og er það meðal annars vottur um óþjóðrækni Íslendinga. Jeg vil ekki beinlínis verndartolla, en óvíst, að hægt sje að komast hjá þeim.

Jakob Möller: Jeg tek í sama streng og háttv. samþingismaður minn (J-B), og stóð jeg í rauninni upp til þess að þakka honum fyrir þá drengilegu vörn, sem hann hefir haldið hjer uppi fyrir frjálsri samkepni, og felst jeg fyllilega á rök þau, er hann taldi fyrir áhrifum hennar á vöruvöndunina.

Að öðru leyti er ekki ástæða fyrir mig að fara út í umræðurnar, fyrst gert er ráð fyrir, að frv. verði vísað til nefndar, sem jeg á sæti í. Aðeins vil jeg taka fram um eitt atriði, að hv. flm. (JS) tókst ekki að rjettlæta tillögu sína með því, að nóg væri framleitt af þessum vörum í landinu. En svo er, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JB) tók fram, að um sumar vörurnar er þannig ástatt, að engin ástæða er til áð vernda framleiðslu þeirra, með því að framleiðendurnir sýna engan áhuga. Skal jeg t. d. nefna egg. Yfirleitt geta menn framleitt þau án verulegs kostnaðar, og er það fyrir áhugaleysi eitt, að ekki er meira að því gert. Hins vegar lít jeg svo á, að þegar verndartollar leggjast á nauðsynjavöru, leiði aðeins ilt af því. Þeir auka dýrtíðina í landinu og koma framleiðendum sjálfum í koll.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg þarf lítið að svara þeim aðfinslum, sem frv. hefir mætt. Þær hafa í raun og veru snúist um aukaatriði. Hv. þm. Ísaf. (JAJ) drap á nokkrar vörutegundir, sem varhugavert væri að tolla, svo sem niðursoðna mjólk, því á ýmsum stöðum á landinu væri ekki hægt að fá innlenda mjólk, og ekkert gert til að bæta úr því. Það mun rjett vera, að það hefir ekki verið gert, en nú er fjelag í Borgarfirði, sem hefir soðið niður rjóma, en er nú í þann veginn að breyta til og taka fyrir niðursuðu á mjólk. Hygg jeg, að það sje viðar í undirbúningi. Þessa viðleitni viljum við styðja. Það er nóg mjólk til í landinu, ef hægt væri að koma henni á markaðinn, en það hefir ekki verið hægt að þessu; samgönguleysið hamlað því. En fyrst svo er, er sjálfsagt að fullnægja þörfinni á þann hátt, að flytja mjólkina inn niðursoðna.

Þá gat sami hv. þm. (JAJ) þess, að tollur á kjöti mundi vera of lágur, en jeg sje ekki ástæðu til að hafa hann hærri. Hann er svipaður og á spaðsöltuðu kjöti í Noregi, en hærri en á stykkjuðu kjöti.

Þá hefir því verið hreyft, sem aðalmótbáru, að þetta mundi draga úr vöruvöndun í landinu. Bæði 1. og 2. þm. Reykv. (JakM og JB) hjeldu því fram, en rök þeirra sannfærðu mig ekki, og jeg hygg, að reynslan sýni, að svo verði ekki. Þó svo væri, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að smjörið væri nú verra en áður, þá sannar það ekkert, því verkunaraðferðin er önnur nú en á þeim tíma, er hann vitnaði til. Hann bar saman heimaverkað smjör og rjómabús-

smjör. En það er ekki rjettur samanburður. Rjómabú fara að koma upp aftur, og mun þá sýna sig, að vara þeirra stendur ekki að baki hinni útlendu. Þá hefir því verið hreyft, að ekki yrði framleitt nóg af sumum vörutegundum. Og mun það ef til vill rjett um egg og osta, en það verður aðeins í bili. Jeg geri fastlega ráð fyrir, að meira kapp yrði lagt á þessa framleiðslu, ef tollvernd kæmist á, svo að við gætum innan skams fullnægt þörfum okkar, einnig á þessum sviðum. Það var til að ná þessu markmiði, að þessar vörur voru teknar með. Mjer er að vísu ekki fullkunnugt um, hvort framleiðsla þessi hefir átt örðugt vegna erlendrar samkepni, en þær upplýsingar, er jeg hefi fengið, benda þó í þá átt.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) benti á þær afleiðingar, að varan yrði dýrari, og er hugsanlegt að svo yrði í bili. En reynslan er sú, að þegar framleiðslan eykst, lækkar verðið vegna samkepninnar innanlands. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Vona jeg, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Jón Baldvinsson: Það var háttv. þm. Dala. (BJ), sem vefengdi umsögn mína um að gæðum íslenska smjörsins hefði hrakað á seinni árum. Hv. þm. þekkir hjer auðsjáanlega ekki til. Nú er það t. d. svo, að þeir, sem kaupa smjör frá þeim fáu rjómabúum, sem starfa, verða að gæta hinnar mestu varúðar til að fá ógallað smjör. Veit jeg til, að maður, sem ætlaði að kaupa eitt smjörkvartil síðastliðið sumar, þurfti að opna sex kvartil áður en hann fengi ógallað smjör. Þetta sýnir, hve óvönduð varan er orðin, og getur þetta einnig nægt sem svar til hv. flm. (JS), sem áleit, að samanburðurinn væri ekki rjettur hjá mjer. Um heimatilbúið smjör talaði jeg ekki. Svipað má segja um innlendu eggin. Þeim er safnað saman í langan tíma á heimilunum, og geymd í misjafnlega góðum geymslum. Og þegar þau svo eru seld, reynast þau oft skemd.

Háttv. samþm. minn (JakM) mótmælti þessu frv. mjög kröftuglega. En það var alveg óþarfi af honum að ætla að nota tækifærið til að kippa mjer inn í sinn flokk. Og hin „frjálsa samkepni" hlýtur að vera ofarlega í honum, fyrst honum datt hún í hug í sambandi við verð á mjólk og kjöti í Reykjavík!

Vona jeg, að hv. deild felli mál þetta umsvifalaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar með 15 atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 123).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Frv. á þskj. 39 hefir tekið nokkrum breytingum hjá fjhn. og þá aðallega verið aukið við það, en síður, að dregið hafi verið úr því. Þó er feldur niður einn liður: að hækka tollinn á niðursoðinni mjólk. Nefndin sá sjer ekki fært að gera það, vegna kaupstaðanna, og þá sjerstaklega Reykjavíkur, því að þar er vitanlega engin leið að komast af án niðursoðinnar mjólkur. En þegar svo er komið, að jafnan verður auðið að fá nægilega mjólk hvar sem er, telur nefndin sjálfsagt að verndа þá fram-

leiðslu með tolli. Nefndin er því ekki ósamþykk stefnu frv., en telur þetta of snemt og ekki tímabært. Annars er frv. í heild sinni tekið óbreytt upp í tillögur nefndarinnar á þskj. 123.

Nefndin jók við frv. að hækka vörutoll á fleiri tegundum en þar voru taldar. Mest er hækkunin á vefnaðarvöru, upp í 75 aura á kg. Þetta er mjög mikil hækkun, og býst jeg við, að nefndin hefði aldrei hugsað sjer að mæla með jafnmikilli hækkun, ef ekki hefði vakað fyrir henni að reyna að draga úr útflutningsgjaldinu.

Jeg vona, að ekki verði ágreiningur um, að þær vörutegundir, sem nefndin hefir bætt við, sjeu ekki nauðsynjavörur, og að sumar mætti jafnvel tolla hærra en nefndin hefir lagt til.

Hækkun þessi eða aukning vörutollsins af vefnaðarvörum mun nema 2—3 kr. á karlmannsfatnaði. Raunar fer þetta eftir þyngd hans, en miklu munar það ekki frá þessu. Þessi brtt. nefndarinnar ber jafnframt að skoða sem álit hennar um verðtollsfrv. stjórnarinnar. Nefndin sá sjer ekki fært að hafa hvorttveggja.

Þótt verðtollur sje sanngjarnari en vörutollur, þá eru svo miklir erfiðleikar á framkvæmdinni, að nefndin sá sjer ekki fært að aðhyllast þá leið.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir gert aths. við nál., og mun sennilega ekki greiða frv. atkvæði sitt, enda þótt hann vilji lækkun útflutningsgjaldsins. Fjölyrði jeg svo ekki meira að sinni.

Jakob Möller: Jeg hefði getað greitt atkvæði með sumu í frv. þessu, en mörgu er svo varið, að jeg get ekki greitt því atkv., og vegna þess, að ekki mun hægt að aðgreina þetta, verð jeg að greiða atkvæði móti frv. í heild.

Frv. þetta er fram borið til verndar innlendri framleiðslu. Hefi jeg samhygð með því að ýmsu leyti, en vil þó ekki kaupa það svo dýru verði, að auka með því dýrtíð í landinu, sem það bersýnilega gerir. Er um flestar þessar vörurtegundir svo, að framleiðslan er ekki næg í landinu. Að vísu gildir þetta ekki um kjöt og fisk, og þar gæti jeg fallist á till. frv., en hins vegar er víst, að mikið vantar á, að framleiðsla af mjólk, smjöri og eggjum sje nægileg. Er mjólk og smjör flutt inn í stórum stíl, en sem ekkert út. Markaður er því nægur í landinu fyrir það, sem framleitt er, og því engin þörf tollverndar. Um heyið er það að segja, að þótt framleiðsla þess í landinu sje mikil, þá er samt svo, að á flestum árum verður heyskortur.

Er dálítið einkennilegt, að þm. Borgf. (PO) skuli flytja frv. þetta, þar sem hann hefir manna mest barist á móti því, að íbúum bæjanna verði gert mögulegt að afla sjer heys úr sveitum. En hvernig eiga þeir þá að afla sjer þess, er þeir mega ekki heldur kaupa það frá útlöndum.

Anars held jeg, að afkoma bænda með hey mundi ekki verða góð sum árin, ef þeir ætla að birgja bæina upp með hey, því að kunnugt er, að iðulega hefir þurft að kaupa mikla matbjörg til að forða fjenaði frá horfelli. Þetta innflutningsgjald er því í meira lagi hjákátlegt.

Þá hefir nefndin bætt vefnaðarvörunni við. Er þó vitanlegt, að langt er frá því, að svo mikið sje unnið af ull í landinu, að nægi vefnaðarvöruþörf

landsmanna. Er því hjer um augljósa tollhækkun að ræða, en ekki tollvernd.

Hv. frsm. (MG) sagði, að tolli þessum ætti að verja til lækkunar útflutningsgjaldinu. Það er út af fyrir sig gott, en það gagnar lítið að afnema ilt með því að láta annað ekki betra koma í staðinn.

Útflutningsgjaldið kemur niður á framleiðendum, en þetta kemur niður á öllum almenningi. Jeg er þeirrar skoðunar, að útflutningsgjaldið eigi að falla burt, en beinn skattur að koma í staðinn, ef nokkuð þarf að koma í staðinn. Sje jeg ekki, að frv. þetta eigi rjett á sjer í þessari mynd, sem verndartollsfrv. En eigi að skoða það sem nýjan aðflutningsskatt, þá er jeg einnig á móti því.

Eiríkur Einarsson: Það eru tvö atriði í þessu máli, sem jeg vildi gera að umtalsefni. Hækkun vörutolls á vefnaðarvöru er jeg ekki beinlínis mótfallinn, en jeg álít, að stiga verði þetta spor með varfærni og jeg treysti mjer ekki til að greiða atkvæði með því, fyr en jeg hefi fengið upplýsingar um, hvernig horfir við um innlendan ullariðnað, hvort útlit sje fyrir, að hann verði bráðlega svo mikill, að klæðaþörf landsmanna sje borgið. Því ef svo skyldi ekki vera, er fyrirsjáanlegt, að þetta mundi auka dýrtíð í landinu, og það einkum meðal hinna fátækari í kaupstöðunum. Samkvæmt fyrirmælum síðasta þings var skipuð þriggja manna nefnd, til að athuga ullariðnaðinn. Hefir síðan verið hljótt um þetta. Óska jeg nú að fá upplýsingar um starf þessarar nefndar, og vona, að stjórnin gefi þær án sjerstakrar fyrirspurnar. En atkv. mitt um toll á vefnaðarvörum er háð því, hvernig ullariðnaðarmálið horfir við.

Hitt atriðið er í raun rjettri annar þáttur sama máls; á jeg þar við till. um aukinn toll á innfluttum skófatnaði. Er komin hreyfing á að hefjast handa í þessu efni og reyna til þess að vera sjer sjálfum nógur um skóefni, en enn þá getur þessu máli varla verið komið í svo gott horf, að jeg treysti mjer til þess að greiða atkvæði með tollhækkuninni. Einnig í þessum efnum vildi jeg sjá hverju fram vindur. Hefir Sláturfjelag Suðurlands nú forgöngu í sútunarmálinu. Er það ósk margra, að þingið styðji það vel í þessari nauðsynlegu sjálfsbjargarviðleitni. En varlegt er að tolla mjög skóefnin meðan við getum ekki veitt okkur sjálfir það, sem við þarf.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi getið þess áður í sambandi við þetta mál, að nokkrir menn innan Framsóknarflokksins hefðu haft í huga að bera fram frv. um verndartolla á nokkrum vörutegundum. En nú hafa till. hv. fjhn. snúist í þessa átt, og getum við því vel sætt okkur við þær. Einungis harma jeg, að ekki skyldi vera lækkaður tollur á silki og glysvarningi, en slíkt mætti gera með brtt. við 3. umr. málsins.

Jeg tel gott, ef þessi tollur yrði til þess, að útflutningsgjaldið yrði lækkað í framtíðinni, því það er óeðlilegt og ósanngjarnt gjald, þótt nauður hafi rekið til þess að halda því til þessa.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Brtt. hv. fjhn. á frv. snúast flestar um þær vörutegundir, sem stjfrv. hafði lagt til að verðtollur kæmi á, í stað þungatolls. Hefir hún því tekið þá afstöðu að

reyna ekki að afljetta vörutollinum, þar sem hann kemur verst við, og setja verðtoll í staðinn. Ástæða hennar er sú, að svo mikil vandkvæði sjeu á framkvæmdinni. Það er satt, að vandkvæði eru nokkur, en þó minni þar, sem aðeins er að ræða um verðtoll á takmörkuðum vörutegundum, heldur en ef um almennan verðtoll væri að ræða.

Eru vandkvæðin líka minni, þegar bæði þunga- og verðtollur eru á sömu vörutegund. Eftirlitið verður þá ljettara. Það er að vísu rjett, að þungatolli má koma svo fyrir, að rjettlátur sje, en þá verður að fara fram nákvæm vöruflokkun og setja upp heila toll-„tariff", en þá verður þungatollurinn umsvifamikill.

Jeg vil skjóta hjer inn í viðvíkjandi heytollinum, að um hann finst mjer vera töluvert álitamál. Flestir aðrir toll-liðirnir eru hugsaðir sem verndartollar, þannig, að þeir draga úr innflutningi vörunnar fremur en að vera tekjutollar. Um heytollinn er það að segja, að það geta komið fyrir þau tilfelli, að heyinnflutningur verði nauðsynlegur, t. d. í harðindum og samgönguleysi. En þá mætti komast fram hjá honum með bráðabirgðaráðstöfunum, þegar svo stendur á. Annars álít jeg, að heysalar, sem ekki framleiða hey, ættu helst að kaupa það innanlands; en heysala hjá bændum sjálfum ætti helst ekki að eiga sjer stað; og mjer er í barnsminni, að það voru verstu búslóðarnir, sem seldu hey, og efast jeg um, að rjett sje að vernda slíkt.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um verðtollinn, þá höfum við ekki verið að hugsa um það með þeim ýmsu frv., sem fyrir liggja, að afla frekari tekna sjerstaklega, heldur hitt, að tekjur lækkuðu ekki, og að það, sem inn kæmi og ynnist á einum lið, gæti komið í staðinn fyrir það, sem lækkaði á öðrum, svo að tekjurnar hjeldu sjer.

En ef á að fara að hreyfa við útflutningsgjöldum, sem jeg reyndar býst ekki við að þetta frv. gefi ástæðu til, þá álít jeg betra að færa þau eitthvað niður, en vil ekki láta fella þau alveg burtu. En ef það telst rjett, að áliti nefndarinnar, þá vil jeg víkja að því, hvaða kosti þetta fyrirkomulag hefir viðvíkjandi allri „statistik", þar eð maður veit samstundis um útflutning vara, hverju hann nemur, þó að það sje auðvitað ekkert aðalatriði.

Jón Sigurðsson: Við flutningsmenn getum verið þakklátir nefndinni fyrir meðferð hennar á frv. Að vísu er þar eitt atriði, sem við hefðum kosið að hún hefði ekki felt niður, þ. e. tollinn af niðursoðinni mjólk, en það er þó ekkert meginatriði, fyrst nefndin styður frv. að öðru leyti. Því er þó ekki að leyna, að þó að tollur af niðursoðinni mjólk verði feldur niður nú á þessu þingi, verður það óhjákvæmilega tekið upp síðar. Það er vöknuð svo sterk hreyfing fyrir því, að þingið styðji atvinnuvegina, beint og óbeint, og efli þannig framleiðsluna, að hún mun tæplega hjaðna niður á næstu árum. Enda væri það stórlega misráðið, ef þingið styddi ekki tilraunir til þvílíks iðnaðar í landinu, sem miðar að því að gera framleiðsluna fjölbreyttari og spara erlendan gjaldeyri. Jeg býst því við, að þessi liður komi á næsta þingi, ásamt öðrum vörutegundum, er við höfum gengið fram hjá að þessu sinni.

Eitt atriði er það, sem komið hefir berlega fram hjá öllum, sem talað hafa

móti frumvarpinu, sem jeg get ekki stilt mig um að benda á: Þeir telja allir nauðsynlegt að styrkja framleiðsluna, en þó telja þeir öll tormerki eða jafnvel fráleitt að styðja hana meðan hún er svo skamt komin sem nú er. Þeir vilja með öðrum orðum ekki styrkja framleiðsluna fyr en hún er orðin svo mikil og öflug, að vafasamt er að hún þurfi þessa stuðnings með. Óneitanlega mjög góður stuðningur! Það er reynsla erlendis, að meðan framleiðsla í einhverjum atvinnugreinum er í bernsku, þá þarf að styrkja hana, en síður, þegar hún er búin að vinna innlenda markaðinn. Við flm. leggjum því áherslu á það, af þessum ástæðum, að styrkja nú þegar í upphafi niðursuðu og ýmsa aðra framleiðslu, t. d. á osti og eggjum, vegna þess, að við teljum ekki nóga framleiðslu á því í landinu. Er það þá nokkuð annað en slagorð hjá andstæðingum frv., þetta, að vilja styðja framleiðsluna í landinu? Nei! Því þeir vilja ekkert á sig leggja, þegar til alvörunnar kemur.

Þá vil jeg ögn minnast á heyið sjerstaklega. Samkvæmt verslunarskýrslum fyrir árið 1919 var flutt inn hey fyrir kr. 1557.00, og ef jeg man rjett, mun það vera svipað frá fyrri árum, og getur það ekki talist mikið. Við tókum ekki heyið með af því, að það skifti miklu máli fjárhagslega, eins og sakir standa nú, heldur af því, að það er óeðlilegt að flytja inn þá vöru, þann jarðargróða, sem mest er framleitt af í landinu. Hæstv. fjrh. (MagnJ) sagði, að þetta gæti verið hættulegt í harðindum og samgönguleysi. Heldur hæstv. ráðherra, að ljettara sje að koma heyi en öðru fóðri, þegar hafís legst fyrir landi og illfært um sveitirnar sökum ófærðar? Þau harðindaár, sem komið hafa í seinni tíð, hefir lítið eða ekkert verið flutt inn af heyi, en mikið af fóðurbæti, og sýnir þessi reynsla ljóslega, hver þörf er á útlendu heyi, enda er það of rúmfrekt í flutningi, samanborið við næringargildi, þegar þörfin er mest á björg í harðindum.

Hv 1. þm. Rang. (GunnS) talaði um, að Framsóknarflokkurinn hefði óskað eftir samvinnu við okkur í þessum efnum. Við biðum þess og væntum athugasemda þaðan, en það kom ekkert fram, svo að við gátum ekki beðið lengur.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg vil aðeins leiðrjetta misskilning hjá háttv. 2. þm. Skagf. (JS) viðvíkjandi því, sem hann sagði um heyin í harðindunum og samgönguleysi. Það stendur á sama, hvaðan heyið er, þegar þörf er á því, en það getur verið erfitt að flytja innlent hey í harðindum, vegna ófærðar, fjallvega o. s. frv. Þær tálmanir ná ekki til útlenda heysins. Það getur verið auðveldara og ódýrara að fá það á hafnir hjer við land.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer heyrðist hv. frsm. (MG) halda fram, að tollurinn hækkaði 2—3 krónur á einum fötum, ef frv. næði fram að ganga. Þetta vildi jeg leiðrjetta. Jeg hefi athugað, hvað góð föt eru þung, og samkvæmt því hækkar tollurinn aðeins um kr. 1.15 til 1.30, og af vönduðu fataefni nemur hækkunin 20—28 aurum á hvern metra frá því sem nú er.

Jeg játa, að jeg var í dálitlum vafa um heyið. En þar sem stjórnin hefir heimild til ívilnunar á tolli, samkvæmt lögum frá 1921, skiftir þetta ákvæði ekki miklu máli. Jeg greiði þessu atkv.

í fullu trausti þess, að stjórnin lækki tollinn niður í sama og 2. flokk, nær sem ástæður eru til innflutnings.

Jón Baldvinsson: Það er rjett að rifja upp, hvað nú er verið að gera í þinginu og á hverju bólar. Hjer er samtímis verið að verðlauna innlenda framleiðslu og setja verndartoll á innflutta vöru. Það, sem jeg á hjer við, eru verðlaun á gráðaosti, sem nýbúið er að samþykkja, og beiðni sú um styrk til sölu á nokkrum hluta af kjöti landsmanna. Jeg er ekki fráhverfur því að styðja þetta, en tel ranga og óþarfa ásælni af bændum að leggja verndartolla á innflutta nauðsynjavöru. Hjer liggur fyrir t. d. brtt. um að leggja háan toll á grænmeti, sem einkum kaupstaðafólk kaupir mikið af. Þetta er óþarfi og breytir litlu um tekjur fyrir ríkissjóðinn, en gerir nauðsynlega vöru of dýra. Sama má segja um toll á nýjum ávöxtum, og enn fremur um ost og egg. Það er 10 aura verðmunur á góðum útlendum eggjum og innlendum eggjum, sem þó má ekki treysta að sje góð vara. Hitt get jeg látið hlutlaust, þótt tollaðar sjeu niðursuðuvörur. Þær eru meira keyptar af efnamönnum, og snertir það minna almenning.

Til þess að gera auðveldari samþykt á tollunum samkv. frv. þessu, vill hv. fjárhagsnefnd verja því, er þar vinst á tekjum, til lækkunar á útflutningsgjaldinu. Jeg tel ekki fráleitt að lækka nokkuð útflutningsgjaldið, en hitt vil jeg láta sitja í fyrirrúmi, að hægt sje að leggja niður sykurtollinn.

Mjer finst varla geta komið til mála, að þetta frv. gangi gegnum þingið óbreytt og greiði þess vegna fyrst um sinn atkvæði móti því, en geri þó ráð fyrir því, ef það heldur áfram, að gera síðar nauðsynlegar brtt. við það.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) var að harma það, að nefndin hefði felt úr frv. tollinn á niðursoðinni mjólk. Jeg skil ekki, hvernig honum hefir getað dottið í hug að halda honum fram, þegar um svo mikla nauðsynjavöru er að ræða. Hvaða gagn er Reykjavíkurbúum að því t. d., þótt nóg mjólk sje til norður í Skagafirði eða austur í Árnessýslu, með þeim samgöngum, sem nú eru.

Þessi atvinnugrein, niðursuða á mjólk, er ekki til hjer enn þá, en verið getur, að einhverjir hafi í huga að koma slíkum iðnaði á fót. Að vísu hefir verið gerð tilraun í þessa átt einhversstaðar uppi í Borgarfirði, og „flöskumjólk“ þaðan er hið eina, sem komið hefir á markaðinn af innlendri niðursoðinni mjólk; en hún er þó miklu dýrari en útlend mjólk.

Háttv. sami þm. (JS) hjet góðu um það, að þó þessi tollur kæmist ekki á nú, þá mundi það verða á næsta þingi; en þá verður eitt af tvennu, að ástæður breytast frá því, sem nú er, eða ranglæti verður beitt við fjölda fólks í landinu. Jeg skal ekkert fullyrða um, nema það geti átt sjer stað, að þessi mjólkurframleiðsla komist hjer á í framtíðinni sem innlendur iðnaður; en það er alls ekki komið að því enn þá, og þess vegna er engin ástæða til að tolla útlendu mjólkina, til verndar því, sem ókomið er, þegar sá tollur leiðir aðeins til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Stefán Stefánsson: Ekki efast jeg um, að tilgangurinn með frv. þessu sje í alla staði sem bestur, og það hafi vakað fyrir þeim, sem að því stóðu, að efla og

styðja íslenska framleiðslu og iðnað. En að það sje mjög æskilegt og þarft, býst jeg við að allir geti verið sammála um, en hinu verð jeg að halda fram, að nefndin hafi í sumum atriðum gengið óhæfilega langt. Hún tekur upp, t. d., toll af erlendum fatnaði og vefnaðarvöru, setur hann úr 18 aurum upp í 75 aura á hvert kg., og tel jeg það mjög vanhugsað af nefndinni, þegar þess er gætt, að einmitt fátækasta fólkið, fjölskyldumennirnir, verða að neyðast til að kaupa þá vöru. Verður tollur þessi fyrir þær sakir þung byrði á hinum fátækari og kemur að því leyti ranglátlega niður. Sumum atriðum frv. hefði jeg fúslega greitt atkvæði, eins og jeg á hinn bóginn hlýt að greiða atkvæði á móti frv., sje t. d. þessi till. nefndarinnar um toll á erlendum fatnaði, ekki færð niður, svo nokkru nemi. Því er líka svo varið, að verksmiðjur okkað hafa fullkomlega nógan markað fyrir sína vefnaðarvöru og þurfa því ekki á neinum verndartollum að halda, tolli, sem hlyti að gera sitt til þess að auka á dýrtíð í landinu, ef svo keyrir úr hófi sem allsherjarnefnd ræður til.

Þá kem jeg að þeim lið brtt. og frv. að setja 6 kr. toll á hver 100 kg. af innfluttu heyi. Jeg hefi þá skoðun, að þetta sje alger ógerningur. Eða finst hv. þdm. yfirleitt ástæða til að styðja að því að bændur selji hey sín? Jeg efast mjög um það. Sennilega mundi svo hár tollur leiða til þess að hækka mjög heyverðið í einstökum tilfellum, og væri þá vel hugsanlegt, að of miklu yrði fargað, svo heysalinn sjálfur hefði ekki nóg handa skepnum sínum. Auk þessa er útlent hey allmiklu ódýrara enn innlent; vissi jeg til þess, að á Norðurlandi var munurinn um eitt skeið nálægt 8—10 au. á hvert kg. Væri því frv. samþykt, gæti afleiðingin eðlilega orðið sú, að ýmsum þurrabúðarmönnum við sjó yrði fyrirmunað að hafa 1—2 kýr sjer til framfærsluljettis, því ekki er alt af jafn auðvelt að taka sig upp að sumrinu og verða að fara jafnvel í aðrar sveitir til heyskapar, fá svo máske heyin skemd vegna óþurka og óhæfilega dýr, því um það leyti er kaupgjald manna venjulegast hæst. Nei. Þetta finst mjer óheppilegt, og sje ekki, að landbúnaðinum sje neinn greiði gerður með slíkri tillögu. Jeg get ekki greitt frv. atkvæði mitt, nema breyting fáist eða feldir verði burt þessir tveir liðir, sem jeg hefi minst á.

Jón Þorláksson: Það voru aðeins fáein orð viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði um mjólkurtollinn. Hann var að lofa oss því, að þó verndartollurinn kæmist ekki á strax, þá mundi hann koma síðar, og taldi hann sjálfsagðan, strax er farið væri að framleiða niðursoðna mjólk innanlands í stórum stíl. En þetta er svo mikil fjarstæða og svo öfgakent, að rjettast er að kveða það niður strax. Niðursuðumjólk er mikið keypt og alveg nauðsynleg þurrabúðarfólki og fjölskyldum í kaupstöðum, því mjólkurskorturinn er þar víða tilfinnanlegur. Og þó vísir til niðursuðu á mjólk kæmist hjer á, og jafnvel þó hún væri í „stórum stíl," eftir íslenskum mælikvarða, þá mundi samt verða löng bið á því, að hún yrði fullnægjandi fyrir landið. Þessi iðn kynni að vera stuðningsverð af hálfu hins opinbera, ef það reyndist heppilegra að hagnýta innlenda mjólk á þennan hátt, heldur en vinna úr henni smjör og ost. En sá stuðningur á að koma frá

landinu öllu, en ekki nær eingöngu frá fátækum fjölskyldumönnum í kaupstöðum og sjóþorpum. Það er sýnilega órjettlátt að láta þá bæði leggja fje þessum iðnaði til stuðnings og auk þess greiða háan toll af útlendri mjólk. Slíka leið, til stuðnings íslenskum iðnaði, má ekki fara.

Annars má svo segja, að frv. sje orðið í höndum nefndarinnar að versta hrærigraut. Það er samsuða af tekjuaukafrv. og verndartollafrv. En það er ilt að sameina þetta tvent svo vel fari, enda hefir nefndinni tekist það illa. Jeg lýsti því hjer við annað tækifæri, að ef ástæða þætti til að þyngja enn meir tollbyrðina á mönnum í þessu skattþjáða landi, þá ætti að leggja fyrst og fremst tolla á þær útlendar vörur, sem menn helst gætu sparað við sig. Fjhn., sem hafði þetta til meðferðar, hefir þó fundist þetta vera of erfið leið, og því tekið það ráð að stinga tekjuaukagreinunum inn í verndartollafrv. Auk þessa hefir nefndin orðið harla óheppin í tillögum sínum. Það er t. d. bersýnileg fjarstæða að ætla sjer að fara að setja mjög háan toll á útlenda vefnaðarvöru eftir þyngd, þar sem hún innifelur svo mjög mismunandi verðmæti. Með þessari aðferð verður tollurinn á dýrustu vörunum, sem helst ætti að spara, mjög lágur í samanburði við tollinn á verðminstu vörunum. Þessa gætir enn meir við upptalninguna á matvælum (2. liður). Þar er gert ráð fyrir 50 au. tolli á hvert kg. innan þess flokks. Svo ójafnt er þarna á komið, að í sumum tilfellum verður tollurinn 2—3-falt innkaupsverð, t. d. á sumum ávöxtum á þeim tímum, sem þeir eru ódýrastir. Þarf engum blöðum um það að fletta, hvað þetta er órjettmætt. Það virðist næsta ósanngjarnt að meina mönnum hjer, á þessu kalda ávaxtasnauða landi, að ná sjer í ávexti á þeim árstímum, þegar þeir eru svo ódýrir í nágrannalöndunum, að fólk fær að hirða þá fyrir lítið verð eða ekkert. Það er ekkert á móti því að segja, þó nokkur verðtollur sje lagður á, en þá er of langt gengið, þegar hann nemur margföldu innkaupsverðinu. Sama er að segja um grænmeti og fleiri slíkar vörur, sem geta verið ómissandi, eins og t. d. sumum sjúklingum. Þetta sýnir, að það er óframkvæmanlegt að tolla þessar vörur eftir þyngd, svo rjettlátlega komi niður, nema með margfalt meiri sundurgreiningu en þeirri, sem hjer á sjer stað, og yrði þó erfitt að koma henni við.

Annars má svo segja, að ein stefna komi fram í frv. nefndarinnar, og er hún í fullu samræmi við frv. flm., nefnilega sú, að vandlega er sneytt hjá tolli á þeim vörum, sem landbændur og landbúnaður þarf við, en er nær eingöngu settur á þær vörur, sem þurrabúðarfólk neytir, og þá jafnt þeir efnaðri sem fátæklingarnir. Stefna þessi kann að hafa eitthvað til síns máls, en of langt má fara í þessu efni, og mun fleirum en mjer sýnast svo. Jeg sje, að tveir þm., þeir hv. þm. Ak. (MK) og Ísaf. (JAJ) hafa treyst sjer til að mæla með þessu, og kann þá að vera, að erfitt sje fyrir aðra þurrabúðarfulltrúa að setja sig á móti þessu. En hjer er of langt gengið.

Í 2. lið b er gert ráð fyrir 20 au. tolli á hvert kg. af osti og eggjum. Það liggur í augum uppi, að tollur á þessum vörutegundum í verndarskyni er óþarfur, og leyfi jeg mjer því að skoða hann frá öðru sjónarmiði. Hjer er alt keypt

upp, sem framleitt er af þeirri vöru í landinu. Yfirleitt eru það samgönguvandræðin, sem hamla framleiðslunni, en ekki markaðsleysið. Hjer hagar samgöngum víða svo til, að ekki borgar sig að flytja vöruna frá framleiðslustað til neytenda. En hitt er jafnvíst, að á þeim annmörkum verður engin bót ráðin með verndartollum.

Þá var það till. um heytollinn, og veit jeg satt að segja ekki, hvernig á að líta á hana. Hv. 2. þm. Skagf. (JS) skoðar það sem verndartoll. Jeg held aftur á móti, að hjer verði seint framleitt svo mikið af heyi, að sú framleiðsla þurfi á verndartolli að halda. Sjái menn sjer hag í því að ala skepnur, t. d. í kauptúnum, á útlendu fóðri, þá er það skammsýni að hamla því. Miklu fremur ber að líta á útlent skepnufóður sem iðnaðarþjóðir líta á hráefni, því það er í sjálfu sjer óunnið efni eða hráefni til mjólkurframleiðslu. Og íslenskum landbúnaði tel jeg hollast, að reynt sje sem mest til þess að afla nauðsynlegs fóðurs, hvort sem það er útlent eða innlent.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg gekk að því vísu, að raddir mundu heyrast gegn frv., og þá sjerstaklega frá hv. þm. Reykv. Það er ekki í fyrsta sinn, að þeim finst höggvið nálægt Reykjavík. Var það svo um daginn, er skattamálin voru til umræðu, og svo er það enn. Annars skil jeg ekki ástæðuna fyrir því, hvað altaf er komið við hjarta þeirra í þessum málum.

Jeg tók svo eftir, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) þætti hart ákvæðið um tollinn á ávöxtum. En jeg vil minna hann á, að hann þarf ekki að vera svo hár til þess að nema tvöföldu til þreföldu innkaupsverði þeirra, ef þeir, eins og honum sagðist frá, fást fyrir lítið eða ekkert í nágrannalöndunum. Sje jeg heldur ekki, hvaða gagn sje gert með innflutningi þeirra, og nemur það fje þó allmiklu árlega, sem þar er á glæ kastað. Vissi jeg til þess, að í vetur komu 10 tonn af appelsínum með sama skipi og til sama mannsins. Yrði tollurinn máske til þess, að fólk hætti að kaupa ávextina, og sje jeg ekki, að með því sje skaði skeður.

Sami þm. (JÞ) talaði um, að til mála gæti komið að ganga inn á verðtollabrautina. En margir erfiðleikar eru á því, og fyrst og fremst með innheimturnar. Það er nærri því ómögulegt að hafa eftirlit með því, að alt fje komi fram, sem innheimt er, eða alt innheimtist. En allur þessi innflutningur er í þann veginn að sliga þjóðina. Við berjumst í bökkum, og þó útflutningur sje mikill, er innflutningurinn sífelt meiri.

Hvað viðvíkur heyinu, þá er það rjett, að enn sem komið er, er lítið flutt inn af því. En ákvæðið í frv. er komið fram til þess að fyrirbyggja eða hindra það, að honum haldi áfram eða hann aukist. Það er fjarstæða að halda því fram, að í harðindum til sveita komi útlent hey að notum. Til þess eru flutningsvandræðin of mikil. Og það er ómögulegt, að landið hafi gott af því, að mikið útlent hey sje flutt inn til kaupstaðanna. Flest kauptún hafa góð upplönd og geta fengið hey þaðan. Er raunar nokkuð sjerstaklega ástatt fyrir Reykjavík og líkt því mun vera um Ísafjörð. Það er rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það er einkenilegt, að þm. Ak. og Ísaf. skuli geta verið með þessu. Þeir eru ekki eins hörundssárir og hann. Rjett er það hjá honum, að frv. hefir

tvennskonar tilgang. Við höfum í huga, bæði að afnema toll, sem er óvinsæll, og draga úr ónauðsynlegum innflutningi, og í þriðja lagi að vernda innlenda framleiðslu.

Hv. 1. þm. Eyf. (StSt) talaði um það, að fátæklingar keyptu meira af erlendum fatnaði en aðrir. Þetta er vitanlega ekki rjett, og býst jeg við að það sje sagt í athugaleysi. En annars á hann hægt með að greiða frv. atkvæði sitt til 3. umr. og koma þá með brtt. Undirtektir hans með heyið hygg jeg stafi af umhyggju hans fyrir Siglfirðingum. En þeim er tiltölulega auðvelt að afla sjer heyja nálægt sjer, og er því ekki hægt að segja, að þeir verði hart úti.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) hjelt því fram, að það gjald, sem fyrst af öllu þyrfti að lækka, væri sykurtollurinn. En hann er orðinn tiltölulega lægstur. Er hann jafnhár nú og hann var í stríðsbyrjun, og í samanburði við ávaxtaskattinn tiltölulega lágur. Mjer komu þó þessi ummæli hans ekki á óvart, því jeg veit, að það er siður hans að berjast á móti öllum tekjulindum ríkissjóðsins, hversu holt sem það annars kann að virðast.

Því hefir verið haldið mjög á lofti, að sami tollur væri á slitfötum og silki. Og þetta er satt, ef tillit er tekið til þungans eins, og þar sem þessar vörur eru seldar eftir metratali, er og auðsætt, að fleiri metrar muni koma í 10 kg. t. d. af silki heldur en af slitfataefni. En þar á móti má benda á, að þegar kaupmenn verðleggja vörur sínar, fara þeir ekki nákvæmlega eftir vörutollinum í einstökum atriðum, heldur jafna þeir tollinum niður eftir því, hvernig vörurnar muni seljast. Mikið af ósanngirni vörutollsins hverfur því í álagningu kaupmanna.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Árn. (EE) þarf jeg ekki að segja margt. Hann þóttist ekki geta ákveðið afstöðu sína til þessa máls meðan ekki væri víst um ullarverksmiðjuna á Suðurlandsundirlendinu, og get jeg ekki við því gert, þó jeg sjái hins vegar ekki það mikla samband, sem á að vera þarna í milli, eins og nú stendur að minsta kosti.

Að því er snertir hv. 1. þm. Reykv. (JakM) skal jeg heldur ekki lengja umr. með því að svara honum, þó mig undri nokkuð, hversu harðskeyttur hann var í garð þessa tolls. Meginmeiningarmunurinn milli okkar höfum við rætt áður, og get jeg fyrir mitt leyti vísað til þess, því ekkert nýtt hefir komið fram frá hv. þm. (JakM), sem ekki hefir áður heyrst. Annars er þessi mótspyrna á móti þessu máli einskonar sjúkdómur á hv. þingmönnum Reykvíkinga og verður sjálfsagt ekki læknaður, þó umræðurnar haldi lengur áfram en orðið er.

Forseti (BSv): Með því að allmargir þingmenn hafa enn kvatt sjer hljóðs, verður umræðunni frestað, nema þeir vilji falla frá orðinu.

Pjetur Ottesen: Jeg fell frá orðinu, ef hinir, sem þegar hafa kvatt sjer hljóðs, gera það líka.

Björn Hallsson: Jeg sömuleiðis, með sömu skilyrðum.

Jakob Möller: Jeg geri það ekki.

Forseti (BSv): Með því að ekki fæst samkomulag um þetta atriði, er umræðunni frestað.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 39, n. 123, 152).

Björn Hallsson: Það er orðið nokkuð langt síðan þetta mál var á dagskrá síðast. Jeg var þá víst einn þeirra manna, sem höfðu kvatt sjer hljóðs, og vil því fara nokkrum orðum um frv. og þær brtt., er fram hafa komið, þótt jeg á hinn bóginn væri fús um daginn að falla frá orðinu, ef hinir, sem kvatt höfðu sjer hljóðs, gerðu slíkt hið sama; en af samkomulagi varð ekki, frekar en vant er, þegar gera á tilraun til þess að stytta umræður í þessari hv. deild.

Hvað sjálfu frv. viðvíkur, þá verð jeg að segja það, að jeg er mjög hlyntur þeirri stefnu, sem þar kemur fram. Tel rjett stefnt að setja verndartolla á, þannig, að hækka tollana að mun á þeim tegundum, sem vernda á, og jafnframt óþörfum vörum, sem ættu ekki að sjást í landinu.

Okkar efnum er svo farið, að þjóðinni er það lífsnauðsyn að líta alvarlega kringum sig, ef hún á ekki að fljóta sofandi að feigðarósi. Þjóðir girða sig sem mest með allskonar verndartollum nú á síðustu tímum; þarf ekki annað en minna á kjöttollinn í Noregi og ullartollinn í Ameríku, sem vjer höfum þegar fengið að kenna á allóþyrmilega. Þannig mun tollhækkunin á ull okkar í Ameríku nema eins miklu og verði ullarinnar undanfarið. Virðist því sá markaður tapaður að svo komnu. Ef við gerum ekkert til þess að vega upp á móti þessu, gæti svo farið, að það kæmi oss illa í koll, og tími kominn til að athuga það. Það er því sýnilegt, að það er nauðsynlegt að taka hjer upp verndartolla í einhverri mynd, en þá verður líka að sjá við því, að þeir valdi sjálfum oss tjóni, og má því ekki setja verndartolla á aðrar vörur en þær, sem vjer getum framleitt nóg af í landinu sjálfu, eða þá það, sem er alveg óþarft.

Það eru aðallega tveir liðir á þingskjali 123, sem jeg vil dálítið athuga. Er annar liðurinn raunar ekki stór póstur, nefnilega tollur á heyi, sem er settur 6 kr. á hver 100 kg., og upplýstist það við síðustu umræðu, að innflutt hey hefir numið c. 1500 kr. á ári. Það kann að virðast óviðeigandi og óeðlilegt að flytja hey inn í landið, þar sem búnaður og grasrækt er annar aðalatvinnuvegurinn, en jeg vil samt láta það vera undanþegið tolli. Jeg tel ekki rjett að íþyngja kaupstaðabúum með það að fá mjólk handa börnum sínum. Gengur oft illa fyrir þeim að afla heyja handa kúm. Er því sú leið stundum farin, að fá útlent hey. Það er oft blátt áfram ekki hægt að fá keypt hey í kringum kaupstaðina, og bændur þar telja plágu fyrir sig heyvandræðin í kaupstöðunum seinni part vetrar, af því þeir mega ekki missa heyin. Hins vegar dugar ekki eingöngu kraftfóður handa gripunum, heldur þurfa þeir heysins líka með, ef þeir eiga að halda lífi. Jeg þekki dæmi þess, að í sumum kauptúnum austanlands, eins og t. d. Seyðisfirði, að það er miklum vandkvæðum bundið að afla heyja úr sveitum, og hefir oft orðið lið að því að fá útlent hey, sem hefir auk þess reynst oft ódýrara en t. d. hey ofan af Hjeraði eða fjörðum í kring. Jeg verð því, eins og sakir standa, að leggja á móti þessum tolli, enda hefir það sýnt sig, þó hart sje að þurfa að segja það, að okkur skortir nálega árlega fóður, þrátt fyrir það, að það er

annar aðalatvinnuvegur okkar að framleiða gras. Úr því svo er í raun og veru, þá finst mjer ekki rjett að leggja háan toll á aðkeypt hey. Að vísu játa jeg það, að aðflutt hey bjargar okkur ekki í harðindum, heldur kraftfóður, en í einstaka tilfellum getur úlenda heyið hjálpað mönnum, og þá vil jeg ekki leggja þar stein í götuna, úr því innlenda framleiðslan dugar ekki á annað borð. Hitt viðurkenni jeg fyllilega, að „principielt" væri tollurinn í alla staði rjettur, því að við ættum að geta framleitt nóg gras.

Hinn liðurinn, sem jeg hefi ástæðu til að minnast á, er tollhækkun á vefnaðarvöru og fatnaði. En það er sá liður á landhagsskýrslunum, sem mjer er verst við; nam hann árið 1919 um 9 milj. króna, en þá fluttum við ull út fyrir 7 miljónir. Þetta er vægast sagt mjög athugaverð stefna, þegar þess er gætt, að vjer flytjum út mestmegnis alla okkar ull og seljum hana mjög lágu verði. En enn er ekki svo komið fyrir okkur, að vjer getum lagt strangar hömlur á þetta, og erlendur fatnaður getur verið okkur nauðsynlegur á meðan við framleiðum ekki nóg af fatnaði sjálfir. En á meðan verksmiðjunum fjölgar ekki svo í landinu, að þær fullnægi þörfinni, er hæpið að setja háan toll á þær vörur. Hann er settur í till. fjhn. fjórfalt hærri, þó liðlega, en verið hefir, eða úr 18 au. pr. kg. í 75 aura, og er aðgætandi, hvort hann mundi ekki verða til þess, að þær innlendu verksmiðjur, sem vjer nú höfum, okruðu enn þá meira á sinni vinnu en verið hefir. Aftur eru aðrar óþarfavörur, svo sem silkifatnaður og fleira rusl, sem gjarnan mætti missa sig, og því ekki nema æskilegt, að þær væru tollaðar hátt. Jeg gæti því fylgt tollhækkun á vefnaðarvörum, en finst þetta nokkuð mikið í einu. Það ýtir undir menn að framleiða meira sjálfir að hækka toll á þessum vörum, en á meðan við erum ekki lengra komnir en nú er í iðnaði, verðum við að fara þar gætilega.

Það, sem vjer þurfum að gera, er að koma klæðaverksmiðjum okkar í gott horf og efla heimilisiðnað, enda mun tilgangurinn vera sá, með þessum tolli, að flýta fyrir því. Fyr en svo er komið, finst mjer ekki gerlegt að hækka svo stórkostlega tollinn á útlendum fatnaði, og býst því ekki við að greiða þessum lið atkv. mitt, þótt jeg, eins og jeg tók fram áður, sje að öllu leyti hlyntur þeirri stefnu, sem hjer er gengið inn á. Er kostur á að koma fram með brtt. um þetta við 3. umr.

Fleira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram, og greiði hiklaust atkv. með málinu til 3. umr., því að jeg er að öðru leyti en þessum 2 liðum samþykkur frv., og legg ekki svo mikið kapp á að fá þeim breytt, að jeg greiði fyrir það atkvæði á móti frv.

Pjetur Ottesen: Tíminn er raunar orðinn mjög takmarkaður, en mig langar þó til að fara nokkrum orðum um málið.

Jeg hefi komið fram með brtt. við brtt. nefndarinnar, þá, að sykraðir ávextir verði feldir í burtu. Jeg hefi fengið upplýsingar um, að þeir heyri undir 14. liðinn í 1. gr. tollaganna, sem sje brjóstsykurs- og konfekttegundir. Aftur tók jeg hjer upp lakkrís, sem þó er í sjálfu sjer lítið atriði.

Annars get jeg ekki stilt mig um að minnast á það, að mjer finst undrum sæta, hvað frv. þetta hefir mætt mikilli

mótspyrnu. Það verður þó að álítast að vera hyggindi, sem í hag koma, fyrir hverja þjóð, að reyna að búa sem mest að sínu og vera sjálfri sjer nóg, svo sem kostur er, um allar nauðsynjar. Þetta viðurkenna menn hjer líka, að minsta kosti í orði kveðnu.

Það sem við flm. frv., hv. 2. þm. Skagf. (JS) og jeg, höfum viljað vinna á með frv., er það að vernda innlenda framleiðslu og gera tilraun til þess að koma í veg fyrir, að menn haldi áfram að kaupa þær vörur frá útlöndum, sem framleitt er nóg af í landinu sjálfu, og heima fyrir fást, bæði betri og ódýrari. En í frv. okkar eru aðeins teknar þær vörur, sem svo er ástatt um.

Nefndin hefir nú yfirleitt tekið vel í þetta, en þó hefir hún felt niður tollhækkunina á niðursoðinni mjólk. Nú er það svo, að nóg er til í landinu sjálfu af mjólk, þó sumstaðar sje erfitt, vegna erfiðra samgangna, að fullnægja mjólkurþörfinni í hverjum stað. Tilgangur okkar var því sá, að þessi tollvernd mundi ýta undir, að meiri rekspölur kæmist á mjólkurniðursuðu hjer, og fullnægja þannig smátt og smátt þörfinni. Það, sem áynnist við það, er, að þá fengju menn góða, næringarmikla og ósvikna mjólk, í stað ljelegrar mjólkur og jafnvel mjólkurstælingar, eins og víst er um, að sumt af þeirri mjólk, sem hingað er flutt frá útlöndum, er, eins og líka best sjest á því, að hún yfirleitt er óhæf handa ungbörnum. En innflutt mjólk árið 1919 nam á 700 þús. kr. Það er því gleðilegur vottur, að á mjólkurniðursuðu hefir verið byrjað hjer á einum stað, í Borgarfirði, og þó það sje enn þá fyrirtæki í smáum stíl, þá mun það vera full alvara þeirra, sem að því standa, að færa út kvíarnar; hafa þeir leitað atbeina þingsins í því efni, sem jeg vænti, að vel verði tekið. Og austanfjalls munu menn einnig hafa hug á því sama.

Aftur á móti hefir nefndin gengið nokkru lengra en við flm., þar sem hún hefir hækkað nokkuð toll á vefnaðarvöru og svo ávöxtum og þessháttar. Um ávextina má fullkomlega taka undir það, sem hv. frsm. (MG) tók fram, að þeir eru í flestum tilfellum „luxus"-vörur, sem fjöldi manna smakkar aldrei og lifir þó engu verra nje óánægðara lífi fyrir. Hvað vefnaðarvörur snertir, þá framleiðum við meira en nóga ull til að klæða alla landsbúa. En okkur vantar það, að unnið sje úr þessari ull, þó kraftarnir sjeu nógir til þess í landinu. Það virðist annars vera orðinn nokkuð rótfastur hugsunarháttur, sem mest ber á í kaupstöðum, og þar á hann upptök sín, en sem svo hefir borist út um landið, að það sje svo miklu fínna að nota efni, sem keypt er frá útlöndum, og klæðast erlendum fatnaði. Menn eru að tala um, að verksmiðjur vanti, en hvernig var það áður fyr? Þá gengu menn almennt í heimaunnum fötum, vel unnum og vel gerðum, hlýjum og skjólgóðum, og þá voru þau ekki að minsta kosti síður hæf til að vernda heilbrigði manna og líkamsþol. Þá voru engar verksmiðjur. Nei. Sannleikurinn er þessi, að auk þess sem við höfum nóga ull í landinu, þá höfum við einnig nógan vinnukraft til að hagnýta hana. Og þó heimaunnin vaðmál þyki t. d. ekki svara til þeirra krafa, sem nú eru gerðar um fatnað eða efni til fatnaðar, þá höfum við verksmiðjur, sem vinna dúka, sem ekkert standa að baki erlendum dúkum, en það eitt, að þeir eru innlendir, unnir í landinu sjálfu, það eitt er nóg til þess, að

gengið er á snið við þá og útlend efni tekin í staðinn.

En hugsunarhátturinn þarf að breytast, ekki síst. Hugsum okkur, hversu mikið gæti áunnist í þessu efni, ef t. d. alt það fólk, sem daglega drepur tímann hjer í Reykjavík, með kaffihúsasetum og bíóferðum og öðrum slæpingshætti, í stað þess notaði tímann til þess að vinna úr íslensku ullinni góðar og þarflegar flíkur. Og hugsum okkur, hvort væri þjóðnýtara.

Og menn þurfa ekki annað en að líta í heilbrigðisskýrslurnar nýútkomnu til að sannfærast um það, að þessi ósiður er farinn að gripa um sig og festa rætur út á ystu annesjum, því jafnvel norður á Langanesi gengur kvenfólkið nú orðið í útlendum grisjusokkum, sem eru alveg eins og silunganet, það er nákvæm eftirstæling af því, sem nú er hæstmóðins hjer í höfuðstaðnum, jafnt hjá körlum og konum, og það er ef til vill af því, að sú tíska er mjög uppi hjá kvenfólkinu hjer í bænum að ganga í stuttpilsum, að geta á þann hátt auglýst sem best þessa þjóðrækni, og þess má fullkomlega vænta, að það líði ekki á löngu, að karlmennirnir sníði neðan af buxnaskálmunum sínum í sama tilgangi. Mjer virðist því, að að því leyti sem hækkun á vörutolli af vefnaðarvöru gæti orðið til þess, að fremur væri farið að leggja meiri rækt við að vinna flíkur og plögg úr ullinni okkar, þá sje tollhækkunin rjettmæt og ekki ófyrirsynju gerð.

Þá hefir verið ráðist á tollinn á aðfluttu heyi og honum andmælt allfreklega, svo sem slíkt væri hin mesta fjarstæða. Þóttist t. d. hv. 1. þm. Reykv. (JakM) undrast það mest, að slík tillaga væri frá mjer komin eða að jeg skyldi ljá henni fylgi mitt, og bygði hann það einkum og sjerstaklega á því, að jeg hefði á undanförnum þingum viljað íþyngja þeim kaupstaðabúum, sem heyskap stunda, með útsvarsálagningu. Þetta, að jeg hafi komið fram með tillögur um að íþyngja þessum mönnum nokkuð, er vitanlega fjarstæða einber og ekkert annað, eins og jeg hefi svo oft sýnt fram á áður. Það er ekkert annað en dreifing útsvarskyldunnar, án þess það þurfi eða eigi að valda neinni hækkun hins raunverulega útsvars. En úr því þm. (JakM) undrast þetta svo mjög, þá mun hann líklega ekki undra það síður, þegar jeg segi honum það, að þetta er flutt hjer í samráði við og eftir ábendingu og tillögum mjög merks manns hjer í Reykjavík, manns, sem er landskunnur að því, að vera glöggskygn á þau hyggindi, sem í hag koma fyrir þjóðarheildina. Þessi maður er Guðjón Guðlaugsson, fyrv. landskjörinn þingm.

Hann hefir árlega, síðan hann kom hingað til Reykjavíkur, fengist við heyskap, keypt slægjur, og er því einn af þessum, sem þingm. (JakM) segir að jeg hafi verið að íþyngja, og hefir hann haldið nákvæma reikninga yfir allan kostnað við heyskapinn.

Síðastl. sumar heyjaði hann bæði flæðiengjahey, venjulegt mýrarhey, og svo töðu af túni því, sem fylgir býli hans hjer suður við Öskjuhlíðina, og kostaði hvert pd. af þessu heyi upp og niður, þegar allur kostnaður var reiknaður, 10 aura, en til samanburðar má geta þess, að það útlent hey, sem nú er nýkomið hingað, kostar 16 aura pd. Geta menn nokkuð sjeð af þessu, hvort ekki muni vera eins hyggilegt og gott að reyna að afla nauðsynlegra heyja

innanlands, þó sjerstaklega, þegar þess er gætt, að mikið af slægjum verður úti á hverju ári, og það því fremur sem það má framleiða það svona miklu ódýrara hjer en hægt er að fá það frá útlöndum. Því það sem hv. 1. þm. Eyf. (StSt) sagði, að verið væri með heytollinum að meina kaupstaðarbúum að hafa eina eða tvær kýr, er svo mikil fjarstæða, að það er engan veginn svara vert, og svo var yfirleitt alt það, er hann hafði fram að færa til andmæla þessum heytolli. Og yfirleitt virðist mjer í öllum andmælunum gegn þessum tolli kenna alt of mikillar og beinlínis særandi vantrúar á landinu, og bið jeg guð að náða framtíð landbúnaðarins, ef það á að fara að framfleyta búpeningi á heyi frá útlöndum, sem þá vitanlega ekki byggist á öðru en því, að vanrækt er að nota þau gæði, sem landið hefir að bjóða í því efni. Þetta segi jeg af því, að það er engu líkara en að þeir, sem eru að andmæla þessum heytolli, líti svo á, að með því sjeu möguleikarnir til búfjárræktar í landinu svo ægilega skertir.

Hitt er vitanlega alveg rjett, sem einn hv. þm. (BH) tók fram, að ef á annað borð yrði fóðurskortur á einhverjum stað, svo að grípa yrði til aðflutts fóðurs, mundi heldur verða flutt inn kjarnfóður en hey, svo þetta ákvæði verður þessu ekkert að meini, enda eru ákvæði í vörutollslögunum, sem heimila að fella tollinn niður með öllu, ef svo stendur á.

Annars miðar öll starfsemi á sviði landbúnaðarins að því að tryggja búpeningi landsmanna nægt fóður, bæði með aukinni ræktun landsins og gætilegum ásetningi.

Andmælin gegn þessum tolli af heyinu eru því þess eðlis, að þau eru engan vegin þess verð að byggja á þeim andstöðu gegn þessum tolli. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki því frv. þessu vel og greiði götu þess. Það miðar að því að draga úr innflutningi á þeim vörum, sem við erum okkur sjálfir nógir um og okkur eru hollastar og notadrýgstar, og getum við á þann hátt sparað okkur gjaldeyri, og auk þess styður það að því, að lögð sje meiri rækt en ella við það að auka og bæta framleiðsluna.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 39, n. 123, 152, 177).

Lárus Helgason: Það er nú orðið svo langt síðan jeg bað mjer hljóðs, að jeg hefi nú lítið að segja, því jeg vil ekki taka upp það, sem aðrir hv. þm. hafa sagt af því, sem jeg hefði minst á.

Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg er fylgjandi frv. eins og hv. nefnd gekk frá því. En eins og það var í fyrstunni gat jeg ekki fylgt því, einkum að því er snerti tollinn á niðursoðinni mjólk. Jeg tel líka vafa á um vefnaðarvörurnar, því þær eru líka nauðsynlegar. Jeg mun því fylgja brtt. um að undanskilja vefnaðarvörurnar frá tollhækkun.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið að sinni.

Magnús Pjetursson: Af því að jeg er eini læknirinn í deildinni, fanst mjer ekki rjett, að jeg gengi þegjandi fram hjá tillögunni um það að banna svo að segja innflutning á ávöxtum og grænmeti. Því það hefir beinlínis verið sagt, að aðaltilgangur hins háa tolls á þessum vörum væri sá, að hefta innflutning

þessara vörutegunda. En það gengur skrælingjahætti næst að ætla sjer að banna innflutning á ávöxtum í ávaxtalausu landi. Það hefir verið sagt, að menn hafi komist af hjer án þeirra áður. Menn komust líka af áður án eins mikils kornmatar og nú er, en samt dettur engum í hug að banna innflutning á korni. Sannleikurinn er sá, að lifnaðarhættir manna hafa breyst og krefjast nú ýmislegs, sem ekki var áður tíðkað, og fram hjá því verður ekki gengið. Og meðal þess eru einmitt ekki hvað síst nýir ávextir. Og það er því betra, sem meira er flutt inn af þeim, þannig, að fólk geti notað þá. Jeg held, að það væri góðra gjalda vert, þó ekki væri annað en það, að börnin fengju meira af nýjum, hollum ávöxtum en nú, í stað brjóstsykursins og annars slíks, sem þau leggja sjer til munns. Jeg vænti þess því, að hv. deild sýni þann menningarþroska að banna ekki á þennan hátt innflutning nýrra ávaxta.

Jakob Möller: Jeg vil fyrst vekja athygli á því, að þar sem sagt er í þessu máli, að verndartollastefnunni yfirleitt sje að aukast fylgi út um lönd, þá er þetta eiginlega ekki rjett. Þar sem eitthvað í þessa átt á sjer stað, er það eingöngu sprottið af samkepninni við þau lönd, sem hafa svo lágt gengi, að þau geta framleitt miklu ódýrari vörur en annars. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða. Og í rauninni er ekki hægt að kalla þetta verndartolla, vegna þess, yfirleitt, að ekki er til nægilegt af þessum vörum, sem um er að ræða, í landinu sjálfu, t. d. vefnaðarvörum. Því það er ekki nóg að ullin sje nægileg, fyrst ekki er unnið úr henni. Nokkru öðru máli hins vegar að gegna, ef talað væri um það, að leggja aðeins toll á ullarvörur, en þær eru ekki nema lítill hluti vefnaðarvaranna. Svo verða menn enn fremur að gæta þess vel, hvort það muni yfirleitt borga sig að auka þannig dýrtíðina til þess að vernda innlenda framleiðslu.

Þar sem talað hefir verið um það t. d. í þessu sambandi að vernda þyrfti hjer framleiðslu á niðursoðinni mjólk, ef mjólkurniðursuða kæmist á til muna, þá er það dálítið undarlegt að sumu leyti, ef það er t. d. borið saman við aðrar svipaðar framleiðslutegundir. T. d. hafa smjörlíkisframleiðendur aldrei farið fram á það að fá slíka vernd, og standa þeir þó það ver að vígi en mjólkurniðursuða, að þeir þurfa að fá allmikið af hráefnum utanlands frá. En ef smjörlíkisframleiðslan getur staðist óvernduð, því skyldi þá mjólkursuðan ekki geta það líka? En ef um eitthvað slíkt væri annars að ræða, og þörf á því, lægi nær að veita þessum atvinnugreinum einhvern styrk. — Um ávextina þarf ekki að tala meira, því háttv. þm. Str. (MP) hefir gert það rækilega.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að menn ættu að nota hjer innlenda sokka og Reykvíkingar ættu að kemba, spinna og prjóna í stað þess að sitja inni á kaffihúsum og eyða þar fje sínu, þá get jeg verið háttv. þm. sammála um, að þetta væri mjög heppilegt. En það er þrátt fyrir það ekki til neins að vera með slíkar bollaleggingar. fyrst og fremst kann fjöldi manna hjer alls ekkert til slíkrar vinnu — eins og sveitamönnum mun best kunnugt, er hún ekki lærð í einu hendingskasti. Auk þess eru lifnðarhættir manna hjer á landi svo breyttir nú, að vart er að ætla, að slíkri venju yrði á komið. Menn eru

nú svo vanir oðnir þessum útlenda klæðnaði, í bæjunum að minsta kosti, að hæpið er, að hann verði niður lagður. Það eru því engar líkur til þess, að tollhækkun þessi yrði til nokkurra bóta. Hún yrði aðeins til að hækka verðið á þessum vörutegundum. Má vera, að eitthvað örlitið yrði keypt minna af þeim.

Að því er snertir heytollinn, þá vil jeg minna hv. þm. Borgf. (PO) á afstöðu hans til útsvarsskyldu á slægjum, sem um var rætt hjer í deildinni í fyrra. Þá kvartaði hann sárlega yfir því, að slægnaleigur til kauptúnanna væru að eyðileggja nærsveitirnar. Taldi hann þetta slíkt skaðræði fyrir landbúnaðinn, að nauðsyn bæri til að koma þeirri venju af sem fyrst. Það er eins og þessi hv. þm. (PO) þá tók fram, alt annað en glæsilegt búskaparlag að reka slíka rányrkju á sveitajörðunum. En þeim mun meira furðar mig nú á afstöðu þessa háttv. þm. til þessa máls. Því auðsætt er, að þessi verndartollur fer mjög í bága við þá stefnu. Hann neyðir einmitt kaupstaðarbúa til að snúa sjer eingöngu til sveitabænda, þegar þá vanhagar um hey. Þetta væri nú gott og blessað, ef nóg væri af heyi. En svo er ekki. Að vísu vantar ekki sjálft grasið, en það vantar menn í sveitirnar til að ná því. Af þessum rökum er órjett að banna innflutning á heyi, því þá verður meiri eftirspurnin eftir þessu heyi, sem sveitirnar mega svo illa vera án. Starfskraftarnir í sveitinni eru, eins og menn vita, mjög takmarkaðir einmitt um sumartímann. (**ÞorlG**: Það er af því, að menn nenna ekki að vinna). Nei. Það er af því, að þá býðst mönnum önnur vinna, betur borguð. Auðvitað er, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) tók fram, að of seint er að ná í útlent hey í harðindum, er fellir er fyrir dyrum. En óbeinlínis getur þó stafað hætta af þessu. Því ef bannaður er innflutningur á heyjum, þá verður nær gengið heyafla landsins til að fullnægja þörfum þurrabúðarmanna í kauptúnunum. Hjer við bætist svo, að ef rjett er, eins og sá hv. þm. (MG) tók fram, að innflutningur á heyi sje sáralitill, þá hefir þetta enga „praktiska“ þýðingu, hvort tollurinn á því er hækkaður. Þess gætti yfirleitt hvergi, en yrði bara ósanngjarn skattur á þeim fáu mönnum, sem hey kaupa. Hvað það snertir, að óviðfeldið sje fyrir þjóð, sem framleiðir svo mikið hey, að flytja það inn, þá hefir slíkt ekkert að segja. Það hagar nú einu sinni svo til hjá oss, að þessa getur verið þörf, og er það því vægast sagt misskilinn metnaður að rísa gegn því af þeirri sök.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) gat þess áðan, að tilgangur meiri hl. fjhn. væri sá, að ljetta af útflutningstollum, að svo miklu leyti sem unt væri, ef vörutollsfrv. þetta næði fram að ganga. Kvaðst hann vænta þess, að margir þm. myndu mikið vinna til þess, að þetta næði fram að ganga. Það mun rjett vera. Að minsta kosti vil jeg mikið til vinna, en ekki með þessum hætti. Útflutningstollurinn á að vinnast upp með beinum sköttum, en ekki því, að leggja á annan toll, enn ranglátari. Það er yfirleitt rótgróin skoðun mín, að beinu skattarnir eigi að bola tollunum burt. Tollarnir eru og verða altaf handahóf. Og hvað vernd þá snertir, sem þeir veita innlendu framleiðslunni, gegn aðfluttum varningi, þá lít jeg svo á, að sá innflutningur eigi að minka af sjálfu sjer eftir því, sem þörfin minkar, en ekki fyrir slíka tolla. Þó sá tollur,

sem hjer er um að ræða, sje ekki hár, þá er „principielt“ ekki hægt að ganga að honum. Auk þess býst jeg við, að ekki hafi verið athugað til hlítar, hvaða afleiðingar tollur á vefnaðarvöru gæti haft í för með sjer fyrir verslunina í landinu. Innlenda vefnaðarvöruframleiðslan er samkepnisfær, svo langt sem hún nær, og þarfnast því engra verndartolla. Að því leyti yrði því tollur þessi áhrifalaus. En hann gæti haft áhrif á öðru sviði. Hann mundi reynast stórverslunum verndartollur gagnvart smáverslununum, eins og slíkir tollar ávalt gera. Þetta yrði til þess, að verslunin kæmist á fárra manna hendur, og gæti það haft drjúgum meiri áhrif á verð vörunnar en sem nemur vörutollinum sjálfum. Jeg álít þetta atriði svo athugavert, að rjett sje að drepa á það.

Að því er snertir orð hæstv. fjrh. (MagnJ) um útflutningsgjaldið, þá get jeg ekki fallist á skoðun hans. Jeg álít, að best væri að það yrði afnumið umsvifalaust. Annars skal jeg ekki fara að ræða um það nú, en vil bíða betri tíma.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal geta þess, að nefndin hefir í hyggju, ef hún fær þessar brtt. samþyktar, að bæta við enn einni tegund ávaxta, vínberjum. Það var aðeins fyrir gleymsku, að þau voru ekki tekin með. Jeg er hv. þm. Str. (MP) ósamþykkur að því er snertir nytsemi nýrra ávaxta fyrir oss. Jeg tel mjög lítið gagn að þeim. Má vera, að sjúklingar noti þá eitthvað, en aðallega munu þeir fara í börn og unglinga. Er það leiðinleg sjón að sjá börn standa á götum úti og eta skemda ávexti, sem hafa verið keyptir ránverði. Því auðvitað er það, að helmingur þeirra ávaxta, sem hjer eru seldir, eru meira eða minna skemdir, svo illa sem þeir þola geymslu. Vil jeg sjerstaklega mælast til þess, að till. nefndarinnar verði samþyktar að því er þetta snertir.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minni hl. (JakM) talaði um tollana, þá vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að verði þessi tollhækkun á vefnaðarvörutegundunum ekki samþykt, þá verður naumast auðið að lækka útflutningsgjaldið. Það var einmitt tilætlun nefndarinnar að skifta á þessu. Háttv. frsm. minni hl. (JakM) tók það rjettilega fram, að slíkir tollar yrðu aldrei rjettlátir. Jeg er honum fyllilega samdóma um það. En hjer ber á að líta, að þessa tolls gætir svo lítið, að varla er ómaksins vert að gera slíkt veður út af honum.

Mjer þykja merkilegar þær umræður, sem hafa orðið um heytollinn, og líkastar deilunni um skegg keisarans. Innflutningur á heyi er nú sáralítill. En borist hafa sagnir um það, að í ráði sje að auka hann að mun, og fyrir það átti að byggja með þessu.

Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. Borgf. (PO) hefir í hyggju að svara því, sem háttv. frsm. minni hl. (JakM) skaut að honum um slægjuafnotin. Jeg get frætt háttv. þm. (JakM) á því, að það var viðvíkjandi aukaútsvarsálagningu, sem orð hv. þm. Borgf. (PO) fjellu í fyrra. Kvað hann tekjustofninn eyðilagðan með þessu, en ekki jarðirnar Jörð þarf ekki að skemmast neitt, þó selt sje burt af henni heyið í stórum stíl, ef til dæmis er um flæðiengi að ræða. Þá er þetta ágætis tekjugrein fyrir bóndann, sem sjálfsagt er að hagnýta sjer. Getur hann haldið jörðinni í fullri rækt fyrir því, þótt hann selji það hey.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að lækkun útflutningsgjaldsins yrði að koma niður í beinum sköttum. Hann veit þó, hversu erfitt það var hjer fyrir skemstu að halda í horfinu um þann eina eiginlega beina skatt, sem vjer höfum, tekju- og eignarskattinn. Jeg sje því ekki, hvernig hann getur búist við þessu. Og hvernig myndi þá sækjast að koma á nýjum sköttum? Sami háttv. þm. kvartaði undan því, að vörutollurinn myndi gera það að verkum, að smásalarnir hættu að standast samkepni við þá stærri. Það kvað við annan tón hjá honum er tóbaksfrv. sæla var á ferðinni; þá taldi hann fært vegna smásalanna að hækka tollinn.

Magnús Kristjánsson: Jeg hafði fyrir nokkru kvatt mjer hljóðs til að víkja nokkrum aths. að hinum og þessum háttv. þm. En hjeðan af er ástæðulítið fyrir mig að taka til máls, því aðrir hafa tekið margt af því fram, sem jeg ætlaði að segja. Jeg vil þó bæta við nokkrum orðum. Það gerir hvorki til nje frá, því verði jeg ekki til þess að eyða tíma þingsins, þá gera aðrir það. Jeg kann ekki við, að örfáir menn hafi nokkurskonar forrjettindi til að eyða tíma þingsins með mælgi sinni. Jeg álít, að það kynni að geta orðið til lækningar á þessum leiða þingkvilla, ef allir tækju upp þann sið, um nokkurn tíma, að tala sig dauða í hverju máli. Þessi orð mín koma að vísu ekki málinu við, en eins og ástandið nú er, álít jeg þau ekki með öllu óþörf.

Háttv. 1., 2. og 3. þm. Reykv. (JakM, JB og JÞ) eru á móti þessu frv. Svo er og um háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), háttv. 2. þm. N.-M. (BH), háttv. þm. Str. (MP) og fleiri, sem jeg nenni ekki upp að telja. Jeg fæ ekki annað sjeð, en að það, sem allir þessir háttv. þm. hafa haft fram að færa gegn frv., sje svo líkt hvað öðru, að jeg geti svarað þeim öllum í einu, og á þann hátt sparað mjer að nafngreina hvern út af fyrir sig.

Það kemur hálf-undarlega fyrir, þegar menn, sem halda því fram, að skilyrðið fyrir fjárhagslegri velmegun þjóðarinnar sje það, að hún læri að bjargast sem mest við það, sem hún sjálf getur framleitt, að einmitt slíkir menn skuli taka svo í þetta mál sem raun er á orðin. Jeg býst við því, að allir þessir háttv. þm. hafi þessa skoðun, sem jeg mintist á. Að minsta kosti hefir hún komið fram hjá þeim flestum. En nú lítur út fyrir, að þeir ætli að verða á móti þessu máli, og þá fer að verða nokkuð torskilið samræmið milli orða þeirra og athafna.

Með frv þessu er gerð tilraun til að minka innflutning á óþarfa-vörum, en nota fremur það, sem landið sjálft gefur af sjer. Jeg fæ ekki sjeð, að á nokkurn hátt sje hjer óhóflega að verið, hvað snertir hækkun innflutningsgjaldsins á þessum vörutegundum. Málið er ekki heldur óaðgengilegra eftir að nefndin hafði það til meðferðar. Það hefir að vísu verið hækkað aðflutningsgjald á ávöxtum, sem háttv. læknir deildarinnar hefir nýlega lagt svo mikið upp úr, vegna heilsu landsmanna. Jeg held nú, að sú kenning hans hafi fremur verið fram sett í því trausti, að enginn treystist til að andmæla hinum sjerfróða manni. Hann sagði, þessi háttv. heilbrigðisfulltrúi, að það gengi næst skrælingjahætti að fara að takmarka innflutning á þesari vöru. Jeg vil þó halda því fram, að það stappi nær skrælingja-

hætti ástandið, sem hjer hefir verið að undanförnu. Það hlýtur að vekja eftirtekt allra hugsandi manna að sjá alla glugga í hverri búðarholu þessa bæjar fulla af þessum varningi og börnin um allar götur með fullan gúlinn af þessum meira og minna skemdu ávöxtum. Í þessu liggur stórfje, og þetta er hreinasta tálbeita fyrir marga fáráðlinga, enda fjöldinn, sem bítur á hana. Verst er þó, að mikið af þessum vörum er flutt inn án allrar fyrirhyggju. Talsvert af andvirðinu er ógreitt og sumt greiðist aldrei. Bíða erlendir viðskiftamenn tjón við þetta, og er það siðspillandi og þjóðinni til minkunar. Hjer við bætist svo, að þessi varningur er undirorpinn miklum skemdum við geymsluna. Ekki má miða við það, þótt furðanlega hafi slarkast af í ár, þar sem nú er svo óvanalega góður vetur. En svo er ekki ávalt, og margur hefir hjer hlotið stórtjón af slíkum vöruskemdum. Þegar svo er komið, er þessum varningi, stórskemdum, otað að almenningi, sem svo glæpist til að kaupa hann, sjer til efnatjóns og heilsuspillis.

Eins og tímarnir eru nú, verða takmörkin einhversstaðar að vera á því, hvað menn geti veitt sjer af því, sem þeir óska helst. Alt tal um það, hversu þungbært þetta yrði almenningi, ef fram nær að ganga, er ekki annað en blekking þeirra manna, sem vilja láta líta svo út sem þeir sjeu að vernda hagsmuni þjóðarinnar með því að forða henni frá tollhækkun, en þess verður þá jafnframt að gæta, að hjer er aðeins um tollhækkun á ónauðsynlegum vörum að ræða. Mjer er sama, hvort þessi andróður gegn þessari umbótaviðleitni kemur fram í blöðunum eða því er haldið á lofti í þingsalnum, blekking ein er það og ekkert annað. Það er margbúið að sýna fram á það, að þessi tollhækkun á vefnaðarvöru nemur mjög litlu. Þessu máli til skýringar skal jeg geta þess, að þegar nefndin fjekk þetta frv. til meðferðar, gekk hún svo langt, að hún útvegaði vog, og nefndarmenn klæddu sig nálega úr hverri spjör, og vógu föt sín; sýnir þetta samviskusemi og áhuga nefndarmanna fyrir því að fá sem nákvæmastar upplýsingar og komast að sem rjettastri niðurstöðu í málinu. Niðurstaðan af þessum rannsóknum nefndarinnar varð sú, að skatturinn nemur sem svarar einni krónu á meðal-karlmannsfatnaði. Það er þessi skattur, sem enginn á að geta risið undir; hreinn og beinn barnaskapur, sem jeg á bágt með að trúa, að alþýða þessa lands sje svo skyni skroppin að gleypa við, svona alveg ómelt. Er því sýnt, að þessar mótbárur hafa við alls engin rök að styðjast, og að þessu er aðeins slegið fram, til að sýnast fyrir mönnum. Tel jeg því óþarft að fara lengra út í þessi atriði, og þori vel að taka á mig ábyrgð þá, sem af þessu leiðir, þótt öðrum kunni að vaxa hún í augum.

Þegar farið er að tala um það, að ýmiskonar hluta verði ekki aflað í landinu sjálfu, t. d. vefnaðarvörur ýmsar o. fl., vil jeg benda mönnum á, að þessi tollhækkun stuðlar einmitt að því að styðja innlendan iðnað, því, sem allir þykjast vilja vinna að. Þá vil jeg og sýna fram á, að margskonar vefnaður er unninn hjer á landi, einnig úr öðrum efnum en ull, og stendur sá iðnaður, þótt heimilisiðnaður sje, alls ekki að baki útlendum iðnaði af því tagi, nema

síður sje. Vil jeg því biðja háttv. þm. að athuga einmitt þetta, hvort hjer sje ekki einnig um stuðning fyrir íslenskan iðnað að ræða.

Jeg álít, að það sje sannanlegt, að mikill hluti af því, sem flutt er inn, bæði af vefnaðarvörum, ávöxtum, o. fl., sje í raun og veru óþarfi. Jeg vil og bæta því við, enda þótt sumum kunni að þykja fáránlegt, að svo mun víðast hvar haga til, hvar sem er á hnettinum, að framleiða megi það, sem þarf til lífsins viðurhalds. Og þótt hjer hagi alt öðruvísi til en t. d. á Suðurhafseyjum, þar sem menn geta nær eingöngu lifað á ávöxtum og öðrum jurtagróðri, þá held jeg, að þjóð vor veslist vart upp, eða dragi mjög úr þroska hennar, þó minna sje flutt inn af þessum hlutum. Læt jeg þess getið, þrátt fyrir það, að hinn eini læknir vor hjer í deildinni og einasti heilbrigðisráðunautur vor deildarmanna sje á gagnstæðri skoðun. Það þýðir heldur alls ekki að vera að halda því fram, að þetta sje sama og að banna innflutning þessara hluta, því það á sjer engan stað. En hitt teldi jeg skaðlaust, þótt hann kynni að minka eitthvað.

Jeg ætla svo ekki að fara lengra út í þetta að sinni, enda býst jeg við, að bráðum muni koma einhver demban yfir mig, til að reyna að hrekja þessar kenningar mínar, án þess að jeg búist við að það hafi mikil sannfærandi áhrif á mig. Það er ekki ómögulegt, að mjer gefist tækifæri til að taka aftur til máls um þetta efni, ef nauðsyn krefur.

Jakob Möller: Jeg verð að vekja athygli hæstv. forseta á því, að jeg er minni hluti nefndarinnar og þarf því ekki að binda mig við neina stutta athugasemd. (**Forseti BSv:** Jeg geri heldur ekki ráð fyrir því). Þó ætla jeg að vera mjög fáorður.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) skildi ekki í því, að jeg gæti ekki fallist á svona óverulega hækkun á tollinum. Jeg skil þar ekki hugsunarhátt þingmannsins. Jeg vil helst enga tolla hafa, því jeg hefi haldið fram, að allir tollar væru að meira eða minna leyti ranglátir, og þess vegna vil jeg heldur enga tollhækkun; tollarnir verða auðvitað því tilfinnanlegri, sem þeir eru hærri. Hann minntist á tóbakið, og að þegar það mál var á döfinni, hafi jeg ekki verið hræddur við verðhækkunina, nje heldur þá hugsað svo mjög um að vernda smásalana. Þá er því þar til að svara, að af tvennu illu velur maður jafnan það skárra, og þegar um einokun eða einkasölu var að ræða annars vegar, áleit jeg það skárra að hækka tollinn. Hins vegar er þar um svokallaða munaðarvöru að ræða, sem alment er fallist á, að leggja megi á tolla. Hjer er því ekki um neitt ósamræmi að ræða í fari mínu.

Hvað viðvíkur ræðu háttv. þm. Ak. (MK), veit jeg ekki, hvort hann meinti það til mín, að jeg færi með blekkingar í því efni, að tollhækkunin væri of þungbær; þá kemur þetta í berhögg við það, sem jeg hefi sagt um málið. Jeg lagði aðaláhersluna á grundvallarreglurnar — „principið“ — að jeg er á móti öllum tollum. Þetta er alt saman nokkuð skrítið hjá hv. þm. (MK), því samkvæmt áliti hans sjálfs ætti ekki að leggja skatta á þá, sem hafa tekjur undir ca. 5 þús. kr., en þessi tollur getur þó orðið nokkur skattur á fátækari fjölskyldum, og tekjuskatturinn því orðið þeim tilfinnanlegri fyrir bragðið.

Hvað snertir grisjusokkana Borgfirðingaþingmannsins, kemur þessi tollur þar að engu haldi; á slíku hismi eins og silki, eða jafnvel bómullargrisju, verður tollurinn auðvitað sama og ekkert, er það er svo ljett efni í sjer. Á mörgum nauðsynjavörum verður hann aftur á móti alltilfinnanlegur.

Háttv. þm. Ak. (MK) talaði um, að það ætti að vernda baðmullariðnað þann, sem hjer væri hafinn; þar hygg jeg, að alt sje í svo smáum stíl, að varla taki að hafa orð á slíku, enda nær eingöngu um heimilisiðnað að ræða.

Hins vegar fer því fjarri, að hjer sje um slíka vernd að ræða, því að efni til þeirrar iðju er jafnt tollað og það, sem úr því er unnið. En bómull vex ekki hjer á landi, svo jeg viti. Þá eru ummæli sama háttv. þm., um það, að hvar sem er á hnettinum megi framleiða það, sem menn þarfnast; slíkt má að vísu altaf segja, en lífnaðarhættir og venjur manna eru nú orðnar svo breyttar frá því, sem áður var, að vart mun auðvelt að koma þeim í það horf, sem þm. (MK) hugsar sjer, og síst verður það gert með lögum.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst ekki við að þurfa að fara að skattyrðast að þessu sinni, en get ekki látið ræðu háttv. þm. Ak. (MK) hlutlausa, og skil jeg ekki, að nefndin standi hjer uppi berskjölduð, eftir því sem hann lýsti störfum nefndarmanna. Jeg þurfti engra upplýsinga með frá háttv. þm. (MK), eða öðrum, um að ávextir skemdust; jeg hefi ávalt vitað það, því það er alkunna, að ávextir geta skemst. En mjer finst ekki ástæða til að banna innflutning á þeim fyrir því. (**MK:** Það er alls ekki verið að banna það). Það er að minsta kosti verið að bægja öllum almenningi frá notkun þessarar fæðu, sem sparnaður gæti verið í, ef notaðir væru alment, og eru þetta því í sjálfu sjer þarfar vörur. Ætti fremur að byrja á vörum, sem skaðlegar eru heilsu manna, en ekki á því, sem öllum kemur saman um að sje gagnlegt. Þá var þm. (MK) að tala um, að vart mundu menn veslast upp fyrir það, þó ávextir flyttust eigi inn í landið. Þetta hefir enginn sagt og er alt annað en þó hinu hafi verið haldið fram, að þeir gæti verið nauðsynlegir. Því er ekki talað um að tolla innflutning á kartöflum? Þær er hægt að framleiða hjer, en alls eigi ávextina, og væri því frá þessu sjónarmiði nær að tolla þær, þó jeg auðvitað myndi ekki geta mælt með slíku, en það ætti að falla nefndinni vel í geð.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) var hissa á því, hversu þm. bænda, eða bændur, væðu uppi í nefndinni, og eitthvað þessu líkt undraðist háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) framferði þm. kaupstaðabúa. En nú vill svo til, að það er aðeins einn bóndi í nefndinni. Jeg vil taka það fram, að jeg er fremur hlyntur bændum, en vil þó ekki ívilna þeim neitt sjerstaklega; en ef það á að fara að takmarka eitthvað innflutning á miður nauðsynlegum vörum, lendir það oftast harðast á íbúum bæjanna; sama er og um tollhækkun á slíkum vörum. Jeg veit ekki betur en báðir þessir háttv. þm. (JB og JÞ) játi, að það ætti að draga úr innflutningi á ónauðsynlegum varningi og að þetta frv. fari í þá átt, svo og hitt, að ná tekjum í ríkissjóð. Þá hefir verð sagt,

að hjer væri verið að banna innflutning á grænmeti og mikið talað um nauðsyn þess og nytsemi, og því er jeg samþykkur, en eins og frv. ber með sjer, er slíkt ekki tilgangurinn. En sultuðu og niðursoðnu grænmeti má og á að hækka tollinn á, því það er ekki nauðsynlegt, vegna þess, að þurkað grænmeti má fá á flestum tímum árs. Annars veit jeg ekki til, að fátækari alþýða neyti mikils af þessu tæi, minsta kosti er það ekki tíska í minu kjördæmi. Aftur er það egg og ostur, sem eru meiri nauðsynjavörur. Það má gera ráð fyrir að ca. 18 egg vegi 1 kg., og nemur þá tollhækkunin sem svarar 1 til 1¼ eyri á hvert egg.

Margir hafa talað um, að vefnaðarvörutollurinn komi harðast niður á erfiðisfatnaði og ódýrari fataefnum. Þetta er misskilningur, því kaupmenn munu í engum tilfellum leggja tollinn á vöruna eftir þunga, heldur taka hverja „faktúru“ með hinum ýmsu tegundum vefnaðarvöru, og leggja tollinn á vöruna eftir hundraðsgjaldi (%) af innkaupsverði. Löggjafarvaldið hefir ávalt verið að leita eftir leiðum til að tolla hátt silkivefnað og aðra miður nauðsynlega vefnaðarvöru, en altaf strandað á eftirlitsörðugleikunum. Jeg er viss um, að tollurinn kemur mest niður á dýrari vörum, ef frv. nær fram að ganga, og þykist hafa fært fullar líkur fyrir því, með því að benda á álagningsaðferð kaupmanna.

Í sambandi við tollinn á vefnaðarvörum vil jeg enn benda á það, að mjög mikið meira mætti nota af íslenskum fatnaði en gert er, og þá einkum nærfatnaði. Nú er mjög kvartað yfir atvinnuleysi hjer á landi á vetrum, einkum í kaupstöðum, og Íslendingar eru ekki orðnir það illa að sjer enn, að þeir kunni ekki að tæja föt úr ull. Auk þess er það víst, að íslensk föt verða ódýrari, fyrir utan það, hve miklu skjólbetri og endingarbetri þau eru.

Viðvíkjandi heytollinum vil jeg endurtaka það, að jeg ætlast til, að stjórnin megi nota sjer heimild, sem hún hefir í lögum nr. 38, frá 27. júní 1921, til að færa tollinn niður. Háttv. þm. Borgf. (PO) var ekki alveg fallinn frá því, að leggja toll á niðursoðna mjólk, en jeg vil benda honum á það — án þess, að jeg vilji draga úr íslenskum framleiðslumöguleikum — að sjálfsagt verður ekki hægt að framleiða niðursoðna mjólk hjer á landi fyrir það verð, sem bændur geta fengið fyrir mjólkina á annan hátt. Nú munu þær verksmiðjur, er framleiða niðursoðna mjólk utanlands, gefa 27—29 aura fyrir lítrann, en á tekjuskattsframtali bænda reikna þeir sjer mjólkurpottinn á 30—40 aura, og ætla jeg, að það sje mjög í samræmi við það verð, sem nú er á smjöri og öðrum mjólkurafurðum.

Jón Baldvinsson: Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) neyddi mig til að segja nokkur orð. En fyrst jeg er á annað borð staðinn upp, ætla jeg að gera athugasemdir við ræður nokkurra háttv. þm., frá því málið var hjer síðast til umr.

Háttv. frsm. meiri hluta fjhn. (MG) vildi mæla gegn því, að tollur af sykri væri mjög hár, en um það verður ekki deilt, að hann er mjög tilfinnanlegur fyrir alþýðu manna. Hann mintist og á, að jeg væri á móti öllum óbeinum tollum og vildi fella þá burtu, en væri jafnframt á móti því, að beinir skattar væru lagðir á. Það er alveg rjett, að jeg er á móti óbeinum sköttum, en jeg

hefi ávalt haldið fram beinum sköttum, svo það er rangt hjá þm. Og jeg skyldi ekki hafa á móti þeim skatti, sem nú er ákveðinn af lægstu tekjum manna, ef allir óbeinir skattar væru látnir niður falla.

Háttv. sami þingmaður (MG) gaf og í skyn, að jeg væri á móti tollálagningum, sökum þess, hve vinsælt það væri meðal kjósenda. En jeg vil benda honum á það, að með sama hætti má segja, að hann, sem þingmaður bændakjördæmis, sje að vinna til þakklætis kjósenda sinna, með því að reyna að þyngja skatta á kaupstaðarbúum sjerstaklega. Þá ljet hann og á sjer heyra, að jeg væri ekki mikill sparnaðarmaður, en líklega má deila um það, hvor okkar sje betri að því leyti, og það ætla jeg óvíst, að hann haldi sparnaðarmenskuorðinu út þetta þing. Fjáraukalögin frá 1920—1921 eiga eftir að koma til umræðu hjer. Og þá gefst mönnum á að líta sparnað hans.

Jeg ætlaði mjer að koma með brtt. við 3. umr., en háttv. þm. Str. (MP) tók af mjer ómakið, þótt ekki gangi hans tillaga eins langt og jeg hefði óskað.

Háttv. þm. Borgf. (PO) benti á ýmislegt í ræðu sinni, sem þörf væri á að koma í framkvæmd, ef hægt væri, svo sem að fólk það, sem nú sækir bíó og kaffihús, settist að iðnaði heima hjá sjer á kvöldin. En það er hjer sem annarsstaðar töluvert annað að geta bent á galla og fundið ráð við þeim og að koma þeim ráðum í framkvæmd.

Háttv. þm. Ak. (MK) taldi tollinn, sem frv. færi fram á, vera hóflegan, en jeg veit ekki hvar á að setja mörkin fyrir því, hvað hóflegt skuli teljast, þegar tollur af sumum vörutegundum samkv. þessu frv. nemur meiru en innkaupsverði vörunnar. Munu fleiri en jeg telja slíkt háan toll.

Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) talaði um það, að hvert land ætti að bjargast við sín gæði. Það getur nú verið gott og blessað, svo lengi sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu þau gæði, sem menn þurfa, til þess að lifa sómasamlegu lífi. En því eru viðskifti milli þjóðanna, að ein hefir það, sem aðra brestur, og þessi viðskifti bæta lífið og gera það fjölskrúðugra og þægilegra. Hjer er t. d. ekki hægt að framleiða ávexti, og verður því að fá þá erlendis frá. Mig minnir einnig, að einhver hjeldi því fram, að hjer fengist nóg grænmeti, en það er alls ekki rjett. Þótt hjer kunni að vaxa t. d. skarfakál, hundasúrur, eða hófblöðkur, þá telst slíkt vart til grænmetis.

Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) áfeldist þau orð, að bændur væru farnir að gerast ágengir, þar er þeir heimtuðu bæði verndartolla og verðlaun fyrir útfluttar afurðir. Hann hefir þó orðið mjer sammála um það, að nokkuð langt væri gengið með því að tolla niðursoðna mjólk, því fjhn., þar sem hv. þm. á sæti, feldi það niður úr hinu upprunalega frv., sem hjer var borið fram.

Sami háttv. þm. (JAJ) hjelt því fram, að í nál. háttv. fjhn., á þskj. 123, beri að skilja orðin „niðursoðnum ávöxtum og grænmeti“ og „syltuðum ávöxtum og grænmeti“ svo sem „niðursoðnum“ og „syltuðum“ ætti þar einnig við grænmeti. Þetta er mjög óljóst orðað, ef það á að skiljast svo, því samkvæmt málvenju eiga umrædd orð einnig við hverskonar grænmeti. Þessu þarf því að breyta, ef fyrirbyggja skal, að tollur verði lagður á grænmeti, sem ekki er niðursoðið eða sultað.

Jeg vil ekki deila við hv. þm. Ísaf. (JAJ), hve mörg egg sjeu í kílóinu; nefndin hefir verið svo samviskusöm, að hún hefir klæðst úr hverri spjör, til þess að afla sjer upplýsinga. Svo mun þó alment talið hjer, af verslunarmönnum, að eigi sjeu eins mörg egg í hverju kílógrammi sem háttv. þm. segir, en sem sagt, um þetta má deila, enda eggin misþung.

Þá þykir mjer og alltilfinnanlegur tollur, sem leggja skal á ostinn, eða 20 aura á hvert kílógramm.

Jeg vona, að háttv. deild sjái, að eigi er sanngjarnt að samþykkja þetta frv., en verði það gert, þá vona jeg, að það verði með breytingum samkv. brtt. hv. þm. Str. (MP), en best þætti mjer, að alt væri felt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil benda háttv. 2. þm. Reykv. (JB) á það, að það er hægt fyrir hann að segjast ætla að vera á móti beinu sköttunum, uns búið er að ljetta af öllum óbeinum sköttum. Háttv. þm. veit vel, að þeim sköttum er ómögulegt að ljetta af, nema beinu skattarnir sjeu smátt og smátt auknir, uns þeir geta alveg tekið við af hinum. Í þessu máli er því háttv. þm. á móti sinni eigin stefnu.

Misskilningur er það hjá sama háttv. þm., að orðin „niðursoðnum“ og „sylturðum“ í nál. eigi ekki við grænmeti jafnt og ávexti; ómögulegt að fá annað út úr orðunum, í því sambandi, sem þau standa, en að þau eigi jafnt við grænmeti, enda var svo ætlast til af nefndinni.

Óþarfi var af þessum háttv. þm. að bregða mjer um það, að jeg hefði borið honum kjósendadekur á brýn. Jeg mintist ekki á slíkt í ræðu minni, og hefi hvorki borið slíkt á hann nje aðra hv. þm.

Þá mintist hann á fjáraukalögin 1920 og 21. Jeg treysti mjer vel að ræða um þau við hann á sínum tíma, og skal geta þess, að hækkunin, sem þau gera á fjárlögunum frá þeim árum, er ekki meiri hlutfallslega en brauðin hækkuðu hjá honum í Alþýðubrauðgerðinni á sama tíma.

Þorleifur Guðmundsson: Eitt atriði er það í þessu máli, sem ekki hefir verið tekið nægilega vel fram enn þá, en það er heytollurinn. Mjer virðist, að þeir hv. þm., sem flestir eru úr kaupstöðunum, er hæst hafa talað hjer um, að eigi megi leggja toll á aðflutt hey, muni aðallega hafa haft fyrir augum þá einstaka menn í kaupstöðum, er þurfa á heyi að halda, en virðast hafa gleymt því, að ýmsir aðrir kjósendur þeirra í kaupstöðunum hafa það beinlínis fyrir atvinnu, að afla heyja og selja í kaupstöðunum.

Þessir háttv. þm. hafa slegið því fram, að bændur skaðist á því að selja hey frá jörðum sínum, sökum þess, að þeir geti ekki haldið þeim í eins góðri rækt með því móti, og að það sjeu mest búskussar, er slíkt gera. Þótt þetta geti verið rjett í einstaka tilfellum, þá eru þó ástæðurnar, sem mæla með því, að það hey, sem þörf er á hjer á landi, þess sje aflað hjer, yfirgnæfandi. Skal jeg nú telja helstu rökin, sem til þess liggja.

Fyrst má telja það, að á þessum tímum, þegar atvinnuskortur er hjer á landi, þá ber síst að bægja mönnum frá því að vinna að aukinni framleiðslu þess, sem hjer er hægt að afla. En ýmsir kaupstaðabúar hafa lagt það fyrir sig, að heyja á sumrum, til þess að selja hey til þeirra, er á því þurfa að halda í kaup-

stöðunum. Er það þjóðinni fyrir bestu, að launa fremur vinnu þessara manna en þeirra, er vinna að sama starfi erlendis.

Í öðru lagi má telja það, að víða er nú svo komið hjer á landi, að slægjur eru ekki notaðar eins og hægt er að gera, jörðunum að skaðlausu. Bæði er það, að jarðir eru sumstaðar komnar í eyði, og slægjurnar því ekki notaðar, einnig hafa sumstaðar aukist slægjur, sökum áveitu, svo að ábúandinn hefir ekki nógu stóran bústofn til að nýta alt það hey, sem jörðin getur gefið af sjer. Þá eru og heiðalönd og landsvæði, er afla mætti heyja á, ef markaður væri fyrir það. Væri það þjóðnýtara og eðlilegra, að landsmenn nýttu þessar slægjur og seldu heyið í kaupstöðunum, eða að þeir, sem á heyinu þyrftu að halda, sýndu þá framtakssemi, að kaupa slægjur og heyja sjálfir, heldur en að kaupa inn erlent hey og láta ónotaðar slægjur hjer verða úti á hverju sumri.

Hey er sú vara, sem lengst hefir verið framleidd hjer á landi, og sú varan, sem sjálfsögðust er, að vjer sækjum ekki til annara þjóða. Nóg er samt af aðfluttum varningi, þótt ekki fari það að bætast við. Ef brögð ættu að verða að slíku framvegis, þá tel jeg landið ekki lengur byggilegt, og væri þjóðinni þá nær að flytjast þangað, sem heyið er framleitt.

En þá vil jeg koma að því, er háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hjelt fram. Hann sagði, að oss bæri frekar að stuðla að því, að hey yrði flutt hjer inn, sem hráefni. En þótt jeg eigi bágt með að skilja, hvað háttv. þm. meinar með því, þar sem enginn slíkur iðnaður er hjer á landi, er þarfnast slíkt hráefnis, eða getur borið það, þá vil jeg snúa mjer að öðru efni, sem líklegt er, að framleiða megi með heyinu, sem er ær eða hross. Þá vil jeg spyrja háttv. þm. að því, hvort hann hafi athugað, hvað ærin þarf mörg pund af slíku heyi, hvað það kostar, og hvaða arði hún skilar, og hvað hægt muni að ala upp hross á útlendu heyi, hvað mikið við þurfum handa þeim á hverju ári, og hvað við fáum fyrir þau, er við seljum þau upp komin. Ef háttv. þm. (JÞ) vildi reyna að setja sig inn í þetta, mundi hann fljótt komast að raun um, að fóður handa hrossi, sem fóðrað er á útlendu heyi, eftir því, sem nú er, mundi verða um 240—250 krónur, og þegar hesturinn er orðinn 6—8 vetra, fæst ekki meira fyrir hann en sú upphæð, er kostar að ala hann upp á ári hverju, og er það þó aðeins sjötti til áttundi hluti af kostnaði við uppeldi hans.

Mjer finst, að ef á að fara að leiða þjóðina út á þessar götur, að kaupa alt mögulegt frá útlöndum, þá lendi það alt í botnlausum öfgum. Til þess að sýna, hvað þjóðin virðist vera gjörn á að flytja alt mögulegt inn, skal jeg nefna sem dæmi, að nýlega kom jeg niður á hafnarbakka, er verið var að skipa upp úr einu millilandaskipinu, og verð jeg þá var við stóra pakka af mold eða torfi, sem með skipinu höfðu komið. Og þótt segja mætti, að framleiða mætti gas gegnum slíkt efni, og slíka mold sje ekki að finna hjer, þá er það auðsætt, að gas ber ekki að framleiða hjer á landi, þar sem gnægð er til af möguleikum til að framleiða rafmagn. Haldi þetta áfram, án þess að þing og stjórn taki hjer í taumána, getur farið svo, að menn fari að verða leiðir á íslensku grjóti sem byggingarefni, og færu að seilast eftir gulu grjóti frá Frakklandi, af því að þeim þættu gráu steinarnir alt of gráir.

Jón Þorláksson: Jeg ætla að gera örstutta athugasemd við ræðu háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG). Jeg tel mjer óþarft að gera alla þá útreikninga, er hann kvað þurfa að gera; tel jeg hann sjálfan einfæran um það. En jeg ætla að benda háttv. þm. á það ósamræmi, sem er í því, að vilja setja hindrunartoll á erlent hey, sem óneitanlega er þó það hráefni, sem mjólk er framleidd af, en vilja ekki tolla aðflutta mjólk sökum mjólkurskorts í kaupstöðunum. Er það illa viðeigandi, að meina þeim mönnum, er nú kaupa erlenda dósamjólk, að flytja inn hey, ef þeir vilja gerast svo framtakssamir að framleiða mjólkina handa sjer sjálfir. Ef það næði fram að ganga, að hindrunartollur yrði settur á hey, mundi það verða sama sem verndartollur fyrir erlendan kúabúskap.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vil benda hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) á það, að ef ætti að fóðra kú hjer á aðfluttu heyi, þá mundi það kosta um 900 krónur yfir veturinn, og þá má mjólkurpotturinn vera dýr, ef það borgar sig, því ef ekki ætti sjerstaklega að kaupa kraftfóður handa henni, ásamt útlenda heyinu, þarf ekki að gera ráð fyrir meira en 1600 pottum yfir árið. (**JÞ:** Sú er ljeleg!).

ATKVGR.

Brtt. 177 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 152 feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, MJ, MP, SvÓ, ÞorstJ, EÞ, HK, JakM, JB, BSv.

nei: JS, LH, MG, MK, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EE, IngB, JAJ.

Þrír þm. (ÓP, BJ, GunnS) fjarstaddir.

Brtt. 123, 1. (ný frvgr.) samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MK, PO, PÞ, SSt, ÞorlG, ÞórJ, BH, EÞ, GunnS, IngB, JAJ, JS.

nei: MJ, MP, StSt, ÞorstJ, HK, JakM, JB, JÞ, BSv.

SvÓ, ÞorlJ, EE greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÓP, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 123, 2. samþ. með 15 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 201, 207).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þar eð fjhn. hefir borist erindi, sem athugast þarf í sambandi við þetta mál, leyfi jeg mjer að óska þess, að það verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 201, 207, 228).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Meiri hl. nefndarinnar ber fram brtt.; um aðra þeirra gat jeg við 2. umr., ef samþykt yrði brtt. nefndarinnar um hækkun tolls á ávöxtum. Hin hefir ekki áður komið fram, en er borin fram af þeim ástæðum, að sápugerðin hjer hefir óskað eftir, að ýmsar vörur, sem hún notar mjög mikið, yrðu fluttar í 1. flokk.

Nefndin hefir viljað verða við þessum

óskum sápugerðarinnar, og þessar vörur hafa allar, að einni undantekinni, verið fluttar í 1. flokk.

Þá eru brtt. á þskj. 207, um lækkun á vefnaðarvörum og heyi. Nefndin hefir fallist á þær.

Stefán Stefánsson: Við flm. brtt. á þskj. 207 getum verið þakklátir háttv. allshn., fyrir undirtektir hennar, hvað snertir brtt. okkar, og get jeg því verið fáorður, enda munu brtt. okkar fáum koma á óvart, þar sem við tókum það fram, við 2. umr., að við værum mótfallnir svo mikilli tollhækkun, sjerstaklega á þessum vörutegundum, er við nefndum í tillögu okkar. Á vefnaðarvörunum af því, að engin tök eru á því fyrir mikinn fjölda fólks að veita sjer innlendan klæðnað. Tóvjelarnar eru of litlar eða of fáar, og svo eru kringumstæður margra manna þann veg, að um tóvinnu, sem gæti fullnægt öllum heimilisþörfum, er alls ekki að tala. Þessi ferfalda tollhækkun mundi því augsýnilega koma harðast niður á fjölskylduheimilunum, og er það því aðeins til samkomulags, að við höfum ekki farið lengra í lækkun tollsins. Vona jeg þess vegna, að háttv. flm. frv. verði okkur þar fyllilega sammála. Jeg hlýt að draga þá eðlilegu ályktun um afstöðu þeirra til fyrri liðsins á tillögu okkar.

Annar liður tillögunnar býst jeg við að sje síður geðfeldur háttv. flm., þar sem það er helmingslækkun á heytollinum við það, sem frv. ætlast til. En þess ber vel að gæta, að hjer er um engar verulegar tekjur að ræða fyrir ríkissjóð, og þá ekki heldur um neitt verulegt tap eftir tillögum okkar flm. brtt. Það er aðeins þetta, að gera það ekki einstökum mönnum með öllu ókleift, sem nauðbeygðir eru til þess af sjerstökum ástæðum að flytja inn lítið eitt af útlendu heyi; enda er 3 kr. tollur á 100 kg. allhár, og þegar litið er til þess, að ekki fluttist inn hey nema fyrir ca. 1500 kr. síðastliðið ár, er sýnilegt, að ekki er eftir miklu að seilast fyrir ríkissjóðinn, hvort tollurinn er hærri eða lægri.

Spurningin er þá aðeins þessi: Er það rjett að gera það með öllu ófært að flytja inn hey, jafnvel hvað sem við liggur? Jeg segi nei. Þessa tillögu okkar ber því líka að skoða fram borna aðeins til samkomulags.

ATKVGR.

Brtt. 228, 1. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 228, 2. samþ. með 15 : 9 atkv.
— 207, a. samþ. með 15 : 7 atkv.
— 207, b. samþ. með 14 : 7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MK, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ, GunnS, IngB, JAJ, JS.
nei: JÞ, MJ, MP, ÓP, BJ, EE, HK, JakM, JB, BSv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 244).

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

24. Vörutollur (frv. SHK).

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 24. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þmfrv., A. 28).

Á 6. fundi í Ed., mánudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg skal strax gera þá aths., að sá ljóður hefir orðið á tilbúningi þessa frv., að síðasta málsgrein 5. liðs er óþörf, og er það af vangá gert, og mjer um að kenna, en eigi prenturunum eða skrifstofunni. Það er aths. um kola- og salttollinn, sem mjer láðist að strika yfir, áður en frv. fór til skrifstofunnar.

Um vörutollslögin mun nú vera það að segja, að þau hafa reynst vel, að því leyti sem litið er á þau frá sjónarmiði ríkissjóðs. Honum munu þau hafa veitt drjúgar tekjur. Er því ekki þörf breytingar á þeim frá því sjónarmiði sjeð. Enda hefi jeg reynt að halda ramma vörutollslaganna, aðeins breytt 1. lið verulega og fært á milli liða, eftir því, sem betur þótti fara.

Tilgangur frv. er sá, að framleiðslunni sje sýndur meiri sómi heldur en gert er með núgildandi vörutollslögum, „Holt er heima hvat", er að verða kjörorð vorra tíma. Allar þjóðir keppast við að búa sem mest að sínu.

Sjeu vörutollslögin skoðuð frá þessu sjónarmiði, þá sjest, að ýms atriði þeirra fara í bága við þessa hugsun, því sami tollur er lagður á ýmsar vörutegundir, hvort sem þær eru fluttar hingað tilbúnar eða aðeins efnið í þær. T. d. er svo um sútuð skinn og efnið til sútunarinnar. Jafnhár tollur á hvorutveggja. Þá má nefna, að jafnhár tollur er á gluggum og hurðum eins og trjáviðnum óunnum. Fataefnin tolluð jafnt og tilbúin föt. Jafn tollur á tilbúnum seglum og segldúk. Tollur jafn á tunnum sem tunnuhlutum. Jafn á skósvertu og efnum og umbúðum til skósvertugerðar. Á sápu og öllum efnum til sápugerðar, að undanskildum feitarsýrum og kókosfeiti, eða kókosolíu, sem heyra þó undir 2. fl.

Litarefni til iðnaðar, þar á meðal til tóvinnuvjelanna, eru í 7. fl., en ættu að vera í 1. fl.

Ýmsar vjelar til landbúnaðar, garðyrkju, enn fremur bifvjelar, eru í 2. fl. En aftur á móti eru t. d. prentvjelar, tóvinnuvjelar, sápugerðarvjelar, sútunarvjelar og ýmsar aðrar vjelar til iðnaðar í 7. fl. Tollurinn af þeim þess vegna þrefalt hærri en hinum vjelunum.

Þá er það enn fremur mjög varhugavert, að tollurinn virðist ekki nærri nógu hár á aðfluttu kjötmeti og fiskmeti, sem við framleiðum nóg af sjálfir, og síst ætti því að vera ástæða til að flytja inn í landið, og það jafnvel frá þjóðum, er

tolla okkar vöru. Þetta alt virðist mjer ástæða til að leiðrjetta, en hefi ekki treyst mjer til að taka tillit til þess alls, vegna örðugleika í framkvæmdinni. Svo er t. d. með tilbúin föt og fataefni, glugga og hurðir. En vil gjarnan ræða nánar um það atriði við nefnd. Breytingarnar ná aðallega til 1.—4. flokks.

Í 1. fl. koma kornvörur og efni til iðnaðar, ónunnin og hálfunnin. Í 2. fl. járnvörur, fóðurmjöl o. fl. Í 3. fl. iðnaðarvörur, sem byrjað er að vinna í landinu sjálfu, en eigi nógu mikið framleitt af enn sem komið er. Í 4. fl. vörur, sem framleiða má með innlendum iðnaði, og ýmsar aðrar vörur, einnig fisk- og kjötmeti.

Sem bendingu um það, hvort tollurinn sje settur of hár á ýmsar þær vörur, sem nefndar eru í 4. fl., og hve miklu tollhækkunin nemur, má taka t. d., að á sápu, sem vegur 50 gr., nemur tollhækkunin einum eyri.

Um það, hvaða áhrif þetta frv. muni hafa á tekjuhæð tollsins, þá tel jeg það ekkert vafamál, að það muni fremur auka tollinn en lækka nú, sem liggur í því, að iðnaðurinn er svo skamt á veg kominn hjá okkur, svo að tollhæð 4. flokks myndi gera betur en að bæta upp það, sem tapast á fyrsta eða fyrstu flokkunum.

Tel jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni, en legg til, að því verði, að lokinni umr., vísað til fjhn.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg skal eigi fara mörgum orðum um frv. þetta, enda get jeg tekið undir með flm. um margt af því, er hann sagði. Það liggur í augum uppi, að rangt er að leggja sama toll á efni sem tilbúnar vörur, af þeim tegundum, sem framleiða má í landinu. En þetta álít jeg að verði best lagað með verðtolli, því hráefnin eru lítill hluti af verði vörunnar og kæmi því niður hlutfallslega rjett.

Eins er það stór galli á þjóðarbúskapnum, að nokkuð að ráði skuli vera flutt inn af fiski og kjötafurðum.

Til þess að vörutollslögin frá 1921 næðu þessum tilgangi, yrði að gera miklu meiri greiningu en orðin er. Erlendis eru slíkar skrár heilar bækur. Þó tollurinn sje að formi til þungatollur, þá má með víðtækri greiningu koma því svo fyrir, að þungatollur verki eins vel og verðtollur.

Þetta hefir ekki verið reynt hjer á landi, enda yrði vinnufrekt í framkvæmd, en hugmyndin virðist helst framkvæmanleg með því að setja verðtoll í samband við vörutollinn.

Flm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg þarf ekki að svara nema örfáum orðum. Með frv. þessu hefi jeg ekki tekið neina afstöðu til verðtolls. Annað mál, að það gæti verið starf væntanlegrar nefndar, er um það fjallar. Frv. gefur enga ástæðu til umr. um verðtoll.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi eigi treyst mjer til að setja jarðepli annarsstaðar en í 1. fl. Loftslagi eða tíðarfari er svo háttað hjer á landi, að ræktun þeirra getur algerlega brugðist og gefur eigi tryggingu fyrir nógri framleiðslu þeirra. Þakka jeg fjrh. (MagnJ) fyrir það, að hann játaði aths. mínar um vörutollslögin rjettar, og er jeg ekki óánægður með undirtektir hans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj.

atkv. og til fjárhagsnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., laugardaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 328, 323).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Þó að fáum muni geðjast að því, að auknar sjeu álögur á þjóðina, hefir nefndin ekki sjeð sjer fært annað en að fallast á till. Nd. um að hækka vörutollinn. Þótti henni rjettast að dreifa hækkuninni sem mest milli hinna ýmsu flokka. Eins og fram er tekið í nefndarálitinu, er aðeins nokkrum nýjum vörutegundum skotið inn í texta núgildandi laga um þessi efni. Annars er röðinni á vöruupptalningunni haldið þeirri sömu. Samt er t. d. nýtt grænmeti sett í sama flokk og kornvörur og jarðepli. Einnig höfum við sett umbúðir, tunnustafi og tunnusviga í þennan flokk, en það var áður í 2. flokki. Við þetta bætist í sama flokki vörur, sem hafðar eru til innlends iðnaðar, svo sem sútunar, kertagerðar, blekgerðar og smjörlíkisgerðar. Er það sett í svo ódýran flokk, til þess að ljetta undir með iðnrekendum, sem eiga fult í fangi með að standast straum af samkepninni við hinn útlenda iðnað, og til þess að gera mönnum heldur hægara með að reka nýjar iðnaðargreinir. Tilfærslurnar í þessum flokki miða því að því að efla innlendan iðnað og framleiðslu, og því hefir nefndin ekki viljað hækka vörutollinn þar nema um ¼ eða upp í 40 aura af hverjum 50 kg. Við 2. flokk hefir nefndin gert minni breytingar og haldið upptalningunni nákvæmlega eins og lögin leggja fyrir. Aftan við hann er bætt nýjum vörutegundum úr 7. flokki, t. d. þvottasóda. Það hafa heyrst umkvartanir um það, að hann væri hafður í of dýrum flokki, enda er verðið á honum svo lítið, að tollurinn hefir borið það ofurliði. Svo er bætt við nokkrum vjelum, sem voru í 7. flokki og eru dýrar og þungar í sjer; var það gert meðfram af því, að það er tiltölulega mjög lítið keypt af þeim inn í landið og þá helst af efnalitlum mönnum, sem væri ekki hægt að greiða háan toll. Á 3. flokki, sem er vefnaðarvöruflokkurinn gamli, hefir nefndin í Nd. hækkað tollinn upp í 5 kr. pr. 10 kg., en við höfum ekki sjeð okkur fært að hækka hann meira en upp í 3,50 kr. pr. 10 kg. Þá kemur nýr liður, 4. liður, sem settur er eftir till. Nd., um að allskonar skófatnaður sje ekki hækkaður úr því sem er nú, eða 1,80 kr. pr. 10 kg. Nefndin hefir þó þokað vörutollinum á þessum lið upp í 2,00 kr.; en það gerir mjög lítinn mismun. Svo hefir hv. Nd. lagt til, að lagður yrði mjög hár tollur á kjöt, fisk og ávexti, eða 5 kr. pr. 10 kg., en nefndin hefir lækkað hann niður í 3 kr. og slept úr flokknum eplum og ávaxtamauki, sem telja má nauðsynjavöru fyrir alla, hvernig sem efnum þeirra er háttað, sjerstaklega fyrir sjúklinga. Sjötti flokkur, sem var 4. flokkur, er óbreyttur og sömuleiðis 7. flokkur. Nefndin leggur til að 8. flokkur verði aftur á móti hækkaður úr 1 kr. upp í 1,50 kr. og 9. flokkur úr 60 aur. pr. 10 kg. upp í 80 aura. Að öðru leyti má telja 1. gr. óbreytta frá því, sem hún er nú. Nefndin leggur loks til, að 3. gr. vörutollslaganna sje feld burt fyrir þá sök, að ill reynsla hefir fengist fyrir því, hvernig ákvæði hennar hafa gefist.

Jeg skal geta dálítillar ónákvæmni í

nefndarálitinu á einum stað, þar sem minst er á vörutoll af steinolíu, að hann muni nema 131700 kr. miðað við innflutning á steinolíu árið 1919. Það er að vísu rjett, en í lögum um einkasölu ríkisins á steinolíu er gert ráð fyrir, að helmingur ágóðans renni í varasjóð, svo að aðeins helmingurinn getur reiknast til árstekna ríkissjóðs. Viðvíkjandi því, sem menn fýsir sjálfsagt einna helst að vita, sem sje, hvað vörutollurinn muni hlaupa mikið fram, þá er ekki hægt að segja neitt með vissu um það, en eftir því, sem nefndin hefir komist næst, má gera ráð fyrir, að það verði ekki minna en 275 þús. kr. Annars eru þessar tolltekjur sæmilega trygðar, ef hægt er að reka verslunina stórhindranalaust á komandi árum. Aftur er þýðingarlítið að tolla mikið ódýrar vörur, þótt mikið sjeu kannske keyptar inn í landið, því að það hefir sömu áhrif og aðflutningsbann á þeim, en ekki tollur.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, fyr en ef jeg fæ tækifæri til þess síðar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er ekki ástæða til að fara út í einstök atriði brtt., því að það hefir háttv. frsm. þegar itarlega gert. Frá því að frv. stjórnarinnar um vörutoll kom fram, hefir aðferðin að vísu töluvert breyst, en að efni til er frv. í öllum aðalatriðum það sama. Jeg skoða það meira sem fyrirkomulagsatriði, hvort hætt sje við að hafa verndartollsform á vörutollum eða ekki. Jeg er þeirrar skoðunar, að verndartollur færi betur að sumu leyti, en nefndin hefir álitið það ótiltækilegt að koma honum við, vegna erfiðleika með framkvæmdirnar. Annars er breytingin á frv. eins og það kom frá Nd. í aðaldráttunum sú, að það er haldið sjer meira við fjárhagshliðina á því; hækkunin er almennari og jafnari. Þannig koma af þessu nokkrar tekjur, sem ekki veitir af, þegar athugað er, hversu t. d. tekjuskatturinn hefir verið lækkaður. Það er áætlunarmál, hvað tekjur þessar muni nema miklu, en ekki er fjarri sanni það, sem nefndin áætlar, eða hátt á 3. hundrað þúsund kr. Og eins og hv. frsm. (BK) tók fram, mega menn vera vissir um tolltekjur af mörgum vörutegundum, þó að kunni að draga úr innflutningi einstöku vörutegunda. Við þann tekjumissi, sem af því leiddi, mætti ríkissjóður vel una, því þá kæmi í ljós, að spöruðust vörur, sem menn geta án verið.

ATKVGR.

Brtt. 323, I, 1.—9. (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 323, II, a. (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 323, II, b. (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 354).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 354).

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Magnús Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 2 atkv., og til fjárhagsnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t.

---

25. Skoðun á síld.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 13. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um skoðun á síld, frá 28. nóv. 1919 (þmfrv., A. 333).

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Aðalástæðan fyrir því, að jeg hefi leyft mjer að flytja þetta frv., er tekin fram í greinargerðinni, svo að jeg þarf ekki að vera margorður. Það mundi aðallega vinnast á með frv., að ríkissjóður losnaði við allverulег útgjöld, er hann hefir orðið að greiða nú um mörg ár fyrir mjög óverulegt starf. Hjer er með öðrum orðum farið fram á að afnema yfirsíldarmatsmannsstöðuna á Austfjörðum. Jeg fæ ekki sjeð, að þessi maður, eða starf hans, sje að neinu leyti nauðsynlegt, því að síðustu árin hefir mjög lítið af síld verið flutt út frá Austfjörðum, sem næst um 600 tunnur árlega. Virðist ekki þurfa yfirmatsmann til að meta þá síld, heldur mætti það verk vera unnið af undirmatsmanni, er stæði undir yfirmatsmanninum á Akureyri. Sá yfirmatsmaður gæti og ætti að hafa með höndum umsjón eða yfirumráð með starfi matsmannanna fyrir austan Langanes, öldungis eins og síldarmatsmaður á Siglufirði setur mann eða menn til að meta síld vestur á Ströndum. Þetta er aðalástæðan fyrir frv., og óska jeg, að það verði látið ganga til sjútvn., að lokinni umræðunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 333, n. 414).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Eins og skýrt er frá í nál., tók sjútvn. þessu frv. mjög vel og mælir með því, að háttv. deild samþykki það óbreytt. Aðeins einn maður úr nefndinni, hv. 2. þm. Reykv. (JB) fylgdist ekki með nefndinni, heldur áleit heppilegra að vísa frv. til stjórnarinnar. Annars mun honum ekki vera það mikið kappsmál. Hinir 4 úr nefndinni álitu málið þess vert, að það næði fram að ganga. Ástæður nefndarinnar

eru þær sömu og jeg tók fram við 1. umr., nefnilega, að óþarft sje, að ríkið greiði jafnmikið fje sem þetta fyrir ekki meira verk. Því til sönnunar skal jeg geta þess, að útflutningur síldar frá Austurlandi hefir numið alls 3 síðustu árin 1892 tunnum, eða 631 tunnu á ári til jafnaðar. Fyrir þetta starf hefir verið greitt á sama tíma 11354,63 krónur, eða með öðrum orðum, yfirsíldarmatsmanninum hafa verið greiddar úr ríkissjóði 6 krónur fyrir hverja útflutta tunnu. Þótt maður fari lengra aftur í tímann, þá verður útkoman þó svipuð. Það virðist að minsta kosti alveg ástæðulaust að vera að halda uppi þessu yfirsíldarmatsstarfi, því að á Norðurlandi veit jeg ekki til þess, að nokkur undirmatsmaður hafi svo lítið að gera, að hann meti ekki meira en 600 tunnur á ári.

Þegar reynslan er þessi, þá virðist ekkert sjálfsagðara en að yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri, sem nú hefir aðeins Eyjafjörð og ströndina austur til Langaness, nefni til undirmatsmenn á Austurlandi.

Frv. gerir ráð fyrir, að umdæmum yfirmatsmanna skuli skift svo, að sá, sem aðsetur hefir á Akureyri, fái svæðið frá Ólafsfjarðarmúla til Lónsheiðar, en eins og hv. þdm. er kunnugt, aðskilur hún Suður-Múla- og Austur-Skaftafellssýslur. En svo hefir síldarmatsmaðurinn á Ísafirði svæðið frá Hornbjargi og suður um til Lónsheiðar. Er ekkert við það að athuga, því af Suðurlandi (frá Reykjanesi til Lónsheiðar) er aldrei flutt út síld.

Það, sem helst kynni að vera haft á móti frv., er það, að einhverntíma kynni að berast svo mikil síld á land á þessu svæði (Austfjörðum), að undirmatsmaður nægði ekki. En þótt svo væri, að yfirmatsmaðurinn á Akureyri þyrfti einhverntíma að skjótast austur til þess að setja undirmatsmenn inn í starfann, þá mundi það ekki nema meiru en ferðakostnaði þeim, sem yfirmatsmaðurinn á Seyðisfirði hefir tekið 1922, eða kr. 1373,75.

Af þessum orsökum, sem jeg hefi tilfært, lítur nefndin svo á, að hjer sje um sjálfsagða breytingu að ræða, og vænti jeg, að háttv. deild taki málinu vel.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst þetta mál í raun og veru fremur smávægilegt, og furðar mig eiginlega á því, að það skuli vera borið fram nú. Jeg efast ekki um, að upplýsingar þær, sem hv. frsm. (StSt) hefir gefið, sjeu rjettar í sjálfu sjer, frá hans sjónarmiði, en alt um það verða þær nokkuð villandi, þegar miðað er við hið óvenjulega ástand, sem verið hefir að undanförnu. Síðastliðið ár var dýrtíðaruppbótin alt að því eins há eins og stofnlaunin. Með því móti verða tölurnar nokkuð háar, en þetta breytist væntanlega með ári hverju. En þá verður þessi kostnaður ekki svo ægilegur, að nauðsyn sje á að gera breytingu eftir stuttan tíma á þeirri skipan, sem gerð hefir verið á síldarmatinu. Þegar þess er gætt, að enginn getur með vissu sagt, hvar síldin muni leggjast að það og það árið — hún gerir ekki boð á undan sjer — getur enginn dæmt um, hvar mest muni þörf á síldarmatsmönnum framvegis. Þess vegna er alveg ótækt að breyta lögunum af þessum smávægilegu ástæðum.

Þegar ræða er um sparnaðinn af þessari breytingu, tel jeg, að menn verði að reikna hann efir því, sem er á venju-

legum tímum. Laun þessa manns eru í raun og veru 1600 kr. Getur verið, að ferðakostnaðarreikningar hans sjeu háir, eða ferðalög meiri en þörf væri á, en svo mikið ættu hv. þm. að treysta stjórninni, að hún greiði ekki reikninga, sem eitthvað er athugavert við.

Því vikur dálítið undarlega við, að þegar fært er í tal að fækka starfsmönnum á öðrum sviðum, svo sem sýslumönnum, er eins og mörgum verði þegar í stað ljóst, að það sje algerlega ófært. En þegar þess er gætt, að þeir eru 5 sinnum fleiri en yfirsíldarmatsmenn, finst mjer ósamræmi í að vilja nú fækka þeim. Enginn, sem þekkir þennan mann, mun efast um, að hann standi vel í stöðu sinni. Auk þess er hann maður gamall, sennilega um sjötugt. Þar sem hann er lítt fær til annara starfa, get jeg ekki skilið annað en að ríkissjóður yrði að greiða honum full laun til æfiloka. Fer þá þessi svokallaði sparnaður að koma að litlu haldi.

Þá er aðalatriðið í þessu máli, er jeg vil biðja hv. þm. að íhuga vel. Sveði þau, sem yfirsíldarmatsmenn hafa nú til yfirferðar, eru of stór til þess að þeir geti haft nauðsynlegt eftirlit með undirmönnum sínum. Nú er það starf breytt til muna frá því, sem áður var, þegar þessi skipan var gerð, og er nú miklu umfangsmeira. Þá var einungis framkvæmd skoðun á nýrri síld, en nú er söltuð síld einnig skoðuð, og hæfir menn verða að skoða þá síld, sem flutt er til útlanda. Þeir þurfa að vera á hverjum útflutningsstað. Sjá því allir, að ekki verður komist af með minna en 4 yfirsíldarmatsmenn til að líta eftir þessu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, aðeins endurtaka, að ekkert viðlit er að breyta lögunum fyrir jafnsmávægilegt atriði. Jeg álít, að stefnan ætti að vera sú, að eftirlit með vöruvöndun ætti að aukast og batna, en þingið ekki draga úr því að ástæðulausu. Hjer er reynt að draga úr þeirri lofsverðu viðleitni, sem verið hefir á framfarastigi, að auka vöruvöndun. Því get jeg ekki greitt þessu frv. atkvæði, og þykist fullviss, að hv. deildarmenn muni sjá, þegar þeir íhuga málið, að rjett sje að láta það ekki fara lengra.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Mjer finst ræða hv. þm. Ak. (MK) fult eins hátignarleg og flutningur minn á þessu máli inn í þingið. Háttv. þm. kvað málið flutt svo sem það væri meiri háttar mál, en mjer finst hann engu síður hafa tekið svo í það, sem hann telji það ekkert smámál.

Hv. þm. (MK) sagði, að vel mætti fá háar tölur með því að taka dýrtíðaruppbótina með. Átti þá að sleppa því, að þessum manni er borguð sjálfsögð uppbót lögum samkvæmt Jeg tel jafnsjálfsagt að geta um dýrtíðaruppbótina sem launin. Hv. þm. Ak. (MK) getur ekki vitað, hve lengi þessi uppbót verður greidd. Að vísu gilda lögin einungis til 1925, og verður því að sjálfsögðu rætt um hana á næsta þingi. En engin sönnun er fyrir því, að hún hverfi þá með öllu, mætti alveg eins búast við, að hún yrði þá hækkuð.

Þá sagði hv. þm. (MK) enn fremur, að enginn gæti sagt fyrir, hvar síldin kæmi að landi. Það er að vísu rjett. En jeg gat um 3—4 ára reynslu, hve mikið hefði veiðst á Austfjörðum, og hvað matið á þeirri síld hefði kostað ríkissjóð. Síðastliðin 3 ár hefir það kost-

að að meðaltali 6 kr. á hverja tunnu. Þegar við þetta bætist, að starfið er svo umfangslítið, að enginn undirsíldarmatsmaður á Norðurlandi mun hafa jafnlítið starf, er ekki óeðlilegt, þó að þessi landskiki yrði settur undir umsjón yfirsíldarmatsmannsins á Akureyri.

Hv. þm. (MK) taldi upphæð þessa smávægilega. Að vísu eru launin ekki há, þegar miðað er við laun háttsettra embættismanna. En í samanburði við starfið mun þessum manni greitt einna hæst kaup af flestum starfsmönnum landsins. Hv. þm. (MK) bar saman starf sýslumanna og síldarmatsmanna. Jeg kann engin deili á þeim samanburði, og læt hv. þm. hann eftir.

Það getur verið tilfinningamál, hvort rjett sje að svifta þennan mann starfi sínu á gamals aldri. Jeg skal játa, að mjer var ekki kunnugt um aldur þessa manns; jeg hugði hann vera sæmilega vinnufæran og að hann gæti bjargað sjer á handafla sínum eins og flestir aðrir menn, og það fje, sem honum væri greitt, bæri þá ekki að skoða eingöngu sem fátækrastyrk.

Þá taldi hv. þm. (MK) umdæmi yfirsíldarmatsmanna svo stór, að ekki mætti stækka þau, og mjer fanst hann jafnvel ganga svo langt, að helst þyrfti að vera yfirsíldarmatsmaður á hverjum stað, er síld væri skipað út til útflutnings. Ef svo ætti að vera, hygg jeg, að mörgum mönnum mundi þykja nóg um og telji hv. þm. Ak. (MK) hafa fullfeitt á stykkinu, ef launa á yfirsíldarmatsmann á hverjum útflutningsstað. (**MK:** Þetta er útúrsnúningur). Það var ekki unt að draga aðra ályktun af orðum hv. þm. en að yfirsíldarmatsmaður þyrfti helst að vera viðstaddur á hverjum stað, er útskipun síldar færi fram. Annars get jeg skýrt frá því, að jeg átti tal um þetta við hæstv. atvrh. (KlJ), áður en jeg flutti frv.; kvaðst hann ekki sjá, að nein þörf væri á yfirsíldarmatsmanni á Austfjörðum og að hann teldi sjálfsagt að bera frv. fram.

Magnús Kristjánsson: Hv. frsm. (StSt) virðist þetta mikið kappsmál. Jeg skal ekkert um það segja, hvort honum muni verða að þessari innilegu ósk sinni, að frv. verði samþykt, en fremur tel jeg það ólíklegt.

Jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta misskilning hjá hv. frsm. (StSt). Hann hafði það eftir mjer, að jeg teldi nauðsynlegt að hafa yfirsíldarmatsmann á hverjum stað, sem síld væri flutt út frá. Þetta sagði jeg aldrei. Þetta er því annaðhvort vísvitandi útúrsnúningur eða misskilningur, og get jeg betur trúað, að svo sje. Jeg vona, að hv. frsm. (StSt) sje ljóst, hve gagngerð breyting hefir orðið á þessu starfi síðan lögin voru sett, og að eftir því, sem hver yfirsíldarmatsmaður hefir stærra svæði til yfirsóknar, því minni líkur eru til, að starf hans komi að tilætluðum notum. Það er að vísu satt, að undirmatsmenn framkvæma viða seinni skoðunina á síldinni, því að yfirmatsmenn eru of fáir, en jeg tel nauðsynlegt, að yfirmatsmenn komi við og við á þá staði, til þess að líta eftir, hvernig sú skoðun er framkvæmd. Og ef þeir rækja vel þetta starf sitt, hygg jeg að aukinn ferðakostnaður muni nálgast þá upphæð, sem hjer er gert ráð fyrir að spara.

Þá verður og að líta á annað. Jeg er ekki viss um, að yfirmatsmaðurinn á Akureyri vilji bæta þessu starfi við sig, nema laun hans verði hækkuð jafnframt. Auk þess kemur varla annað til

mála en að yfirmatsmaðurinn á Austurlandi fái að halda launum sínum óskertum til dauðadags. Verður því nokkuð vafasamt að þessi sparnaðarviðleitni komi að haldi, fyrst um sinn. En þegar hún ætti að koma til framkvæmda, mundi það koma í ljós, að þetta fyrirkomulag yrði alveg óhafandi.

Þetta mál er ekki svo stórvægilegt, að rjett sje að eyða meiri tíma í það. Vona jeg að hv. þm. meti engu síður þær upplýsingar, er sýna, að þetta er fljótfærnislega ráðið, og hrapi ekki að því að breyta lögunum.

Jón Baldvinsson: Svo sem sjá má í nál. hafði jeg dálitla sjerstöðu í þessu máli. Jeg taldi rjett að vísa frv. til stjórnarinnar, en gerði það ekki að kappsmáli og hefði látið það liggja kyrt, ef andmæli hefðu engin komið gegn frv. Mjer virðist frv. fara fram á meira en að leggja niður einn starfsmann; hjer er verið að breyta starfsviði yfirmatsmannanna. Jeg treysti mjer ekki til að ákveða þessi svæði, svo að vel væri frá því gengið. En jeg veit, að sumir nefndarmenn eru þessu kunnugir, og því treystist jeg ekki til að leggja fast á móti frv. í nefndinni. En jeg sje ekki, að nein hætta geti verið á ferðum, þó að málið bíði til næsta þings. Þá verða launalögin tekin til meðferðar, en þessir menn taka laun eftir þeim lögum. Nú er mjer kunnugt um, að yfirmatsmaðurinn á Siglufirði hefir orðað, að hann þyrfti að fá launahækkun, og má vera, að veruleg breyting yrði gerð á allri þessari skipun á næsta þingi.

Eins og nál. ber með sjer, bar jeg ekki fram formlega tillögu um að vísa málinu til stjórnarinnar, en ljet einungis í ljós, að jeg teldi það rjettast. En eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, vil jeg leggja til, að það sje gert, og ber hjermeð fram tillögu um það.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Hv. þm. Ak. (MK) lagði talsverða áherslu á, að jeg hefði annaðhvort snúið út úr eða misskilið orð sín, er hann talaði um nauðsyn á eftirliti með útflutningi síldar. Orð hv. þm. voru þau, að þar sem síld væri út flutt, þyrftu hæfir menn að vera viðstaddir til að meta hana. Hvernig á að skilja þessi orð öðruvísi en að hv. þm. (MK) eigi þar við yfirmatsmenn, þegar hann segir þetta um leið og hann er að deila á frv.? Annað væri hugsunarvilla. Því að það er vitanlegt, að á hverri þeirri höfn norðanlands eru undirmatsmenn, þar sem útflutningur síldar á sjer stað. Með þessu fyrirkomulagi er því sjáanlega engu síður auðvelt að hafa undirmatsmann á hverjum stað heldur en nú, þó sjerstakur yfirmatsmaður sje ekki á Austurlandi. Mjer kom ekki til hugar að misherma orð hv. þm. Ak. (MK), en jeg hygg, að jeg hafi skilið þau rjett, eða eins og hv. þm. ætlaðist til, þegar hann varpaði þeim fram.

Þá taldi hv. þm. (MK) vafasamt, hvort yfirmatsmaðurinn á Akureyri mundi vilja bæta þessu svæði við sig endurgjaldslaust.

Jeg get ekki annað ímyndað mjer en að hann sje fús til þess, en ef svo væri ekki, hygg jeg, að stjórnin gæti skipað honum það, eður hann segi af sjer starfinu. Jeg hefi átt tal um þetta við lögfræðinga, og kemur þeim saman um, að þetta sje ekki embætti, sem menn geti setið í óáreittir eins lengi og þeir vilja. Ef eitthvað ber á milli þeirra og stjórnarinnar, geti hún vikið þeim frá

og skipað aðra í þeirra stað. Það getur verið, að hv. þm. Ak. (MK) viti betur, en mjer varð á að trúa lögfróðum mönnum um þetta.

Magnús Kristjánsson: Vegna þess, að hv. frsm. (StSt) virðist eiga mjög erfitt með að taka sönsun, verð jeg að fá að gera stutta athugasemd. Jeg hefi ekki vanist því af hv. þm. (StSt), en í þessu máli er það svo. Það er orðið svo mikið kappsmál fyrir honum, að hann neyðist til að gera mjer upp orð, sem jeg hefi aldrei talað. Raunar kannaðist hann við að mestu leyti, að hann hafi ekki haft rjett eftir.

Jeg vil þá skýra orð mín betur. Jeg átti við, að þótt að vísu væri nauðsynlegt, að yfirmatsmenn verði stundum að fela undirmatsmönnum að framkvæma störf sín, þá væri það ekki heppilegt; menn verða að vera vissir um, að þeir sjeu starfi sínu vaxnir. Og þegar ágreiningur kemur upp milli útflytjanda og undirmatsmanns, er oft óhjákvæmilegt að yfirmatsmaður ferðist til þess staðar og skeri úr slíkum ágreiningi, sem oft getur komið fyrir. Sjá allir, hve óþægilegt það er, ef yfirmatsmaður þarf að ferðast margar dagleiðir til þess að rannsaka eitthvert mál. Jeg tel yfirmatsmannastöðurnar gagnslausar, ef þeir geta ekki haft eftirlit með því, hvernig undirmenn þeirra rækja störf sín.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg skal ekki deila á hv. þm. Ak. (MK) um skýringu hans. En jeg vil benda á, að yfirmatsmaðurinn á Siglufirði hefir umsjón um alt svæðið vestur að Horni. Jeg gæti hugsað, að það mundi kosta eitthvað, ef hann þyrfti að bregða sjer oft vestur á Strandir. Fyrir nokkrum árum var mjög mikil síldveiði þar, en mjer er ekki kunnugt um, að hann færi oft þangað, og sú yrði væntanlega reynslan einnig í þessu falli.

Um tillögu hv. 2. þm. Reykv. (JB), að vísa málinu til stjórnarinnar, vil jeg aðeins minna á það, sem jeg hefi áður sagt, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir tjáð mjer, að hann væri frv. hlyntur, og er því engin ástæða til að tefja frv. með því að vísa því til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. Reykv. (JB), um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, MK, SSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EE, GunnS, IngB, BSv.

nei: JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, StSt, ÞorlG, ÞórJ, EÞ, HK, JakM.

1. gr. samþ. með 15 : 12 atkv.
2. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 3 atkv.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 333).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg leyfi mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið út af dagskrá.

Magnús Kristjánsson: Mjer virðist óþarft, að þetta mál sje nú tekið út af dagskrá, þar sem enginn ástæða er til

þess að vera að tefja tímann á þann hátt. Eru nú komin eindregin mótmæli fram, frá Austfjörðum, gegn því, að þessi starfi verði lagður niður. Ætti því háttv. deild að vera farin að sjá, að jeg hafði á rjettu að standa í þessu máli síðast, og mætti þess vegna veita málinu fljóta afgreiðslu.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Mjer kemur dálítið undarlega fyrir þessi krafa háttv. þm. Ak. (MK), að málið verði tekið til umr. nú þegar. Sje jeg ekki hvers vegna hv. þm. leggur svo mikla áherslu á þetta, því síst ætti hann að kvarta um tímaleysi, þar sem hann vill eindregið fella málið. En jeg hefi fulla ástæðu til að óska eftir að málið verði nú tekið út af dagskrá, því að jeg á enn eftir að afla mjer upplýsinga, sem snerta þetta mál.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 333).

Magnús Kristjánsson: Jeg býst við, að þetta mál sje orðið nægilega rætt, og skal því vera fáorður um það, Jeg skal geta þess, að komið hafa fram mótmæli frá hlutaðeigendum austanlands, og vona jeg að háttv. deild taki til nákvæmrar yfirvegunar, hvort þau eru ekki á rökum bygð. Jeg sje ekki ástæðu til að fara nákvæmar út í þetta, en leyfi mjer að koma fram með svohljóðandi tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að enn er eigi fullrannsakað, hvort fært er að fækka yfirsíldarmatsmönnum hjer á landi, telur deildin eigi rjett að samþykkja frv. þetta nú, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. (Stefán Stefánsson): Þegar jeg óskaði síðast, að mál þetta yrði tekið út af dagskrá, þá gat jeg þess, að jeg myndi skýra frá síðar, af hvaða ástæðum að jeg fór fram á þetta, en það var að miklu leyti vegna þess, að jeg hafði þá ekki talað um málið við þann mann, sem ætlast er til eftir frv. að við starfinu taki fyrir Austurland, sem sje yfirsíldarmatsmanninn á Akureyri. Þótti mjer betra að hafa hans umsögn um þetta atriði, þótt jeg hins vegar efaði ekki, að hann teldi þá breytingu mjög eðlilega, sem frv. leggur til að gert verði. En þetta hefir nú ekki getað orðið, af því að yfirsíldarmatsmaðurinn sigldi til útlanda með „Gullfossi“ síðast, og hefi jeg því ekki getað náð í hann, en við ritara Fiskifjelags Íslands hefi jeg átt tal um þetta efni, og taldi hann ekki minsta vafa á, að hann mundi fús á að taka að sjer yfirmatsstarfið.

En svo vil jeg loks taka það fram, að þegar yfirsíldarmatsmaðurinn á Siglufirði var hjer á ferð fyrir skömmu, átti hann tal við sjútvn. Mintist hann þá á að fyrra bragði, að þetta yfirmatsstarf á Austfjörðum væri með öllu óþarft. Er því ekki hægt að segja, að jeg sje einn um þetta álit.

Háttv. þm. Ak. (MK) hefir tekið að sjer að berjast gegn framgangi þessa máls, og fæ jeg satt að segja ekki skilið ástæðuna til þess. Það virðist vera ofureinfalt mál, og ætti að vera öllum ljóst, hvílíkur óþarfi það er að greiða þessum yfirmatsmanni 6 krónur af ríkisfje á hverja tunnu, sem útflutt er af Austfjörðum. Mjer dylst það ekki, hver

alvara fylgir máli um sparnaðinn hjá þessari háttv. deild, verði frv. felt.

Viðvíkjandi þessum mótmælum að austan, sem háttv. þm. Ak. (MK) leggur svo mikið upp úr, skal jeg geta þess, að þau eru aðeins frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, en sanna ekki neitt, að menn eystra álíti alment nauðsyn á þessu embætti. Annars munu háttv. þdm. kannast við það, að hversu óþörf embætti sem leggja á niður, þá verða altaf einhverjir til þess að þjóta upp til handa og fóta til þess að mótmæla því. Er hjer eitt ljóst dæmi af mörgum slíkum.

Þessi rökstudda dagskrá, sem nú er fram komin, er einungis áframhald af mótstöðu hv. þm. Ak. (MK) gegn frv. Hann ætlar eðlilega, að mönnum verði ljúfara að greiða atkvæði með dagskránni heldur en beinlínis að fella frv. Þetta ætti öllum hv. deildarmönnum að vera auðskilið.

Magnús Kristjánsson: Mjer þykir leiðinlegt að fjölyrða um jafnlítilfjörlegt mál sem þetta er. En þar sem hv. frsm. (StSt) var að bera fram spurningu, sem jeg hefi svarað áður, og hann hefir ekki tekið eftir því, sem áður er komið fram í málinu, get jeg ekki talið eftir mjer að endurtaka það. Jeg gat þess við 2. umr., að það væri viðurkent af flestum mönnum, nema ef til vill hv. 1. þm. Eyf. (StSt), að vöruvöndun og eftirlit með útflutningi afurða vorra sje stórvægilegt framfaraatriði og nauðsynlegt til þess að þjóðarbúskapurinn fari sæmilega úr hendi. Jeg hygg, að þetta hljóti að vera næg ástæða til að fella þetta frv., frá sjónarmiði þeirra manna, sem hugsa eitthvað um þessa hluti. Því verður ekki á móti mælt, að það er stórt skref aftur á bak að fækka eftirlitsmönnum, sem nú eru of fáir. Það er ekki til neins að samþykkja lög um vöruvöndun, og hafa enga menn til að sjá um, að þeim lögum sje framfylgt.

Menn vitna í, að síldveiði hafi verið lítil fyrir Austurlandi á síðustu árum, en það er lítilvæg ástæða, því að þetta getur breyst fyr en varir. Austfirðir geta aftur orðið mesta síldveiðasvæði landsins. Því finst mjer þetta vera kákbreyting, algerlega út í loftið.

Þessi sami hv. þm. (StSt) þóttist hafa fengið ástæðu, sem beindi rothöggi að þeim, er væru á öðru máli en hann, þar sem hann sagði, að kostnaður ríkissjóðs við síldarmat á Austfjörðum hefði verið 6 kr. á hverja tunnu undanfarin ár. Þetta virðist mikil upphæð, en er í raun og veru ekki fullkomlega rjett. Þessi reikningur er fyrir þau árin, sem dýrtíðaruppbótin var langhæst, og má því gera ráð fyrir, að þessi kostnaður fari stórum lækkandi. Auk þess get jeg ekki sjeð annað en að ferðakostnaðurinn hafi verið nokkurn veginn óþarfur, og ætti stjórninni að vera innan handar að sjá um, að slíkir ferðakostnaðarreikningar komi ekki fram eftirleiðis.

Áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg geta þess, að hv. frsm. (StSt) lagði mikið upp úr því við 2. umr., að frv. væri flutt með ráði og samþykki hæstv. stjórnar. Jeg hygg, að hann hafi þar leyft sjer að fullyrða nokkuð mikið. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, hygg jeg, að stjórnin muni ekki kannast við, að hún hafi hvatt hv. þm. til að flytja frv., og mun hv. þm. hafa notað þessa ástæðu eins freklega og framast var auðið, og helst um of. Jeg hygg, að ummæli hans verði tæplega rjettlætt, þó að hann hafi á hlaupum

skotið því að hæstv. atvrh. (KlJ), að hann mundi bera fram þetta frv.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara hv. frsm. (StSt) frekar. Mjer þykir sennilegt, að rök þau, sem hann kann að bera fram eftir þetta, muni ekki vera mikils virði, og mun því varla til þess koma, að jeg þurfi að taka aftur til máls.

Bjarni Jónsson: Það var í alla staði rjett, sem hv. þm. Ak. (MK) sagði, og skal jeg einungis bæta við fáeinum athugasemdum.

Sparnaðurinn við afnám þessarar sýslunar hlýtur að vega smátt í augum þeirra manna, er nýlega fylgdu frv., er hafði í för með sjer stofnun 4—5 nýrra embætta. Hygg jeg, að hv. frsm. (StSt) hafi verið í þeim flokki, að minsta kosti greiddi hann þannig atkvæði um dagskrá hv. 4. þm. Reykv. (MJ) í því máli. Því skil jeg ekki, að honum geti vaxið svo í augum, þó að þessi roskni maður haldi atvinnu sinni í nokkur ár, nema hann vilji með þessu höggva nokkuð skarð í kostnaðinn við mentaskóla á Akureyri. Jeg geri því lítið úr sparnaðarástæðu hans.

En þá er að athuga, að þó að hv. þm. (StSt) þyki grátlegt, að landið skuli sitja uppi með þetta hálaunaða embætti, sem hann telur óþarft með öllu, þá er til annað sjónarmið í þessu máli. Það er ekki talið prúðmannlegt af vinnuveitendum að reka menn úr þjónustu sinni að ástæðulausu. Og þó að þetta starf sje lítið nú og síldin hafi lagst frá Austurlandi, er engin ástæða til að ætla, að hún geti ekki lagst aftur þar að landi, nema hv. frsm. (StSt) hafi ráðstafað göngu síldarinnar á þann veg, að hún komi hvergi við nema á Siglufirði.

Jeg tel þetta frv. ástæðulaust frumhlaup, sem ekki sje til annars en að eyða tíma þingsins. Það er verri eyðsla á fje landsins að tefja þá menn, sem hingað eru komnir til þess að ráðstafa hag landsins, heldur en þó að þessum eina manni væri greitt kaup.

Þá skal jeg benda á eina hlið málsins í viðbót. Með því að vera altaf að rekast í að breyta síldarmatslögunum og fækka yfirmatsmönnum, er verið að veikja tiltrú erlendra síldarkaupmanna á íslenskri síld. Íslensk síld þarfnast annars en að markaðshorfunum sje spilt. Jeg gæti trúað því, að Siglfirðingar og Eyfirðingar yrðu hv. flm. (StSt) ekkert þakklátir fyrir þetta frv., þar sem það mun verða til þess, að erfiðara verður að selja vörur þeirra en áður. Því að þess er að gæta, að þegar yfirsíldarmatsmannssýslanin væri lögð niður, mundu vottorð frá undirmatsmönnum missa gildi sitt allmjög og spilla fyrir sölu á allri síld. Það ætti því að fara með þvílík frv. eins og dómstólar fara venjulega með menn, er vekja óþarfa þrætu.

Þorsteinn Jónsson: Það, sem á síðari árum hefir stuðlað mest að því að auka markað fyrir íslenskar afurðir og halda þeim í verði, er eftirlit það, sem hjer er með öllum útfluttum vörum. Þetta frv. er sparnaðarmál frá sjónarmiði hv. frsm. (StSt), og má vera, að nokkur sparnaður sje að því í bili, en þegar til lengdar lætur, mun það verða til hins mesta tjón. Ef síldarútveginum í heilum landsfjórðungi er gerður óleikur, fer sparnaðurinn að vera tvísýnn. Hv. frsm. (StSt) tekur aðeins tillit til síðasta árs, og af því að þá veiddist lítil síld fyrir Austurlandi, dregur hann þá

ályktun, að engar líkur sjeu til, að síld muni veiðast þar í framtíðinni. (StSt: Þetta er alrangt). En ef hv. þm. er ekki kunnugur síldveiðum á Austfjörðum, get jeg frætt hann á því, að þar var um eitt skeið meiri síldveiði heldur en þá var á Eyjafirði og Siglufirði. (PO: Það eru 20 ár síðan). Þó að nú sje lítil veiði þar, en mikil á Siglufirði, mun síldin ekki hafa gert samning við Siglfirðinga um aldur og æfi. Það gæti farið svo, að á næsta ári veiddist mikil síld fyrir Austurlandi, því að þar eru oft fiskisæl mið, og þó að lítið veiðist um eitt skeið, er það vitanlega ekki nema takmarkað tímabil, sem þar er fiskilítið. Ef síldarganga kæmi þar á næsta ári, er mikið vafamál, hvort nokkuð sparaðist. Yfirmatsmaðurinn á Akureyri yrði þá að ferðast austur þangað, og gætu þau ferðalög orðið alldýr.

Jeg vil leggja aðaláherslu á það, að með þessu er útgerðarmönnum gerður hinn mesti bjarnargreiði. Ef nokkuð veiddist til muna fyrir Austurlandi, og að því mun vitanlega reka, hvort sem eitt, tvö eða þrjú ár líða þangað til, gæti svo farið, að verri markaður yrði fyrir síldina en ella. Hv. frsm. (StSt) er þingmaður fyrir kjördæmi, sem mikið hefir að segja af þessari atvinnugrein, og ætti honum að skiljast öðrum fremur, hve mikið þetta getur kostað fyrir aðra.

Færi svo, að samþykt yrði að leggja þetta embætti niður og síldin legðist aftur í sumar að Austfjörðum, mundi strax á næsta þingi koma fram frv. um að stofna þetta embætti á ný, og þá yrði það talið sjálfsagt. Hjer er því verið að gera leik að því að hringla með lög.

Þá er eitt atriði í málinu, sem að vísu mun ekkert höfuðatriði, að maður sá, sem hlut á að máli, er orðinn aldraður. Menn vita, hvernig þingið fer venjulega að, þegar menn, sem hafa verið starfsmenn ríkisins, þykjast misrjetti beittir. Þeim eru þá veitt eftirlaun, sem eru alt að því eins há og föstu launin. Svo mundi og verða hjer, og færi þá sparðnaðurinn að minka. Auk þess verður að taka tillit til þess, að öflug mótmæli gegn þessu frv. hafa komið úr Austfirðingafjórðungi, og þau mundu ekki hafa komið, nema menn teldu þetta geta orðið til tjóns.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki sannfærst af mótmælum þeim, sem komið hafa gegn frv. Jeg hefi, ásamt meiri hluta sjútvn., skrifað undir nál. og lagt til, að frv. verði samþykt. Kemur það til af því, að nefndin hafði þær upplýsingar frá nákunnugum mönnum, að sýslun þessi væri óþörf.

Hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði, að síldveiði hafi byrjað fyr á Austfjörðum en annarsstaðar, og kann það að vera rjett. En um síðustu 20 árin er mjer kunnugt, að þar hefir verið sáralítil síldveiði. Og að segja má, að síldveiði hafi lagst niður á Austfjörðum, stafar af því, að veiðiaðferðirnar hafa gerbreyst. Nú er veiðitíminn fyrir Norðurlandi um hásumarið, en á þeim tíma veiðist lítið á Austfjörðum; þar er haustið besti veiðitíminn, en síldin þá veidd þar nær eingöngu í fyrirdráttarnætur. Og þó að menn vonist til, að síldin muni aftur ganga að Austfjörðum, er það fyrirsjáanlegt, að síldarútgerð muni aldrei geta borgað sig þar á haustin, því að þá er markaðurinn orðinn fullur af norðlenskri sumarsíld. Annars er mjer þetta ekkert kappsmál, og get jeg vel fallist á að greiða atkvæði með

dagskrá hv. þm. Ak. (MK), þar sem nú eru komin fram ákveðin mótmæli gegn frv. frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði fyrir hönd Austfirðinga. Gegn þeim mótmælum tel jeg tæplega rjett að samþykkja frv. nú.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Aðalástæða hv. þm. Ak. (MK) til þess að berjast gegn frv. er sú, að hjer sje gerð tilraun til að spilla fyrir vöruvöndun þar fyrir austan. Jeg bið menn að gæta vel að því, að það eru alls ekki yfirmatsmennirnir eingöngu, sem gæta að, hvernig síldin er verkuð. Það er aðallega starf undirmatsmannanna. Jeg get fullvissað menn um, að undirmatsmenn þurfa ekki að vera færri, þeir geta engu að síður orðið fleiri eftir fyrirkomulagi því, sem farið er fram á í frv., ef þurfa þykir. Svo að þessi ástæða er harla ljettvæg.

Mjer finst það vaka fyrir háttv. þm. Dala. (BJ), að hjer sje verið að drepa einn góðan náunga á Austurlandi. Hann virðist vilja halda því fram, að ríkissjóður eigi að halda áfram að greiða þessum manni laun, hvort sem starf hans er nauðsynlegt eða ekki. Jeg þekki þennan mann ekki neitt, og kemur því ekki til hugar að ýfast við honum persónulega, en að ríkissjóður ali hann árum saman, ríkinu og almenningi með öllu að þarflausu, tel jeg fjarstæðu.

Þá bar hv. þm. Ak. (MK) það á mig, að jeg hafi gefið rangar upplýsingar um það, að stjórnin væri frv. ekki mótfallin, heldur mundi styðja það. Kvaðst hann ekki taka mark á því, þó jeg hefði minst á þetta á hlaupum við hæstv. atvrh. (KlJ). Þegar jeg var að semja frv., kom hæstv. atvrh. (KlJ) til mín; skýrði jeg honum frá málavöxtum, og kvaðst hann ekki sjá neina ástæðu til að halda þessu embætti og ljet í ljós fult samþykki sitt til frv. Frá þessu verð jeg að skýra, þar sem jeg hefi verið borinn sökum um, að jeg hafi ekki skýrt rjett frá, sem er rangt með öllu.

Hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) og hv. þm. Ak. (MK) kváðu það aðeins síðustu árin, eða jafnvel aðeins síðastliðið ár, sem lítil síldveiði hafi verið fyrir Austfjörðum, og því hafi tölur mínar verið villandi. Þetta er ekki rjett; jeg tók meðaltal af 3 síðustu árum. Enda hygg jeg, að mörg ár sjeu síðan nokkuð aflaðist að marki af síld á Austfjörðum, því síðan handnótaveiðin lagðist niður, hefir aflinn verið mjög lítill og óvérulegur.

Bjarni Jónsson: Háttv. frsm. (StSt) var óánægður með það, að jeg skyldi ekki telja það þingmál, þó að hann vildi ná kaupi af einum karli á Austfjörðum. Þetta hlýtur þó að vera tilgangur hans, þar sem hann vill hafa marga aðra matsmenn austur þar. Hv. frsm. (StSt) heldur því fram, að ríkinu sje ekki skylt að ala menn, sem hafa lítið starf, sem komast mætti af án. Jeg vil svara því til, að ríkissjóður á ekki að vera langskitnasti vinnuveitandinn í landinu, því að það er ekki venja manna að reka í brott hjú sín, þó að þeir hafi lítið að gera handa þeim í bili. En þennan mann vantar ekki verk, því að þarna veiðist nógu mikil síld til þess að spilla fyrir öllum síldarmarkaði vorum, ef ekki er nægilegt eftirlit með verkun hennar. Með þeim aðferðum, sem nú eru hafðar við síldveiði, getur enginn sagt fyrir, hve nær veiðin glæðist aftur fyrir Austurlandi. Það er líka meira og minna ýkt, sem sagt er um síldarleysið þar. **(StSt:** Það er eftir skýrslum hagstofunnar).

Mig varðar ekkert um þær skýrslur, því það hefir sennilega ekki verið leitað í sjónum fyrir austan land. Háttv. þm. (StSt) verður þá að koma með ferðaáætlun fyrir síldina og láta samþykkja hana á þingi, fyrst hann telur óþarft að hafa síldarmatsmann í fjórðungi, þar sem síldveiði er stunduð.

Að hv. þm. (StSt) gangi annað til en sparnaður, sýnir afstaða hans til frv. um mentaskóla á Norðurlandi, sem hafa mundi í för með sjer stofnun 5 nýrra embætta. Jeg efast ekki um, að háttv. þm. mundi heldur ekki sjá eftir landsfje til þess að stofna háskóla á Akureyri. En jeg skil hvaðan þetta er runnið. Það má ekki heita svo, að yfirsíldarmatsmaður sje á Austfjörðum. Hann verður að vera undir yfirmatsmanninum á Akureyri. Það er keisaradæmið Norðurland, með höfuðstað á Akureyri, sem hv. þm. (StSt) er að berjast fyrir. Annað getur ekki legið að baki þessu frv., og vil jeg því endurtaka, að þetta er á borð við óþarfa málsýfingu. Frv. er svo úr garði gert, að það er eiginlega of vel farið með það að drepa það með rökstuddri dagskrá.

Pjetur Ottesen: Það, sem fram er komið í þessu máli frá andstæðingum þess, er ekki annað en það, sem menn kannast svo vel við frá þinginu í fyrra. Það var sem sje mjög algengt á þinginu í fyrra, að þetta kvæði við, er gerð var einhver sparnaðartilraun, tilraun til að leggja niður eða sameina embætti, að nú ætti að fara að drepa viðkomandi embættismann. Virðist svo sem jafnan sje gengið út frá því, að þessum mönnum, sem um er að ræða, og fyrir einhver atvik hafa komist inn á ríkissjóðinn, sje gersamlega ólífvænt og geti ekki bjargast á annan hátt en að ríkissjóðurinn haldi áfram að ala önn fyrir þeim og bera þá á örmum sínum; sama viðkvæðið er, þó embættið eigi nú ekki að leggjast niður fyr en það losnar, þá er það vitanlega talið mannsmorð að skipa ekki í það að nýju. Meðan þessi hugsunarháttur er ríkjandi, er ekki von, að mikið verði ágengt að ljetta embættabáknið. Það lítur svo út, með öðrum orðum, sem embættin sjeu til orðin fyrir manninn, en maðurinn ekki fyrir embættið.

Hvað snertir þetta frv., sem hjer um ræðir, þá er búið að leiða skýr rök að því, að þetta embætti sje með öllu óþarft. Veiðin hefir verið svo lítil þarna austur frá nú um fjöldamörg ár, að ekki svarar kostnaði að hafa þarna sjerstakan yfirmatsmann, eins og best sjest á því, að síldarútflutningurinn síðastliðið sumar var ekki meiri en það, að kostnaður af embættinu nam sem svarar fullum 6 kr. á hverja síldartunnu.

Því hefir verið haldið fram, að sú síld, sem þarna myndi veiðast og flutt yrði út, gæti spilt fyrir síldarmarkaðinum, ef þetta embætti fjelli niður. Hefir þetta verið nægilega hrakið af háttv. flm. þessa frv., 1. þm. Eyf. (StSt), er hann benti á, að yfirsíldarmatsmaðurinn á Siglufirði hefir umdæmi alt vestur á Strandir, og lætur hann undirmatsmenn annast matið þar upp á sína ábyrgð, eftir reglum, sem hann setur þeim. Hefir ekki borið á því, að síldin af Ströndum spilti fyrir markaðinum, og mundi það vart verða frekar, þótt umdæmi síldarmatsmannsins á Akureyri væri látið ná yfir Austfirði. Er það ekkert nema fyrirsláttur, að þetta myndi skaða síldarmarkaðinn. Myndi eins vel duga, hvað tryggingu snertir, að yfirsíldarmats-

maðurinn á Akureyri skipaði þarna undirmatsmann þann tíma, sem veiðin væri, og yrði það verulegur munur á kostnaði. Það er því ekki um aðra ástæðu að ræða gegn þessu frv. en þessa gömlu, að ekki hjálpi að leggja niður þau embætti, sem einu sinni hafa verið stofnuð, þó óþörf sjeu, því það sje að svifta starfsmenn ríkisins atvinnu. Hefir sú orðið raunin á hingað til, að ekki er fyr minst á að draga eitthvað úr útgjöldum ríkissjóðs en vissir menn í þinginu vaða uppi með ókvæðisorðum til þeirra, sem þetta vilja gera. Hafa nú 2 háttv. þm., þeir hv. þm. Dala. (BJ) og hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), sem best unnu að því að berjast gegn sparnaðarmálum á þinginu í fyrra, tekið að nýju höndum saman til þess að berjast gegn þessum sparnaði, og er það ekkert framar því, sem vænta mátti.

Jeg skal annars benda á það, að þessi mótmæli frá Seyðisfirði, sem lesin hafa verið hjer upp, munu aðeins byggjast á því, að þetta hefir slæm áhrif á efnalega afkomu þessa starfsmanns, en ekki á hinu, að á þessu embætti, eða hvað nú á að kalla það, sje nokkur þörf. Nú um 20 ára skeið hefir sáralítil síldveiði verið á Austfjörðum, og sýnist því, að síldin sje lögst þar frá. Hvort það stafar af ódugnaði Austfirðinga, eins og þm. Dala. (BJ) vildi gefa í skyn, að ekki veiðist þarna, veit jeg ekki, en þetta er nú staðreyndin, að ekki hefir veiðst þarna neitt sem nemur um svona langt árabil.

Vona jeg svo, að þótt sú raunin hafi orðið á, því miður, að mjög hafi dregið úr sparnaðarhug þingsins frá því í fyrra, þá sjeu samt nægar eftirstöðvar hans til þess að hægt verði að leggja nú niður þetta bráðóþarfa embætti.

Þorsteinn Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði áðan, að síld veiddist aðeins á haustin á Austfjörðum. Það má vera, að þá sje veiðin einna mest. En víst er um það, að einnig veiðist á sumrin, og það mikið stundum. Skal jeg til dæmis benda á það, að talsvert veiddist í lagnætur í fyrra um þann tíma. Háttv. flm. (StSt) kvað hjer ekki vera um neitt stórmál að ræða. Að vísu ekki, að því er snertir þennan eina mann og afkomu hans. En það gæti farið svo, að málið hefði talsverða þýðingu, ef mikið veiddist af síld á Austfjörðum, og enginn yfirsíldarmatsmaður væri þar til að meta hana. Annars fanst mjer háttv. þm. Dala. (BJ) fara inn á nokkuð óskylt mál þessu, er hann tók að tala um kennaraembættin á Akureyri. En úr því hann fór út í þetta mál, get jeg ekki látið vera að mótmæla því, sem hann fór rangt með. Hann var enn að tala um það, að ef frv. um mentaskóla á Akureyri hefði verið samþykt, þá þyrfti að bæta þar við 5 kennurum. Þetta er einkennilegt skraf hjá þm., eftir að jeg hefi með rökum þeim, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) kom með, sýnt fram á, að ekki þyrfti að bæta við nema 1½ kennara. **(JÞ:** Þetta er ekki rjett). **(BJ:** Jú, en það var bara ekki rjett reiknað hjá háttv. þm. (JÞ)).

Það er annars undarlegt, að þessir háttv. þm. skuli nú berjast svo ákaft fyrir breytingu á síldarmatslögunum. Man jeg þó ekki betur en að þeir greiddu þeim atkvæði á þinginu 1919, og veit jeg ekki til, að meira hafi þá veiðst á Austfjörðum af síld en nú.

Háttv. þm. Borgf. (PO) sagði, að við háttv. þm. Dala. (BJ) berðumst gegn frv. þessu, bara af því, að við vildum

vera á móti öllum sparnaði. Kvað hann okkur hafa staðið saman að því máli í fyrra. En svo vill nú til, að sannleikurinn er hið gagnstæða. Við stóðum einmitt gegn hver öðrum í þeim málum flestum, sem háttv. þm. Borgf. (PO) mun kalla sparnaðarmál. Skal jeg til dæmis nefna barnafræðslumálið. Sama er að segja um sýslumannafækkun, sem jeg var með, en þm. Dala. (BJ) var á móti. Mætti nefna mörg fleiri slík mál, sem verið hafa á döfinni. Þetta er því ekki einasta lítið eitt rangt hjá háttv. þm. Borgf. (PO), heldur að öllu leyti rangt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ef þingið breytir nú lögum þessum, má búast við að þeim yrði breytt aftur í sama horfið á næsta þingi.

Jón Baldvinsson: Jeg tók það fram við fyrri umr. þessa máls, að jeg liti svo á, að mjer sýndist ekki svo sterk rök færð fyrir þessu máli, að jeg treystist til að greiða því atkv. Því hefir verið haldið fram, að hæstv. atvrh. (KlJ) mælti fast fram með þessu frv. En nú hefi jeg nýskeð komist á snoðir um, að þetta muni ekki vera rjett hermt eftir hæstv. ráðherra. Jeg hefi átt tal við hann sjálfan um þetta, og kannaðist hann ekki við að hafa haft svo sterk orð um þetta sem hv. flm. (StSt) heldur fram. Hjer við bætist svo, að ekki er búið að gera neina nánari skipun um störf síldarmatsmannanna, þótt frv. verði samþykt svona. Hefir háttv. flm. (StSt) kannast við, að hann hafi ekki enn átt tal við síldarmatsmanninn á Akureyri um þetta. Er því ekki víst, að hann vildi bæta þessu á sig nema fyrir aukaborgun. Er ómögulegt að fullyrða, að ekki kunni að koma upp mótstaða hjá honum. (StSt: Jú, það er enginn efi á því, að hann verður þessu samþykkur). Finst mjer rjettast að vísa þessu máli til stjórnarinnar, og getur hún þá borið málið fram á næsta þingi, ef henni líst það ráðlegt. Getur hún þá hafa ráðfært sig um þetta við yfirmatsmennina og í samráði við þá gert nákvæma skipun þessara mála.

Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að þetta embætti væri með öllu óþarft. Það þótti þó annað fyrir nokkrum árum, er það var stofnað. Ber það og vitni um, að eitthvað sje þarna að gera, að háttv. flm. talar nú um að bæta starfi á aðra menn. Myndu þeir tæplega gera þetta, ef það væri með öllu óþarft. Er og ómögulegt að segja, hve miklu kaupi þarf þá að auka við síldarmatsmanninn á Akureyri, ef þetta nær fram að ganga. (StSt: Það þarf ekki að bæta við hann einum eyri). Hv. þm. (StSt) getur ekkert um þetta fullyrt fyr en talað hefir verið við þennan mann.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. Borgf. (PO) fjekk sparnaðarflog rjett áðan, og munu það vera eftirstöðvar af þessum sjúkdómi hans í fyrra. Var ekki að kynja, þótt hann ljeti stórt um sparnaðarviðleitni sína þá. Eins og menn ef til vill muna, var þá aðeins um eina sparnaðartilraun að ræða. Það var, þegar átti að losa mig við kennarastarf mitt. Jeg hefði ekki átt neinn rjett til skaðabóta, og hefði þetta því orðið sparnaður. Nú hefir þessi bjargvættur ríkissjóðsins og nokkrir aðrir hv. þm. þá fyrirætlun með höndum, að svifta þennan gamla síldarmatsmann starfi

sínu. Er líklegt, að niðurstaða þeirra bjargráða verði sú, að meira fje þurfi til að greiða í aukaþóknun og ferðakostnað síldarmatsmannsins á Akureyri heldur en sem nemur launum þessa gamla manns. Munu þessir hv. þm. og einkum gera þetta í því skyni að geta svo í sumar sagt kjósendum sínum, að þarna hafi þeir fækkað embættum. Hins þurfa þeir ekki að geta, að kostnaðurinn hafi aukist um leið.

Það er annars hálfundarlegt, að ætlast til þess, að sami maður hafi eftirlit með síldarmati alt frá Horni og austur að Gerpi. Ætti hverjum heilvita manni, sem nokkuð þekkir til þess starfs, að vera það ljóst, að þetta yrði aðeins til að ónýta matið. Væri þá heldur rjettara að afnema það með öllu.

Það er skaði, úr því þessir hv. þm. vildu nú endilega vinna sjer eitthvað til ágætis, að þeir skyldu taka svo öfuga stefnu. Þeim hefði verið sæmra að koma fram með frv. um að auka og bæta eftirlitið með síldarmatinu, því það mun engum blöðum um það að fletta, að það hefir til þessa verið í skammarlegu ólagi.

Pjetur Ottesen: Háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) kvað það með öllu rangt sagt hjá mjer, að hann og hv. þm. Dala. (BJ) hefðu verið samherjar í fyrra í baráttunni gegn sparnaðartillögum um sameining og niðurlagning embætta. Er háttv. þm. búinn að gleyma frv. um sameining á störfum hæstarjettardómenda og lagakenslunnar við háskólann, og frumvörpunum um niðurlagning 3 embætta við háskólann? Ekki man jeg betur en að hinir hv. þm. (ÞorstJ og BJ) berðust samhliða gegn þeim málum, og þeir munu hafa staðið saman um að koma fleiri sparnaðartillögum fyrir kattarnef, þó jeg muni ekki að nafngreina þær nú í svipinn. Mun hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) hafa tekið munninn heldur fullan, er hann kvað ummæli mín með öllu röng. (**BJ:** En þarna var ekki um sparnað að ræða). Að nokkru leyti kom sparnaðurinn strax, en að sumu leyti með tíð og tíma; það var lagður grundvöllur til sparnaðar, en ef aldrei á að byrja að spara, þá sparast heldur aldrei neitt. Er nú auðsætt, að búið er með hraðvaxandi útgjöldum að binda þjóðinni þyngri bagga en gjaldþol hennar fær undir risið. Þetta er að verða æ skýrara og skýrara. Þær 8 miljónir, sem þjóðin verður árlega að greiða í sköttum og tollum til ríkissjóðs, gera lítið betur en hrökkva til að halda uppi embættabákninu og standast árlegar greiðslur af skuldum ríkissjóðs. Vegabætur og aðrar verklegar framkvæmdir, svo og nauðsynleg fjárframlög til eflingar atvinnuvegum og framleiðslunni, verður að mestu að sitja á hakanum ár eftir ár, sökum þess, að þjóðin hefir bundið sjer alt of þunga bagga með þessu yfirgripsmikla embættabákni, sem auk þess er að draga hana niður í botnlaust skuldafen.

Að því rekur, að eigi verður lengur hjá því komist, að það verður að fara að spara, og það sem um munar, og þá er betra að hafa tekið ráð sitt í tíma, svo ekki leiði til þess að grípa þurfi til örþrifaráða, og því betur, sem löggjafarvaldið þekkir fyr sinn vitjunartíma og sjer og skilur nauðsynina á því, að spara fje ríkissjóðsins. (**BJ:** Háttv. þm. er tekinn að tala eins og Reykvískur bolsevikki). Nei, mjer er enginn bolsevismi í hug, það fer fjarri því. (**BJ:** Því er þá hv. þm. að hóta með bolse-

visma). Jeg er alls ekki að hóta neinu, en það má hv. þm. Dala. (BJ) vita, að með engu móti er betur hægt að greiða götu bolsevismans, þessarar háskalegu niðurrifs- og byltingastefnu, en að fara svo óvarlega með fje ríkissjóðs, leggja svo þunga skatta á þjóðina. að hún vanmegnist að rísa undir þeim og verði efnalega ósjálfstæð.

Þá hefir því verið haldið fram, að ekki mundi sparast neitt við það að leggja niður þetta embætti. Bar háttv. þm. Dala. (BJ) því við, að ferðakostnaður yfirsíldarmatsmannsins á Akureyri austur á land myndi jeta upp sparnaðinn og meira en það. En það er engin ástæða til að ætla að þeirra ferða þyrfti með. Undirmatsmaður sá, sem þarna væri settur, mundi að sjálfsögðu geta int þetta starf af hendi svo vel og tryggilega, eftir þeim reglum, sem yfirmatsmaðurinn hefir sett honum að fara eftir. Er þessu svo háttað á síldarstöðvunum norður á Ströndum. **(BJ:** Hefir ekki yfirmatsmaðurinn yfirumsjón með síldarmatinu á Ströndum?). Jú, en hann lætur undirmatsmennina þar meta síldina í sínu umboði. **(BJ:** Þá eru undirmatsmennirnir í rauninni yfirmatsmenn). Jeg vildi leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það er jeg eða háttv. þm. Dala. (BJ), sem á að hafa orðið. Annars vona jeg, að þetta mál sje nú orðið svo skýrt fyrir hv. þdm., að þeir eigi orðið hægt með að fara að greiða atkvæði um það, og vænti jeg, að úrslitin verði þau, að það nái fram að ganga.

Hæstv. atvrh. (KlJ), sem hjer er ekki viðstaddur nú, hefir töluvert verið dreginn inn í umræðurnar, og það er engu líkara en að það sje í því skyni gert að gera hann dálítið tortryggilegan. Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) heldur því fram, að hann hafi við hann tjáð sig frv. alveg fylgjandi og að það væri sjálfsagt að samþykkja það, en þm. Ak. (MK), og að jeg held 2. þm Reykv. (JB) líka, segja, að ráðherrann hafi haldið fram því gagnstæða við sig. Það er dálítið skringilegt að heyra þessa hv. þm., sem allir eru stuðningsmenn hans og stjórnarinnar, vera á þennan hátt að togast á um ráðherrann, og ætti jeg ekki, sem er í andstöðu við stjórnina, og skal ekki heldur gera það, að spilla þeirri ánægju, sem þeir hafa af þessari togstreitu.

Þorsteinn Jónsson: Jeg þarf fáu að svara að þessu sinni, og get því verið stuttorður.

Hv. þm. Borgf. (PO) tókst ekki, sem vonlegt var, að hrekja það, að jeg og hv. þm. Dala. (BJ) hefðum einmitt oftast staðið á öndverðum meiði í þeim svonefndu sparnaðarmálum. Að vísu stóðum við saman í því að taka ekki embætti af manni, með þeim eina árangri að spara starf hans en ekki launin. En þar með mun líka samleið okkar í þeim málum hafa verið á enda talin. — Mig myndi annars ekki furða á því, þótt hv. þm. Borgf. (PO) væri á móti svo að segja hverju máli, sem til menta horfir. En á hinu furðar mig, að hann skuli berjast svona á móti atvinnumáli, sem þetta er. Er tæpast hægt að segja, að hjer sje um sparnaðarmál að ræða, heldur yfirgang við nokkra atvinnurekendur í landinu.

Pjetur Ottesen: Það eru bara örfá orð, út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði, vitanlega alveg órökstutt, að hjer væri verið að ráðast á framleiðsluna, eða eina grein sjávarút-

vegsins á Austurlandi. Þetta mótmælir sjer nú raunar sjálft, því að matið á síldinni á að halda áfram eftir sem áður á jafntryggilegan hátt og á sjer stað annarsstaðar, og er því, hvað þetta snertir, alls engu spilt.

Bjarni Jónsson: Mjer dettur í hug, að ef þessi háttv. þingdeild samþykkir þennan sparnað, hvort ekki mætti nota það fje, sem inn kemur, til þess að skipa matsnefnd, er athugi þann sparnað, sem hv. þm. Borgf. (PO) kemur til leiðar með sporðaköstum sínum hjer í deildinni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ak. (MK) feld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, MK, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EE, GunnS, IngB, BSv.
nei: JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, ÞórJ, EÞ, HK.

Frv. samþ. með 16 : 10 atkv og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 333).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t.

---

26. Sykurtollur.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921 [Tollög] (þmfrv., A. 176).

Á 26., 29., 31., 33., 35. og 50. fundi í Nd., dagana 22., 26., 28. mars, 4., 6. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er búið að liggja lengi hjá hv. deild. Er nú komið á annan mánuð síðan það kom fram, og hefir það verið sex sinnum á dagskrá. Jeg skal ekki hafa langa ræðu um það, svo að það geti komist áfram án frekari tafar.

Jeg vil aðeins benda á það, að eins og ástatt er nú hjer á landi kemur sykurtollurinn mjög hart niður á nokkrum hluta þjóðarinnar, og það þeim hlutanum, sem síst skyldi, þeim fátækustu, nefnilega þurrabúðarmönnum í

kaupstöðum og kauptúnum, sem altaf eru neyddir til að kaupa mikinn sykur.

Það mun láta nærri, að þessi skattur sje um 30 kr. á heimili, og sumstaðar miklu hærri. Hve hart þetta kemur niður á fátækari hluta fólksins, sjest af því, að þingið ætlast ekki til, að verkamenn greiði nema ⅓ af þessari upphæð í beinan skatt. Jeg þykist vita, að margir hv. þm. kveinki sjer við að fara að breyta þessu nú, enda þótt þeir álitu rjettmætt að gera það, sökum þess, að þetta er tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Það er að vísu rjett, að það er nokkur tekjustofn, en þó ekki svo hár, að ekki sje hægt að fylla það skarð í þessum miljónafjárlögum. Sykurinnflutningur hefir verið á árunum 1918—21, að báðum meðtöldum, um 9700 smálestir. Var flutt inn nokkuð misjafnt eftir árum, en gera má ráð fyrir, að meðaltalið af þessu, eða 2400 smálestir, megi leggja til grundvallar, sem ársinnflutning á sykri. Mundi því sykurtollur nema um 350000 krónum árlega. Sumir munu nú sjálfsagt telja, að ríkissjóður þoli ekki, að þessum skatti sje ljett af, en í því sambandi vil jeg minna á það, að komið hefir til orða að afnema útflutningsgjald, sem er þó miklu meiri tekjustofn, og kemur auk þess ekki nærri eins illa niður og sykurtollurinn.

Jeg vænti þess, að hv. deild leyfi þessu máli að fara til nefndar. Er nú orðið áliðið þingtímans, og þarf því að hraða málum, sem nú eru við 1. umr., ef þau eiga að komast í gegn. En þó svo fari, að frv. verði felt nú, þá kemur það aftur og aftur, þar til það kemst í gegn.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að menn fari að telja sykurtollinn verndunartoll meðan ekki er sykurrófnarækt í landinu. En til þess að útvega ríkinu tekjur eru margar leiðir betri en þessi og rjettlátari.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta að sinni. Heyri jeg, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir kvatt sjer hljóðs, og vona jeg, að hann veiti málinu góðar undirtektir. Geri jeg að tillögu minni, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og til fjhn.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg álít óþarfa að hafa langar umræður um þetta mál, því fyrirsjáanlegt er, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Það er rjett, að sykurtollurinn kemur hart niður á fátæku fólki, einkum við sjávarsíðuna. En þar sem hv. flm. (JB) sagði, að telja mætti þetta d á l i t i n n tekjustofn, og mætti því sennilega búast við mótmælum frá stjórninni gegn því, að tollurinn yrði afnuminn, þá upplýsti hann sjálfur, að þessi dálitli tekjustofn gæfi ríkissjóði 350 þús. kr. tekjur á ári hverju. Jeg ætla, að þetta muni fulllágt reiknað, og að tollurinn sje nær ½ miljón en 350 þús. Jeg get þó ekki fullyrt þetta, því að jeg hefi ekki athugað það sjerstaklega. Það hefir farið fyrir mjer, eins og sennilega sumum hv. þm., að jeg hafði gleymt þessu frv., þangað til það var tekið á dagskrá.

Ef það er rjett, sem stendur í greinargerð fyrir frv., að hingað til hafi ekki þótt fært að afnema þennan toll, sje jeg ekki, að nú sjeu betri ástæður til þess, nema síður sje. Að minsta kosti þyrfti þá að útvega nýja tekjustofna, annars yrði verulegur tekjuhalli á næsta ári. Ef mönum er það alvara að ljetta þessum tolli af, og að vísu væri full ástæða til að íhuga það mál, þyrftu að koma fram ákveðnar tillögur um, hvar

ætti að taka þessa upphæð. Jeg tel sjálfsagt, að málið verði athugað í nefnd, en það ætti að bíða betri undirbúnings, og er ekki ósennilegt, að hv. flm. (JB) gæti í samráði við stjórnina, þó að það yrði ekki strax á næsta þingi, komið með tillögu um afnám tollsins í sambandi við önnur frv. um nýja tekjustofna. En eins og nú er þröngt um fjárhag landsins má þessi tollur ekki hverfa, og teldi jeg rjettast, að frv. færi ekki lengra en til nefndarinnar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg veit ekki, á hverju hæstv. atvrh. (KlJ) byggir þá ætlun sína, að þetta frv. muni ekki ná að ganga fram. (**Atvrh. KlJ:** Mjer fanst það liggja í orðum hv. flm., að hann ætlaði þetta sjálfur). Fyrir þinginu liggja mörg stórmál, sem eru ekki komin lengra, svo sem frv. um nýjan banka, en flutningsmenn ætlast til, að afgreidd verði á þessu þingi. En þetta mál er ofureinfalt, og ætti meðferð þess ekki að þurfa að standa lengi.

Hæstv. atvrh. (KlJ) vefengdi, að jeg hefði farið rjett með tollhæðina. En taki menn skýrslur Hagtíðindanna frá árunum 1918—1921, eins og jeg gat um, kemur í ljós, að meðalinnflutningur þessi 4 ár hefir verið 2400 smálestir, og skilst mjer, að tollurinn af þeim fari ekki fram úr 350 þús. kr. Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að þá þyrfti að benda á nýja tekjustofna; það má hæglega gera, og ef málið kemst lengra, gæti jeg bent á ýmsar leiðir. Hæstv. ráðh. (KlJ) taldi rjettara að bíða betri tíma. Sumir hv. þm. eru þó bjartsýnir á hag ríkissjóðs, og það er jeg líka, en jeg skil vel, að sá ráðherra, sem fer með sjóð ríkisins, sje iheldinn. Það fer svo fyrir honum, eins og mörgum öðrum gjaldkerum, enda er það mælt, að sá sje ekki góður búmaður, sem kann ekki að berja sjer. Jeg tel fjárhaginn ekki svo þröngan, að ekki sje óhætt að sleppa þessum tekjum, en hins vegar eru þetta hlunnindi til handa þeim mönnum, sem harðast hafa orðið úti vegna atvinnuleysis, dýrtíðar og gengishruns, en það eru verkamenn í sjávarþorpum. En Alþingi hefir látið hag þeirra lítið til sín taka.

Magnús Kristjánsson: Jeg býst við, að öllum geti komið saman um að leyfa þessu máli að ganga til 2. umr. og nefndar, hvernig sem afdrif þess verða síðar. Mjer þykir óviðfeldið að taka einstaka liði út úr og breyta tollögum og vörutollslögum árlega með lítilfjörlegum kákbreytingum. Því er svo varið, að tollmál vor eru í mesta vandræðaástandi. Fyrir því er fengin full reynsla, að vörutollslögin eru svo úr garði gerð, að ógerningur er að framkvæma þau, og auk þess valda þau miklu misrjetti á ýmsan hátt. Jeg hygg, að ekki geti liðið á löngu áður en taka verði alla tolllöggjöfina í einu lagi til gagngerðrar breytingar, og væri æskilegt, ef stjórnin gæti undirbúið það mál fyrir næsta þing. Frá upphafi hefi jeg verið á þeirri skoðun, að rjettasta leiðin væri að leggja verðtoll á allar vörur, sem flytjast til landsins, og því tel jeg best að vera sem mest laus við allar smávægilegar breytingar á þessu kerfi, hverjar sem eru. Þetta ástand getur ekki haldist til lengdar, og er því allra hluta vegna haganlegast að taka upp þá reglu að tolla eftir verðmæti varanna, er jeg tel handhægara í alla staði.

Það er ekki eins mikilsvert atriði, eins og sumir halda fram, hvort sykurtoll-

urinn er látinn haldast óhaggaður ári lengur eða skemur, því að þessi tollur, sem talinn er svo óbærilegur, nemur þó ekki nema 3—4 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það er fjarri mjer að halda því fram, að rjett sje að tolla þessa vöru, en ekki má gera of mikið úr þessari kvöð og mála of svart fyrir þeim, sem hafa ekki gert sjer fulla grein fyrir, hvað um er að ræða. Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn taki til íhugunar, hvort ekki sje ástæða til að undirbúa gagngerða breytingu á þessu fyrirkomulagi á milli þinga, og hvort leið sú, sem jeg hefi bent á, mundi ekki geta talist heppileg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 10 atkv., og til fjárhagsnefndar með 14 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

27. Vínfangatollur.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921 [Tollög] (þmfrv., A. 293).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 : 1 atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Þetta frv., á þskj. 239, er borið fram af fjvn. í þeim tilgangi að afla ríkissjóði nýrra tekna. Nefndin þóttist sjá, að ekki mundi takast að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus, nema með því móti að takmarka mjög, eða fella að mestu niður, fjárframlög til ýmra verklegra framkvæmda. Þótti nefndinni sú leið afaróaðgengileg, vegna undanfarinnar kyrstöðu á þessum sviðum, en við allskamt á veg komnir í þeim efnum, og þörfin aðkallandi, sjerstaklega að því, er snertir umbætur á vegum, brúm, símalagningar, lendingabætur o. fl. o. fl. Til þess að mega áætla eitthvað ríflegri fjárframlög til þessara hluta í fjárlögum þeim, sem nú eru í smíðum, tók nefndin það ráð að bera fram þetta frv. um hækkun á tolli á vínum og öðru áfengi, um 1 kr. á hvern lítra. Samkvæmt upplýsingum þeim, er nefndin hefir aflað sjer, má búast við um 180 þús kr. tekjuauka á ári af þessari tollhækkun.

Á síðastliðnu ári var salan sem hjer segir: Af spíritus ca. 40 þús. l, af cognak ca. 4600 heilflöskur. Af svo nefndum spánarvínum 67½ þús. fl. á s. l. hálfu ári. Það eru engar líkur til, að þessi tollhækkun hafi nokkur áhrif á sölu vínanna; ekki síst af þeirri ástæðu, að vissa er fyrir, að verð spanskra vína mun lækka á næstunni talsvert í áfengisversluninni, sennilega fyllilega jafnmikið og þessari tollhækkun nemur, vegna hagkvæmari innkaupa á vínunum frá útlöndum. Þarf jeg ekki að eyða orðum að jafnljósu máli sem þessu, en vona, að frv. þessu verði vel tekið og nái samþykki hæstv. deildar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla ekki að lengja umræður um þetta mál, en

vil benda á, að það má ná alveg sama árangri með því að hækka verðið á vínunum sem þessu nemur, og þyrfti því ekki þess vegna að leggja þessa tollhækkun á þau.

Jeg mun ekki tala meira um þetta mál í háttv. deild, en óska að eiga tal um það við nefndina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt

---

28. Atvinna við siglingar.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um atvinnu við siglingar, frá 19. júní 1922 (þmfrv., A. 150).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Greinargerð þessa frv. ber með sjer, hvers vegna það er fram komið, og ætla jeg mjer engu að bæta við það nú við 1. umr., en óska einungis, að það fái að ganga til 2. umr. og til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 1 atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 17 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

29. Einkasala á áfengi.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 149).

Á 24. og 27. fundi í Nd., dagana 20. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það er tilætlun okkar flutningsmanna þessa frv. að reyna til að draga úr kostnaði við starfrækslu einkasölu landssjóðs á þeim vörutegundum, er undir hana heyra.

Eins og háttv. þm. muna, lagði stjórnin fyrir þingið 1921 frv. um einkasölu

á tóbaki og áfengi, og mun tilætlunin þá hafa verið sú, að þessar tvær tegundir einkasöluvarnings yrðu framvegis hafðar saman. En þetta fór á annan veg. Fyrir einkennilegt öfugstreymi í þinginu voru þessar vörutegundir aðskildar, tóbakssalan lögð undir landsverslun, en áfengisverslunin sameinuð lyfsölunni, og komst undir eftirlitsmann lyfjabúða, er þá var skipaður. Mun þetta hafa orðið fyrir vangá og bygst á því, að ráðgerð var lyfjaverslun af ríkinu, sem lítið hefir orðið úr. Hins vegar er áfengissalan og eftirlit lyfjabúða svo ólík störf, að miklu eðlilegra virðist að leggja áfengissöluna undir landsverslun.

Sú reynsla, sem fengist hefir síðan þessi skipun var á gerð um lyfjabúðir og áfengissölu, bendir ekki til þess, að nein ástæða sje til að hafa vínsöluna aðgreinda frá hinum öðrum einkasölugreinum landsins, er undir landsverslun liggja. Landsverslunin hefir nú á síðustu tímum verið látin draga saman seglin, hún er nú alveg hætt við matvöruverslun og hefir einungis einkasöluvörurnar, tóbak og steinolíu. Virðist svo sem þar hafi nú rýmst svo til, að vel mætti koma vínversluninni þar fyrir. Bæði eru starfskraftar þar góðir og sjálfsagt nokkur húsrými ndi.

Það segir sig sjálft, að það, að hafa verslun landsins í tveimur stöðum, hefir mikinn beinan kostnaðarauka í för með sjer. Fyrst og fremst eru yfirmennirnir tveir og alt, sem til þarf að leggja, tvöfalt. Jeg ætla ekki að fara hjer inn á að sundurliða kostnaðinn við verslanirnar til þess að sýna fram á kostnaðaraukann við að hafa þær tvær, því slíkt er ekki hægt að gera í fljótu bragði, en jeg ætla að benda á það, að eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi aflað mjer — því miður hefi jeg ekki við hendina heildaryfirlit — þá munu einungis starfslaun þeirra, er vinna við áfengisverslun ríkisins, nema um 85 til 100 þúsundum króna. Þar munu nú vera 13 fastir starfsmenn sem stendur, auk aðstoðarmanna. Um laun hvers einstaks er mjer ekki vel kunnugt.. Yfirmaðurinn, sem jafnframt er eftirlitsmaður lyfjabúða, mun hafa 15000 krónur. Laun hinna munu vera breytileg, þetta frá 4—8 þúsund krónur. Við þennan kostnað bætist húsaleiga í tveim eða þrem stöðum.

Eins og háttv. þm. er kunnugt, hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að draga úr embættismanna- og starfsmannakostnaði landsins. Hefir þetta verkefni verið fengið þessu þingi og síðasta þingi. En alt virðist ætla að verða árangurslaust í þeim efnum. Margt hefir verið borið fram til varnar því, að frv. um fækkun embættismanna verði lögfest, en hjer er talsvert öðru máli að gegna, og varla hægt að koma að sömu mótbárum hjer sem um embættin gömlu. Ekki er áfengisverslunin orðin svo gömul, að á henni hvíli nein forn helgi eins og biskupsembættinu. Ekki virðist það heldur vera svo vandasamt starf að fást við vínverslun, að fjölhæfari menn eða hæfari þurfi til þess en við þær greinar einkasölunnar, er nú heyra undir landsverslun. Starfsmenn hennar ættu fullkomlega að vera þeim vanda vaxnir.

Erfitt er að ætlast á í fljótu bragði, hve mikið mundi sparast við það að sameina verslanirnar; til þess þarf að rannsaka kostnað við hvorttveggja, og

annað fleira. Það ætla jeg þó, að spara mætti ⅔ hluta af starfsmannahaldi því, er nú er við áfengisverslunina, eða að minsta kosti 60000 kr. Þar að auki tel jeg víst, að húsaleigukostnaður minkaði að mun, vegna afnota af húsakynnum landsverslunar, sem nú teppast ekki af matvöruverslun. En líklega þyrfti fyrst í stað að nota eitthvað af þeim leigðu húsum.

Annars má þess geta, í sambandi við húsaleiguna, að sá orðasveimur gengur hjer, að leigukjör þau, sem áfengisverslunin verður nú að hlíta, sjeu með afbrigðum hörð, og bæjarstjórn um kent. Veit jeg ekki, hvað satt er í þessu, en ef svo væri, mætti máske lagfæra þetta með sameiningunni; því landsverslunin hefir allgóðan húsakost, en að öðru leyti fer jeg ekki frekar út í það.

Það er auðvitað, að þó lagt sje til í frv. að breyta 4. grein í víneinkasölulögunum frá 1921, og að þessar tvær einkasöluvörur, tóbak og áfengi, sjeu sameinaðar, þá er ekki hægt að leggja niður embætti eftirlitsmanns lyfjabúða fyr en hans ráðningartími er úti, en hann mun nú ráðinn til þriggja ára. Við flm. frv. höfum þess vegna hagað tillögum okkar þannig, að þessi eftirlitsstarfi geti falli niður að ráðningartíma loknum, því að það starf, eftirlit með lyfjabúðum landsins, er beinlínis einn liður í starfi landlæknis og það-an tekinn, og ætti því eftirleiðis að heyra undir heilbrigðisráðið. Var ekki annað hægt að sjá en skipun þessa eftirlitsmanns 1921 væri hrein og bein vantraustsyfirlýsing til landlæknis.

Jeg ætla ekki að fara út í það, hvernig á þetta muni litið af háttv. landsverslunarforstjóra. Vel trúlegt, að honum sje ekki meir en svo ljúft, að þessi sameining verði gerð, en á það má ekki líta, því hjer er að ræða um allmikinn sparnað fyrir ríkissjóð, og ef nokkurs-staðar er hægt að spara, í opinberu starfsmannahaldi, þá er það hjer.

Jeg býst ekki við að þetta mál, fremur en önnur, nái fram að ganga mótmælalaust, en þetta þarf að athuga vel, og vona jeg, að háttv. deild greiði gang þess til 2. umr. og geri jeg það að tillögu minni, að því verði vísað til allshn., þótt það eftir efni öllu gæti eins vel átt heima í fjárhagsnefnd.

Forsætisráðherra (SE): Jeg tók fram snemma á þessu þingi, er minst var á þetta mál, að jeg vil á allan hátt styðja að því, að það komist í gott horf.

Stjórnin vill ekkert heldur, en að það verði ítarlega athugað. Enginn starfsmaður við áfengisverslunina er bundinn með samningi, nema forstjórinn, sem er ráðinn til þriggja ára, og er nú því hægt að breyta þessu fyrirkomulagi öllu, eins og þinginu sýnist.

Háttv. flm. frv. (SvÓ) talaði um, að laun starfsmannanna við áfengisverslunina væru nú 85 til 100 þúsund, en mig minnir — því miður hefi jeg ekki hjá mjer ágrip yfir kostnaðinn — að laun starfsmanna og húsaleiga til samans sje um 85 þúsund.

Eitt er það í frv., sem undir öllum kringumstæðum verður að fella burt ákvæði um, að forstjóri landsverslunarinnar ráði eftirlitsmann lyfjabúða; slíkt hlýtur vitanlega að heyra undir stjórnarráðið. Eins vona jeg, að háttv. deildarmenn sjái, að þótt sá starfi væri lagður niður, verður núverandi eftirlitsmaður að fá laun út ráðningartímann.

Að öðru leyti mæli jeg með því, að

frv. þetta fari í nefnd og verði athugað vel, því margt er það í sambandi við það, er þarf að íhuga nákvæmlega, áður en gerðar verða breytingar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Hæstvirtur forsætisráðherra (SE) gat þess, að þetta mál væri flókið og íhugunarvert, en mjer finst það alls ekki flókið, heldur svo óbrotið sem mest má verða. Jeg skal viðurkenna, að frv. er ekki heppilega orðað að einu leyti, þar sem talað er um, að forstjóri landsverslunarinnar geti ráðið mann til eftirlits vínsölu til lyfjabúða, í samráði við ríkisstjórnina. Sjálfsagt er rjett, að sá maður sje settur af stjórnarráðinu, og má þetta orðalag auðveldlega laga við síðari umræður.

Að því er snertir tölur þær, er jeg tilfærði, þá ætla jeg, að þær sjeu rjettar. Jeg tók það fram, að jeg vissi ekki ákveðið um húsaleiguna, en mjer er kunnugt, að hinir lægri starfsmenn við verslunina hafa þetta 400—600 krónur á mánuði; það hef jeg eftir sögu sumra þeirra sjálfra. Hvað hinir hærra settu hafi, sem eru á skrifstofunni og við vandameiri störf, er mjer ekki eins kunnugt; jeg mun þar hafa áætlað lægstu upphæð. Jeg er ekki að tilfæra þetta af því, að mjer þyki það sjerstaklega of hátt. Þessir menn verða sjálfsagt varir við dýrtíðina hjer, sem aðrir, en jeg bendi á það vegna þess, að óþarfi er að greiða þetta fje, ef versluninni má koma fyrir á einfaldari hátt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að síðastliðið ár hafi kostnaður við áfengisverslunina numið alls 84 þúsundum. En við það er aðgætandi, að þó ekki væri verslað með Spánarvín nema hálft árið, þá stóð lyfjaverslunin alt árið. Auðvitað þyrfti ekki eins marga menn við lyfjaverslunina, en fyrst, þegar Spánarvínin komu, var eftirspurnin svo mikil, að ráða varð fjölda manna, en síðan hefir þeim verið fækkað að mun. Vitanlega verður kostnaðurinn sá sami, við smásöluna, þótt vínverslunin verði lögð undir landsverslunina, en sparnaður gæti orðið við það að steypa saman aðalskrifstofunum.

Það, sem jeg átti við, er jeg taldi þurfa að athuga vandlega breytinguna, er lyfjaspursmálið. Ef verslununum verður steypt saman, verður að íhuga, hvernig fara skuli með pöntun á lyfjum framvegis. Vona jeg, að sú háttv. nefnd, er frv. fer í, geri tillögu um, hvernig þessu skuli haga framvegis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndaráliti allshn. um málið, á þskj. 488, var útbýtt 1. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

30. Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um bæjargjöld í Reykjavík (þmfrv., A. 128).

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er samið af bæjarstjórn Reykjavíkur, og þrír af þm. bæjarins hafa tekið að sjer að bera það fram. Löggjöf okkar um þetta efni er frá árinu 1877, og hefir lítið eða ekkert verið breytt síðan. Lögin eru orðin úrelt í mörgum atriðum, og eðlilegt, að þau þurfi breytingar við.

Annars fylgir frv. ítarleg greinargerð, þar sem skýrt er frá því í heild, og vísa jeg til þess. Það eru aðeins nokkur atriði, sem jeg vildi drepa á. Og er þá fyrst lóðargjaldið, sem ætlast er til að verði allstór tekjugrein fyrir bæjarsjóð; það er ákveðið í frv. 2% af virðingarverði byggingarlóða eftir fasteignamatslögunum. Og er þetta í fullu samræmi við það, sem þingið hefir áður heimilað bæjum og sveitarfjelögum. Á Akureyri hefir verið komið á lóðargjöldum, alt að 2% af virðingarverði samkvæmt fasteignamati; og í fyrra var Húsavík veitt samskonar heimild, án þess að það vekti nokkra mótspyrnu.

Jeg álít það athugunarmál, hvort ekki sje betra að veita aðeins heimild til, að bæjarstjórn geti lagt skatt á lóðir, alt að vissu marki, án þess að einskorða það við 2 af hundraði, eins og nú er í þeim tveimur bæjarfjelögum, er jeg nefndi, að þetta er á valdi borgaranna.

Annars er gjaldið rjettmætt og sanngjarnt. Það er ekki rjett, að einstakir menn geti, í von um verðhækkun síðar, setið með óbygðar lóðir og stórar landspildur fyrir hinum, sem þurfa og vilja byggja hús á þeim, og það án þess, að bæjarfjelagið hafi nokkrar tekjur af þessum eignum. Þetta lóðargjald frá 1877, sem nú er, nemur ¼ eyris af feralin af óbygðum löndum og 3 aurum af feralin af bygðum lóðum, og er engin sanngirni í, að það sje haft jafnt af öllum lóðum í bænum, þeim, sem eru í útjöðrum bæjarins, og lóðum í miðbænum. Það er augljóst hverjum hugsandi manni, að slíkt er mjög ranglátt.

Tvö nýmæli eru í frv., að útsvarsskyldan nái til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip hjeðan úr bænum. Væri þó, ef til vill, betra að setja um það einhver ákveðin tímatakmörk, og gæti jeg vel felt mig við, að það væru t. d. 4 vikur, sem atvinnan væri stunduð, til þess að hlutaðeigendur gætu orðið útsvarsskyldir. Í öðru lagi má geta um ný gjöld, þar sem húsaskatturinn er talinn sjerstaklega. En hann er látinn koma í staðinn fyrir öll gömlu gjöldin af húsunum, t. d. sorphreinsun, salernahreinsun og sótaragjald.

Eigi er ætlast til, að skatturinn verði teljandi hærri en áður, aðeins færð saman gjöldin í eitt, og í því er nýmælið fólgið. Samkv. því, sem stendur í greinargerðinni, er þessi hluti fasteignagjaldsins áætlaður 160 þúsund. En árið 1922 eru hin áðurnefndu og samanfærðu útgjöld áætluð 159500 krónur. Það er og nýmæli í þessu frv., að um innheimtu bæjargjalda eru settar samskonar reglur og fylgt mun vera sumstaðar erlendis. Efnaðri mönnum er dráttur á greiðslu slíkra gjalda töluvert hagsmunaatriði. En á hinn bóginn getur greiðsludrátturinn leitt til þess, að bæjarstjórnin þurfi að taka lán. Í frv. eru því sett einskonar refsiákvæði, til þess að koma í veg fyrir dráttinn, þannig, að gjaldandi skal greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni kr. af hverjum 100 kr. — fyrir hvern mánuð, eða hluta úr mán-

uði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt að fullu. Jeg man svo ekki eftir fleiru, sem jeg þarf að minnast á, en vænti góðra undirtekta og að frv. nái fram að ganga. Sting jeg upp á, að því verði vísað til allshn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

31. Einkasala á síld.

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um einkasölu á útfluttri síld (þmfrv., A. 113).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Síldarútvegurinn er af mörgum talinn mjög stopull atvinnuvegur. Ekki sjerstaklega fyrir þá sök, að veiðin bregðist, heldur fyrir hitt, að of mikið veiðist til þess að hægt sje að koma því út fyrir viðunandi verð. Liggur þetta í því, að það er nú að langmestu leyti ein þjóð, og hún ekki mjög stór, sem kaupir íslensku síldina. Þegar þar við bætist skipulagsleysi meðal þeirra, er flytja út síldina, þá er skiljanlegt, að þessi atvinnuvegur lendi í því öngþveiti, sem reynsla síðustu ára ber vott um. Þessu frv. er ætlað að vinna tvent: fyrst að koma góðu skipulagi á sölu síldarinnar, og annað, að útvega nýjan markað fyrir síld. Um fyrra atriðið er það að segja, að síldarútvegsmenn hafa sjálfir fundið í hvert óefni væri komið. Fyrir þinginu 1921 lá beiðni frá þeim, er þennan atvinnuveg reka, að löggjafarvaldið skærist í leikinn með það að lögbjóða fjelagsskap meðal síldarútgerðarmanna, svo að þeir gætu komið á skipulagi, sem gerði þennan atvinnuveg tryggari. Var þá samþykt allítarlegt frumvarp um þetta efni í Nd., en það visnaði upp í Ed., og svo skilaði þingið þessu frá sjer sem vanburða heimildarlögum, sem aldrei voru notuð.

En nú kann einhver að segja, að það erindi hafi sjerstaklega miðað að því, að útiloka útlendinga frá síldarsölunni, en síðan sjeu komin lög, er tryggi landsmenn í þessu efni. En vel má að því gæta, að danskir ríkisborgarar hafa sama rjett til að veiða í landhelgi. Jeg er nú ekki mjög smeikur um það, að Danir fari á eigin spýtur að stunda hjer síldarútveg í stórum stíl, en frá Dönum er stutt yfir sundið til Svíanna, sem kaupa mestalla íslensku síldina. Og mikið má vera, ef ekki er hægt að finna einhvern, sem vill lána nafnið sitt til þess, að unt sje í skjóli þess að reka síldveiðar hjer. Og þær sagnir berast nú hingað, að sænskir síldargrósserar sjeu að undirbúa með dönskum mönnum

stórfeldan síldarútveg hjer við land, og þá fer að verða minna gagn að rjettinum, sem ætlað er að veita íslenskum mönnum með fiskiveiðalöggjöfinni. Og svo gæti einhverjum dottið í hug, að til kynnu að vera þeir landar, sem væru tilleiðanlegir til þess að vera fyrir framan, ef góð borgun væri í aðra hönd.

En einkasala ríkisins — og um einkasölu handa öðrum getur naumast verið að tala — kemur í veg fyrir þær illu afleiðingar, sem af þessu gæti hlotist fyrir landsmenn, að veiðin, sem aflað væri með slíkri leppmensku, væri notuð til þess að þrykkja niður síldarverðinu hjá íslenskum síldarútvegsmönnum, þar sem slík veiði myndi falla undir einkasölu ríkisins.

Í frv. er gert ráð fyrir, að 2% af söluverðinu renni í ríkissjóð, en að helmingi þessa fjár megi verja til að leita uppi nýja markaði. Það fje, sem ríkisstjórnin hefði þá til umráða í þessu skyni, yrði varla minna en 50—60 þús. kr. árlega. Fyrir það fje má mikið gera. Með slíkt fje handa á milli má gera sölutilraunir, sem einstaklingarnir alls ekki vilja gera nú eða geta hætt á að gera. En vegna þess, hve markaðurinn nú er takmarkaður, er bráðnauðsynlegt, að þegar sje hafist handa, til þess að vinna nýja markaði fyrir íslensku síldina, reyna að fá þjóðir, sem nú kaupa lítið eða alls ekkert af síld frá okkur, til þess að nota hana. Fá vitneskju um kröfur hinna ýmsu þjóða um það, hversu hún skuli tilreidd, og ótalmargt annað fleira. En alt þetta verður að gerast með fullkomnu skipulagi. Og einkasöluskipulagið, sem frv. gerir ráð fyrir, er að mínu áliti hið eina, sem gerir það mögulegt að koma skipulagi á söluna og til að vinna nýja markaði.

Þetta hvorttveggja er til þess að tryggja þennan atvinnuveg og gera hann arðsamari og áhættuminni en nú hefir verið um nokkurt skeið og útlit er fyrir að verði, ef ekki er að gert.

Silfurhjörðin fer fram hjá landinu okkar á hverju sumri. Okkur stendur til boða að taka af þessum náttúrunnar gæðum eftir vild, en við verðum líka að hafa forsjá til að geta farið með og hagnýtt þessi auðæfi. Við höfum ekki kunnað það til þessa. Því að ef svo hefði verið, myndum við ekki hafa þurft að taka neitt enskt lán, og þyrftum heldur ekki nú að tala um að taka gjaldeyrislán, nje vera að tala um að gera ráðstafanir til að stöðva og hækka gengi íslenskrar krónu.

En nú er komið sem komið er. Og þá er að gera við því, sem fram undan er. Og í frv., sem fyrir liggur, er bent á leið til að tryggja einn atvinnuveg okkar í framtíðinni. Vænti jeg, að málinu verði vel tekið, og því verði, að lokinni 1. umr., vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, GunnS, IngB, JB, LH, MJ, BSv.

nei: PO, SSt, StSt, ÞórJ, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG.

Fjórir þm. (ÓP, BH, EÞ, EE) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjávarútvegsnefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndaráliti minni hl. sjútvn. um málið, á þskj. 619, var útbýtt 11. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

32. Útsvarsskylda vatnsnotenda.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um útsvarsskyldu vatnsnotenda (þmfrv., A. 170).

Á 26., 29., 31., 33., 35., 41., 42. og 47. fundi í Nd., dagana 22., 26., 28. mars, 4., 6., 13., 14. og 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg skal ekki hefja langar umræður um þetta litla frv., og skal þá strax játa, að það er í flaustri samið. Jeg skal játa, að orðalagið, „þar sem orkan er hagnýtt", getur misskilist. Það má ef til vill skilja það svo, að hagnýtingin fari fram í sjálfri raforkustöðinni, og eru það vinsamleg tilmæli mín til þeirrar nefndar, sem frv. verður væntanlega vísað til, að hún geri á því þær breytingar, að öll tvímæli verði tekin af um þetta.

Þá er og athugandi, hvort vert er að láta ákvæði frv. ná til annara fyrirtækja en þeirra, sem stofnuð eru og starfrækt til almenningsþarfa. Er frv., þannig breytt, einungis lögskýring, því samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að leggja útsvar á slík opinber fyrirtæki. Og þó það hafi átt sjer stað, eins og t. d. með rafmagnsveituna í Reykjavík, þá verður það útsvar auðvitað aldrei borgað, en hins vegar nauðsynlegt að fá skýlaus ákvæði um þetta, til að taka af allan vafa. Ef frv. er breytt á þennan hátt, verður ekkert fyrirtæki skattfrjálst, nema sem bygt er til almenningsþarfa, en slík fyrirtæki eru aldrei rekin sem gróðafyrirtæki. Rafmagnsveita Reykjavíkur er t. d. ekki fremur stofnuð í gróðaskyni en áveiturnar austanfjalls. Ef því annað á að vera skattfrjálst, þá er sjálfsagt að hitt sje það líka. En á hinn bóginn, ef útsvar á t. d. að leggja á rafmagnsveitu Reykjavíkur í Mosfellssveitinni, þá er hliðstætt, að lagt væri t. d. útsvar á Skeiðaáveituna, þar sem vatnið er til hennar tekið.

Einar Þorgilsson: Jeg sje ekki ástæðu til að vera margorður um frv. á þessu stigi málsins. En það vildi jeg taka fram, að sumt af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) talaði um lögskýringu, virtist næsta vanhugsað. Og yfirleitt er frv. svo úr garði gert, að orðum og efni, að ekki getur komið til mála að samþykkja það. Flest atriðin, sem tekin eru til samanburðar í greinargerðinni, eru svo ósambærileg, að ómögulegt er að þau geti talist rök fyrir málinu. T. d. virðist nokkuð ólíkt á komið með Skeiðaáveituna og rafmagnsveituna í Reykjavík. Upptök vatnsins til hennar eru í Mosfellssveit og orku vatnsins þar strax breytt í raforku með vjelum, bæði til lýsingar í húsum stöðvarinnar og fleiri afnota þar á staðnum, þótt aðallega sje hún leidd til Reykjavíkurbæjar,

sem svo hagnýtir sjer hana á ýmsa vegu. Með áveituna austanfjalls er öðru máli að gegna. Þar eru upptök vatnsins í sama hreppi sem því er ætlað að verða að nytjum, víðast hvar, og ef fleiri hreppsfjelög verða aðnjótandi áveitunnar, þá mun það vera samkomulagsatriði viðkomandi hreppa.

Jeg geri ráð fyrir, að ef málið nær að ganga til 2. umr., þá muni nefnd sú, sem því verður vísað til, breyta því að miklum mun, og sje jeg því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum að þessu sinni.

Jón Þorláksson: Jeg vildi aðeins leiða athygli hv. 1. þm. Reykv. (JakM) að því, að eins og ákvæði frv. eru nú, verða allar rafmagnsstöðvar útsvarsskyldar þar sem þær standa, ef önnur lagaákvæði eru ekki því til hindrunar, og verður því að orða greinina að nýju, ef það á að nást, sem flm. vill.

Flm. (Jakob Möller): Jeg tók það fram í upphafi, að orðalag frv. gæti ef til vill valdið misskilningi. Jeg fyrir mitt leyti verð þó að halda því fram, að endanleg hagnýting vatnsorkunnar fari fram þar, sem rafmagnið er notað. En jeg vakti einmitt athygli hv. nefndar á þessu, og vænti þess, að hún geri á því þær leiðrjettingar, sem hún telur þurfa, og ætti henni að vera innan handar að taka af öll tvímæli í þessu efni. En jeg vil benda á, að þó raforkan væri hagnýtt á staðnum, þar sem hún er framleidd, þá er rjett að leggja útsvar aðeins á þann hlutann, sem þar er notaður.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. G.-K. (EÞ) sagði, þá þarf jeg ekki að vera margorður. Jeg var áður búinn að leiða rök að skyldleikanum með rafmagnsveitu og áveitu, og sje ekki, að það skifti máli, hvort vatnið, sem til þess fer, er notað strax eða ekki. Það, sem um er að ræða, er það, hvort fyrirtækin eru stofnuð og rekin til almenningsþarfa eða ekki. En þetta mál snertir ekki aðeins Reykjavík, heldur alt landið, þar sem til mála getur komið að reisa raforkustöðvar. En þetta er víða fyrirhugað, og því sumstaðar sameiginlegt í mörgum sveitum. En það er ekki sanngjarnt, að einn hlutinn geti lagt svo og svo þung gjöld á hina alla fyrir það sök, að stöðin, sem allir nota, verður þá skattskyld á einum stað. Alveg á sama hátt ætti þá eftir þessu að mega skattleggja vatnsveitur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

33. Hafnarlög fyrir Siglufjörð.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjörð (þmfrv., A. 255).

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Frv. þetta hefi jeg leyft mjer að flytja, samkvæmt ósk bæjarstjórnar og hafnarnefndar Siglufjarðarkaupstaðar.

Frv. er að mestu samhljóða hafnarlögum Ísafjarðar, sem samþykt voru hjer á þinginu í fyrra. Þó er það frábrugðið þeim í tveim atriðum. Fyrst og fremst er hjer ekki farið fram á neitt fjárframlag úr ríkissjóði til hafnarinnar, eins og Ísafirði var veitt með áðurgreindum lögum, og er því fremur ástæða til þess, að frv. gangi fram mótmælalaust. Í öðru lagi er það ákvæði í þessu frv., að hafnarnefnd og bæjarstjórn fái svo mikinn íhlutunarrjett um byggingar mannvirkja þeirra, sem gerð eru við höfnina, að jafnan sje trygt, að eigi geti stafað nein hætta af þeim eða óbeinlínis geti þau valdið skemdum eða frekari eyðileggingu á höfninni.

Að öðru leyti en í þessum tveimur atriðum er frv. samhljóða hafnarlögum Ísafjarðar. Vona jeg því, að hv. deild greiði götu frv. þessa til 2. umr., og að því verði vísað til háttv. sjútvn., að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

34. Fjáraukalög 1923.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (þmfrv., A. 272).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þess hafði verið getið í umræðunum um fjáraukalög fyrir 1922, að slík lög fyrir 1923 hefðu enn ekki verið lögð fyrir þingið að þessu sinni, vegna þess, að ekki væri neitt tilefni til þess, eða með öðrum orðum, að það væri ekki fyrir hendi efni í þau. En nú hafa bæði kirkju- og kenslumálaráðherrann og atvinnumálaráðherra komið fram með efni í fjáraukalög fyrir árið 1923, og þess vegna mun stjórnin leggja þau fram von bráðar. Það er aðeins þetta, sem jeg vildi taka fram á undan umræðunum um þetta frv.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þegar jeg nú hefi heyrt þessa yfirlýsingu hæstv. stjórnar, get jeg vel lagt niður stjórnina og hætt við að bera fram frv. um fjáraukalög; en úr því það er nú samt hjer fram komið, ætla jeg að gera nokkra grein fyrir því.

Vil jeg fyrst benda þeim hv. þm., sem ekki hafa annað sjeð í þessu máli en

till. fjvn., að jeg hefi tekið upp í þetta frv. mitt marga liði, sem samþyktir eru af henni. Svo er um alla liðina í 1. gr. þessa frv., en þó varð mjer þar á sú yfirsjón í þessum stjórnarstörfum mínum, að jeg setti framlag til sjúkraskýlis á Blönduósi alt of lágt. Þar hafði jeg aðeins litið á nokkurn hluta þeirrar virðingargerðar, sem fylgdi, því jeg sá síðar, að landlæknir hafði áætlað 17 þús. til þessa fyrirtækis. Vil jeg því biðja hv. þm. að byggja ekkert á þessu, þar eð jeg hafði ekki nægilegar upplýsingar við hendina heima hjá mjer, og alls ekki öll þau skjöl, sem þetta mál snertu. Og auk þess hafði jeg ýmsum öðrum störfum að sinna. Vænti jeg því þess, að hv. þm. noti ekki þessa ógætilegu tillögu mína sem mælikvarða á þetta atriði. Geri jeg svo ráð fyrir, að hæstv. stjórn taki flestalla liðina, sem hún veit um, að fjvn. hefir samþykt, upp í fjáraukalög sín fyrir 1923.

Eins er um 2. og 3. gr. þessa frv. Þá liði flesta hefir fjvn. samþykt. Hvað viðvíkur hinum ýmislegu fjárveitingum til ferðakostnaðar ýmsum mönnum, þá álít jeg sjálfsagt, að þetta komi til atkvæðagreiðslu hjer í deildinni; og ef hæstv. stjórn tekur ekki þessa liði alla upp í fjáraukalagafrv. sitt mun jeg bera fram við það brtt. þess efnis; sömuleiðis nokkra liði, sem ekki hefir enn verið rætt um, í fjvn. Mun jeg þá koma þeim þann veg á framfæri við háttv. deild. Hafði jeg og ætlað mjer að taka alt með, er þar kom til umræðu, svo þm. gætu sjálfir ráðið, hvað fram næði að ganga af þessu, en þó gleymdi jeg einum verkfræðing, sem æskt hefir ferðastyrks til London, en það er Krabbe verkfræðingur.

Í 5. gr. eru liðirnir 1.—6. samþyktir af fjvn. 6. gr. frv. inniheldur 2 liði, sem báðir eru samþyktir af nefndinni, og svo er og um alla liðina í 7. gr.

Það mun nú ljóst af þessu, að það er harla lítið, sem jeg hefi ætlað að syndga í þessu máli, er fæstir liðir þessa frv. hvíla á mínu baki einu, er fjvn. hefir samþykt þá. Þar sem nú saga þessa máls sýnist geta verið á enda, er hæstv. stjórn hefir ákveðið að bera fram fjáraukalagafrv. fyrir árið 1923, skal jeg geta þess, háttv. þm. til skilningsauka, að upp í þetta frv. mitt tók jeg ýmsar till. til fjárveitinga á árinu 1923, sem flæktust fyrir okkur við umræðurnar um fjárlögin fyrir árið 1924.

Bið jeg svo hæstv. forseta að taka þetta mál út af dagskrá, þar eð jeg vil ekki gefa blóðþyrstum þingmönnum tækifæri til að drepa þetta frv., svo stjórninni verði ekki á þann hátt meinað að bera fram frv. um fjáraukalög fyrir árið 1923. Þarf jeg einskis forsetaúrskurðar við um þetta frv. mitt, hvort heimilt hafi verið, þar sem allir þm. hafa ótakmarkaðan rjett til að bera fram frv. fyrir þingið.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

35 Laun embættismanna (sveitaprestar).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embætismanna (þmfrv., A. 47).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Frv. þetta er á þskj. 47, og þar eru greindar ástæðurnar fyrir því.

Á stríðstímanum og fyrst á eftir voru, eins og kunnugt er, góð ár fyrir landbúnaðinn. Sparisjóðseignir manna fóru vaxandi, og er það skýrasti mælikvarðinn á afkomu almennings. Sveitaprestar nutu þess, eins og aðrir bændur. En áður en launalögin voru endurskoðuð og bætt, áttu allir mjög erfitt uppdráttar, sem í embættum sátu í kaupstöðum og þorpum, og söfnuðu skuldum. Kjör sveitapresta voru því þyrnir í augum margra, þegar verið var að bæta launin og talað var um kjör embættismanna. Þótti því ekki ástæða til, að þeir nytu sömu hækkunar og aðrir.

Stjórnin sá því ekki annað fært en að taka upp í frv. takmörkun á dýrtíðaruppbót sveitapresta. Ekki af því, að þá mætti svifta uppbót, heldur af því, að þeir fengju hana ekki, þingið mundi ekki samþykkja það. Nefndin í Nd. lagði til, að þessi takmörkun á dýrtíðaruppbót væri feld burtu. Frsm. bar fyrir þær laukrjettu röksemdir, að engin trygging væri í framtíðinni fyrir þessum ágóða af búskap; sagði auk þess, að gert væri of mikið úr hlunnindum þeirra. Endurmat færi fram á prestssetrunum. Forsrh. var sammála nefndinni, og tók fram, að takmörkunin væri sett af ótta við þingið; óttaðist, að það mundi taka málinu ver, ef eigi væri takmörk sett í þessu atriði. Nd. skildi svo við málið, að takmörkunin var ½ dýrtíðaruppbót. Ed. leit svipað á, en lagði til, að takmörkunin væri hækkuð upp í ⅔. Vildi ekki fella þau niður vegna væntanlegs ágreinings; og þannig gekk það í gegn um þingið og er nú í gildi.

Við að athuga þessa sögu málsins, sjest, að þeir aðiljar, sem mest höfðu um það að segja, stjórnin og báðar nefndirnar, voru á móti takmörkuninni. Fyrir þessu, að sveitaprestar fái ekki fulla dýrtíðaruppbót, er ein og aðeins ein röksemd færð: þ. e. gróði sá, er sveitaprestar hafi á búskap.

Um ½ uppbótina, sagði 1. þm. N.-M. (Jón Jónsson):

> „Þessi tillaga byggist á því, að prestar, sem hafa góðar jarðir til ábúðar, verða ekki eins varir við dýrtíðina og hinir. — — Jeg býst við að flestir prestar mundu heldur kjósa að halda bújörð sinni, heldur en fá alla uppbótina og vera án jarðanna“ o. s. frv.

og 1. landsk. varþm. (SF) sagði:

> „Prestar til sveita hafa þau hlunnindi fram yfir aðra starfsmenn ríkisins, að þeir eiga kost á að fá bújarðir, sem venjulega eru bestu jarðirnar í hverri sveit. — Hafa þeir sumir haft, og hafa enn, jafnframt prestskapnum, stórbú, er gefa af sjer allmiklar tekjur.“

Það er rangt í þessu, að prestar hafi einir þessi hlunnindi. Að vísu njóta þeir þessa fram yfir flesta aðra embættismenn. — Rökin eru þessi, og hefði bú-

skapurinn verið þá eins og nú er orðið, hefði þessi takmörkun ekki verið samþykt.

Nú er þessi ástæða með öllu fallin burt, eins og margir kannast við. Raddir heyrast um, að bændur eigi afarerfitt uppdráttar, og það þó að þeir gefi sig alla við búskapnum, þá er ekki hægt að láta búin bera sig. Prestar, sem tefjast frá búskap og hafa kostnað og æ t t u að minsta kosti ekki að neyðast til að vera fyrst bændur og svo prestar, þeir hljóta að líða skaða. Og ætti ekki að ala á því, að þeir bindist of mikið búskap á kostnað preststarfsins. Nú vill fjöldi presta sleppa jörðum sínum, ef þeir fá fulla dýrtíðaruppbót. Hafi vafi verið á því 1919, hvort prestar ættu að fá takmarkaða dýrtíðaruppbót, þá er sá vafi burtu fallinn nú.

Jeg hefi í greinargerð frv. gert áætlun um, hvað sparnaður þessi á dýrtíðaruppbót hafi numið, og hverju hún muni nema. Mætti þó gera ráð fyrir lægri upphæð, ef þær vonir rætast, að dýrtíðin minki. Sje það nauðsynlegt, að spara, þá ætti það fremur að koma annarsstaðar niður. Ríkissjóður er búinn að spara c. 300 þús. kr. á þessum lið. Ætti nú ekki að nema staðar í ár, því fremur sem ilt er í ári, og tjáir ekki lengur að vitna til þess, að prestar alment græði á búskap. Má einnig í þessu sambandi geta þess, að laun presta eru lægstu embættislaun, en þó nálega sami undirbúningstími fyrir þeim sem öðrum embættismönnum. Ættu þeir þess vegna ekki að hafa lakari kjör, og því síður sem þeir hafa orðið fyrir halla undanfarin ár.

Órjettlæti kemur fram í því, að laun presta eru lægst, þrátt fyrir það; þótt þeir þurfi sama undirbúning sem aðrir embættismenn. Þetta kemur af því að margir þeirra búa í sveit, en það er ekki sá gróðavegur nú að stunda búskap, að nokkurt rjettlæti sje í því að vera að draga af dýrtíðaruppbót þess vegna, þar að auki við lágu launin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndaráliti minni hl. allshn. um málið, á þskj. 120, var útbýtt 12. mars og nál. meiri hl., á þskj. 112, 13. mars, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

36. Laun embættismanna (stýrimannaskólinn).

Á 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (þmfrv., A. 59).

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg hefi lítillega minst á þetta mál áður hjer í hv.

deild. En skal nú gera nánar grein fyrir því.

Nokkrum dögum áður en ráðuneytisskiftin urðu hjer á þinginu í fyrra, hafði jeg frumvarp þetta altilbúið. Jeg mæltist því til þess við þann mann, sem mynda átti hina nýju stjórn, núverandi hæstv. forsætisráðherra, að koma frv. á framfæri. Hann vjekst vel undir það, en það fórst fyrir, að hann gerði það. Jeg hafði lofað einum kennara stýrimannaskólans, Einari Jónssyni, að frv. í þessa átt yrði lagt fyrir Alþingi í fyrra. Því fer frumvarp þetta aðeins fram á að bæta við einu kennaraembætti við stýrimannaskólann, að jeg hafði engu lofað neinum öðrum en Einari Jónssyni. En það stendur eins á um nokkra kennara við fleiri ríkisskóla.

Í mentaskólanum eru nú 3 kennaraembætti, eða öllu heldur 4, sem stofnuð hafa verið með samþykki þingsins, án þess þau sjeu enn ákveðin með lögum. Þetta er óheppilegt, bæði fyrir kennarana og fyrir ríkissjóð. Staða kennaranna verður óvissari og tregða á aldursuppbót. Fyrir ríkissjóð verður það dýrara, því að þeir leggja ekki í lífeyrissjóð Kemur það líklega til hans síðar að bæta það upp.

Stjórnin vildi láta þingið 1921 taka þetta til meðferðar og ákveða þessi embætti með lögum. Þingmenn viðurkendu líka, að þetta væri rjett, en vildu þó ekki auka við hin lögskipuðu embætti á pappírnum. Fórst þeim, að vísu, þar líkt og strútnum, sem felur höfuð sitt í sandinum, og heldur að hann sjáist þá ekki.

Um vjelstjóraskólann gildir og hið sama og um stýrimannaskólann. En mjer þótti það ekki koma til minna kasta nú að hafa frv. þetta viðtækara, — t. d. að taka upp líka mentaskólann með 4 slíka fasta kennara, með leikfimiskennaranum. En það var annað, sem jeg var í dálítlum vandræðum með, og það var launahæðin. Hjer er farið fram á, að launin sjeu ákveðin 2400 kr. og hækki á 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3400 kr. og það aðeins af því, að þannig var það í frv. því, er jeg hafði borið fram 1921. Í raun og veru hefði lágmarkið átt að vera 3000 kr., svo sambærilegt væri við aðra skóla á sama reki. T. d. er ekki sanngjarnt, að kennarar við stýrimannaskólann hafi lægri laun en kennarar við kennaraskólann eða gagnfræðaskólann á Akureyri.

Að launin voru upphaflega ekki ákveðin hærri, var af því, að með þennan skóla, eins og ýmsa fleiri, var byrjað smátt. Sjerþekking ekki heimtuð svo afarmikil. En með meiri siglingum og skipastól hjer hafa kröfurnar vaxið, og ætti því að ákveða launin við þennan skóla ekki lægri en aðra sambærilega skóla hjer á landi.

Jeg veit ekki, hvernig deildin vill fara með frv., en jeg hefi nú gert það, sem jeg get. Jeg vil aðeins bæta því við, að sökum þess, að málið kemur fjvn. afarmikið við, er sjálfsagt, að málinu sje vísað til þeirrar nefndar.

Forsætisráðherra (SE): Það er alveg rjett, sem hv. 4. landsk. þm. (JM) sagði, að hann hafi mælst til þess, að jeg flytti frv. á þingi. En jeg bað mentmn. að taka það að sjer og greiða fyrir því, og þótt það væri ekki fyr en seinna, þykist jeg á engan hátt hafa vanefnt orð mín.

En það er alveg rjett, að kennararnir við mentaskólann eru sumir á fjárlögum og alt laust um stöður þeirra,

en jeg hefi ekki borið fram frv. um laun þeirra af því, að úr því, sem komið er, hygg jeg, að rjett sje að bíða þangað til sjeð verður í hvaða horf skólinn kemst.

Jónas Jónsson: Mjer er kunnugt um vissa hlið þessa máls, því að annar kennarinn, sem þetta frv. er borið fram vegna, hefir kent við samvinnuskólann. Hann mintist á það við mig á götu í gær, að sjer fyndust launin ónóg og óviðunanleg, og hefði hann í hyggju að skrifa til þingsins um það. Mjer er ekki ljóst, hvernig stendur á, að það virðist vera venja að mynda embætti að þinginu fornspurðu. Það er mjög órjett aðferð og gæti auðveldlega leitt út á hálar brautir. Ef það er rjett, að það sjeu 4 kennarar með venjulegum launum við mentaskólann, án samþyktar þingsins, hefir töluvert mikið verið gert að þessu.

Jeg skil ekki vel, hvað hv. 4 landsk. (JM) heldur, að þessar 2 nefndir, er hann nefndi, hafi með málið að gera. Jeg vonast a. m. k. eftir, að hann greini þá frá, hvernig hann hugsi sjer verksvið mentamálanefndar.

Flm. (Jón Magnússon): Það hefir hingað til verið venja að vísa til allshn. frumvörpum um embætti, hvernig sem á embættunum stendur. Það má t. d. nefna það, að frv. um biskupsembættið er í allshn. í hv. Nd. Mál t. d. um skipulag skóla ganga til mentmn.

Það er víst, að fáist ekki uppbót á launum þessara 2 kennara við stýrimannaskólann, fæst enginn hæfur maður í þær stöður. Jeg gerði ráð fyrir, að ef eigi fæst að samþykkja hærri laun en frv. ræðir um, mundu kennararnir fá uppbót í fjárlögunum. Það ætti að vera óþarft að taka það fram einu sinni, að uppbót sú, sem hinn lögmælti kennari við stýrimannaskólann þegar hefir fengið á launum sínum, skuli haldast eftir sem áður. En í sambandi við það taldi jeg sjálfsagt, að málið gengi til fjvn.

Hvað snertir embætti við mentaskólann, þá voru þau víst stofnuð um 1910 tvö þeirra og stóðu í fjárlögunum, þegar launalögin komu; var ætlast til, að þau fjellu undir þau, en svo varð ekki. Það eru föst aukakennaraembætti, sem eru launuð samkv. reglum í launalögunum. Það er öðru máli að gegna með leikfimiskennarann. Hann má beinlínis telja ráðinn af þinginu.

Jeg legg áherslu á, að hvernig sem með mál þetta verður farið, þá verður að stilla svo til, að kennararnir við stýrimannaskólann fái sömu launakjör sem við aðra sambærilega skóla, því að ekki er hægt að ætlast til að kennarar þessir uni öðru.

Það var rjett, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, að jeg hefði haft nægan tíma til að bera frv. fram sjálfur, en jeg gerði það ekki af því, að jeg hafði fengið loforð hæstv. ráðh. um að bera það fram. Auðvitað var ekki ætlast til, að hann tæki neina ábyrgð á því.

Viðvíkjandi mentaskólanum fyndist mjer ein breyting geta sparað nokkuð, og hún er sú, að hafa lærdómsdeildina ekki skifta í mála- og stærðfræðideild. En það væri enginn sparnaður að þrengja aðganginn að skólanum, því að það leiddi af sjer, að þingið neyddist til að setja á stofn sjerstakan gagnfræðaskóla.

Jeg vona, að hv. fjvn. taki svo í málið, að kennarar stýrimannaskólans, og

þá sjerstaklega Einar Jónsson, megi vel við una.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins minna á það, sem jeg tók fram áðan, að jeg hafi afhent mentmn. málið til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

37. Íþróttasjóður Reykjavíkur.

Á 6. fundi í Ed., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um íþróttasjóð Reykjavíkur (þmfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Ed, miðvikudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg get búist við því, að sumum hv. þm. muni finnast sem svo, að hjer sje ekki um neitt stórmál að ræða En jeg lít nú svo á, að þótt kostnaðarhlið þessa máls sje ekki mikil, þá sje hugsjónin, sem liggur á bak við þetta frv., stór. Þetta er eitt þeirra mála, sem ekki ætti að vera erfitt fyrir þetta þing að samþykkja, því að hjer er ekki um neinar kröfur um fjárframlag úr ríkissjóði að ræða. Hjer er aðeins farið fram á það, að skattur sá, sem að undanförnu hefir runnið í bæjarsjóð Reykjavíkur, verði hjer eftir lagður í sjerstakan sjóð, sem síðan sje varið til eflingar íþróttum um land alt. Jeg veit ekki, hvort jeg má fara hjer lítinn krók, en mjer hefir virst sem hjer á landi hafi verið talað meira um fullveldi hin síðustu ár en í nokkru öðru landi í heiminum, sem jeg þekki til. Það er aldrei minst svo á Ísland af vissum mönnum hjer, að þess sje ekki jafnframt getið, að það sje fullvalda ríki. Þetta virðist benda á, að Íslendingar sjeu hræddir um, að fullveldi þeirra sje ekki fullkomlega viðurkent og aðrar þjóðir viti ekki um það, og því sje sjálfsagt að halda því á lofti. En þetta sífelda fullveldisskraf verður fáránlegt til lengdar, vegna þess, að þetta gera engar „fullvalda“ þjóðir, og gæti bent á það, að fullveldi vort sje í raun og veru ekki mikið. En á bak við þetta liggur þó sú hugsun, að við eigum að reyna að vera menn og byggja landið. En þá er þess að gæta, að það verður ekki gert með orðum tómum, gífuryrðum og glamri um land og þjóð og forna sögufrægð, heldur verðum við að sýna dáð í verkinu. Og þetta frv., sem jeg flyt nú hjer, er einmitt lítill þáttur í þjóðlegu viðreisnarstarfi. Hjer í Reykjavík er ⅕ hluti allra Íslendinga, og fyrir utan þá menn, sem hjer eru búsettir, er stöðugur straumur hingað hvaðanæfa af landinu. Reykjavík er því ekki aðeins andlegur höfuðstaður, heldur og allsherjar uppeldisstöð landsmanna, fyrir áhrif þau, sem hún hefir á hina ungu gesti. Dvölin hjer verður þeim altaf til náms, þótt fólkið komi ekki beint í þeim tilgangi. Fyrir ungu stúlkurnar, sem

koma hingað í vist, og þær eru margar, verður Reykjavík skóli til ills eða góðs. Því er það æskilegt frá sjónarmiði allra landsmanna, að Reykjavík sje heilbrigður bær og hollur, ódýr og áhrifagóður. Því er hver stofnun, sem eykur menningu í Reykjavík, landsmál.

Ef við virðum fyrir okkur það tímabil, sem við lítum upp og aftur til, söguöldina, þá sjáum vjer, að eitt af því, sem einkendi hana, var óvenjulega fullkomin líkamsmenning. Hún hefir óvíða átt sinn líka, nema suður í Miðjarðarhafslöndum fyrir ca. 2000 árum. En með andlegri og fjárhagslegri hnignun landsins hnignaði og líkamsmenningunni. En síðan hafa verið gerðar tilraunir af æskulýð þessa lands að reisa hana við. Það er samband milli líkamsmenningar og annarar menningar í hverju landi, og þarf ekki að líta lengra en til Englendinga, sem hafa sett markið dýpst á andlega menningu, og eru ein af hinum mestu íþróttaþjóðum heimsins. Jeg vona, að menn þurfi nú ekki að deila um það, að æskilegt er að geta gert sem mest fyrir líkamsmenninguna.

Í þessu frv. er farið fram á það, að stofnaður verði sjóður af skatti á opinberar íþróttasýningar, og þessum sjóði sje svo síðar meir varið til að byggja sundhöll og íþróttaskála. Það er tvent, sem hefir gert það auðveldara að framkvæma þetta nú en það var fyrir nokkrum árum. Annað er það að Sigurjón Pjetursson, sem er áhugamaður hinn mesti og einn af fremstu íþróttamönnum þessa lands, hefir fundið upp auðvelda aðferð til að leiða heitt vatn langar leiðir án þess að það kólni að nokkrum mun. En hitt er, að nú er komið hjer rafmagn. Það er sjálfsagt að geta þess, sem vel er gert, og skal jeg því fara nokkrum orðum um, hvernig Sigurjón uppgötvaði þessa aðferð. Hann rekur, sem kunnugt er, ullarverksmiðju á Álafossi. Inn í verksmiðjuna leiðir hann heitt vatn og hitar með því verksmiðjuna og íbúðina og ljettir alla starfrækslu. En hann fjekk eigi nóg af heitu vatni hjá Álafossi og var því að hugsa um að kaupa hver ofar í dalnum. Hann fór til þekts verkfræðings til að spyrja hann ráða um þetta, en verkfræðingurinn rjeð honum frá því, vegna þess, að vatnið mundi kólna á leiðinni. En Sigurjón er orku- og framkvæmdamaður og rjeðst í þetta eigi að síður og gerði þá þessa uppgötvun. Hann hlóð torfgarð undir leiðsluna í stað þess að grafa hana í jörðu, og losnaði með því við að vatn kæmist eins að leiðslunni. Á þennan hátt tókst honum að leiða vatnið 1½ kílómetra án þess að það kólnaði meir en um 2 stig. Þessi uppgötvun hefir varanlega þýðingu og kemur þessu máli mikið við, og gerir kleift að hagnýta heita vatnið meir en gert hefir verið að undanförnu.

En fyrst jeg mintist á Álafoss, þá ætla jeg að geta þess, að nú starfar, eftir ósk þingsins, nefnd, til að rannsaka ullariðnað hjer á landi. Að hennar tilstilli kom verkfræðingur að Álafossi. Þar vinna milli 40—50 manns, og vinnan er ekki góð eða heilsusamleg. En þessi verkfræðingur veitti því eftirtekt, hversu fólkið var hraustlegt og vel útlítandi og spurði, hverju slíkt sætti. Hann fjekk þá skýringu á því, að rjett hjá verksmiðjunni var sundlaug og verkafólkið synti í henni á degi hverjum, og sundið gerði verkafólkið svona hraustlegt útlits. Þetta þótti verkfræðingnum frábærlega merkilegt. Þetta er röksemd fyrir frv. mínu. Það er ný sönnun fyrir því, að

líkamlegt hreinlæti er nauðsynlegt við dagleg störf.

Það, sem ætlast er til hjer, er, að í framtíðinni verði alt heita vatnið úr Laugunum leitt heim að bænum. Jeg gæti hugsað mjer, að sundhöllin yrði t. d. hjá gasstöðinni, því þangað er skemst leiðsla. Mikils virði væri, ef hægt yrði að dæla sjó þangað í eina sundþróna, svo menn gætu ýmist baðað sig í heitum laugum eða hressandi saltvatni. Aðalatriðið er, að alt verði sem fullkomnast og komi að sem bestum notum. Það þyrftu sennilega að vera 4—5 sundlaugar, svo karlar, konur og börn geti synt samtímis, svo sem venja er til á slíkum stöðum erlendis. Hjer yrði þetta tiltölulega ódýrt. Seinna þyrfti að byggja við sundhöllina stórt leikfimishús. Sundhöllin og íþróttaskálinn verða þá höfuðsetur allra íþrótta í Reykjavík.

Jeg mætti í morgun einum íþróttamanni hjer, sem var óánægður með að þurfa að borga þennan skatt. En jeg sagði honum, að ef íþróttamenn yrðu mjög skammsýnir, þá liti ekki vel út með framfarir í íþrótt þeirra. Það er ekki svo að skilja, að þetta fje sje tekið af íþróttamönnunum sjálfum, það er tekið af bæjarbúum öllum og gestum í bænum. Hinar stóru íþróttasýningar mundu veita miklu fje í þennan sjóð. Þetta er skattur á skemtanafýsn fólksins, tekinn úr vasa almennings. Og allur almenningur mun njóta góðs af ávöxtum sjóðsins, ef þessi breyting verður gerð. Ef þannig löguð sundlaug kæmi rjett við jaðar bæjarins, mundi í fyrsta lagi vera auðvelt að láta hvert einasta skólabarn í Reykjavík synda þar einu sinni á dag. Í öðru lagi mundi námsfólk við aðra skóla hjer vera tíðir gestir þar, og í þriðja lagi geri jeg ráð fyrir því, að íþróttamenn og konur mundu iðka meira sund þá en nú er kostur á. Og að lokum má búast við því, að mjög margir eldri menn hjer mundu nota þetta sjer til heilsubótar. Það er ekki auðvelt hjer, vegna veðráttu, að lifa heilsusamlegu lífi í Reykjavík, eins og víða í næstu löndum. Jeg veit ekki, hvort menn hafa veitt því eftirtekt, að margir andans menn þessarar þjóðar, þingskörungar, ráðherrar o. s. frv., hafa dáið fyrir tímann. Ef menn minnast þess, að Gladstone var í fullu fjöri um áttrætt, en okkar afburðamenn falla oft í valinn 55—60 ára, þá er sýnilegt, að þetta stendur í sambandi við okkar ytri lifskjör. Hjer er ekki nema að litlu leyti hægt að stunda útiíþróttir sjer til heilsubótar, og mundi því leikfimi, og einkum dagleg iðkun sundíþróttarinnar, koma að góðum notum og lengja mannsaldurinn. Skammlífi nær til allra, bæði til þeirra, sem eiga að búa við svokölluð fáguð lifskjör, og hinna, sem við þrengri kost búa. Því verður að taka tillit til veðráttunnar og reyna að leiða þjóðina inn á heilsusamlegar brautir.

Jeg hefi nú farið um þetta fleiri orðum en venja er til. Geri jeg það af því, að í þessu frv. er fólgin ný stefna. Hjer er gerð tilraun til þess að rækta fólkið, og bæta að dálitlu leyti úr því, hvað við erum orðnir á eftir tímanum. Hjer er reynt að láta það lægra og minna skapa það hærra og meira. Miklu af því fje, sem hjer er eytt í skemtanir, er illa eytt í lítilfjörlegar skemtanir. Hjer er leitast við að nota þetta eyðslufje á þann hátt, að láta skemtunarfýsn fólksins skapa framtíðarheill alþjóðar.

Jeg vil að síðustu leggja það til, að máli þessu verði vísað til mentmn.

Jón Magnússon: Jeg efa það ekki, að tilgangur hv. flm. (JJ) með frv. þessu sje góður. En jeg held, að við verðum að líta okkur nær. Við munum, að 1918 var bænum leyft að leggja á skemtanaskatt. Því ber ekki að neita, að það er rjett og gott að nota skemtanafýsn fólksins til þess að ná fje til bæjarþarfa, því að þær má telja nauðsynlegar. Menn muna nú hvernig fór, þegar skatturinn var lagður á íþróttamennina. Þá komu allir þm. Reykv. með frv. um að sleppa áhugaíþróttamönnum við skatt. Þeir töldu skattinn á íþróttirnar byrði, en hins vegar væri ekkert á móti því að leggja skattinn á atvinnuíþróttamenn. Út úr þessu voru áhugaíþróttamenn leystir frá skemtanaskatti. Nú geri jeg ráð fyrir því, að þeir muni ekki nú í ár fagna því að eiga að borga helmingi hærri skatt en aðrir. Háttv. flm. (JJ) býst við, að þeir muni fúsir að leggja hann á sig, er honum sje varið til svona þarflegs fyrirtækis. En jeg tel ekki rjett að íþyngja áhugaíþróttamönnum með þessum skatti. Þeir vilja hafa það fje, sem þeir fá inn, til eigin umráða og eigin þarfa, svo sem til íþróttavallar o. s. frv. Jeg býst við, að það sje rjett, að skatturinn komi ekki eingöngu niður á íþróttamönnunum sjálfum, en það breytir engu í þessu efni. Svo er um alla slíka skatta. Það, sem mjer finst auk þess mjög athugavert, er, að þingið fari upp úr þurru að taka upp mál, sem er sjerstakt bæjarmál. Sundlaugin á að vera kostuð af bænum, þó að vitanlega fleiri en bæjarbúar geti haft gagn af henni.

Það er þá og sett nefnd af bæjarstjórninni til að athuga kostnað við að veita vatninu úr Laugunum hingað til bæjarins og gera þar þvottalaug og sundlaug. Jeg get því ekki sjeð, að það sje ástæða til fyrir þingið að taka að sjer þetta mál, óbeðið af öllum, einkum er bæjarstjórnin hefir sjálf tekið það upp.

Jeg ímynda mjer líka, að það myndi ganga seint að safna nægu fje. Að vísu hefi jeg ekki ábyggilegar skýrlsur um það, hvað inn kemur fyrir íþróttasýningar hjer. En jeg hefi heyrt, að það myndi vera fullmikið áætlað að gera ráð fyrir 15 þús. krónum á ári. Yrðu því um 3 þúsundir kr., sem til þessa sjóðs færu árlega. Færu því mörg ár til þess að safna í sjóðinn, þangað til hægt yrði að byggja. Myndu því fljótt koma fram kröfur um, að ríkið legði fram tillag á móti þessu. Tel jeg rjett að láta bæjarstjórnina eina um þetta.

Flm. (Jónas Jónsson): Háttv. 4. landsk. þm. (JM) hafði margt að athuga við frv. mitt. Skal jeg því stuttlega svara athugasemdum hans, sjerstaklega þeim, er snerta hin sögulegu atriði málsins.

Háttv. þm. talaði fyrst um það, að íþróttamenn hefðu ekki viljað borga skemtanaskatt í fyrra. En slíkt er ekki nema venjulegt, að menn mæli alment á móti sköttum, er þeir þurfa að borga þá sjálfir. Þannig er það algengt, að ríkir menn mæli á móti háum sköttum. Er því engin ástæða til að taka þessi mótmæli hátíðlega.

Jeg talaði í gær við einn af læknum þessa bæjar, sem einmitt hefir látið heilbrigðismál mikið til sín taka og er sannur íþróttavinur. Hann taldi sundhöllina vera sitt áhugamál og stórt spor stigið í framfaraáttina, ef það næði

fram að ganga. Læknir þessi var Guðmundur Björnson landlæknir. Þar sem jeg veit nú, að háttv. 4. landsk. þm. (JM) hefir mikið álit á landlækni, vona jeg að hann taki þetta því sem meðmæli með frumvarpinu.

Mjer er vel kunnugt um, að margir mikilsráðandi menn hjer eru á móti þessu máli. En það eru einmitt þeir menn, sem eru venjulega á móti öllum framförum, og hafa hvorki skilning nje áhuga á því, sem til framfara horfir, og var einn þessara manna með mikla yglibrún, er frv. þetta varð kunnugt almenningi í bænum.

Þá kom fram allmikil mótsögn hjá háttv. þm. (JM), er hann taldi þetta eingöngu vera bæjarmál, sem Reykjavík ein ætti að fjalla um. En talaði þó í öðru orðinu um að styrkja það af landsfje. Jeg vil enn halda því fast fram, að þetta sje mál, sem snerti alt landið; því að litlar líkur eru fyrir því, að bæjarstjórnin komi því í framkvæmd, þar sem hún hefir ekki sjeð ástæðu til að byggja baðhús við leikfimishús barnaskólans, fyr en í vetur. Hygg jeg því, að þess yrði langt að bíða, að bæjarstjórnin fari að leggja fram fje til þess að byggja nýjar sundlaugar heima við við bæinn.

Hvað snertir arðinn af íþróttasýningunum, þá er það fullvíst, að meira en 15 þúsundir koma inn fyrir þær sýningar árlega. Annars er það ekki aðalatriði, hve mikill þessi skattur er eða verður hvert einstakt ár, heldur hitt, að stíga rjett spor í framfaraáttina. Gefa íþróttamönnunum tækifæri til að sýna, að þeir láti framtíðarheill sitja í fyrirrúmi fyrir stundarhagnaði.

Ef nú háttv. 4. landsk. þm. (JM) tekst að eyðileggja þetta mál, þá sjest best, hve mikið er af stórhug og krafti í þessari háttv. deild. Og mun jeg seinna sjá, eftir þeim móttökum, er önnur frv. fá, sem jeg ætla að koma með á þessu þingi, hvað þessi háttv. deild leggur til hinnar innri viðreisnar landsins.

Jón Magnússon: Háttv. flm. (JJ) sagði, að jeg hefði komist í mótsögn, er jeg taldi þetta bæjarmál, sem rjett gæti verið að styrkja af ríkisfje. Sje þetta mótsögn, þá held jeg að margar sjeu mótsagnirnar, og nægir að benda á, að hafnargerðin hjerna var þó bæjarmál, sem styrk fjekk af ríkisfje. Jeg held því, að háttv. flm. hafi sagt þetta óvart.

Það kann vel að vera, að það lýsi stórhug að leggja þetta gjald á íþróttamenn, en jeg sje eigi betur en það komi býsna hart niður á þeim.

Það er misskilningur hjá háttv. flm. (JJ), að jeg hafi ráðgast við kjósendur úti í bæ um þetta mál. Því það stendur ljóst fyrir mjer, að það sje hringl af þinginu, ef það sámþykkir þennan skatt núna, en leysti áhugamennina undan honum helmingi lægri í fyrra.

Flm. (Jónas Jónsson): Aðeins stutt athugasemd.

Háttv. 4. landsk. þm. (JM) vildi halda fram, að frv. þetta ætti ekki eftir eðli sínu fram að ganga, því að það væri ekki landsmál, og bærinn einn ætti því um það að fjalla. Þetta er mótsögn hjá háttv. þm. (JM), því að það getur ekki verið rangt, þó að þingið láti til sín taka um framgang máls, sem annars er viðurkent að styrkja þurfi með framlögum úr landssjóði.

Hins vegar tel jeg, að bæjarstjórnin geti ekki mikið sagt, þó að þingið sker-

ist í þetta mál, þar sem hún hafði ekki þroska til að sjá, að byggja þyrfti baðhús við leikfimishús barnaskólans fyr en í vetur. Og mun það einsdæmi, að í nokkurri borg sje bygt leikfimishús, án þess að baðhús fylgi. Bendir þetta á hinn argasta skrælingjaháttt viðvíkjandi heilbrigðisframkvæmdunum í höfuðstaðnum.

Hvað viðvíkur því, að það lýsi stórhug að leggja þennan íþróttaskatt á, eins og háttv. 4. landsk. þm. (JM) komst að orði, þá hefir enginn annar en hann litið svo á málið. En hitt er rjett, að það lýsir aldrei stórhug að tefja fyrir góðu máli.

Að þetta frv. sje hringl, í sambandi við aðgerðir þingsins í fyrra í íþróttaskattsmálinu, er alls ekki rjett, því að þetta er í raun og veru alt annað mál, því að í fyrra átti íþróttaskatturinn að ganga til bæjarins, en nú á hann að ganga til þess að styðja íþróttir.

Jón Magnússon: Jeg legg til, að frv. þessu verði vísað til fjárhagsnefndar, því að það er skattamál, og á þar því heima.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg tel sjálfsagt, að máli þessu verði vísað til mentamálanefndar, því að það er mentamál, og á því að athugast frá mentamálahlið, en eigi frá skattahliðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, KE, SE, SHK, SJ, BK, HSt.

Till. um að vísa frv. til mentamálanefndar feld með 8 : 3 atkv.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SE, SHK, SJ, BK, GGuðf, IHB, JóhJóh, HSt.
nei: JJ, KE, EÁ, GÓ, HSn.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 23. mars, var frv. aftur tekið til 2 u m r. (A. 34, n. 182).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætla ekki að vera margorður. Það gengur nú orðið svo mikið í skemtiræður hjer í deildinni, að það er óvíst, hvað það, sem maður segir, getur leitt til. Jeg læt mjer því nægja að vísa til álits nefndarinnar á þskj. 182, sem byggist á því, að Íþróttasambandið er ekki fært til að borga meiri skatt, eins og ástæðum þess og fjárhag er varið. Íþróttasambandið borgar nú 20% af aðgöngueyri til Íþróttavallarins og 2% í slysatryggingarsjóð íþróttamanna; þyrfti því, ef frv. væri samþykt, að greiða 42%, og er það óneitanlega alt of mikið.

Þá er bæjarstjórn Reykjavíkur nú að gera athuganir um notkun á vatni úr Laugunum, sem hún hefir umráðarjett yfir, og er því einnig, hvað það snertir, of snemt að setja lög um þetta efni.

En bæjarstjórn og Í. S. Í. eru þeir aðiljar, sem fyrst og fremst eiga að beita sjer fyrir framkvæmdum þessa máls, þótt ríkissjóður yrði að líkindum að veita einhvern fjárhagslegan stuðning.

Nefndin leggur því til, að dagskráin á þskj. 182 sje samþykt.

Jónas Jónsson: Þetta stendur í nánu sambandi við annað mál, sem ekki hefir komið mikið til umræðu í deildinni enn þá, nefnilega um meðferðina á gróðanum af vínversluninni. Ef það frv. nær fram að ganga, kemur nokkur hluti fjárins til að renna í þennan sjóð. Jeg hefi talað um þetta mál við formann nefndarinnar, og leyfi jeg mjer að stinga upp á, að málið sje tekið út af dagskrá og sje látið bíða hjá nefndinni, uns fullvíst er, hvort íþróttasjóðnum áskotnast þannig tekjur eða ekki.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er rjett, að hv. 5. landsk. þm. hefir minst á þetta við mig. Jeg fyrir mitt leyti er ekki á móti því, að málinu sje frestað, en vil mega vænta þess, að umræður þurfi þá ekki að vera, nema nýjar ástæður verði fyrir hendi.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

38. Meðferð áfengistekna.

Á 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi (þmfrv., A. 63).

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessu frv. hefir verið útbýtt fyrir nokkrum dögum, og hafa þingmenn því eflaust kynt sjer það. Meiri hluti þjóðarinnar hefir um mörg undanfarin ár óskað, að hjer yrði algert aðflutningsbann á áfengi. Það hefir ekki lánast sem skyldi. Mikið vín hefir verið flutt inn í landið, og í bráðabirgðalögunum frá síðasta þingi er leyfður innflutningur í stórum stíl. Allar líkur eru til, að þau lög muni verða framlengd um nokkur ár. Ef þær ytri kringumstæður, sem valda afnáminu, breytast, mundi þjóðin lögleiða bannið aftur. Það er ómögulegt að líta á afnám bannsins öðru vísi en sem verslunarmál. Þeir, sem mest hafa barist fyrir afnáminu, telja sig hafa gert það til að bjarga fiskmarkaðinum, en ekki til að afla landsjóði tekna af víni, og þó að landinu áskotnist einhver arður af vínversluninni, þá var það þó ekki tilgangurinn í fyrstu. Það vakir fyrir flestum að stemma stigu, svo sem unt er, fyrir ofdrykkjunni, og vjer bannmenn óskum einhverra ráðstafana, sem hindra slíkt, eins og líka kemur fram í þessu frv.

Fyrir 3 mánuðum fjekk jeg ástæðu til að tala um þetta mál á almennum kjósendafundi í Árnessýslu, þar sem jeg kom fram með þá hugmynd að nota gróðann af áfengisversluninni, sumpart til að vinna á móti vínbölinu og sumpart til að efla andlega og líkamlega menningu í landinu. Þótt meðal þeirra

kjósenda, sem á mig heyrðu, hafi eflaust verið nokkuð skiftar skoðanir, þá tóku flestir vel undir þessa tillögu.

Í frv. eru tvö aðalatriði; 1 að búa svo um hnútana, að tekjurnar af vínverslueinni verði ekki til að festa vínbölið í landinu, 2 að láta vínið svo sem unt er vinna á móti sjálfu sjer, þ. e. þeirri úrkynjun, vesaldómi og spillingu, sem hlýtur að fylgja í kjölfar þess. Jeg hygg, að það beri að dæma frv. út frá þessum atriðum. Þeir verða á móti því, sem vilja festa vínið í landinu, og sömuleiðis þeir, sem eru andvígir framförum í almennri mentun, iþróttum, listum og vísindum.

Jeg kem þá að einstökum greinum frv. Viðvíkjandi 1. gr., að alt það, sem kemur inn fyrir áfengisverslun, t. d. ágóði, sektir, tollar o. s. frv., renni í þennan sjóð, er það að segja, að það getur ekki komið til mála að gera þetta fje að almennum eyðslueyri. Mjer hefir nýlega verið bent á það af einum hv. þm., að ef þetta frv. nær fram að ganga, yrði það, að því er snertir tolltekjurnar, brot á lántökusamningum, sem gerðir hafa verið við aðra þjóð. Jeg ætla þá að taka það fram, að ef ekki stæði á öðru, myndi jeg sætta mig við, þótt tolltekjurnar gengju ekki í sjóðinn, meðan samningar um enska lánið eru óbreyttir.

Það er gert ráð fyrir 3 manna stjórn til að ráðstafa arðinum, og verða þeir menn valdir úr aðalflokkum þingsins. Væri það ávinningur, þar sem af því mundi leiða til fastari stefnu í málinu heldur en ef landsstjórnunum, sem flestar verða skammlífar, yrði falið að ráðstafa fjenu.

Viðvíkjandi 1. liðnum er það að segja, að meðan sú ráðstöfun, sem nú er um vínverslun, stendur, eru aðeins tveir vegir, sem löggjafarvaldið getur farið til að halda ofdrykkjunni í skefjum. Hið fyrra er, að menn megi ekki vera ölvaðir á almannafæri og sæti annars sektum. Hitt ráðið er að fræða ungu kynslóðina um skaðsemi áfengisins, og lækna þá, sem fallnir eru. Áfengissjóðurinn á að vera einskonar landvarnarfyrirtæki. Fje hans á að verja til að auka þekkingu á skaðsemi áfengis og efla bindindi, og að hinu leytinu til að styrkja eftirlit í áfengismálum, bæði gagnvart smyglurum og drykkjumönnum. Þess er mikil þörf. Það er sorglegur sannleiki, að Íslendingar eru drykkfeld þjóð að eðlisfari, svo að bæði má telja skömm og skaða að.

Þá kem jeg að hinum fjórum liðunum. Þeir eru meira nýmæli. Þeir eru annars eðlis. Áfengissjóðurinn á að glíma við áfengissýkina sjálfa. Hinir síðari þættir eru beinlínis til að auka andlega og líkamlega menningu landsins. Hafið brýtur niður ströndina á sumum stöðum, en myndar aftur lönd annarsstaðar, þar sem fyr var sjór. Meðan áfengið spillir heilsu og manndómi Íslendinga, vegna fisksölunnar á Spáni, má ekki minna vera en að þetta dýrkeypta fje myndi aftur land, sem bætur fyrir spjöll þau, sem niðurbrjótandi áhrif áfengisins valda í þjóðlífinu. Hugmyndin er sú, að nota þetta tilviljunarfje, sem ríkissjóði áskotnast á þennan hátt, til þess að auka alþýðumentun í landinu og hærri menningu á ýmsum sviðum. Fyrir nokkrum árum var stofnaður hjer sjóður, sem ber nafn Eggerts Ólafssonar, sem var fyrsti brautryðjandi íslenskrar náttúrufræði. Sjóður þessi hefir stöðugt vaxið undir vernd okkar helstu náttúrufræðinga,

svo sem Þorvalds Thoroddsen, Stefáns Stefánssonar, Bjarna Sæmundssonar. og Helga Jónssonar. Sjerstaklega hefir hinn síðastnefndi lagt mikið á sig fyrir sjóð þennan. Tilgangur sjóðs þessa er að styðja íslenskar náttúrufræðisrannsóknir, svo sem Carlsbergssjóðurinn gerir í Danmörku. Ef þessi sjóður fær styrk af fje því, sem hjer um ræðir, þá losnar ríkissjóður við fjárframlög til hans, en annars verður ekki hjá því komist að styrkja hann af opinberu fje í framtíðinni.

Þá kem jeg að öðrum liðnum, að veita Þjóðvinafjelaginu nokkurn styrk af fje þessu til að gefa út á íslensku úrvals fræði- og skemtanabækur í ódýrum útgáfum. Jeg get verið fáorður um hugmynd þessa, því að áður hefir alkunnur gáfu- og lærdómsmaður, prófessor Sigurður Nordal, skýrt hana. Við erum, sem kunnugt er, lítil þjóð með einangrað mál, og getum því ekki fylgst með í bókmentastraumum umheimsins, því að við skiljum ekki kenslulaust mál annara þjóða. Ef við værum fæddir í enskumælandi löndum, gætum við fengið svo að segja hvaða klassiskt ritverk sem er fyrir 1 krónu í „Every Man's Library." En okkar gáfufólki er nálega bönnuð önnur fræðsla en sú, er okkar fáskrúðugu bókmentir veita. Jeg veit, að forseti Þjóðvinafjelagsins, dr. Páll E. Ólason, er mjög hugsandi um þetta efni. Hann hefir skrifað Alþingi beiðni um, að það veitti Þjóðvinafjelaginu styrk til að gefa út nokkrar bækur á ári. Mundi þá vera valið til útgáfu ágætustu bókmentaverk heimsins, svo sem bækur eftir Tolstoj, Selmu Lagerlöf, Björnson o. fl. Að sama skapi yrðu gefnar út fræðibækur, sem einstakir forleggjarar þyrðu ekki að gefa út vegna kostnaðar. Jeg veit, að þessi hugmynd er í fullu samræmi við vilja stjórnar Þjóðvinafjelagsins og einnig í samræmi við vilja meginþorra allra kjósenda, því að ef nokkurt sameiginlegt einkenni er á hinni íslensku þjóð, þá er það hungur *eftir að lesa góðar bækur. Og jeg full*yrði, að þessi liður yrði til þess að tendra ljós þekkingarinnar, svo að segja á hverju heimili í landinu.

Þá er þriðji liðurinn, um það að verja nokkrum hluta þessa fjár til þess að kaupa listaverk af ýmsum listamönnum. Um þennan lið vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum. Jeg skal þá fyrst geta þess, að það er merkilegt, hvað við eigum nú marga og góða listamenn. Það er merkilegt, að þjóð, sem ekki telur nema 100 þús. manns, skuli eiga á sama mannsaldrinum tvo menn eins og Einar Jónsson og Ásgrím Jónsson. Og í nánd við þá standa allmargir aðrir listamenn, þótt ekki sjeu þeir jafnsnjallir. En það er spá mín og trú, að þetta standi ekki lengi. Tökum t. d. Hollendinga. Á endurreisnartímabili þeirrar þjóðar áttu þeir hvern snillinginn öðrum meiri, og þá voru gerð í Hollandi mörg þúsund ágætra málverka, sem nú fylla listasöfn allra stærri menningarborga í Evrópu og Bandaríkjunum. En síðustu tvær aldirnar finst þar nálega ekkert af góðri list. Jeg býst við því, að það fari eins fyrir okkur og Hollendingum, ef við misskiljum okkar vitjunartíma og gerum listamönnum vorum ókleift að njóta sín hjer, með því að svelta þá.

Jeg veit af í einu húsi hjer 6 eða 7 málverkum, sem kostuðu um 4—5 þúsund frá málarans hendi, Ásgríms Jónssonar. Þessi málverk fara burtu úr landinu eftir nokkra mánuði, og koma

ef til vill aldrei aftur. Þetta er ómetanlegt tjón fyrir landið. Erlendis lifa listamennirnir á því að selja einstökum mönnum verk sín. Hjer er sá markaður ef þröngur. Menn eru hjer ekki svo efnum búnir, að þeir geti keypt mikið af listaverkum. Því verður landið sjálft að kaupa, eða engin list getur þrifist hjer.

Þá kem jeg að síðasta liðnum, um að verja hálfum ágóðanum til þess að koma upp nauðsynlegum alþýðuskólum til sveita og styrkja tvær íþróttastöðvar, aðra við Reykjavík, hina í snjóahjeruðum norðan- eða austanlands. Þetta er mjög stórt atriði. Unga fólkið sækir nú svo mjög úr sveitunum til Reykjavíkur, að til vandræða horfir, bæði með húsnæði og atvinnu. Þetta aðstreymi til Reykjavíkur er að miklu leyti fólgið í því, að unga fólkið á ekki í annað hús að venda til náms. Og þegar það er einu sinni komið til bæjarins, þá langar það meira til að ílengjast þar. Við þetta tapa sveitirnar starfskröftum, og auk þess legst mikill kostnaður á sveitabændur við að kosta börn sín til náms í Rvík. Því verður óhjákvæmilegt að byggja alþýðuskóla í sveitunum, til þess að unga fólkið geti aflað sjer þar hentugrar, ódýrrar mentunar. Við það skapast aflstöðvar út um hinar dreifðu bygðir landsins. Þess vegna er fje, sem varið er til slíkra hluta, engan veginn fleygt í sjóinn. Það hefir ekki verið hægt að ljúka við skólahúsbygginguna á Eiðum sökum fjeleysis, en það er góður skóli og ódýr. Á Suðurlandsundirlendinu vantar tilfinnanlega skóla fyrir um 100 manns. Í Dalasýslu er góður skóli með ágætum kenslukröftum, en líður af fjárskorti. Á Vestfjörðum má nefna skólann á Núpi, sem hefir haft stórmikil áhrif vestra, en á við þröng kjör að búa. Í Suður-Þingeyjarsýslu hefir verið myndaður sjóður til skólastofnunar með frjálsum samskotum sýslubúa, og þar er ekkert kjördæmismál, sem fólki er hjartfólgnara en einmitt þetta. Nú hafa ill ferlög hagað því svo til, að landið fær fje í ríkissjóð, sem það bjóst ekki við að fá, fje, sem safnast fyrir sölu á áfengi. Það kemur til vor eins og 30 silfurpeningarnir forðum til Gyðinganna, sem þeir vörðu til að kaupa fyrir grafreit handa erlendum mönnum. Nú ættum við að fara að dæmi hinna vísu Gyðinga, og festa ekki þetta Rínargull, sem hefir í sjer fólgið beiskt eitur, í almennum eyðslueyri, heldur verja því á þann hátt, sem í frv. segir, minnugir þess, hversu hinir vitru Gyðingar fóru að undir svipuðum kringumstæðum.

Þá er eftir einn liður, um íþróttastöðvarnar. Jeg hefi talað um íþróttastöð í Reykjavík í sambandi við annað mál, og þarf því ekki að endurtaka það hjer. En það er ekki nóg að hafa íþróttastöð í Reykjavík, heldur verður að hafa aðra í einhverjum af snjóahjeruðum landsins, þar sem lögð yrði stund á vetraríþróttir, svo sem skíðaferðir og skautahlaup.

Það er eitt atriði sameiginlegt um þá eyðslu, sem hjer er farið fram á, að hún fer öll í hluti, sem hafa varanlegt gildi, fasteignir til menningarbóta, skólahús, fræðibækur, listaverk og íþróttastöðvar. Það er líka sjálfsagt, þegar um svona tilviljunarfje er að ræða. Jeg býst við því, að eftir nokkur ár verði algert bann komið hjer á aftur. Hvar stöndum við þá, ef ágóðinn af vínversluninni er orðinn óhjákvæmilegur liður í fjárlögum landsins. En ef við verðum þá búnir að byggja 7—8 al-

þýðuskóla og íþróttastöðvar, þá er það varanleg eign, sem stendur og hefir fullkomið gildi, þó að fjáraflinn hætti með endurkomu bannlaganna.

Jeg hefi heyrt það talið lýti á þessu frv., að óheppilegt sje að kljúfa ríkissjóð í margar deildir. En þá má minnast þess, að nú förum við að njóta góðs af því, að þm. N.-Ísf. (SSt) kom því til leiðar fyrir nokkrum árum, að myndaður var sjóður nákvæmlega með sama fyrirkomulagi, landhelgissjóðurinn. Hann er myndaður af sektum, sem inn koma fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, og á að verja honum til að byggja strandvarnarskip. Nú er bráðum hægt að fara að byggja skipið, og það er því að þakka, að fje þetta var lagt í sjerstakan sjóð, en ekki notað sem eyðslufje. Þetta hliðstæða dæmi ætti að ýta undir hv. þm. að fara eins að hjer.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni. Jeg legg til, að máli þessu verði vísað til mentmn., því að hjer er um menningarmál að ræða. Jeg legg þó ekki kapp á það, en hugsunarrjett er, að það á þar heima.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg var að bíða eftir því, að hæstv. stjórn tæki til máls. Hjer er um stórt mál að ræða, og bjóst jeg því við, að hún ljeti eitthvað til sín heyra. Sjerstaklega átti jeg von á því, að hæstv. fjrh. (MagnJ) ljeti sig ekki vanta við þessar umræður, því að hjer ræðir um að taka mikið fje undan yfirráðum þingsins og skerða með því fjárstofn þann, sem þingið á að verja til þarfa landsins.

Jeg saknaði þess í ræðu hv. flm. (JJ), að hann gerði grein fyrir því, um hve mikið fje hjer er að ræða. Víst er um það, að það er mikið fje. Tollurinn mun nema 365 þúsundum. Maður hefir heyrt ýmsar tölur um hagnaðinn af áfengissölunni. Jeg hefi heyrt, að hagnaðurinn muni vera um 200 þús. kr. nú þegar. Jeg veit ekki, hvort það er satt, en ástæða er til að flm. hefði gert nokkra grein fyrir þessu. Auk þess mun sektarfje nema nokkru, og andvirði fyrir óleyfilega innflutt vín. Við skulum gera ráð fyrir, að öll upphæðin verði 700 þús. kr., þá kemur spurningin: Höfum við efni á að missa þetta fje? Jeg skal ekki bera á móti því, að æskilegt væri að geta stutt þessar stofnanir. Það vilja allir. En fyrst verðum við að vita, hvort nokkuð er til í vasanum, áður en við förum ofan í hann til að gefa úr honum; það verður þingið að gera hjer. Jeg get ekki dulist þess, að það munu verða skiftar skoðanir um það, hvort nú eigi að verja 20% af þessu fje, eða 140 þús. til bindindissjóðs. Jeg bar fram á síðasta þingi að veita 5000 kr. í sama skyni, en það fjekst ekki, en var fært niður í 3000 kr. Því er kynlegt að búast við, að þingið verði svona stórtækt nú. Eftir þessu frv., ætti að leggja hjer árlega til náttúrufræðisiðkana 70 þús., til þess að koma út skemtibókum 70 þús., til þess að kaupa listaverk 70 þúsund. Já, það væri gaman að vera ríkur, en að hinu er minna gaman, að látast vera ríkur, en vera fátækur. Jeg ætla ekki að halda langa ræðu á móti þessu, jeg vildi ósköp gjarnan styrkja alt þetta, en þetta frv. er svo fáránlegt, í þeirri mynd, sem það nú er, að jeg á ómögulegt með að greiða því atkv. til 2. umr. Jeg óska nafnakalls um frv.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki miklu við að bæta, þrátt fyrir ræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK). Hann lagði til, að frv.

yrði ekki látið ganga til 2. umr. Samt kom hann ekki með nein rök gegn því, hvorki frá sjónarmiði bannmanna eða almennra hagsmuna.

Hingað til mun þessi hv. þm. (SHK) hafa haldið sig vera bannmann. Að líkindum hefir hann þá haft ákveðna skoðun um, að áfengisnautn sje óheillavænleg landi og þjóð Honum hlýtur enn fremur að vera kunnugt um, að inn í bannlandið hefir nú á síðustu tímum borist allmikið fje, bæði fyrir leyfilega og óleyfilega vinverslun. Þetta fje vil jeg að sje notað til varnar gegn áfenginu og menningarleysinu í landinu, meðan það flýtur í landssjóðinn. Þegar bannið kemur aftur, hverfur þessi tekjulind, og um leið nokkuð af þeirri nauðsyn, sem nú gerir óhjákvæmilegar sjertakar ráðstafanir móti þjóðarúrkynjun. Enn fremur gerði hann ráð fyrir, að jeg ætti að leggja fram áætlun um þessar tekjur. Var þess krafist af Sigurði Stefánssyni, er hann myndaði landhelgissjóðinn, að hann segði fyrir, hve mikið fje kæmi fyrir sektir árlega? Víst ekki. Enginn skynsamur maður heimtar áætlun, þegar svona stendur á. En 1913 gleypti þingið við hugmyndinni, af því að það sá, að hún var góð. En eins og kunnugt er, er sjóður þessi nú bráðum orðinn svo stór, að fyrir hann má kaupa skip til landhelgisgæslu. Þetta hefði hv. þm. (SHK) ekki átt að vera vorkunn að sjá. En það er nú svona, þegar menn skortir á um hyggindi. Að öðru leyti var hv. þm. (SHK) í allmiklu ósamræmi við sjálfan sig. Hann sagði, að ríkissjóður mundi líklega ekki mega missa þetta fje, og saknaði fjármálaráðherra til þess að gefa sjer upplýsingar, sem hann játar óbeinlínis, að sig skorti kunnugleika til að dæma um. Eðlilegasta skýringin á því, hvers vegna hann vill steypa vínsölubanninu beint í daglegu eyðsluna, er það, að hann mun reka minni til fjáraukalaganna fyrir 1920—21, þar sem hans stjórn, og þar með hann sjálfur, hafa gengið svo greypilega frá landssjóði, eins og þjóðinni er nú kunnugt.

Viðvíkjandi sumum meginatriðum í ræðu minni fór þessi hv. þm. (SHK) með meinleg ósannindi. Hann telur, að jeg hafi viljað, að Þjóðvinafjelagið gæfi út fyrir þetta fje tómar skemtibækur. Jeg sagði fræði- og skemtibækur jöfn um höndum. Jeg geri ráð fyrir, að hann þekki þá ensku fyrirmynd, sem jeg tók, „Every Mans Library," sem gefið hefir út mörg hundruð af bestu skáldritum og fræðibókum heimsins í ákaflega ódýrum útgáfum. Jeg veit, að einmitt slík fræðibókaútgáfa myndi hafa geysimikla þýðingu fyrir almenna menningu hjer á landi. Og svo mikla trú hefi jeg á þýðingu slíkrar útgáfu, hversu hún mundi stækka sjóndeildarhring kjósenda, að jeg vil fullyrða, að eftir að þvílík útgáfa hefði starfað í svo sem 20 ár, myndi alveg vonlaust fyrir hvaða frambjóðanda sem væri, að ætla sjer að vinna þingsæti hjer á landi, ef hann stæði á sama menningarstigi og hv. 2. þm. S.-M. (SHK).

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins gefa þær upplýsingar, að ágóðinn af vínsölunni, síðan hún byrjaði, er nú þegar orðinn um 270 þús. kr.

Anars ætla jeg ekki að fara að ræða þetta mál, að svo stöddu, en vil aðeins geta þess, að ef sjerstakar ráðstafanir ætti að gera um þetta fje, en á því munu nú varla ráð, þá teldi jeg því best

varið til þess að koma upp landsspítalanum.

Jón Magnússon: Jeg ætla ekki að tala um þetta mál nú, en vil aðeins taka það fram, að það var rangt hjá hv. flm. (JJ), að tolltekjurnar væru veðsettar. Fyrir því má vel leggja þær í sjóðinn. Og þótt þær væri veðsettar, sem ekki er, þá væri það samt ekki því til fyrirstöðu, að þær færi í þennan sjerstaka sjóð, því að hvað skyldi það svo sem vera betra að þessu leyti, að tekjunum væri eytt jafnóðum.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Það hefir þegar verið upplýst, að fje það, er hjer er um að ræða, er meira en jeg gerði ráð fyrir. Þegar tekjur þessar hafa numið í 6 mánuði fullum 270 þús. kr., má gera ráð fyrir, að þær verði yfir árið eigi minna en ½ milj. kr. Er því hjer um allmikla fjárhæð að ræða.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að deila um þetta mál nú við 1. umr, nje svara þeim hnífilyrðum, sem til mín voru send. En vil þó benda á, að jeg tel eigi síður þörf á að byggja landsspítala og Klepp, eins og að stofna þá sjóði, er hjer er farið fram á. Líka finst mjer full ástæða til þess að hafa Klepp í góðu lagi, ef mörg frv. þessu lík skyldu koma fram.

Flm. (Jónas Jónsson): Viðvíkjandi því, er hæstv. forsrh. (SE) sagði, að frekar væri ástæða til að byggja landsspítala og Klepp en stofna sjóð þann, er frv. mitt fer fram á, er það að segja, að jeg hefi líka hugsað um byggingu þessara sjúkrahúsa. En af vissum ástæðum ekki komið með tillögur í þá átt enn þá.

Það er gert ráð fyrir, að landsspítalinn kosti 3 milj. kr., og í honum sjeu 150 rúm, eða helmingi fleiri en nú eru í Landakoti og erlent fjelag hjálpar okkur um. En ef frv. mitt nær fram að ganga, myndi 20 þús. manna njóta heilsubóta af sundhöllinni árlega, og allur þorri landsmanna njóta góðs af bókaútgáfunni, svo að jeg nefni ekki aðra liði hennar, sem sama má segja um. Jeg vænti því, að hæstv. ráðherra sjái, að frv. mitt er bygt á öðrum og víðari grundvelli.

Út af því, sem hv. 4. landsk. þm. (JM) sagði, skal jeg taka það fram, að jeg hefi lesið skjalið um veðsetningu tolltekjuanna, og jeg býst við, að jeg skilji ensku eins vel og hann og að líkindum dálítið betur, en get þó ekki komist að sömu niðurstöðu og hv. þm. (JM). Annars býst jeg við, að síðar verði frekari ástæða til að tala um veðsetninguna.

Háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) skal jeg hjálpa til þess, að Kleppur verði bygður sem fyrst, án tillits til þess, hve margir þingmenn eru nú þegar á því stigi, að þeim kæmi vel að eiga þar athvarf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SE, SJ, EÁ, GGuðf, GÓ.
nei: SHK, BK, HSn, JóhJóh, JM, HSt.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Till. um að vísa frv. til mentamálanefndar feld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, JJ, KE,
nei: SHK, BK, HSn, JóhJóh, JM, SE, HSt.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar með 8 : 3 atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

39. Bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 61, frá 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði (þmfrv., A. 109).

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jóhannes Jóhannesson): Á þessu stigi málsins get jeg látið nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgir, og jeg leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 23. mars,, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 109, n. 185).

Frsm. (Jón Magnússon): Eins og sjest á nál., hefir nefndin viljað láta kaupstaðinn yfirleitt ráða þessu máli. Þó hún hins vegar sje ekki ánægð með þær breytingar á bæjarstjórnarlögunum, sem frv. hefir í sjer fólgnar, og telji þær ekki til bóta. Skal jeg þá nefna þær breytingar á gildandi bæjarstjórnarlögum, sem frv. þetta fer fram á.

Fyrsta breytingin er sú, að í stað orðanna: „3 dögum á undan kjördegi" komi: „3 dögum á undan fyrsta kjördegi." Í lögunum stendur, að kjósa eigi einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Manni gæti dottið í hug, að hjer væri talað um fyrsta dag, sem gæti verið kjördagur eftir 1. janúar. En með breytingunni er meint, að kjörskráin skuli alveg fullbúin 3 dögum áður en fyrst er kosið. Þetta ákvæði er því dálitið þrengra en í lögunum, en virðist ekki hættulegt, þó að það hefði staðið óbreytt, því að það hefði ekki verið verra en við alþingiskosningar, því að þá verða menn oft að sætta sig við að kjósa eftir kjörskrám, þó að þær sjeu orðnar nær því ársgamlar.

Önnur breytingin er á þá leið, að bæjarstjórn veiti lögregluþjónum embætti, og veiti þeim líka lausn. En það hefir verið venja, að bæjarstjórnin veiti embættin, en bæjarfógeti víki þeim frá. Þetta hefir þótt heppilegra, því að á þennan hátt hefir lögreglustjóri meira vald yfir lögregluþjónunum. En nefndinni hefir þó þótt rjett að láta bæjarstjórnina ráða þessu. Því að það gæti valdið misklíð, ef t. d. lögreglustjóri setti einhvern frá, en bæjarstjórn veitti honum strax stöðuna aftur.

Þriðja brtt. er sú eina, sem nefndin hefir alls ekki getað fallist á, og hún er sú, að af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, skuli greiðast 4% af virðingarverði. En áður mátti taka alt að 2%. Ef svo mikið yrði tekið, eins og frv. fer fram á, gæti varla verið um skatt að ræða, heldur í rauninni eignarnám, þegar menn verða að borga skatt af eign sinni, sem svarar nálega bankávöxtum, því að á lóðunum hvíla ýms önnur gjöld, svo að þau mundu nema öll um 5%. Nefndin leggur því til, að þessi grein frv. verði feld.

Jeg hefi ekkert að athuga við 5. gr. frv., og ekki þá 6. heldur, en með 7. gr. getur verið efamál, hvort ekki sje eins rjett, að kjósendur alment kjósi endurskoðanda, eins og bæjarstjórnin sjálf. Jeg legg þó enga áherslu á þetta atriði.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg ætla aðeins að geta þess, að jeg er þakklátur hv. allsherjarnefnd fyrir, hvernig hún hefir tekið í málið, og er jeg samþykkur áliti hennar í því. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það að þessu sinni.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara fáeinum orðum um 7. gr. frv., en þó ekki alveg á sama hátt og hv. 4. landsk. þm. (JM). Það væri eðlilegast, að þessi grein í uppkasti Seyðfirðinga sje feld, því að það er óeðlilegt, að ætlast til þess, að bæjarstjórnin, sem semur sjálf reikningana, kjósi endurskoðanda þeirra. Það er hugsunarrangt og galli á frv., og jeg er hissa á, að farið skyldi vera á stað með það þannig útbúið. Viðvíkjandi 3. gr. skal jeg benda á það ósamræmi hjá háttv. frsm. nefndarinnar (JM) að vilja þar þrengja að valdi bæjarstjórnarinnar, með því að sporna við, að lagður sje skattur á lóðir, en sami maður gerir ráð fyrir, að bæjarstjórn Reykjavíkur eigi að hafa fullveldi í sínum húsaleigumálum. Það er heldur ekki alveg rjett að fullyrða, að skatturinn, sem bæjarstjórn Seyðfirðinga legði á, mundi nema 4%, þó það yrði að lögum. Jeg vil benda á það ósamræmi að leyfa ekki Seyðfirðingum að leggja skatt á lóðir hjá sjer, úr því að aðrir kaupstaðir mega leggja á húsaleiguokurskatt hjá sjer.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg held, að það sje ekki rjett að bera þetta saman. Það er nefnilega dálítið gamalt mál hjer á þingi, þetta með skattaálagning bæjarstjórna. Fyrir mörgum árum kom frv. frá bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir þingið, um að mega leggja fasteignaskatt á bæjarbúa. Bænum var neitað um það af þinginu, ekki af því, að þingið áliti, að bærinn ætti ekki að stjórna málefnum sínum, heldur af því, að þetta er skattstofn, sem ríkið þarf einnig að hafa tekjur af, og því sjálfsagt að leyfa engum bæ að brúka slíkan skattstofn alveg upp. Er efamál, hvort ekki sje gengið of langt með því að leyfa bæjum að leggja 2% skatt á fasteignir, því að þá er þess að gæta, að eitthvað sje eftir, til þess að leggja á ríkisskatt. Jeg vona, að flestir áliti, að þegar lagðir hafa verið 4% í skatt á lóðir, þá sje lítið eftir handa ríkinu. Á þessu sviði eru þau tvö öfl, sem koma til greina, ríkið og bærinn, eða stærra ríki og minna ríki. Það er heimilt og sjálfsagt að gæta þess við skattaálögur, að eigi sje haldið lengra en svo, að ríkið eigi eitthvað eftir til að afla sjer tekna af,

því að það má af engu missa, og þess hagur er allra hagur. Jeg man ekki hvernig það er hjá öðrum kaupstöðum með endurskoðun, en jeg hygg, að endurskoðendur sjeu oft kosnir af bæjarstjórn, og þá með hlutfallskosningu. Auðvitað lætur nefndin sjer þó í ljettu rúmi liggja með örlög 7. greinar, hvort hún verður feld eða ekki. Það hefir litla þýðingu fyrir málið. Jeg geri þó ráð fyrir, að bæjarstjórn mundi betur kunna að velja færa menn í þá stöðu en almenningur, og sjerstaklega þegar jeg geri ráð fyrir, að endurskoðun bæjarreikninga teljist fremur töluendurskoðun en „kritisk" endurskoðun.

Jónas Jónsson: Það gladdi mig mjög að heyra af hv. 4. landsk. þm. (JM), að ríkið ætti meira að ráða en bæjarfjelagið. Það var mín skoðun á frv., sem kom fram í dag. Hins vegar er jeg ekki sannfærður um, að hann hafi á rjettu að standa í þeirri kenningu sinni, að það sje óhugsandi að leyfa bæ að nota lóðir sem skattstofn meira en gert er. Hann segir, að ríkið megi af engu missa. En það er ekki fullkomlega rjett að segja, að ríkið eigi ekkert eftir, ef bæjum sje veitt heimild til að leggja skatt á lóðir. Menn verða að greiða neysluskatt, hvort sem þeir eiga lóðir eða ekki, og sömuleiðis skatt af eignum sínum, hvort sem það eru lóðir eða aðrar eignir, og get jeg ekki betur sjeð, en að ríkið hafi úr miklu að moða. Þetta er því ekki rjett kenning, þar sem ríkið á samt sem áður eftir alla mögulega óbeina skatta, tekjuskatt og eignaskatt af öllum öðrum eignum.

Frsm. (Jón Magnússon): Mjer skilst, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) rugli talsvert saman. Óbeinir skattar koma þessu máli alls ekki við. Ef ríkið ætlar að nota fasteignir sem skattstofn, þá getur það ekki á sama tíma gefið það eftir, að hann sje notaður upp, án þess að nokuð sje eftir. Hjer er bygt á því, að ríkissjóður færi hann sjer í nyt, eins og nú. Það er rangt að blanda saman beinum sköttum og óbeinum. Jeg held, að rjettast væri, að skattur væri lagður á í einu lagi og væri svo sveitafjelögum eða bæjarfjelögum leyfður hluti af honum. En hitt er ómögulegt, að um leið og samin eru lög um fasteignaskatt af lóðum í ríkissjóð, þá sje sveitafjelögum leyft að taka slíkan skatt, sem hjer ræðir um. Ef jeg hefi ekki misskilið þetta hjá hv. 5. landsk. þm. (JJ), þá er það meira en lítill ruglingur hjá honum.

Jónas Jónsson: Jeg hefi talað um málið í heild sinni, hvernig æskilegust yrðu málaskifti milli bæja og lands, og hefi jeg þá ekki talað út frá þeim grundvelli, sem hefir verið, heldur þeim, sem gæti verið. Það er þess vegna talað alveg út í hött hjá hv. frsm. (JM), að jeg rugli málefnum saman. Jeg vil benda á, að það er ósamræmi hjá háttv. frsm., er hann talar um fullveldi bæjanna. Ef hann vill fullveldi Reykjavíkur, ætti hann ekki að hafa á móti því, að Seyðisfjörður hlyti sömu rjettindi.

Frsm. (Jón Magnússon): Mjer hefir aldrei dottið í hug fullveldi Reykjavíkur um alla hluti, t. d. að hún mætti hafa sín sjerstöku hegningarlög, heldur að hún ráði þeim málum, sem stjórnarskráin ákveður að sveitir skuli ráða. Ef hv. 5. landsk. þm. (JJ) talar um útúrsnúninga hjá mjer, bið jeg hann að gæta að sjálfum sjer. Jeg sje ekki

ástæðu til að vera að deila um þetta, nema hvað það kann að skemta öðrum. Vildi jeg því biðja hv. þm. (JJ) að láta vera með að eyða tímanum í árangurslaust karp.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 185 (3. gr falli burt) samþ. með 10 : 1 atkv.

4.—6. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 12 shlj atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SHK, BK, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JM, HSt.

nei: JJ, KE, SJ, EÁ, GÓ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 205, 215).

Frsm. (Jón Magnússon): Við athugun á samskonar ákvæðum í lögum annara kaupstaða sá nefndin, að gert er ráð fyrir hlutfallskosningu, er bæjarstjórn kýs endurskoðendur reikninga sinna. Svo er það t. d. á Siglufirði, og hygg jeg, að svo muni vera í flestum kaupstöðum, þar sem bæjarstjórn kýs endurskoðendur sína. Býst jeg við, að það sje meining bæjarstjórnar Seyðisfjarðar að hafa hlutfallskosningu, og því leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þessari breytingu á þskj. 215.

ATKVGR.

Brtt. 215 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s.d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 222).

Á 31. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t